Ákveða má með reglugerð, að öll skip og flugför skuli á leið frá útlöndum, eða áður en lagt er af stað til útlanda, koma, nema tilneydd séu, á tilteknar hafnir eða flugvelli til þess að fá fyrstu eða síðustu afgreiðslu hér á landi. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni allt að kr. 100.000,00.

2. gr.

3. gr. laga nr. 59 30. des. 1939 er úr gildi numin.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 24. júní 1940.

Jakob Möller. **Ólafur Thors.** **Stefán Jóh. Stefánsson.**

Jakob Möller.

Ed. 3. Frumvarp til laga

um viðauka við lög nr. 63 31. des. 1937, um tollheimtu og tolleftirlit.

(Lagt fyrir Alþingi 1941.)

1. gr.

Á eftir 1. málsgr. 36. gr. laganna komi ný málsgrein, sem verður önnur málsgrein, svo hljóðandi:

Það varðar sektum eða varðhaldi eða hvorttveggju að eiga kaup eða skipti um vörur, sem hermenn, sem tilheyra herflokkum eða herskipum, sem hér eru, bjóða fram eða þeir hafa undir höndum, og að taka við slíkum vörum að gjöf frá þeim, svo og að taka að sér að selja slíkar vörur fyrir þá, enda liggi ekki fyrir, er

viðskiptin fara fram eða gjöfin þegin, fullar sannanir fyrir því, að aðflutningsgjöld hafi verið greidd af vörunum og fullnægt hafi verið öðrum almennum innflutningsskilyrðum.

2. gr.

Við 3. málsgrein 36. gr., sem verður fjórða málsgrein 36. gr., bætist:

svo og vörur, sem eru fengnar á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í 2. málsgrein þessarar greinar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frumvarpið, sem borið er fram samkvæmt fyrirmælum 23. gr. stjórnarskrárinnar, er samhljóða bráðabirgðalögum frá 9. janúar 1941 með sömu fyrirsögn, og vísast til greinargerðar fyrir þeim lögum.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 63 31. des. 1937, um tollheimtu og tolleftirlit.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Fjármálaráðherra hefir tjáð ráðuneytinu, að brögð séu að því, að hérlendir menn kaupi vörur af hermönnum, sem eru í herliði því, sem hefst hér við, og taki við vörum að gjöf af þeim, en í lögum séu ekki fyrirmæli, sem beinlínis banni slík viðskipti eða gjafir og ákveði hegningu, ef slíkt eigi sér stað.

Með því að ráðuneytið álítur, að brýna nauðsyn beri til að setja lög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar til þess að sporna við umgetnu framferði, sem er til tjóns bæði fyrir ríkissjóðinn og verzlunaratvinnu í landinu, telur það rétt að gefa út bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

Á eftir 1. málsgr. 36. gr. laganna komi ný málsgrein, sem verður önnur málsgrein, svo hljóðandi:

Það varðar sektum eða varðhaldi eða hvorttveggju að eiga kaup eða skipti um vörur, sem hermenn, sem tilheyra herflokkum eða herskipum, sem hér eru, bjóða fram eða þeir hafa undir höndum, og að taka við slíkum vörum að gjöf frá þeim, svo og að taka að sér að selja slíkar vörur fyrir þá, enda liggi ekki fyrir, er viðskiptin fara fram eða gjöfin þegin, fullar sannanir fyrir því, að aðflutningsgjöld hafi verið greidd af vörunum og fullnægt hafi verið öðrum almennum innflutningsskilyrðum.

2. gr.

Við 3. málsgrein 36. gr., sem verður fjórða málsgrein 36. gr., bætist:

svo og vörur, sem eru fengnar á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í 2. málsgrein þessarar greinar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 9. janúar 1941.

Hermann Jónasson. Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.
Stefán Jóh. Stefánsson.

Jakob Möller.

Ed. 4. Frumvarp til laga

um afnám laga nr. 25 9. jan. 1935, um viðauka við lög nr. 75 27. júní 1921, um stimpilgjald, og afnám 2. gr. laga nr. 91 11. júní 1938, um breyting á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi 1941.)

1. gr.

Lög nr. 25 9. janúar 1935, um viðauka við lög nr. 75 27. júní 1921, um stimpilgjald, og 2. gr. laga nr. 91 11. júní 1938, um breyting á lögum nr. 75 27. júní 1921, um stimpilgjald, og lögum nr. 25 9. janúar 1935, um viðauka við þau, eru úr gildi numin.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Lagaákvæði þau, sem í frumvarpi þessu er lagt til, að felld verði úr gildi, um greiðslu stimpilgjalds af ávísunum og kvittunum, voru sett á þeim tíma, er tekjuþörf ríkissjóðs var mikil og ýmsir tekjustofnar brugðust. Reynslan hefir hins vegar orðið sú, að tekjur samkv. þeim hafa ekki orðið svo miklar, að þær geti réttlætt þann kostnað og þá fyrirhöfn, sem framkvæmd þeirra er samfara.

Nd. 5. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki.

(Lagt fyrir Alþingi 1941.)

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein, er hljóðar svo:

Heimilt er ríkisstjórninni að starfrækja tóbaksgerð eða fela einkasölunni þá starfrækslu.

2. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Tóbakseinkasalan skal leggja frá 10 til 50 af hundraði á tóbak, eftir því sem henta þykir fyrir hverja tegund. Álagningu þessa skal miða við verð vörunnar kominnar í hús hér á landi, að meðtöldum tolli. Heildsöluálagning á vörur þær, sem tóbaksgerð ríkisins eða einkasölunnar framleiðir, skal vera óbundin.

Tóbak til sauðfjárbaðana skal selja án hagnaðar.

3. gr.

2. gr. laga nr. 75 23. júní 1932 er úr gildi numin.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frumvarpið, sem borið er fram samkvæmt fyrirmælum 23. gr. stjórnarskrárinnar, er samhljóða bráðabirgðalögum frá 22. ágúst 1940 með sömu fyrirsögn, og vísast til greinargerðar fyrir þeim lögum.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Fjármálaráðherra hefir tjáð ráðuneytinu, að í ráði sé, að Tóbakseinkasala ríkisins starfræki tóbaksgerð, með því að ófriðurinn hefir um ófyrirsjáanlegan tíma lokað fyrir viðskiptasambönd þau, sem einkasalan hafði til kaupa á ýmsum tóbaksvörum, einkum neftóbaki.

Ráðherrann telur réttara, að leitað sé lagaheimildar til starfrækslu þessarar sem ríkisfyrirtækis. Tóbaksgerðin þyrfti að hefja starfrækslu sína strax vegna skorts á neftóbaki í landinu.

Með því að ráðuneytið telur, að nauðsyn beri til að setja bráðabirgðalög um þetta efni samkvæmt 23. grein stjórnarskrárinnar, telur það rétt að gefa út bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein, er hljóðar svo:

Heimilt er ríkisstjórninni að starfrækja tóbaksgerð eða fela einkasölunni þá starfrækslu.

2. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Tóbakseinkasalan skal leggja frá 10 til 50 af hundraði á tóbak, eftir því sem henta þykir fyrir hverja tegund. Álagningu þessa skal miða við verð vörunnar kominnar í hús hér á landi, að meðtöldum tolli. Heildsöluálagning á vörur þær, sem tóbaksgerð ríkisins eða einkasölunnar framleiðir, skal vera óbundin.

Tóbak til sauðfjárbaðana skal selja án hagnaðar.

3. gr.

2. gr. laga nr. 75 23. júní 1932 er úr gildi numin.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 22. ágúst 1940.

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.

Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.

Jakob Möller.

Nd. 6. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

(Lagt fyrir Alþingi 1941.)

1. gr.

Tölurnar „60“ og „6“ í b-lið 1. greinar verða „80“ og „8“.

2. gr.

Á undan tölunni 5000 í c-lið 1. greinar koma orðin: „ekki færri en .....“.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frumvarp þetta, sem borið er fram samkvæmt fyrirmælum 23. gr. stjórnarskrárinnar, er samhljóða bráðabirgðalögum frá 16. janúar 1940 með sömu fyrirsögn, og vísast til greinargerðarinnar fyrir þeim lögum.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Fjármálaráðherra hefir tjáð ráðuneytinu, að vegna aukinnar dýrtíðar hafi kostnaður við happdrætti Háskóla Íslands hækkað allverulega, en happdrættið megi ekki við rýrnun tekna nú, ef standa á í skilum með samningsbundnar greiðslur afborgana og vaxta af lánum til háskólabyggingarinnar og ljúka á verkinu við hana.

Með því að ráðuneytið telur, að brýna nauðsyn beri til að auka tekjur happdrættisins af framangreindum ástæðum, telur það rétt að gefa út bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Tölurnar „60“ og „6“ í b-lið 1. greinar verða „80“ og „8“.

2. gr.

Á undan tölunni 5000 í c-lið 1. greinar koma orðin: „ekki færri en .....“.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 16. janúar 1941.

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson. Jakob Möller. Stefán Jóh. Stefánsson.

Jakob Möller.

Nd. 7. Frumvarp til laga

um viðauka við lög nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi 1941.)

1. gr.

Auk þess innflutningsgjalds af benzíni, sem innheimta skal samkvæmt fyrirmælum a-liðs 1. gr. laga nr. 84 6. júlí 1932, 4 aura af hverjum lítra, skal innheimta 5 aura innflutningsgjald af hverjum lítra frá og með 1. janúar 1942 að telja.

Þetta viðbótarinnflutningsgjald er undanþegið ákvæðum 8. gr. fyrrnefndra laga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Í lögum nr. 96 1940, um bráðabirgðatekjuöflun ríkissjóðs og jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga, eru ákvæði um að innheimta á árinu 1941 9 aura innflutningsgjald af hverjum lítra af benzíni í stað 4 aura samkv. a-lið 1. gr. laga nr. 84 1932.

Með því að vafasamt er, að lögin um bráðabirgðatekjuöflun ríkissjóðs og jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga verði framlengd fyrir árið 1942 í svipaðri mynd, sem þau nú eru, en ekki þykir ástæða til að svo stöddu að lækka innflutningsgjald af benzíni, er þetta frumvarp flutt.

Ætlazt er til, að tekjum þessa viðbótarinnflutningsgjalds verði varið til viðhalds og umbóta þjóðvegum, en ekki þykir ástæða til að lögbinda notkun teknanna frekar en gert verður í fjárlögum.

Nd. 8. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkissjóð til að taka 5 milljón króna innanríkislán.

(Lagt fyrir Alþingi 1941.)

1. gr.

Ríkisstjórninni, fyrir hönd ríkissjóðs, er heimilt að taka 5 milljón króna innanríkislán.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frumvarpið, sem borið er fram samkvæmt fyrirmælum 23. gr. stjórnarskrárinnar, er samhljóða bráðabirgðalögum frá 16. janúar 1941 með sömu fyrirsögn, og vísast til greinargerðar fyrir þeim lögum.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um heimild fyrir ríkissjóð til að taka 5 milljón króna innanríkislán.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Fjármálaráðherra hefir leitt athygli ráðuneytisins að því, að 5½% sterlingspundaláni, sem tekið var í Bretlandi árið 1930 og nú er að eftirstöðvum £ 510400-0-0, megi segja upp í maímánuði n. k. til greiðslu í nóvembermánuði n. k. Eins og nú sé ástatt eigi hérlendir bankar allmikið fé erlendis, sem þeir fá mjög litla vexti af, og því sé hagkvæmt að greiða fyrrgreint sterlingspundalán að fullu, ef ríkissjóði tekst að afla fjár með betri vaxtakjörum innanlands.

Til þess að hafa nægilegt fé í ríkissjóði þegar greiða á fyrrgreint lán, ef því verður sagt upp, telur ráðherrann, að ráðlegt sé að taka nú þegar 5 milljón króna lán innanlands.

Með því að ráðuneytið telur brýna nauðsyn bera til, að heimild fáist til lántöku fyrir ríkissjóð innanlands í ofannefndu skyni, telur það rétt að gefa út bráðabirgðalög samkv. 23. grein stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Ríkisstjórninni, fyrir hönd ríkissjóðs, er heimilt að taka 5 milljón króna innanríkislán.

2. gr

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 16. janúar 1941.

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson. Jakob Möller. Stefán Jóh. Stefánsson.

Jakob Möller.

Nd. 9. Frumvarp til laga

um viðauka við lög nr. 73 31. des. 1937, um gjaldeyrisverzlun o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi 1941.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að bankarnir skuli leggja hluta af þeim erlenda gjaldeyri, sem skilað er til þeirra, inn á biðreikninga í erlendri mynt og geyma hann þannig fyrir reikning eigenda gjaldeyrisins og á þeirra áhættu.

2. gr.

Ríkisstjórnin skipar fimm manna nefnd, er úrskurðar hve mikill hluti gjaldeyrisins skuli keyptur af bönkunum og hve mikill hluti lagður á biðreikninga. Tilnefna Landsbanki Íslands, Útvegsbanki Íslands h.f., stjórn Búnaðarfélags Íslands og stjórn Landssambands útgerðarmanna, hver fyrir sig, einn mann í nefndina, en einn skal skipaður af ríkisstjórninni án tilnefningar. Ríkisstjórnin skipar formann nefndarinnar.

Bankarnir kaupa ekki gjaldeyri fyrr en nefndin hefir fellt úrskurð samkvæmt næstu málsgrein hér á undan.

Ríkisstjórnin setur nefndinni reglur um það, hvernig hún skuli haga störfum sínum, eftir því sem ástæða þykir til.

3. gr.

Með reglugerð skal ákveða hvernig ráðstafa megi innstæðum á biðreikningum, sem myndaðar eru samkvæmt ákvæðum laga þessara.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 73 31. des. 1937, um gjaldeyrisverzlun o. fl.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Viðskiptamálaráðherra hefir tjáð ráðuneytinu, að undanfarna mánuði hafi framboð af erlendum gjaldeyri verið miklum mun meira en eftirspurnin.

Fram til þessa hafi bankarnir keypt allan þann gjaldeyri, sem borizt hafi og greitt andvirði hans í íslenzkum krónum.

Ráðuneytið álítur hinsvegar afleiðingar þess, að óvenjulega miklir peningar eru nú í umferð í landinu, geti orðið að ýmsu leyti óheppilegar, miðað við núverandi ástand, og telur ráðuneytið rétt að sporna við óþarflegri aukningu peningamagnsins innanlands og álítur nauðsynlegt að gefa út bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að bankarnir skuli leggja hluta af þeim erlenda gjaldeyri, sem skilað er til þeirra, inn á biðreikninga í erlendri mynt og geyma hann þannig fyrir reikning eigenda gjaldeyrisins og á þeirra áhættu.

2. gr.

Ríkisstjórnin skipar fimm manna nefnd, er úrskurðar hve mikill hluti gjaldeyrisins skuli keyptur af bönkunum og hve mikill hluti lagður á biðreikninga. Tilnefna Landsbanki Íslands, Útvegsbanki Íslands h.f., stjórn Búnaðarfélags Íslands og stjórn Landssambands útgerðarmanna, hver fyrir sig, einn mann í nefndina, en einn skal skipaður af ríkisstjórninni án tilnefningar. Ríkisstjórnin skipar formann nefndarinnar.

Bankarnir kaupa ekki gjaldeyri fyrr en nefndin hefir fellt úrskurð samkvæmt næstu málsgrein hér á undan.

Ríkisstjórnin setur nefndinni reglur um það, hvernig hún skuli haga störfum sínum, eftir því sem ástæða þykir til.

3. gr.

Með reglugerð skal ákveða hvernig ráðstafa megi innstæðum á biðreikningum, sem myndaðar eru samkvæmt ákvæðum laga þessara.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 26. janúar 1941.

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.

Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.

Eysteinn Jónsson.

Nd. 10. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 27 8. sept. 1931, er heimila ríkisstjórninni að flytja inn sauðfé til sláturfjárbóta.

(Lagt fyrir Alþingi 1941.)

1. gr

Á eftir 13. gr. laga nr. 27 8. september 1931, er heimila ríkisstjórninni að flytja inn sauðfé til sláturfjárbóta, komi ný grein, sem verður 14. gr., en greinatala laganna breytist samkvæmt því. Hin nýja grein hljóðar þannig:

Landbúnaðarráðherra getur, þrátt fyrir ákvæði 13. gr., heimilað Búnaðarfélagi Íslands að leyfa einstökum bændum eða sauðfjárræktarfélögum að láta einblendinga lifa til framhaldsræktunar. Skal kynblöndun þessi fara fram undir eftirliti sauðfjárræktarráðunauts Búnaðarfélags Íslands.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem er lagt fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 27 8. sept. 1931, er heimila ríkisstjórninni að flytja inn sauðfé til sláturfjárbóta.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Samkvæmt lögum nr. 27 8. september 1931 hefir verið flutt inn nokkuð af erlendu sauðfé til einblendingsræktar til sláturfjárbóta, en í þeim lögum er bannað að nota til undaneldis kynblendinga af erlendu fé og íslenzku fé.

Það hefir nú farið fram um nokkurt árabil hér í landinu einblendingsrækt á skozku Border-Leicester-fé og íslenzku fé, og má segja, að gefizt hafi vel. Þykir því líklegt, að hagnaður geti verið að því fyrir landbúnaðinn að koma upp blönduðum kynstofni af Border-Leicester-fé og íslenzku fé og þykir jafnvel eigi ólíklegt, að slíkir kynblendingar kynnu að hafa meira mótstöðuafl gegn mæðiveiki en íslenzkt fé, en það eitt gæti verið næg ástæða til að gera tilraunir í þessa átt, fyrst og fremst í mæðiveikihéruðunum. Það væri þó ekki rétt að leyfa slíka kynblöndun án opinbers eftirlits, og er þá eðlilegast, að eftirlitið yrði falið Búnaðarfélagi Íslands.

Með skírskotun til þess, sem að framan er sagt, hefir landbúnaðarráðherrann lagt til, að nú þegar yrði hafizt handa um undirbúning að kynblendingarækt þessari og telur hann brýna nauðsyn bera til að setja um það bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar. Fellst ráðuneytið út af því á að gefa út bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

Á eftir 13. gr. laga nr. 27 8. september 1931, er heimila ríkisstjórninni að flytja inn sauðfé til sláturfjárbóta, komi ný grein, sem verður 14. gr., en greinatala laganna breytist samkvæmt því. Hin nýja grein hljóðar þannig:

Landbúnaðarráðherra getur, þrátt fyrir ákvæði 13. gr., heimilað Búnaðarfélagi

Íslands að leyfa einstökum bændum eða sauðfjárræktarfélögum að láta einblendinga lifa til framhaldsræktunar. Skal kynblöndun þessi fara fram undir eftirliti sauðfjárræktarráðunauts Búnaðarfélags Íslands.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Gjört í Reykjavík, 3. október 1940.

Hermann Jónasson. Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.
Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.

Hermann Jónasson.

Nd. 11. Frumvarp til laga

um utanríkisþjónustu erlendis.

(Lagt fyrir Alþingi 1941.)

1. gr.

Ríkisstjórnin ákveður með tilskipun, á hvaða stöðum skuli vera sendiráð. Forstöðumenn sendiráða eru sendiherrar (envoyé extraordinaire et ministre plenipotentiaire) eða sendifulltrúar (chargé d'affaires) og eru skipaðir af ríkisstjórninni.

Ef ríkisstjórnin telur æskilegt, má fela forstöðumanni sendiráðs að veita forstöðu sendiráðum í fleiri löndum en einu.

Ríkisstjórnin skipar starfsmenn sendiráða.

2. gr.

Ræðismenn eru sumpart sendir út af ríkisstjórninni (útsendir aðalræðismenn, ræðismenn og vararæðismenn) eða kjörnir meðal þeirra manna, er hæfir þykja (kjörræðismenn), á þeim stöðum erlendis, er ríkisstjórnin telur æskilegt.

3. gr.

Ríkisstjórnin ákveður með tilskipun, á hvaða stöðum útsendir ræðismenn skulu vera, og skipar þá.

4. gr.

Laun sendiherra skulu vera 10000 kr. Laun sendifulltrúa og útsendra aðalræðismanna skulu vera 8000 kr. Laun útsendra ræðismanna skulu vera 4200 kr. Auk þess skulu útsendir menn fá greiddar launabætur (staðaruppbætur), sem ríkisstjórnin ákveður fyrir hvern stað með hliðsjón af kostnaði lífsnauðsynja (fæðis, húsnæðis o. s. frv.) á dvalarstaðnum.

Óheimilt er útsendum fulltrúum að taka laun eða þóknun fyrir aukastörf.

5. gr.

Kjörræðismenn þurfa ekki að vera íslenzkir ríkisborgarar. Þeir taka og engin laun.

6. gr.

Nú starfa tveir eða fleiri fulltrúar fyrir ríkisstjórnina í sama landi, og setur hún þá fyrirmæli um embættisafstöðu þeirra hvor til annars, með tilliti til dvalarstaðar, þekkingar og persónulegri ástæðna.

Falið skal sendiráðum að annast ræðismannsstörf jafnframt öðrum störfum.

7. gr.

Útsendum starfsmönnum, sem veita forstöðu sendiráðum eða ræðismannsskrifstofum, er heimilt að framkvæma þau störf í umdæmum sínum, sem notarius publicus fer með á Íslandi og varða löggerninga íslenzkra ríkisborgara, og einnig, ef annar aðilinn er útlendur ríkisborgari. Skjöl, sem gefin eru út í því sambandi á löglegan hátt, skulu hafa sama gildi á Íslandi og notarialskjöl, sem gefin eru þar út.

Ef ástæður mæla með því, getur ríkisstjórnin veitt ræðismönnum, sem kjörnir eru, sömu heimild og ræðir um í fyrri málsgr. þessarar greinar.

8. gr.

Kostnaður samkv. lögum þessum, þar á meðal skrifstofukostnaður við sendiráð og ræðismannsskrifstofur, greiðist úr ríkissjóði.

9. gr.

Ákvæði 8. gr. gilda ekki um kjörræðismenn. Þó er heimilt, ef mjög ríkar ástæður eru fyrir hendi, að veita ræðismönnum þessum allt að 2000 kr. til skrifstofukostnaðar.

10. gr

Fyrir embættisverk starfsmanna utanríkismála skal greiða gjald eftir nánari fyrirmælum, sem ríkisstjórnin setur með sérstakri reglugerð.

11. gr.

Ríkisstjórnin setur almennar starfsreglur fyrir fulltrúa utanríkismála erlendis, ákveður starfssvið þeirra og gefur þeim erindisbréf.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um utanríkisþjónustu erlendis.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Utanríkismálaráðherrann hefir leitt athygli að því, að í þingsályktun 10. apríl 1940, lýsir Alþingi Íslendinga m. a. yfir því, að vegna þess ástands, er þá hafi skapazt, geti Danmörk ekki rækt umboð til meðferðar utanríkismála Íslands, samkv. 7. gr. dansk-íslenzkra sambandslaga, og að Ísland taki því að svo stöddu meðferð þeirra mála að öllu leyti í sínar hendur. Þótt þannig liggi fyrir ótvíræður þingvilji um meðferð þessara mála, telur ráðherrann nauðsynlegt, að í löggjöf sé kveðið á um, á hvern hátt skuli skipað um starfrækslu utanríkisþjónustunnar, en sérstaklega sé það aðkallandi um meðferð slíkra mála erlendis, m. a. til þess að tryggja réttargildi ýmissa gjörninga sendimanna í þjónustu Íslands þar.

Með því að álíta verður, að brýn nauðsyn beri til að setja nú þegar löggjöf samkv. 23. gr. stjórnarskrárinnar um utanríkisþjónustu Íslands erlendis, telur ráðuneytið rétt að gefa út bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

Ríkisstjórnin ákveður með tilskipun, á hvaða stöðum skuli vera sendiráð. Forstöðumenn sendiráða eru sendiherrar (envoyé extraordinaire et ministre plenipotentiaire) eða sendifulltrúar (chargé d'affaires) og eru skipaðir af ríkisstjórninni.

Ef ríkisstjórnin telur æskilegt, má fela forstöðumanni sendiráðs að veita forstöðu sendiráðum í fleiri löndum en einu.

Ríkisstjórnin skipar starfsmenn sendiráða.

2. gr.

Ræðismenn eru sumpart sendir út af ríkisstjórninni (útsendir aðalræðismenn, ræðismenn og vararæðismenn) eða kjörnir meðal þeirra manna, er hæfir þykja (kjörræðismenn), á þeim stöðum erlendis, er ríkisstjórnin telur æskilegt.

3. gr.

Ríkisstjórnin ákveður með tilskipun, á hvaða stöðum útsendir ræðismenn skulu vera, og skipar þá.

4. gr.

Laun sendiherra skulu vera 10000 kr. Laun sendifulltrúa og útsendra aðalræðismanna skulu vera 8000 kr. Laun útsendra ræðismanna skulu vera 4200 kr. Auk þess skulu útsendir menn fá greiddar launabætur (staðaruppbætur), sem ríkisstjórnin ákveður fyrir hvern stað með hliðsjón af kostnaði lífsnauðsynja (fæðis, húsnæðis o. s. frv.) á dvalarstaðnum.

Óheimilt er útsendum fulltrúum að taka laun eða þóknun fyrir aukastörf.

5. gr.

Kjörræðismenn þurfa ekki að vera íslenzkir ríkisborgarar. Þeir taka og engin laun.

6. gr.

Nú starfa tveir eða fleiri fulltrúar fyrir ríkisstjórnina í sama landi, og setur hún þá fyrirmæli um embættisafstöðu þeirra hvor til annars, með tilliti til dvalarstaðar, þekkingar og persónulegri ástæðna.

Falið skal sendiráðum að annast ræðismannsstörf jafnframt öðrum störfum.

7. gr.

Útsendum starfsmönnum, sem veita forstöðu sendiráðum eða ræðismannsskrifstofum, er heimilt að framkvæma þau störf í umdæmum sínum, sem notarius publicus fer með á Íslandi og varða löggerninga íslenzkra ríkisborgara, og einnig, ef annar aðilinn er útlendur ríkisborgari. Skjöl, sem gefin eru út í því sambandi á löglegan hátt, skulu hafa sama gildi á Íslandi og notarialskjöl, sem gefin eru þar út.

Ef ástæður mæla með því, getur ríkisstjórnin veitt ræðismönnum, sem kjörnir eru, sömu heimild og ræðir um í fyrri málsgr. þessarar greinar.

8. gr.

Kostnaður samkv. lögum þessum, þar á meðal skrifstofukostnaður við sendiráð og ræðismannsskrifstofur, greiðist úr ríkissjóði.

9. gr.

Ákvæði 8. gr. gilda ekki um kjörræðismenn. Þó er heimilt, ef mjög ríkar ástæður eru fyrir hendi, að veita ræðismönnum þessum allt að 2000 kr. til skrifstofukostnaðar.

10. gr.

Fyrir embættisverk starfsmanna utanríkismála skal greiða gjald eftir nánari fyrirmælum, sem ríkisstjórnin setur með sérstakri reglugerð.

11. gr.

Ríkisstjórnin setur almennar starfsreglur fyrir fulltrúa utanríkismála erlendis, ákveður starfssvið þeirra og gefur þeim erindisbréf.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 8. júlí 1940.

Hermann Jónasson. **Eysteinn Jónsson.** **Stefán Jóh. Stefánsson.**

Stefán Jóh. Stefánsson.

Nd. 12. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 32 14. júní 1929, um loftferðir.

(Lagt fyrir Alþingi 1941.)

1. gr.

Á eftir 21. gr. laga nr. 32 14. júní 1929 komi ný grein, svo hljóðandi:

Ríkisstjórninni er heimilt að skerða eða taka eignarnámi vegna loftferða lóðir, lóðarréttindi og mannvirki.

Ennfremur er ríkisstjórninni heimilt að leyfa sveitarfélögum, sýslufélögum og þeim, sem gera út loftför, að taka eignarnámi eignir þær, sem um getur í 1. mgr., svo og að skerða þær, gegn hæfilegu endurgjaldi, ef samkomulag næst ekki um bætur.

Nánari fyrirmæli um framkvæmd skerðingar eigna vegna loftferða getur atvinnumálaráðuneytið sett með reglugerð.

Bætur fyrir eignarnámi á landi og mannvirkjum til flugvallargerðar í Reykjavík skulu metnar af dómurum hæstaréttar ásamt tveimur mönnum, er hæstiréttur nefnir. Að öðru leyti skal fara eftir lögum nr. 61 14. nóvember 1917 um framkvæmd eignarnáms og skerðing eigna samkvæmt þessari grein.

2. gr.

38. gr. laga nr. 32 14. júní 1929 er úr gildi felld.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem er lagt fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, visast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 32 14. júní 1929, um loftferðir.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Atvinnumálaráðherra hefir tjáð ráðuneytinu, að skipulagsnefnd kauptúna og sjávarþorpa og Flugmálafélag Íslands hafi undanfarin ár í samráði við bæjaryfirvöld Reykjavíkur haft til athugunar flugvallarstæði í nágrenni Reykjavíkur. Á síðastliðnum vetri varð samkomulag milli þessara aðila

um að flugvöllur væri lang bezt settur á svæðinu milli Skerjafjarðar og Vatnsmýrar, og á skipulagsuppdrætti Reykjavíkur var flugvöllur ákveðinn á þessum stað. Jafnframt skoruðu téðir aðiljar á ríkisstjórnina að ná eignarhaldi á því landi á flugvallarsvæðinu, er væri eign einstakra manna.

Þar sem ekki er til skýr heimild handa ríkisstjórninni til eignarnáms á landi til flugvallargerðar telur atvinnumálaráðherra, að brýna nauðsyn beri til að afla slíkrar heimildar með bráðabirgðalögum samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar.

Samkvæmt þessu fellst ráðuneytið á að setja bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

Á eftir 21. gr. laga nr. 32 14. júní 1929 komi ný grein, svo hljóðandi:

Ríkisstjórninni er heimilt að skerða eða taka eignarnámi vegna loftferða lóðir lóðarréttindi og mannvirki.

Ennfremur er ríkisstjórninni heimilt að leyfa sveitarfélögum, sýslufélögum og þeim, sem gera út loftför, að taka eignarnámi eignir þær, sem um getur í 1. mgr., svo og að skerða þær, gegn hæfilegu endurgjaldi, ef samkomulag næst ekki um bætur.

Nánari fyrirmæli um framkvæmd skerðingar eigna vegna loftferða getur atvinnumálaráðuneytið sett með reglugerð.

Bætur fyrir eignarnámi á landi og mannvirkjum til flugvallargerðar í Reykjavík skulu metnar af dómurum hæstaréttar ásamt tveimur mönnum, er hæstiréttur nefnir. Að öðru leyti skal fara eftir lögum nr. 61 14. nóvember 1917 um framkvæmd eignarnáms og skerðing eigna samkvæmt þessari grein.

2. gr.

38. gr. laga nr. 32 14. júní 1929 er úr gildi felld.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Gjört í Reykjavík, 16. nóv. 1940.

Hermann Jónasson. Eysteinn Jónsson. Jakob Möller. Ólafur Thors.

Ólafur Thors.

Ed. 13. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 4 4. maí 1925, um viðauka við lög nr. 33 19. júní 1922, um fiskveiðar í landhelgi.

(Lagt fyrir Alþingi 1941.)

1. gr.

2. málsgr. 1. gr. laga nr. 4 4. maí 1925, um viðauka við lög nr. 33 19. júní 1922, um fiskveiðar í landhelgi orðist þannig:

Atvinnumálaráðherra getur þó veitt íslenzkum ríkisborgurum eða félögum, sem fullnægja skilyrðum 11. gr. framangreindra laga nr. 33/1922, leyfi til þess að leigja erlend skip til síldveiða í landhelgi hér við land sumarið 1940, og til að hafa erlenda skipshöfn á skipum þessum, ef með þarf.

Framangreint leyfi skal bundið við hvert einstakt skip fyrir sig og skal það því aðeins veitt, að leyfisbeiðni fylgi yfirlýsing frá innlendri síldarverksmiðju um, að hún muni taka til vinnslu bræðslusíldarafla skipsins.

2. gr

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem er lagt fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 4 4. maí 1925, um viðauka við lög nr. 33 19. júní 1922, um fiskveiðar í landhelgi.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Atvinnumálaráðherra hefir tjáð ráðuneytinu, að vegna styrjaldarástands þess, sem að undanförnu hafi verið ríkjandi í Noregi, hafi nokkur norsk fiskiskip leitað hingað til lands og búast megi við fleiri slíkum skipum í framtíðinni.

Til þess að bæta úr vandræðum skipshafna þessara skipa telur ráðherrann að nauðsyn beri til að veita honum heimild til að leyfa íslenzkum ríkisborgurum að leigja þessi skip til síldveiða á þessu sumri, og hafa norska skipshöfn á skipunum.

Með því að ráðuneytið fellst á að brýn nauðsyn beri til að setja bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar um framangreint efni, telur það rétt að gefa út bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

2. málsgr. 1. gr. laga nr. 4 4. maí 1925, um viðauka við lög nr. 33 19. júní 1922, um fiskveiðar í landhelgi orðist þannig:

Atvinnumálaráðherra getur þó veitt íslenzkum ríkisborgurum eða félögum, sem fullnægja skilyrðum 11. gr. framangreindra laga nr. 33/1922, leyfi til þess að leigja erlend skip til síldveiða í landhelgi hér við land sumarið 1940, og til að hafa erlenda skipshöfn á skipum þessum, ef með þarf.

Framangreint leyfi skal bundið við hvert einstakt skip fyrir sig og skal það því aðeins veitt, að leyfisbeiðni fylgi yfirlýsing frá innlendri síldarverksmiðju um, að hún muni taka til vinnslu bræðslusíldarafla skipsins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 5. júlí 1940.

Hermann Jónasson. Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.
Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.

Ólafur Thors.

Ed. 14. Frumvarp til laga

um frestun á gildistöku bifreiðalaga, nr. 75 7. maí 1940, og umferðarlaga, nr. 110 30. maí 1940.

(Lagt fyrir Alþingi 1941.)

1. gr.

Gildistöku bifreiðalaga, nr. 75 7. maí 1940, og umferðarlaga, nr. 110 30. maí 1940, er frestað um óákveðinn tíma.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um frestun á gildistöku bifreiðalaga, nr. 75 7. maí 1940, og umferðarlaga, nr. 110 30. maí 1940.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Dómsmálaráðherra hefir tjáð ráðuneytinu, að þar sem öll umferð á vegum landsins hefir aukizt mjög á þessu ári vegna komu hins brezka setuliðs til landsins, þyki ekki rétt, að breytingar þær á umferðareglum, sem bifreiðalög nr. 75 7. maí 1940 og umferðalög nr. 110 30. maí 1940 hafa að geyma, komi til framkvæmda fyrst um sinn, með því að þær myndu nú geta valdið óvenjulegri umferðaslysahættu, sem ekki var fyrirsjáanleg er lög þessi voru sett. Þykir því rétt að fresta framkvæmd framangreindra laga um óákveðinn tíma.

Með því að ráðuneytið fellst á, að brýna nauðsyn beri til að setja bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar um framangreint efni, telur það rétt að gefa út bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

Gildistöku bifreiðalaga, nr. 75 7. maí 1940, og umferðarlaga, nr. 110 30. maí 1940, er frestað um óákveðinn tíma.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 16. nóvember 1940.

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.

Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.

Hermann Jónasson.

Ed. 15. Frumvarp til laga

um breyting á 88. og 95. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 frá 12. febrúar 1940.

(Lagt fyrir Alþingi 1941.)

1. gr.

88. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 12. febrúar 1940 orðist þannig: Hver sem opinberlega í ræðu eða riti mælir með því eða stuðlar að því, að erlent ríki byrji á fjandsamlegum tiltækjum við íslenzka ríkið eða hlutist til um málefni þess, svo og hver sá, er veldur hættu á slíkri íhlutun með móðgunum, líkamsárásum, eigna spjöllum og öðrum athöfnum, sem líklegar eru til að valda slíkri hættu, skal sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 6 árum. Ef brot þykir mjög smávægilegt, má beita sektahegningu.

2. gr.

95. gr. almennra hegningarlaga orðist þannig:

Hver, sem opinberlega smánar erlenda þjóð eða erlent ríki, æðsta ráðamann þjóð-

höfðingja þess, fána þess eða annað viðurkennt þjóðarmerki, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 árum.

Sömu refsingu skal hver sá sæta, sem smánar opinberlega eða hefur annars í frammi skammaryrði, aðrar móðganir í orðum eða athöfnum, eða ærumeiðandi aðdróttanir við aðra starfsmenn erlends ríkis, sem staddir eru hér á landi.

3. gr.

Lög þessi koma þegar til framkvæmda.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breytingu á 88. og 95. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 12. febrúar 1940.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Dómsmálaráðherra hefur tjáð ráðuneytinu, að nauðsyn beri til þess að gera nokkrar breytingar á 88. og 95. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940 til verndar gegn háttsemi, er reynzt gæti skaðsamleg íslenzkum hagsmunum. Með því að ráðuneytið telur einnig vera nauðsyn slíkra breytinga, fellst það á setningu bráðabirgðalaga um það efni, sem hér segir:

1. gr.

88. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 12. febrúar 1940 orðist þannig: Hver sem opinberlega í ræðu eða riti mælir með því eða stuðlar að því, að erlent ríki byrji á fjandsamlegum tiltækjum við íslenzka ríkið eða hlutist til um málefni þess, svo og hver sá, er veldur hættu á slíkri íhlutun með móðgunum, líkamsárásum, eignaspjöllum og öðrum athöfum, sem líklegar eru til að valda slíkri hættu, skal sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 6 árum. Ef brot þykir mjög smávægilegt, má beita sektahegningu.

2. gr.

95. gr. almennra hegningarlaga orðist þannig:

Hver, sem opinberlega smánar erlenda þjóð eða erlent ríki, æðsta ráðamann þjóðhöfðingja þess, fána þess eða annað viðurkennt þjóðarmerki, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 árum.

Sömu refsingu skal hver sá sæta, sem smánar opinberlega eða hefur annars í frammi skammaryrði, aðrar móðganir í orðum eða athöfnum, eða ærumeiðandi aðdróttanir við aðra starfsmenn erlends ríkis, sem staddir eru hér á landi.

3. gr.

Lög þessi koma þegar til framkvæmda.

Gjört í Reykjavík, 29. janúar 1941.

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.

Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.

Hermann Jónasson

Nd. 16. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 32 3. nóv. 1915, um veitingu prestakalla.

1. gr.

Við 1. mgr. 2. gr. laga nr. 32 3. nóvember 1915 bætist ný málsgrein svo hljóðandi:
Á kjörskrá fyrir prestakosningar í Reykjavík skal heimilt að raða nöfnum kjósenda eftir heimilisfangi (götunafni og númeri).

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 32 3. nóv. 1915, um veitingu prestakalla.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Kirkjumálaráðherra hefir tjáð ráðuneytinu, að eftir nákvæma athugun hafi komið í ljós, að við prestakosningar í Reykjavík sé mjög óhentugt að útbúa kjörskrár þannig, að nöfnum kjósenda sé raðað eftir stafrófsröð og sé því nauðsynlegt að heimila að raða nöfnum kjósenda eftir heimilisfangi (götunafni og númeri) á kjörskrám þessum.

Með því að ráðuneytið fellst á, að brýna nauðsyn beri til að setja bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar um framangreint efni, telur það rétt að gefa út bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

Við 1. mgr. 2. gr. laga nr. 32 3. nóvember 1915 bætist ný málsgrein svo hljóðandi:
Á kjörskrá fyrir prestakosningar í Reykjavík skal heimilt að raða nöfnum kjósenda eftir heimilisfangi (götunafni og númeri).

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 22. nóvember 1940.

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson. Jakob Möller. Stefán Jóh. Stefánsson.

Hermann Jónasson.

Nd. 17. Frumvarp til laga

um loftvarnaráðstafanir.

(Lagt fyrir Alþingi 1941.)

1. gr.

Bæjar- eða sveitastjórnum er heimilt í samráði við ríkisstjórnina að gera ráðstafanir til loftvarna í Reykjavík og annarsstaðar hér á landi og verja til þess nauðsynlegu fé, er greiðist að hálfu úr ríkissjóði og að hálfu úr hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóði.

2. gr.

Lögreglustjórar hafa með höndum framkvæmdir loftvarnanna hver í sínu umdæmi, með aðstoð sérstakra loftvarnanefnda, er skipaðar skulu vera 4 mönnum í Reykjavík og 2 mönnum annarstaðar á landinu, auk lögreglustjóra. Bæjar- og sveitarstjórnir kjósa loftvarnanefndir en lögreglustjórar skulu vera formenn þeirra.

3. gr.

Bæjar- og sveitastjórnum skal skylt að aðstoða við framkvæmd þessara ráðstafana hverri á sínum stað, svo sem með því að ljá til þeirra hús sín og tæki, eftir því sem við verður komið og án sérstaks endurgjalds.

4. gr.

Það er almenn borgaraleg skylda að vinna án endurgjalds að undirbúningi loftvarna eftir fyrirmælum lögreglustjóra og loftvarnanefnda svo og að hlýða öllum fyrirmælum og reglum varðandi loftvarnaráðstafanir samkvæmt lögum þessum, þar á meðal að taka þátt í fyrirskipuðum æfingum.

Lögreglustjórum og loftvarnanefndum er heimilt að taka kjallara og aðrar vistarverur einstakra manna, er nota má sem loftvarnabyrgi fyrir almenning og útbúa þau í því skyni enda komi sanngjarnt verð fyrir eftir samkomulagi eða að mati dómkvaddra manna.

5. gr.

Brot gegn lögum þessum, svo og fyrirmælum og reglum lögreglustjóra og loftvarnanefnda samkvæmt þeim varða 50—10000 kr., sektum, nema þyngri refsing varði, samkvæmt öðrum lögum.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem er lagt fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um loftvarnaráðstafanir.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Dómsmálaráðherra hefir tjáð ráðuneytinu, að rétt þyki til öryggis að setja ákveðnar reglur um varnir gegn loftárásum.

Með því að ráðuneytið fellst á, að brýn nauðsyn beri til að setja bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar um framangreind efni, telur það rétt að gefa út bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

Bæjar- eða sveitastjórnum er heimilt í samráði við ríkisstjórnina að gera ráðstafanir til loftvarna í Reykjavík og annarsstaðar hér á landi og verja til þess nauðsynlegu fé, er greiðist að hálfu úr ríkissjóði og að hálfu úr hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóði.

2. gr.

Lögreglustjórar hafa með höndum framkvæmdir loftvarnanna, hver í sínu umdæmi, með aðstoð sérstakra loftvarnanefnda, er skipaðar skulu vera 4 mönnum í Reykjavík og 2 mönnum annarstaðar á landinu, auk lögreglustjóra. Bæjar- og sveitarstjórnir kjósa loftvarnanefndir en lögreglustjórar skulu vera formenn þeirra.

3. gr.

Bæjar- og sveitastjórnum skal skylt að aðstoða við framkvæmd þessara ráðstafana hverri á sínum stað, svo sem með því að ljá til þeirra hús sín og tæki, eftir því sem við verður komið og án sérstaks endurgjalds.

4. gr.

Það er almenn borgaraleg skylda að vinna án endurgjalds að undirbúningi loftvarna eftir fyrirmælum lögreglustjóra og loftvarnanefnda svo og að hlýða öllum fyrirmælum og reglum varðandi loftvarnaráðstafanir samkvæmt lögum þessum, þar á meðal að taka þátt í fyrirskipuðum æfingum.

Lögreglustjórum og loftvarnanefndum er heimilt að taka kjallara og aðrar vistarverur einstakra manna, er nota má sem loftvarnabyrgi fyrir almenning og útbúa þau í því skyni enda komi sanngjarnt verð fyrir eftir samkomulagi eða að mati dómkvaddra manna.

5. gr

Brot gegn lögum þessum, svo og fyrirmælum og reglum lögreglustjóra og loftvarnanefnda samkvæmt þeim varða 50—10000 kr. sektum, nema þyngri refsing varði, samkvæmt öðrum lögum.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Gjört í Reykjavík, 2. ágúst 1940.

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson. Jakob Möller. Ólafur Thors.

Hermann Jónasson.

Nd. 18. Frumvarp til laga

um breyting á áfengislögum, nr. 33 9. janúar 1935.

(Lagt fyrir Alþingi 1941.)

1. gr.

Við 6. gr. laga nr. 33 9. janúar 1935 bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þó skal ríkisstjórninni heimilt að leyfa tilbúning öls, sem hefir inni að halda meira en 2¼% af vínanda að rúmmáli, til að selja hinu brezka setuliði hér á landi.

Nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga, tollgreiðslu af ölinu, sölumeðferð, refsingar fyrir brot á þeim fyrirmælum og annað, má setja með reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breyting á áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Dómsmálaráðherra hefir tjáð ráðuneytinu, að telja megi tímabært eins og á stendur, að framleiða á Íslandi áfengt öl og selja hinu brezka setuliði slíkt öl, með því að það neytir áfengs öls hér í landinu, sem það annars flytur inn.

Með því að ráðuneytið fellst á, að brýna nauðsyn beri til að setja bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. grein stjórnarskrárinnar um framangreint efni, telur það rétt að gefa út bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

Við 6. gr. laga nr. 33 9. janúar 1935 bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þó skal ríkisstjórninni heimilt að leyfa tilbúning öls, sem hefir inni að halda meira en 2¼% af vínanda að rúmmáli, til að selja hinu brezka setuliði hér á landi.

Nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga, tollgreiðslu af ölinu, sölumeðferð, refsingar fyrir brot á þeim fyrirmælum og annað, má setja með reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Gjört í Reykjavík, 29. október 1940.

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.

Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.

Hermann Jónasson.

Ed. 19. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 39 28. jan. 1935, um breyting á lögum nr. 46 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.

(Lagt fyrir Alþingi 1941.)

1. gr.

Annar málsliður 1. mgr. 1. gr. laganna orðist svo:

En upphæð meðalmeðgjafa með óskilgetnum börnum ákveður félagsmálaráðuneytið, að fengnum tillögum sýslunefnda og bæjarstjórna, fyrir hvert sveitarfélag, um eitt ár í senn og skal miða meðalmeðgjöf við aldur barna hinn sama á öllu landinu. Meðlagsárið er frá 1. ágúst ár hvert til 31. júlí næsta ár á eftir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þegar ekki þykir lengur þörf fyrir lagaákvæði þessi, má fella þau úr gildi með tilskipun og öðlast þá téður málsliður aftur gildi, svo sem hann er í greindum lögum, nr. 39 28. janúar 1935.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Sökum hinnar vaxandi dýrtíðar og hinna öru breytinga á framfærslukostnaði allra landsmanna, hefir nú verið upp tekin sú regla, að láta allt kaupgjald og launagreiðslur fara eftir dýrtíðarvísitölu. Er því eðlilegt, að einnig meðlögum með óskilgetnum börnum sé hægt að breyta til samræmis við það, sem telja verður hæfilegan framfærslukostnað barns á hverjum tíma, þar sem meðlagið verður að skoðast aðalframfærslueyrir barnsins, og fyrir það er frumvarp það fram borið, sem hér liggur fyrir.

Það þykir ekki rétt að binda meðlagsupphæðina við vísitölu, því það gæti valdið miklum ruglingi á útreikningum meðlaga og greiðslum, sem skipt er niður á ársfjórðunga eða jafnvel mánuði. Er því lagt til, að því ákvæði laganna verði breytt, að meðlögin skuli ákveðin fyrirfram til þriggja ára, en í stað þess er ætlazt til, að þau verði ákveðin til eins árs í senn. Það mælir gegn þessari breytingu, að þetta geti valdið losi og óþarfa hringli með meðlögin, en þar er því til að svara, að félagsmálaráðuneytið hefir talið rétt, að reyna að samræma sem mest meðlögin um land allt og vannst verulega á í því efni s. l. ár, er meðalmeðlögin þá voru ákveðin. Mun því haldið áfram, þar til það samræmi er fengið í þessum efnum, að meðlög verði byggð á því, sem næst verður komizt, um framfærslukostnað í hverri sýslu og hverjum kaupstað landsins. Eftir að sú samræming yrði á komin, er ekki mikil hætta á því, að meðlögunum yrði mikið breytt frá ári til árs, þegar verðlag og kaupgjald er aftur komið í fastara horf.

Hinsvegar er, eins og nú er ástatt, ógerningur, að láta meðlögin ein standa í stað um þriggja ára skeið, þegar allur annar framfærslueyrir og kaupgjald breytist, og fyrir því er hér lagt til, að meðlögin verði ákveðin árlega, meðlagsárið lögfest og það talið frá 1. ágúst ár hvert til 31. júlí næsta ár á eftir. Fyrir þann tíma hafa allar sýslunefndir haldið fundi sína og eiga að hafa getað skilað tillögum sínum um meðalmeðlög.

Hækka þá eða lækka meðlögin frá 1. ágúst ár hvert og er hægt að hafa til hliðsjónar verðlagsútreikninga fyrir fyrrihluta ársins, enda þá útséð um kaupgjald í landinu fyrir yfirstandandi ár.

Ef frumvarp þetta verður að lögum, mundu ákvæði þessi koma til framkvæmda 1. ágúst næstkomandi, og yrði þá tekið tillit til hækkunar þeirrar, sem þá kynni að vera orðin og ný meðalmeðlög þá ákveðin, er giltu óbreytt til júlíloka næsta ár.

Í 2. gr. frumvarpsins er veitt heimild til þess að fella þessi lagaákvæði úr gildi með tilskipun, ef þeirra þykir ekki lengur þörf. Þessi heimild yrði að sjálfsögðu ekki notuð fyr en verðlag er aftur komið í venjulegt horf, og verður þá aftur upp tekið þriggja ára meðlagstímabil.

Nd. 20. Frumvarp til laga

um viðauka við lög nr. 73 7. maí 1940, um hækkun slysabóta og uppbót á ellilaun og örorkubætur.

(Lagt fyrir Alþingi 1941.)

1. gr.

Ákvæði 1. gr. laga nr. 73 7. maí 1940, um hækkun slysabóta og uppbót á ellilaun og örorkubætur, skulu gilda meðan vísitala kauplagsnefndar er 110 eða hærri.

2. gr

Lífeyrissjóður Íslands skal meðan vísitala kauplagsnefndar er 110 eða hærri greiða 30% af heildarupphæð ellilauna og örorkubóta samkvæmt 2. tölulið 80. gr.

laga nr. 74 frá 31. desember 1937, um alþýðutryggingar. Ríkissjóður endurgreiðir Lífeyrissjóði Íslands þann hluta af upphæðinni, sem er umfram ¾ hluta af tillagi sjóðsins samkvæmt 79. gr. téðra laga.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem er lagt fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 73 7. maí 1940, um hækkun slysabóta og uppbót á ellilaun og örorkubætur.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Ákvæði laga nr. 73 7. maí 1940, um hækkun slysabóta og uppbót á ellilaun og örorkubætur, gilda aðeins fyrir árið 1940. Hinsvegar er augljóst, að dýrtíð fer vaxandi í landinu og því nauðsynlgt, að samskonar uppbætur og um ræðir í téðum lögum verði veittar framvegis. Úthlutun á ellilaunum og örorkubótum fer fram í byrjun októbermánaðar, og er sveitarstjórnum nauðsynlegt fyrir þann tíma að vita um hvers framlags sveitarsjóðir megi vænta frá Lífeyrissjóði Íslands.

Með því að ráðuneytið fellst á það álit félagsmálaráðherrans, að brýna nauðsyn beri til að setja bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar um framangreint efni, telur ráðuneytið rétt að gefa út bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

Ákvæði 1. gr. laga nr. 73 7. maí 1940, um hækkun slysabóta og uppbót á ellilaun og örorkubætur, skulu gilda meðan vísitala kauplagsnefndar er 110 eða hærri.

2. gr.

Lífeyrissjóður Íslands skal meðan vísitala kauplagsnefndar er 110 eða hærri greiða 30% af heildarupphæð ellilauna og örorkubóta samkvæmt 2. tölulið 80. gr. laga nr. 74 frá 31. desember 1937, um alþýðutryggingar. Ríkissjóður endurgreiðir Lífeyrissjóði Íslands þann hluta af upphæðinni, sem er umfram ¾ hluta af tillagi sjóðsins samkvæmt 79. gr. téðra laga.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. ágúst 1940.

Hermann Jónasson. Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.
Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Nd. 21. Frumvarp til laga

um viðauka við lög nr. 91 14. maí 1940, um húsaleigu.

(Lagt fyrir Alþingi 1941.)

1. gr.

Aftan við 2. gr. laga nr. 91 14. maí 1940, um húsaleigu, komi tvær nýjar greinar, er verði 3. og 4. gr., og breytist greinatala laganna samkvæmt því. Greinarnar orðist þannig:

3. gr. Íbúðarherbergi má ekki taka til annarar notkunar en íbúðar og íbúðarhús má ekki rífa, nema heilbrigðisnefnd banni að nota þau til íbúðar. Húsaleigunefnd (fasteignamatsnefnd) getur þó veitt sérstakt leyfi til þessa og sett það skilyrði, að húseigandi sjái um jafnmikla aukningu á húsnæði til íbúðar annarsstaðar í hlutaðeigandi kaupstað, kauptúni eða sveit.

4. gr. Húsaleigunefnd (fasteignamatsnefnd) skal heimilt að taka til umráða auðar íbúðir og ráðstafa þeim til afnota handa húsnæðislausu fólki, enda komi fullt endurgjald fyrir. Áður en nefndin tekur íbúð til umráða, skal hún setja húseiganda hæfilegan frest til að ráðstafa íbúðinni til afnota handa húsnæðislausum innanhéraðsmanni. Geri hann þetta ekki, skal nefndin rannsaka málið og síðan úrskurða, hvort íbúðin skuli tekin og ákveða leiguupphæð, leigutíma og annað, sem þörf þykir að taka ákvörðun um og málsaðiljum kemur ekki saman um. Úrskurður húsaleigunefndar er fullnaðarúrskurður.

Á sama hátt og segir í 1. mgr. er húsaleigunefnd heimilt að taka til sinna umráða annað ónotað húsnæði og útbúa það til íbúðar

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem er lagt fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 91 14. maí 1940, um húsaleigu.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Húsnæði til íbúðar mun nú í Reykjavík og jafnvel í fleiri kaupstöðum og kauptúnum í landinu vera af svo skornum skammti, að ekki má rýra það frekar en óhjákvæmilegt er. Stafar þessi húsnæðisskortur sumpart af því, að ekki hefur verið reist nálægt því eins mikið af nýjum íbúðarhúsum á þessu ári og venja er til, vegna hækkunar á verði byggingarefnis og erfiðleikum á útvegun þess, og sumpart af því, að eftirspurn eftir húsnæði hefir verið meiri en tíðkast hefir, þegar ekki hefir verið um neitt óvenjulegt ástand í landinu að ræða, og því ekki þurft húsnæði umfram eðlilega fólksfjölgun. Hefir félagsmálaráðherrann í þessu sambandi bent á það, að nokkur hætta sé á því, að meira eða minna af húsnæði því í kaupstöðum og kauptúnum, sem nú er notað til íbúðar, kynni að verða tekið til annarar notkunar, þannig að íbúðarhúsnæði rýrist við það. Jafnframt hefir hann bent á það, að ekki sé útilokað, að einhverjar íbúðir kunni að standa auðar, en slíkt er óviðunandi, ef húsnæðisekla reynist tilfinnan-

leg. Til þess að koma í veg fyrir rýrnun á íbúðarhúsnæði af framantöldum ástæðum, telur ráðherrann nauðsynlegt, að sett verði þegar bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar og fellst ráðuneytið út af því á, að setja í þessu skyni bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

Aftan við 2. gr. laga nr. 91 14. maí 1940, um húsaleigu, komi tvær nýjar greinar, er verði 3. og 4. gr., og breytist greinatala laganna samkvæmt því. Greinarnar orðist þannig:

3. gr. Íbúðarherbergi má ekki taka til annarar notkunar en íbúðar og íbúðarhús má ekki rífa, nema heilbrigðisnefnd banni að nota þau til íbúðar. Húsaleigunefnd (fasteignamatsnefnd) getur þó veitt sérstakt leyfi til þessa og sett það skil yrði, að húseigandi sjái um jafnmikla aukningu á húsnæði til íbúðar annarsstaðar í hlutaðeigandi kaupstað, kauptúni eða sveit.

4. gr. Húsaleigunefnd (fasteignamatsnefnd) skal heimilt að taka til umráða auðar íbúðir og ráðstafa þeim til afnota handa húsnæðislausu fólki, enda komi fullt end urgjald fyrir. Áður en nefndin tekur íbúð til umráða, skal hún setja húseiganda hæfilegan frest til að ráðstafa íbúðinni til afnota handa húsnæðislausum innanhéraðsmanni. Geri hann þetta ekki, skal nefndin rannsaka málið og síðan úrskurða, hvort íbúðin skuli tekin og ákveða leiguupphæð, leigutíma og annað, sem þörf þykir að taka ákvörðun um og málsaðiljum kemur ekki saman um. Úrskurður húsaleigunefndar er fullnaðarúrskurður.

Á sama hátt og segir í 1. mgr. er húsaleigunefnd heimilt að taka til sinna umráða annað ónotað húsnæði og útbúa það til íbúðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 3. október 1940.

Hermann Jónasson. Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.
Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Nd. 22. Frumvarp til laga

um læknaráð.

Flm.: Vilmundur Jónsson.

1. gr.

Í læknaráðinu eiga sæti eftirtaldir læknar.

1) Landlæknir, sem er forseti ráðsins,
2) kennarinn í réttarlæknisfræði við háskólann,
3) kennarinn í heilbrigðisfræði við háskólann,
4) kennarinn í lyfjafræði við háskólann,
5) yfirlæknir lyflæknisdeildar Landsspítalans,
6) yfirlæknir handlæknisdeildar Landsspítalans,
7) yfirlæknir geðveikrahælis ríkisins,
8) yfirlæknir Tryggingarstofnunar ríkisins,
9) formaður Læknafélags Íslands.

Verði ráðið á þennan hátt ekki skipað 7 eða 9 mönnum, skipar ráðherra lækni eða lækna til viðbótar í ráðið, unz 7 eru, en einn, ef 8 eru fyrir.

2. gr.

Það er hlutverk læknaráðsins að láta dómstólunum, ákæruvaldinu og stjórn heilbrigðismálanna í té sérfræðilegar umsagnir varðandi læknisfræðileg efni.

Læknaráðið lætur meðal annars í té umsagnir um hverskonar læknisvottorð, sem lögð eru fyrir dómstólana, enda sé þeim beint til ráðsins samkvæmt úrskurði dómara.

Læknaráðið lætur stjórn heilbrigðismálanna í té álit sitt á því, hvort tiltekin aðgerð, hegðun eða framkoma læknis, tannlæknis, nuddara, lyfsala, hjúkrunarkonu, ljósmóður eða annara þvílíkra heilbrigðisstarfsmanna sé tilhlýðileg eða ekki.

Læknaráðið lætur og stjórn heilbrigðismálanna í té álit sitt í sambandi við mikilsverðar heilbrigðisframkvæmdir, einkum varðandi meiri háttar sóttvarnarráðstafanir.

3. gr.

Læknaráðið lætur ekki önnur mál til sín taka en þau, er borin hafa verið undir það samkvæmt 2. gr., og af þeim aðilum, er þar greinir.

Læknaráðið lætur ekki í té umsögn um andlegt ástand eða sakhæfi manns, nema áður liggi fyrir álitsgerð sérfræðings eftir viðeigandi athugun, enda sé kostur slíkrar athugunar.

Læknaráðið lætur ekki í té umsögn um dánarmein manns, nema áður liggi fyrir álitsgerð sérfræðings eftir líkskurð eða mannskaðaskýrsla lögum samkvæmt, ef um voveiflegt mannslát er að ræða, enda sé kostur slíkra gagna.

4. gr.

Rétt er, að læknaráðið leiti jafnan álits sérfróðra manna utan ráðsins um mál, sem eru utan við sérfræðisvið þeirra manna, er ráðið skipa.

Áður en ráðið hnekkir vottorði læknis, skal það jafnan, ef því verður við komið, gera hlutaðeigandi lækni kost á að rökstyðja vottorð sitt nánar.

Mál, er varðar sérstaklega aðgerð, hegðun eða framkomu læknis eða annara heilbrigðisstarfsmanna (sbr. 3. málsgr. 2. gr.) skal ráðið jafnan, ef því verður við komið, bera undir hlutaðeiganda sjálfan, svo og stéttarfélag hans, áður en það lætur í té umsögn sína um það.

5. gr.

Enginn meðlimur læknaráðsins á atkvæðisrétt um mál, er varðar sjálfan hann eða umbjóðanda hans, eða hann hefir áður tekið afstöðu til, hvort heldur er persónulega eða sem embættismaður. Nú verður ráðið óstarfhæft fyrir það, að einhver sérfræðingur ráðsins á ekki atkvæðisrétt um mál, er heyrir undir sérgrein hans, og skipar þá ráðherra sérfræðing í hans stað eftir tillögu ráðsins til að fjalla um það mál.

6. gr.

Læknaráðið getur falið tveimur eða fleiri meðlimum ráðsins afgreiðslu máls í sínu umboði, enda heyri málið undir sérgrein eins eða fleiri þeirra, er um það fjalla. Hver meðlimur ráðsins sem er getur þó krafizt þess, að umsögnin verði borin undir ráðið í heild.

Umsögn um aðgerð, framkomu eða hegðun læknis eða annara heilbrigðisstarfsmanna (sbr. 3. málsgr. 2. gr.) skal ætíð borin undir ráðið í heild.

Verði ekki samkomulag innan ráðsins um afgreiðslu máls, skal þess getið í umsögninni, enda á sá eða þeir, er ágreining gera, rétt á að gera sérstaka grein fyrir atkvæði sínu.

Niðurstöður ráðsins skulu að jafnaði rökstuddar, og ætið, ef sá, er umsagnarinnar beiðist, æskir þess sérstaklega, svo og ef ágreiningur er innan ráðsins um niðurstöðuna.

7. gr.

Læknaráðið sendir ráðherra skýrslu um starfsemi sína að hverju ári liðnu, og skal birta opinberlega þær niðurstöður ráðsins, er almenning varða.

8. gr.

Kostnaður við starfsemi læknaráðsins greiðist úr ríkissjóði samkvæmt úrskurði ráðherra.

Greinargerð.

Fyrir frv. þessu, sem er flutt í samráði við félagsmálaráðherra, skal gerð eftirfarandi grein:

Það hefir þótt koma í ljós við málarekstur fyrir dómstólum, er snertir lækna og læknisfræðileg efni, að erfiðleikar geti orðið á því fyrir ólæknisfróða dómara að skera þar úr á viðhlítandi hátt. Í slíkum málum liggja að vísu oftast fyrir vottorð og álitsgerðir lækna, en þá að jafnaði frá fleirum læknum en einum, og sá hængurinn á, að illa eða ekki vill bera saman. Hlýtur þetta að leiða til meiri og minni ágreinings meðal dómara og hæpinnar dómsniðurstöðu eða dóma, sem vefengdir verða og þá líklegir til að spilla trausti manna á dómstólunum. Skortir hér auðsjáanlega eitthvert æðsta ráð læknisfróðra manna, er málum varðandi lækna og læknisfræðileg efni megi áfrýja til og dómstólarnir geti síðan stuðzt við. Eru slíkar stofnanir til í öðrum löndum og þykja ómissandi.

Ýmsar nýjungar í heilbrigðislöggjöf hinna síðustu ára hafa leitt til þess, að málum af þessu tagi fjölgar ört fyrir íslenzkum dómstólum, og er lítt séð fyrir endann á því. Má þar einkum til nefna læknalögin, fóstureyðingalögin, lögin um afkynjanir og vananir, lögin um matvælaeftirlit og síðast en ekki sízt alþýðutryggingalögin. Hefir tryggingayfirlæknirinn vakið athygli á því, hve allur málarekstur í tryggingamálum sé erfiður og dómsúrslit hæpin, meðan dómararnir hafi ekki við annað að styðjast en sundurleit læknisvottorð, og telur hann ekki mega dragast að koma hér annari skipan á. Að öðru leyti hefir einkum verið fundið til þess í sambandi við túlkun á ákvæðum læknalaganna, að vant væri einhverskonar yfirdóms lækna þar að lútandi. Hafði landlæknir vakið máls á því við læknafélögin, sem nú hafa tekið afstöðu til málsins í heild og tjáð sig eindregið fylgjandi frv. því, er hér liggur fyrir.

Um einstakar greinar frv. skal þessa getið:

Um 1. gr.

Ráðið er haft svo fjölmennt til þess, að þar sé sem víðtækust sérþekking fyrir hendi, en hins vegar er ekki ætlazt til, að það starfi að jafnaði í heild, heldur skipi undirnefndir til afgreiðslu einstakra mála, sbr. 6. gr.

Um 2. gr.

Auk þess, sem er aðalatriðið, að ráðið leiðbeini dómstólunum og ákæruvaldinu, er gert ráð fyrir því, að umboðsvaldið geti í einstökum tilfellum leitað álits þess, og þá sérstaklega um mál, er varða störf og hegðun lækna og annara heilbrigðisstarfsmanna, svo og um einstakar mikilsverðar heilbrigðisframkvæmdir. En þar eru sérstaklega hafðar í huga sóttvarnarráðstafanir, er mjög mikið liggur við og tvímælis kann að orka um, hvort upp skuli taka eða hvernig haga beri. Eru þess dæmi, að ráð eins manns þyki þá veik stoð og sæti hættulegri gagnrýni. Má í því efni minnast á atburði í sambandi við inflúenzufaraldurinn mikla (spönsku veikina) 1918. Rétt er að geta þess viðvíkjandi fyrirhuguðum umsögnum ráðsins um hegðun lækna, að þeim er ekki ætlað að ná til þeirra viðskipta lækna innbyrðis, er heyra sérstaklega undir siðareglur þeirra (codex ethicus). Því er krafizt úrskurðar dómara um áfrýjun læknisvottorða til ráðsins (2. málsgr.), að ella mætti búast við, að ráðið yrði ónáðað algerlega að óþörfu um umsagnir þar að lútandi.

Um 3. gr.

Hér er verksvið ráðsins takmarkað við ákvæði 2. gr. og skýrt tekið fram, að áður en umsagnar þess sé leitað um andlegt ástand eða sakhæfi eða dánarmein

manns, skuli með þau mál hafa verið farið á venjulegan hátt þeim til sem fyllstrar upplýsingar.

Um 4. gr.

Þessari grein er ætlað að tryggja rétt aðila að málum þeim, er ráðið fær til meðferðar.

Um 5.—7. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 8. gr.

Þóknun fyrir starfsemi ráðsins yrði væntanlega miðuð við afgreiðslu mála eða fundafjölda, eins og nú er farið að tíðkast um opinberar nefndir.

Nd. 23. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 65 19. júní 1933, um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands.

Flm.: Vilmundur Jónsson.

1. gr.

Aftan við 2. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Fulltrúar utanríkismálaráðuneytisins erlendis skulu gera sér far um að fylgjast sem bezt með sóttarfari, hver í sínu umdæmi, og vera við því búnir að gefa skipstjórum, er sigla vilja til Íslands, leiðbeiningar þar að lútandi. Þeir skulu og tilkynna utanríkismálaráðuneytinu tafarlaust, ef upp koma eða yfirvofandi má telja, að upp komi í umdæmi þeirra erlendar sóttir, og láta það síðan jafnan fylgjast með gangi þeirra. Sama gildir um hverskonar aðra næma sjúkdóma, ef þeir gerast óvenjulega útbreiddir eða illkynjaðir, eða ráðuneytið óskar sérstaklega fregna af þeim.

2. gr.

Aftan við 4. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Um umbúnað líka, sem flutt eru inn í landið, fer eftir reglum um flutning líka, sem settar verða samkvæmt lögum um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma, nema sérstaklega heyri undir ákvæði þessara laga.

Greinargerð.

Við samningu fyrirmæla- og leiðbeiningabókar fyrir fulltrúa utanríkismálaráðuneytisins erlendis hefir komið í ljós, að í íslenzk lög skortir ákvæði, er til megi vitna um skyldu fulltrúanna að tilkynna utanríkismálaráðuneytinu, ef upp koma hættulegir, næmir sjúkdómar í umdæmum þeirra. Þykir sjálfsagt að leggja þeim þær skyldur á herðar, og eiga ákvæði um það heima í lögum um sóttvarnir gegn útlöndum. Sama ætti og að gilda um næma búfjársjúkdóma, og mun verða tækifæri til að setja þvílík ákvæði í lög um þá, er borin verða fram á þessu þingi.

Það hefir einnig komið í ljós, að vant er lagaákvæða um umbúnað líka, sem leyft er að flytja til landsins, og raunar einnig um meðferð líka og líkflutning innanlands, en þau ákvæði þykja aðallega eiga heima í lögum um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma, sbr. frv., sem flutt er jafnframt um breyting á þeim lögum þar að lútandi, og er hér aðeins vitnað til þeirra ákvæða.

Frv. þetta er flutt í samráði við félagsmálaráðherra.

Nd. 24. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 66 19. júní 1933, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma.

Flm.: Vilmundur Jónsson.

Aftan við 6. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
Ráðherra gefur út reglur um meðferð og umbúnað líka, sem flutt eru á milli staða hér á landi eða út úr landinu.

Greinargerð.

Vísast til greinargerðar fyrir frv., sem flutt er jafnframt um breyt. á l. nr. 65 19. júní 1933, um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands.

Nd. 25. Frumvarp til laga

um breyting á 14. gr. laga nr. 1 5. janúar 1938, um síldarverksmiðjur ríkisins.

Flm.: Gísli Guðmundsson.

1. gr.

Orðin „þó ekki yfir 25% af útsvörum viðkomandi bæjar- eða sveitarfélags það ár" falli niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í lögum um síldarverksmiðjur ríkisins njóta verksmiðjurnar þeirra óvenjulegu hlunninda að vera undanþegnar tekju- og eignarskatti og útsvari. Til að bæta bæjar- og sveitarsjóðum að einhverju leyti halla þann, er þeir verða fyrir vegna þessa ákvæðis, er svo fyrir mælt, að „verksmiðjurnar skulu greiða ½% af brúttóandvirði seldra afurða ár hvert til bæjarsjóðs eða sveitarsjóðs, þar sem þær eru starfræktar".

En þetta gjald er þeim takmörkum bundið, að það má ekki fara yfir 25% af álögðum útsvörum.

Þetta ákvæði snertir nú eingöngu Raufarhafnarverksmiðjuna, og kemur mjög hart og óeðlilega niður á því hreppsfélagi, sem þarna á hlut að máli, Presthólahreppi í Norður-Þingeyjarsýslu. Siglufjörður er svo stór bær, að ¼ árlegra útsvara nemur þar hærri upphæð en framleiðslugjaldinu, og er 25% ákvæðið þar því ekki til neins hagnaðar fyrir verksmiðjurnar. Á Húsavík og Sólbakka mun ákvæðið ekki heldur skipta neinu máli. Hinsvegar er verksmiðjunum gert mögulegt að græða á Presthólahreppi upphæð, sem ekki skiptir miklu máli í hinum fyrirferðarmikla rekstri þeirra, en munar hreppsfélagið hinsvegar mjög miklu.

Íbúar á Raufarhöfn eru nú yfir 300, og stuðla hinar miklu verksmiðjuframkvæmdir þar mjög að stækkun þorpsins. Atvinna er þar nú lítið annað en verksmiðjuvinnan 2—3 mánuði ársins. Það er því sýnilegt, að fátækraframfærsla á Raufarhöfn hlýtur að aukast vegna verksmiðjunnar. Ennfremur þyrftu að vera möguleikar til að vinna að umbótum til almannaþarfa í þorpinu, svo sem vatnsveitu og einhverri gatnagerð. Það getur varla talizt sanngjarnt, að bændur í öðrum

hluta hreppsins leggi á sig aukabyrðar í þessu skyni, heldur hitt eðlilegra, að rekstur sá, sem á staðnum er og vel á að vera þess megandi, standi straum af þessum útgjöldum. Ef einhverjir vildu tryggja það, að fé þetta færi ekki út úr þorpinu, myndi sjálfsagt ekki standa á hreppsbúum að samþykkja skiptingu hreppsins, svo að þorpið yrði þar með sérstakt hreppsfélag.

Það má telja talsvert varhugaverða stefnu að reyta af hreppsfélögum hvern tekjumöguleika, sem þau kunna að eignast, vegna þess, að henta þykir að setja þar á stofn atvinnurekstur í þjóðarþágu. Í því sambandi skal á það minnt, að Raufarhafnarverksmiðjan var byggð svo stór sem hún nú er vegna ákafra tilmæla frá útgerðarmönnum, en ekki vegna þess, að sérstök áherzla væri á það lögð af hálfu hreppsbúa, þótt þeir hinsvegar vildu ekki missa þá atvinnumöguleika, sem þar voru áður.

Til skýringar má geta þess, að ½% af allri brúttóframleiðslu Raufarhafnarverksmiðjunnar árið 1940 mun vera 25—30 þús. kr. Þarf mönnum ekki að vaxa sú upphæð í augum í þessu sambandi, samanborið við annað á þessum tímum, en þar að auki er þess að gæta, að ekki má gera ráð fyrir neitt svipaðri framleiðslu eða sölu í meðalári.

Með tilvísun til þess, sem að framan er sagt, er hér lagt til, að framleiðslugjaldið verði ½% **án þeirra takmarka,** sem í því felast, að það megi ekki fara fram úr ¼ af álögðum útsvörum.

Það skal tekið fram, að flm. hefir rætt þetta mál við formann framfærslumálanefndar ríkisins, og telur hann núverandi ákvæði laganna um þetta efni ekki viðunandi.

Frv., sem fór í sömu átt, hefir áður verið flutt á Alþingi og samþykkt í báðum deildum, en var felld frá afgreiðslu af ástæðum, sem efni þess voru óviðkomandi. Enda mun erfitt að halda áfram skatt- og útsvarsfrelsi verksmiðjanna, ef eðlilegar lagfæringar eins og þessi ná ekki fram að ganga.

Sþ. 26. Tillaga til þingsályktunar

um ráðstafanir til öryggis handrita- og skjalasöfnum ríkisins.

Flm.: Vilmundur Jónsson.

Alþingi ályktar að leggja fyrir ríkisstjórnina að hefja nú þegar ráðstafanir til undirbúnings því, að gerð verði sprengjuheld geymsla fyrir handritasafn landsbókasafnsins og hin merkustu skjalasöfn þjóðskjalasafnsins og þannig um búið, að söfnin verði þar jafnan tiltæk til notkunar.

Greinargerð.

Þeir fjársjóðir vor Íslendinga, sem eru allt í senn: einna dýrmætastir, vandgeymdastir og þó einkum óbætanlegastir, ef þeir glatast, eru handritasafn landsbókasafnsins og ýmis opinber skjöl þjóðskjalasafnsins. Þetta hefir verið staðfest með því, að jafnskjótt sem hætta var talin á hernaðarviðureignum í Reykjavík, var ritum þessum og skjölum komið þaðan í burtu, og eru þau nú geymd fyrir austan fjall, ef til vill á sæmilega öruggum stað eftir atvikum, og þó engan veginn að öllu leyti. Þau eru þar einnig í lokuðum kössum, sem lítil eða engin leið er að komast að, og þess vegna gersamlega óaðgengileg til hverskonar afnota.

Enginn veit, hve lengi verður við svo búið að standa, ef ekki er að gert. Þó að núverandi hernaði kunni að slota innan ekki mjög langs tíma, fær enginn sagt fyrir, hvenær næsta hrina kann að ríða yfir eða hin næstnæsta. En svo horfir nú, að tæplega

færumst vér fjær hættunum, er lengra líður fram. Sífelldum flutningi á söfnunum fram og aftur er samfara margvísleg áhætta fyrir þau, einkum er til flutnings þarf að grípa í flaustri og jafnvel í ofboði. Getur margt orðið þeim að meira og minna grandi við þær ráðstafanir, þó að beinum hernaðaraðgerðum sé ekki til að dreifa, að því ógleymdu, að jafnan verður meira og minna undir hælinn lagt, hvort sá staðurinn, sem í það og það skiptið er flutt til, sé stórum öruggari en hinn, sem flutt var frá.

Þá er ótalið, hvert tjón bóklegri menningu landsins er búið af því, ef söfnin verða löngum og löngum algerlega óaðgengileg fræðiiðkendum og öðrum bókmenntamönnum.

Vænti ég, að ekki þurfi að hafa hér fleiri orð um, til þess að skiljast megi, hver nauðsyn er á að gefa þessu máli gaum, láta fara fram athugun á því, hver tök eru á að búa söfnunum öruggan stað, þar sem jafnan sé hægt að hafa þeirra not, enda fari illa á, að þær framkvæmdir dragist nema sem allra skemmst. Hernaðarástandið, sem á sökina á þessum vandræðum, hefir nú leitt til óvenjulegrar peningaveltu í landinu. Virðist það þá ekki nema sanngjörn krafa fyrir hönd þeirra menningarverðmæta, sem í mestri hættunni eru, að þau verði að einhverju leyti látin njóta þeirrar veltu þeim til aukins öryggis.

Ed. 27. Frumvarp til laga

um framlenging á gildi laga nr. 66 11. júní 1938, um vörugjald fyrir Vestmannaeyjakaupstað.

Flm.: Jóhann Jósefsson.

1. gr.

Lög nr. 66 11. júní 1938 skulu gilda til ársloka 1944.

2. gr

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Vestmannaeyjar hafa undanfarin ár haft heimild þá, er um ræðir í lögum þessum, til að innheimta sérstakt vörugjald, er rennur í bæjarsjóð, af vörum þeim, er sendar eru frá eða koma til kaupstaðarins, með þeim takmörkunum, er lögin ákveða.

Ekki er annað fyrirsjáanlegt en að þessa tekjustofns verði þörf einnig á næstu árum, og er því hér farið fram á framlenging lagaheimildar þar að lútandi til ársloka 1944.

Nd. 28. Frumvarp til laga

um rafveitulánasjóð.

Flm.: Skúli Guðmundsson, Bjarni Bjarnason, Helgi Jónasson, Jörundur Brynjólfsson, Sveinbjörn Högnason.

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist rafveitulánasjóður. Sjóðurinn er eign ríkisins.

2. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Framlög frá ríkissjóði, eftir því sem ákveðið er í fjárlögum.
2. Árlegt gjald frá rafveitum, sem reistar hafa verið og reistar verða og hafa vatns-

afl til orkuframleiðslu. Skulu rafveiturnar greiða til sjóðsins eftir þessum reglum:

a. Fyrstu 3 árin eftir að stöð er reist er hún gjaldfrjáls.
b. Næstu 5 árin greiðist 2 kr. á ári fyrir hvert kilowatt í málraun rafals í hverri vélasamstæðu.
c. Önnur 5 árin greiðist 4 kr. á ári á sama hátt, og úr því 6 kr. á ári.

Gjald þetta greiðist þó ekki af vélasamstæðum, sem hafa minna afl en 150 kw.

3. Vextir af sjóðnum, er leggjast við höfuðstólinn.

3. gr.

Gjöld þau, er um getur í 2. lið 2. gr., skulu greiðast rafveitulánasjóði 31. des. ár hvert, og fylgir þeim lögtaksréttur.

4. gr.

Tilgangur rafveitulánasjóðs er að veita lán til einstaklinga, orkuveitufélaga, sveitarfélaga, bæjarfélaga og ríkis til að gera orkuver til raforkuvinnslu og raforkuveitur.

5. gr.

Lán úr rafveitulánasjóði mega nema allt að ⅘ stofnkostnaður orkuvers eða orkuveitu, sem lán er veitt til. Venjulega skulu lánin ekki greidd út fyrr en orkuver og orkuveita er fullgert. Þó má greiða lán út að nokkru eða öllu leyti á meðan á framkvæmd verksins stendur, ef nægileg trygging er sett.

6. gr.

Til tryggingar fyrir lánum úr rafveitulánasjóði skal vera:

1. Orkuveitufyrirtæki það, er lán er veitt til, með öllum tilheyrandi mannvirkjum, réttindum og rekstrartekjum.
2. Ábyrgð hlutaðeigandi bæjar- og sveitarfélags, eða aðrar tryggingar, er stjórn sjóðsins metur gildar.

7. gr.

Lán úr rafveitulánasjóði má veita til allt að 23 ára. Mega þau vera afborganalaus fyrstu 3 árin af lánstímanum. Vextir skulu vera 3% — þrír af hundraði — á ári.

8. gr.

Búnaðarbanki Íslands hefir á hendi ákvarðanir um lán úr rafveitulánasjóði og annast stjórn hans og rekstur, fyrir þóknun, er ákveðst með samkomulagi við ráðherra, og greiðist þóknunin úr sjóðnum.

9. gr.

Rafveitulánasjóður er undanþeginn tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum til ríkis, sveitar- og bæjarfélaga.

10. gr.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um sjóðinn og rekstur hans, m. a. um samþykki sérfróðra ráðunauta ríkisins til framkvæmda, sem lán eru veitt til, önnur skilyrði fyrir lánveitingum úr sjóðnum og útlánareglur.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er að mestu samhljóða þeim frumvörpum um rafveitulánasjóð, sem hafa verið flutt á tveim síðustu þingum. Þó er gerð sú breyting á 2. gr. frumvarpsins, að í stað þess, að áður var gert ráð fyrir, að aðeins þær rafstöðvar, sem

hafa fengið ríkislán eða ríkisábyrgðir fyrir lánum, væru gjaldskyldar til rafveitulánasjóðs, er nú ákveðið, að allar vatnsaflsstöðvar, sem hafa 150 kw. afl eða meira, skuli gjalda til sjóðsins. Er þetta í samræmi við það, sem samþykkt var í neðri deild á síðasta þingi.

Ef frumvarpið verður samþykkt, vænta flutningsmenn þess, að samkomulag verði um riflegt fjárframlag úr ríkissjóði til rafveitulánasjóðsins á þessu ári.

Ed. 29. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 27 13. jan. 1938, um vátryggingarfélög fyrir vélbáta.

Flm.: Jóhann Jósefsson.

1. gr

Fyrir „3 ár“ í ákvæði til bráðabirgða komi: 6 ár.

2. gr

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þegar lög þau voru sett, er að ofan greinir, var á það fallizt, að innlend vátryggingarfélög, er starfað hefðu 50 ár eða lengur þegar lögin öðluðust gildi, skyldu undanþegin skyldutryggingu með sérstöku skilyrði í 3 ár.

Hér er farið fram á, að þessi tími sé framlengdur, svo sem segir í frv., enda eru þær sömu ástæður fyrir hendi nú. er voru þegar umrætt bráðabirgðaákvæði var sett í lögin.

Nánar í framsögu.

Ed. 30. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 80 11. júní 1938, um stéttarfélög og vinnudeilur.

Flm.: Brynjólfur Bjarnason.

1. gr.

15. gr. laganna orðist þannig:

Þegar stéttarfélag eða félag atvinnurekenda ætlar að hefja vinnustöðvun, þá er hún því aðeins heimil, að ákvörðun um hana hafi verið tekin samkvæmt þeim reglum, sem félögin hafa sett þar um í samþykktum sínum.

2. gr.

16. og 17. gr. laganna falli niður og greinatalan breytist samkvæmt því.

Greinargerð.

Í umræðum þeim, sem urðu um lögin um stéttarfélög og vinnudeilur á Alþingi 1938, var mjög um það deilt, að hve miklu leyti 15., 16. og 17. gr. laganna takmörkuðu verkfallsréttinn. Sósialistar héldu því fram, að hér væri um svo víðtækar takmarkanir að ræða, að verkfallsrétturinn yrði í mörgum tilfellum aðeins að nafni og sektarákvæðin vegna ólöglegra vinnustöðvana myndu valda verkalýðs-

félögunum þungum búsifjum. Þeir, sem að lögunum stóðu, m. a. forustumenn Alþýðusambandsins, héldu því gagnstæða fram. Fullyrtu þeir, að ákvæði nefndra greina kæmu ekki að sök fyrir verkalýðsfélögin.

Reynslan hefir nú skorið úr þessum ágreiningi. Það hefir ekki veitt af fyrir verkalýðsfélögin að hafa fastan lögfræðilegan ráðunaut til að ráðgast við um allar athafnir sínar. En það hefir ekki heldur komið að gagni. Lögfræðingarnir hafa ekki getað ráðið rúnir laganna, og það hefir sýnt sig, að það hefir reynzt jafnvel mjög lögfróðum mönnum um megn að gizka á, hvernig félagsdómur myndi líta á málin. Enginn kostur hefir verið að fá úrskurð félagsdóms fyrirfram, svo félögin geta oft og tíðum ekkert aðhafzt án þess að eiga á hættu að gerast brotleg við lögin. Jafnvel forustumenn Alþýðusambandsins, sem voru aðalhöfundar laganna og hafa marga lögfræðilega ráðunauta sér við hlið, gerast brotlegir við lögin, sem eru að miklu leyti þeirra eigin verk, og eru dæmdir í sektir. Er þess skemmst að minnast, er Sveinafélag múrara í Reykjavík var dæmt í svo háar fjársektir, að félagið fær vart undir risið, fyrir athafnir, sem félagsmönnum datt yfirleitt ekki í hug annað en væru fyllilega lögmætar, áður en félagsdómur felldi úrskurð sinn. En ferskastur í minni er þó sektardómurinn yfir Alþýðusambandinu vegna samúðarverkfalls veitingaþjóna við starfsstúlkur í veitingahúsum í Reykjavík.

Ég tel algerlega þarflaust að takmarka rétt verkalýðsfélaganna til vinnustöðvunar með lögum fram yfir þær takmarkanir og reglur, sem felast í samþykktum félaganna sjálfra. Ef um kaup og kjör er að ræða, er uppsagnarfrestur venjulega samningsbundinn, og þarf vinnustöðvun þá engum að koma á óvænt, enda á það eingöngu að vera samningsatriði milli aðila. Allt annað er óviðhlítandi takmörkun á athafnafrelsi stéttarfélaganna.

Nd. 31. Frumvarp til laga

um raforkuveitusjóð.

Flm.: Pétur Ottesen.

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist raforkuveitusjóður. Tilgangur sjóðsins er að veita hagkvæm lán til að gera orkuver og raforkuveitur í héruðum landsins.

2. gr.

Til raforkuveitusjóðs leggur ríkissjóður 100 þús. kr. árlega.

3. gr.

Raforkuveitur, sem reistar hafa verið og reistar verða og hafa vatnsafl til orkuframleiðslu, skulu greiða til raforkuveitusjóðs eftir þessum reglum:

a. Fyrstu 5 árin greiðist 1 kr. á ári á hvert kílówatt í málraun rafals í hverri vélasamstæðu.
b. Næstu 5 árin greiðast 2 kr. á ári.
c. Þriðju 5 árin greiðast 4 kr. á ári og úr því 8 kr. á ári.

Gjald þetta greiðist þó ekki af vélasamstæðum, sem hafa minna afl en 150 kw.

4. gr.

Búnaðarbanki Íslands hefir á hendi ákvarðanir um lán úr raforkuveitusjóði, að fengnum tillögum trúnaðarmanna ríkisstjórnarinnar um rafveitumál, og annast stjórn hans og rekstur fyrir þóknun, er ráðherra ákveður með samkomulagi við stjórn bankans. Þóknunin greiðist úr sjóðnum.

5. gr.

Lán úr raforkuveitusjóði mega nema allt að ⅘ stofnkostnaðar orkuvers eða orkuveitu, og má lánstíminn vera allt að 30 ár. Lán mega vera afborgunarlaus fyrstu 5 ár lánstímans, og skulu vextir vera 3% — þrír af hundraði — á ári.

6. gr.

Til tryggingar fyrir lánum úr raforkuveitusjóði skal vera orkuverið og orkuveitan sjálf og aðrar þær tryggingar, sem ráðherra tekur gildar, svo sem ábyrgð sýslu-, bæjar- eða sveitarfélags.

7. gr.

Raforkuveitusjóður skal undanþeginn öllum sköttum og gjöldum til ríkis, bæjar- og sveitarfélaga.

8. gr.

Nánari ákvæði um starfrækslu sjóðsins og lánveitingar úr honum setur ráðherra í reglugerð.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðasta þingi lágu fyrir í frumvarpsformi tvennskonar tillögur um að stofna sjóð, er hefði það markmið að veita lán til að gera orkuver og rafveitur í héruðum landsins. Í frv. því um þetta efni, sem Thor Thors, þingmaður Snæfellinga, var fyrsti flutningsmaður að, var lagt til, að sjóður þessi yrði stofnaður með þeim hætti, að ríkið legði fram árlega a. m. k. 50 þús. kr. á næstu 10 árum. Í hinu frv., sem Skúli Guðmundsson, þingmaður Vestur-Húnvetninga, var fyrsti flutningsmaður að, var hinsvegar gert ráð fyrir því að byggja sjóðinn upp þannig, að nokkurt fé yrði veitt í fjárlögum í þessu skyni, en auk þess yrði lagður skattur á skuldir þeirra rafveitufyrirtækja, sem njóta ríkislána eða ríkisábyrgðar fyrir lánum, og átti skatturinn að vera nokkurskonar endurgjald fyrir þessa aðstoð. Bæði þessi frv. voru borin fram í neðri deild. Við meðferð málsins kom það brátt í ljós, að skoðanir deildarmanna voru allskiptar um þann þáttinn í tekjuöflun handa sjóðnum, sem að því laut að leggja skatt á rafveitufyrirtæki. Eins og ekki síður voru skiptar skoðanir um þá aðferð, sem samkvæmt þessu átti að viðhafa við álagningu skattsins, — að miða hann við skuldir fyrirtækjanna. Litu margir svo á, að þessi aðferð væri óheppileg og óhagkvæm fyrir báða aðila. Gagnvart skattgreiðendunum kom þetta þannig út, að skatturinn kom þyngst niður á fyrirtækjunum meðan þunginn af lánunum var mestur og aðstaðan af þeim ástæðum og öðrum til þess að fá rönd við reist erfiðust. En gagnvart sjóðnum hinsvegar var það svo, að þegar búið var að greiða lánin, þá féll skatturinn niður og sjóðurinn missti af tekjunum fyrir fullt og allt. Mín skoðun var og er sú, að réttmætt sé, að stærri rafveitufyrirtækin greiði ásamt ríkissjóði árlega nokkurn skatt í slíkan sjóð sem þann, er hér um ræðir. En hinsvegar væri sjálfsagt að finna það form fyrir skattinum, að hann yrði ekki til þess að valda miklum erfiðleikum fyrir fyrirtækin meðan þungt væri undir fæti hjá þeim, en gæfi þó sjóðnum sem drýgstar og varanlegastar tekjur.

Ég flutti því breytingartillögur um þetta atriði, sem reistar eru á þessum grundvelli. Samkvæmt þeim tillögum er skatturinn lágur fyrstu árin, en smáhækkar að settu marki, eftir því sem afkoma fyrirtækisins að eðlilegum hætti batnar, og verður skatturinn með þeim hætti vaxandi og varanlegur tekjustofn fyrir sjóðinn.

Þessi breytingartillaga mín varð til þess að greiða götu þessa máls í neðri deild á síðasta þingi; hún var samþ., nokkuð breytt að vísu að því er skatthæðina snertir, og tekin upp í frv. Thors Thors, en það var, þannig breytt, afgreitt til efri deildar, en þar dagaði málið uppi.

Breytingar þær, sem gerðar voru af fjárhagsnefnd neðri deildar á þessum tillögum mínum, miðuðu að því að draga nokkuð úr skattinum frá því, sem ég lagði til, þannig að fyrirtækin yrðu skattfrjáls fyrstu þrjú árin og að skatthæðin færi aldrei upp úr 6 kr. á ári fyrir hvert kílówatt í málraun rafals í hverri vélasamstæðu, í stað 8 kr., sem var hámark skattsins samkv. mínum tillögum.

Þeir rafmagnsverkfræðingarnir Steingrímur Jónsson og Jakob Gíslason, sem ég hafði ráðfært mig við um þetta mál, gerðu útreikning á því fyrir mig, hverju skatturinn á rafveitufyrirtækjum mundi nema samkvæmt mínum tillögum. Litur sá útreikningur þannig út: Fyrstu 5 árin yrði skatturinn 31600 kr., næsta 5 ára tímabilið 46600 kr., þriðju 5 árin 75260 kr. og svo úr því 120360 kr. á ári, enda væru þá öll þau fyrirtæki, sem skatturinn átti að ná til samkv. tillögunum, kominn upp í hámark. Ný rafveitufyrirtæki, sem við bættust, yrðu vitanlega skattskyld samkv. sömu reglu.

Í þessu frv., sem ég nú flyt, hefi ég tekið upp aftur efni breytingartillagnanna eins og ég flutti þær á síðasta þingi og hér hefir verið lýst, jafnframt því sem skýrt er frá gangi þessa máls þá. Ennfremur hefi ég hækkað um helming hið árlega framlag ríkissjóðs til raforkuveitusjóðsins frá því, sem var í frv. því, sem afgreitt var til efri deildar á síðasta þingi. Þá er og í þessu frv. haldið því ákvæði, að skatturinn taki ekki til rafmagnsstöðva, sem eru undir 150 kw. Að öðru leyti heldur þetta frv. mitt nú að mestu sömu ummerkjum og þá.

Með þessu frv. og þeirri tilhögun á stofnun raforkuveitusjóðs, sem í því felst — að ríkið veiti árlega ríflega fjárupphæð í sjóðinn og að stærri rafveitufyrirtæki greiði einnig árlega nokkurn skatt í þennan sjóð — er án alls efa stigið mikilsvert og merkilegt spor til nýrra og bættra möguleika til hagnýtingar rafmagns til almenningsþarfa úti um byggðir landsins. Það má hiklaust fullyrða, að það liggi í hlutarins eðli, að réttmætt sé, að úr hinum sameiginlega sjóði landsmanna, ríkissjóðnum, sé lagt fram nokkurt fé til þess að rafmagnið geti orðið að sem mestum almenningsnotum. Það er hvorttveggja í senn hagsmunamál og menningarmál. Þá er það eins og ekki síður eðlilegt og sanngjarnt, að þau rafveitufyrirtækin, sem reist hafa verið í skjóli hinnar beztu og hagkvæmustu aðstöðu til hagnýtingar rafmagnsins, veiti nokkurn stuðning til þess að þeir, sem búa við aðra og erfiðari aðstöðu í þessu efni, geti einnig, þó seinna verði, hagnýtt sér þessi gæði.

Hér er um að ræða samstarf og samhjálp, sem hefir mjög mikla menningarlega og þjóðhagslega þýðingu.

Ed. 32. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 63 31. des. 1937, um tollheimtu og tolleftirlit.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta, sem borið er fram samkv. 23. gr. stjórnarskrárinnar til samþykkis samhljóða bráðabirgðalögum, og fellst hún á, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 24. febr. 1941.

Magnús Jónsson, form., frsm.	Erl. Þorsteinsson, fundaskr	Bernh. Stefánsson.

Nd.

33. Frumvarp til laga

um fjarskipti.

(Lagt fyrir Alþingi 1941.)

I. KAFLI
Orðaskýringar.

1. gr.

Í lögum þessum merkja orðin:

Fjarskipti: það, sem nefnt er „Télécommunication" í alþjóðafjarskiptasamningnum (Convention Internationale des Télécommunications, Madrid 1932), og þýðir hverskonar fjarrænan flutning tákna, merkja, skriftar, mynda og allskonar hljóða, hvort heldur er eftir vírum, rafgeislum (radio) eða öðrum rafmagns- eða sjónmerkja-kerfum (semafor) eða rafmagns- eða sjónmerkja-aðferðum.

Fjarskiptavirki: hverskonar taugar, tæki, tækjahluti, búnað o. þvl., sem er sérstaklega ætlað til að koma á fjarskiptum eða reka þau, hvort heldur er til sendingar, viðtöku eða til þess að flytja aðkomin merki áfram.

II. KAFLI
Einkaréttur ríkisins.

2. gr.

Ríkið hefir einkarétt á:

1. Að stofna og reka á Íslandi og í íslenzkri landhelgi og lofthelgi hverskonar fjarskipti með rafstraum eða raföldum, þar á meðal ljósöldum, er ná til sendingar, flutnings og móttöku skeyta, tals, tóna, mynda eða annara slíkra merkja, hvort heldur er eftir vírum, gegnum loft, sjó eða land eða á annan hátt.
2. Að flytja til landsins, selja, leigja eða dreifa út á annan hátt, smíða, gera við, breyta eða setja upp hverskonar fjarskiptavirki (tæki, taugar, búnað o. þvl.) eða hluta þeirra, sem notaðir eru til þess, er í 1. tölulið segir, á Íslandi eða í íslenzkum skipum, flugvélum eða öðrum farartækjum, hvort heldur eru til viðtöku, sendingar eða flutnings.
3. Að gefa út nafnaskrá um fjarskiptastöðvar og notendur fjarskiptavirkja.

3. gr.

Ráðherra sá, sem fer með fjarskiptamál ríkisins, getur heimilað einstökum mönnum, félögum eða stofnunum að stofna og reka fjarskiptavirki eða að flytja til landsins, selja, leigja eða dreifa út á annan hátt, smíða, gera við, breyta eða setja upp fjarskiptavirki þau eða hluta þeirra, sem í 2. gr. getur. Leyfið skal veitt um ákveðinn tíma með þeim skilyrðum og kvöðum, sem ástæða þykir til í hvert skipti. Ennfremur getur ráðherra með reglugerð veitt almennt leyfi til tiltekinna minni háttar framkvæmda, sem ekki er hætta á að valdi truflunum á rekstri fjarskiptavirkja ríkisins.

4. gr.

Nú eiga einstakir menn, félög eða stofnanir fjarskiptavirki, sem ráðherra hefir áður heimilað að stofna eða reka, og skulu þau leyfi þá haldast, sem hafa verið gefin út eftir 31. desember 1936, nema annað sé ákveðið í leyfisbréfi, sbr. þó 7. gr. Eldri leyfisbréf eru ógild. Leyfishafar skulu að öllu leyti fylgja reglum þeim og fyrirmælum um fjarskiptavirki, sem um þau gilda á hverjum tíma.

5. gr.

Ráðherra getur látið innsigla fjarskiptavirki, sem ekki eru í notkun, eða hluta þeirra, eða fyrirskipað að fá þau afhent til geymslu undir innsigli. Innsiglið má ekki brjóta án heimildar ráðherra.

6. gr.

Fjarskiptavirki í erlendum skipum, flugvélum eða öðrum erlendum farartækjum, sem eru innan íslenzkrar landhelgi eða lofthelgi, má aðeins nota samkvæmt þeim ákvæðum, sem ráðherra setur í reglugerð. Ráðherra getur bannað öll fjarskipti innan íslenzkrar landhelgi og lofthelgi og gert þær ráðstafanir, er nauðsynlegar þykja til þess að banninu verði hlýtt.

7. gr.

Nú vill ríkisstjórnin fá ríkinu til handa tiltekin fjarskiptavirki, sem einstakir menn, félög eða stofnanir eiga, án þess að svo sé ástatt, er í 3. gr. getur, og má þá, ef samkomulag næst ekki, taka þau eignarnámi gegn endurgjaldi, er ákveðið skal af matsnefnd, sem til þess sé kvödd. Miða skal matsupphæðina við þá fjárhæð, er ætla má, að slík fjarskiptavirki mundu kosta af nýju, þegar afhending fer fram, en þó með fullu tilliti til aldurs fjarskiptavirkjanna og þess slits, sem á þeim er orðið. Í matsnefnd skulu vera 3 menn. Hæstiréttur nefnir formann nefndarinnar. Annan hinna nefnir héraðsdómari, þar sem leyfishafi á varnarþing, en hinn þriðja nefnir Verkfræðingafélag Íslands. Eignarnám skal ná til alra tækja og búnaðar sama fjarskiptakerfis, nema eigandi samþykki, að einungis nokkur hluti þess sé tekinn.

8. gr

Eigendur fjarskiptavirkja eru skyldir til, hvenær sem þess er krafizt, að láta póst- og símamálastjórninni í té skýrslur um fyrirtækið og leyfa eftirlit með því. Séu slíkar skýrslur eigi gefnar innan hæiflegs frests, sem póst- og símamálastjórnin setur, má knýja þær fram með dagsektum, er renna í ríkissjóð.

III. KAFLI

Skylda skipa til að hafa radíóstöð.

9. gr.

Ráðherra getur mælt svo fyrir, að hvert íslenzkt þilskip, sem siglir meira en 3 sjómílur frá landi, skuli hafa loftskeytastöð eða radíótalstöð með ákveðnu lágmarksafli og ákveðnu öldusviði og minnsta kosti einn skipverja, er hafi starfræksluskírteini fyrir slíka stöð samkvæmt gildandi alþjóðareglugerð (Kairo 1938). Sé skipið í förum milli Íslands og útlanda og hafi minnst 12 manna áhöfn, eða sé það farþegaskip, yfir 200 rúmlestir að stærð, sem sigli með ströndum fram, má skylda það til að hafa loftskeytastöð með minnst 75 watta afli í loftneti á 600 metra öldulengd og minnsta kosti einn skipverja með lofskeytaprófi. Ef siglingaleið farþegaskipsins er að jafnaði í nánd við strandarstöð, þar sem haldinn er hlustvörður á neyðarbylgju talstöðvanna allan sólarhringinn, má þó í stað loftskeytastöðvar láta nægja, að skipið hafi talstöð með ákveðnu lágmarksafli, er svari til fjarlægðar venjulegrar siglingaleiðar frá strandarstöðinni.

IV. KAFLI

Stjórn, rekstur og eftirlit fjarskiptamála.

10. gr.

Póst- og símamálastjórnin annast framkvæmd á einkarétti ríkisins, sem í II. kafla getur, og hefir eftirlit með því, að gildandi alþjóðafyrirmælum, milliríkja-

samningum, lögum og reglugerðum um fjarskiptamál, þar á meðal gildandi fyrirmælum til öryggis mannslífa á sjó, sé fylgt. Þó er undanskilin framkvæmd þeirra mála, sem ríkisútvarpinu og vitamálastjórninni eru falin með sérstökum lögum.

11. gr.

Póst- og símamálastjórninni er heimilt að láta framkvæma þær breytingar og endurbætur á núverandi fjarskiptavirkjum ríkisins og gera aðrar ráðstafanir, sem reynslan hefir sýnt, að nauðsynlegar eru góðum og öruggum rekstri, eða alþjóðafyrirmæli eða milliríkjasamningar krefjast. Ennfremur að reisa minni háttar fjarskiptastöðvar, svo og að setja upp notendasíma og stofna til annara minni háttar framkvæmda.

Nýjar landssímalínur og nýjar landssímastöðvar skulu að jafnaði því aðeins stofnsettar, að fé hafi verið veitt til þeirra í fjárlögum. Það skal jafnan vera skilyrði fyrir því, að stofnsettar séu talsímastöðvar til almenningsnota, að hlutaðeigandi hreppur ábyrgist rekstur inn eftir þeim reglum, sem gilda um venjulegar talsímastöðvar.

Þegar samningar þeir falla úr gildi, sem nú eru milli póst- og símamálastjórnarinnar og sveitarstjórna um greiðslu kostnaðar við rekstur símastöðva, eða stofnsettar eru nýjar stöðvar, greiðir landssíminn af kostnaði þessum ekki minna en hér segir:

a) Af rekstrarkostnaði I. flokks B símastöðva $\frac{4}{5}$.
b) Af rekstrarkostnaði II. flokks símastöðva $\frac{2}{3}$.
c) Rekstrarkostnað III. flokks símastöðva greiðir landssíminn venjulega að hálfu, en rekstrarkostnað þeirra stöðva, sem stofnsettar eru í þágu einstakra manna eða hreppa, án þess að landssíminn hafi tekjur af þeim að nokkrum mun, greiða hlutaðeigandi að öllu leyti.
d) Rekstrarkostnað stöðva, sem settar eru eingöngu vegna eftirlits, greiðir landssíminn að öllu leyti.

12. gr

Ráðherra setur gjaldskrár fyrir uppsetningu og notkun fjarskiptavirkja og breytir þeim, þegar þörf krefur. Hann setur í reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd fjarskiptamála, rekstur og viðhald fjarskiptavirkja, eftirlit með þeim og annað, er þar að lýtur.

Leggja má sýslu- og sveitarstjórnum landsins á herðar störf og skyldur, er að þessu lúta.

V. KAFLI

Uppsetning og vernd fjarskiptavirkja o. fl.

13. gr.

Sérhver eigandi eða umráðamaður fasteignar er skyldur að leyfa póst- og símamálastjórninni að leggja víra og taugar fjarskiptavirkja um land sitt, yfir það eða í jörðu, yfir hús eða önnur mannvirki á landinu, á þeim, gegnum þau eða undir þeim. Heimilt skal að taka efni það, sem þarf til lagningar víra eða tauga, svo sem grjót, möl eða grassvörð, þar sem hentast er. Þó skal taka tillit til þess, ef því verður við komið, hvar eigendur eða umráðamenn mannvirkja æskja eftir, að vírar eða taugar, sem snerta eign þeirra, séu lagðar, eða efni tekið, enda hafi það engan verulegan kostnaðarauka eða önnur vandkvæði í för með sér.

Mönnum, sem í þágu póst- og símamálastjórnar eru að starfa að þessum fjarskiptavirkjum eða hafa umsjón með þeim, skal heimilt tálmunarlaust að fara um land manna eða hús, svo framarlega sem það að dómi póst- og símamálastjórnar telst nauðsynlegt vegna þessara starfa. Um hús, sem búið er í, mega þeir þó ekki fara nema frá kl. 8 að morgni til kl. 10 að kvöldi nema samkvæmt skriflegum úrskurði

póst- og símamálastjórnar, enda forðist þeir að valda íbúunum meiri óþægindum en brýnasta nauðsyn krefur.

14. gr.

Þar, sem fjarskiptavirki ríkisins eru, má ekki reisa mannvirki, setja upp tæki, leggja pípur eða raftaugar, gera jarðrask eða aðrar ráðstafanir, er af geta hlotizt skemmdir á fjarskiptavirkjunum eða truflun á rekstri þeirra, nema áður hafi fengizt samkomulag við póst- og símamálastjórnina um, hvernig það skuli gert og hvenær. Sá, er óskar að gera þessar ráðstafanir, ber allan kostnað, sem af þeim leiðir, beinan og óbeinan, nema annað hafi orðið að samkomulagi. Ef óvæntur atburður hefir gert það nauðsynlegt, að framkvæma áðurnefndar ráðstafanir fyrirvaralaust eða þær hafa verið framkvæmdar í ógáti, skal sá, er þær gerir, þegar í stað tilkynna það póst- og símamálastjórninni, og skal hann greiða allan kostnað, sem af þeim leiðir, bæði beinan og óbeinan, t. d. viðskiptatap, nema annað verði að samkomulagi.

Nú hefir einhver einhverskonar mannvirki, tæki, pípur, raftaugar o. þvl., sem geta valdið truflunum á rekstri fjarskiptavirkja ríkisins, og skal póst- og símamálastjórninni þá heimilt að gera á kostnað eiganda nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir baga þann, sem af þessu hlýzt eða getur hlotizt fyrir fjarskiftavirkin.

Ef ekki nást samningar um þessi mál við póst- og símamálastjórnina, er heimilt að skjóta málunum til úrskurðar ráðherra.

15. gr.

Þegar skip er innan eða utan landhelgi að starfa að lagningu eða viðgerð fjarskiptastrengja og ber til sýnis alþjóðamerki eða önnur merki, er gefa starf þetta til kynna, þá skulu önnur skip, sem sjá eða eiga að geta séð þessi merki, halda sér eigi skemmra en mílufjórðung frá aðgerðarskipinu. Net og önnur veiðarfæri skal hafa í sömu fjarlægð. Bátar skulu þó hafa 24 stunda frest til þess að taka burtu veiðarfæri, sem í sjó liggja.

Nú hefir dufl verið lagt út vegna lagningar eða viðgerðar á sæstreng fjarskiptavirkja, og skulu skip þá halda sér og veiðarfærum sínum eigi skemmra en ¼ úr mílufjórðung frá duflinu.

16. gr.

Ef skip hefir orðið að sleppa akkeri eða leggja net eða önnur veiðarfæri í sölurnar til þess að komast hjá því að skemma sæstrengi fjarskiptavirkja, enda hafi skipið sjálft ekki stofnað til hættunnar með gálauslegu atferli, þá á það kröfu til skaðabóta frá eiganda strengjanna. Ef unnt er, skal þegar færa til bókar skýrslu um tjónið, staðfesta af skipverjum. Svo skal og skipstjóri gefa sjóferðaskýrslu um tjónið í fyrstu höfn, sem því verður við komið. Formaður sjódóms, er við sjóferðaskýrslu tekur, skal þegar tilkynna eiganda sæstrengjanna um tjónið.

17. gr

Ef afla þarf lóðar eða annarar eignar í sambandi við lagningu eða rekstur fjarskiptavirkja ríkisins, og samningum um kaup verður ekki við komið, má eftir ráðstöfun ráðherra taka eignina eignarnámi gegn endurgjaldi, sem metið sé eftir eignarnámslögum.

Ríkissjóður skal og bæta tjón á landi manna, mannvirkjum eða öðrum eignum, sem hlotizt hefir af lagningu eða viðhaldi fjarskiptavirkja ríkisins. Verði samningum ekki komið við, skulu bæturnar fara eftir mati óvilhallra, dómkvaddra manna.

18. gr.

Í leyfisbréfum, sem gefin verða út samkvæmt 3. gr. laga þessara, má ákveða, að fyrirmæli 13., 14. og 17. gr. skulu að öllu eða nokkru leyti og með þeim afbrigðum, er þurfa þykir, ná til þeirra fjarskiptavirkja, sem leyfisbréf hljóðar um.

VI. KAFLI
Leynd og vernd fjarskipta.

19. gr.

Allir starfsmenn, þar með taldir nemendur, fjarskiptavirkja ríkisins skulu skyldir, bæði meðan þeir gegna starfinu og eftir að þeir hafa látið af því, að halda leyndu fyrir öllum út í frá efni skeyta, sem koma eða fara, svo og að þau hafi komið eða farið og hver hafi fengið þau eða sent. Þeir skulu og halda leyndu fyrir öllum út í frá efni samtala um fjarskiptavirki ríkisins, svo og að samtöl hafi farið fram og hverjir hafi átt tal saman. Má ekki án undangengins dómsúrskurðar veita óviðkomandi mönnum aðgang að því að sjá skeyti eða önnur starfræksluskjöl, sem almenningi er ekki ætlað að sjá, eða aðgang að því að hlusta á fjarskiptasamtöl eða hljóðrita þau. Ráðherra ákveður, hvort slíkum úrskurði skuli áfrýjað. Samskonar leyndarskylda skal á þeim hvíla um myndir eða merki, sem flutt hafa verið um fjarskiptavirkin og ekki eru fyrir almenning. Þeim er og stranglega bannað að notfæra sér á nokkurn hátt persónulega innihald slíkra skeyta, samtala, mynda, merkja eða starfræksluskjala. Ráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um þagnarskyldu starfsmanna fjarskiptavirkja.

Þrátt fyrir fyrirmæli 1. málsgreinar má veita lögreglunni aðgang að því að hlusta á símasamtöl, þegar öryggi landsins krefst þess eða um mikilsverð sakamál er að ræða, enda hafi dómsmálaráðherra í hvert skifti fellt skriflegan úrskurð um, að svo skuli gert og um hvaða tímabil. Lögreglumönnum þeim, er viðkomandi lögreglustjóri hefir falið að hlusta, er heimilt að skýra lögreglustjóra frá því einu, er þeir verða áskynja og varðar viðkomandi mál, en eru að öðru leyti þagnarheiti bundnir. Skýrslu samkvæmt framansögðu má ekki birta óviðkomandi mönnum eða opinberlega, nema það teljist nauðsynlegt samkvæmt dómsúrskurði.

20. gr.

Ef nokkur starfsmaður, þar með taldir nemendur, fjarskiptavirkja ríkisins ónýtir, aflagar eða skýtur undan skeytum, myndum eða öðrum merkjum, sem afhent eru til flutnings um fjarskiptavirkin, eða ef hann liðsinnir öðrum í þesskonar athæfi, þá varðar það viðurlögum samkvæmt 4. tölulið 27. gr.

21. gr.

Í leyfisbréfum, er ríkisstjórnin gefur út samkvæmt 3. eða 4. gr. laga þessara, má leggja á starfsmenn fjarskiptavirkja, sem leyfisbréfið hljóðar um, samskonar skyldur sem á starfsmönnum fjarskiptavirkja ríkisins hvíla eftir 19. og 20. gr., enda varða þá brot á þeim skyldum sömu viðurlögum sem brot starfsmanna fjarskiptavirkja ríkisins.

22. gr.

Enginn má, án heimildar, taka við fjarskeytum, myndum eða öðrum fjarskiptamerkjum eða hlusta á fjarskiptasamtöl. Ekki má heldur skrá neitt slíkt, tilkynna það öðrum eða notfæra sér það á nokkurn hátt.

VII. KAFLI
Stöðvun fjarskipta.

23. gr.

Ríkisstjórnin á rétt til að stöðva hvert skeyti eða samtal eða önnur fjarskipti, sem teljast hættuleg öryggi ríkisins eða koma í bága við lög landsins, opinbera reglu eða siðferði. Þegar eins stendur á, getur hún sömuleiðis stöðvað rekstur fjarskiptaþjónustunnar um skemmri eða lengri tíma og að nokkru eða öllu leyti.

VIII. KAFLI
Fjarskiptavirki á hættulegum tímum.

24. gr

Á ófriðartímum og þegar það telst nauðsynlegt vegna öryggis ríkisins, getur ráðherra fyrirskipað, að engir aðrir en þeir, sem heimild hafa til þess frá póst- og símamálastjórninni, megi eiga eða hafa í vörzlum sínum tilteknar tegundir fjarskiptavirkja eða hluti, sem eru sérstaklega ætlaðir í þau, og heldur ekki aðrar tilteknar tegundir tækja, sem nota má til þess að koma á fjarskiptum. Ráðherra getur einnig bannað að aðstoða menn við að setja saman þesskonar fjarskiptavirki eða tæki án heimildar eða að afla hluta til þeirra eða að hvetja menn beint eða óbeint til þessa.

25. gr.

Nú á maður eða hefir í vörzlum sínum einhver slík fjarskiptavirki eða tæki, sem nefnd eru í fyrirmælum ráðherra samkvæmt 24. gr., og skal hann þá þegar í stað tilkynna póst- og símamálastjórninni það og afhenda henni fjarskiptavirkin eða tækin eða hluta þeirra eftir því, sem hún þá mælir fyrir um. Komi endurgjald til greina, fer það eftir mati póst- og símamálastjórnar.

IX. KAFLI
Milliríkjasamningar.

26. gr.

Alþjóðasamningar og aðrir milliríkjasamningar um fjarskiptamál, sem ríkisstjórn Íslands fullgildir, ásamt þar að lútandi reglugerðum, sem ríkisstjórnin viðurkennir, skulu gilda sem lög og varða brot gegn ákvæðum þeirra refsingu samkvæmt 1. lið 27. gr.

X. KAFLI
Viðurlög við brotum á lögum þessum o. fl.

27. gr.

1. Brot gegn 2.—6. gr., 1. mgr. 14. gr. og 15. gr., varða sektum allt að 10000 krónum, eða varðhaldi, ef miklar sakir eru. Upptæk skal gera tæki þau og hluti, sem í heimildarleysi hafa verið flutt inn, smíðuð eða starfrækt.
2. Valdi maður af ásettu ráði eða gáleysi truflun eða skemmdum á fjarskiptavirkjum, þá varðar það sektum, nema verki sé svo varið, að það eigi að varða refsingu eftir því sem í 176. gr. almennra hegningarlaga segir. Sá, sem skemmdum eða truflun hefir valdið, skal bæta allt tjón, sem af því hefir hlotizt, þar með talið viðskiptatap.
3. Brot gegn 19. gr. (sbr. og 21. gr.) varðar refsingu samkvæmt 136. gr. almennra hegningarlaga, sé það framið af ásetningi. Víkja skal þá starfsmanni þeim, sem brotlegur hefir gerzt, frá starfi. Sé brotið framið af starfsmanni stofnunar, sem í 3. eða 4. gr. getur, sbr. 21. gr., skal honum vikið úr þjónustu stofnunarinnar, ef ríkisstjórnin krefst þess.

   Hafi brot gegn 19. gr. (sbr. og 21. gr.) verið framið af gáleysi, varðar það sektum
4. Brot gegn 20. gr. (sbr. og 21. gr.) varðar refsingu samkvæmt 137. gr. almennra hegningarlaga, sé það framið af ásetningi. Ákvæði 3. töluliðs hér á undan um brottvikningu starfsmanns þess, er sekur hefir gerzt, koma hér einnig til greina. Sé brotið framið af gáleysi, varðar það sektum
5. Brot gegn 22. gr. varðar sektum samkvæmt 1. mgr. 228. gr. almennra hegningarlaga.

6. Brot gegn 24. og 25. gr. og fyrirmælum, er ráðherra setur samkvæmt þeim, varða varðhaldi eða fangelsi. Þó má beita sektum, ef sök er smávægileg eða sérstakar málsbætur eru fyrir hendi.
7. Þann, sem ekki stendur skil á áföllnum gjöldum á réttum gjalddaga fyrir fjarskipti eða afnot fjarskiptavirkja, má útiloka algerlega frá öllum fjarskiptum, hvort heldur er til hans eða frá honum, um óákveðinn tíma, þar til hann hefir greitt skuld sína að fullu.
8. Ákveða má í reglugerðum, sem settar verða samkvæmt lögum þessum, að brot gegn ákvæðum þeirra varði refsingum samkvæmt lögunum.

28. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Falla þá jafnframt úr gildi:
Lög nr. 12 20. okt. 1905, um ritsíma, talsíma o. fl.
Lög nr. 25 16. nóv. 1907, um vernd ritsíma og talsíma neðansjávar.
Lög nr. 35 20. okt. 1913, um ritsíma- og talsímakerfi Íslands.
Lög nr. 82 14. nóv. 1917, um rekstur loftskeytastöðva á Íslandi.
Lög nr. 83 14. nóv. 1917, um breytingar og viðauka við lög nr. 35 20. okt. 1913.
Lög nr. 14 14. júní 1929, um breyting á lögum nr. 12 20. okt. 1905.
Lög nr. 31 1. febrúar 1936, um loftskeytastöðvar í íslenzkum skipum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Seint á síðasta Alþingi (1940) flutti samgöngumálanefnd Nd. að beiðni samgöngumálaráðherra frumvarp til laga um fjarskipti. Varð það ekki útrætt á því þingi. Vegna þess breytta ástands, sem skapaðist í landinu eftir þann tíma, reyndist nauðsynlegt að gefa út tvenn bráðabirgðalög um þessi efni, sem prentuð eru sem fylgiskjöl aftan við þessa greinargerð. Hin fyrri, um fjarskipti, voru gefin út 5. júlí 1940 og fela í sér aðalefni nefnds frumvarps. Hin síðari, um radíósenditæki, voru gefin út 17. ágúst 1940 og fjalla um enn frekari takmarkanir á meðferð og varðveizlu radíó-tækja eða tækja, sem framleiða sveiflur með hárri tíðni.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, er borið fram samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar og er í megin atriðum hið sama og flutt var á síðasta þingi. Þó hafa nokkur ný ákvæði, sem eru í bráðabirgðalögunum en ekki voru í upphaflega frumvarpinu, verið tekin í þetta frumvarp, sbr. einkum 5., 24. og 25. gr.

Eftirfarandi greinargerð er í flestum atriðum samhljóða greinargerð þeirri er fylgdi frumvarpinu, sem lagt var fram á síðasta þingi:

Símamálalöggjöfin er mjög í molum, sem og bezt sést af því, að enn eru í gildi símalög frá árunum 1905, 1907, 1913, 1917, 1929 og 1936 auk einkasímalaganna frá 1929 og laganna um sameiningu pósts og síma frá 1935. Hefir þótt nauðsynlegt að ráða bót á þessu og safna öllum helztu ákvæðum um símann, starfsvið hans og hinar ýmsu nýju þjónustugreinar hans í einn samfelldan lagabálk. Auk þess eru, sem von er, ýms ákvæði hinna eldri laga mjög úrelt orðin, ekki sízt að orðalagi, enda er mjög örðugt að semja eftir þeim reglugerðir, er fullnægja nútíma tækni og alþjóðafyrirmælum og með því orðalagi, sem nú er notað. Orð eins og t. d. „hraðskeytafæri“ átti upphaflega að vera þýðing á danska orðinu „Fjernmeddelelsesanlæg“, en almenningi hér á landi er hætt við að halda, að það eigi eingöngu við tæki til afgreiðslu símskeyta, í stað þess að það á að þýða allskonar tæki, taugar og búnað, sem notaður er við flutning tals, tóna, skeyta, mynda, útvarps, sjónvarps o. s. frv. og nú er einu nafni kallað fjarskiptavirki.

Frumvarpið skiptist í X kafla með sérstökum fyrirsögnum til betra yfirlits. Fara hér á eftir skýringar á hinum einstöku greinum þess:

Um 1. gr.

Með því að orðið sími er að uppruna og í vitund manna svo nátengt vír eða þráðsamböndum, þykir óhjákvæmilegt að taka upp orðið **fjarskipti** fyrir alþjóðaorðið „télécommunication", sem notað er nú í öllum alþjóðasamningum um þessi mál. Orðið **fjarskiptavirki** er hliðstætt orðinu raforkuvirki, sem á sínum tíma var tekið upp í vatnalögin og síðar í lög um raforkuvirki.

Um 2. gr.

Ákvæðið um einkarétt ríkisins til að stofna og reka fjarskiptavirki eru raunverulega óbreytt frá því, sem stendur í 1. gr. laga nr. 12 20. október 1905 og 1. gr. laga nr. 82 14. nóv. 1917, að öðru leyti en því, að nú er notað hið almenna orð „fjarskipti" í samræmi við orðalag alþjóðafyrirmæla.

Ákvæði um einkarétt ríkisins til að flytja til landsins og selja eða láta á leigu fjarskiptavirki, þar á meðal talstöðvar og loftskeytastöðvar, voru að vísu ekki í fyrri símalögum, en vegna einkaréttar ríkisins til að stofna og reka fjarskiptavirki, hefir sú orðið reyndin, að ríkið eða réttara sagt stofnanir þess hafa að kalla má haft allan innflutning á þessu sviði á hendi undanfarin ár, og myndi svo sennilega verða, hvort sem sett yrði um það lagaákvæði eða ekki. Hinsvegar létta slík lög mjög mikið fyrir eftirliti í þessu efni og draga úr ýmiskonar óþægindum bæði fyrir stjórnarvöld og einstaklinga. Þegar einstaklingar flytja inn eitthvað af þessu efni, gleyma þeir oft að athuga, hvort það fullnægir gildandi fyrirmælum, alþjóðlegum eða innlendum eða þeir hafa ekki tök á að sjá um það. Afleiðingin verður þá stundum sú, að tæki eru flutt inn, sem ekki fullnægja fyrirmælunum, og byrjað er að starfrækja þau án leyfis. Verður þá oft rekistefna úr, þegar stöðva verður rekstur þessara tækja, og getur komið til þess að gera þurfi þau upptæk. Eigendur tækjanna, sem þekkja ekki gildandi fyrirmæli eða skilja þau ekki, telja sig þá stundum óréttri beitta, þegar þeim er bannað að nota tæki, er þeir hafa keypt dýrum dómum. Málarekstur þessi hefir í för með sér kostnað og óþægindi fyrir báða aðila, sem telja verður að megi að mestu komast hjá með skýrum lagaákvæðum um einkarétt til innflutnings. Auk þess er þá síður hætt við skorti á varahlutum, þar sem hið innflutta efni verður á þennan hátt samstæðara. Í þessu tilefni má geta þess, að í sumum öðrum ríkjum, t. d. í Svíþjóð, eru öll loftskeytatæki, hvort heldur eru á sjó eða landi, eign ríkisins og eru látin á leigu.

Ákvæðið um einkarétt til þess að leigja, smíða, gera við og breyta er í raun og veru óbeinlínis fólgið í núgildandi ákvæðum um að leyfi þurfi til þess að stofna og reka fjarskipti eða setja upp fjarskiptavirki, en framkvæmd laganna verður auðveldari, sé þetta beinlínis tekið fram í þeim. T. d. gæti komið til greina, að breytingar hefðu í för með sér, að tækin færu að trufla aðra starfrækslu eða fullnægðu ekki öllum fyrirmælum, þótt þau hefðu gert það óbreytt. Er gert ráð fyrir, að ef nauðsynlegt þykir, verði einstaklingar, sem ætla að taka að sér slík störf, t. d. viðgerðir tækja, að fá til þess leyfisbréf.

Ákvæðið um einkarétt til þess að gefa út nafnaskrár yfir stöðvar og notendur er nýtt. Þykir nauðsynlegt, að slíkt ákvæði verði lögfest, þar sem komið hefir fyrir, að einstakir menn hafa tekið upp á því að gefa út símaskrár o. þvl., sem hafa verið miður ábyggilegar og valdið bæði notendum og landssímanum miklum óþægindum. Samskonar ákvæði eru í erlendri löggjöf.

Um 3. gr.

Ákvæði þessarar greinar er að eðli sínu hliðstætt því, sem stendur í 2. gr. laga nr. 12 20. okt. 1905, en orðalagi hefir verið breytt í samræmi við 2. gr. frumvarpsins, og ennfremur hefir síðari hluti 2. gr. laga nr. 12 20. okt. 1905 verið felldur burtu, en hann kemur að mestu leyti fram annarstaðar (í 7. gr. frumvarpsins).

Ákvæði 3. gr. laga nr. 12 20. okt. 1905, um að einkarétturinn nái ekki til hraðskeytatækja sveitarstjórnarvalda, hafa verið felld burtu, þar sem þau þykja torvelda

eftirlit með framkvæmd alþjóðafyrirmæla. Hinsvegar ætti þetta á engan hátt að vera því til fyrirstöðu, að sveitarstjórnarvöld, að fengnu leyfi, stofna og reki sjálf sína brunasíma o. þvl., er þau óska þess, enda sé það gert undir yfirumsjón landssímans, eins og nú á sér raunverulega stað.

Um 4. gr.

Þessi grein er sama efnis og 4. gr. laga nr. 12 20. okt. 1905, að öðru leyti en því, að burt hafa verið felld þau ákvæði, sem eðlilegra þykir að setja í leyfisbréf eða reglugerð.

Um 5. gr.

Þessi grein er samhljóða 4. gr. bráðabirgðalaga frá 5. júlí 1940 um fjarskipti.

Um 6. gr.

Þessi grein er sama efnis og 2. gr. laga nr. 82 14. nóv. 1917.

Um 7. gr.

Þessi grein er hliðstæð 6. gr. laga nr. 12 20. okt. 1905, en orðalaginu hefir þó verið nokkuð breytt til nútímahorfs.

Um 8. gr.

Þessi grein er sama efnis og 7. gr. laga nr. 12 20. okt. 1905.

Um 9. gr.

Í þessari grein eru falin ákvæði laga nr. 31 1. febrúar 1936 með þeirri smávægilegu breytingu, að heimilt er að láta nægja talstöð fyrir skip, sem er aðeins í strandsiglingum nærri strandarstöð, þar sem stöðugur hlustvörður er haldinn á neyðarbylgju talstöðvanna (sbr. t. d. Faxaflóabátar). Ennfremur er í þessari grein það nýmæli, að ráðherra sé heimilt að mæla svo fyrir, að skip og bátar yfir tiltekna stærð skuli hafa talstöðvar. Getur ráðherra þá á þann hátt vikkað þessa skyldu eftir því, sem efni standa til og tiltækilegt þykir.

Um 10. gr.

Þessi grein er hliðstæð 1. gr. laga nr. 8 9. jan. 1935, en auk þess er hér formlega ákveðið um verkaskiptingu milli landssímans, ríkisútvarpsins og vitamálastjórnarinnar.

Um 11. gr.

Þessi grein samsvarar 5. og 6. gr. laga nr. 35 20. okt. 1913 og 6. gr. laga nr. 83 14. nóv. 1917.

Um 12. gr.

Þessi grein er samhljóða 8. gr. laga nr. 12 20. okt. 1905.

Um 13. gr.

Þessi grein er hliðstæð 1. gr. laga nr. 14 14. júní 1929.

Um 14. gr.

Þessi grein er hliðstæð 10.gr. laga nr. 12 20. okt. 1905 og 2. gr. laga nr. 14. 14. júní 1929.

Um 15. gr.

Þessi grein er sama efnis og 2. og 3. gr. laga nr. 25 16. nóv. 1907.

Um 16. gr.

Þessi grein er hliðstæð 4. gr. laga nr. 25 16. nóv. 1907.

Um 17. gr.

Þessi grein er hliðstæð 12. gr. laga nr. 12 20. okt. 1905.

Um 18. gr.

Þessi grein er hliðstæð 14. gr. laga nr. 12 20. okt. 1905.

Um 19. gr.

Þessi grein er hliðsæð fyrri hluta 15. gr. laga nr, 12 20. okt. 1905. Önnur málsgrein er þó ný.

Um 20. gr.

Þessi grein er hliðstæð síðari hluta 15. gr. laga nr. 12 20. okt. 1905.

Um 21. gr.

Þessi grein er hliðstæð 16. gr. laga nr. 12 20. okt. 1905.

Um 22. gr.

Ákvæði þessarar greinar voru ekki í fyrri símalögum, en nauðsynlegt þykir að setja slík ákvæði, sbr. 24. kafla alþjóðafjarskiptasamningsins (Madrid 1932) og 2. kafla alþjóðaradioreglugerðarinnar (Kairo 1938) og ennfremur 2. gr. 3. kafla sömu reglugerðar.

Um 23. gr.

Ákvæði þessarar greinar er hliðstætt fyrirmælum 26. kafla alþjóðafjarskiptasamningsins, sbr. og 2. gr. laga nr. 82 14. nóv. 1917 og 1. gr. b. í reglugerð um starfrækslu símasambanda 15. nóv. 1917.

Um 24. og 25. gr.

Þessar greinar eru hliðstæðar 1. og 2. gr. bráðabirgðalaganna frá 17. ágúst 1940 um radíó-senditæki og mynda hér sérstakan kafla (VIII. kafla).

Um 26. gr.

Ákvæði þessarar greinar er sama efnis og 9. gr. laga nr. 8 9. janúar 1935, um stjórn og starfrækslu póst- og símamála. Þykir rétt að taka þetta ákvæði inn í þessi lög, enda á það þar betur heima.

Um 27. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru um viðurlög við brotum á lögunum og svara til refsiákvæða hinna eldri símalaga, en hafa verið færð saman í einn kafla og endurskoðuð í samræmi við hin nýju refsilög.

Um 28. gr.

Ákvæði þessa frumvarps eiga að koma í staðinn fyrir hin eldri síma- og loftskeytalög, sem nefnd eru í greininni og falla skulu úr gildi.

Fylgiskjal I.

Bráðabirgðalög um fjarskipti.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Atvinnumálaráðherra hefir tjáð ráðuneytinu, að nauðsynlegt sé að tryggja nú þegar ítarlegra eftirlit með fjarskiptavirkjum og takmarka frekar starfrækslu þeirra en lög nr. 12 20. október 1905, um ritsíma, talsíma o. fl., og lög nr. 82 14. nóvember 1917, gera ráð fyrir.

Með því að ráðuneytið fellst á, að brýna nauðsyn beri til að setja bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar um framangreint efni, telur það rétt að gefa út bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

Ríkið hefir einkarétt á:

1. Að stofna og starfrækja á Íslandi og í íslenzkri landhelgi og lofthelgi hverskonar fjarskipti með rafstraum eða raföldum, þar á meðal ljósöldum, er ná til sendingar, flutnings og móttöku skeyta, tals, tóna, mynda eða annara slíkra merkja, hvort heldur er eftir vírum, gegnum loft, sjó eða land eða á annan hátt.
2. Að flytja til landsins, selja, leigja eða dreifa út á annan hátt, smíða, breyta eða setja upp hverskonar fjarskiptavirki (tæki, taugar, búnað o. þvl.) eða hluta þeirra, sem notaðir eru til þess, er í 1. tölulið segir, á Íslandi eða í íslenzkum skipum, flugvélum eða öðrum farartækjum, hvort heldur eru til viðtöku, sendingar eða flutnings.

2. gr.

Ráðherra sá, sem fer með fjarskiptamál ríkisins, getur heimilað einstökum mönnum, félögum eða stofnunum að stofna og starfrækja fjarskiptavirki eða að flytja til landsins, selja, leigja eða dreifa út á annan hátt, smíða, breyta eða setja upp fjarskiptavirki þau eða hluta þeirra, sem í 1, gr. getur. Leyfið skal veitt um ákveðinn tíma með þeim skilyrðum og kvöðum, sem ástæða þykir til í hvert skipti.

3. gr.

Nú eiga einstakir menn, félög eða stofnanir fjarskiptavirki, sem ráðherra hefir áður heimilað að stofna eða starfrækja, og skulu þau leyfi þá haldast, sem hafa verið gefin út eftir 31. desember 1936. Eldri leyfisbréf eru ógild. Leyfishafar skulu að öllu leyti fylgja reglum þeim og fyrirmælum um fjarskiptavirki, sem um þau gilda á hverjum tíma.

4. gr.

Ráðherra getur látið innsigla fjarskiptavirki, sem ekki eru í notkun, eða hluta þeirra, eða fyrirskipað að fá þau afhent til geymslu undir innsigli. Innsiglið má ekki brjóta án heimildar ráðherra.

5. gr.

Fjarskiptavirki í erlendum skipum, flugvélum eða öðrum erlendum farartækjum, sem eru innan íslenzkrar landhelgi eða lofthelgi, má aðeins nota samkvæmt þeim ákvæðum, sem ráðherra setur í reglugerð. Ráðherra getur bannað öll fjarskipti innan íslenzkrar landhelgi og lofthelgi og gert þær ráðstafanir, er nauðsynlegar þykja til þess að banninu verði hlýtt.

6. gr.

Póst- og símamálastjórnin annast framkvæmd á einkarétti ríkisins, sem í 1. gr. getur, og hefir eftirlit með því, að gildandi alþjóðafyrirmælum, milliríkjasamningum, lögum og reglugerðum um fjarskiptamál, þar á meðal gildandi fyrirmælum til öryggis mannslífa á sjó, sé fylgt. Þó er undanskilin framkvæmd þeirra mála, sem ríkisútvarpinu og vitamálastjórninni eru falin með sérstökum lögum.

7. gr.

Ráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd fjarskiptamála, starfrækslu og viðhald fjarskiptavirkja, eftirlit með þeim og annað, er þar að lýtur, svo sem gjaldaskrár fyrir uppsetningu, notkun og eftirlit fjarskiptavirkja. Má ákveða sektir við broti gegn þessum fyrirmælum.

8. gr.

Ríkisstjórnin hefir rétt til að stöðva hvert skeyti eða samtal eða önnur fjarskipti, sem teljast hættuleg öryggi ríkisins, eða koma í bága við lög landsins, opinbera reglu eða siðgæði. Þegar eins stendur á, getur hún sömuleiðis stöðvað starfrækslu fjarskiptaþjónustunnar um skemmri eða lengri tíma og að nokkru eða öllu leyti.

9. gr.

Brot gegn 1.—5. gr. varða sektum allt að 10000 krónum, eða varðhaldi, ef miklar sakir eru. Upptæk skal gera tæki þau og hluti, sem í heimilldarleysi hafa verið flutt inn, smíðuð eða starfrækt.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 5. júlí 1940.

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson. **Jakob Möller.**

Ólafur Thors. **Stefán Jóh. Stefánsson.**

(L. S.)

Ólafur Thors.

Fylgiskjal II.

Bráðabirgðalög um radíó-senditæki.

Ráðuneyti Islands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Atvinnumálaráðherra hefir tjáð ráðuneytinu, að nauðsyn beri til að koma nú þegar í veg fyrir, að radíó-senditæki séu notuð til að stofna hlutleysi ríkisins í hættu og tryggja ítarlegra eftirlit með þessu en núgildandi lög gera ráð fyrir.

Með því að ráðuneytið fellst á, að brýna nauðsyn beri til að setja bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar um framangreint efni, telur það rétt að gefa út bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

Engir aðrir en þeir, sem heimild hafa til þess frá póst- og símamálastjórninni, mega eiga eða hafa í vörzlum sínum eftir 31. ágúst 1940 radíó-senditæki eða hluti, sem eru sérstaklega ætlaðir í slík tæki.

Til radíó-senditækja teljast öll tæki, sem ætluð eru til að framleiða rafsveiflur með hárri tíðni (yfir 20000 rið á sekúndu).

Einnig er bannað að aðstoða menn við að setja saman radíó-senditæki án heimildar eða að afla hluta til þeirra eða að hvetja menn beint eða óbeint til þessa.

2. gr.

Nú á maður eða hefir í vörzlum sínum einhver slík tæki, sem nefnd eru í 1. gr., og skal hann þá þegar í stað tilkynna póst- og símamálastjórninni það og afhenda henni tækin eða tækjahlutana eftir því, sem hún þá mælir fyrir um. Komi endurgjald til greina, fer það eftir mati póst- og símamálastjórnarinnar.

3. gr.

Brot gegn lögum þessum varða refsingu samkvæmt ákvæðum 91. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 17. ágúst 1940.

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson. **Jakob Möller.**

Ólafur Thors. **Stefán Jóh. Stefánsson.**

Ólafur Thors.

Sþ. 34. Tillaga til þingsályktunar

um hækkun framfærslustyrks.

Flm.: Brynjólfur Bjarnason, Einar Olgeirsson, Ísleifur Högnason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að framfærslustyrkur í Reykjavík verði hækkaður um að minnsta kosti 50 af hundraði, og til samræmis við það í öðrum bæjar- og sveitarfélögum. Síðan hækki styrkurinn mánaðarlega um sama hundraðshluta og framfærslukostnaður hefir hækkað, miðað við meðalframfærslukostnað mánuðina janúar—marz 1939.

Greinargerð.

Úrslit kaupdeilnanna eftir áramótin urðu víðasthvar þau, að verkalýðsfélögin náðu samningum, þar sem svo er mælt fyrir, að kaupgjald skuli hækka mánaðarlega í sama hlutfalli og vísitala framfærslukostnaðar í Reykjavík, og víða hækkar kaupið um hærri hundraðshluta, auk þess sem grunnkaup hefir hækkað allverulega hjá mörgum verkalýðsfélögum. Það liggur því í augum uppi, hversu ósanngjarnt það er, að framfærslustyrkurinn sé látinn haldast óbreyttur, eða því sem næst, að krónutali. Í Reykjavík var peningastyrkurinn venjulega 80 aurar á mann fyrir stríð, ef reiknað var með fullum styrk, en nú mun hann vera innan við 1 krónu og mestur kr. 1.10.

Einhverjir kunna að halda því fram, að sanngjarnt sé og eðlilegt, að styrkurinn hækki um sama hundraðshluta og framfærslukostnaðurinn, en ekki heldur meira. En þegar nánar er að gáð, stenzt slík röksemdafærsla enga gagnrýni. Fyrst ber að gæta þess, sem er almenn skoðun, að verðlag á nauðsynjavörum hefir hækkað miklu meira en vísitala hagstofunnar gefur til kynna, og kemur þetta harðast niður á þeim, sem ekki geta veitt sér nema brýnustu nauðsynjar, sem hafa hækkað mest í verði. Þess vegna hafa verkalýðsfélögin talið nauðsynlegt, að grunnkaup þeirra hækkaði, og mörg fengið þeirri kröfu fullnægt. En þegar þess er gætt, að framfærslustyrkurinn er ekki nema lítill hluti þess, sem þarf til að framfleyta lífinu eins og mönnum er samboðið, þá er augljóst, að styrkþegarnir hafa enn meiri þörf fyrir, að lífeyrir þeirra verði hækkaður. Ef tekjur manns hrökkva t. d. fyrir þriðjungi þess, sem hann þarf til að framfleyta lífinu, þá er augljóst, að erfiðara verður að afla þeirra tveggja þriðju hluta, sem á vantar, ef verðlag hækkar um 50%.

Nú verður það ekki dregið í efa, að skattfrelsi útgerðarinnar verður afnumið á þessu ári. Það mun hafa í för með sér gífurlega tekjuaukningu fyrir bæjarfélögin. Útgjöld til fátækraframfæris lækka stórum vegna aukinnar atvinnu. Ekki þarf að gera ráð fyrir framfærslustyrk að neinu ráði til annara en þeirra, sem af einhverjum orsökum eru óvinnufærir. Það er fásinna að safna í sjóði á þessum tímum, þegar gildi peninganna fer ört minnkandi. Gamla viðbáran um peningaleysi gildir því ekki lengur. Það gengur hinsvegar vitfirringu næst að láta fólkið svelta meðan safnað er gildum sjóðum, sem kunna að verða verðlausir eða verðlitlir, þegar til þeirra skal taka. Þegar allt þetta er athugað, verður ekki komizt hjá þeirri ályktun, að í tillögu þessari er ekki gengið of langt, heldur of skammt. Ef miðað er við 80 aura grunnstyrk, yrði styrkurinn til einstaklings ca. kr. 1.75 á dag samkvæmt tillögunni, og hrekkur það hvergi nærri til að fullnægja þörfum nokkurs manns, enda þótt hann þurfi ekki að greiða af því húsaleigu. Hér er þó ekki gengið lengra með tilliti til þess, hvernig Alþingi er skipað.

Það, sem hér hefir verið sagt um framfærslustyrkinn, gildir ekki síður um ellilaun og örorkubætur. Hið furðulega hefir skeð, að mörg gamalmenni og öryrkjar hafa þá sögu að segja, að lífeyrir þeirra hefir ýmist lítið eða ekkert hækkað eða verið lækkaður, á sama tíma sem allt hækkar í verði og nóg er af peningum.

Ég mun á þessu þingi bera fram tillögu um, að ellilaun og örorkubætur hækki eftir svipuðum reglum og um getur í þessari tillögu, í sambandi við bráðabirgðalögin um uppbót á ellilaun og örorkubætur, sem lögð hafa verið fyrir þingið.

Fulltrúar sósíalista hafa flutt tillögur í bæjarstjórn Reykjavíkur um hækkun framfærslustyrksins, en það hefir engan árangur borið. Ég tel sjálfsagt að freista þess að bera fram tillögu um, að Alþingi láti þetta mál til sín taka, enda er hin mesta nauðsyn á, að gerð verði gangskör að því að samræma framfærslustyrkinn í hinum ýmsu bæjar- og sveitarfélögum, og verður það að vera verk ríkisstjórnarinnar og Alþingis. Kjör þau, sem styrkþegar eiga við að búa á hinum ýmsu stöðum á landinu, eru mjög misjöfn. Sumstaðar eru þau sæmileg, en annarstaðar eru þau smánarblettur á íslenzku þjóðlífi. Tillögu þessa ber að skilja svo, að gerðar verði ráðstafanir til að samræma þau, og að því stefnt, að þau verði hvergi hlutfallslega lakari en í Reykjavík, þegar þær umbætur, sem felast í tillögunni, hafa náð fram að ganga þar.

Ed. 35. Nefndarálit

um frv. til laga um frestun á gildistöku bifreiðalaga, nr. 75 7. maí 1940, og umferðarlaga, nr. 110 30. maí 1940.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin telur, að nauðsyn hafi borið til að setja bráðabirgðalög þau, sem eru tilefni þessa frv., og leggur því til, að það verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 25. febr. 1941.

Páll Zóphóníasson, form.	Bernh. Stefánsson, frsm.	Árni Jónsson, fundaskr.

Nd. 36. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 36 19. maí 1930, um vigt á síld.

Flm.: Finnur Jónsson.

1. gr.

1. málsgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Hér eftir skal vega alla síld, sem seld er bræðsluverksmiðjum til vinnslu eða lögð er upp til vinnslu í bræðsluverksmiðjur.

2. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál. Brot gegn lögunum varða sektum, 200—5000 krónum.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er að efni til samhljóða frumvarpi, er ég ásamt fleiri þingmönnum flutti á síðara þingi árið 1937, en náði þá eigi afgreiðslu. Vildi meiri hluti

sjávarútvegsnefndar vísa því til ríkisstjórnarinnar til afgreiðslu fyrir næsta þing, en ég láta samþykkja það óbreytt. Var frv. á sínum tíma sent til umsagnar Sjómannafélagi Reykjavíkur, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Félagi íslenzkra botnvörpuskipaeigenda og B. Holtsmark verkfræðingi, sem búið hefir til flest þau sjálfvirku löndunartæki, sem til eru í síldarverksmiðjum hér á landi.

Mæltu Sjómannafélag Reykjavíkur og Farmanna- og fiskimannasambandið mjög eindregið með samþykkt frv., og bar þeim saman um, að síldin mældist allt að því 10 af hundraði verr en hún vigtaðist, þegar hún væri orðin 2—3 daga gömul í skipunum. Þegar þess er gætt, að síldarverksmiðjurnar keyptu og tóku til vinnslu 2476738 hektólítra bræðslusíldar á síðastl. ári og greiddu fyrir hana um 18 millj. króna, og að nær helmingur síldarinnar var mældur en ekki veginn, gegnir mestu furðu, að hið opinbera skuli láta svona viðskipti viðgangast ár eftir ár, alveg óátalið. Enda er þetta afskiptaleysi Alþingis af handahófskaupum alveg einsdæmi. Má til samanburðar geta þess, að lögboðið hefir verið að selja egg innanlands eftir vigt, og er þó umsetning á sölu eggja ólíkt minni en bræðslusíldaraflinn, jafnvel þótt eggin séu dýr eins og sakir standa. Það er alveg sannað mál, að vigtun bræðslusíldar er miklu réttlátari en mæling, en þó ríkir nú orðið slíkur glundroði í þessum efnum, að sumar verksmiðjur einstakra manna mæla síldina, aðrar vigta hana, en í síldarverksmiðjum ríkisins er síldin ýmist mæld eða vegin. Verksmiðjurnar greiða sama verð, hvor aðferðin sem er viðhöfð, og veldur oft tilviljun ein um það, hvort seljandi lendir í því að láta 10 af hundraði meira eða minna af síld af hendi fyrir sama verð.

Mæling síldar var framkvæmd fyrst í hinum elztu síldarverksmiðjum á Hesteyri og í Krossanesi. Varð svo mikil óánægja út af mælingunni, að Krossanesverksmiðjan neyddist brátt til þess að taka upp vigtun. Þegar nýtízku löndunartæki síðar voru sett upp í verksmiðjurnar á Djúpavík og Hjalteyri, tóku eigendur þeirra upp mælingu í stað vogar. Losnuðu síldarseljendur þá við vinnuna við uppskipunina, mögluðu að vísu yfir hinni ranglátu mælingu, en létu þó kyrrt liggja vegna þess, hve uppskipun gekk miklu greiðlegar með löndunartækjunum. Löndunartækin kostuðu að vísu nokkra tugi þúsunda króna, en eigendur verksmiðjanna hafa í sumum árum tekið verð þeirra margfalt á þann hátt að mæla sér tíu af hundraði meiri síld en þær verksmiðjur, sem vógu síldina.

Flm. er ljóst, að síldarvogirnar kosta talsvert meira en mælitæki. Hinsvegar þarf vigtun á engan hátt að draga úr löndunarhraðanum, og vísa ég í því efni til umsagnar B. Holtsmark verkfræðings, sbr. þskj. nr. 358 1937, síðara þing. Tel ég, eftir nána athugun á máli þessu, Alþingi eigi vansalaust að láta undir höfuð leggjast að skera loks úr í þessu réttlætismáli með því að samþ. frv. og þannig ákveða nú þegar, að öll bræðslusíld skuli framvegis vegin, en eigi ýmist mæld eða vegin, eins og nú er gert.

Ed. 37. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 39 28. jan. 1935, um breyt. á l. nr. 46 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 26. febr. 1941.

Sigurjón Á. Ólafsson, form., frsm.	Ingvar Pálmason, fundaskr.	Magnús Gíslason.

Sþ. 38. Tillaga til þingsályktunar

um endurskoðun einkasímalaga.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Bergur Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta endurskoða lög nr. 11 14. júní 1929, um einkasíma í sveitum, og sé þeirri endurskoðun lokið svo snemma, að hægt sé að leggja frv. til nýrra einkasímalaga fyrir næsta Alþingi.

Greinargerð.

Það er vafamál, að stofnun einkasímafélaga sé heppilegust aðferð til að auka símaþægindi í dreifbýli sveitanna. Þetta fyrirkomulag er nokkuð þungt í vöfum, og hæpið, að viðhald símalínanna sé nægilega tryggt á þennan hátt. Hitt myndi sennilega bera meiri árangur, að landssíminn legði línurnar á svipaðan hátt og innanbæjarkerfi kaupstaða og þorpa, og færi um stofnkostnað eftir lögákveðnum reglum, þar sem framlög notenda til línulagningar yxu ekki í jöfnu hlutfalli við línulengd. Mun landssíminn þegar hafa lagt eitthvað af einkalínum á þennan hátt. Jafnframt ætti þá að athuga möguleika á því, að afskekktustu býli gætu fengið þráðlaus taltæki til afnota gegn hliðstæðu stofn- og afnotagjaldi.

Nd. 39. Tillaga til þingsályktunar

um skipun nefndar samkvæmt 34. gr. stjórnarskrárinnar til að rannsaka tjón landsins af innflutningstálmunum á síðasta ári.

Flm.: Einar Olgeirsson, Ísleifur Högnason.

Neðri deild Alþingis ályktar að skipa 5 manna nefnd til að rannsaka, hverjir beri ábyrgð á því tjóni, sem þjóðin hefir beðið vegna innflutningstálmana á síðasta ári. Nefndin skal skipuð þannig, að hver stjórnmálaflokkur í deildinni tilnefni í hana einn mann. Skal hún hafa lokið störfum fyrir þinglok og vinni kauplaust.

Nefndin hefir vald til þess að heimta skýrslur, munnlegar og bréflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum, samkvæmt 34. gr. stjórnarskrárinnar.

Greinargerð.

Gjaldeyrisvandræði hömluðu að engu leyti þjóðinni á síðasta ári, að svo miklu leyti sem hægt var að greiða fyrir erlendar vörur í sterlingspundum. Fyrri hluta og miðbik ársins voru frekar litlar skorður settar fyrir útflutningi vara frá Englandi. Það var því gott tækifæri til að fá raunveruleg verðmæti fyrir útflutningsafurðir landsmanna þá. En þetta var að mestu leyti hindrað með skorðum, sem innflutningnum hingað til lands voru settar af aðilum innanlands. Í stað þess að auka innflutninginn og reyna að birgja landið upp að þeim vörum, er fáanlegar voru, var dregið úr innflutningnum, svo að magnið varð minna en undanfarin ár.

Með þessum aðförum hefir þjóðinni verið bakað stórtjón. Jafnvel stuðningsblöð ríkisstjórnarinnar viðurkenna, að þetta tjón nemi tugum milljóna króna.

Þjóðin á heimtingu á því að fá það upplýst að fullu, hverjir það séu, sem í raun inni beri ábyrgðina á þessu tjóni. Þessi tillaga miðar að því, að það verði rannsakað af þingsins hálfu. Ætla mætti, að ekkert væri því til fyrirstöðu, a. m. k. frá þeirra hálfu, sem ekki vilja teljast meðábyrgir um þetta tjón.

Nd. 40. Frumvarp til laga

um sölu á spildu úr Neslandi í Selvogi.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja eiganda Ness í Selvogi, fyrir það verð og með þeim greiðsluskilmálum, er um semur, þann hluta jarðarinnar, er ríkissjóður á og liggur vestan við merkjalínu úr Hellisþúfu sjónhending til sjávar í Viðarhelli.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir ósk Guðmundar Jónssonar, eiganda og ábúanda jarðarinnar Ness í Selvogi.

Fyrri hluta sumars árið 1934 fóru fram samningsumleitanir við eigendur jarða þeirra, er land eiga á sandsvæðinu frá ósum Ölfusár vestur til Selvogs, um sandgræðslu á þessu svæði og friðun landsins. Hafði sýslumaður Árnessýslu forgöngu í málinu.

Sýslumanni og eigandanum að Nesi kom ásamt um, hvaða landsvæði skyldi friða af Neslandi, en það var austan frá Hlíðarendalandi um sandmótin vestur í Hellisþúfu og þaðan sjónhending til sjávar í Viðarhelli. Um haustið 1934 var til fulls gengið frá þessum samningum og var þá ákveðið, hvað mikið land skyldi friða, og var það hvað Nesland snertir svæði austan þeirrar markalínu, er að ofan getur.

Þegar til þess kom að girða landið, vildi sandgræðslustjóri, að girðingin lægi vestur við byggð í Selvogi. Frá því var þó horfið að lokum og girðingin sett dálítið austar, en þó miklu vestar en upphaflega var um samið.

Með þessari framkvæmd var land jarðarinnar stórlega skert og langt umfram það, sem upphaflega var um talað. Landspilda sú, sem hér er farið fram á að fá keypta, er að kalla gróin, og var það þegar girðingin var sett, enda nú ekki farið fram á að fá meira af landinu keypt en upphaflega átti að vera utan sandgirðingarinnar. Það er útilokað, að nokkur minnsta hætta sé á uppblæstri af þessu landi, þó að það sé ekki friðað. Landið var áður örfoka, en er nú að kalla gróið.

Sýslumaður Árnesinga hafði glöggt auga og góðan kunnugleik á gróðri landsins og ásigkomulagi þess, þegar samningar fóru fram við hann um, hvað friða skyldi, og hefði verið bezt og sanngjarnast að fara eftir því, er hann lagði til.

Nú hagar svo til í Selvogi, að bændur verða nær eingöngu að lifa af sauðfjárrækt. Og þar sem nær enginn heyskapur er þar utan túns og sauðféð verður mikið að lifa af beit, þarf mikið landrými. Nú herjar mæðiveikin á í næstu sveitum. Til þess að verjast henni hefir bóndinn í Nesi lagt mikið fé í kostnað við girðingar og heldur fénu þar árið um kring. Eykur þetta á þörfina fyrir aukið landrými. Auk ábúanda og eiganda jarðarinnar hefir annar bóndi not af landi jarðarinnar. Bóndinn á Nesi á fjóra sonu uppkomna. Þeir eru að mestu heima og vinna hjá föður sínum, en einn þeirra bræðra hefir nú um nokkurt skeið stundað sjó, af því að land skortir heima fyrir til þess að hann gæti byrjað þar búskap. Fái faðir hans land þetta keypt, er hann óskar nú eftir, leikur honum hugur á að hverfa heim aftur og fara að búa. Mætti þá svo fara, að bræðurnir allir gætu búið á jörð föður síns, og væri vel þess vert að greiða fyrir því.

Menn eru hvattir til að starfa í sveitunum og hverfa þaðan ekki. Er slíkt af fullri nauðsyn gert, og má þó vera, að enn sjáist það betur síðar. Margir álíta, að mikil

nauðsyn sé á því, að fólkinu fjölgi þar fremur en fækki. En ef svo á að verða, verður að skipta jörðunum í fleiri býli og stofna nýbýli, þar sem skilyrði eru fyrir hendi. Að þarflausu ætti þá ekki heldur að hindra þá ungu menn frá því að lifa og starfa í sveitunum áfram, sem hafa á því fullan hug.

Nd. 41. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 27 13. jan. 1938, um vátryggingarfélög fyrir vélbáta.

Flm.: Sigurður Kristjánsson.

1. gr.

a. Orðin „opna eða“ í 1. málsgr. 3. gr. laganna falli burt.
b. 3. málsgr. sömu lagagr. skal orða svo:
Heimilt er þó félögum þessum að taka skip til vátryggingar allt að 250 smál. brúttó að stærð (sbr. þó 5. gr.), en ávallt skal leita samþykkis Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum, áður en skip, sem er yfir 70 smál. brúttó að stærð, er tekið í tryggingu, og skal ákveða iðgjöld fyrir þau í samráði við Samábyrgðina.
c. Á eftir sömu lagagr. koma tvær nýjar málsgr.:
1. Heimilt er félögunum að taka opna vélbáta til vátryggingar, að fengnu samþykki Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum.
2. Einnig er félögunum heimilt að vátryggja afla og veiðarfæri, ef um algerðan skipstapa er að ræða.

2. gr.

Í stað orðanna „skal þá félag það ... og tekur um leið við áhættunni“ í 13. gr. laganna kemur: skal skipseigandi þá þegar í stað flytja trygginguna í félag þess umdæmis, er skipið flyzt í. Þegar flutningur tryggingarinnar hefir farið fram, ber félag það, er skipið flyzt frá, ekki áhættu vegna hins flutta skips, en er skylt að endurgreiða skipseiganda það vátryggingargjald, sem hann hefir ofgreitt, miðað við flutningsdag. Þó fellur endurgreiðsla niður, ef skipseigandi vanrækir flutning tryggingarinnar.

3. gr.

Aftan við 14. gr. laganna bætist ný málsgr., er hljóðar svo:
Tjónbætur greiðast samkvæmt mati á tjóninu, nema aðgerðarkostnaður verði lægri en matið. Þá skal greiða tjónið samkvæmt viðgerðarreikningi.

4. gr.

Stafliðir 15. gr. laganna verða 5, svo hljóðandi:

a.	6 rúmlesta eða minni	200 kr.
b.	6—12 rúmlesta	300 —
c.	12—20 rúmlesta	400 —
d.	20—30 rúmlesta	500 —
e.	yfir 30 rúmlesta	700 —

5. gr.

Aftan við 22. gr. laganna bætist ný málsgr., er hljóðar svo:
Ef skip er að staðaldri notað til einhvers, sem er óviðkomandi fiskveiðum, ei tjón, sem það veldur eða hlýtur, því aðeins bótaskylt, að vátryggjandi hafi samþykkt notkunina.

6. gr

a. Í stað „10%“ í niðurlagi fyrri málsgr. 23. gr. laganna kemur: 50%.
b. Á eftir orðunum „af stjórn hlutaðeigandi félags“ í síðari málsgr. sömu lagagr. kemur: ef bæði skipin eru tryggð hjá sama félagi, ella af stjórn Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum.

7. gr.

Aðra málsgr. 25. gr. laganna skal orða svo:

Bætur fyrir tjón á opnum vélbáti skal greiða samkvæmt sömu reglu sem um aðra vélbáta, ef báturinn ferst algerlega eða er dæmdur ónýtur eða óbætanlegur af skoðunarmönnum félagsins, en hálfar ella.

8. gr.

a. 3. málsgr. 31. gr. laganna orðist svo:

Vátryggingarfélag hefir lögveð í skipi fyrir skoðunarkostnaði og eins árs vátryggingariðgjaldi.

b. Aftan við sömu lagagr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Nú leikur vafi á, hvaða vátryggingarfélagi ber að vátryggja skip, og sker þá Samábyrgð Íslands á fiskiskipum úr þeim ágreiningi.

9. gr.

Þrjár fyrstu málsgr. 33. gr. laganna skal orða svo:

Ágreining milli félags og skipseiganda má leggja í gerð. Í gerðardóminn kveður hvor málsaðili einn mann, en héraðsdómari í því héraði, þar sem félagið á heima, eða fulltrúi hans, skal vera oddamaður, enda séu þeir á engan hátt við málið riðnir. Sé svo, skipar atvinnumálaráðherra oddamann.

Ágreining milli félaga, sem endurtryggja hjá Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, og milli félaganna og Samábyrgðarinnar, skal leggja í gerð á sama hátt, en þá skipar atvinnumálaráðherra oddamann gerðardómsins, og skal það vera einn af dómurum hæstaréttar.

Gerðardómur í ágreiningsmáli félags og skipseiganda skal háður þar, sem félagið á lögheimili, en sé ágreiningurinn milli tveggja félaga, eða milli félags og Samábyrgðarinnar, skal gerðardómurinn háður í Reykjavík.

10. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 34 12. júní 1939, um breyting á lögum nr. 27 13. jan. 1938, um vátryggingarfélög fyrir vélbáta, og lög nr. 82 7. maí 1940, um breyting á sömu lögum.

Greinargerð.

Lögin um skyldutryggingu vélbáta hafa verið í gildi hálft þriðja ár. Á þessu stutta tímabili hefir lögunum tvisvar verið breytt, bæði skiptin eftir ósk skipaeigenda. Vátryggjendur hafa hinsvegar ekki talið, að reynslutíminn mætti vera skemmri en þetta, og hafa því ekki óskað þess fyrr en nú, að lagfæringar væru gerðar á þeim göllum, sem fram hafa komið.

Fyrsta breytingin, sem fram er farið á í þessu frv., er við 3. gr. Er ætlazt til, að samþykki Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum þurfi til þess, að félögin vátryggi skip, sem ekki er skylt, að þau vátryggi. Þetta stafar af því tvennu, að félögin eru flest fátæk og verða því að gæta varúðar í því að bera áhættu fram yfir það, sem skylt er. Og einnig og ekki síður af því, að örðugt er, eins og sakir standa, að endurtryggja erlendis þau skip, sem hér koma til greina. En það eru að langmestu leyti gömul og léleg skip.

Árið 1939 var sú breyting gerð á lögunum, að undanskilja opna vélbáta skyldutryggingu, en gera félögunum hinsvegar að skyldu að vátryggja fyrir þá, er þess óskuðu. Afleiðingin af þessu hlaut að verða sú, að fjárhagslega sjálfstæðir hirðu-

menn vátryggja ekki, en skuldugir menn og miður hirðusamir verða að vátryggja. Félögin sitja því með þann hluta þessarar útgerðar, sem slysagjarnast er. Sjálfsagt er, að annað tveggja séu báðir skyldir að tryggja, bátaeigendur og félögin, eða hvorugir.

Þá er því nýmæli bætt við þessa grein, að heimilt sé að vátryggja afla og veiðarfæri þeirra skipa, sem vátryggð eru samkvæmt lögunum.

Ágreiningur hefir oft orðið út af flutningi tryggingar milli félaga. Ákvæði 13. gr. laganna um þetta eru ekki eins glögg og æskilegt væri. Með breytingu þeirri, sem með 2. gr. þessa frumvarps er gerð á 13. gr., á flutningur tryggingar ekki að geta valdið þrætu

Ákvæði 14. gr. laganna um það, hvort bæta skal tjón samkvæmt mati eða viðgerðarkostnaði, hafa valdið ágreiningi. Með 3. gr. þessa frv. eru tekin af öll tvímæli um þetta.

Komið hafa fram kvartanir um það, að frádráttur frá tjónbótum samkv. 15. gr. laganna væri ekki réttlátur miðað við stærð skipanna. Í 4. gr. þessa frv. er svo fyrir mælt, að flokkarnir skuli vera 5, í stað þriggja eins og nú er. Verður frádráttarupphæðin þá í réttara hlutfalli við verðmæti skipsins.

Sökum þeirrar stórfelldu hækkunar, sem orðið hefir á viðgerðarkostnaði skipa, síðan lögin komu í gildi, væri eðlilegt að hækka frádráttinn verulega. Ekki þykir þó fært að svo komnu að gera þetta. Mundi það verða óvinsælt meðal skipaeigenda, en hinsvegar ekki ólíklegt, að tilgangi þessa ákvæðis verði náð án þess að hækka frádráttarupphæðirnar.

Skyldutrygging sú, sem lögin ákveða, er aðallega miðuð við skip, sem stunda fiskveiðar. Nú eru talsverð brögð að því, að skip, sem vátryggð eru samkvæmt lögunum, séu notuð til annars en fiskveiða, oft við áhættusama flutninga svo mánuðum eða jafnvel árum skiptir. Þetta meðal annars verður þess valdandi, að hin almennu vátryggingargjöld verða að ákveðast hærri en ella mundi þurfa. Óeðlilegt er, að einstök skip hækki þannig vátryggingarkostnað hjá öðrum skipaeigendum. Ákvæði 5. gr. frumvarpsins eiga að leiðrétta þetta.

Árin 1939 og 1940 var nál. þriðjungur allra bótaskyldra tjóna hjá félögunum dráttarhjálp vegna vélbilunar. Árið 1939 voru þessi tjón 85, en 1940 urðu þau 112. Sá geigvænlegi kostnaður, sem félögin hafa af þessu, er án efa að verulegu leyti sjálfráður. Engir aðrir en skipaeigendur hafa aðstöðu til þess að draga úr þessum kostnaði. Breytingar þær, sem felast í 6. gr. frumvarpsins, miða að því að koma hér á leiðréttingu.

Ákvæði 33. gr. laganna um gerðardóm eru ógreinileg. Hefir það valdið miklum örðugleikum. Breytingar þær, sem felast í 9. gr. frumvarpsins, eiga að bæta úr þessu.

Allar þær breytingar, sem til er stofnað með frumvarpinu, stefna að því, að vátryggingargjöldin geti orðið sem lægst.

Ed. 42. Frumvarp til laga

um bráðabirgðaráðstafanir til að tryggja mönnum húsnæði.

Flm.: Brynjólfur Bjarnason.

1. gr.

Bæjarstjórnum heimilast að leggja stóríbúðaskatt á íbúðir, sem að fasteignamati eru yfir 20000 kr. Skattur þessi skal vera stighækkandi. Reglugerð, er bæjarstjórn semur um þessa skattálagningu, skal staðfest af ráðherra. Tekjum af skatti þessum skal verja til byggingar nýrra íbúðarhúsa, og skulu þær renna í bæjarsjóð.

2. gr.

Nú hefir fjölskylda til afnota húsnæði, sem er stærra en svo, að nemi 20 gólfflatarmetrum í íbúðarherbergjum fyrir hvern þann, er til fjölskyldunnar telst og íbúðar nýtur á vegum hennar, og er bæjarstjórnum þá heimilt að taka það húsnæði, sem umfram er þessa tilteknu stærð, til afnota fyrir húsnæðislaust fólk.

Húsaleigunefnd í Reykjavík og fasteignanefndir utan Reykjavíkur fella úrskurð um leiguupphæð, leigutíma og annað, sem þörf þykir að taka ákvörðun um í sambandi við leigunámið.

3. gr.

Óheimilt er að leigja íbúðir erlendum setuliðsmönnum, sem dvelja hér á landi, og skulu allir samningar, sem gerðir hafa verið við þá um leigu á íbúðarherbergjum, falla úr gildi 14. maí 1941. Þó geta bæjarstjórnir og hreppsnefndir veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sannanir liggja fyrir um það, að búsettir menn hér á landi þurfi ekki á íbúðinni að halda.

4. gr.

Brot gegn ákvæðum þessara laga varða sektum, frá 50—10000 krónum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þegar styrjöldin skall á og byggingar íbúðarhúsa stöðvuðust með öllu, var fyrirsjáanlegt, að húsnæðisleysi myndi verða svo mikið, einkum í Reykjavík, að til stórvandræða horfði, ef ekki yrði gripið til róttækra ráðstafana. Síðastliðið ár flutti ég frumv. á Alþingi um ýmsar ráðstafanir til að tryggja mönnum húsnæði og koma í veg fyrir hækkun húsaleigu, þar á meðal að veita bæjarstjórnum heimild til að leggja á stóríbúðaskatt. Frumv. þetta náði ekki fram að ganga, en í stað þess voru samþykkt lög þau, er nú gilda um húsaleigu.

Nú er ástandið miklu alvarlegra en þá, m. a. vegna dvalar brezka setuliðsins hér á landi. Ef ekki verður að gert, er víst, að fjöldi fólks stendur uppi húsnæðislaust með öllu á næsta hausti. Þrátt fyrir erfiðleika styrjaldarinnar er ósæmilegt, að hið opinbera láti ekki byggja íbúðarhús til að bæta úr brýnustu þörfinni. En hitt er vitanlegt, að þar verður þungur róðurinn. Það verður því að leggja áherzlu á, að allar hugsanlegar ráðstafanir verði gerðar til að hagnýta það húsnæði, sem til er, og tryggja það, að Íslendingar einir njóti þess. Það er óverjandi, að einstakar fjölskyldur sitji í óhóflega stórum íbúðum, en aðrir hafa ekki þak yfir höfuðið. Ef upphæð stóríbúðaskattsins er ákveðin nægilega há, ætti það í flestum tilfellum að nægja til að knýja þá, sem búa í stóríbúðum, til að þrengja að sér. Þó þykir sjálfsagt, að heimild sé fyrir hendi til að taka hluta af mjög stórum íbúðum leigunámi, ef þörf krefur. Þegar svo mikið liggur við, verða lögin að gefa bæjarstjórnunum frjálsar hendur til þess að firra fólk vandræðum.

Ed. 43. Nefndarálit

um frv. til l. um viðauka við l. nr. 63 31. des. 1937, um tollheimtu og tolleftirlit.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og borið það saman við bráðabirgðalögin og lög nr. 63 frá 31. des. 1937. Fellst nefndin á, að nauðsyn hafi borið til að setja þessi bráðabirgðalög, en vill þó taka fram, að henni þykir bannið full almennt og að naumast

muni verða komið í veg fyrir, að innlendir menn þiggi smágjafir frá brezkum hermönnum, sem þeir þekkja. Nefndin sá sér þó ekki fært að bera fram brtt. út af þessu, enda býst nefndin við, að ekki verði farið út í neinar öfgar um framkvæmd laganna. Leggur nefndin því til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 28. febr. 1941.

Magnús Jónsson, form.	Erl. Þorsteinsson, fundaskr.	Bernh. Stefánsson, frsm.

Nd. 44. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 65 19. júní 1933, um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og mælir með því, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 28. febr. 1941.

Bergur Jónsson, form.	Vilm. Jónsson, fundaskr., frsm.	Gísli Guðmundsson.
Jóh. G. Möller.	Garðar Þorsteinsson.	

Nd. 45. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 19. júní 1933, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og mælir með því, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 28. febr. 1941.

Bergur Jónsson, form.	Vilm. Jónsson, fundaskr., frsm.	Gísli Guðmundsson.
Jóh. G. Möller.	Garðar Þorsteinsson.	

Nd. 46. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 21 14. júní 1929, um hafnargerð á Skagaströnd.

Flm.: Jón Pálmason.

1. gr.

Fyrir orðin „285000 — tvö hundruð áttatíu og fimm þúsund krónur“ í 1. gr. laganna kemur: 400000 — fögur hundruð þúsund krónur.

2. gr.

Fyrir orðin „320000 — þrjú hundruð og tuttugu þúsund króna“ í 2. gr. laganna kemur: 600000 — sex hundruð þúsund króna.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á árunum 1934—1939 hefir verið unnið að hafnargerð á Skagaströnd samkvæmt lögum nr. 21 frá 14. júní 1929, en frekar hefir gengið treglega að fá nauðsynlegt fé til þessara framkvæmda. Verkið hefir því eigi komizt svo vel áleiðis, að fullnægjandi sé til að ná því takmarki, sem ég og aðrir forgöngumenn þessa máls settu í upphafi, en það er fullkomin stórskipahöfn á þessum stað. Það verður því að halda áfram með verkið bæði á þann hátt að lengja garðinn og dýpka skipaleguna. Þetta kostar mikið fé til viðbótar, en þar sem framleiðsluskilyrði eru mjög góð bæði til sjávar og lands og tækifæri til að fá stórum aukinn atvinnurekstur á staðnum, þá tel ég brýna þörf að halda verkinu áfram svo fljótt sem unnt er, og því er þetta frumvarp flutt.

Nánar í framsögu.

Ed. 47. Frumvarp til laga

um kirkjuþing íslenzku þjóðkirkjunnar.

Flm.: Magnús Jónsson.

1. gr.

Kirkjuþing íslenzku þjóðkirkjunnar skal halda annaðhvert ár. Skal það háð í Reykjavík, að jafnaði í síðara hluta júnímánaðar. Það skal ekki eiga lengri setu en 14 daga, nema ráðherra framlengi starfstíma þess.

2. gr.

Kjörnir kirkjuþingsmenn eru 15, 14 valdir í 7 kjördæmum og 1 af guðfræðideild Háskóla Íslands. Auk þeirra sitja þeir kirkjuþing, sem um getur í 12. gr. Kjördæmin eru þessi:

1. Reykjavík og Kjalarnesprófastsdæmi.
2. Mýra-, Borgarfjarðar-, Snæfellsnes- og Dalaprófastsdæmi.
3. Barðastrandar-, Vestur-Ísafjarðar-, Norður-Ísafjarðar- og Strandaprófastsdæmi.
4. Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi.
5. Eyjafjarðar-, Suður-Þingeyjar- og Norður-Þingeyjarprófastsdæmi.
6. Norður-Múla-, Suður-Múla- og Austur-Skaftafellsprófastsdæmi.
7. Vestur-Skaftafells-, Rangárvalla- og Árnesprófastsdæmi.

3. gr.

Í hverju hinna 7 kjördæma eru kosnir tveir kirkjuþingsmenn, einn prestur og einn leikmaður.

4. gr.

Prófastar og þjónandi prestar, er ábyrgð hafa á prestakalli innan hvers kjördæmis, kjósa úr sínum hópi einn kirkjuþingsmann fyrir kjördæmið.

5. gr.

Sóknarnefndarmenn og safnaðarfulltrúar hvers kjördæmis kjósa úr sínum hópi einn kirkjuþingsmann fyrir kjördæmið.

6. gr.

Kjörstjórn skipa biskupinn í Reykjavík, sem er formaður kjörstjórnar, einn maður tilnefndur af kirkjuráði og einn maður tilnefndur af ráðherra þeim, er fer með kirkjumál, og skal hann vera lögfræðingur.

7. gr.

Kosningarnar eru skriflegar og leynilegar. Kjörstjórn sendir þeim, er kosningarrétt eiga, nauðsynleg kjörgögn, svo sem kjörseðil með línu fyrir nafn og heimilisfang, óutanáritað umslag, eyðublað fyrir yfirlýsingu kjósandans um, að hann hafi kosið, og loks umslag með utanáskrift kjörstjórnar. Kjósandi ritar nafn þess, sem hann vill kjósa, á seðilinn og setur hann í óutanáritaða umslagið og lokar því, útfyllir eyðublaðið og undirritar, og setur því næst öll kjörgögn í umslagið með utanáskrift kjörstjórnar og sendir það í pósti.

Kjörgögn til presta og leikmanna skulu vera sín með hvorum lit, auðþekkjanleg sundur. Prenta skal á kjörseðil eða eyðublað stutta leiðbeiningu um það, hvernig kosningin er framkvæmd.

Kjörgögn skulu send út í 1. viku septembermánaðar, en talning atkvæða fer fram í 1. viku desembermánaðar. Eru þau atkvæði ógild, er berast til kjörstjórnar eftir að fundur hefir verið settur til upptalningar.

8. gr.

Kjörstjórn úrskurðar, hverjir eigi kosningarrétt.

9. gr.

Kjörstjórn telur atkvæði og úrskurðar kosningarnar. Rétt kjörinn við báðar kosningarnar er sá, er flest fær atkvæði. Fái fleiri en einn jöfn atkvæði, sker hlutkesti úr.

Úr hópi leikmanna eru þrír þeir, er næst atkvæðamagn hlutu í hverju kjördæmi, varamenn, í þeirri röð, sem atkvæðamagn segir til, enda skeri hlutkesti úr, ef jöfn eru atkvæði.

Kjörstjórn sendir kirkjuþingsmönnum kjörbréf og varamönnum skírteini um það, að þeir séu 1., 2. eða 3. varamaður í því kjördæmi.

10. gr.

Kjörtímabil allra kirkjuþingsmanna er 6 ár. Ef kirkjuþingsmaður úr hópi leikmanna andast á kjörtímabilinu eða forfallast varanlega, taka varamenn þess kjördæmis við eftir röð. En andist kirkjuþingsmaður úr hópi presta eða kennara guðfræðideildar eða forfallist varanlega á kjörtímabilinu, skal kjósa í hans stað fyrir það, sem eftir er af kjörtímabilinu. Fer sú kosning fram með sama hætti, nema hvað hún er ekki bundin við ákveðinn tíma árs, heldur skal senda kjörgögn út eins fljótt og við verður komið og telja atkvæði eins fljótt og fært þykir, þannig, að allir eigi kost á að koma atkvæði sínu til skila. Skal kjörstjórn skýra frá því greinilega, hvenær talið verður.

11. gr.

Í guðfræðideild háskólans kjósa prófessorar og dósentar deildarinnar einn kirkjuþingsmann úr sínum hópi á deildarfundi. Fer kosningin fram í síðustu viku nóvembermánaðar og tilkynnist þegar kjörstjórn, en hún sendir kjörbréf þeim, sem kosningu hlaut.

12. gr.

Auk kjörinna kirkjuþingsmanna á biskup sæti á kirkjuþingi og er sjálfkjörinn forseti þess. Ef fleiri eru biskupar en einn, eiga þeir þar sæti, en biskupinn í Reykjavík er forseti. Kirkjuráðsmenn eiga og sæti á kirkjuþingi.

13. gr.

Kærur út af kosningu til kirkjuþings skulu sendar kjörstjórn eigi síðar en svo, að komnar séu í hendur hennar áður en kirkjuþing kemur næst saman. Leggur hún þær fyrir kirkjuþing á fyrsta fundi. Úrskurðar kirkjuþing með atkvæðagreiðslu, hvort kosning skuli tekin gild, bæði þeirra, sem kært er yfir, og annara. Þeir, sem kært er yfir, eiga fullan kirkjuþingsmannsrétt meðan úrskurður er ekki fallinn, enda skal úrskurðum um alla kirkjuþingsmenn lokið ekki síðar en á 3. fundi kirkjuþings.

14. gr.

Kirkjuþing kýs sér 1. og 2. varaforseta, svo og tvo skrifara í upphafi hvers kirkjuþings.

15. gr.

Þann tíma, sem kirkjuþingsmenn eru í Reykjavík vegna kirkjuþings, hafa þeir dagpeninga, 15 kr. á dag, auk uppbótar eins og ákveðin er starfsmönnum ríkisins. Kirkjuþing kýs 3 manna nefnd, er úrskurðar þingfararkaup hvers kirkjuþingsmanns, enda skal enginn fá dagpeninga lengur en svo, að hann komi til þings eins seint og fari af þingi eins fljótt og sanngjarnlega verður krafizt vegna starfa hans á þinginu og allra aðstæðna. Auk þess skal greiða ferðakostnað kirkjuþingsmanna með 2000 kr., og úthutar kirkjuþing þeirri fjárhæð milli kirkjuþingsmanna, að fengnum tillögum þingfararkaupsnefndar.

16. gr.

Kirkjuþing getur tekið fyrir, rætt og gert ályktanir um öll þau mál, er varða hina íslenzku þjóðkirkju, bæði kirkjuna í heild og einstaka söfnuði. Hefir hver kirkjuþingsmaður rétt til að bera fram hvert það mál, er hann óskar að fá tekið til meðferðar. Kirkjuþing getur afgreitt mál sín í frumvarpsformi eða ályktunar og sent þau eftir vild ríkisstjórn eða Alþingi, synódus eða kirkjuráði.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Meiri hluti milliþinganefndar þeirrar í kirkjumálum, sem sat á rökstólum 1904—1906 og samdi margvíslega kirkjulöggjöf, bar fram frumvarp „um kirkjuþing fyrir hina íslenzku þjóðkirkju". Frumvarp þetta varð ekki að lögum, enda hygg ég, að á því hafi verið ýmsir smíðagallar, að minnsta kosti frá sjónarmiði nútímans. En hugmyndin um kirkjuþing hefir ekki fallið niður. Hefir Prestafélag Íslands m. a. beitt sér fyrir þessu máli og haft það til meðferðar í nefndum og á fundum. Málið er því töluvert undirbúið og mikið rætt. Mér þótti því rétt, að mál þetta kæmi nú fyrir Alþingi.

Ég ætla ekki að eyða löngum tíma til þess að ræða almennt um þörf kirkjuþings. Reynslan sker bezt úr því máli. Hver starfsgrein hefir talið nauðsynlegt að eiga slíkan vettvang, og kæmi ekki til hugar að hætta því. Vil ég nefna þar sem dæmi landbúnað og sjávarútveg, sem eiga sín þing, vel skipuð og hinar mestu lyftistengur fyrir þessar starfsgreinar. Spurningin um það, hvort Alþingi telur rétt, að kirkjan eigi sitt þing, er því spurning um það, hvort Alþingi telji starf kirkjunnar svo mikilsvert, að það vilji veita henni þá mikilsverðu aðstoð, að gera henni kleift að halda reglulegt þing um málefni sín og setja fastar reglur um slíkt þinghald.

Starf kirkjunnar er og verður jafnan svo sérstætt, að persónulegar skoðanir einstakra þingmanna á mikilvægi þess málefnis hljóta að ráða miklu um afstöðu þeirra til slíks máls sem þessa. Skal ég ekki í þessari greinargerð reyna að hafa áhrif á skoðanir þingmanna í þeim efnum, en hygg þó, að þeir séu ekki fáir, sem vita vel og finna, ekki síst á þeim tímum, sem nú ganga yfir heiminn, að þess væri óskandi, að það starf væri unnið með sem mestum árangri.

En auk sjálfrar boðunar kristindómsins, sem að sjálfsögðu verður jafnan að vera aðalstarf kirkjunnar, býst ég við, að flestir verði að játa, að kirkjan er og hefir verið langsterkasta aflið í þjóðfélaginu til verndunar og eflingar fjölmargra þeirra verðmæta, sem þjóðin má síst glata, verðmæta, sem ef til vill hafa sjaldan verið í meiri hættu en nú. Jafnt eldri sem yngri eru nú umkringdir margvíslegum öflum, sem ekki þurfa öll að vera svo skaðleg í sjálfu sér, en eru þó þannig vaxin, að þeim þarf að mæta með festu og ró. Lífsskoðanir, sem stefna að upplausn margs þess, sem hingað til hefir verið talið til mestu verðmæta þjóðarinnar, keppa ekki síst um hugi unga fólksins. Og því verður ekki heldur neitað, að efnahagsstarfsemin, sem í sjálfu sér er ekki ástæða til að aftra, er að heltaka svo hugina, að hætta er á, að hún setjist ein að völdum, en þá er vissulega mörgu öðru verðmætinu hætt.

Ég hefi hér nefnt fátt eitt og með mjög almennum orðum, sakir þess að annað myndi verða of rúmfrekt. En því hygg ég, að ekki verði neitað, að öflug og heilbrigð kirkja sé nú, meira en nokkru sinni, orðin að lífsnauðsyn, frá hreinu þjóðhagslegu sjónarmiði, þó að ekki væri á annað litið. Því að hvað stoðar góður þjóðarhagur og efnaleg velgengni, ef sjálf verðmætin í mönnunum spillast eða glatast?

Einhver kynni nú að svara því, að kirkjan eigi sitt þing, þar sem er prestastefnan, synodus. En þetta er ekki rétt. Prestastefnunni er þannig varið, að hún getur alls ekki innt af hendi þetta starf. Engin aðstaða er sköpuð til þess, að hún sé jafnt sótt hvaðanæva af landinu, heldur eru það aðallega þeir, sem í nánd búa, er hana geta sótt, enda þótt margir prestar hafi sýnt hinn mesta áhuga og mikla fórnfýsi til þess að koma þangað. En aðalgallinn á prestastefnunni sem kirkjuþingi er þó sá, að þar koma eingöngu prestar saman, en fulltrúa leikmanna vantar, og það er misskilningur, að kirkjan sé prestarnir einir, þó að þeir séu aðalstarfsmenn hennar. Prestastefnan er samkoma prestanna, þar sem þeir ræða sín mál sérstaklega, hvetja hver annan og uppbyggjast í nánum samvistum. Það er sjálfsagt, að hún haldi áfram eins og verið hefir, hvað sem kirkjuþingi líður. En kirkjuþingið á að vera fulltrúasamkoma, fámenn, en skipuð fulltrúum jafnt alstaðar að af landinu, áhugasömum leikmönnum og prestum, og það á að taka sérstaklega til meðferðar, ef svo mætti segja, umgjörð starfsins, athuga kirkjulöggjöf og fyrirkomulag allt og vera ráðgefandi í öllum þeim efnum. Kirkjustjórn og Alþingi fjalla svo um þessi mál, og fá með þessum undirbúningi og þessu frumkvæði miklu betri aðstöðu til þess að gera þeim málum þau skil, er að verulegu gagni megi verða.

Um einstakar greinar frumvarpsins er þetta að segja:

Um 1. gr. Hér er svo ákveðið, að kirkjuþing komi saman annaðhvert ár, og ætti það að vera nægilegt. Tíminn, 14 dagar, er að vísu alltakmarkaður, en ætti þó að duga, ef mál eru vel undirbúin. Ef kirkjuþing hefir til meðferðar eitthvert eða einhver mál, sem kirkjumálaráðherra telur nauðsynlegt, að afgreidd verði, en geta ekki að fullu lokizt á þessum dögum, getur hann framlengt starfstímann eitthvað.

Um 2. gr. Í frumvörpum þeim, sem áður hafa verið rædd í Prestafélaginu, hefir verið talað um 10 kjördæmi og 21 kirkjuþingsmenn. Voru kjördæmin þar ákveðin þannig, að ekki var fylgt prófastsdæmum, heldur reynt að fá þau sem jöfnust. En menn hafa frekar óskað, að prófastsdæmin væru óskert, og hefi ég því lagt hér til að hafa kjördæmin aðeins 7 og 15 kirkjuþingsmenn, og virðist þá fást ekki svo óeðlileg skipting, þó að nokkru muni um mannfjölda, og sömuleiðis fjölda prestakalla. Landfræðilega fæst þannig sæmileg skipting. Þetta leiðir og til minni kostnaðar. Og þar sem kirkjuþingi er ekki ætlað annað vald en ráðgefandi, verður ekki séð, að nokkur munur kjördæma skipti verulegu máli. Ég set hér töflu, er sýnir nokkurn-

veginn skiptinguna. Tala sóknarnefndarmanna og safnaðarfulltrúa er þó aðeins áætluð, þar sem engar skýrslur eru til um þá.

	Mannfjöldi	Tala presta	Tala sókna	Tala sóknarnefnda og safnaðarfulltr. ca
1. kjördæmi	46975	11	18	90
2. —	9769	16	46	210
3. —	13045	21	41	190
4. —	7590	15	40	185
5. —	19361	16	46	210
6. —	10111	17	35	160
7. —	13413	18	50	225
Samtals	120264	114	276	1265
Meðaltal	17180	16,3	39,4	181

Hvergi er því mjög langt frá meðaltali, nema helzt í 1. kjördæmi, en þeir, sem þaðan mæta, eru líka fulltrúar fyrir mikið yfir ⅓ allra landsmanna.

Um 3. gr. Ákvæði þessarar greinar tel ég mjög mikils virði um samsetning þingsins, því að hér er ákveðið, að fast hlutfall skuli vera milli tölu presta og leikmanna. Eru þeir jafnmargir kjörnir. Þá bætist svo við fulltrúi guðfræðideildar, sem er að vísu jafnan guðfræðingur, en ekki í tölu þjónandi presta og getur verið leikmaður. Loks er svo biskup eða biskupar, sem eru yfirmenn kirkjunnar allrar og kirkjuþingsmenn, kjörnir úr hópi presta og leikmanna allrar kirkjunnar. Hér er sniðinn burt mesti galli frv. frá milliþingan. 1904—'06, þar sem ekkert var um þetta, og gat farið svo, að kirkjuþing sætu prestar einir.

Um 4. gr. Ekkert.

Um 5. gr. Hér er svo ákveðið, að kirkjuþingsmenn úr hópi leikmanna verði kosnir af sóknarnefndarmönnum og safnaðarfulltrúum, og að þeir einir séu kjörgengir. — Um þennan kosningarrétt er það að segja, að almennar kosningar væru allt of kostnaðarsamar, en sóknarnefndir og safnaðarfulltrúar eru á hinn bóginn kosnir almennt og eru því ágætir kjörmenn, enda má vænta, að til þessara starfa veljist áhugamennirnir í hverri sókn. Og um kjörgengið virðist alveg eðlilegt, að einmitt þessir sömu menn, sem allar sóknir landsins hafa kosið úr leikmannahópi til þess að fara með mál sín, verði einir kjörgengir til kirkjuþings. Þetta myndi líka auka áhuga fyrir sóknarnefndarkosningum, og þeir, sem þar starfa, eru vel að því komnir að vera einir kjörgengir til kirkjuþings. Hér er ekki heldur um neinn þröngan hóp að ræða, heldur talsvert á 2. þúsund manns.

Um 6. gr. Kjörstjórn verður að vera ein, jafnvel þótt biskupsdæmi væru fleiri, og er hún bezt sett í Reykjavík.

Um 7. gr. Kosningin er langeinföldust þannig, enda farin að tíðkast töluvert.

Um 8. gr. Ekkert.

Um 9. gr. Hér er ákvæði m. a. um varamenn í hópi leikmanna sakir þess, að þeir eru svo margir, að kosning er þar nokkuð umsvifamikil, og er þá bezt að hafa varamenn svo marga, að ekki sé hætta á, að í þrot komist. Það er hvort sem er útlátalaust að gefa mönnum þau skírteini, sem um ræðir.

Um 10. gr. Kjörtíminn er til þriggja kirkjuþinga, og virðist það eðlilegast.

Þá sýnist ekki ástæða til að hafa varamenn fyrir þá presta, sem kosnir eru, því að kosningin er svo einföld og fyrirhafnarlítil, en ekki fjarri sanni, að eitthvað gæti þeirra breytinga, sem verða kunna á 6 árum. Þetta er þó vitanlega álitamál og skiptir litlu.

Um 11. gr. Í þennan fámenna hóp virðist þetta einfaldast.

Um 12. gr. Um ákvæði þessarar greinar gæti orkað tvímælis. Þó sýnist rétt, að biskup (biskupar) sé kirkjuþingsmaður sjálfkjörinn vegna þess, að hann er nálega eini maður landsins, sem ekki kæmist þangað að öðrum kosti. Að vísu væri það engin fjarstæða, að biskup ætti þar sæti án þess að vera kirkjuþingsmaður og hefði

þá ekki atkvæðisrétt. Væri það í samræmi við það, að ráðherra situr á þingi án þess að vera þingmaður. En ef biskup er þingmaður, virðist eðlilegt, að hann sé forseti þingsins.

Sama má segja, ef biskupar eru tveir, að orka má tvímælis um forsæti kirkjuþings. Hér er ákveðið, að það sé biskup staðarins, þar sem kirkjuþing er haldið, en er ekkert aðalatriði.

Um kirkjuráðsmenn er hér ákveðið, að þeir eigi sæti á kirkjuþingi. Þeir verða að eiga þar sæti til þess að fylgjast sem bezt með störfum þingsins, og þess er að vænta, að til kirkjuráðs veljist jafnan menn, er gætu orðið ágætir liðsmenn á kirkjuþingi.

Um 13. gr. Ekkert, nema það, að rétt virðist að setja þröngan frest um að úrskurða kærur.

Um 14. gr. Ekkert.

Um 15. gr. Hér er álitamál eins og um aðrar greiðslur. Er þetta sniðið eftir þingfararkaupi alþingismanna, en þó það þrengra, að aðeins er greitt fyrir dvalardaga í Reykjavík og ferðakostnaður takmarkaður mjög þröngt. Kostnaður yrði mjög lítill árlega. Kostnaðaráætlun mætti gera á þessa leið: Þingfararkaup 3000—4000 kr., ferðakostnaður 2000 kr. og annar kostnaður 1000 kr., eða 6000—7000 kr., annaðhvert ár.

Um 16. gr. Störf kirkjuþings er ekki unnt að takmarka á neinn hátt, nema við kirkjumál. Yrði reynslan að skera úr, hvort nánar væri unnt að ákveða þetta.

Ed. 48. Frumvarp til laga

um biskupsdæmi þjóðkirkjunnar.

Flm.: Magnús Jónsson.

1. gr.

Tveir skulu vera biskupar í hinni evangelísk-lútersku þjóðkirkju á Íslandi. Situr annar í Reykjavík, og nefnist hann Skálholtsbiskup, en hinn á Akureyri, og nefnist hann Hólabiskup.

2. gr.

Skálholtsbiskup hefir stjórn og yfirsókn um Sunnlendingafjórðung og Vestfirðingafjórðung, frá Austur-Skaftafellsprófastsdæmi til Strandaprófastsdæmis, að báðum meðtöldum, og er það Skálholtsbiskupsdæmi, en Hólabiskup um Norðlendingafjórðung og Austfirðingafjórðung, frá Húnavatnsprófastsdæmi til Suður-Múlaprófastsdæmis, að báðum meðtöldum, og er það Hólabiskupsdæmi.

3. gr.

Við biskupskjör skulu prófastar og prestar þess biskupsdæmis, er veita á, kjósa biskup, en auk þeirra kjósa guðfræðikennarar Háskóla Íslands í Skálholtsbiskupsdæmi. Hver kjósandi kýs einn þeirra, er rétt hafa til embættisins, og skal veita það þeim, er flest fær atkvæði. Séu atkvæði jöfn, ræður hlutkesti.

Skálholtsbiskup er forseti kirkjuráðs.

Kjörgengir til beggja biskupsembætta eru allir þeir, sem rétt hafa til prestsembættis í þjóðkirkjunni.

4. gr.

Laun Skálholtsbiskups eru 10000 kr. og laun Hólabiskups 9000 kr. á ári, auk skrifstofukostnaðar eftir því, sem ákveðið er í fjárlögum, og ferðakostnaðar eftir reikningi.

5. gr.

Biskup vígir eftirmann sinn. Ef hann getur það ekki, vígir hinn biskupinn, en ef hann getur það ekki heldur, vígir sá vígslubiskup, sem vígsluþegi kveður til þess.

Vígslubiskupar skulu hér eftir kosnir í hinum nýju biskupsdæmum, einn fyrir Skálholtsbiskupsdæmi og einn fyrir Hólabiskupsdæmi.

6. gr.

Prestastefnur verða tvær, hvor í sínu biskupsdæmi. Nánara um skiptingu á starfsviði þeirra, svo og önnur atriði, sem leiðir af breytingu laga þessara, skal setja í reglugerð, að fengnum tillögum biskupa.

7. gr.

Skálholtsbiskup hefir á hendi umsjón sjóða þeirra, sem nú eru undir stjórn biskups landsins.

8. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda við næstu biskupsskipti, eða þegar núverandi biskup landsins veitir samþykki sitt til þess og tilkynnir kirkjumálaráðherra það. Skal þá þegar kjósa Hólabiskup, en núverandi biskup verður Skálholtsbiskup.

Greinargerð.

Ari segir frá því í Íslendingabók, að þegar Gizuri biskupi Ísleifssyni þótti Skálholtsstóll hafa eflzt svo sem honum líkaði, „þá gaf hann meir en fjórðung biskupsdóms síns til þess, að heldur væri tveir biskupsstólar á landi hér en einn“. Hungurvaka bætir því við, að þess „mundi von vera, að sjaldan eða aldrei mundi vera biskupslaust á landinu, ef tveir væru biskupsstólarnir“. Hér sést gróandinn í hinu unga þjóðfélagi.

Undir aldamótin 1800 er annað uppi á teningnum. Þá er eymd þjóðarinnar einhver hin mesta, sem orðið hefir. Og eitt einkenni hennar er, að kvíarnar eru færðar saman. Eftir h. u. b. 7 aldir þykir nú rétt að færa biskupsstólana saman. Það var nóg fyrir þessar leifar, sem eftir voru af þjóðinni, að hafa einn biskup, og var sú eymdarráðstöfun framkvæmd 1801.

Á síðari áratugum hefir þjóðin verið að rétta við úr kútnum og reisa úr rústum það, sem látið var falla. Skóli Norðlendinga, sem lagður var niður á sama tíma og biskupsembættið, er nú kominn aftur. Skálholtsskóli er endurreistur í Reykjavík og Hólaskóli á Akureyri. Það er forni tíminn í þeim búningi, sem nútímanum hæfir, enda er það rétt að halda við og endurreisa það, sem bezt er í fortíðinni, án þess að gerast um of þræll þess, er áður var.

Tímar þeir, sem vér lifum á, eru að ýmsu leyti umbrota- og upplausnartímar umfram flesta aðra tíma. Nýtt, bæði gott og vont, flæðir yfir land vort og þjóð. Tjáir eigi að sakast um það. En það er víst, að þjóð vor kemst því aðeins óskemmd út úr því, að sterk öfl séu á verði til þess að geyma hið góða og hrinda því vonda frá sér. Og í þeirri starfsemi á kirkja landsins að vera og getur verið eitthvert hið sterkasta afl, ef hún er efld að starfsliði og gefið það, sem hún þarf til þess að njóta sín. En meðal þess, sem kirkjan þarf, eins og hver önnur stofnun, sem vinna á mikið og vandasamt verk, er nægileg forusta. Og svo náið og lifandi verður samband biskups við presta annarsvegar og söfnuði landsins hinsvegar að vera, að óhugsandi er, að einn maður geti annað því eins og hér hagar til, hversu atorkusamur sem hann er. Þar kemur til bæði stærð landsins og stuttur tími, sem unnt er að vera á ferðinni um byggðir landsins. Kemur þetta sérstaklega niður á þeim hlutum landsins, sem fjarst eru Reykjavík, og þá einkum Austfirðingafjórðungi, sem verður um þetta eins og fleira afskiptur.

Eigi að rækja starf biskups eins vel og nú er nauðsynlegt, verður það ekki gert af einum manni búsettum í Reykjavík. Á hinn bóginn hefir biskup, búsettur á Akur-

eyri, miklu betri aðstöðu til yfirsóknar um Austfjörðu, auk þess sem umdæmi hans verður helmingi minna en umdæmi hins eina biskups er nú. Fellur þetta þá mjög vel saman, starf- og forustunauðsyn kirkjunnar og það metnaðarmál að endurreisa hinn forna Hólastól.

Um einstakar greinar frumvarpsins þarf ekki margt að ræða.

Í 1. gr. er lagt til, að hin fornu heiti biskupsstólanna séu tekin upp á ný. Mætti ef til vill kalla það fordild, úr því að ekki er ætlazt til, að biskuparnir sitji í Skálholti og á Hólum. En það sýnist þó vera meinlaust og er ekki þýðingarlaust að tengja þannig þræðina saman frá fortíðinni. Á hinn bóginn getur ekki annað komið til mála en að láta biskupana sitja í höfuðstöðum landsins, sakir samgangna og allrar aðstöðu, enda heimskulegt ósjálfstæði gagnvart fortíðinni, að fara þar ekki eftir því, sem nútíminn krefur.

Um 2. gr. Hinni fornu skiptingu er ekki haldið, og er um það hið sama að segja og um bústaðina, að þarfir nútímans verða þar að segja til. Það næði engri átt, ef tveir væru biskupar, að láta biskup Suðurlands eiga yfirsókn um Austfjörðu, þannig að hann yrði að fara margfalt lengri leið og gegnum allt hitt biskupsdæmið til þess að ná þangað, og væri auk þess störfum hlaðinn annarstaðar. Með þessari skiptingu væri Skálholtsbiskupsdæmi 14 prófastsdæmi, með 84334 íbúum, en Hólabiskupsdæmi 7 prófastsdæmi, með 35930 íbúum. Hér er því, þrátt fyrir þessa breytingu, mikill munur á.

Um 3. gr. Biskupskosningu er hér breytt í eðlilegra horf eftir venjulegum lýðræðisreglum. Ef biskupa á að kjósa, þá er einsýnt að fara þessa leið, að hver kjósi þann, sem hann óskar eftir, og ráði sú kosning.

Kirkjuráð verður eitt eftir sem áður fyrir alla kirkjuna, og þarf þá að kveða á um forseta þess. Er hér stungið upp á því, vegna þess að það er minnst breyting, að biskup sá, er í Reykjavík situr, þar sem kirkjuráð kemur saman, verði forseti þess. En annars má haga því eftir vild, t. d. láta það koma saman til skiptis í Reykjavík og á Akureyri, og sé þá sá biskup forseti, sem þar er á staðnum.

Um 4. gr. Launaákvæðin eru vitanlega álitamál. En varla sýnast boðleg lægri laun, borið saman við aðra.

Um 5. gr. Þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr. Prestastefnur verða að sjálfsögðu tvær, hvor í sínu biskupsdæmi. Nánari ákvæði um skiptingu á störfum þeirra virðist eðlilegast að setja í reglugerð, svo sem um úthlutun úr prestsekknasjóði o. fl.

Um 7. gr. Eðlilegast er, að biskup sá, er situr á sama stað og biskup landsins nú, þ. e. í höfuðstaðnum, fari áfram með stjórn þeirra sjóða, sem nú eru í umsjón hans.

Um 8. gr. Biskup sá, er nú situr, á rétt á yfirsókn um allt landið, nema hann veiti samþykki sitt til annars.

Ef til vill eru einhver fleiri atriði, sem þörf væri að taka fram í lögum þessum, en reynslan mun skera bezt úr því.

Ed. 49. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 32 3. nóv. 1915, um veitingu prestakalla.

Flm.: Magnús Jónsson.

1. gr.

Fyrsti málsl. 1. gr. laganna orðast svo:

Þegar prestakall losnar, hafa söfnuðir þess rétt til þess að kalla sér prest eins og hér segir: Prófastur kallar sóknarnefndarmenn prestakallsins saman á fund. Stjórnar prófastur fundinum, en hefir ekki atkvæðisrétt. Náist samþykki ⅔ þeirra,

er fundinn sækja, um að kalla ákveðinn prest, skal kalla saman safnaðarfund í hverri sókn prestakallsins samkvæmt 3. gr. laga nr. 36 16. nóv. 1907, og skal í fundarboði auglýsa, að fyrir fundinum liggi tillaga um að kalla þennan ákveðna prest. Ekki má taka önnur mál fyrir á þessum fundum. Verði köllunin samþykkt á öllum fundunum, er presturinn rétt kallaður. Fáist samþykki hans, skal það tilkynnt prófasti og honum send afrit gerðabóka allra fundanna og samþykki prestsins, en hann sendir biskupi, og fær presturinn þá veitingu fyrir embættinu.

Hafi ekki verið byrjaðar ráðstafanir til köllunar innan mánaðar frá því er prestakall losnar eða henni ekki lokið innan þriggja mánaða frá því er prestakallið losnaði, auglýsir biskup það með hæfilegum umsóknarfresti, og sendir jafnframt hlutaðeigandi prófasti auglýsinguna í jafnmörgum samritum og sóknir eru í prestakallinu.

2. gr.

14. gr. laganna orðast svo.:

Þegar að kosningu lokinni sendir sóknarnefnd prófasti afrit gerðabókar, umsóknargögn öll og seðlaumslögin.

3. gr.

a. Fyrsti málsl. 15. gr. laganna orðast svo: Kjörstjórn hvers prófastsdæmis skipa prófastur, sem er formaður, sýslumaður eða bæjarfógeti, þar sem prestakallið er, eða ef prestakallið er í meira en einu lögsagnarumdæmi, þá sá, þar sem meiri hluti íbúa prestakallsins er, og þriðji maður, sem ráðherra skipar til 10 ára í senn.
b. Síðasti málsl. 15. gr. orðast svo: Kjörstjórn heldur gerðabók. Að lokinni talningu atkvæða er kærufrestur fullir 3 sólarhringar. Að honum loknum sendir kjörstjórn öll kjörgögn ásamt afriti gerðabókar sinnar og kærum, ef fram hafa komið, til yfirkjörstjórnar, en hana skipa biskup, sem er formaður, og tveir menn aðrir, sem ráðherra skipar til 5 ára í senn.

4. gr.

16. gr. laganna orðast svo:

Yfirkjörstjórn úrskurðar kærur yfir kosningunni, ef fram hafa komið, og er það fullnaðarúrskurður. Ef svo miklir gallar eru á, að úrslitum hefðu getað valdið, enda hafi kært verið yfir þeim, getur yfirkjörstjórn ógilt kosningu, og fer þá fram kosning að nýju.

5. gr.

17. gr. laganna orðast svo:

Hafi engar kærur komið fram eða kærur ekki verið látnar varða ógildingu, sendir biskup skýrslu um úrslitin til ráðherra, og fær sá veitingu fyrir embættinu, sem flest fékk atkvæði. Hafi tveir eða fleiri fengið jöfn atkvæði, gerir biskup tillögu um, hvorum eða hverjum þeirra, sem jöfn fengu atkvæðin, beri að veita embættið, og veitir ráðherra embættið samkvæmt þeirri tillögu.

6. gr.

Síðasti málsl. 18. gr. laganna orðast svo: Fái umsækjandi meiri hluta greiddra atkvæða, fær hann veitingu fyrir embættinu, ella skal auglýsa embættið laust að nýju.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og skal þá fella þau inn í texta laga nr. 32 3. nóv. 1915 og gefa lögin út með breytingunum.

Greinargerð.

Í frumvarpi þessu eru gerðar tvær aðalbreytingar á lögunum um veiting prestakalla.

Fyrri breytingin er í 1. gr. og er í því fólgin að gefa söfnuðum heimild til þess að kalla prest án þess að embættinu sé slegið upp eða regluleg kosning fari fram. Tíðkast þetta mjög víða og reynist vel. Prestskosningar hér hafa oft ekki gefið góða raun. Af þeim leiðir ófrið og sundrung, sem umfram allt ber að forðast í þessum efnum, og skal hér ekki fjölyrða um það, því að ýmis dæmi þess eru alkunn. Á hinn bóginn er það í alla staði eðlilegt, að söfnuðir reyni að hafa frumkvæði að því að fá þann prest, sem þeir óska eftir. Mundu þeir þá stundum geta greitt fyrir þeim presti, sem þeir leggja áherzlu á að fá. Að vísu er ekki með þessu girt fyrir áróður og ófrið, en þó mjög dregið úr líkum til þess, þar sem ekki er um umsækjendur að ræða og frestur er stuttur. Takist á hinn bóginn ekki að sameina menn um ákveðinn prest, sem fáanlegur er, fer fram kosning. Vitanlega má hafa ýmsar aðferðir við köllun prests. Til dæmis mætti fela það sóknarnefndum einum. Þótti þó réttara, að fengið skyldi einnig samþykki safnaðarfunda til þess að tryggja það, að farið væri að vilja þorra manna.

Hin breytingin, sem gerð er í frumvarpinu, miðar að því að færa prestskosningar í líkara horf því, sem annars tíðkast um kosningar. Ef kosning á fram að fara, er bezt, að hún sé með fullu lýðræðissniði og skeri alveg úr um það, hver embættið á að hreppa.

Í 2. gr. (sbr. 3. og 4. gr.) er kærufrestur færður til, þannig að hann sé veittur eftir að talið hefir verið, því að vel getur komið fram kæruatriði við upptalninguna.

Í 3. gr. er svo ákveðið, að talning fari fram heima í prófastsdæmi, en hætt því óeðlilega fyrirkomulagi, að senda þurfi öll atkvæði til biskups. Upptalning er ekki slíkt vandaverk, að prófasti og sýslumanni sé ekki trúandi til þess.

Í 4. gr. er ákveðið, að yfirkjörstjórn, undir forsæti biskups, úrskurði kærur, ef fram koma.

Loks er svo fyrir mælt í 5. og 6. gr., að kosning skuli ráða úrslitum. Er í því farið eftir hliðstæðum kosningum, t. d. alþingiskosningum, þar sem kosning á löglega boðuðum og höldnum kjörfundi sker úr, án tillits til fundarsóknar eða þess, hvort einhver umsækjandi fær ákveðið magn atkvæða. Núgildandi ákvæði eru ekki annað en leifar frá þeim tímum, er reynt var að sameina hvorttveggja, kosningu og veitingu af hálfu kirkjustjórnar.

Nd. 50. Nefndarálit

um frumv. til l. um breyt. á l. nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta, sem borið er fram samkv. 23. gr. stjórnarskrárinnar til samþykkis samhljóða bráðabirgðalögum frá 22. ágúst 1940, og leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 3. marz 1941.

Sveinbjörn Högnason, form.	Jón Pálmason, fundaskr.	Stefán Stefánsson, frsm.
Skúli Guðmundsson.	Haraldur Guðmundsson.	

Ed. 51. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 60 11. júní 1938, um húsmæðrafræðslu í sveitum.

Flm.: Páll Hermannsson, Einar Árnason, Bernharð Stefánsson,
Þorsteinn Þorsteinsson, Ingvar Pálmason.

1. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður greiðir ¾ alls stofnkostnaðar, eftir því sem fé er veitt í fjárlögum eða Alþingi heimilar, að ríkissjóður taki að sér af stofnskuldum skólanna, eftir að lög þessi eru komin í gildi.

Þegar ríkissjóður greiðir stofnstyrk, má aðeins verja því fé til húsabóta og annara umbóta á skólasetrinu, í samráði við kennslumálaráðherra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumv. þetta var flutt á síðasta þingi og fylgdu því þá svo hljóðandi athugasemdir:

„Frv. þetta fer fram á það, að húsmæðraskólarnir verði látnir búa við sömu kjör og héraðsskólarnir um þátttöku ríkissjóðs í stofnkostnaði.

Þegar rætt var um það á síðasta Alþingi að auka framlag ríkissjóðs úr ½ í ¾ af stofnkostnaði héraðsskólanna, var sérstaklega bent á þrjú atriði, er réttlættu þessa breytingu og gerðu hana jafnframt nauðsynlega:

1. Að aukin verkleg kennsla krefði mun meira og dýrara húsrúm.
2. Að skólarnir þyrftu að geta orðið gististaðir yfir sumartímann, en af því leiddi allmikinn aukastofnkostnað.
3. Að á skólunum hvíldu nú skuldabyrðar, sem þeim væri um megn að rísa undir.

Allar hinar sömu ástæður eru fyrir hendi um húsmæðraskólana. Verklega námið er og hefir frá byrjun verið aðalnámið þar. Og það er staðreynd, að verklegt nám þarf tvöfalt eða jafnvel margfalt húsrúm á við bóklegt. Auk þess meiri og fjölbreyttari kennslukrafta. Húsmæðraskólarnir sumir eru nú þegar nauðsynlegir gististaðir á sumrum, og verða það sennilega framvegis. Á nokkrum þessara skóla hvíla þungar skuldir, og allir hafa þeir margvíslegar vaxtarþarfir, sem úr þarf að bæta í framtíðinni.

Það hlýtur því að verða lágmarkskrafa fyrir hönd húsmæðraskólanna, að eigi verði þeir settir skör lægra héraðsskólunum um fjárframlög úr ríkissjóði. Á hitt mætti jafnframt benda, að bændaskólarnir eru að öllu leyti reistir og reknir fyrir ríkisfé. Slíkt er vel farið. Starf bóndans er það vandasamt og jafnframt mikilsvert fyrir þjóðfélagið í heild, að sem bezt þarf að vanda uppeldi og uppfræðslu bændaefnanna. En mundi ekki hið sama þurfa að eiga sér stað um húsmæðraefnin? Er starf húsmóðurinnar, móður komandi kynslóða, minna vert?

Hvað sem um þetta er, þá gæti það varla talizt fjarstæða að leggja að jöfnu bænda- og húsmæðraskólana, þótt ekki sé þess krafizt hér.

Ekki verður með neinni vissu um það sagt, hver útgjaldaauki ríkissjóði mundi stafa af samþykkt þessa frv. Það fer mjög eftir því, hversu margir húsmæðraskólar rísa upp í sveitum landsins framvegis. En hitt má fullyrða, að kostnaðaraukinn við þá húsmæðraskóla, sem nú þegar eru til, mundi verða vel viðráðanlegur.

Nánar í framsögu."

Nd. 52. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 26 frá 13. jan. 1938, um bændaskóla.

Flm.: Eiríkur Einarsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist þannig:

Þar til öðruvísi verður ákveðið, skulu vera þrír skólar á landi hér, er veita bændaefnum nauðsynlega sérþekkingu til undirbúnings stöðu þeirra. Skal einn skólinn vera á Hólum í Hjaltadal, annar á Hvanneyri í Borgarfirði og hinn þriðji á undirlendi Suðurlands. Ákveður Búnaðarfélag Íslands þeim skóla stað samkvæmt tillögum Búnaðarsambands Suðurlands. Við það staðarval ber einkum að gæta þess, að skólinn verði vel í sveit settur og miklir og fjölbreytilegir möguleikar fyrir hendi til nauðsynlegra starfa og tilrauna á slíkum skóla. Einnig skal þess gætt, að jörð, sem nú er í ríkiseign, verði, að öðru jöfnu, valin til þessarar hagnýtingar. — Allir þessir skólar nefnast bændaskólar.

2. gr.

Í stað orðanna „Við hvorn skóla“ í byrjun 1. málsgr. 4. gr. laganna komi: Við hvern skólanna — og í stað orðanna „hvorum skóla“ í 3. málsgr. sömu lagagr. komi: hverjum skólanna. Ennfremur komi í stað orðanna „Í hvorum skóla“ í 1. málsgr. 5. lagagr.: Í hverjum skóla.

3. gr.

Á eftir 13. gr. laganna komi ný gr. (14. gr.), og breytist greinatalan síðan samkvæmt því. Lagagrein þessi hljóði svo:

Eftir að lög þessi öðlast gildi, skal skóla Suðurlandssvæðisins valinn staður án undandráttar, og verði skólinn síðan reistur á kostnað ríkisins, svo fljótt sem unnt verður, og fé veitt til þess í fjárlögum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þegar stofnað var til búnaðarskóla hér á landi, síðari hluta 19. aldar, hefði réttmætt verið, að sá fyrsti þeirra fengi bólfestu á Suðurlandsundirlendinu, sem er meginhluti þess landsfjórðungs, er með mestum blóma er alls Íslands fyrir landskosta sakir o. fl., svo sem í Landnámu segir. Þannig áleizt það í öndverðu Íslandsbyggðar og svo er það enn í dag. — Suðurlandssvæðið er langmest og víðlendast allra samfelldra byggðarlaga þessa lands og náttúran hefir búið það þeim kostum og skilyrðum til þróunar, er lengi munu endast.

Eigi bændaskóli að njóta sín, þarf kennslan að vera góð, skólajörðin stór og fjölbreytt, svo að aldrei skorti verkefni, og skólinn þarf ennfremur að vera þannig í sveit settur, að menningaráhrifa hans gæti sem bezt og á meðal margra; en til þess að svo megi verða, á hann að vera í miklu byggðarlagi og liggja þannig við þjóðvegum, að greitt sé til heimsókna, laðandi og örvandi til manndóms og nytsamra verka. Án slíkra áhrifa svarar bændaskóli eigi tilgangi sínum.

Þegar á þetta er litið, hefir nú nokkur skipun komizt á, er lögfestur hefir verið bændaskóli nálægt miðbiki Norðurlands, að Hólum í Hjaltadal, og annar í hinu blómlega Borgarfjarðarhéraði, að Hvanneyri. En mikið skortir þó á, meðan Suðurland er sett hjá. Er of mikið umburðarlyndi að una því, og leiðrétting þess málefnis er slíkt sanngirnis- og nauðsynjamál, að treysta verður því, að sú leiðrétting fáist greiðlega með samþykkt frumvarps þessa.

Hinar miklu áveitur austanfjalls, Mjólkurbú Flóamanna og dugur bænda þar eystra víðsvegar um sveitir til margskonar búnaðarframkvæmda er nóg til að sýna það og sanna, að héraðið og íbúar þess eru vel að því komnir að fá bændaskóla á meðal sín, þar sem verkefnin eru þrotlaus og því treyst, að enn megi betur verða.

Nú, er þjóðin hefir vaknað til vitundar um það, að sveitirnar þurfi að blómgast og byggjast betur en orðið er, ef vel á að fara, virðist köllunartími vasklegrar og hagnýtrar bændamenningar kominn. Þetta ætlunarverk verða bændaskólarnir að inna af höndum sem forverðir stéttar sinnar. — Skólar landsins eru að vísu margir og dreifimenntun í algleymingi með ýmsum áhrifum, góðum og illum. Bændaskólarnir vinna markvíst til beinna þjóðþrifa; því á stofnun þeirra og aðhlynning að vera í fyrirrúmi þar, sem mest verkefni eru fyrir hendi. Á þeim rökum er frumvarp þetta reist.

Það verður að teljast réttmætt og bezt á því fara, að Búnaðarsamband Suðurlands ráði mestu um staðarvalið með lokaákvörðun Búnaðarfélags Íslands. Á að vera óþarft að kvíða þar ágreiningi. Er nógu úr að velja. Þykir og hentugt, að jörð, sem nú er eign ríkisins, verði tekin til þessara nota. Þær eignir eru nú orðnar margar og góðar þar í austursveitum.

Þó að skólastofnun þessi sé aðkallandi, má að vísu búast við einhverjum drætti á framkvæmdum vegna hernaðarástandsins, og þannig er nú um svo margt, er gera þarf. En undirbúningurinn er jafnsjálfsagður fyrir því, í trausti þess, að fyrr en varir kunni að greiðast úr þeim vanda.

Ed. 53. Nefndarálit

um frv. til l. um framlenging á gildi l. nr. 66 11. júní 1938, um vörugjald fyrir Vestmannaeyjakaupstað.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin mælir með því, að frv. þetta verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 5. marz 1941.

Magnús Jónsson, form.	Erl. Þorsteinsson, fundaskr., með fyrirvara.	Bernh. Stefánsson, frsm.

Sþ. 54. Tillaga til þingsályktunar

um að gerð séu sprengjuheld loftvarnabyrgi og aðrar loftvarnaráðstafanir.

Flm.: Brynjólfur Bjarnason, Einar Olgeirsson, Ísleifur Högnason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um það nú þegar við bæjarstjórn Reykjavíkur og þær aðrar bæjarstjórnir, þar sem ástæður þykja til, að gerð séu sprengjuheld loftvarnabyrgi, svo og að hert sé á framkvæmd annara nauðsynlegra aðgerða vegna loftárásarhættunnar.

Greinargerð.

Það mun engum blandast hugur um það lengur, að loftárásarhættan hér á landi fer vaxandi. Hinsvegar er langt frá því, að loftvarnamálum vorum sé enn komið í það

lag, sem hægt væri að koma þeim í. Mesta áhugamál almennings er eðlilega að fá komið upp sprengjuheldum loftvarnabyrgjum. Það kostar að vísu mikið fé, en ekki dugar að láta það verða því að fyrirstöðu, að fjölda mannslífa verði bjargað, ef auðið er að gera það. Þessi tillaga fer því fyrst og fremst fram á, að gerð séu þessi sprengjuheldu byrgi. Því hefir þegar verið frestað of lengi, en betra er þó, að nú sé hafizt handa, þótt þeim héðan af yrði vart komið upp fyrir hugsanlegar loftárásir í vor. En því miður er útlit fyrir, að einnig síðar meir væri þörf fyrir slík byrgi hér.

En þar að auki er enn mikið starf að vinna í loftvarnamálum, svo sem að koma upp nægum sjúkrahúsum, skipuleggja möguleika á brottflutningum úr bæjum, koma upp vegum, vistabúrum og öðru í því sambandi o. s. frv.

Allt kostar þetta fé, sem ríkið verður að leggja fram til móts við bæina.

Auðvitað verður að gera þá kröfu, að hið brezka herlið, sem tekið hefir landið hernámi, beri kostnaðinn við allt þetta, af því það eru beinar afleiðingar af hernáminu. En það dugar ekki að bíða með framkvæmdir þar til samningar eru fengnir um það.

Íslenzka ríkið verður sjálft að hefjast handa til að sjá þegnum sínum eins vel fyrir öryggi í þessum efnum og í þess valdi stendur. Er það tilgangur þessarar tillögu, að Alþingi heröi á ríkisstjórninni um slíkt og veiti henni þar með réttinn til að verja fé þjóðarinnar í þessu skyni eftir þörfum.

Nd. 55. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

Flm.: Ísleifur Högnason, Einar Olgeirsson.

1. gr.

Á 1. gr. laganna séu gerðar eftirfarandi breytingar:

1. Við II. flokk — 7. kafla.
   a. 1. liður (kartöflur). Í stað vörumagnstolls 200 komi: 50.
   b. 3. liður (laukur). Í stað verðtolls 30% komi: 5%.
   c. 11. liður (baunir, ertur). Verðtollur fellur niður.
2. Við II. flokk — 8. kafla.
   a. 2. liður (appelsínur). Verðtollur falli burt.
   b. 6. liður (epli). Verðtollur falli burt.
3. Við II. flokk — 10. kafla.
   1.—7. liður (korn ómalað). Verðtollur falli burt.
4. Við II. flokk — 11. kafla.
   1.—15. liður (kornvörur til manneldis). Verðtollur falli burt.
5. Við IV. flokk — 17. kafla (sykur).
   1.—7. liður.
   a. Í stað vörumagnstolls 20 komi: 10.
   b. Verðtollur falli burt.
6. Við IV. flokk — 19. kafla.
   2. liður (bökunarduft). Verðtollur falli burt.
7. Við XI. flokk — 52. kafla.
   a. 1. liður (regnkápur). Verðtollur falli burt.
   b. 2. liður (sjóklæði). Verðtollur falli burt.
   c. 3. liður (önnur). Verðtollur falli burt.
8. Við XII. flokk — 54. kafla (skófatnaður).
   a. 3. liður. Verðtollur falli burt.
   b. 7. liður. Í stað verðtolls 15% komi: 5%.

c. 9. liður. Í stað verðtolls 40% komi: 5%.
d. 10. liður. Í stað verðtolls 15% komi: 5%.

9. Við XIII. flokk — 59. kafla (búsáhöld úr leir).
9. liður. Í stað verðtolls 30% komi: 10%.

10. Við XIII. flokk — 60. kafla.
a. 20. liður (hitaflöskur). Í stað verðtolls 30% komi: 10%.
b. 21. liður (búsáhöld úr gleri). Í stað verðtolls 30% komi: 10%.

11. Við XV. flokk — 63. kafla.
a. 17. liður (þakrennur). Í stað verðtolls 30% komi: 5%.
b. 18. liður (þakrennur). Í stað verðtolls 30% komi: 5%.
c. 25. liður (mjólkurbrúsar og aðrir brúsar og lok á þá stærri en 10 l.). Liðurinn falli burt.
d. 84. liður (búsáhöld og eldhúsáhöld úr járni og stáli — önnur). Í stað verðtolls 30% komi: 10%.

2. gr.

Við „Ákvæði um stundarsakir".
c-liður orðist þannig:
Meðan greidd eru hækkuð farmgjöld og vátryggingar af vörum, sem fluttar eru frá erlendum höfnum til Íslands, vegna styrjaldarástands, skal við útreikning verðtolls draga svo háa hundraðstölu frá þessum gjöldum sem hækkuninni nemur.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þó að hér verði eigi reynt að gera verðlagsvísitölur kauplagsnefndar sennilegri en þær eru almennt skoðaðar, mun óhætt að nota þær sem sönnun þess, að dýrtíð fari hér stöðugt vaxandi. Eigi aðeins alþýða landsins, heldur og leiðtogar flokka þeirra, sem ríkisstjórnina styðja, hafa ótvírætt látið það álit uppi, að stemma beri stigu við áframhaldandi vexti dýrtíðarinnar. Ein aðalorsök þessarar dýrtíðar er hækkun sú á verðtolli, sem haustþingið 1939 samþykkti. Við, sem þetta frumvarp flytjum, greiddum atkvæði gegn tollskránni, og hafi tollahækkun sú, sem þá var gerð, þá verið ósanngjörn, er hún nú orðin óþolandi og með öllu óþörf.

Í stað þess að taka tekjur ríkisins af neyzluvörum fólks og skerða á þann hátt æ meir hinn skarða hlut þeirra fátækustu, er rétt og sanngjarnt að taka þessar tekjur af þeim óhemjugróða, sem örfáir fjárbrallsmenn hafa mokað saman í skugga og skjóli múgmorða þeirra, sem nú eru framin í Evrópu.

Frumvarp okkar fer ýmist fram á lækkun til stórra muna eða niðurfelling verðtolls á helztu nauðsynjavörum almennings og myndi, ef samþykkt næði, lægja dýrtíðina allverulega.

Þá má geta þess, að þegar tollskráin var samþykkt, var í niðurlagi hennar sett ákvæði til bráðabirgða, þar sem fjármálaráðherra var heimilað að draga frá farmgjöldum svo háa hundraðshluta sem hækkun gjaldanna nemur af völdum ófriðarins. Heimild þessi hefir ekki verið notuð, sem einhverjir þingmanna hafa þó ef til vill ætlazt til, að yrði.

Þess vegna gerum við tillögu um breytingu á þessu bráðabirgðaákvæði, sem skyldar þennan frádrátt, en það myndi þýða talsverða linun á verðtollinum.

Að sjálfsögðu mætti gera fleiri ráðstafanir til þess að draga úr dýrtíðinni, en lækkun tolla á neyzluvörum er áreiðanlega ein öruggasta leiðin til að ná árangri, og ber að skoða undirtektir þingmanna undir frumvarp þetta sem prófstein á heilindi þeirra, sem segjast vilja reisa skorður við dýrtíðinni.

Nd. 56. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 115 frá 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis.

Flm.: Ísleifur Högnason, Einar Olgeirsson.

1. gr.

Aftan við 22. gr. laganna bætist:

Nú hefir máli verið vísað til nefndar og 2. umræðu, en nefndin ekki fjallað um málið eða skilað nefndaráliti innan 4 vikna frá því er málið var samþykkt til 2. umræðu, og skal forseta þá skylt að taka málið á dagskrá til 2. umræðu, ef flutningsmaður óskar þess.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á undanförnum þingum höfum við þingmenn sósialistaflokksins borið fram allmörg mál í báðum deildum þingsins. Afgreiðsla allra þeirra mála, sem við höfum flutt, hefir án undantekningar verið á einn veg, sem sé þann, að málunum hefir, að lokinni 1. umræðu, verið vísað til 2. umræðu og nefndar, en síðan hafa þau ekki komið fyrir þingið, sem þó er gert ráð fyrir í þingsköpum.

Þó við höfum krafið forseta um, að málin yrðu tekin fyrir til 2. umræðu, hefir það engan árangur borið.

Við göngum út frá, að þingsköp þau, sem nú gilda, séu fullýtarleg til þess að tryggja rétt minnihlutaþingflokka til þess að fá úr því skorið á Alþingi, hvernig þingmenn bregðast við málum þeim, sem minnihlutaflokkur eða stjórnarandstöðuflokkur flytur, ef meiri hluti þings og forsetar væru lýðræðissinnaðir, en eins og nú er ástatt, að mikill meiri hluti þingmanna hefir hagað sér annað hvort sem algerðir eða hálfgerðir fasistar, er réttur minnihlutaflokka fyrir borð borinn.

Í breytingartillögu þeirri, sem við flytjum, er forseti skyldaður til þess að taka mál, sem gengið hefir gegnum umræðu, til 2. umræðu, og ætti þar með að vera tryggt, að þingmenn gætu ekki skorazt undan að taka afstöðu með eða móti málum, en afstaða þingmanna til mála er nauðsynlegt að komi í ljós, þar sem lýðræði er ætlað að njóta sín.

Ed. 57. Nefndarálit

um frv. til laga um afnám l. nr. 25 9. jan. 1935, um viðauka við l. nr. 75 27. júní 1921, um stimpilgjald, og afnám 2. gr. l. nr. 91 11. júní 1938, um breyting á þeim lögum.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og mælir með því, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 5. marz 1941.

Magnús Jónsson, form., frsm.	Erl. Þorsteinsson, fundaskr.	Bernharð Stefánsson.

Nd. # 58. Frumvarp til laga

um sparisjóði.

(Lagt fyrir Alþingi 1941.)

1. gr.

Sparisjóðir hafa það markmið að taka við innlánsfé og geyma það og ávaxta á sem tryggastan hátt, svo sem nánar er fyrir mælt í lögum þessum, án þess stofnendur eða aðrir eigendur og ábyrgðarmenn hafi rétt til ágóða af rekstrarafgangi starfseminnar.

Sparisjóði má ekki nefna aðrar stofnanir eða sjóði en þá, sem fullnægja ákvæðum laga þessara, og mega engar aðrar stofnanir reka nein sparisjóðsstörf án sérstakrar lagaheimildar.

2. gr.

Ekki má stofna sparisjóði nema með leyfi ráðherra þess, er fer með bankamál, enda hafi umsagnar bankaeftirlitsmanns áður verið leitað. Stofnendur geta verið félag einstakra manna, bæjarfélag, sýslufélag og hreppsfélag, að fengnu leyfi sýslunefndar.

3. gr.

Þegar stofna á nýjan sparisjóð, ber að senda ráðuneyti því, er fer með bankamál, samþykktir sjóðsins til staðfestingar, og má sjóðurinn ekki taka til starfa fyrr en staðfesting er fengin.

Í samþykktum sparisjóðs skulu meðal annars jafnan vera ákvæði:

a. Um stofnfé, tryggingarfé og ábyrgðir.
b. Um stjórn sjóðsins og starfrækslu.
c. Um móttöku sparifjár, þar á meðal hámark innstæðu einstakra viðskiptamanna, hámark útborgana á sparifé og hvaða fresti sjóðurinn áskilur sér, um uppsögn og greiðslu á því.
d. Um vaxtagreiðslu af sparifé.
e. Um lán úr sjóðnum.
f. Um ágóða sjóðsins og varasjóð.
g. Um endurskoðun og úrskurð á reikningum sjóðsins.
h. Um hvernig samþykktum sjóðsins geti orðið breytt svo að löglegt sé.

4. gr.

Stofnendur sparisjóða eða ábyrgðarmenn, eða aðrir þeir, er lagt hafa fram fé til starfrækslu sparisjóðs, hvort heldur er stofnfé eða greitt ábyrgðarfé, mega ekki fá hærri arð eða vexti af slíku fé en 1% umfram innlánsvexti sjóðsins.

5. gr.

Í stjórn hvers sparisjóðs mega ekki vera færri en 3 menn. Stjórnin kýs sér formann.

Sé sparisjóður eign sýslu eða bæjarfélags, skal stjórnin kosin af hlutaðeigandi sýslunefnd eða bæjarstjórn með hlutfallskosningu.

Stjórn sparisjóðs, sem er eign félags einstakra manna og hefir á hverjum tíma minnst ábyrgð 20 manna í kaupstöðum eða 12 manna utan kaupstaða, enda sé lágmark ábyrgðarfjár 5 þús. kr. í kaupstöðum og 3 þús. kr. utan þeirra, skal kosin þannig, að meiri hlutinn, t. d. 2 af 3 eða 3 af 5, skulu kosnir af ábyrgðarmönnum á aðalfundi sparisjóðsins, sem haldinn skal eigi síðar en í aprílmánuði ár hvert, hinir stjórnarmennirnir skulu kosnir á sama tíma af viðkomandi bæjarstjórn eða sýslunefnd. Hlutfallskosning skal viðhöfð, ef óskað er, þegar tvo eða fleiri skal kjósa.

Nú hefir sparisjóður, sem er eign félags einstakra manna, ekki ábyrgð svo margra

manna eða svo mikið ábyrgðarfé, sem í þriðju málsgrein segir, og skal stjórn hans þá kosin af sýslunefnd eða bæjarstjórn með hlutfallskosningu.

Um kosningu í stjórn sparisjóðs, sem er eign hreppsfélags, fer sem fyrir er mælt í samþykktum sjóðsins.

Engan má kjósa í stjórn sparisjóðs til lengri tíma en 4 ára í senn. Stjórn sparisjóðs ræður starfsmenn hans og hefir umsjón með öllum framkvæmdum sjóðsins.

Tilkynna skal bankaeftirlitsmanni tafarlaust, hverjir eru kosnir í stjórn sparisjóðs og ráðnir starfsmenn hans.

Birta skal í lögbirtingablaði, hverjir séu stjórnendur sparisjóðs og starfsmenn og hverjir þeirra hafi umboð til að undirrita skuldbindingar og kvittanir fyrir sjóðinn.

Stjórnendur bera ábyrgð allir fyrir einn og einn fyrir alla á því, að ekkert af fé sjóðsins fari forgörðum fyrir hirðuleysi.

Tapist eitthvað af fé sparisjóðs fyrir handvömm eða óráðvendni sparisjóðsstjórnar eða starfsmanna eða annara, sem við hann eru riðnir, skal hlutaðeigendum skylt að bæta skaðann, ef krafizt er, og sæti þeir auk þess hegningu eins og lög standa til um sýslunarmenn hins opinbera.

6. gr.

Stjórnendur sparisjóðs og starfsmenn mega ekki sjálfir taka lán úr sjóðnum. Eigi mega þeir heldur ábyrgjast lán úr sjóðnum fyrir aðra, né reka eigin lánastarfsemi eða aðra atvinnu, er komið geti í bága við hagsmuni sjóðsins.

Sé stjórnandi eða starfsmaður sparisjóðs í stjórn annars fyrirtækis eða framkvæmdarstjóri þess, má ekki veita því fyrirtæki lán úr sjóðnum, nema sparisjóðsstjórn samþykki það einróma og bankaeftirlitsmaður leyfi það. Þó þarf ekki slíkt leyfi til að veita lán gegn veði í fasteign, enda fari lánið ásamt því, er áður kann að hvíla á eigninni, ekki fram úr $^3/_5$ matsverðs fasteignarinnar.

7. gr.

Við hvern sparisjóð skulu vera að minnsta kosti tveir starfsmenn, féhirðir og bókari.

Það skal vera aðalreglan, að eigi má greiða neina fjárhæð úr sparisjóði eða í hann, nema tveir af starfsmönnum hans eða stjórnendum séu viðstaddir, og riti þeir upphæðina tafarlaust í bækur sparisjóðsins hvor um sig. Þó má féhirðir veita móttöku greiðslum í sjóðinn án þess að annar starfsmaður sé viðstaddur, en þá skal hann sömuleiðis tafarlaust rita greiðsluna inn í bækur sparisjóðsins. Sömuleiðis getur féhirðir greitt fé úr sjóðnum gegn ávísun formanns, þótt aðrir starfsmenn séu eigi viðstaddir. Heimilt er, að stjórnendur sjóðsins hafi þessi störf með höndum.

8. gr.

Hafi féhirðir sparisjóðs þóknun úr sjóðnum fyrir starf sitt, er nemi 600 kr. eða meira, skal hann setja trygging fyrir fé því, sem honum er trúað fyrir. Bankaeftirlitsmaður ákveður fjárhæð tryggingar, að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar.

9. gr.

Við hvern sparisjóð skulu vera tveir endurskoðunarmenn, kosnir til eins árs af viðkomandi bæjarstjórn eða sýslunefnd með hlutfallskosningu. Þeir skulu rannsaka allar bækur og reikninga sparisjóðsins og gefa gætur að því, svo oft sem þörf er á, að ekkert vanti á eigur sjóðsins. Þeir hafa jafnframt eftirlit með því, að rekstur sparisjóðsins sé í fullu samræmi við samþykktir hans.

Finni endurskoðunarmenn eitthvað athugavert við reikningsfærslu eða starfrækslu sparisjóðsins, annast þeir um, að stjórn sparisjóðsins bæti tafarlaust úr því, sem ábótavant er. Taki stjórn sparisjóðs athugasemdir endurskoðunarmanna ekki til greina, eða tregðist við að bæta úr ágöllum, sem þeir telja vera á starfrækslu sjóðsins, skulu endurskoðunarmenn tafarlaust tilkynna bankaeftirlitsmanni það.

Ráðherra setur, eftir tillögum bankaeftirlitsmanns, nánari reglur um endurskoðun á reikningum og bókum sparisjóða.

10. gr.

Eftirlit með sparisjóðum annast bankaeftirlitsmaður ríkisins, og fer um það sem segir í lögum þessum og í lögum um eftirlit með bönkum og sparisjóðum.

11. gr.

Í öllum viðskiptabókum sparisjóðs skal vera prentað ágrip af lögum þessum, eftir nánari ákvæðum ráðuneytis þess, er fer með bankamál, svo og samþykktir sparisjóðsins.

Taki sparisjóður við innlögum með þeim kjörum, að hægt sé að taka út peninga af innstæðunni gegn ávísun og án þess að viðskiptabók sé sýnd, skal greinilega letrað á bókina, að hún sýni ekki ávallt rétta innstæðu og sé því ekki veðhæf.

Innstæðueigandi getur áskilið, að á áberandi stað á viðskiptabók sinni sé letrað, að hann einn, eða sá, er hann gefur skriflegt umboð til þess, geti hafið peninga úr henni.

12. gr.

Ef viðskiptabók, sem gefin er út fyrir sparisjóðsinnstæður, glatast, skal heimilt að innkalla með auglýsingu, sem prentuð sé þrisvar í röð í lögbirtingablaði, með 6 mánaða fyrirvara frá því að fyrsta auglýsingin er birt, hvern þann, sem í höndum kann að hafa viðskiptabókina, og ef enginn hefir sagt til sín áður en téður frestur er liðinn, þá má greiða þeim, sem viðskiptabókina hefir fengið, upphæðina, án þess nokkur annar, sem viðskiptabókin kann að hafa verið afsöluð, geti gert kröfu á hendur sparisjóði þeim, sem í hlut á.

Ef eigandi að viðskiptabók hreyfir ekki innstæðu sína í 15 ár samfleytt, skal ekki reikna vexti af innstæðunni framar. Ber þá að skora á eiganda að segja til sín, og skal það gert með auglýsingu á sama hátt og ef bók glatast. Ef hann gefur sig ekki fram áður en tilskilinn frestur er liðinn, er viðskiptabók hans ógild og féð ásamt vöxtum eign sparisjóðsins. Þó er stjórn sjóðsins heimilt að greiða féð, að meira eða minna leyti, ef réttur eigandi gefur sig fram innan fimm ára.

13. gr.

Af sparisjóðsinnstæðu má ekki greiða nema því aðeins, að viðskiptabókin sé sýnd, og skal upphæðin þá jafnframt skráð í hana. Þó má greiða innstæðufé gegn ávísun, ef eigandi hefir samið svo um og það er letrað á viðskiptabók hans.

Innlögum má veita móttöku, þótt viðskiptabók sé eigi sýnd. Skal þá gefin út sérstök kvittun og þess getið í kvittuninni, að hún sé ekki gild lengur en þangað til upphæðin verður rituð í viðskiptabók innstæðueiganda, en það skal gert næst þegar viðskiptabókin er sýnd í sparisjóðnum.

14. gr.

Aldrei má sparisjóður taka á móti meira innlánsfé en svo, að það, að frádregnu því, er hann á í sjóði, innistandandi í innlendum bönkum, í tryggum verðbréfum eða lánum gegn veði í fasteign, nemi 25 sinnum eigin fé sjóðsins, þar með talið stofnfé og innborgað ábyrgðarfé. Eigi má draga frá samkvæmt þessari málsgrein önnur fasteignalán en þau, þar sem lánið, ásamt því, er áður kann að hvíla á eigninni, nemur ekki meiru en ⅗ fasteignamatsverðs hennar.

Til útlána gegn sjálfskuldarábyrgð, ábyrgð héraðs eða sveitar og til fasteignaveðslána umfram 60% matsverðs má sparisjóður aldrei verja meiru en sem svarar 12½ sinnum eigin fé sjóðsins. Þar af mega sjálfskuldarábyrgðarlán aldrei nema meiru en tvisvar sinnum eigin fé sjóðsins.

Undanþegnir ákvæðum þessarar greinar eru þó sparisjóðsdeildir þeirra banka, þar sem ríkissjóður ábyrgist skil á innlánsfé.

15. gr.

Eigi má veita lán úr sparisjóði nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar sé því samþykkur og ákveði hámark lánsupphæðar.

Sjálfskuldarábyrgðarlán til einstakra manna má því aðeins veita til lengri tíma en eins árs, að borgað sé af þeim árlega, og ekki til lengri tíma en 10 ára.

16. gr.

Aldrei má sparisjóður lána einum viðskiptamanni eða fleiri viðskiptamönnum, sem eru fjárhagslega tengdir, meira en sem svarar 35% af eigin fé og ábyrgðarfé sínu. Þó getur bankaeftirlitsmaður leyft, ef sparisjóðsstjórn óskar þess einróma, að þessi upphæð megi vera allt að 50% af eigin fé og ábyrgðarfé sparisjóðsins.

Í ofangreindri lánsupphæð skal þó ekki telja:

1. Lán, veitt gegn veði í fasteign, ef það er ekki hærra en ⅗ fasteignamatsverðs.
2. Lán, veitt gegn veði í skipum, allt að 50% af matsverði.
3. Lán, sem eru tryggð með innieign í sparisjóðnum sjálfum, tryggum verðbréfum eða öðru handveði.

17. gr.

Sparisjóðir skulu, til þess að það sé tryggt, að þeir geti hvenær sem er fullnægt skyldum sínum um greiðslu á innlánsfé, eiga í sjóði, innstæðu í banka, sem ríkið ábyrgist, og í tryggum, auðseljanlegum verðbréfum minnst ⅒ af innlánsfénu. Sjóður og bankainnstæða mega þó aldrei vera minna en 7% af innlánsfénu.

Komi það fyrir, að stjórn sparisjóðs neyðist til þess að grípa til þessa fjár vegna fyrirsjáanlegra útborgana, er henni skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í samt lag aftur. Sé það ekki gert innan tveggja mánaða, skal sparisjóðsstjórn tilkynna bankaeftirlitsmanni það, sem í samráði við stjórnina ákveður, hvenær skuli í síðasta lagi búið að leiðrétta það.

Bankaeftirlitsmaður skal á hverjum tíma ákveða, hvaða verðbréf megi kaupa samkv. 14. og 17. gr.

18. gr.

Hver sparisjóður greiðir árlega 2% af nettóágóða sínum í sameiginlegan sjóð, er nefnist tryggingarsjóður sparisjóða. Framlög hvers sparisjóðs, að viðbættum árlegum vöxtum, er séreign hans í sjóðnum, og fellur gjaldskylda hans niður, þegar eign sparisjóðs í tryggingarsjóði er orðin 3% af samanlögðu innstæðufé sparisjóðsins.

Tryggingarsjóður skal geymdur í banka með ríkisábyrgð eða í auðseljanlegum verðbréfum.

Stjórn tryggingarsjóðs skipa bankaeftirlitsmaður, sem er formaður hennar, skrifstofustjórinn í ráðuneyti því, er fer með bankamál, og hagstofustjóri.

Tilgangur sjóðsins er að tryggja innstæður í sparisjóðum og greiðslur á þeim. Má hann veita sparisjóði bráðabirgðalán, gegn tryggingum, er stjórn tryggingarsjóðs metur gildar, til að fullnægja skyldum sínum um greiðslu á innlánsfé.

Hætti sparisjóður störfum, hefir hann rétt til að fá innieign sína í tryggingarsjóði greidda, og skal hún þá ganga til greiðslu á kröfum innstæðueigenda.

Reikningsár tryggingarsjóðs er almanaksárið. Reikningar tryggingarsjóðs skulu endurskoðaðir af yfirskoðunarmanni landsreikninga og birtir í stjórnartíðindum.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um starfsemi sjóðsins.

19. gr.

Innstæðueigandi skal hafa dálk í bókum sparisjóðsins, og skal þar tilgreind sú upphæð, er hann leggur í sjóðinn eða tekur úr honum. Þar skulu einnig skráðir vextir af innstæðufénu.

Sérstaka bók skal jafnan halda um lán úr sjóðnum, og skal hvert lán hafa dálk út af fyrir sig, og skal þar tilgreint um lántakanda, tryggingu, upphæð lánsins, afborganir og vaxtagreiðslur.

Halda skal skrá um eignir sparisjóðs, svo sem verðbréf o. fl. Einnig skal halda skrá um skuldunauta sjóðsins, er sýni skuldbindingar hvers og eins gagnvart sjóðnum.

Hafi sparisjóður sjálfur tekið lán hjá öðrum, skal í bókum sjóðsins vera sérstakur dálkur fyrir hverja slíka lántöku.

Ennfremur skal hver sparisjóður hafa gerðabók, er í séu skráðar ályktanir stjórnar um lánveitingar og lánsynjanir, lántökur og annað slíkt.

Ráðherra setur reglur um bókfærslu sparisjóða og ákveður fyrirmynd allra skjala.

20. gr.

Án samþykkis allrar sparisjóðsstjórnarinnar má sparisjóður ekki taka lán til annars en þess, að fullnægja skuldbindingum sínum gagnvart innstæðueigendum. Aldrei má sparisjóður taka lán, nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar hafi ákveðið það.

Nú lætur sparisjóður skuldabréf eða verðbréf að handveði til tryggingar slíkum lánum, og skal þess þá gætt, að jafnan séu í vörzlum sparisjóðsins fullgild skilríki frá lánveitanda fyrir geymslu veðsins. Skulu bækur sparisjóðsins einnig bera með sér, hvar bréfin séu geymd og hver þau séu.

21. gr.

Sparisjóður má ekki eiga aðrar fasteignir en þær, sem nauðsynlegar eru vegna rekstrar hans. Í hlutabréfum má hann ekki eiga meira en 15% af eigin fé sínu. Þó má hann yfirtaka eign, sem honum hefir verið veðsett, til þess að innheimta kröfu sína, en selja skal hann eignina strax og hann á þann hátt getur fengið kröfu sína greidda.

22. gr.

Ekki má sparisjóður gefa út handhafaávísanir á sjálfan sig.

23. gr.

Árstekjur sparisjóðs, að frádregnum kostnaði, vöxtum og því fé, sem lagt er til hliðar til að mæta fyrirsjáanlegum töpum, skal leggja í varasjóð.

Heimilt er að verja nokkru af ársarðinum til endurborgunar á stofnfé og greiddu ábyrgðarfé, ef varasjóður nemur meiru en 10% af sparisjóðsinnstæðum.

Tjón, er sparisjóður kann að bíða og ársarður hrekkur eigi fyrir, skal greiða úr varasjóði, en eigi má greiða annað þaðan, nema því aðeins, að varasjóður nemi að minnsta kosti 10% af sparisjóðsinnstæðum samanlögðum. Þegar hagur varasjóðs leyfir, getur sparisjóðsstjórn ákveðið, að fengnu samþykki bankaeftirlitsmanns, að verja fé úr sjóðnum til almenningsþarfa.

24. gr.

Reikningsár sparisjóða er almanaksárið. Ársreikningur sparisjóðs skal tilbúinn fyrir marzmánaðarlok.

Bankaeftirlitsmaður semur fyrirmynd að reikningum sparisjóða.

25. gr.

Verði sparisjóður fyrir svo miklu tjóni, að varasjóður hrökkvi ekki til, og stjórn sparisjóðs og ábyrgðarmenn, eða aðrir þeir, er að sjóðnum standa, leggja eigi fram eða útvega sjóðnum á einhvern hátt fé það, er á vantar að varasjóður geti borið tjónið, skal stjórn sparisjóðsins tafarlaust skýra bankaeftirlitsmanni frá því. Komi það í ljós eða sé ástæða til að ætla, að tapið, þar með talið væntanlegt tap á útistandandi lánum, nemi öllum varasjóði, og þar að auki 25% af stofnfé eða ábyrgðarfé, skal bankaeftirlitsmaður tafarlaust halda fund með sparisjóðsstjórninni og gera þær ráðstafanir, er hann telur nauðsynlegar.

Verði eigi bætt úr þessu innan hæfilegs tíma, á þann hátt, að rekstur sjóðsins verði tryggur að dómi bankaeftirlitsmanns, skal hann stöðva rekstur sjóðsins.

Verði ákveðið, að sjóðurinn hætti störfum sínum, skal sú ráðstöfun auglýst í lögbirtingablaði.

Skuldheimtumenn sparisjóðs geta þá tekið ákvörðun um það, hvort þess skuli krafizt, að sjóðurinn verði tekinn til gjaldþrotameðferðar eða eigi.

26. gr.

Heimilt er að geyma fé ómyndugra og opinberra stofnana í sparisjóðum þeim, sem fullnægja ákvæðum laga þessara.

27. gr.

Fé það, sem lagt hefir verið í sparisjóð, að vöxtum meðtöldum, er undanþegið löghaldi meðan það stendur þar.

28. gr.

Sparisjóðir eru undanþegnir tekjuskatti og útsvari.

29. gr.

Ef sparisjóður leggst niður og engin ákvæði eru í samþykktum sjóðsins um það, hvernig fara skuli um eigur hans, getur hlutaðeigandi sýslunefnd eða bæjarstjórn ákveðið, að fengnum tillögum þeirra manna, er síðast voru í stjórn sjóðsins, að eignunum skuli varið til almenningsþarfa.

30. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, allt að 500 kr., nema þyngri hegning liggi við. Sektir allar renna í ríkissjóð.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

31. gr.

Ákvæði laga þessara ná ekki til peningastofnana eða lánsstofnana þeirra, sem nú hafa rétt til sparisjóðsstarfsemi samkvæmt sérstökum lögum.

32. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 44 3. nóv. 1915, um sparisjóði, lög nr. 13 26. apríl 1935, um viðauka við og breyting á lögum nr. 44 3. nóv. 1915, um sparisjóði, og önnur lög og lagaákvæði, sem kunna að fara í bága við lög þessi.

33. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1942.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fullnægi einhverjir þeir sparisjóðir, sem nú eru starfandi, ekki öllum ákvæðum laga þessara, skal þeim, ef það telst nauðsynlegt, veittur frestur, sem bankaeftirlitsmaður ákveður í samráði við sparisjóðsstjórn, til þess að koma skipulagi sínu og starfsemi í það horf, að ákvæðum laganna sé fullnægt. Að öðru leyti gilda öll ákvæði laganna einnig um þá sparisjóði, sem frest hafa fengið meðan þeir eru að samræma skipulag sitt og starfsemi samkvæmt fyrirmælum laganna.

Ráðherra sá, er fer með bankamál, og þeir aðstoðarmenn, er hann kveður til þess, fara með þau störf, sem bankaeftirlitsmanni eru ætluð í lögum þessum, þar til lög verða sett um sérstakt bankaeftirlit. Meðan svo er ástatt skipar ráðherra formann tryggingarsjóðs sparisjóða samkvæmt 18. grein.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frumvarp þetta er samið af milliþinganefnd í bankamálum, og fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

„Aðalefni frumvarps þess, er hér fylgir, er núgildandi sparisjóðalög, en þó eru gerðar nokkrar breytingar á þeim og allmiklu aukið við. Til hliðsjónar hefir nefndin haft löggjöf nágrannaþjóðanna um sparisjóði, en alls ekki fylgt henni nema að sumu leyti. Hefir hún fellt niður, aukið við og breytt eftir staðháttum hér, eftir því sem henni hefir þótt við eiga. T. d. er stjórn sparisjóðanna allmjög á annan veg fyrir komið hjá nágrannaþjóðum okkar á Norðurlöndum en hér er gert ráð fyrir sumstaðar. Þar færist valdið um val stjórna yfir til sparifjáreigenda, að miklu eða öllu leyti, stuttu eftir stofnun þeirra, en stofnendur eða ábyrgðarmenn hafa lítið eða ekkert um það að segja.

Ekki sá nefndin sér fært að leggja til, að það skipulag yrði tekið upp hér, þó það hafi ýmsa kosti. Þóttist hún varla geta vænzt þess, að þátttaka sparifjáreigenda í stjórn sjóðanna yrði það almenn sem þarf að vera, eigi það skipulag að ná tilgangi sínum. En það er víst, að almennari áhugi og meiri skilningur á gagnsemi sparifjárstarfsemi er til stórmikils gagns og þyrfti að komast á hér á landi, því það er þjóðareinkenni og þjóðarlöstur á Íslendingum að vera hirðulausir um slíkt og eyða öllu því, sem þeir afla, og frekar meira en því heldur en minna.

Það telur nefndin og rétt, að stjórn sparisjóðanna eigi ekki að vera nema að sumu leyti í höndum stofnenda þeirra. Sparisjóðina á að reka með hag sparifjáreigenda og almennings fyrir augum, en ekki til arðs fyrir stofnendur þeirra, enda eru ákvæði í lögum, sem eiga að sjá um, að arður þeirra geti ekki orðið nema hverfandi. Því hefir nefndin lagt til, að vald opinberra aðila, bæjarstjórna, sýslunefnda og umboðsmanna ríkisins, verði frekar aukið en minnkað. Á það að geta komið í stað þess valds og eftirlits, sem sparifjáreigendum er tryggt í löggjöf nágrannaþjóðanna.

Nefndin lítur svo á, að það eigi að vera aðalhlutverk sparisjóðanna að geyma sparifé manna og ávaxta það á sem tryggastan hátt. Hitt sé afleiðing þar af, að innlánsféð verði að lána út, og um þau útlán verði að búa sem tryggilegast, svo þau verði ekki til þess að sparifé tapist. Að því lúta og þau ákvæði, sem nefndin vill telja aðalatriðin í breytingartillögum sínum.

Í fyrsta lagi það, að takmarka og miða við eigið fé hvers sparisjóðs þá fjárhæð, sem verja megi til útlána. Í öðru lagi að takmarka, hvað lána megi einum viðskiptamanni eða fleirum, sem eru fjárhagslega tengdir. Og í þriðja lagi að stofna tryggingarsjóð sparisjóðanna, sem hlaupi í svipinn undir bagga með sparisjóðum um greiðslur á innstæðufé, ef óvæntar kröfur eru gerðar til þeirra um það, en fé þeirra fast í útlánum.

Um fyrsta atriðið er það að segja, að hvergi hefir verið talið fært að gera kröfur til sparisjóðanna um mikið stofnfé. Leiðir það meðal annars af því, að alstaðar er talið rétt að útiloka þá möguleika, að stofnun sparisjóða geti verið gróðabragð fyrir stofnendur þeirra. Svíar, með sitt mikla fjármagn, krefjast ekki meira en 10 þús. kr. stofnfjár, og má þó veita undanþágu frá því, allt niður að þrem þús. króna. Það er því augljóst, að það getur aldrei orðið mikil trygging í stofnfénu, ef um mikið innstæðufé er að gera og því öllu varið til útlána. Varasjóðir sparisjóðanna geta ekki heldur vaxið mjög fljótt, þótt öll varúð sé höfð á um útlán og skuldatöp komi ekki fyrir. Hinsvegar telur nefndin ekki fært að takmarka rétt sjóðanna til að veita innlánsfé móttöku við eigið fé þeirra, því það gæti orðið þeim mjög bagalegt, og jafnvel hættulegt fyrir álit þeirra, ef þeir yrðu að neita að taka við því. Nefndin leggur því til, í 14. gr. frv., að takmarka rétt sparisjóðanna til áhættuútlána svo, að eigið fé þeirra nemi minnst 8% af þeim. Það, sem sparisjóði kann að berast af innlánsfé umfram það, verður hann að geyma í sjóði, í innstæðu í banka, í tryggum verðbréfum eða lánum gegn góðu fasteignaveði. Það getur auðvitað alltaf verið álitamál, hvort þetta takmark, 8%, sé rétt ákveðið. Nefndin lítur svo á, að minni

trygging megi ekki vera í eignum sparisjóðs bak við áhættulán hans og að frekar ætti að hækka hana en lækka.

Þá hefir nefndin talið rétt að takmarka enn meir rétt sparisjóðanna til þeirra útlána, sem hún telur áhættusömust. Eru það sjálfskuldarábyrgðarlán (þar er þó ekki átt við víxla), sem öllum ber saman um, að verst greiðist, og er því lagt til í frv., að til þeirra lána megi ekki verja meira en tvisvar sinnum eigin fé hlutaðeigandi sjóðs. Er það enginn bagi fyrir sjóðina, þó að sú lánastarfsemi minnki, og gott fyrir stjórnendur þeirra að geta bent á skýr lagafyrirmæli, sem taka af um, að hægt sé að reka hana nema mjög takmarkaða.

Ekki verður um það sagt með neinni vissu, hvernig ástatt er hjá sparisjóðunum nú í þessu efni. Skýrslur þeirra eru ekki svo sundurliðaðar, að af þeim verði dregnar ábyggilegar ályktanir. Þó virðist útlit fyrir, að þeir fullnægi allflestir því að hafa eigið fé, sem nemur 8% af áhættulánum þeirra, hafi þeir ekki gert því meira að því að lána út á fasteignir umfram 60% matsverðs. Nokkrir sjóðir hafa gengið lengra í sjálfskuldarábyrgðarlánum en gert er ráð fyrir í tillögum nefndarinnar að leyft verði, og hlýtur þeim að verða gefinn hæfilegur frestur til að lagfæra það, verði þessar tillögur samþykktar. En hvað sem því líður, hvernig þetta kemur við einstaka sparisjóði í svipinn, verður að samþykkja það, sem skynsamlegast þykir, bezt tryggir aðalhlutverk sjóðanna, og að þeir fái notið sín við það.

Nágrannaþjóðir okkar á Norðurlöndum hafa allar hliðstæð ákvæði þeim, sem hér er lagt til að taka upp í sparisjóðalöggjöf okkar, og mælir það, ásamt öðru, með því að þau verði samþykkt. Og þó ekki sé hægt að benda á mörg dæmi þess, að óvarleg útlánastarfsemi hafi komið sparisjóðum á kné, þrátt fyrir fá lagafyrirmæli þar um, er engin ástæða til að láta vera að búa eins tryggilega um þá starfsemi í sparisjóðalögunum og unnt er og sanngjarnt þykir.

Í frv. til laga um eftirlit með bönkum og sparisjóðum, er bankanefndin hefir samið, leggur hún til, að ákveðið verði hámark þess, sem lánsstofnanir megi lána einstökum viðskiptamönnum og fleirum, sem eru fjárhagslega tengdir. Í samræmi við það eru ákvæði 16. gr. frv. til laga um sparisjóði. Nefndin leggur mikla áherzlu á, að slík ákvæði verði lögfest hér. Er hvorttveggja, að öll reynsla hér á landi mælir með, að þess sé full þörf og að aðrar þjóðir hafa talið ástæðu til þess að ákveða svipað í sínum banka- og sparisjóðalögum. Einnig hefir nefndin orð bæði danskra og sænskra bankafræðinga fyrir því, að mjög sé nauðsynlegt að fylgja því vel eftir, að lánsstofnanir bindi ekki fé sitt um of hjá einum eða fáum viðskiptamönnum. Telja þeir, að flest, ef ekki öll, bankahrun á Norðurlöndum hafi stafað af því, að ekki hafi verið gætt nægrar varfærni í því efni.

Það er líka augljóst, að ekki er heppilegt fyrir lánsstofnun að binda fé sitt svo hjá einum eða fáum mönnum, að hrun þeirra geti leitt af sér hrun lánsstofnunarinnar. Er mjög hætt við, að þá verði freistazt til að halda lánveitingum áfram lengur en nokkurt vit er í, til þess að fresta hættulegu uppgjöri, og að jafnvel geti farið svo, að það sé fremur lánþegi, sem hafi lánsstofnunina í hendi sér, en hún hann.

Þegar til þess kemur að ákveða hámark útlána til einstakra viðskiptamanna, virðist nefndinni ekki um aðra leið að gera en þá, sem hún leggur til að verði farin, að miða þar við eigið fé lánsstofnunarinnar, enda er það í samræmi við það, sem aðrir þjóðir hafa gert í því efni. Að miða þar við ákveðna fjárhæð telur nefndin ekki koma til mála, og þar sem þessi ráðstöfun er til þess að tryggja lánsstofnunina, og þar með eigendur innlánsfjárins, gegn tapi, verður að miða við eigið fé, en ekki starfsfé stofnunarinnar.

Allar þjóðir, sem hafa ákvæði lík þessum, munu undanskilja hámarki viss lán, og er lagt til, að svo verði einnig gert hér. Hlýtur þá hámarkið að fara nokkuð eftir því, hvernig sú flokkun er. Hér er lagt til að veita fáar slíkar undanþágur, en hafa hlutfallið milli eigin fjár lánsstofnunarinnar og þess, sem hún má lána hverjum einstaklingi, öllu hærra en tíðkast annarstaðar. Telur nefndin það réttara en

að gefa lánsstofnunum frjálsar hendur um lán gegn vöruvíxlum og öðrum hliðstæðum tryggingum, sem hér munu oft hafa reynzt lítils virði.

Þriðja meginbreytingin, sem nefndin leggur til með frv. sínu að gerð verði, er að stofna skuli tryggingarsjóð sparisjóðanna. Slíka sjóði hafa nágrannaþjóðir okkar á Norðurlöndum, og er tilgangur þeirra svipaður og nefndin gerir tillögur um, en form og fyrirkomulag nokkuð öðruvísi. Að áliti nefndarinnar verður, að minnsta kosti í fyrstu, að binda hlutverk sjóðsins við það, að veita sparisjóðum lán til þess að standa skil á innlánsfé, og að sjálfsögðu alltaf að binda sig við það, að lána þeim sjóðum einum, sem eru fjárhagslega tryggir. Á það er lögð áherzla í lögum þeirra þjóða, sem nefndin hefir haft til hliðsjónar við samningu þessa frv. Norðmenn — en þeirra löggjöf er einna fyllst í þessu atriði — leyfa víðtækari lánveitingar til sparisjóðanna úr tryggingarsjóði en nefndin hefir séð sér fært að leggja til að svo stöddu, en hinsvegar er henni ljóst, að verksvið sjóðsins getur orðið og á að verða víðtækara þegar tímar líða og honum vex fiskur um hrygg. Þá er ekki útilokað, að hann geti tekið upp beina styrktarstarfsemi í einu eða öðru formi, en nefndin lítur svo á, að meðan svona sjóðstarfsemi er óþekkt hér, beri að fara varlega og takmarka sem mest verksviðið við það, sem búast má við, að sé í einu nauðsynlegast og vinsælast.

Norðmenn hafa það fyrirkomulag á stjórn síns sjóðs, að hver sparisjóður kýs einn mann til þess að mæta á aðalfundi, en þar er kosin stjórn tryggingarsjóðs og endurskoðendur og úrskurðaðir reikningar hans. Þar eru líka settar nánari reglur um starfsemi sjóðsins og yfirleitt allt það gert, sem aðalfundir félaga starfa að.

Nefndin sá sér ekki fært að leggja til að taka hér upp þetta fyrirkomulag. Er það hvorttveggja, að það er svo kostnaðarsamt, að þó nokkur hluti af tekjum sjóðsins mundi fara í kostnað þess vegna, því naumast er hægt að gera ráð fyrir, að menn störfuðu að þessu fyrir ekkert, og hitt þó verra, að naumast er hægt að gera ráð fyrir því, að sá áhugi yrði fyrst í stað um starfsemi sjóðsins, að þátttaka í aðalfundi yrði nokkuð jöfn frá öllum sjóðunum. Því virtist nefndinni sjálfsagt að velja í fyrstu einfalt og óbrotið stjórnarform, og sá þá ekki annað heppilegra en það, sem lagt er til í frv. Allir þeir menn, sem þar er lagt til, að verði lögskipaðir í stjórn tryggingarsjóðs, eru opinberir sýslunarmenn og hafa með málefni sparisjóðanna að gera og eiga að vera þeim kunnugir. Starf það, sem verður lagt á þá með þessu, verður hinsvegar naumast það mikið, að það íþyngi þeim verulega. Þetta stjórnarform er því einfalt, ætti að vera ódýrt og tryggir jafnframt, að þeir, sem tryggingarsjóði stjórna, verða þeir menn, sem ættu að hafa einna mesta þekkingu á starfsemi og hag allra sparisjóða í landinu.

Eftir norskum lögum er tryggingarsjóður sameign sparisjóðanna og getur því aldrei komið til útborgunar til einstakra sjóða. Nefndin leit svo á, að heppilegra og vinsælla yrði að hafa það fyrirkomulag hér, að hver sparisjóður ætti sín framlög og vexti af þeim, og sú eign komi til útborgunar, ef sparisjóður hættir störfum. Er það líka í meira samræmi við tilgang sjóðsins, þar sem honum er ætlað að veita lán, en ekki styrki, að hluti hvers sparisjóðs sé séreign hans, og sjóðurinn því hliðstæður stofnsjóðum félaga í samvinnufélagi.

Nefndin væntir þess, að öll þessi atriði og önnur þau, sem hún leggur til, að aukið verði við og breytt í sparisjóðalögunum, megi verða til að auka vöxt þeirra og viðgang, og þá sérstaklega að tryggja þá og treysta í því aðalhlutverki þeirra að geyma og ávaxta sparifé manna.

Um einstakar greinar frv. vill nefndin taka fram eftirfarandi:

Um 1. gr.

Þar eru teknar saman 1. og 4. gr. sparisjóðalaganna. Virðist fara betur á því að hafa þær í einni grein og byrja lögin með því að taka fram, að engar stofnanir aðrar en þær, sem fullnægja ákvæðum þessara laga, megi reka sparisjóðsstörf án

sérstakrar lagaheimildar. Einnig virðist rétt að taka fram þar, að stofnendur skuli ekki njóta neins ágóða af rekstrarafgangi sparisjóðs, annars en þess, sem ákveðið er samkv. 4. gr. Þá er og fellt niður það ákvæði úr 1. gr. sparisjóðalaganna, að sparisjóðir skuli taka við fé „einstakra manna“ til að geyma það og ávaxta, því samkvæmt því getur leikið vafi á, hvort sparisjóður hafi mátt geyma fé sjóða og stofnana. Það hafa þeir þó gert, enda ekkert við það að athuga, og virðist því ástæðulaust að halda ákvæðum, sem gætu talizt hamla því.

Um 2. gr.

Efni þeirrar greinar er nýtt. Telur nefndin sjálfsagt, að ráðherra geti bannað stofnun sparisjóðs, ef hann virðist óþarfur eða jafnvel til skaða. Má t. d. benda á, að vafasamt er, hvort rétt sé að leyfa að stofna sparisjóð þar, sem annar sparisjóður, banki eða bankaútibú er fyrir á staðnum, nema alveg sérstakar ástæður mæli með því. Getur slík stofnun leitt af sér óheilbrigða samkeppni um að draga að sér sparifé, og einnig skapað óreiðumönnum aðstöðu til að ganga á milli lánsstofnana og slá þær um lán. Samkvæmt sparisjóðalögunum skal stjórnarráðið að vísu staðfesta lög og reglugerð nýrra sparisjóða, en það virðist þrátt fyrir það ekki geta tálmað stofnun þeirra, fari þær samþykktir eftir sparisjóðalögunum og fullnægi ákvæðum þeirra. Einsætt virðist, að ráðherra sá, er fer með bankamál, sem gengið er út frá, að fari með framkvæmd þessara mála, leiti umsagnar stofnunar þeirrar, sem fer með eftirlit með sparisjóðum, um það, hvort rétt sé að leyfa stofnun nýs sparisjóðs, og taki fullt tillit til umsagnar hennar.

Um 3. gr

Það er fyrri hluti 2. gr. sparisjóðalaganna. Breytingar eru að mestu orðabreytingar. Þó er þar ákveðið, að í samþykktum sparisjóðs skuli vera ákvæði um, hve háar innstæður einstakra viðskiptamanna megi vera. Telur nefndin nauðsyn á, að slík ákvæði séu til, því það geti verið sparisjóði stórhættulegt að starfa að miklu eða jafnvel mestu leyti með fé frá einum eða fáum innleggjendum. Hinsvegar virðist ókleift að setja í lög sanngjörn ákvæði um þetta atriði, því hve háar slíkar innstæður mega vera, sjóðnum að skaðlausu, fer eftir ýmsum ástæðum, svo sem stærð sjóðsins, hvaða fresti hann áskilur sér um greiðslu á innlánsfé, fjárráðstöfun sjóðsins o. fl.

Um 4. gr.

Réttara virðist að miða vexti af stofnfé og greiddu ábyrgðarfé við það, að þeir séu ákveðið hærri en vextir af innlánsfé. Leggur nefndin því til, að þeir megi aldrei vera meira en 1% hærri en innlánsvextir. Getur það ekki talizt of hátt, miðað við það, hve féð er bundið, og áhættu, sem framlaginu fylgir, og er því varla hægt að telja, að það fari í bága við þau ákvæði 1. gr., að stofnendur eða ábyrgðarmenn skuli engan ágóða hafa af rekstri sjóðsins. Að öðru leyti er greinin 3. gr. sparisjóðslaganna óbreytt.

Um 5. gr.

Nefndin hefir gert nokkrar breytingartillögur við skipun sparisjóðsstjórna, en ákvæði þau, sem um það gilda, eru í 6. gr. sparisjóðalaganna og lögum nr. 83 26. apríl 1935.

Í fyrsta lagi sér nefndin ekki ástæðu til að ákveða annað um tölu stjórnenda en að þeir skuli fæst 3. Það er alveg óvíst, að nokkur brýn þörf sé á að fjölga þeim, þó sjóðurinn reki innheimtu og hlaupareikningsstarfsemi. Hinsvegar er ráðherra og bankaeftirlitsmanni innan handar að sjá um, að í samþykktir sjóðanna komist ákvæði um fjölmennari stjórn, ef það telst tryggilegra.

Þá getur nefndin ekki séð, hver er munur á þeim sparisjóðum, sem lögin nefna sjálfseignarstofnanir, og eign félags einstakra manna. Yfirleitt mun hægt að telja alla þá sparisjóði, sem ekki eru eign sýslu, bæjar eða hreppsfélags, eign félags

einstakra manna, og hingað til munu sparisjóðir hafa verið sjálfráðir um, hvort þeir hafa nefnt sig. Því leggur nefndin til, að stjórnarkosningu sé eins hagað í þeim öllum. Eina skilgreiningin, sem hægt væri að gera, er að flokka sparisjóðina eftir því, hvort þeir eru eign félags, sem rekur aðra starfsemi, svo sem verzlun, eða félags, sem eingöngu er stofnað til að reka þá. En sú flokkun virðist ekki gefa neitt tilefni til þess, að annar sá flokkur hafi meiri rétt um kosningu stjórnar. Að minnsta kosti er sízt ástæða til að gefa félagi, sem samhliða rekstri sparisjóðs hefir aðra starfsemi, meira sjálfræði um það. Þar er einmitt mun meiri hætta á, að önnur sjónarmið en hagsmunir sparifjáreigenda geti ráðið um fjármeðferð. En íhlutun opinberra stofnana, eins og sýslu eða bæjarfélags, um kosningu stjórna sparisjóðanna réttlætist einmitt af því, að þeir aðilar eiga að gæta hagsmuna sparifjáreigenda og tryggja gætilega lánastarfsemi. Annars væri sú íhlutun ástæðulaus.

Þá leggur nefndin til, að auk þess að þurfa vissa tölu ábyrgðarmanna til þess að þeir megi kjósa hluta af stjórn sjóðsins, verði einnig að vera ákveðið lágmark ábyrgðarfjár. Ábyrgð, sem aðeins er nafnið, á ekki að veita nein slík réttindi, og því virðist réttmætt að setja ákvæði, sem tryggi, að um einhverja raunverulega ábyrgð sé að ræða.

Ennfremur telur nefndin ekki rétt að festa það í lögum, að stjórnir sparisjóða skuli aldrei kosnar til lengri tíma en eins árs. Virðist nægilegt að ákveða þar, að kjörtími skuli í lengsta lagi vera fjögur ár, og láta nánari ákvæði um slíkt vera í samþykktum hvers sjóðs. Ætti það að vera næg trygging fyrir því, að ekki yrði of mikil fastheldni í þeim efnum, þar sem opinberir aðilar (ráðherra sá, er fer með bankamál, og bankaeftirlitsmaður) geta líka ráðið um, hvernig frá þeim ákvæðum er gengið í samþykktum sjóðanna.

Að öðru leyti eru breytingar á þessum ákvæðum orðabreytingar.

Um 6. gr.

Í þeirri grein er það nýtt, að ef stjórnandi eða starfsmaður sparisjóðs er jafnframt í stjórn eða framkvæmdarstjóri annars fyrirtækis, má ekki veita því fyrirtæki lán úr sjóðnum, nema gegn tryggu fasteignaveði, eða einróma samþykki stjórnar og leyfi bankaeftirlitsmanns komi til. Telur nefndin þetta ákvæði nauðsynlegt, þar sem búast má við, að af því geti stafað hætta fyrir sparisjóðina, ef forstjórar þeirra verða á þann hátt bundnir fjármálafyrirtækjum, og geti því freistazt til að veita þeim frekari lán en hollt er fyrir sparisjóðina. Einnig er það vörn fyrir stjórnendur sparisjóðanna gegn því, að fyrirtæki, sem þeir stjórna jafnframt sparisjóði, geri sífelldar kröfur til þeirra um útvegun lánsfjár hjá þeim sjóði, sem þeir stjórna, geti þeir bent á slík ákvæði sem þarna er lagt til að verði sett.

Hinsvegar virðist ekki fært að banna það, að starfsmenn eða stjórnendur sparisjóða hafi jafnframt stjórn annara fjármálafyrirtækja á hendi. Er það hvorttveggja, að fáir eða engir sparisjóðir munu geta borgað þau laun, að hægt sé að lifa á þeim einum, og einnig hitt, að sem stjórnendur og starfsmenn þeirra munu veljast þeir menn, sem bezt eru hæfir til að veita öðrum fjármálafyrirtækjum forstöðu.

Að öðru leyti er greinin 7. gr. sparisjóðalaganna óbreytt.

Um 7. gr.

9. gr. sparisjóðalaganna, aðeins með orðabreytingum.

Um 8. gr.

10. gr. sparisjóðalaganna, að því einu breyttu, að lagt er til, að bankaeftirlitsmaður í stað stjórnarráðs ákveði tryggingarfjárhæð gjaldkera.

Um 9. gr.

19. gr. sparisjóðalaganna, að því viðbættu, að endurskoðendum er falið að gera bankaeftirlitsmanni aðvart, telji þeir einhverja ágalla á rekstri sjóðsins og sparisjóðsstjórn lætur dragast að bæta úr því.

Virðist sú viðbót sjálfsögð, þar sem endurskoðendur hafa enga aðstöðu til að knýja fram umbætur og leiðréttingar, en bankaeftirlitsmaður hefir þá aðstöðu og ber að nota hana, sé þess þörf. Hinsvegar verður það að teljast vítaverð vanræksla af endurskoðendum, geri þeir ekki bankaeftirlitsmanni aðvart um það, sem athugavert er, og bera þeir þá ábyrgð samkvæmt því. Að öðru leyti gefur greinin ekki tilefni til skýringa.

Um 10. gr.

Nefndin flytur frumvarp um eftirlit með bönkum og sparisjóðum og leggur til, að það verði sameiginlegt fyrir báðar þær stofnanir. Ætti það að geta orðið bæði öruggara og ódýrara, ef það er haft þannig. Hinsvegar er gert ráð fyrir, að ráðherra sá, er fer með bankamál, fari með þau störf, sem bankaeftirlitsmanni eru ætluð samkvæmt þessum lögum, þar til hann verður skipaður.

Um 11. gr.

Í þeirri grein eru tvö ný atriði; að öðru leyti er það 5. gr. sparisjóðalaganna með lítilsháttar orðabreytingum.

Fyrra atriðið, það, að heimilt sé að taka við innlögum á ávísanabækur, getur þó tæplega talizt nýmæli, því ýmsir sparisjóðir munu hafa gert það, þótt það sé hvergi leyft í sparisjóðalögunum, og raunverulega bannað í 11. gr. þeirra. En bæði sjóðunum og innleggjendum mun þykja það þægilegt, og því ástæðulaust annað en leyfa það og hafa ákvæði um það í sparisjóðalögunum.

Síðara ákvæðið, að geta tilskilið, að eigandi sparisjóðsbókar einn, eða sá, er hann gefur skriflegt umboð til þess, geti tekið út peninga úr henni, á að vera til þess að hindra það, að hver og einn, sem einhvern veginn kemst óheimilt yfir sparisjóðsbók, geti tekið út peninga án þess réttur eigandi fái að gert. Þess munu vera dæmi, að svona úttektir í heimildarleysi hafi átt sér stað og peningunum verið eytt, svo eiganda hefir verið ókleift að fá þá aftur. Er honum lítil fjárhagsleg bót í því, þó þetta sé glæpsamlegt athæfi. Vill nefndin því leggja til, að eigendum sparifjár sé gefið tækifæri til að tryggja sig gegn þessu, eftir því sem þarna er gert ráð fyrir.

Um 12. gr.

Það er síðasti hluti 3. gr. sparisjóðalaganna, með viðbót, sem nánast er löggilding á reglugerðarákvæðum bankanna um það, hvernig fara skuli um innstæður, sem eigandi hirðir ekki um. Slík ákvæði eru sjálfsögð fyrir hvern sparisjóð, og virðist því rétt að hafa þau í hinum almennu sparisjóðalögum.

Um. 13. gr.

11. gr. sparisjóðalaganna, að því viðbættu, að leyft er að greiða innstæðufé gegn ávísun. Er þess getið í umsögn um 11. gr., og vísast til þess hér. Að öðru leyti gefur þessi grein ekki ástæðu til umsagnar.

Um 14. gr.

Um ákvæði þessarar greinar, sem er ný, er farið nokkrum orðum í inngangi að greinargerð þessari, og vísast til þess. Aðeins skal það tekið fram, að nefndin hefir ekki talið annað rétt, þar sem hún í þeirri grein flokkar lán með tilliti til þess, hve áhættusöm þau eru, en að telja með þeim áhættusamari þau lán, sem veitt eru út á meira en 60% matsverðs fasteigna, og lán, sem héruð eða sveitir ábyrgjast. Lítur nefndin svo á, að slík lán séu það varasöm, að 8% eigið fé sé ekki of mikill bakhjarl fyrir sjóðina til þess að standast áhættu þá, sem af þeim lánum er. Mun reynsla sú, er lánsstofnanir hafa af slíkum lánveitingum, ekki afsanna þá skoðun nefndarinnar.

Um 15. gr.

1. og 2. málsgr. 3. gr. sparisjóðalaganna, óbreyttar nema að orðalagi.

Um 16. gr.

Í inngangi greinargerðarinnar er lítillega drepið á aðalefni þessarar greinar, og vísast til þess. Hér skal það aðeins tekið fram, að flokkun sú, sem nefndin leggur til, að gerð verði á þeim lánum, sem telja ber upp í hámarksupphæðinni, og þeim, sem draga má þar frá, á að byggjast á því, að þau lán, sem frá má draga, séu áhættulaus eða áhættulítil fyrir lánsstofnunina. Ef til vill má deila um, hvort það hefir tekizt, og eru þá fyrst og fremst lánin gegn veði í skipum vafasöm. Var nefndinni það ljóst, að vegna sjóveða og ýmsra forgangskrafna getur farið svo, að skipsveð sé engu betri trygging en mörg önnur, sem þarna eru ekki talin. Þó sá hún sér ekki fært að leggja til, að lán gegn því yrðu talin með í hámarksupphæðinni, sem lána má hverjum lántaka, en telur hinsvegar, að þar sé gengið eins langt og framast er fært um frádrátt, nema að lækkað sé verulega það, sem önnur lán mega nema.

Ef til vill verður talinn leika vafi á, hvað meint sé með þeim orðum greinar þessarar: „fleiri viðskiptamenn, sem eru fjárhagslega tengdir". Nefndin lítur svo á, að naumast sé hægt að koma þar við upptalningu, og valdi því þetta orðalag. En fyrst og fremst koma auðvitað til greina sem fjárhagslega tengdir viðskiptamenn fyrirtæki og eigendur þeirra. Eðlilegt er og, að ábyrgðarskuldbindingar lánþega séu taldar með lánum hans, og ef um hlutafélög er að ræða, verður að telja hlutabréf, sem lánsstofnunin kann að eiga í félaginu, sem lán veitt því.

Um 17. gr.

Ákvæði þeirrar greinar koma í stað seinni hluta 13. gr. sparisjóðalaganna. Eiga þau að miða að því, að tryggt sé, að sparisjóðir geti, hvenær sem er, fullnægt því að greiða innlánsfé, þegar þess er krafizt. Til þess að það sé tryggt, virðist ekki mega gera minni kröfu til sjóðanna en gert er í tillögum nefndarinnar. Nefndin fær eigi séð, að rétt sé að miða þessar kröfur við stærð sjóðanna á annan hátt en gert er í tillögum hennar, eða leggja meiri skyldur á þá sjóði, sem stærri varasjóði eiga, eins og gert er í sparisjóðalögunum.

Vegna þess, hve hér er erfitt að selja verðbréf, þó þau séu trygg, telur nefndin ekki fært að leggja til, að það, sem teljast mega peningar (sjóður og bankainnstæða), megi nema minna en 7% af innlánsfénu samanlögðu. Einnig virðist rétt, að bankaeftirlitsmaður, en ekki sparisjóðsstjórnir, ákveði, hvaða verðbréf geti talizt svo „auðseljanleg", að sparisjóðir megi eiga þau til þess að fullnægja ákvæðum þessarar greinar. Hann verður og að geta fylgzt með því, að sparisjóðir hafi ávallt þetta fé handbært, eftir því sem þeim er unnt, og því er stjórnum sjóðanna gert að skyldu að tilkynna bankaeftirlitsmanni, hafi þær þurft að grípa til þess og ekki getað lagfært það strax.

Það er annað höfuðatriði við rekstur sparisjóðanna, að innstæðueigendur megi alltaf treysta því, að hægt sé að greiða þeim innstæður þeirra, þegar þeir þurfa á að halda, og því verður að ganga vel frá þeim ákvæðum, sem að því lúta. Er of illa gengið frá því í núgildandi sparisjóðalögum, og meira að þakka gætilegum rekstri sparisjóðanna en ákvæðum laga og reglugerða, að ekki hefir oftar borið út af en orðið hefir. Eru lagaákvæði nágrannaþjóðanna í því efni ólíkt fyllri, og hefir nefndin lagt þau til grundvallar fyrir tillögum sínum.

Um 18. gr.

Aðalmarkmið ákvæða þessarar greinar er það sama og þeirrar næstu á undan, að tryggja greiðslu innstæðufjár, en þar sem nokkur grein hefir verið gerð fyrir hlutverki sjóðs þess, sem samkvæmt þessari grein er gert ráð fyrir að stofna, hér að framan, verður ekki farið nánar út í það hér. Það skal aðeins tekið fram, að þótt nefndin sæi sér ekki fært að bera fram tillögur um hærra gjald til tryggingarsjóðs frá sparisjóðunum, er henni ljóst, að sjóðurinn vex hægt með því og orkar ekki miklu á næstu árum. Samkvæmt reikningum sparisjóðanna undanfarin ár er naumast hægt að búast við, að framlög þeirra verði meira en 6—7 þús. kr. á ári, og

verður því starfsfé sjóðsins lítið fyrstu árin, en með áframhaldandi greiðslum frá sjóðunum og vaxtaaukningu ætti hann að geta látið nokkuð til sín taka áður langt líður.

Nefndin hefir lagt til, að gjaldskylda sparisjóðs til tryggingarsjóðs falli niður, þegar innieign hans í honum er orðin 3% af innstæðufé hlutaðeigandi sjóðs; eftir það vex tryggingarsjóður aðeins af vöxtum. Eftir núverandi sparisjóðsinnstæðum ætti tryggingarsjóður þá að vera orðinn rúm 300 þús., og geta auðvitað orðið skiptar skoðanir um, hvort það sé hæfileg stærð á tryggingarsjóði, en eftir því hlutverki, sem nefndin ætlar honum samkvæmt tillögum sínum, verður það að teljast viðunandi. Verði starfsvið hans aukið síðar meir, má búast við, að einnig verði að auka fjárráð hans.

Samkvæmt hlutverki sínu verður tryggingarsjóður að vera þannig geymdur, að hægt sé að grípa til hans hvenær sem sparisjóði liggur á. Því virðist önnur geymsla varla koma til mála en að geyma hann í banka, og taldi nefndin þá óþarft að taka annað fram en það, að væri banki með ríkisábyrgð. Þrátt fyrir þessa skoðun vildi nefndin þó ekki útiloka það, að geyma mætti tryggingarsjóð í verðbréfum, en áherzlu verður að leggja á, að þau séu það auðseljanleg og trygg, að breyta megi þeim í peninga hvenær sem er, án tilfinnanlegra affalla. En nánari ákvæði um þetta og fleira, sem tryggingarsjóði viðkemur, verða að sjálfsögðu í reglugerð þeirri, sem á að setja um starfsemi hans.

Um 19. gr.

Það er 13. gr. sparisjóðalaganna, með nokkrum orðabreytingum, en óbreytt að efni.

Um 20. gr.

14. gr. sparisjóðalaganna óbreytt.

Um 21. gr.

Þar er lagt til, að ákveðið sé í lögum, að sparisjóður megi ekki eiga aðrar fasteignir en hann þarf vegna rekstrar síns. Á það að tryggja það, að sjóðirnir lendi ekki út á þá braut að eiga fasteignir í gróðabrallsskyni. Þó verða þeir að geta tekið við eignum, sem þeim hafa verið veðsettar, til þess að ná inn skuldum. En nefndin telur rétt að skylda sparisjóðina til að losa sig sem fyrst við slíkar eignir aftur, til þess að fyrirbyggja, að þeir fari að eiga þær vegna vonar um verðhækkun og þar af leiðandi gróða síðar.

Einnig virðist rétt að takmarka það, hvað sparisjóðir mega eiga af hlutabréfum. Er töluverð ásókn á sparisjóði um að kaupa hluti í hinum og öðrum fyrirtækjum. Er það vafalaust stundum gert í því skyni, að þá verði greiðara um að fá lán til fyrirtækjanna, og ekki hættulaust, ef langt er farið í því efni. Stundum eru hlutakaupin raunverulega beinn styrkur til fyrirtækjanna, og þó að þá sé oftast um að ræða þarfafyrirtæki, má ekki ganga of langt inn á þá braut heldur. Verður því að setja einhver takmörk fyrir þessu, og virðist þá réttast, eins og gert er í tillögum nefndarinnar, að miða við eigið fé sjóðanna, hvað festa megi í hlutabréfakaupum.

Um 22. gr.

15. gr. sparisjóðalaganna óbreytt.

Um 23. gr.

16. gr. sparisjóðalaganna, óbreytt að efni, en lítið eitt breytt að orðalagi.

Um 24. gr

18. gr. sparisjóðalaganna, með smábreytingum, sem ekki þarfnast skýringa.

Um 25. gr.

Þar er nokkuð hert á ákvæðum 20. gr. sparisjóðalaganna, og er aðalbreytingin sú, að samkvæmt tillögum nefndarinnar verður að taka til athugunar hag sjóðsins, áður en allt eigið fé sjóðsins er tapað.

Er miklu meiri trygging í því fólgin, sérstaklega vegna þess, að þá er léttara að gera ráðstafanir, sem að gagni mega verða, heldur en þegar allt er komið í þrot. Þá er og bankaeftirlitsmanni gefið vald til að stöðva rekstur sjóðsins, ef hann er ekki tryggður. Er það vald fyrst og fremst til þess, að hann geti knúið fram þær aðgerðir, sem hann telur nauðsynlegar, sjóðnum til viðreisnar, og jafnframt til þess, að sjóðurinn sé látinn hætta, áður en sparifé er tapað, ef ekki virðist hægt eða engir fást til að rétta sjóðinn við.

Þar sem lögin yfirleitt gera ráð fyrir, að sparisjóðir verði að eiga eitthvert eigið fé, bæði þar sem þeir fást ekki stofnaðir án þess og samkvæmt þeim tillögum nefndarinnar, að eigið fé þeirra þurfi að vera viss hluti af innlánsfé því, sem þeir taka við, er sú krafa eðlileg, að það fé verði alltaf að vera til, eigi sparisjóðirnir að fá að starfa. Á þeirri skoðun byggjast tillögur nefndarinnar í þessari grein. Að öðru leyti gefur greinin ekki tilefni til skýringa.

Um 26., 27. og 28. gr.

Þessar greinar eru að efni til samhljóða 22., 23. og 24. gr. sparisjóðalaganna, Orðabreytingar, sem nefndin hefir gert á þeim, gefa ekki tilefni til umsagnar.

Um 29. gr.

Nefndin lítur svo á, að rétt sé, að sýslunefnd eða bæjarstjórn í því héraði, sem sparisjóður hefir starfað, hafi ráðstöfunarrétt á eigum hans, leggist hann niður og engin ákvæði eru í samþykktum hans um, hvað með þær skuli gert. Er það í fullu samræmi við það, að lögin ákveða, að slíkar héraðsstjórnir ráði yfir sjóðunum að miklu eða öllu leyti meðan þeir starfa aðeins með eftirliti frá ríkisvaldinu. Hinsvegar telur nefndin órétt að binda hendur héraðsstjórnanna svo, að þær megi alls ekki verja eignunum til almenningsþarfa, annarsstaðar en í því héraði, sem sjóðurinn hefir starfað í. Enda er þess ákvæðis varla þörf, þegar hlutaðeigandi sýslunefnd eða bæjarstjórn hefir ráðstöfunarréttinn, því þeim ætti að vera treystandi til að gæta hagsmuna síns héraðs og verja fénu þangað, nema einhver alveg sérstök ástæða mæli með öðru.

Um 30. og 31. gr.

Samhljóða 25. og 26. gr. sparisjóðalaganna.

Um 32. og 33. gr.

Gefa ekki tilefni til umsagnar.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Telja má víst, að einhverjir sparisjóðir fullnægi ekki öllum ákvæðum þessara laga fyrst um sinn. Er þá sjálfsagt að veita þeim undanþágu fyrst í stað frá því, að slík ákvæði nái til þeirra, sé þeim mjög til baga að koma fyrirkomulagi sínu og rekstri í það form, sem lögin ákveða. En vitanlega verður sá frestur að vera sem stytztur, og þar sem ókleift er að segja fyrir um, hve langur hann þarf að vera fyrir suma sjóðina, og aðrir þurfa hann engan, taldi nefndin bezt að fela bankaeftirlitsmanni að ákveða hann í hverju tilfelli, í samráði við hlutaðeigandi sparisjóðsstjórn. Verði frv. um eftirlit með bönkum og sparisjóðum ekki að lögum, eða bankaeftirlitsmaður ekki skipaður strax, verður ráðherra sá, er fer með bankamál, að hafa eftirlit sparisjóða með höndum, eins og nú er, og þá að sjálfsögðu einnig þetta hlutverk bankaeftirlitsmannsins.“

Nd. 59. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 73 31. des. 1937, um gjaldeyrisverzlun o. fl., og lögum nr. 115 31. maí 1940, um breyting á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi 1941.)

1. gr.

Aftan við 2. málsgr. 1. gr. laga nr. 73 31. des. 1937 bætist: ... Ennfremur ákvæði um það, að allur annar erlendur gjaldeyrir, sem menn eiga eða eignast, renni til þeirra.

2. gr.

Aftan við 1. gr. laga nr. 115 31. maí 1940 bætist: ... Bankarnir greiða þó laun þeirra nefndarmanna, er skipaðir eru samkvæmt tillögum þeirra.

3. gr.

Aftan við 8. gr. laga nr. 73 31. des. 1937 bætist: ... svo og lög nr. 48 4. júní 1924, um gengisskráningu og gjaldeyrisverzlun, og lög nr. 9 27. maí 1925, um breyting á þeim lögum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þegar þau hafa hlotið staðfestingu, skulu þau, ásamt lögum nr. 115 31. maí 1940, færð inn í texta laga nr. 73 frá 31. des. 1937 og þau gefin út að nýju.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Í lagafrumvarpi þessu er ríkisstjórninni heimilað að setja í reglugerð ákvæði um það, að allur sá erlendi gjaldeyrir, sem menn eiga eða eignast, skuli renna til banka þeirra, er hafa einkarétt til að verzla með hann, en áður náði skilaskyldan einungis til andvirðis útflutningsvara. Þá eru og numin úr gildi lög nr. 48 4. júní 1924, um gengisskráningu og gjaldeyrisverzlun, og lög nr. 9 27. maí 1925, um breyting á þeim lögum. — Þessi lög voru í gildi að nafninu til eftir að bönkunum var veittur einkaréttur til að verzla með erlendan gjaldeyri, en raunverulega voru leifar þeirra numdar úr gildi, þegar gengi ísl. krónu var ákveðið með lögum.

Ed. 60. Frumvarp til laga

um kaupþing í Reykjavík.

(Lagt fyrir Alþingi 1941.)

1. gr.

Stofna skal í Reykjavík kaupþing, þar sem seld eru og keypt verðbréf, svo sem vaxtabréf og hlutabréf, og gengi þeirra skráð. Aðrar stofnanir og fyrirtæki hafa ekki rétt til að nota kaupþingsnafnið.

2. gr.

Kaupþingsdagar skulu ákveðnir með reglugerð og mega ekki vera sjaldnar en tvisvar í mánuði. Kaupþingsfundir skulu háðir í heyranda hljóði.

3. gr.

Kaup og sölu verðbréfa á kaupþingi mega þeir einir annast, sem til þess hafa verið löggiltir af kaupþingsstjórn. Þeir nefnast kaupþingsfélagar. Einstaklingar og

félög, bankar og sparisjóðir geta orðið kauphingsfélagar. Landsbankinn, Útvegsbankinn og Búnaðarbankinn skulu vera kauphingsfélagar.

Í reglugerð skal ákveða um skilyrði fyrir upptöku kauphingsfélaga, inntökugjald, ársgjald, tryggingarfé, umboðslaun, víti og um brottvikning kauphingsfélaga um stundarsakir eða fyrir fullt og allt. Umboðsmenn kauphingsfélaga skulu háðir sömu skilyrðum og þeir sjálfir og vera samþykktir af kauphingsstjórn. Kauphingsfélagar skulu gera grein fyrir því, hvort þeir kaupa eða selja fyrir sjálfa sig eða sem umboðsmenn.

4. gr.

Í kauphingsstjórn skulu vera eigi færri en þrír menn og eigi fleiri en fimm. Umboðsmenn Landsbankans, Útvegsbankans og Búnaðarbankans skulu vera í kauphingsstjórn og skulu aðrir kauphingsfélagar tilnefna tvo menn í stjórnina, enda séu þeir eigi færri en sex, og þó eigi fyrr en á öðru starfsári kauphingsins. Kauphingsstjórn kýs sér formann og varaformann. Kosning gildir til fjögra ára í senn. Varamenn skulu valdir með sama hætti og aðalmenn.

5. gr.

Kauphingsstjórn fer með öll málefni kauphingsins, ákveður kauphingsdaga, sér um kaup, sölu og skráning verðbréfa, innheimtu gjalda, greiðslur og allan rekstur stofnunarinnar.

Formaður kallar saman stjórnarfund, þegar tilefni er til eða tveir stjórnarmenn óska þess. Stjórnarfundir eru lögmætir þegar meiri hluti stjórnarinnar er á fundi. Afl atkvæða ræður úrslitum. Atkvæði formanns ræður úrslitum þegar atkvæðatala er jöfn.

Kauphingsstjórn ákveður, hvenær kalla skuli alla kauphingsfélaga til fundar, og skulu þeir fundir boðaðir með viku fyrirvara og tilkynnt um dagskrá. Skylt er formanni að boða til fundar þegar þriðjungur kauphingsfélaga óskar þess. Tillögur, sem samþykktar eru á fundi kauphingsfélaga, skulu bornar upp á stjórnarfundi strax og við verður komið, og ræður sú atkvæðagreiðsla úrslitum.

6. gr.

Kauphingsstjórn ákveður, eftir umsókn hlutaðeigandi aðila, hvaða verðbréf skulu tekin á kauphingsskrá og strikuð út af henni. Ekki má selja eða kaupa á kauphingi önnur verðbréf en þau, sem tekin hafa verið á skrá.

Í reglugerð skal ákveða um skilyrði fyrir því, að verðbréf verði skrásett á kauphingi, skrásetningargjöld o. fl.

Hlutabréf má því aðeins taka á kauphingsskrá, að hlutafé sé að fullu greitt eða tryggt, nema um hlutafjáraukningu sé að ræða hjá fyrirtæki, sem áður hefir verið skráð.

Ákvörðun kauphingsstjórnar um það, hvort verðbréf skuli tekin á kauphingsskrá eða strikuð út af henni, má áfrýja til ráðherra.

7. gr.

Kauphingsstjórn skal sjá um, að kaup- og sölugengi verðbréfa sé birt almenningi þegar að skráningu lokinni. Um birtinguna skal nánar ákveða í reglugerð.

8. gr.

Kauphingsfélagar skulu hafa lokið öllum skuldbindingum, sem þeir taka á sig um kaup og sölu verðbréfa, innan þriggja daga frá því kauphingsviðskipti fóru fram. Kauphingsstjórn setur reglur um vanefndir.

9. gr.

Verðbréfakaup og -sölur banka, sparisjóða og opinberra sjóða og stofnana skulu fara fram á kauphingi. Hefir fjármálaráðherra heimild til að hafa þar sérstakan umboðsmann, sem nýtur allra réttinda og skyldna venjulegra kauphingsfélaga. Um-

boðsmaður fjármálaráðherra er þó gjaldfrjáls og ekki háður löggilding kauphingsstjórnar.

10. gr.

Deilum, sem upp koma milli kauphingsfélaga út af kaupum og sölum á kauphinginu, skal, þegar aðilar koma sér saman um það, skotið til gerðardóms, sem skipaður er þrem mönnum. Tilnefna aðilar hvor sinn dómara og kauphingsstjórn einn. Fulltrúi kauphingsstjórnar er jafnframt formaður gerðardómsins og skal skipaður til eins árs í senn. Úrskurði gerðardóms verður ekki áfrýjað.

11. gr.

Ráðherra, sem fer með bankamál, hefir eftirlit með starfsemi kauphingsins. Sér hann, eða umboðsmaður hans, um að lögum og reglugerðum sé fylgt.

12. gr.

Tekjur kauphingsins eru:

a. Inntökugjald og ársgjöld kauphingsfélaga.
b. Skrásetningargjöld og ársgjöld af vaxtabréfum og hlutabréfum.
c. Gjöld af viðskiptum, sem fara fram á kauphingi, ef sett verða með reglugerð.

Gjöld þessi skulu ákveðin í reglugerð. Nú hrökkva tekjur kauphingsins ekki fyrir gjöldum, og skal þá mismuninum jafnað niður á bankana eftir úrskurði ráðherra.

13. gr.

Ráðherra setur reglugerð um starfsemi kauphingsins samkvæmt lögum þessum.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda eigi síðar en 1. október 1941.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frumvarp þetta er samið af milliþinganefnd í bankamálum, og fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

„Frv. þetta er um stofnun „Börs“ í Reykjavík. „Börs“ hefir oft verið nefndur „Kauphöll“ á íslenzku. En nefndin leggur til, að tekið verði upp annað nafn: Kauphing. „Börs“ á ekkert skylt við höll. Það er þing eða markaður, þar sem menn koma saman til að kaupa og selja verðbréf, og er rétt að miða heitið við þann tilgang. Þeir menn og stofnanir, sem kaupa og selja verðbréf fyrir almenning, þurfa að hittast sem flestir á einum stað til að komizt verði sem næst sannvirði verðbréfanna. En á því ríður mjög fyrir einstaklinga og þjóðlífið, að verðbréf séu í sannvirði, og að það sannvirði, hið skráða gengi, sé kunngert almenningi.

Hér á landi hafa margir fengizt við kaup og sölu verðbréfa, bæði fyrir eiginn reikning og vegna annara. Bankar og sparisjóðir hafa og verið kaupendur meira en seljendur verðbréfa. En þessir aðilar hafa aldrei stofnað með sér félag, þar sem framboð og eftirspurn gæti mætzt. Verðbréfamarkaðurinn hefir verið óskipulegur, með þeim afleiðingum, sem það hefir, öryggisleysi fyrir almenning og aðgerðaleysi um að hafa áhrif á gengi fulltryggra verðbréfa.

Verðbréfamagn það, sem er í umferð á hverjum tíma, og umsetning á því, hefir mikla þýðingu fyrir þjóðarbúskapinn. Sést það bezt, þegar þess er gætt, að vaxtabréf í umferð nú nema nálægt 50 milljónum króna. Ef talið er, að skuldlaus eign þjóðarinnar, ef reiknað er með verðlagi eins og það var fyrir stríð, nemi um 300 milljónum króna, þá nema vaxtabréfin ein að nafnverði einum sjötta hluta þjóðarauðsins. Þess ber þó að geta, að vaxtabréfamagnið hefir aukizt óeðlilega mikið í seinni tíð, einkum vegna kreppulánabréfanna.

Auk þess má búast við, að hlutabréf hinna stærri fyrirtækja verði skráð á kauphingi, ekki sízt vegna þess, að opinber skráning gildir við skattaframtöl, og þó hluta-

bréfamagn, sem væntanlega verður skráð, nemi hvergi hærri sömu fjárhæð og vaxtabréfin, þá má gera ráð fyrir, að það fari ört vaxandi.

Meginið af því fé, sem einstaklingar og nokkuð af því fé, sem hið opinbera festir, gengur til fasteigna- og atvinnufyrirtækja. Af því leiðir, að mikið er undir því komið, að almenningur geti treyst því, að verðbréfaviðskiptin séu lifandi og traust. Og með opinberri skipulagningu á verðbréfamarkaðinum má gera mikið til að örva þau og tryggja þann almenning, sem tekur þátt í þeim. Til þess að ná þeim tilgangi, þarf að sjá til þess, að miðstöð sé til fyrir kaup og sölu verðbréfa, sem starfi eftir reglum, sem settar eru til öryggis fyrir almenning. Í frv. því, sem hér liggur fyrir um kauphing, eru gerðar tillögur til, að framboð og eftirspurn geti mætzt á einum stað og að almenningur og fjármálastjórnin geti fylgzt sem bezt með því, sem gerist á þeim vettvangi. Kauphing, sem aðallega er stjórnað af bönkunum og starfar undir eftirliti hins opinbera, veldur því, að þessir aðilar eiga hægt með að beita afskiptum sínum, ef með þarf, gegn ýmiskonar tilviljunum og óeðlilegu verðfalli.

Kauphing er markaður, þar sem margir seljendur og kaupendur standa óháðir gagnvart hver öðrum. Enginn einstakur hefir veruleg áhrif á það gengi verðbréfa, sem skráð verður. Gengið er að vissu leyti sameiginlegt mat allra, sem viðskipti reka á kauphinginu. Og þangað veljast menn, sem hafa gert það að sérgrein sinni að kynnast öllu því, sem áhrif á að hafa á gengi verðbréfa. Þar er því mest trygging fyrir því, að sannvirði fáist. Og þó ekki fari fram á kauphingi nema nokkur hluti verðbréfaviðskipta, þá hefir kauphingsgengið úrslitaáhrif á gengi þeirra verðbréfa, sem seld eru og keypt utan kauphings. Kauphing nær því að miklu leyti tilgangi sínum, þó þangað dragist ekki í upphafi öll verðbréfaviðskipti. En þó er sjálfsagt að miða starfsreglur kauphings við það, að þátttaka geti orðið sem mest. Nær sannvirði verðbréfa verður ekki komizt með öðrum ráðum en að stofna til kauphings.

Á kauphingi á og að fást nokkurn veginn nákvæm vissa um innbyrðis verðmæti verðbréfa, eins og t. d. hinna ýmsu veðdeildarflokka. En um það hefir stundum verið misbrestur, þó nokkuð hafi lagazt síðari árin.

Það er eitt þýðingarmesta atriði kauphingsstarfsemi, að þá er tryggt, að almenningi verði gengi verðbréfa heyrum kunnugt. Kauphingsstjórn er skylt að birta almenningi skráningarlista þegar í stað. Er það mörgum manni nauðsynleg aðstoð, því annars vill við brenna, að hægt sé að nota sér ókunnugleik manna um raunverulegt gildi verðbréfa. Hefir það ekki eingöngu siðferðislega þýðingu í verðbréfaviðskiptum, að almenningi sé fullkunnugt um gengi helztu verðbréfa, heldur og mikla fjárhagslega þýðingu, því margur óttast að öðrum kosti um að leggja fé sitt í verðbréf. Full trygging gegn misnotkun í þessu efni fæst svo, ef ákveðin eru í lögum eða reglugerð lágmarksumboðslaun, sem verðbréfakaupmenn megi taka.

Það er alstaðar reynslan, að kauphingsviðskipti valda stöðugra gengi á þeim verðbréfum, sem skráð eru, en ella mundi vera. Bankar og hið opinbera getur þar dregið úr stökkum. Og jafnvel „spekulationin“ getur haft mildandi áhrif, þegar sérfróðir menn fjalla um.

Kauphingið sjálft og tilvera þess eru aukin trygging fyrir umsetningu bréfa. Einstaklingum og félögum er það mikið öryggi, að kauphingsskráð verðbréf nálgist það sem mest, að hafa sama gildi og handbært fé. Festing fjár verður öruggari og jafnari, en af því leiðir aftur, að framlög til framkvæmda og atvinna verður jafnari. Það má fastlega búast við, að skráning verðbréfa á kauphingi gerbreyti smátt og smátt eðli verðbréfa og viðhorfi almennings til þeirra. Að vísu getur það valdið nokkurri rýrnun á sparifjárinnstæðum, vegna þess, að menn leita eftir hærri verðbréfavöxtum, en auknir möguleikar til að ávaxta fé sitt valda jafnframt oft aukinni sparnaðarviðleitni, og engin ástæða fyrir þessar sakir til að hika við að koma verðbréfaviðskiptum í betra lag.

Þá má og gera ráð fyrir, að bankar, og þá einkum Landsbankinn, fari inn á þá braut, að selja og kaupa vaxtabréf að staðaldri í þeim tilgangi að draga úr eða auka hina almennu kaupgetu í landinu (open market operations), en því verður ekki við

komið nema til sé kauphing, sem verður milliliður þessara viðskipta. Má og benda á, að í hinum breytilegu gengisskráningum á kauphingi fá bankarnir og fjármálastjórnin mælikvarða á fjármálaástandið og geta hagað viðskiptastefnu sinni eftir því. Kauphing er mælikvarði viðskiptalífsins.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, er að nokkru leyti sniðið eftir þeim reglum, sem gilda um kauphingið í Stokkhólmi, og höfð hliðsjón af löggjöf annarstaðar á Norðurlöndum. Þó verður ýmsu að haga öðruvísi hér. Margra alda þróun hefir ráðið ýmsu, sem enn gildir um kauphing annarstaðar, en hér er gerð fyrsta till. um kauphing á Íslandi og engar erfðavenjur sem binda. T. d. hefir nefndin ekki talið annað fært en að lögskylda bankana til að vera kauphingsfélagar og fjármálaráðuneytið til að hafa þar fulltrúa og að skylda banka, sparisjóði og opinbera sjóði til að láta öll sín vaxtabréfaviðskipti fara fram á kauphingi. Það skapar skilyrði fyrir því, að hið opinbera geti ráðið miklu um skráningar og komið í veg fyrir tilviljun og ranglæti. Í öllum grundvallaratriðum er þó fylgt þeim reglum, sem gilda á Norðurlöndum. Má þar fyrst og fremst nefna, að gert er ráð fyrir, að kauphingið verði ríkisstofnun með þátttöku verðbréfakaupmanna. Uppboðsfyrirkomulag við skráningu er fyrirskipað, og kauphingsfélagar einir, sem fullnægja settum skilyrðum og hafa fengið löggildingu, geta selt og keypt verðbréf á kauphinginu. Í frv. sjálfu er svo fátt bundið sem auðið er, en um öll smærri atriði verður ákveðið í reglugerð, sem ráðherra staðfestir.

Um 1. gr.

Ekki er ástæða til að halda kauphing nema á einum stað í landinu og þá að sjálfsögðu í Reykjavík. Starfsemi kauphingsins er bundin við verðbréf. Fyrir vörukauphing eru engin skilyrði hér á landi.

Um 2. gr.

Kauphingsdagar þurfa að sjálfsögðu að vera fleiri en tveir á mánuði á flestum tímum árs, en rétt er, að það sé reglugerðarákvæði, hve oft skuli haldin kauphing. Lágmarksákvæðið er miðað við kauphingsdaga, sem nægilegt mætti telja að sumrinu til. Rétt er, að almenningur geti fylgzt með um kauphingsstörf, gegn litlum aðgangseyri, eftir því sem rúm leyfir.

Um 3. gr.

Það hefir alstaðar reynzt óframkvæmanlegt, að allur almenningur hafi rétt til að verzla á kauphingi. Það er þvert á móti trygging fyrir hagsmuni almennings í því, að þeir einir, sem fullnægja settum skilyrðum, hafi rétt til að kaupa og selja verðbréf á kauphingi, líkt eins og það, að skilyrði eru sett um það, hverjir megi flytja mál fyrir hæstarétti. Kauphingsfélagar kaupa og selja fyrir sjálfa sig eða almenning, en um starf þeirra fyrir almenning þarf að setja bindandi reglur.

Um 4. gr.

Ætlazt er til, að bankarnir hafi meiri hluta í kauphingsstjórn, enda eru allir bankar hér ríkisbankar. Kauphingið er fyrst og fremst samstarf milli bankanna og ríkisstjórnar um opinbera verðbréfaskráningu, og bönkunum ætlað að bera þann kostnað, sem tekjur hrökkva ekki fyrir.

Um 5. gr.

Greinin er um skyldu kauphingsstjórnar, og þarf í reglugerð að ákveða nánar um starfsaðferðir.

Um 6. gr.

Til öryggis fyrir verðbréfakaupendur, þarf kauphingsstjórn að dæma um það, hvort verðbréf séu skráningarhæf, en ráðherra er þá falið úrskurðarvald.

Um 7. gr.

Það er eitt höfuðatriði um kauphingsstarfsemi, að gengi verðbréfa sé birt almenningi. Um það má ákveða í reglugerð, hvort áfallnir, en ógreiddir vextir skuli teljast með í kaup- og söluverði bréfa eða greiðast sérstaklega af kaupanda. Eins er rétt að ákveða í reglugerð um nánari skýrslu um starfsemi kauphings.

Um 8. gr.

Hér er svo til ætlazt, að öll kauphingsviðskipti séu gerð upp innan þriggja daga. Sá frestur er sanngjarn til að kauphingsfélagar geti haft samband við viðskiptamenn sína utan Reykjavíkur, en lengri frestir mundu sennilega valda óþarfri spákaupmennsku. Lengri frestir mundu sérstaklega vera hættulegir, þegar um kaup og sölu lítilla verðbréfaflokka er að ræða. Þó er hér ekki bannað, að kauphingsfélagar, seljandi og kaupandi, komi sér saman um lengri fresti í einstökum tilfellum.

Um 9. gr.

Til að varðveita sannvirði verðbréfa er nauðsynlegt, að allmikið opinbert fé, sem meir er ráðstafað með tilliti til öryggis en fljóttekins gróða, sé starfandi á kauphingi. Það skapar festu og dregur úr braskhættu.

Um 10. gr.

Á flestum kauphingum eru gerðardómar frjálsir, en þeir, sem það kjósa heldur, geta leitað til dómstóla um mál sín.

Um 11. gr.

Rétt er, að fulltrúi bankamálaráðherra hafi eftirlit með kauphingsstarfsemi, en ef skipaður er eftirlitsmaður með bönkum og sparisjóðum, þá fer bezt á, að honum sé einnig falið þetta eftirlit.

Um 12. gr.

Ekki er ástæða til að ætla, að kostnaður af kauphingi verði tilfinnanlegur, og væntanlegar tekjur er ókleift að áætla. Er bönkunum hér ætlað að greiða tekjuhalla, ef einhver verður.“

Nd. 61. Nefndarálit

um frv. til l. um heimild fyrir ríkissjóð til að taka 5 milljón króna innanríkislán.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv., borið það saman við bráðabirgðalögin og rætt við fjármálaráðherra um efni þess.

Telur ráðherrann, að til þess að hafa nægilegt handbært fé til að greiða upp sterlingspundalánið frá 1930, þurfi að hækka lántökuheimildina upp í 10 milljónir króna. Eftirstöðvar lánsins eru nú um 13,4 millj. króna, en af þessari upphæð eru um 1800 þús. krónur skuld Búnaðarbankans, sem ráðherrann upplýsti, að nú væri við því búinn að greiða upp sinn hluta lánsins. Með tilliti til þessa virðist mega gera ráð fyrir, að þessi hækkun á lántökuheimildinni nægi til þess, að unnt verði að greiða lánið að fullu.

Nefndin er sammála ráðherra um, að rétt sé að breyta því af enska láninu, sem ekki er unnt að greiða á annan hátt, í innanríkislán. Jafnframt telur nefndin sjálfsagt, að rannsakaðir séu möguleikar á því að breyta öðrum brezkum lánum ríkissjóðs í innlend lán.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Í stað „5 milljón króna“ komi: 10 milljón króna.
2. Við fyrirsögn frv. Í stað „5 milljón króna“ komi: 10 milljón króna.

Alþingi, 5. marz 1941.

Sveinbjörn Högnason, form. Jón Pálmason, fundaskr. H. Guðmundsson, frsm.
Skúli Guðmundsson. St. Stefánsson.

Nd. 62. Frumvarp til laga

um þjóðfána Íslendinga.

(Lagt fyrir Alþingi 1941.)

1. gr.

Almenni þjóðfáni ríkisins skal vera þannig:

Heiðblár (ultramarineblár) með hvítum krossi og hárauðum krossi innan í hvíta krossinum. Armar krossanna skulu ná alveg út í jaðra fánans á alla 4 vegu. Breidd krossmarksins alls skal vera 3/5 af breidd alls fánans, en rauði krossinn helmingi mjórri, 1/5 af breidd fánans. Reitirnir við stöngina skulu vera rétthyrndir ferhyrningar og allar hliðar þeirra jafnstórar; ytri reitirnir skulu vera jafnbreiðir stangarreitunum, en helmingi lengri. Hlutfallið milli breiddar fánans og lengdar verður sem 18:25.

2. gr.

Stjórn og opinberar stofnanir, svo og fulltrúar Íslands í öðrum löndum (sendiherrar, ræðismenn og aðrir slíkir fulltrúar) skulu nota fánann klofinn að framan. Lögun klofna fánans skal vera þannig:

Að krossbreidd og gerð stangarreita skal klofni fáninn vera svo sem almenni þjóðfáninn, en ytri reitirnir skulu vera þrefalt lengri en stangarreitirnir og 1/7 af lengd þeirra, oddmyndaðir, skásneiddir á innjöðrum allt frá hinni láréttu rauðu krossálmu, er skal þverskorin; skulu hvítu rendurnar beggja vegna við rauðu krossálmuna skáskornar með.

Póst- og símafáni og tollgæzlufáni skulu vera klofajafnir með merki í efra stangarreit miðjum þannig:

Póst- og símafáni með horni og stjörnu í miðju, með neistum út frá til allra hliða. Tollgæzlufáni með stóru téi (T). Skulu merki þessi vera silfurlit og gylt kóróna yfir.

3. gr.

Fáni hafnsögumanns skal vera sem almenni þjóðfáninn með hvítum jöðrum á alla vegu jafnbreiðum krossinum, þ. e. 1/7 af breidd bláu reitanna.

4. gr.

Engin önnur merki en þau, er greinir í 2. og 3. gr., má nota á neinum þjóðfána.

5. gr.

Klofna fánann má aðeins nota á húsum, sem eru eign ríkis eða stofnana ríkisins, nema um sé að ræða heimili eða embættisskrifstofu fulltrúa Íslands í öðrum löndum. Þótt hús sé eign ríkis eða ríkisstofnana, má ekki nota klofna fánann á því, ef leigt er að mestu eða öllu einstökum mönnum eða einkastofnunum. Hinsvegar má nota klofna fánann á húsi, sem er í eign einstakra manna eða einkastofnana,

ef ríkið eða ríkisstofnanir hafa húsið á leigu og nota það að öllu eða mestu leyti til sinna þarfa.

Klofna fánann má aðeins nota á skipum, sem eru í eign ríkisins eða ríkisstofnana og notuð í þeirra þarfir, með þeim undantekningum sem hér segir:

Ef ríkið tekur skip á leigu til embættisþarfa (strandgæzlu, tollgæzlu, póstflutnings, vitaeftirlits, hafnsögu o. s. frv.), má það nota klofna fánann af þeirri gerð, sem við á samkvæmt 2. gr.

Skip, sem annast póstflutning eftir samkomulagi eða samningi við ríkisstjórnina, mega nota klofna póstfánann, enda hafi þau rétt til þess að sigla undir íslenzkum fána. Réttur þessi nær aðeins til þess að nota póstfánann á þeim leiðum, sem skipið flytur póst eftir samkomulagi eða samningi.

6. gr.

Þjóðfáninn skal dreginn að hún á þar til gerðri stöng. Á húsum getur stöngin annaðhvort verið beint upp af þaki hússins eða gengið út frá hlið hússins, enda sé stönginni í báðum tilfellum komið fyrir á smekklegan hátt. Ennfremur má nota stöng utan húss, sem reist er á jörðu. Á skipum skal stönginni komið fyrir á afturstefni eða á gaffli aftur af aftara siglutré; ef um smáskip eða báta er að ræða, má draga fánann að hún á aftara siglutré, enda séu siglutrén tvö.

7. gr.

Frá 1. marz til 31. október skal ekki draga fána að hún á húsum fyrr en kl. 8 að morgni og frá 1. nóvember til febrúarloka ekki fyrr en kl. 9 að morgni. Fáninn skal dreginn niður, er sól sezt, þó ekki síðar en kl. 22, ef sól sezt síðar.

Um notkun fánans á skipum fer eftir reglum þeim, er gilda á hverjum tíma um slíka notkun.

Á húsum og skipum strandgæzlu, tollstjórnar og heilbrigðisstjórnar má víkja frá þessum reglum.

8. gr.

Nú rís ágreiningur um rétta notkun fánans, og sker þá dómsmálaráðuneytið úr.

9. gr.

Sýnishorn af réttum litum fána skal vera til á vissum stöðum, sem dómsmálaráðuneytið ákveður og auglýsir, svo og hjá öllum lögreglustjórum. Bannað er að hafa á boðstólum, selja eða leigja aðra fána en þá, sem gerðir eru með réttum litum og réttum hlutföllum reita og krossa.

10. gr.

Lögreglan skal hafa eftirlit með því, að enginn noti þjóðfána, sem er ekki í samræmi við sýnishorn þau, er greinir í 9. gr., eða svo upplitaður eða slitinn, að verulega frábrugðinn sé réttum fána um lit og stærðarhlutföll reita. Má gera slíka fána upptæka, ef notaðir eru á stöng eða sýndir úti eða inni, þar sem almenningur getur séð þá.

11. gr.

Lög þessi ná til allra fána, sem notaðir eru á venjulegan hátt, svo almenningur eigi kost á að sjá þá úti eða inni, en ekki til skrautfána, borðfána eða því um líkra fána, sem þó skulu jafnan vera gerðir þannig, að réttir séu litir og stærðarhlutföll reita og krossa.

12. gr.

Enginn má, nema með sérstöku leyfi dómsmálaráðuneytisins, nota fánann í firmamerki, vörumerki eða á söluvarning, umbúðir um eða auglýsingu á vörum.

Nú hefir verið skrásett af misgáningi vörumerki, þar sem notaður er þjóðfáninn án heimildar, og skal þá afmá það úr vörumerkjaskrá samkvæmt kröfu dómsmálaráðuneytisins.

Nú setur maður heimildarlaust þjóðfánann á söluvarning eða umbúðir hans, og skal þá fenginn dómsúrskurður um, að honum sé óheimilt að nota fánamerkið eða hafa vörur til sölu, sem auðkenndar eru með því. Auk þess má skylda hann til þess, ef nauðsyn krefur, að ónýta vörurnar eða umbúðir þeirra, svo framarlega sem þær eru þá í vörzlum hans eða hann á annan hátt hefir umráð yfir þeim.

13. gr.

Dómsmálaráðuneytið getur, ef þörf þykir, sett með reglugerð sérstök ákvæði til skýringar ákvæðum laga þessara eða ný fyrirmæli, sem þörf kann að vera á að dómi reynslunnar.

14. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum frá 10—1000 krónum. Með sektum frá 500—5000 krónum eða fangelsi allt að 6 mánuðum skal refsa skipstjóra, sem notar þjóðfánann ólöglega eða notar á sjó, þar sem íslenzkt vald nær til, nokkurn fána, sem hann á ekki rétt á að nota. Með mál út af brotunum skal farið sem almenn lögreglumál.

15. gr.

Með lögum þessum falla úr gildi konungsúrskurðir nr. 41 frá 30. nóv. 1918, nr. 1 frá 12. febr. 1919 og nr. 30 13. jan. 1938.

Ástæður fyrir lagafrumvarpinu:

Á síðasta Alþingi var samþykkt svo hljóðandi þingsályktun:

„Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að safna heimildum frá þeim þjóðum, sem eru skyldastar Íslendingum og lengi hafa notið fullkomins sjálfstæðis, um löggjöf og venjur þessara landa um rétta notkun þjóðfánans, og leggja síðan fyrir næsta Alþingi niðurstöður þessara rannsókna í frumvarpsformi, hversu skuli fara með þjóðfána Íslendinga."

Eins og ástatt er nú um samgöngur við önnur lönd varð að láta sér nægja að safna heimildum þeim, sem hægt var að ná til hér á landi. Urðu það heimildir um löggjöf frændþjóða vorra, Dana, Norðmanna og Svía — þó ekki allar, sem til kunna að vera, en væntanlega fullnægjandi að svo komnu. Enda hafa þessar þjóðir lengi notið fullkomins sjálfstæðis og þjóðfáni Dana er af ýmsum talinn elzti þjóðfáni, sem til er.

Í Danmörku eru engin lög til um þjóðfánann. Og um fyrirmælin var talið svo ábótavant, að 19. júlí 1927 var skipuð nefnd „til þess að rannsaka fánalöggjöf þá, sem er hér á landi, og undirbúa lagafrumvarp, sem nái yfir allar reglur á þessu sviði". Nefndin samdi slíkt frumvarp, sem síðan var lagt fyrir ríkisþingið af ríkisstjórninni með nokkrum breytingum, en hefir ekki enn verið samþykkt sem lög. Frumvarp þetta var með nokkrum öðrum blæ en fánalög Norðmanna og Svía. Lögð talsverð áherzla á að setja fyrirmæli um fána frábrugðna þjóðfánanum, sem notaðir kynnu að vera í landshlutum eða jafnvel bæjum og sveitum. Hefir ekki þótt þörf að setja slík ákvæði í frumvarpið hér að framan.

Aðalheimildir um danska þjóðfánann og notkun hans eru í dag í tilskipun frá 11. júlí 1748, sem ber nafnið: „Forordning om Coffardie-Skibes og Commis-Farernes, samt de octrojerede Compagniers Skibes Flag og Giös, samt Vimpeler og Flöie." Eru þar ákvæðin um gerð fánans og notkun hans á ýmsum tegundum skipa.

Í Noregi eru til þessi ákvæði um efnið:

1. Lög um fána Noregs frá 10. des. 1898.
2. Grundvallarlagaákvæði frá 21. nóv. 1905 (111. gr. grundvallarlaganna), sem segir, að ákveða skuli með lögum gerð og liti norska fánans.
3. Konungsúrskurður frá 21. okt. 1927, um notkun ríkisfánans og verzlunarfánans.

4. Ákvæði í hegningarlögum frá 22. maí 1902, sem segir m. a.: „Með sektum eða allt að 3 mánaða fangelsi skal refsa skipstjóra, sem notar norska fánann ólöglega, eða notar í norskri landhelgi nokkurn fána, sem hann á ekki rétt á að nota.“

Fánalögin eru aðallega um gerð fánans og liti, en konungsúrskurðurinn frá 21. okt. 1927 um notkun hans.

Í Svíþjóð eru lög um fána ríkisins frá 22. júní 1906.

Ennfremur er það ákvæði í stjórnarskrá Svía, að ekki megi gera neina breytingu á fánanum nema með samþykki ríkisþingsins.

Loks eru til ýmsar konungsauglýsingar um notkun fánans frá árunum 1908—1936.

Í lögunum frá 22. júní 1906 eru ákvæði um gerð og liti fánans og ýms ákvæði um notkun frábrigða frá almenna fánanum (klofna fánans m. m.).

Af þessu stutta yfirliti má sjá:

1. Norðmenn og Svíar hafa ákvæði um fána sína í stjórnarskrám sínum, til tryggingar því, að gerð fánans verði ekki breytt nema af þjóðþinginu. Danir hafa engin slík stjórnarskrárákvæði.
2. Norðmenn og Svíar eiga fánalög. Danir eiga engin slík lög.
3. Ákvæðin um gerð fánans eru sett með lögum í Noregi og Svíþjóð; en ákvæðin um notkun fánans með konungsúrskurðum og auglýsingum. Sama er í Danmörku. En þar er auk þess gerð fánans aðeins ákveðin á sama hátt.

Hér á landi eru ákvæðin um gerð þjóðfánans og notkun hans í þrem konungsúrskurðum: nr. 41 frá 30. nóv. 1918, nr. 1 frá 12. febrúar 1919 og nr. 30 frá 13. jan. 1938. Er fyrri úrskurðurinn aðallega um gerð almenna þjóðfánans, en sá síðari um gerð klofna fánans. Ákvæðin um notkunina eru takmörkuð og ófullkomin. Virðist því þörf frekari ákvæða.

Eins og nú horfir, virðist rétt að hafa helztu ákvæðin um fánann í lagaformi. Hvort ástæða sé til þess að setja lík ákvæði í stjórnarskrána um fánann eins og eru í stjórnarskrám Norðmanna og Svía, liggur ekki fyrir nú, en mætti athuga næst, er gerðar yrðu aðrar breytingar á stjórnarskránni.

Í lagafrumvarpið hafa verið tekin ýms ákvæði, sem eru ekki í fánalögum Norðmanna og Svía; eru sum þeirra í konungsúrskurðum eða auglýsingum. Alltaf geta komið fyrir ný atvik, sem geri æskilegt að skýra nánar einhver ákvæði laganna eða jafnvel setja ný ákvæði. Hefir því þótt rétt að setja í lögin ákvæði, sem heimili slíkt í öðru formi en lagaformi.

Til greina gat komið að setja í fánalögin ákvæði um notkun erlendra þjóðfána hér á landi. Það hefir ekki verið gert. Þingsályktunartillagan gerir ekki ráð fyrir því. Auk þess hafa skapazt vissar venjur um það efni, sem farið er eftir í flestum löndum og breytzt geta frá ári til árs; því ekki heppilegt að lögbinda það um of. Enda erfitt að semja slík ákvæði svo tæmandi séu. Erlendir þjóðfánar notaðir á ýmsan hátt til þess að sýna kurteisi og samúð, til skrauts við hátíðleg tækifæri o. s. frv. Þá fyrst, ef vart yrði við að brögð yrðu að misnotkun erlendra þjóðfána, væri ástæða til þess að taka það mál til sérstakrar athugunar.

Um einstakar greinar frumvarpsins skulu gerðar þessar athugasemdir:

Um 1. gr.

Greinin felur í sér lýsingu á gerð almenna þjóðfánans og er nákvæmlega í samræmi við konungsúrskurðinn 30. nóv. 1918

Um 2. og 3. gr.

Um gerð klofna fánans og hafnsögufánans eru ákvæði greinanna að mestu í nákvæmu samræmi við konungsúrskurð 12. febr. 1919 og 13. jan. 1938. Sömuleiðis ákvæðin um notkun klofna fánans, aðeins gerð nokkuð fyllri.

Um 4. gr

Rétt þykir að hafa ákvæði, sem girði fyrir það, að önnur merki séu höfð í þjóðfánanum en þau, sem lögheimiluð eru. Hafa Svíar slíkt ákvæði í fánalögum sínum.

Um 5. gr.

Nauðsynlegt þykir að hafa ýtarlegri ákvæði en þau, er nú gilda, um notkun klofna fánans, sem tryggi það, að hann sé aðeins notaður í þágu ríkisins og ríkisstofnana, svo sem til hefir verið ætlazt frá byrjun.

Um 6. gr.

Hér er lögfest, á hvern hátt fáninn skuli sýndur úti við, og er það í samræmi við venjur þær, er hingað til hefir verið fylgt og ekki þykir ástæða til að breyta. Hinsvegar rétt að tryggja gegn því, að menn noti fánann á einhvern hátt annan, sem getur verið óvirðulegur eða smekklaus.

Um 7. gr.

Það mun almenn venja að hafa fána ekki dreginn að húni nema meðan sól er á lofti. Til þess að tryggja enn betur þá venju þykir hentugt að binda hana við vissar klukkustundir. Að morgni má hæglega ákveða þetta eins og gert er í greininni. Að kvöldi er fólk á ferli eftir sólsetur mikinn hluta ársins og verður því að láta sólsetrið ráða. Þó er sett ákveðið tímamark um bjartasta tíma ársins, til þess að aftra því kæruleysi að láta fánann vera dreginn að húni allan sólarhringinn. Er ákvæði líkt þessu í norsku fánalögunum.

Um 8. gr.

Einhver verður að geta skorið úr ágreiningi um rétta notkun fánans, ef upp kemur. Þykir eðlilegast að fela það dómsmálaráðuneytinu.

Um 9. gr.

Til þess að tryggja það, að réttur litur sé á öllum þjóðfánum, sem notaðir eru, þurfa menn að hafa tækifæri til þess að ganga úr skugga um, að fáni sá, sem þeir kaupa, leigja eða gera sjálfir, sé gerður með réttum litum. Þá geta menn ekki kennt um vanþekkingu eða því að hafa verið blekktir til þess að nota fána með röngum litum. Sennilega mun hentugast að hafa sýnishornin hjá þeim, sem verzla með fána eða dúk í fána, á hæfilega mörgum stöðum. Ef þau eru einnig til hjá öllum lögreglustjórum, fæst með því aukið aðhald um að gæta sem bezt þessa mikilvæga ákvæðis, um rétta fánaliti. Sjálfsagt virðist að banna að hafa á boðstólum, selja eða leigja aðra fána en þá, sem eru rétt gerðir samkvæmt lögunum.

Um 10. gr.

Með grein þessari er lögreglunni lögð á herðar sérstök skylda um að haldið sé uppi virðingu fánans.

Um 11. gr.

Í grein þessari felst nokkuð nánari skilgreining á fánum þeim, sem lögunum er ætlað að ná til. Ástæðulaust þykir að fara lengra en það sem segir í greininni, enda er notkun fána innanhúss annars eðlis, og oft rétt að binda ekki um of hendur manna sem skreyta vilja innan húss með fánanum í hátíðaskyni.

Um 12. gr.

Fáninn er þjóðernistákn og eign alþjóðar. Því má einstaklingur, félag einstaklinga eða firma eigi kasta eign sinni á hann til afnota í einkahagsmunaskyni. Firmalögin frá 1903 hafa engin ákvæði um þetta efni. Í vörumerkjalögunum frá 1903 eru ákvæði, sem banna að skrásetja vörumerki, ef í því eru „opinber merki, svo sem skjaldarmerki“; nær þetta væntanlega til fánans. En hæði mætti um þetta deila, önn-

ur merki en vörumerki, sem misnota mætti fánann í, og auk þess engin ákvæði, ef merki er skrásett af ógáti eða um misnotkun fánans á þessu sviði væri að ræða. Því þykir rétt að taka hér upp ákvæði þessi. — Ákvæðin í seinni hluta greinarinnar eru í samræmi við tilsvarandi ákvæði í 12. gr. l. nr. 43 13. nóv. 1903, um heimildarlausa notkun á nafni, firma, fasteign eða vörumerki annars manns.

Þar sem fyrir getur komið, að ekki séu ástæður til þess að óttast, að fáninn verði óvirtur með notkun á þann hátt, sem hér ræðir um, þykir rétt að heimila dómsmálaráðuneytinu að gefa undanþágu frá almennu reglunni í einstökum tilfellum.

Þessi ákvæði hindra ekki, að liti fánans („íslenzku litina") megi nota, þótt sjálfur fáninn sé verndaður gegn slíkri notkun.

Um 13. gr

Vísast til almennu ástæðnanna, sem tilfærðar eru hér að framan.

Um 14. gr.

Refsiákvæði eru nauðsynleg og þurfa ekki sérstakrar skýringar við.

Er hér og tekið eftir norsku fánalögunum ákvæði um harðari refsingu fyrir skipstjóra, sem notar annan fána en þann, sem hann á rétt á að nota, t. d. klofna fánann, ef ekki eru fyrir hendi skilyrði 2. gr., annan fána en rétt gerðan þjóðfána o. s. frv.

Nd. 63. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

Frá fjárhagsnefnd.

Frv. þetta hefur nefndin athugað og leitað frekari upplýsinga um nauðsyn þess hjá háskólarektor, sem mætti á fundi nefndarinnar, er það var til athugunar. Lagði hann þá fram bréf það, sem hér er tekið upp í áliti nefndarinnar til frekari skýringa:

„HÁSKÓLI ÍSLANDS

Reykjavík, 3. marz 1941.

Til fjárhagsnefndar neðri deildar Alþingis.

Til svars bréfi nefndarinnar, dags. 27. febr., vil ég gefa þessar upplýsingar.

Þegar byggingarnefnd háskólans tók þá djörfu ákvörðun haustið 1939, að reyna að ljúka við bygginguna eins fljótt og unnt væri, en áður hafði ekki verið gert ráð fyrir, að byggingunni væri lokið fyrr en 1941 eða 1942, fór allur byggingarkostnaður hraðvaxandi, og er bersýnilegt af því, að ef nokkur bið hefði orðið á framkvæmdum, mundi hafa farið um þessa byggingu eins og um þjóðleikhúsið. Hins vegar varð að renna blint í sjóinn um kostnaðarauka, enda hefur það komið í ljós, að byggingin varð miklu dýrari en gert var ráð fyrir. Samkvæmt upplýsingum húsameistara ríkisins um verðhækkun, þá hefir hún orðið kr. 324000.00 frá því er gengisbreytingin varð 1939. Í byrjun árs 1940 var tekið lán á lán ofan, til þess að fullgera húsið, og eru lánaskuldbindingar háskólans nú eins og hér segir:

1.	Víxill, gjalddagi 23. marz 1941	kr.	30000.00
2.	Víxill, gjalddagi 27. marz 1941	—	15000.00
3.	Víxill, gjalddagi 11. apríl 1941	—	50000.00
4.	Víxill, gjalddagi 24. apríl 1941	—	50000.00
5.	Skuldabréf, 6%, gjalddagi 1. júlí 1941	—	25000.00
6.	Víxill, gjalddagi 1. ágúst 1941	—	25000.00
7.	Skuldabréf, 6%, gjalddagi 1. júlí 1942	—	50000.00

8.	Skuldabréf, 4%, gjalddagi 30. nóv. 1943	kr. 250000.00
9.	Skuldabréf, 6%, gjalddagi 1. júlí 1944	— 50000.00
10.	Skuldabréf, 6%, gjalddagi 1. júlí 1944	— 200000.00
11.	Skuldabréf, 6%, gjalddagi 30. maí 1944	— 10000.00
12.	Skuldabréf, 6%, gjalddagi óumsamið	— 120000.00
		Kr. 875000.00

Af þessu yfirliti sést, að háskólinn skuldar nú 875000 kr., en auk þess eru enn ógreiddar byggingarskuldir um 150000 kr., er munu verða greiddar á næstunni. Vextir af skuldunum munu nema um 130000 kr. Á háskólinn þá ógreitt um 1155000 kr.

Þótt vígsla háskólans hafi farið fram 17. júní s. l., hefir æ síðan verið unnið í byggingunni að ýmsu, sem ógert var. Eftir því, sem næst verður komizt, er kostnaður við háskólabygginguna orðinn 1950000 kr., með því, sem enn er ógreitt. Af þessari upphæð eru þegar greiddir vextir 58000 kr.

Af þessu yfirliti sést, að háskólabyggingin hefur orðið miklum mun dýrari en gert var ráð fyrir, og liggja til þess eðlilegar ástæður. Vegna þess var sérleyfistími happdrættisins framlengdur til 1946 og ennfremur gefin út bráðabirgðalög 16. jan. þ. á., en báðar þessar ráðstafanir munu að voru áliti verða til þess, að háskólinn geti staðið við allar skuldbindingar sínar. Rekstrarhagnaður happdrættisins hefur orðið fyrstu 6 árin, 1934—1939, kr. 930000.00, eða 155000 kr. á ári til jafnaðar. 1940 er hann nokkru meiri, og verður ársreikningur fullgerður í þessum mánuði. Af þessari upphæð voru teknar 200000 kr. til byggingar atvinnudeildarinnar.

Með hinu nýja fyrirkomulagi gerum vér ráð fyrir, að árlegar tekjur verði um 230000 kr. Að vísu er von um, að þær verði meiri í ár, en mjög óvarlegt er að áætla þær hærri en þetta að meðaltali í 6 ár, og er ef til vill fullhátt. Af tekjunum rennur tíundi hluti til atvinnudeildarinnar. Verða þá eftir um 207000 kr. á ári, eða í 6 ár 1242000 kr. Þá yrði afgangur 87000 kr., er varið verður til lagfæringar og girðingar á lóðinni, og mun sú upphæð vart hrökkva til þess.

Af því, sem að framan hefur verið rakið, er ljóst, að erfitt hefur verið að gera áætlun um byggingarkostnaðinn jafnóðum, meðan allt var síhækkandi. Það kom og í ljós, að framlenging sú, sem háskólinn bað um og fékk á einkaleyfi til happdrættisrekstrar, var ekki nóg. Þar við bættist, að vegna breytingar á verðgildi peninga fór allur rekstrarkostnaður hækkandi, svo sem prentun, auglýsingar og kaup á skrifstofu, og var fyrirsjáanlegt, að til vandræða horfði, ef ekki hefði verið séð fyrir auknum tekjum. Þar við bætist, að umboðsmenn í Reykjavík, er hafa með sér félagsskap, báru fram mjög ákveðnar kröfur um hækkun á þóknun fyrir sölu happdrættismiða, en þeir hafa 7% af því, sem þeir selja. Starf umboðsmanna er mjög vinnufrekt, þar sem flestir Reykvíkingar endurnýja frá mánuði til mánaðar, en í Reykjavík er selt nálega ⅔ af öllum seldum happdrættismiðum. Á móti þessum kröfum varð ekki staðið með neinni sanngirni, en hækkun umboðslauna hefði valdið mjög tilfinnanlegri rýrnun á tekjum happdrættisins. Með því að hækka verð miðanna varð komizt hjá því að hækka hundraðstölu umboðslauna.

Nánari upplýsingar er ég reiðubúinn að gefa, ef óskað er.

Alexander Jóhannesson,
rektor.“

Eftir þessar upplýsingar, ásamt öðru, var nefndin ásátt um að mæla með samþykkt frumvarpsins óbreytts, enda þótt sumir nefndarmanna létu í ljós vafa um það, hver nauðsyn hefði verið á að setja um það bráðabirgðalög.

Alþingi, 7. marz 1941.

Sveinbjörn Högnason, form., frsm. Jón Pálmason, fundaskr. Skúli Guðmundsson.
St. Stefánsson. H. Guðmundsson.

Nd. **64. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 47 19. maí 1930, um fiskveiðasjóðsgjald.

Flm.: Pétur Ottesen.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Af öllum útfluttum sjávarafurðum, hverju nafni sem nefnast og í hvaða verkunarástandi sem er, skal greiða í fiskveiðasjóð Íslands 2% — tvo af hundraði — af útflutningsverði afurðanna.

2. gr.

Orðin „og gilda“ og út greinina í 11. gr. laganna falla burt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er sameiginlegt áhugamál allra sjómanna og útgerðarmanna á Íslandi, að fiskiskipaflotinn fái möguleika til þess að aukast og endurnýjast á eðlilegan hátt.

Reynsla síðari ára bendir mjög til þess, að æskilegt væri að leggja sérstaka áherzlu á fjölgun hinna stærri mótorskipa, og vitað er, að margir útgerðarmenn og sjómenn hafa sterka löngun til þess að fjölga þessum skipum, en aðgangur að viðunandi lánsfé hefur hamlað framkvæmdum.

Fiskveiðasjóður Íslands, sem ætlað er það hlutverk að styðja aukningu flotans með viðráðanlegu lánsfé, hefur ekki verið þess megnugur að bæta úr þessari fjárþörf til neinnar hlítar.

Ríkissjóði var á sínum tíma ætlað að leggja fiskveiðasjóði til eina milljón króna, en hann hefur enn ekki treyst sér til að greiða nema lítinn hluta upphæðarinnar. Fyrirsjáanlegt er líka, að sú upphæð, þó greidd væri, hrekkur hvergi til þess að fullnægja fjárþörfinni, nema rétt í svip.

Síðan 1931 hefur fiskveiðasjóður fengið gjald af útfluttum fiskiafurðum, ⅛%, og hefur það numið að meðaltali á ári þessi 9 ár kr. 52245.92, eða sem svarar liðlega einu láni á ári eins og sjóðurinn veitir þau nú stærst.

Það liggur í augum uppi, að þetta er með öllu ófullnægjandi aukning á sjóðnum.

Þessi mál eru alls ekki í viðunandi lagi fyrr en fiskveiðasjóður getur viðstöðulítið lánað allt að 60% til heilbrigðrar aukningar á vélskipaflotanum, og auk þess þarf sjóðurinn að verða fær um að veita hagkvæm lán til vélarkaupa í eldri skip og til umbyggingar á þeim, þegar sérstaklega stendur á.

Fullyrða má, að af öllum gjöldum útgerðarinnar er fiskveiðasjóðsgjaldið sá skattur, sem sanngjarnastur þykir, þar sem hann fer eingöngu til aukningar á flotanum. Má því telja víst, að því yrði ekki illa tekið, þó gjald þetta yrði hækkað. Bætt afkoma útgerðarinnar hin síðustu missiri ýtir líka mjög undir, að þessi leið sé farin.

Með verulega auknum möguleikum fiskveiðasjóðs til lánveitinga minnkar þörfin fyrir lán og styrki úr fiskimálasjóði, og ætti þá að mega afnema útflutningsgjald það, er nú rennur í hann, enda eðlilegast, að lánin séu á einum stað og þá þeim mun ríflegri.

Til þess að gera þessa hækkun fiskveiðasjóðsgjaldsins sem minnst tilfinnanlega fyrir útgerðina, væri æskilegt, að fellt væri niður útflutningsgjald af sjávarafurðum, sem nú rennur í ríkissjóð. Heimild Alþingis fyrir ríkisstjórnina til þess að undanþiggja saltfisk útflutningsgjaldi bendir einnig til þess, að þar sé þegar nokkur vilji í þá átt fyrir hendi.

Samhliða þessu frumvarpi verður annað frumvarp lagt fyrir Alþingi, um þær breytingar á lögum fiskveiðasjóðs, að hækka hámarkslán sjóðsins til skipa úr 50 þús. upp í 150 þús. krónur og út á verksmiðjur úr 35 þús. upp í 75 þúsund krónur, en lánstími nýrra skipa verði lengdur úr 12 upp í 15 ár.

Nd. 65. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 99 11. júní 1938, um fiskveiðasjóð Íslands.

Flm.: Pétur Ottesen.

1. gr.

Í staðinn fyrir orðin „að styðja bátaútveg landsmanna með hagkvæmum lánum“ í 1. gr. laganna komi: að styðja sjávarútveg landsmanna með hagkvæmum stofnlánum.

2. gr.

Síðasta málsgr. 2. gr. laganna orðist svo:

III. Fiskveiðasjóðsgjald af útfluttum sjávarafurðum samkvæmt sérstökum lögum.

3. gr.

Í staðinn fyrir „fiskiafurða“ í niðurlagi 4. gr. laganna komi: sjávarafurða.

4. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Út á ný skip með nýjum vélum má lána allt að $^3/_5$ virðingarverðs. Sé skip byggt innanlands, má hámark lánsins nema allt að $^3/_4$, enda komi þá til viðbótar trygging, sem sjóðsstjórnin metur gilda.

Um lán út á skip eldri en eins árs fer eftir ákvörðun sjóðsstjórnarinnar í hvert skipti.

Lengsti lánstími er 15 ár og hámarkslán kr. 150000,00.

5. gr.

Í stað „$^2/_5$“ í 6. gr. laganna komi: $^3/_5$ — og í stað „35“ komi: 75.

6. gr.

Fyrir „5½% — fimm og hálfur“ í fyrri málsgr. 7. gr. laganna komi: 4% — fjórir.

7. gr.

Fyrir orðin „er nánar verður ... virðingarnar“ í 8. gr. laganna kemur: er sjóðsstjórnin ákveður.

8. gr.

Fyrir „Ákvæði 12., 13. og 14. gr.“ í 15. gr. laganna komi: Ákvæði 11., 12., 13. og 14. gr.

9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 17 12. febr. 1940.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Svo er til ætlazt, að þetta frv. verði því aðeins lögfest, að samþykkt verði frumvarp um hækkun fiskveiðasjóðsgjaldsins upp í 2%, sem lagt er fram samhliða þessu frumvarpi, eða fiskveiðasjóði ætlaðar tilsvarandi tekjur á annan hátt.

Öllum, sem um það hugsa, er auðsæ nauðsynin á því, að möguleikar verði jafnan fyrir hendi til þess að endurbæta, auka og stækka fiskiskipastólinn. Fiskveiðasjóði er ætlað að veita eðlileg lán til þessa, en með þeim breytingum, sem nú eru að verða á kröfum manna til nýrra skipa — og er þá sérstaklega átt við eftirspurnina eftir stærri mótorskipum —, getur hann, að öllu óbreyttu, alls ekki orðið við eðlilegum þörfum útvegsins.

Þá vita það og allir þeir, sem kunnugir eru þessum málum, að nú þegar er farin að verða knýjandi þörf fyrir lán úr sjóðnum til endurbóta á mótorskipaflotanum, umbygginga og vélakaupa, en því hefur sjóðurinn ekki getað sinnt nema að óverulegu leyti, vegna fjárskorts.

Þá er og veruleg nauðsyn á rýmri lánveitingum til byggingar hraðfrystihúsa og fleiri iðjufyrirtækja í sambandi við útveginn.

Undanfarin missiri hefur lítillega verið reynt að bæta úr þessu með styrkjum og lánum, sem fiskimálanefnd hefur veitt úr fiskimálasjóði. En það virðist auðsætt, að æskilgt væri, að lán úr fiskveiðasjóði gætu verið það há og hagfelld, að hann gæti innt þetta hlutverk af hendi.

Þess vegna er nú lagt til í þessu frumvarpi, að fiskveiðasjóði verði gert kleift að lána $^3/_5$, í stað helmings áður, út á ný skip og hámarkslán hækkað úr 50 þús. upp í 150 þúsund krónur, og $^3/_5$, í stað $^2/_5$ áður, til iðjufyrirtækja og hámark þeirra lána hækkað úr 35 upp í 75 þúsund krónur.

Lengst af lánaði fiskveiðasjóður mest 10 þúsund krónur í einu, síðan 30 þúsund, þá 40 þúsund og nú síðast 50 þúsund krónur. Hærra lán hefur ekki verið veitt. Nú er ætlazt til, að skrefið sé tekið svo stórt, að vel sé við unandi að því er snertir öll fiskiskip, ef til vill að undanteknum stærri togurum, og er þó vonandi, að sjóðurinn gæti síðar hækkað hámarkið þeirra vegna, ef það reynist nauðsynlegt. Á því eru ekki horfur í bili, þar eð miklar líkur eru til, að þróunin í þessum málum verði sú, að fjölga frekar hinum stærri mótorskipum, 75 til 150 rúmlesta.

Samkvæmt reynslu undanfarinna 9 ára ætti 2% fiskveiðasjóðsgjald að gefa sjóðnum ca. 800 þúsund krónur á ári (að vísu meira í núverandi árferði), og gæti þá sjóðurinn lánað árlega hæfileg lán til fimm nýrra mótorskipa ca. 100 rúmlesta, umfram aðrar eðlilegar lánveitingar til smærri skipa, og mætti það teljast prýðileg aukning og endurnýjun á flotanum.

Auknir lánsmöguleikar sjóðsins eins og hér eru ráðgerðir myndu og mjög ýta undir það, að skipabyggingarnar yrðu hér eftir framkvæmdar innanlands, og er það eitt út af fyrir sig mjög mikilvægt.

Með þeim tekjuauka, sem ætlazt er til, að fiskveiðasjóðnum falli í skaut samkv. breytingunni á lögum um fiskveiðasjóðsgjald, og því, að ríkissjóður inni af hendi lögboðið framlag til sjóðsins, eins og gert er ráð fyrir, eiga útlánsvextir sjóðsins að geta lækkað að verulegum mun. Hér er lagt til, að þeir séu lækkaðir frá því, sem nú er, um 1½%, eða niður í 4 af hundraði. Bráðlega ættu vextirnir að geta lækkað enn meir, eða niður í allt að 3 af hundraði.

Nd. 66. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 77 7. maí 1940, um greiðslu verðlagsuppbótar á laun embættismanna og starfsmanna ríkisins og ríkisstofnana.

Flm.: Einar Olgeirsson, Ísleifur Högnason.

1. gr.

Í stað orðanna „1. jan. 1940“ í 1. gr. laganna komi: 1. jan. 1941.

2. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Af launum, sem ekki eru hærri en svo, að kaupmáttur þeirra jafngildi 650 króna mánaðarlaunum í janúar—marz 1939 samkvæmt vísitölu Hagstofu Íslands um framfærslukostnað í Reykjavík, greiðist full verðlagsuppbót samkvæmt nefndri vísitölu. Þó greiðist aldrei hærri verðlagsuppbót en svo, að mánaðarlaunin að henni viðbættri jafngildi 650 kr. mánaðarlaunum í jan.—marz 1939.

3. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Verðlagsuppbótin greiðist eftir á, mánaðarlega í senn, og miðast við vísitölu næsta mánaðar á undan.

Greinargerð.

Starfsmenn ríkisins eru nú eina starfsmannastéttin í landinu, sem ekki hefur fengið uppbætur vegna dýrtíðarinnar samkvæmt gildandi vísitölu. Er þó vitanlegt, að fjöldi starfsmanna ríkisins, svo sem barnakennarar, eru svo lágt launaðir, að þeir geta ekki veitt sér brýnustu nauðsynjar. Getur það ekki talizt vansalaust fyrir menningarþjóð að búa svo að starfsmönnum sínum, að þeir geti ekki helgað sig óskiptir því starfi, sem þeim er ætlað að vinna í þágu þjóðfélagsins, vegna lélegra launakjara.

Flutningsmenn höfðu búizt við, að stjórnin myndi þegar í þingbyrjun leggja fram tillögur til þess að ráða bót á þessu. En það hefir brugðizt. Þar sem vitanlegt er, að lægra launaðir starfsmenn ríkisins eru svo stæðir, að það þolir enga bið, að hlutur þeirra sé réttur, þá höfum við talið óhjákvæmilegt að láta það ekki dragast lengur, að frumvarp um þetta efni kæmi fram.

Ed. 67. Breytingartillaga

við frv. til l. um framlenging á gildi l. nr. 66 11. júní 1938, um vörugjald fyrir Vestmannaeyjakaupstað.

Frá Erlendi Þorsteinssyni og Sigurjóni Á. Ólafssyni.

Við 1. gr.

Í stað „ársloka 1944“ komi: ársloka 1942.

Nd. 68. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkissjóð til að taka 10 milljón króna innanríkislán.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkisstjórninni, fyrir hönd ríkissjóðs, er heimilt að taka 10 milljón króna innanríkislán.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 69. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á 14. gr. l. nr. 1 5. jan. 1938, um síldarverksmiðjur ríkisins.

Frá Sigurði Kristjánssyni.

1. Á undan 1. gr. frv. komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi:
   a. (1. gr.). 1. gr. laganna fellur niður.
   b. (2. gr.). 2. gr. laganna fellur niður.
2. Fyrirsögn frv. verði svo hljóðandi:
   Frv. til l. um breyt. á l. nr. 1 5. jan. 1938, um síldarverksmiðjur ríkisins.

Nd. 70. Breytingartillaga

við frv. til l. um viðauka við l. nr. 73 31. des. 1937, um gjaldeyrisverzlun o. fl.

Frá Sigurði Kristjánssyni.

Aftan við 2. málsgr. 2. gr. bætist: nema til greiðslu stofnlána, sem útgerðarfyrirtæki hafa tekið fyrir árslok 1940. Skal bönkunum skylt að kaupa gjaldeyri til greiðslu þeirra lána eftir því, sem um er beðið.

Ed. 71. Frumvarp til laga

um verðlagsuppbót á laun embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins og ríkisstofnana.

(Lagt fyrir Alþingi 1941.)

1. gr.

Greiða skal verðlagsuppbætur á laun embættismanna og annarra starfsmanna ríkis og ríkisstofnana og á eftirlaun úr ríkissjóði, samkvæmt fyrirmælum þessara laga.

2. gr.

Hagstofan, eða aðrir, ef lög ákveða svo, gerir yfirlit um breytingar á framfærslukostnaði í Reykjavík 1. dag hvers mánaðar, miðað við meðalverðlag mánuðina janúar —marz 1939.

Vísitölu þessa skal leggja til grundvallar við útreikning verðlagsuppbótar fyrir hvern mánuð.

3. gr.

Verðlagsuppbótin skal nema fullri hækkun vísitölunnar, miðað við grundvöllinn janúar—marz 1939 (= 100). Uppbót greiðist þó ekki af hærri launum en kr. 650.00 á mánuði.

4. gr.

Nú tekur maður laun, eftirlaun eða fasta þóknun fyrir fleira en eitt starf eða hjá fleiri ríkisstofnunum í senn, og skal þá reikna uppbótina af launum samanlögðum og skipta hlutfallslega á þá aðila, sem launin greiða.

5. gr.

Verðlagsuppbótin greiðist á launin að viðbættri þeirri dýrtíðaruppbót, sem nú er greidd samkvæmt lögum. Nú fylgja embætti eða starfi hlunnindi, svo sem leigulaus bústaður, frítt ljós og hiti, og greiðist þá ekki uppbót á slík hlunnindi. Sama er að segja um húsaleigustyrki, skrifstofufé eða embættiskostnað, sbr. þó 6. gr., að því er við á.

6. gr.

Embættis- og starfsmönnum, sem fá greitt skrifstofufé eða embættiskostnað úr ríkissjóði, er heimilt að greiða starfsfólki sínu verðlagsuppbót, samkvæmt þeim reglum, er að framan greinir, gegn endurgreiðslu úr ríkissjóði eftir reikningi, sem fjármálaráðherra úrskurðar.

7. gr.

Verðlagsuppbótin greiðist eftir á fyrir hvern mánuð og miðast við vísitölu framfærslukostnaðarins 1. þess mánaðar.

8. gr.

Rísi ágreiningur út af ákvörðun og greiðslu verðlagsuppbótar samkv. lögum þessum, sker fjármálaráðherra úr til fullnaðar. Heimilt er ráðherra að setja reglugerð um nánari framkvæmdaratriði þessara laga.

9. gr.

Ákvæði laga þessara gilda frá ársbyrjun 1941. Eru jafnframt úr gildi fallin lög nr. 77 frá 1940.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Það hefur orðið samkomulag milli stuðningsflokka stjórnarinnar, að ríkisstjórnin legði fyrir Alþingi frumvarp þetta, sem ákveður embættismönnum og öðrum starfsmönnum ríkisins jafnháa verðlagsuppbót á laun sín sem yfirleitt er greidd nú á kaup.

Helztu breytingar frá fyrri lögum um þetta efni eru, auk hækkunar verðlagsuppbótarinnar, þær, að fallið hefur niður flokkaskipting starfsmanna eftir launakjörum og að gert er ráð fyrir, að verðlagsuppbótin verði reiknuð mánaðarlega.

Nd. 72. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á 14. gr. laga nr. 1 5. jan. 1938, um síldarverksmiðjur ríkisins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:
Í stað orðanna „þó ekki yfir 25% af útsvörum viðkomandi bæjar- eða sveitarfélags það ár“ í 14. gr. laganna komi: þó má gjald þetta ekki nema hærri upphæð en sem svarar samanlögðum útsvörum annara gjaldenda í viðkomandi bæjar- eða sveitarfélagi það ár.

Tveir nefndarmenn (FJ og SK) áskilja sér rétt til að bera fram brtt. við frv. um önnur atriði verksmiðjulaganna.

Alþingi, 11. marz 1941.

Finnur Jónsson, form. Sig. E. Hlíðar, fundaskr. Gísli Guðmundsson, frsm.
Jón Ívarsson. Sigurður Kristjánsson.

Ed. 73. Lög

um breyting á lögum nr. 32 3. nóv. 1915, um veitingu prestakalla.

(Afgreidd frá Ed. 12. marz).

Samhljóða þskj. 16.

Ed. 74. Frumvarp til laga

um bygging sjómannaskóla.

Flm.: Sigurjón Á. Ólafsson, Erlendur Þorsteinsson.

1. gr.
Byggja skal á árunum 1941 til 1943 sjómannaskóla í Reykjavík eða nágrenni.

2. gr.
Forstaða skólabyggingarinnar skal falin fimm manna nefnd. Atvinnumálaráðherra skipar nefndina og tilnefnir formann hennar, en tveir nefndarmenn skulu skipaðir eftir tilnefningu Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, einn eftir tilnefningu Sjómannafélags Reykjavíkur og einn eftir tilnefningu Stýrimannafélags Íslands.

3. gr.
Byggingarnefnd skal þegar láta gera uppdrætti að skólahúsi í samráði við skólastjóra þeirra skóla, sem þar er ætlað pláss, en það eru stýrimannaskólinn og vélstjóra-

skólinn; jafnframt skal nefndin gera tillögu um skólastað, og skal sérstakt tillit tekið til þess, að nægilegt landrými sé fyrir framtíðarþarfir skólans.

Í skólanum skal vera heimavist fyrir hæfilegan nemendafjölda, og skal húsakynnum heimavistarinnar svo háttað, að þar verði auðveldlega við komið kennslu fyrir matsveina.

Atvinnumálaráðherra staðfestir teikningu og úrskurðar um skólastað.

4. gr.

Ríkissjóður ber allan kostnað af byggingu skólans, og skulu veittar í fjárlögum minnst 100 þús. kr. á ári, þar til byggingarkostnaði er að fullu lokið. Heimilt er byggingarnefnd, með samþykki fjármálaráðherra, að taka bráðabirgðalán eða selja skuldabréf til að greiða byggingarkostnað, eftir því, sem árleg fjárveiting hrekkur ekki til. Ríkissjóður ábyrgist slík lán og stenzt kostnað af þeim.

5. gr.

Byggingarnefnd skal veita viðtöku gjöfum til sjómannaskólans, en gjafafé skal ekki verja til greiðslu á venjulegum stofnkostnaði skóla, heldur til sérstakra umbóta vegna kennslu og skólalífs, sem annars mundi verða bið á að fá.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Menn munu sammála um það, að sjálfsagt sé að nota nokkuð af hinum miklu tekjum, sem fiskiveiðarnar færa nú ríkissjóði, til að búa í haginn fyrir sjómenn sjálfa. Þar liggur næst að bæta nú þegar úr hinni ríku þörf stýrimannaskólans og vélstjóraskólans fyrir fullnægjandi húsnæði. Hefur því máli oft verið hreyft, en nú er engin afsökun lengur um að fresta framkvæmdum.

Um 1. gr. Ef hafizt er handa nú þegar á næsta vori, má búast við, að hægt verði að ljúka skólabyggingunni sumarið 1942, en þó ekki vert að kveða fastar að en að byggingu skuli lokið á árinu 1943.

Um 2. gr. Það er æskilegt, að fulltrúar sjómanna hafi forustu í byggingarmálinu, og er hér ætlazt til, að Farmannasambandið tilnefni einn mann úr hópi skipstjóra og einn mann úr hópi vélstjóra, Sjómannafélag Reykjavíkur tilnefni mann fyrir háseta og aðrar starfsgreinir þess, sem margir eru væntanlegir nemendur, og Stýrimannafélag Íslands tilnefni mann úr hópi stýrimanna. Er þá náð þeim tilgangi, að fulltrúar aðalfélags sjómanna og aðalstarfsgreina hafa fulltrúa í nefndinni.

Um 3. gr. Byggingarnefndinni er hér ætlað að gera tillögur um skólastað og teikningar, en ráðherra hefur úrskurðarvaldið. Auk stýrimannaskólans og vélstjóraskólans er æskilegt að sjá matsveinaskóla fyrir húsnæði, og fellur það vel heim við þarfir heimavistar.

Um 4. gr. Ríkissjóður leggur að sjálfsögðu fram stofnkostnaðinn, og væri vorkunnarlaust að greiða hann á 2—3 árum, eftir því sem nú lítur út fyrir, en þó rétt að gera ráð fyrir bráðabirgðalántöku, svo framkvæmdir þurfi ekki að tefjast, ef árleg fjárveiting hrekkur ekki til. Að vísu mætti einnig leggja til, að til sjómannaskólabyggingar gangi viss hluti af tilteknum tekjum af sjávarafurðum, en það mundi koma í sama stað niður, og hreinlegast að ríkissjóður hirði sínar tekjur og greiði gjöld sín beint úr ríkissjóði.

Um 5. gr. Gera má ráð fyrir, að margir sjómenn vilji minnast skólans í sambandi við byggingarmál hans, ekki síst ef fulltrúum stéttarinnar er falin forusta í byggingarmálinu, og er því nefndinni hér falið að gangast fyrir samskotum, sem þó ganga ekki til að spara ríkissjóði stofnkostnað, heldur til að prýða skólann og búa í haginn fyrir kennsluna og skólalífið á þann hátt, sem ella mundi vafasamt að gert væri.

Ed. 75. Nefndarálit

um frumvarp til laga um verðlagsuppbót á laun embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins og ríkisstofnana.

Frá fjárhagsnefnd.

Eins og greint er í athugasemdum við frumvarp þetta, er það borið fram eftir samkomulagi milli stuðningsflokka stjórnarinnar, og mælir nefndin með því, að það verði samþykkt. Fjárhagsnefnd þessarar deildar lagði það til, er núgildandi lög um verðlagsuppbót voru sett í fyrra, að sett yrði hámark þeirrar launaupphæðar, er bæta skyldi upp, 650 kr. á mánuði, og er því enn haldið. En nefndinni virðist orðalag þessa ákvæðis í 3. gr. frumvarpsins ekki nægilega skýrt og leggur því til, að samþykkt verði svo hljóðandi

BREYTINGARTILLAGA:

Við 3. gr. Síðari málsliður orðast svo: Uppbót greiðist þó ekki af þeim hluta launa, sem er fram yfir 650 kr. á mánuði.

Alþingi, 14. marz 1941.

Magnús Jónsson, form., frsm.	Erlendur Þorsteinsson, fundaskr.	Bernharð Stefánsson.

Sþ. 76. Tillaga til þingsályktunar

um aukning Sogsvirkjunarinnar.

Flm.: Eiríkur Einarsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita aðstöðu sinni og áhrifum til þess, að þeirri viðleitni Reykjavíkurkaupstaðar, sem nú á sér stað til aukningar Sogsvirkjuninni, verði hagað á þann veg, að fullt tillit sé tekið til þess, að aukningin verði svo veruleg, ef framgangs verður auðið, að kauptún þau og annað þéttbýli, sem næst er orkuverinu, fái um leið nauðsynlegt rafmagn á þann hátt og með þeim kjörum, er samræmist þörfum og hag þeirra, sem að rafveitunni eiga að búa.

Greinargerð.

Forráðamenn Reykjavíkurbæjar munu nú um þessar mundir vera að leita fyrir sér um útvegun véla og annarra tækja til aukinnar raforkuvinnslu að Ljósafossi. Hvernig sem þetta tekst, er hin mesta nauðsyn að vera vel á verði og sjá svo um, að heppnist Reykvíkingum þessi tilraun til að bæta úr eigin nauðsyn sinni, þá verði einnig séð um, að hin nálægustu héruð orkuverinu verði eigi útundan að þessu sinni. Ætti það, sem áður er skeð í þeim efnum, að verða víti til varnaðar.

Kunnugleiki um þetta mál innan þings og utan, rannsóknir og áætlanir, er liggja fyrir, nægja því til sönnunar, að hinn almenni áhugi þeirra, er búa í nágrenni Sogsvirkjunarinnar, á fyllsta rétt á sér, og má hið næsta tækifæri, er bjóðast kann, því eigi notast án þess að áminnzt byggðarlög verði þess hagræðis aðnjótandi, er rafveita þessi hefur í för með sér.

Ed. 77. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á 88. og 95. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 frá 12. febr. 1940.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta, sem borið er fram samkv. 23. gr. stjórnarskrárinnar og er samhljóða bráðabirgðalögum frá 12. febr. þ. á. Leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 18. marz 1941.

Sigurjón Á. Ólafsson, form.	Ingvar Pálmason, fundaskr.	Magnús Gíslason, frsm.

Ed. 78. Frumvarp til laga

um verðlagsuppbót á laun embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins og ríkisstofnana.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Greiða skal verðlagsuppbætur á laun embættismanna og annarra starfsmanna ríkis og ríkisstofnana og á eftirlaun úr ríkissjóði, samkvæmt fyrirmælum þessara laga.

2. gr.

Hagstofan, eða aðrir, ef lög ákveða svo, gerir yfirlit um breytingar á framfærslukostnaði í Reykjavík 1. dag hvers mánaðar, miðað við meðalverðlag mánuðina janúar—marz 1939.

Vísitölu þessa skal leggja til grundvallar við útreikning verðlagsuppbótar fyrir hvern mánuð.

3. gr.

Verðlagsuppbótin skal nema fullri hækkun vísitölunnar, miðað við grundvöllinn janúar—marz 1939 (= 100). Uppbót greiðist þó ekki af þeim hluta launa, sem er fram yfir 650 kr. á mánuði.

4. gr.

Nú tekur maður laun, eftirlaun eða fasta þóknun fyrir fleira en eitt starf eða hjá fleiri ríkisstofnunum í senn, og skal þá reikna uppbótina af launum samanlögðum og skipta hlutfallslega á þá aðila, sem launin greiða.

5. gr.

Verðlagsuppbótin greiðist á launin að viðbættri þeirri dýrtíðaruppbót, sem nú er greidd samkvæmt lögum. Nú fylgja embætti eða starfi hlunnindi, svo sem leigulaus bústaður, frítt ljós og hiti, og greiðist þá ekki uppbót á slík hlunnindi. Sama er að segja um húsaleigustyrki, skrifstofufé eða embættiskostnað, sbr. þó 6. gr., að því er við á.

6. gr.

Embættis- og starfsmönnum, sem fá greitt skrifstofufé eða embættiskostnað úr ríkissjóði, er heimilt að greiða starfsfólki sínu verðlagsuppbót, samkvæmt þeim reglum, er að framan greinir, gegn endurgreiðslu úr ríkissjóði eftir reikningi, sem fjármálaráðherra úrskurðar.

7. gr.

Verðlagsuppbótin greiðist eftir á fyrir hvern mánuð og miðast við vísitölu framfærslukostnaðarins 1. þess mánaðar.

8. gr.

Rísi ágreiningur út af ákvörðun og greiðslu verðlagsuppbótar samkv. lögum þessum, sker fjármálaráðherra úr til fullnaðar. Heimilt er ráðherra að setja reglugerð um nánari framkvæmdaratriði þessara laga.

9. gr.

Ákvæði laga þessara gilda frá ársbyrjun 1941. Eru jafnframt úr gildi fallin lög nr. 77 frá 1940.

Ed. 79. Breytingartillaga

við frv. til l. um verðlagsuppbót á laun embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins og ríkisstofnana.

Frá Brynjólfi Bjarnasyni.

Við 3. gr. Aftan við síðari málslið greinarinnar bætist: og aldrei hærri uppbót en svo, að mánaðarlaunin, að henni viðbættri, jafngildi 650 kr. mánaðarlaunum í jan.—marz 1939.

Nd. 80. Frumvarp til laga

um breyting á 14. gr. laga nr. 1 5. janúar 1938, um síldarverksmiðjur ríkisins.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Í stað orðanna „þó ekki yfir 25% af útsvörum viðkomandi bæjar- eða sveitarfélags það ár“ í 14. gr. laganna komi: þó má gjald þetta ekki nema hærri upphæð en sem svarar samanlögðum útsvörum annarra gjaldenda í viðkomandi bæjar- eða sveitarfélagi það ár.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 81. Nefndarálit

um frv. til laga um fjarskipti.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt, en vill jafnframt taka fram eftirfarandi:

Ríkisstjórnin hefur gefið út tvenn bráðabirgðalög um þetta efni, eins og segir í aths. við frv. En sjálft lá það fyrir samgöngumálanefnd, að mestu eins og það er nú, á síðasta þingi, en hún flutti það eftir beiðni ráðherra. Þótti sumum nefndar-

mönnum þá og þykir enn sum ákvæði þess fulleinstrengingsleg á friðartímum og ganga nokkuð nærri atvinnufrelsi manna. En eins og ástandið er nú, viðurkennir nefndin nauðsyn slíkra laga. Ýmsir nefndarmenn telja og, að komið gæti til mála að breyta orðalagi á nokkrum stöðum í frv., þar sem sum nýyrði þar eru næsta óviðkunnanleg, en nefndin vill þó í heild láta það liggja milli hluta á þessu stigi málsins.

Alþingi, 18. marz 1941.

Gísli Sveinsson, form., frsm. Vilm. Jónsson, fundaskr. Eiríkur Einarsson.
Steingr. Steinþórsson. Sveinbjörn Högnason.

Sþ. 82. Tillaga til þingsályktunar

um innflutning á efni í skipasmíðastöð og fiskiskip.

Flm.: Sigurður Kristjánsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera ráðstafanir til þess, að á þessu ári verði keypt og flutt til landsins efni í skipasmíðastöð og 40—50 fiskibáta úr eik. Auk þess efni í nokkra togara.

Skal skipaverkfræðingur sendur til Ameríku til þess að sjá um kaup efnis í skipin og skipasmíðastöðina, strax og samizt hefir um innflutninginn og öflun gjaldeyris.

Greinargerð.

Það er augljóst, að smíði báta og skipa til fiskveiða Íslendinga verður að fara fram algerlega hér á landi, meðan ófriðurinn varir, og eflaust er heppilegast, að svo verði einnig að ófriðnum loknum. Miklir örðugleikar eru á því að fá efni til skipabygginga, og skipasmíðastöð vantar einnig til byggingar hinna stærri fiskiskipa. Er þess naumast að vænta, að úr þessu verði bætt án atbeina ríkisstjórnarinnar.

Skiptapar hafa orðið mjög tíðir það sem af er þessu ári, bæði af orsökum óhagstæðrar veðráttu og styrjaldar þeirrar, er nú geisar. Því miður eru ríkar ástæður til að ætla, að Íslendingar eigi enn eftir erfiðustu árin. Og að sjálfsögðu ber Alþingi að gera allar þær ráðstafanir, sem í þess valdi eru, til þess að tryggja framtíðina. Verður það varla gert betur á annan hátt en þann, að tryggja viðhald og aukningu skipastóls landsmanna.

Nd. 83. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 64 8. sept. 1931, um hafnargerð á Akranesi.

Flm.: Pétur Ottesen.

1. gr.

Fyrir „kr. 500000 — fimm hundruð þúsund króna“ í 2. gr. laganna kemur: kr. 750000 — sjö hundruð og fimmtíu þúsund króna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Mikil þörf er á því að lengja hafnargarðinn á Akranesi. Er í ráði að hefjast handa um þetta verk strax og möguleikar til þess eru fyrir hendi. Verk þetta verður mjög kostnaðarsamt sökum þess, hve mikið dýpi er við garðinn. Í þessu frv. er farið fram á, að ábyrgðarheimild ríkisstjórnarinnar fyrir láni til hafnargerðarinnar verði hækkuð um 250000 kr.

Ed. 84. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki.

Frá fjárhagsnefnd.

Frv. þetta er borið fram samkv. 23. gr. stjórnarskrárinnar, til samþykkis samhljóða bráðabirgðalögum, sem út voru gefin 22. ágúst 1940. Leggur nefndin til, eftir að hafa athugað frumvarp þetta, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 20. marz 1941.

Magnús Jónsson, form.	Erl. Þorsteinsson, fundaskr., frsm.	Bernh. Stefánsson.

Nd. 85. Frumvarp til laga

um gjaldeyrisvarasjóð og eftirlit með erlendum lántökum.

(Lagt fyrir Alþingi 1941.)

1. gr.

Stofna skal gjaldeyrisvarasjóð með þeim hætti, er nánar greinir í lögum þessum.

2. gr.

Landsbanki Íslands (seðlabankinn) skal leggja til hliðar í erlendum gjaldeyri upphæð, sem nemi jafngildi 12 milljón íslenzkra króna, umfram það, sem bankinn skuldar erlendis á hverjum tíma. Þar með þó ekki talin þau lán, sem endurgreiðast eiga á lengri tíma en 5 árum.

3. gr.

Gjaldeyrisvarasjóður er eign Landsbanka Íslands, en þó er ráðstöfun hans háð þeim takmörkunum, er greinir í lögum þessum.

4. gr.

Fé gjaldeyrisvarasjóðs sé geymt á þann hátt, að til þess sé unnt að grípa án verulegs fyrirvara. Skal leita samþykkis ráðherra þess, er fer með gjaldeyrismál, fyrir því, á hvern hátt féð er geymt.

5. gr.

Reikna skal árlega, hverju nemur mismunur vaxta þeirra, er bankinn fær af fé gjaldeyrisvarasjóðs, og innlánsvaxta þeirra á sparisjóðsreikningum, sem bankinn greiðir á hverjum tíma. Skulu þrír fimmtu hlutar þessa mismunar greiddir bankanum úr ríkissjóði, þó aldrei yfir 200000 krónur.

Ríkisstjórnin getur þó með reglugerð ákveðið að innheimta sérstakt gjald af allri gjaldeyrisverzlun landsmanna, til þess að greiða mismun þann, er um ræðir í 1. málsgr. þessarar greinar. Til gjaldeyrisverzlunar yrði þá að telja ráðstöfun eigin gjaldeyris til eigin nota. Er heimilt að setja með reglugerð öll nauðsynleg ákvæði til tryggingar innheimtu gjalds þessa, svo og nánari ákvæði um það, til hvaða viðskipta það skuli ná, og má í reglugerðinni ákveða hegningu fyrir brot á henni.

6. gr.

Skipa skal 7 manna nefnd, er hafi með höndum verkefni það, sem tilgreint er í lögum þessum.

Ráðherra sá, er fer með gjaldeyrismál, skal vera formaður nefndarinnar. Sameinað Alþingi kýs 3 nefndarmenn hlutfallskosningu, Landsbanki Íslands tilnefnir 3.

Nefndin skal vera ólaunuð.

7. gr.

Landsbanki Íslands (seðlabankinn) getur varið fé úr gjaldeyrisvarasjóði með sérstöku samþykki ráðherra þess, er fer með gjaldeyrismál, að fengnum tillögum nefndar þeirrar, er um getur í 6. gr. þessara laga.

Nú hefur verið seldur gjaldeyrir úr gjaldeyrisvarasjóði, og er þá skylt að leggja erlendan gjaldeyri til hliðar á ný, þannig að ákvæðum 1. gr. laga þessara sé fullnægt, svo fljótt sem unnt er að afla gjaldeyris til þess.

8. gr.

Óheimilt er bönkum landsins, svo og sparisjóðum, bæjar- og sveitarfélögum og opinberum stofnunum, að taka lán, nema með samþykki ráðherra þess, er fer með gjaldeyrismál, að fengnum tillögum nefndar þeirrar, er skipuð verður samkvæmt 6. gr. laga þessara.

Ákvæði greina þessara ná þó ekki til Landsbanka Íslands, sbr. 1. og 15. gr. landsbankalaganna frá 15. apríl 1928 og 2. gr. þessara laga.

9. gr.

Skylt er öllum þeim, er skulda fé í erlendum gjaldeyri, að gefa Hagstofu Íslands skýrslu um skuldir sínar ársfjórðungslega í því formi, er hún fyrirskipar.

Skal Hagstofa Íslands síðan ársfjórðungslega gefa nefnd þeirri, er um ræðir í 6. gr., yfirlitsskýrslu um erlendar skuldir landsmanna.

10. gr.

Nefnd sú, er skipuð verður samkvæmt 6. gr. þessara laga, skal halda fundi minnst einu sinni í mánuði, og sé þá lagt fyrir nefndina af ráðherra yfirlit um gjaldeyrisástæður landsins.

Nefndin skal á hverjum tíma kynna sér sem bezt allt það, er áhrif hefur á gjaldeyrisafkomu þjóðarinnar, og gera rökstuddar tillögur um þau mál, eftir því er hún telur ástæðu til.

11. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum allt að 10000 krónum, nema þyngri refsing liggi við. Enn fremur er ráðherra heimilt að leggja dagsektir allt að 100 kr. við því, ef menn skila eigi skýrslum þeim, er getið er um í 9. gr., þrátt fyrir sérstaka kröfu Hagstofu Íslands um að gera slíka skýrslu.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frumvarp þetta er samið af milliþinganefnd í gjaldeyrismálum, og fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

„Öllum þeim, er eitthvað þekkja til utanríkisverzlunar vor Íslendinga, er það kunnara en frá þurfi að segja, að sveiflur geta þar orðið mjög miklar frá ári til árs. Veldur þar mestu um, að útflutningsframleiðsla vor hefur verið mjög einhæf og auk þess flutt út til tiltölulega fárra markaðslanda. Verðsveiflur á **einni** framleiðsluvörunni og breyttar aðstæður í **einu** markaðslandinu hafa því getað haft djúptæk áhrif á útflutningsverzlunina alla. Framleiðslumagnið sjálft getur og breytzt verulega frá ári til árs, eins og jafnan, þegar framleiðslan er fyrst og fremst komin undir náttúruskilyrðum.

Nú eru hins vegar lítil líkindi til, að þetta muni breytast verulega í náinni framtíð. Þótt unnið hafi verið markvisst að því á undanförnum árum að gera útflutningsframleiðslu landsmanna fjölbreyttari en hún var til skamms tíma, mun hún vafalaust áfram verða tiltölulega einhæf, og einnig bundin við tiltölulega fáa markaði, þótt einnig hafi vel verið að því unnið undanfarið að vinna nýja markaði fyrir útflutningsafurðir vorar.

Framvegis má því búast við, að verulegar sveiflur geti orðið bæði á magni og verðmæti útflutningsins frá ári til árs, svo sem verið hefur hingað til. En þegar verðmæti útflutningsins hefur skyndilega lækkað verulega, eins og t.d. átti sér stað 1926 og 1931, hefur ekki getað hjá því farið, að það hafi þegar í stað haft víðtæk áhrif á innflutningsverzlunina og komið gagngerðri röskun á gjaldeyrisviðskipti þjóðarinnar öll, því að til lítilla eða engra sjóða hefur verið að grípa til þess að draga úr röskuninni og reyna að halda jafnvægi.

Það, sem einna erfiðast hefur verið viðfangs í viðskipta- og gjaldeyrismálum þjóðarinnar undanfarið, hefur verið óvissan um afkomuna á hverjum tíma. Landsmenn hafa ekki átt reiðufé í erlendum gjaldeyri til þess að greiða nauðsynlegan innflutning fyrri hluta ársins, heldur orðið að taka gjaldeyrislán í von um að geta endurgreitt það með andvirði útflutnings síðari hluta ársins, en brygðist útflutningurinn, komust landsmenn í vanskil, og breyta varð lánum, sem ætlað var, að einungis yrðu bráðabirgðalán, í lán til lengri tíma, sem síðar íþyngdu gjaldeyrisverzluninni enn með greiðslum afborgana og vaxta.

Það verður því varla lögð á það nægilega rík áherzla, hversu þýðingarmikið það er, að gerðar séu ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir, að sveiflur á verðmæti útflutningsins frá ári til árs valdi gagngerðri röskun í gjaldeyrisverzluninni og skuldasöfnun erlendis, og gripið sé í taumana áður en það er orðið um seinan. Í rekstri hvers konar fyrirtækja þykir það nauðsynlegt og sjálfsagt, að fyrir hendi séu nokkrir varasjóðir til að jafna afkomuna milli ára og standast óvænt áföll. Og hversu miklu nauðsynlegra er það þá ekki í rekstri þjóðarbúsins?

Á síðustu mánuðum hefur ástandið í gjaldeyrismálum þjóðarinnar gerbreytzt, svo sem kunnugt er. Í stað erlendra lausaskulda eru komnar allverulegar inneignir. Ekkert virðist því sjálfsagðara en að nú sé staldrað við og íhugað gaumgæfilega, á hvern hátt hægt sé að minnka líkurnar fyrir því, að beinn gjaldeyrisskortur þurfi að eiga sér stað, þótt verzlunarárferði verði óhagstætt í svip.

Í byrjun þess áratugs, sem nú er nýliðinn, steðjuðu mjög alvarlegir gjaldeyriserfiðleikar að þjóðinni, og var gripið til innflutningshafta til þess að vinna gegn þeim. En til þessara gagnráðstafana var ekki gripið, fyrr en gjaldeyrissjóðir allir voru tómir orðnir og þjóðin þegar farin að safna ekki óverulegum lausaskuldum erlendis. Rýrði þetta þýðingu þeirra ráðstafana, sem gripið var til, gerði framkvæmd þeirra alla, sem og baráttuna gegn gjaldeyrisskortinum yfirleitt, erfiðari en ella hefði orðið. Hins vegar er þetta ekkert einsdæmi, hvorki í fjármálasögu vor Íslendinga né heldur annarra þjóða, að gripið sé síðar til ráðstafana í gjaldeyrismálum en vera skyldi, og verður engum álasað í því efni, enda hægara að dæma um atburðina og þýðingu þeirra að þeim liðnum en meðan þeir eru að eiga sér stað og ekkert verður um það sagt, hvaða áhrif þeir kunna að hafa og hversu langvinn þau kunna að verða.

En víst er um það, að mjög er þýðingarmikið, að til séu nokkrir varasjóðir í erlendum gjaldeyri, þegar verzlunarárferði breytist og halla tekur undan fæti í gjald-

eyrisverzluninni, og að þá þegar í stað sé tekið til rækilegrar íhugunar, til hvaða ráðstafana skuli gripið, og þær framkvæmdar áður en sjóðirnir eru tæmdir, enda mun það svo um allar þær ráðstafanir, sem til greina kæmi að beita, að nokkur tími hlýtur að líða frá framkvæmd þeirra, þar til er áhrifa þeirra fer að gæta í fullum mæli.

Milliþinganefndin í gjaldeyrismálum hefur rætt þessi mál mjög ýtarlega og samið þetta frumvarp um gjaldeyrisvarasjóð og eftirlit með erlendum lántökum landsmanna. Það, sem fyrir nefndinni vakir, er m. a. það, að jafnan, þegar halla tekur undan fæti í gjaldeyrisverzlun landsmanna og náð hefur verið ákveðnu marki, verði gjaldeyrismálin tekin til rækilegrar íhugunar, bæði af fjármálamönnum og stjórnmálamönnum, í trausti þess, að þá verði nægilega snemma gripið til ráðstafana til þess að koma í veg fyrir, að gjaldeyrissjóðir þjóðarinnar tæmist að fullu, hún taki að safna skuldum og ríkja þurfi fullkomin óvissa um afkomu þjóðarinnar út á við frá ári til árs.

Aðalefni frumvarpsins er það, að Landsbanki Íslands (seðlabankinn) skuli leggja til hliðar upphæð í erlendum gjaldeyri, er jafngildi 12 milljónum íslenzkra króna, og sé upphæð þessi gjaldeyrisvarasjóður, er að vísu sé eign bankans, en hann þó einungis megi ráðstafa með samþykki ráðherra þess, er fer með gjaldeyrismál, að fengnum tillögum nefndar, sem í eiga sæti stjórnmálamenn, kjörnir af sameinuðu Alþingi, og fjármálamenn frá þjóðbankanum undir forsæti ráðherra þess, sem fer með gjaldeyrismál.

Milliþinganefndinni er það að sjálfsögðu fullkomlega ljóst, að með þessu er auðvitað engan veginn komið í veg fyrir, að gjaldeyriserfiðleika beri að höndum, heldur er tilgangurinn sá, að á venjulegum tímum sé handbært fé fyrir hendi og vegurinn sé jafnframt varðaður og reynt að tryggja, að vandamálin séu nægilega snemma tekin til umræðu og úrlausnar, og umfram allt áður en komið er í óefni. Með þessu móti mundu fjármálamennirnir segja til um, til hvaða ráðstafana þeir álitu skynsamlegast að grípa, og fulltrúar hinna ábyrgu stjórnmálaflokka ákveða, hvaða stefnu skuli fylgja, og bera ábyrgð á þeirri afstöðu sinni síðar. Með þessu móti ættu nauðsynlegar ákvarðanir að vera teknar áður en kreppan er komin í algleyming.

Nú mun því ef til vill verða haldið fram, að jafnfátæk þjóð og vér Íslendingar, sem eigum fyrir höndum óleyst óteljandi verkefni, sem mörg hver munu varla verða leyst nema fyrir erlent lánsfé, að meira eða minna leyti, hafi varla efni á að binda sem svarar 12 millj. kr. í erlendum gjaldeyri og láta liggja ónotað í erlendum verðbréfum eða bönkum sem varasjóð, ef til vill við lágum vöxtum.

Slíkum mótbárum er nægilega svarað með því að vísa til þess, sem að framan var sagt um þá gífurlegu erfiðleika, sem það getur haft í för með sér að eiga enga varasjóði til að styðjast við, meðan verið er að komast yfir örðugasta hjallann, eða ráðstafanir þær, sem gripið hefur verið til, fara að hafa full áhrif. Til þess að það sé hægt, verður óhjákvæmilega að færa nokkrar fórnir. Skal það fúslega játað, að þær eru tilfinnanlegri fyrir oss Íslendinga sökum fjárskorts en þær myndu vera fyrir ýmsar aðrar þjóðir, sem auðugri eru, og hefur upphæð sjóðsins þess vegna verið ákveðin eins lág og frekast þótti fært, ef ná ætti tilætluðum árangri. Það fyrirtæki þætti vafalaust ekki hyggilega rekið, sem hefði ekki jafnan fyrir hendi nokkurt reiðufé til þess að öruggt væri, að það gæti innt af hendi nauðsynlegar greiðslur og komizt hjá vanskilum, jafnvel þótt það styddist við lánsfé í rekstri sínum og varasjóðurinn ylli því vaxtagjöldum. Og hví skyldi þessu ekki eins varið með þjóðarbúið?

Nú væri auðvitað ekkert öryggi í því fólgið, að Landsbanki Íslands (seðlabankinn) legði til hliðar gjaldeyrisvarasjóð, ef hann eða aðrir bankar gætu safnað lausaskuldum, er næmu jafnmiklu eða meiru en varasjóðurinn. Er því í frumv. ákvæði, er bannar bönkum landsins, öðrum en seðlabankanum, að taka lán erlendis, nema með samþykki ráðherra þess, er fer með gjaldeyrismál, að fengnum tillögum nefndar þeirrar, sem gera á tillögur um sölu gjaldeyris úr sjóðnum, en engin þörf er á slíku ákvæði um seðlabankann, þar eð honum er gert að skyldu að eiga sjóðinn umfram lausaskuldir á hverjum tíma.

Nú mætti og ef til vill segja, að þrátt fyrir stofnun slíks gjaldeyrisvarasjóðs væri enn ekki fengið fullt öryggi gagnvart því, að gjaldeyrisaðstæður landsmanna gætu versnað án þess að staldrað væri við og gripið í taumana, ef öðrum aðilum en hönkunum, t. d. ríkissjóði og opinberum stofnunum, bæjar- og sveitarfélögum, sparisjóðum og þó einkum og sér í lagi einstaklingum og einkafyrirtækjum, væri eftir sem áður frjálst að taka lán erlendis. Nefndinni er að sjálfsögðu ljóst, að það eru ekki einungis lántökur bankanna, sem þýðingu hafa í þessu sambandi, heldur innflutningur landsmanna yfirleitt á erlendu fjármagni.

Um ríkissjóð er það að segja, að auðvitað verða hendur ríkisstjórnarinnar ekki bundnar í slíkum efnum, enda óþarft, þar eð gera má ráð fyrir, að ekki séu tekin erlend ríkislán nema brýna nauðsyn beri til, og úrslitavaldið auk þess í höndum Alþingis.

Hins vegar þótti nefndinni rétt að gera erlendar lántökur bæjar- og sveitarfélaga, sparisjóða og hvers konar opinberra stofnana háðar leyfi ráðherra, að fengnum tillögum nefndarinnar, sem um ræðir í frumvarpinu, á sama hátt og lántökur bankanna, annarra en seðlabankans, eru háðar leyfi hans.

Þó taldi nefndin sér ekki fært að leggja til, að erlendar lántökur einstaklinga og einkafyrirtækja væru gerðar háðar samþykki ráðherra á sama hátt, þótt hún teldi af gjaldeyrisástæðum sérstaka ástæðu til þess að fylgjast vel með slíkum lántökum.

Stofnun gjaldeyrisvarasjóðsins myndi auðvitað hafa það í för með sér, að fé það, sem seðlabankinn hefði til útlána innanlands, minnkaði að sama skapi, og væri það eins og nú er ástatt í utanríkisverzluninni heppilegt að sumu leyti, því að minni hætta væri þá á lánsfjárþenslu en ella, þótt verzlunarárferði sé hagstætt og fyrir hendi erlendar innstæður. Hins vegar gæti það ástand skapazt, ef farið væri að bera á gjaldeyrisskorti, að menn leituðu fyrir sér um erlent lánsfé sökum minni útlána seðlabankans en vera myndi, þyrfti hann ekki að eiga gjaldeyrisvarasjóðinn. En að sumu leyti má þó segja, að jafnan sé hætta á slíku sökum fjármagnsskorts og skömmtunar á lánsfé hér innanlands og ef til vill vegna mismunandi lánskjara.

En hvernig svo sem þessu er varið, verður ekki um það deilt, að það hefur mjög mikla þýðingu fyrir þekkingu allra á gjaldeyrisástandinu, að geta fylgzt með erlendum lántökum einstaklinga og fyrirtækja, og þótt milliþinganefndin treysti sér að vísu ekki til að gera það að tillögu sinni, að þær verði gerðar háðar leyfi, vildi hún samt sem áður gera ráðstafanir til þess, að hægt væri að fylgjast með því, hvað þeim liði. Eru þess vegna í frumvarpinu ákvæði um það, að allir þeir, er skulda í erlendum gjaldeyri, skuli ársfjórðungslega senda Hagstofu Íslands skýrslu um þessar skuldir sínar.

Er svo til ætlazt, að nefnd sú, sem um ræðir í frumvarpinu og gera á tillögur um sölu gjaldeyris úr varasjóðnum, fái á þennan hátt tækifæri til að fylgjast með því, hvað líður öðrum erlendum lántökum landsmanna en lántökum bankanna.

Starf nefndar þessarar er mjög þýðingarmikið. Til þess að geta gert tillögur um það, hvort og hvenær hefja skuli sölu gjaldeyris úr sjóðnum, að undangengnum umræðum um þá stefnu, sem fylgja beri í gjaldeyrismálunum, þarf hún að sjálfsögðu að fylgjast með öllu því, sem áhrif hefur á gjaldeyrisástandið. Verður ekki of mikið úr þýðingu þess gert, að nefnd stjórnmálamanna og fjármálamanna fylgist stöðugt með öllu því, er snertir gjaldeyrismálin, safni öllum nauðsynlegum upplýsingum, sé á verði og veki nægilega snemma athygli á erfiðleikum, sem framundan kunna að vera, og hefji umræður um ráðstafanir til þess að mæta þeim.

Rétt þótti að taka tillit til þess, að seðlabankinn getur orðið fyrir allverulegu vaxtatjóni, þar eð honum er gert að skyldu að eiga gjaldeyrisvarasjóðinn og geyma hann þannig, að til hans megi jafnan grípa með litlum fyrirvara. Er því ákvæði um það í frumv., að ríkissjóður skuli bæta bankanum að nokkru það tjón, sem hann kann að verða fyrir af þessum orsökum.

Í frumvarpinu er svo fyrir mælt, að nefnd sú, er skipa skal samkvæmt 6. gr., undir forsæti ráðherra, skuli ekki aðeins starfa, þegar til greina kemur að nota gjaldeyris-

varasjóðinn, heldur einnig halda fundi minnst einu sinni í mánuði, fylgjast með öllu því, er áhrif getur haft á afkomu þjóðarinnar út á við, og gera tillögur um þau mál.

Er því hér gert ráð fyrir eins konar fastri milliþinganefnd í þessum málum, ólaunaðri þó, og er sérstaklega talið mikilsvert, að í nefnd þessari hafa fjármálamenn og stjórnmálamenn, sem mundu verða fulltrúar þingflokkanna, tækifæri til þess að vinna saman að þessum málum, kynnast sjónarmiðum hver annarra og bera saman úrræði þau, er til greina geta komið,

Í frumvarpi þessu eru því samkvæmt framansögðu fjögur meginatriði:

1. Stofnun gjaldeyrisvarasjóðs.
2. Ákvæði um, að tilteknir aðilar þurfi leyfi ráðherra til þess að taka lán erlendis.
3. Ákvæði um, að einstaklingar skuli skyldir til þess að tilkynna Hagstofunni erlendar skuldir sínar.
4. Skipun sérstakrar nefndar, sem undir forsæti ráðherra þess, er fer með gjaldeyrismál, hafi forystu um úrræði í þeim málum, er sérstaklega snerta gjaldeyrisafkomu þjóðarinnar á hverjum tíma."

Ed. 86. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 65 19. júní 1933, um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með því, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 22. marz 1941.

Sigurjón Á. Ólafsson, form., frsm.	Ingvar Pálmason, fundaskr.	Magnús Gíslason.

Ed. 87. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 19. júní 1933, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin mælir með því, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 22. marz 1941.

Sigurjón Á. Ólafsson, form., frsm.	Ingvar Pálmason, fundaskr.	Magnús Gíslason.

Nd. 88. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 63 31. des. 1937, um tollheimtu og tolleftirlit.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, sem borið er fram samkv. 23. gr. stjórnarskrárinnar til staðfestingar samhljóða bráðabirgðalögum frá 24. júní 1940.

Leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 24. marz 1941.

Sveinbjörn Högnason, form. — Jón Pálmason, fundaskr. — Stefán Stefánsson, frsm.
Haraldur Guðmundsson. — Skúli Guðmundsson.

Nd. 89. Nefndarálit

um frv. til l. um afnám laga nr. 25 9. jan. 1935, um viðauka við l. nr. 75 27. júní 1921, um stimpilgjald, og afnám 2. gr. l. nr. 91 11. júní 1938, um breyt. á þeim lögum.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin er sammála um, að æskilegt sé að afnema það gjald, sem lagt hefur verið á ávísanir og kvittanir, og mælir einróma með, að frv. verði samþykkt eins og það liggur fyrir.

Alþingi, 22. marz 1941.

Sveinbjörn Högnason, form. — Jón Pálmason, fundaskr., frsm. — Stefán Stefánsson.
Haraldur Guðmundsson. — Skúli Guðmundsson.

Ed. 90. Nefndarálit

um frumv. til l. um breyt. á l. nr. 4 4. maí 1925, um viðauka við l. nr. 33 19. júní 1922, um fiskveiðar í landhelgi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frumvarp þetta er samhlj. bráðabirgðalögum, sem gefin voru út 5. júlí 1940 og eru tímabundin við það ár.

Nefndin hefur athugað frv. og getur eftir atvikum fallizt á, að nauðsynlegt hafi verið að gefa út þessi lög, og mælir því með frumvarpinu óbreyttu.

Alþingi, 21. marz 1941.

Ingvar Pálmason, form. — Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr., frsm. — Jóhann Þ. Jósefsson.

Nd. 91. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 27 8. sept. 1931, er heimila ríkisstjórninni að flytja inn sauðfé til sláturfjárbóta.

Frá landbúnaðarnefnd.

Bráðabirgðalög, samhljóða þessu frumvarpi, voru sett 3. okt. síðastl., samkvæmt tillögum frá Búnaðarfélagi Íslands. Samkvæmt lögunum frá 1931 er aðeins einblendingsrækt leyfð á Border-Leicesterfé og íslenzku fé. Telja sérfræðingar Búnaðarfélags Íslands nokkrar líkur til þess, að fjárstofn, framkominn við framhaldsræktun þessara tveggja fjárkynja, mundi þolnari fyrir sauðfjárpestum þeim, er nú geisa hérlendis, heldur en hið innlenda fjárkyn óblandað.

Af þessum ástæðum vill landbúnaðarnefnd mæla með því, að frumvarp þetta verði samþykkt, en leggur ríka áherzlu á það, að þess verði vandlega gætt, að hér verði aðeins um einangraðar tilraunir að ræða, og hafi Búnaðarfélag Íslands fullt eftirlit með því, að fyrirmælum laganna verði fylgt.

Alþingi, 24. marz 1941.

Bjarni Ásgeirsson, form. Jón Pálmason, fundaskr. Steingr. Steinþórsson, frsm.

Ásgeir Ásgeirsson. Pétur Ottesen.

Ed. 92. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 31 14. júní 1929, um Búnaðarbanka Íslands, og á lögum nr. 20 13. jan. 1938, um breyting á þeim lögum.

Flm.: Bernharð Stefánsson, Árni Jónsson.

1. gr.

1. Í stað orðanna „sparisjóðs- og rekstrarlánadeild“ í annarri málsgr. 3. gr. laga nr. 31 1929 komi: sparisjóðsdeild.
2. 2. tölul. 7. gr. sömu laga falli niður.
3. 11. gr. laganna orðist svo:
   Nú þykir sparisjóðsdeild ekki hafa nægilegt fjármagn til að fullnægja lánsþörf, og er þá ríkisstjórn heimilt að veita ábyrgð ríkissjóðs fyrir viðbótarláni allt að 3 millj. króna.
4. Aftan við 12. gr. laganna bætist: eða almennum bankalögum, ef sett kunna að verða.
5. Fyrirsögn II. kafla laganna verði: Sparisjóðsdeild.

2. gr.

1. Í stað VI. kafla sömu laga: „Lánadeild smábýla við kaupstaði og kauptún“, 54. til 61. gr., komi nýr kafli í 7 greinum, er verða 54.—60. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatalan á eftir samkv. því):
   a. (54. gr.). Ríkissjóður leggur fram 300 þús. krónur á árinu 1942 til lánadeildar smábýla.
   b. (55. gr.). Ríkissstjórninni skal heimilt að taka lán, allt að 2 millj. króna, handa lánadeildinni til starfsemi hennar, og stendur deildin sjálf skil á afborg-

unum og vöxtum, eða veita ábyrgð ríkissjóðs fyrir allt að jafnhárri upphæð í vaxtabréfum, er deildin gefur út.

c. (56. gr.). Lán úr deildinni má veita til smábýla í grennd við kaupstaði og kauptún og annars staðar þar, sem svo mikil atvinnuskilyrði eru fyrir hendi, að lífvænlegt geti talizt að styðjast við smábýlabúskap. Enn fremur til mannvirkja í sambandi við ræktunarlönd, þó lántakandi sé búsettur í kaupstað eða kauptúni.

Það skal vera skilyrði fyrir láni úr deildinni, að ræktunarland það, er hverju býli fylgir, sé minnst einn ha. að stærð. Þó skal lánveiting heimil, þótt land sé ekki meira en hálfur ha., ef hægt er að sýna fram á, að lántaki hafi þrátt fyrir það verulegan stuðning af landbúnaði á því.

d. (57. gr.). Lán úr deild þessari má veita:
1. Gegn hverju því fasteignaveði, er bankastjórnin tekur gilt.
2. Gegn ábyrgð sýslu-, bæjar- eða hreppsfélaga.

e. (58. gr.). Lán mega nema allt að ⅗ af fasteignamatsverði húseigna, mannvirkja og lands.

f. (59. gr.). Hámark lánsupphæðar má vera allt að 6 þús. krónum, lánstími allt að 40 árum og árlegir vextir allt að 6%.

g. (60. gr.). Í reglugerð skal setja nánari ákvæði um starfsemi þessarar deildar.

II. Fyrirsögn kaflans verði: Lánadeild smábýla.

3. gr.

Meginmál 1. gr. laga nr. 20 13. jan. 1938 hljóði þannig:

Stjórn bankans skal skipuð einum bankastjóra og þriggja manna bankaráði.

Ráðherra sá, sem fer með landbúnaðarmál, hefur umsjón bankans. Hann skipar bankastjórann og formann bankaráðsins. Skal formaður bankaráðs skipaður til 4 ára í senn. Hina 2 bankaráðsmennina kjósa sameinaðar landbúnaðarnefndir Alþingis með hlutfallskosningu til 4 ára í senn og jafnmarga til vara. Ráðherra setur bankastjóra og bankaráði erindisbréf.

Bankastjóri hefur að árslaunum 12000 krónur, og auk þess dýrtíðaruppbót, sem ráðherra ákveður, þó svo, að hann hafi aldrei hærri laun og dýrtíðaruppbót samanlagt en bankastjórar Landsbanka Íslands.

Laun bankaráðsmanna og dýrtíðaruppbót ákveður ráðherra.

Ráðherra getur veitt fráförnum bankastjóra eða ekkju hans eftirlaun af fé bankans. Eftirlaun mega þó aldrei fara fram úr 50% af launum bankastjóra og 25% af launum handa ekkju hans, en skulu að öðru leyti ákveðin eftir því, sem ástæður eru fyrir hendi í hvert skipti.

Ráðherra setur mann til að gegna bankastjóra- og bankaráðsformannsstarfi um stundarsakir, ef bankastjóri eða bankaráðsformaður forfallast eða sæti þeirra verður óskipað í bili.

4. gr.

a. Fyrir „gæzlustjóri“ í öðrum málslið 1. málsgr. 2. gr. sömu laga komi: formaður bankaráðs eða tveir bankaráðsmenn.

b. Fyrir „bankastjóra“ í upphafi 3. málsl. sömu málsgr. komi: bankastjórn.

5. gr.

Þá er lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella texta þeirra og I. kafla laga nr. 91 3. maí 1935 og laga nr. 20 13. jan. 1938 inn í meginmál búnaðarbankalaganna og birta þau í einu lagi þannig breytt.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er samið af milliþn. í bankamálum, og fylgdu því svo hljóðandi athugasemdir:

„Lög um Búnaðarbanka Íslands eru nú orðin nær 12 ára gömul, og á þeim tíma hafa litlar breytingar verið á þeim gerðar, og þá eingöngu við einstök atriði. Bankanefndin taldi því sjálfsagt að taka þau til allnákvæmrar athugunar, og þó einkum ákvæðin um starfsvið bankans. Samkvæmt þeim skyldi bankinn starfa í sex deildum: sparisjóðs- og rekstrarlánadeild, veðdeild, bústofnslánadeild, ræktunarsjóður, lánadeild smábýla við kaupstaði og kauptún og byggingar- og landnámssjóður. Tvær af þessum deildum, bústofnslánadeild og lánadeild smábýla, tóku aldrei til starfa, og kaflinn um aðra þeirra, bústofnslánadeild, var numinn úr gildi með lögum nr. 91 frá 3. maí 1935. Verður ekki af bankanefndinni lagt til, að sá kafli laganna verði tekinn upp aftur og deildin sett á stofn.

Hins vegar telur bankanefndin illa farið, að lánadeild smábýla skuli ekki hafa tekið til starfa. Virðist hennar full þörf, því að bæði við kauptún og kaupstaði og í sveitum hafa þeir menn, sem vilja stunda landbúnað jafnframt öðrum störfum, sem þá teljast aðalatvinna þeirra, hvergi aðgang að lánsfé. Verður þetta að teljast óheppilegt, því af því leiðir, að ýmsir þeir, sem gjarnan hefðu viljað halda sig utan takmarka kauptúna og kaupstaða, en stunda þó störf þar, verða að hverfa inn í þéttbýlið vegna getuleysis um stofnun til bygginga og búskapar, ef hvergi fæst fé að láni. Geta þó slík smábýli verið alldrjúg tekjulind, sér í lagi fyrir fjölskyldumenn, og ólíkt hollara fyrir fjölskylduaðila að geta fengið þar starf við sitt hæfi í staðinn fyrir aðgerðarleysi það, sem oft dæmist á unglinga í þröngbýlisstöðunum.

Víða í sveitum gætu verið skilyrði fyrir iðnaðarmenn til að setjast að, ef þeir stunda landbúnað í hjáverkum. Slíkir menn hafa hvergi aðgang að lánsfé, og lítur bankanefndin svo á, að smábýladeildin ætti að veita lán til slíkra smábýla.

Í 2. tölulið 7. gr. búnaðarbankalaganna er gert ráð fyrir, að sparisjóðs- og rekstrarlánadeildin styðji beint og óbeint starfsemi rekstrarlánafélaga, ef stofnuð yrðu, en ekkert hefur verið um slíkar lánveitingar. Rekstrarlánafélög eru fá til, og þau, sem hafa verið stofnuð, hafa leitað í aðrar áttir um lán en til Búnaðarbankans. Nefndin telur ákvæði þessi ástæðulaus og leggur því til, að þau verði afnumin. Fyrir þau rekstrarlánafélög, sem til kunna að vera, virðist það enginn bagi, þar sem þau hafa ekki leitað til Búnaðarbankans, og um þau, sem kunna að verða stofnuð, ætti sama að gilda. Hins vegar getur bankinn auðvitað eftir sem áður veitt slík lán eins og aðrar lánsstofnanir; við því er ekkert bann. Og fyrir rekstrarlánafélög, sem starfa nú eða kunna að taka til starfa, er öllu óheppilegra, að svo líti út, að þeim sé af löggjafans hálfu eingöngu ætlaður aðgangur að einni lánsstofnun með mjög takmörkuðu og óvissu lánsfé, sparisjóðsdeild Búnaðarbankans. Þegar þröngt er um peninga — en þá er mest þörf rekstrarlánafélaga — má búast við, að aðrar lánsstofnanir noti sér það og vísi af sér til þeirrar stofnunar, sem þeim er sérstaklega ætluð. Virðist réttast, að engri lánsstofnun sérstaklega, en öllum jafnt, beri að styðja slíkan félagsskap, sé hans þörf.

Um einstakar gr. frv. vill nefndin taka fram eftirfarandi:

Um 1. gr.

1. og 2. töluliðir lúta að afnámi ákvæðanna um lán til rekstrarlánafélaga og þarfnast því ekki frekari skýringa.

3. töluliður. Nefndinni virðist óeðlilegt og óviðkunnanlegt, að tekið sé fram um lántöku þá, sem gert er ráð fyrir í 11. gr. búnaðarbankalaganna, að hún eigi að fara fram erlendis. Er því lagt til, að orðalagi greinarinnar sé breytt.

4. töluliður. Bankanefndin flytur frv. til almennra bankalaga og vill því, að það komi skýrt fram, að þau gildi fyrir sparisjóðsdeildir bankanna.

5. töluliður. Þarfnast ekki skýringar.

Um 2. gr.

a-liður. Nefndin lítur svo á, að samkvæmt lögum Búnaðarbankans hafi ríkissjóði borið skylda til að greiða Búnaðarbankanum þetta stofnfé smábýladeildarinnar, og þeirri greiðslu hefði átt að vera lokið fyrir nokkrum árum, hvort sem deildin lánaði fé út eða ekki. Hér er því um það að gera að krefjast, fyrir deildarinnar hönd, skuldar, sem fallin er í gjalddaga. Hitt sé Alþingis, að kveða á um það, hvort ríkissjóði sé kleift að greiða þetta á einu ári af aflafé sínu, eða hvort á að taka lán til þess.

b-liður. Þar eru tekin saman ákvæði 55. og 56. gr. búnaðarbankalaganna. Fellt er niður að taka nokkuð fram um, hvar lán sé tekið, sem virðist óþarft. Aukið er við heimild um útgáfu vaxtabréfa fyrir deildina og ábyrgð ríkissjóðs fyrir þeim. Virðist nefndinni sú leið til að afla deildinni starfsfjár aðgengilegust, ef hún reyndist fær, sem ekki er ólíklegt.

c-liður. Nefndin taldi ekki rétt að binda lánveitingar eingöngu við nágrenni kaupstaða og kauptúna. Ef skilyrði fyrir atvinnurekstri, sem sé studdur af landbúnaði, virðist vera til staðar í sveitum eða sjávarplássum, þó ekki sé í grennd við kaupstaði eða kauptún, getur verið full ástæða til að hlynna þar að með lánsfé. Verður að treysta stjórn bankans til þess að meta ástæður í hverju einstöku tilfelli og til að stofna ekki fé deildarinnar í hættu með ógætilegum lánveitingum. Enda alveg óvíst, hvort sú hætta, sem stafað getur af breyttum atvinnuháttum, er frekar á einum stað en öðrum, eða hvort nágrenni kauptúna og kaupstaða sé nokkuð tryggara í því efni, ef gætt er þess að styðja ekki að því, að of mörg slík smábýli rísi upp á hverjum stað.

Þá telur nefndin ekki rétt að binda lánveitingu við það, að landstærð nægi til þess að veita meðalfjölskyldu þriðjung framfæris síns, en þannig eru ákvæði laganna. Slíkt er erfitt að meta, og getur líka orðið að gagni fyrr. Eftir tillögu nefndarinnar er ætlazt til þess, að það sé aðalreglan, að landstærð sé minnst einn ha. Sé landið vel ræktað, á það að framfleyta einni kú, þó eitthvað af því sé notað sem garðland. Þó vill nefndin ekki útiloka býli með minna landi, allt niður að ½ ha., því sé þar að mestu stunduð garðrækt, er mikill stuðningur að slíkri ræktun fyrir eina fjölskyldu. Jafnvel það að hafa ½ kú, og til þess nægir sú landstærð, er oft verulegur stuðningur fyrir fjölskyldu, en það verður að vera sá aðalmælikvarði, sem bankastjórn leggur á slík býli, þegar meta skal, hvort fært er að lána út á þau.

d-liður. Nefndin leggur til, að fellt verði niður það ákvæði laganna að veita lán út á slík býli gegn afgjaldskvöð. Verður að gera ráð fyrir, að annað hvort eigi ábúendur býlin eða hafi þau á erfðaábúð og hafi því rétt til að veðsetja þau. Því virðist ákvæðið um lán gegn afgjaldskvöð óþarft og jafnvel benda inn á leiðir, sem ekki ætti að fara. Er því bezt, að það falli niður.

e-liður. Ástæðulaust virðist, að þessi deild láni meira en ⅗ fasteignamatsverðs frekar en aðrar deildir bankans, sem lána út á fasteignir. Því leggur nefndin til, að ákvæðum laganna verði breytt í það horf.

f-liður. Nefndinni virðist hámark lánsupphæðar, sem lögin ákveða, allt of hátt og leggur til, að það verði sett 6 þús. kr. Byggingar- og landnámssjóður mun nú tæplega lána meira til eins býlis, og þó er þar um fullkomin sveitabýli að ræða. Bankinn gæti því tæpast farið hærra en nefndin gerir ráð fyrir, samræmis vegna, hvað sem lagaákvæðum liði, og er því rangt að vera nokkuð að gefa undir fótinn um slíkt. Stofnkostnaður slíks býlis sem þessa má ekki heldur verða það hár, að hann verði óviðráðanlegur, og ólíklegt, að þau yrðu metin yfir 10 þús. kr., svo þess vegna mundi lánsfjárhæðin varla fara yfir 6 þús. kr., þó önnur hámarksákvæði væru ekki sett.

Vel getur verið, að talið verði ástæðulaust að ákveða nokkuð um, hvað vextir megi vera hæstir af lánum þeim, sem deildin veitir. En nefndin lítur svo á, að ástæðulaust og jafnvel varasamt sé að veita lán, nema séð sé fyrir því, að vaxtakjör séu þolanleg. Nú er ekki gert ráð fyrir, að stofnfé deildarinnar sé það mikið, að það geti orkað miklu um að lækka útlánsvexti. Þeir hljóti því að fara að mestu eftir því, hvernig gengur með öflun starfsfjár og hve mikill hluti stofnfésins verður af öllu starfsfénu. Því getur farið svo, að lánveitingar verði að stöðva fyrr vegna ákvæðanna um

hámark vaxta, en þá hvetur það til að taka til athugunar, hvað af þrennu gera skuli: Láta við svo búið standa og hætta útlánum í bili, auka stofnfé deildarinnar eða veita henni annan styrk, svo að hún geti haldið áfram útlánum með sömu vaxtakjörum. Ef vill má þá afnema ákvæðið um hámark vaxtanna og halda áfram lánveitingum, þó með hærri vöxtum sé. En það er framtíðarinnar að kveða á um, hvað af þessu skuli velja, þegar þar að kemur.

Önnur ákvæði 2. gr. þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Meiri hluta nefndarinnar þótti rétt, að við Búnaðarbankann væri bankaráð eins og við hina bankana. Taldi hann þó nægilegt, að það væri skipað 3 mönnum. Hins vegar telur hann þá óþarft að halda starfi gæzlustjóra og álítur, að bankaráðið og þó einkum formaður þess geti annazt þau störf.

Formaður nefndarinnar, B. St., telur þó þessa breytingu óþarfa, þó hann geri ekki beinlínis ágreining út af því.

Um 4. gr.

Í 2. gr. laga nr. 20 13. janúar 1938, um breyting á lögum um Búnaðarbanka Íslands, er gerð grein fyrir, hver skuli vera störf stjórnar bankans, þ. e. bankastjóra og gæzlustjóra. Þar er gert ráð fyrir því, að bankastjóri geti, án þess að samþykki gæzlustjóra komi til, falið einhverjum af starfsmönnum bankans nokkuð af því, sem gæzlustjóra er ætlað að gera. Virðist bankanefndinni óviðkunnanlegt, að bankastjóri geti þannig einn sett einhvern til þess að inna af hendi umgetin störf, og leggur því til, að bankastjórn, þ. e. bankastjóri og, í samræmi við tillögur nefndarinnar, bankaráðsformaður (eða tveir bankaráðsmenn) gefi umboðið.

Um 5. og 6. gr.

Gefa ekki tilefni til skýringa."

Annar flutningsmanna, Árni Jónsson, tekur fram, að hann sé ekki sammála öðrum nefndarmönnum um að fella niður þau ákvæði, er gera ráð fyrir sérstökum lánveitingum til rekstrarlánafélaga.

Nd. 93. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 73 31. des. 1937, um gjaldeyrisverzlun o. fl., og l. nr. 115 31. maí 1940, um breyt. á þeim lögum.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta, borið það saman við gildandi lagaákvæði, og er sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 25. marz 1941.

Sveinbjörn Högnason, form.	Jón Pálmason, fundaskr.	Haraldur Guðmundsson, frsm.
Skúli Guðmundsson.	Stefán Stefánsson.	

Nd. 94. Nefndarálit

um frumv. til l. um viðauka við l. nr. 63 31. des. 1937, um tollheimtu og tolleftirlit.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarp þetta, sem borið er fram samkv. 23. grein stjórnarskrárinnar, til staðfestingar samhljóða bráðabirgðalögum frá 9. jan. 1941.

Nefndin fellst á, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 25. marz 1941.

Sveinbjörn Högnason, form. Jón Pálmason, fundaskr. Stefán Stefánsson, frsm.
Skúli Guðmundsson. Haraldur Guðmundsson.

Nd. 95. Nefndarálit

um frv. til l. um viðauka við l. nr. 73 31. des. 1937, um gjaldeyrisverzlun o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, til staðfestingar á bráðabirgðalögum, er út voru gefin 26. jan. s. l. Leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Með reglugerð er heimilt að ákveða, að óheimilt sé að selja eða veðsetja innstæður á biðreikningum, sem myndaðar eru samkvæmt ákvæðum laga þessara, svo og að setja nánari reglur um, hvernig innstæðunum megi ráðstafa.

Alþingi, 25. marz 1941.

Sveinbjörn Högnason, form. Jón Pálmason, fundaskr. Skúli Guðmundsson, frsm.
Haraldur Guðmundsson. Stefán Stefánsson.

Nd. 96. Frumvarp til laga

um breyting á jarðræktarlögum, nr. 101 23. júní 1936.

Flm.: Gísli Sveinsson, Jón Pálmason, Þorsteinn Briem.

1. gr.

17. gr. laganna falli burt.

2. gr.

Ákvæði laganna til bráðabirgða falli burt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. samhljóða þessu var flutt á Alþingi 1939 og reyndar oftar áður, en varð ekki útrætt. Virðist eigi minni þörf nú en þá, að þessi ákvæði nái fram að ganga.

Nánar í framsögu.

Nd. 97. Frumvarp til laga

um eftirlit með bönkum og sparisjóðum.

Flm.: Ásgeir Ásgeirsson.

1. gr.

Bankar og sparisjóðir eru háðir eftirliti bankaeftirlitsmanns ríkisins, svo sem ákveðið er í lögum þessum og kann að verða ákveðið í öðrum lögum.

Bankaeftirlitsmaður er skipaður af konungi og hefur að árslaunum 10 þús. kr., þar til öðruvísi kann að verða ákveðið í launalögum. Skrifstofukostnað hans ákveður ráðherra sá, sem fer með bankamál. Ráðherra setur bankaeftirlitsmanni erindisbréf.

2. gr.

Bankaeftirlitsmaður skal, áður en hann tekur við því starfi, hafa að minnsta kosti í þrjú ár gegnt föstu trúnaðarstarfi í þágu ríkisins, bankanna eða stærri verzlunar- eða atvinnufyrirtækis. Hann má ekki hafa annað launað starf á hendi og ekki vera í stjórn atvinnu- eða fjármálafyrirtækis eða á annan hátt í þjónustu þess.

3. gr.

Bankaeftirlitsmaður má ekki taka lán í neinni þeirri lánsstofnun, sem hann hefur eftirlit með. Þó má hann taka lán gegn veði í fasteign, ef lánsupphæðin nemur ekki meiru en ⅗ matsverðs fasteignarinnar, og gegn veði í tryggum verðbréfum eða öðru handveði. Ekki má hann heldur ganga í ábyrgð eða taka á sig aðrar fjárhagslegar skuldbindingar gagnvart þessum stofnunum. Öll ákvæði þessarar greinar gilda einnig um aðstoðarmenn bankaeftirlitsmanns, ef einhverjir eru, en þó getur ráðherra, eftir tillögu bankaeftirlitsmanns, veitt þeim leyfi til lántöku í þessum stofnunum, ef það kemur ekki í bága við starf þeirra.

4. gr.

Bankaeftirlitsmaður er opinber sýslunarmaður og hefur skyldur og nýtur réttinda samkvæmt því.

5. gr.

Bankaeftirlitsmaður er ráðunautur ríkisstjórnarinnar um öll bankamál og önnur málefni þeirra lánsstofnana, er undir hann heyra. Hann skal árlega gefa ráðuneyti því, er fer með bankamál, skýrslu um starf sitt og sömuleiðis skýrslur um einstök atriði viðvíkjandi því, hvenær sem ráðuneytið óskar þess.

6. gr.

Bankaeftirlitsmaður skal gæta þess, að bankar og sparisjóðir hagi starfsemi sinni á sem tryggastan hátt og fylgi þeim lögum, samþykktum og reglugerðum, sem um þá gilda.

Skal hann láta þeim í té, hvenær sem óskað er, upplýsingar og leiðbeiningar og hvernig beri að skilja einstök ákvæði laga og reglugerða.

7. gr.

Bankaeftirlitsmanni ber skylda til að fylgjast með hag og rekstri banka og sparisjóða, eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum eða öðrum lögum. Hann hefur

aðgang að öllum bókum og skjölum banka og sparisjóða og getur krafizt af þeim hverra þeirra upplýsinga, sem hann telur þörf á og starf hans varða.

Sama gildir um undirmenn bankaeftirlitsmanns, ef þeir starfa í umboði hans.

Bankaeftirlitsmaður og undirmenn hans hafa þagnarskyldu gagnvart óviðkomandi mönnum um allt það, er þeir verða vísari í starfi sínu.

8. gr.

Bankaeftirlitsmaður hefur heimild til að mæta sjálfur eða láta umboðsmann sinn mæta á fundum bankaráðs, bankastjórnar eða sparisjóðsstjórnar, er hann telur þess þörf. Hefur hann þar, eða umboðsmaður hans, málfrelsi og tillögurétt, en ekki atkvæðisrétt. Krafizt getur hann, að slíkir fundir séu haldnir, og boðað til þeirra sjálfur, ef sá, sem kalla á fundinn saman, gerir það ekki eða lætur það dragast úr hófi fram.

9. gr.

Bankaeftirlitsmaður getur krafizt, að bankar og sparisjóðir sendi sér:

1. Samþykktir sínar og reglugerðir, og tilkynni honum allar breytingar, sem á þeim kunna að verða gerðar.
2. Tilkynningu um, hverjir séu stjórnendur, framkvæmdarstjórar og endurskoðendur þeirra, þegar eftir að kosning eða tilnefning hefur farið fram.
3. Ársreikninga sína þegar eftir undirskrift þeirra, og aðrar skýrslur um rekstur sinn og hag, eins oft og í því formi, sem hann ákveður.
4. Skýrslu um eftirgjafir skulda, ef einhverjar eru, hvað hverjum einstökum hafi verið gefið eftir og tilgreina ástæður fyrir því.

10. gr.

Láti banka- eða sparisjóðsstjórn bankaeftirlitsmanni ekki í té þau gögn, sem henni ber skylda til samkvæmt lögum þessum eða öðrum lögum, eða gefi vísvitandi rangar eða villandi upplýsingar, varðar það sektum allt að 10 þús. kr., nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Ráðherra er heimilt með reglugerð að ákveða dagsektir við því að halda upplýsingum, sem bankaeftirlitsmaður hefur krafizt samkvæmt lögum þessum, og við því að tregðast við að gera ráðstafanir, sem bankaeftirlitsmaður hefur krafizt að gerðar væru, samkvæmt heimildum þessara laga. Allar sektir samkvæmt þessari grein renna í ríkissjóð.

11. gr.

Ágreiningi, sem rísa kann milli banka eða sparisjóðsstjórnar annars vegar og bankaeftirlitsmann hins vegar, getur hvor aðili sem er skotið til ráðherra. Heimilt er ráðherra, ef annar hvor aðili krefst þess, að skipa 3 manna gerðardóm óvilhallra manna til að gera út um ágreininginn. Kostnaðinn, sem af þeim dómi leiðir, greiði hlutaðeigandi banki eða sparisjóður, ef dómurinn gengur móti stjórn hans, annars greiðist kostnaðurinn úr ríkissjóði.

12. gr.

Kostnaður við eftirlitið greiðist af bönkum og sparisjóðum í hlutfalli við viðskiptaveltu þeirra. Samkvæmt því semur bankaeftirlitsmaður árlega skýrslu um, hversu mikið hver stofnun eigi að greiða. Ráðherra setur reglur um innheimtu gjaldsins, og má þar ákveða, að heimilt sé að taka gjaldið lögtaki, og að tvöfalda megi upphæðina, ef vanskil verða.

13. gr.

Lög þessi gilda fyrir þá banka og sparisjóði, sem nú eru starfandi og síðar kunna að verða stofnaðir, þó um þá gildi sérstök lög, og falla þá úr gildi þau ákvæði sérlaga, sem kunna að fara í bága við þessi lög.

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. okt. 1941.

Greinargerð.

Frv. þetta er samið af milliþinganefnd í bankamálum, og fylgdu því eftirfarandi athugasemdir:

I.

Í nútíma þjóðfélagi hafa peningastofnanirnar hin víðtækustu áhrif á hag alls almennings og þjóðfélagsins í heild sinni.

Bankar og sparisjóðir taka við fé manna til ávöxtunar, og getur því fjöldi manna tapað eignum sínum, ef banki eða sparisjóður fer á höfuðið. Bankarnir styðja atvinnuvegina með lánveitingum og flytja fé á margvíslegan hátt á milli manna.

Bankahrun hefur því jafnan hinar víðtækustu og alvarlegustu afleiðingar fyrir atvinnuvegi þjóðanna og afkomu þeirra.

Af þessum ástæðum þykir sjálfsagt meðal flestra þjóða, að ríkisvaldið hafi margs konar afskipti af bankarekstrinum og eftirlit með honum. Hér á landi hafa menn einnig fyrir löngu skilið nauðsyn þess, að þjóðfélagið gerði ýmsar varúðarráðstafanir í þessu efni, og nokkur ár var hér sérstakt eftirlit með bönkum og sparisjóðum, þó það sé nú afnumið aftur að því er bankana snertir.

Með lögum nr. 48 frá 20. júní 1923 var svo ákveðið, að skipa skyldi eftirlitsmann með bönkum og sparisjóðum. Í lögum þessum, sem aðeins voru 2 greinar, voru laun og kjör bankaeftirlitsmannsins tiltekin, en um starf hans var ekkert ákveðið annað en það, að stjórnarráðið ákveði með reglugerð starfssvið eftirlitsmannsins og annað, er þurfa þykir. Þá var og kveðið svo á, að eftirlitsmaður mætti ekki hafa önnur embættisstörf á hendi né reka aðra atvinnu og að hann mætti ekki vera í stjórn atvinnu- eða verzlunarfyrirtækja.

Snemma á árinu 1924 var svo skipaður bankaeftirlitsmaður samkv. lögunum, en reglugerð sú, er 2. gr. þeirra gerði ráð fyrir að sett yrði, var aldrei sett. Það var því aldrei ákveðið neitt nánar um það, í hverju starf eftirlitsmannsins ætti að vera fólgið. Meira að segja verður að líta svo á, að réttur hans, t. d. til að krefja banka um upplýsingar og til að hafa aðgang að bókum og skjölum bankanna, hafi verið nokkuð óviss og vafasamur. Þegar svo var í pottinn búið, er engin furða, þótt lítið gagn þætti verða að starfi eftirlitsmannsins, enda komu fljótt fram tillögur um að leggja embætti þetta niður, sem og að lokum var gert. Þarf ekki að rekja þá sögu hér, því að svo skammt er liðið frá, að hún mun flestum í fersku minni. En þess má þó geta, að í ádeilum út af þessu starfi gætti þess jafnan mest, að bankaeftirlitsmaðurinn **þótti ekki rækja starf sitt** og þess vegna kæmi það ekki að notum. Hitt var *lítt haft á orði, að starfið væri ekki nauðsynlegt í sjálfu sér*, og þótt slíkar raddir kæmu fram, voru af öðrum færð rök að því, að þjóðfélagið þyrfti að láta hafa eftirlit með bönkum og sparisjóðum.

Það skal hér fyllilega játað, að lítið gagn muni hafa orðið að starfi bankaeftirlitsmannsins, enda mun hann ekki hafa lagt mikla vinnu í það. Hér skal þó enginn áfellisdómur kveðinn upp yfir þeim manni, sem starfinu gegndi. Sú ástæða, að lögin kváðu eiginlega ekkert á um það, hvernig starfi hans skyldi háttað, og að reglugerð var aldrei sett um það né honum sett erindisbréf, er nægileg til að afsaka hann, að minnsta kosti að miklu leyti. Hitt er aftur á móti augljóst af þeim atburðum, sem urðu á meðan embætti þetta hélzt, að full þörf hefði þá verið á því, að bankaeftirlitsmaðurinn hefði fylgzt meira með starfsemi bankanna heldur en hann virðist hafa gert, og að hann hefði haft aðstöðu og vald til öryggisráðstafana. Verður nánar vikið að þessu atriði síðar. En fyrst mun gerð nokkur athugun á því, hvernig þessum málum er fyrir komið annars staðar.

II.

Hjá þeim þjóðum, sem oss eru skyldastar, Norðurlandaþjóðunum, hefur ríkið alls staðar eftirlit með rekstri banka og sparisjóða. Í bankalögunum dönsku frá 15. apríl 1930 er svo ákveðið í 3. gr. þeirra, að ríkið hafi eftirlit með bönkum, og skipar

konungur bankaeftirlitsmann (Bankinspektör). Í Danmörku er sérstakt eftirlit með sparisjóðum, óháð bankaeftirlitinu. Í almennri bankalöggjöf Svía frá 22. júní 1911, og með viðbótum og breytingum, sem síðan hafa verið gerðar, er svo ákveðið, að allir bankar og opinberir sjóðir skuli lúta eftirliti sérstakrar bankaeftirlitsstofnunar (Bankinspektion), sem sé fyrir allt ríkið og standi undir stjórn þess. Nánari ákvæði um skipulag stofnunarinnar eru í konunglegri tilskipun (og í lögum frá 2. júní 1933). Í Noregi er sviþuð eftirlitsstofnun, sem hefur eftirlit bæði með bönkum og sparisjóðum.

Hlutverk bankaeftirlitsins er líkt meðal allra Norðurlandaþjóðanna.

Bankaeftirlitsmaður (bankaeftirlitið) á fyrst og fremst að hafa eftirlit með því, að hin almennu bankalög séu haldin, og einnig lög eða samþykktir hinna einstöku banka.

Bankaeftirlitið á að rannsaka hag og rekstur bankanna eins oft og þörf er á eða það telur ástæðu til, og er orðalag um þetta nokkuð mismunandi í lögum hverrar þjóðar, en alls staðar hvílir sú skylda á bankaeftirlitinu að fylgjast sem bezt með bankarekstrinum. Til þess að bankaeftirlitið (bankaeftirlitsmaður) geti á hverjum tíma verið kunnugt hag bankanna, eru þeir skyldaðir til að senda eftirlitinu allar upplýsingar um starfsemi sína, sem það óskar eftir. Mánaðaruppgerðir sínar skulu bankarnir senda eftirlitinu jafnharðan, svo og auðvitað ársreikninga sína, einnig ýmsar aðrar skýrslur (hagskýrslur) og í Svíþjóð skýrslur um lánveitingar, vexti m. m.

Í Danmörku gilda eftirfarandi ákvæði um bankaeftirlitsmanninn sérstaklega:

Hann og undirmenn hans hafa þagnarskyldu um viðskipti manna í bönkum.

Hann má ekki reka neitt fjármálafyrirtæki né vera þátttakandi í því (hluthafi), ekki heldur vera í stjórn slíks fyrirtækis né á annan hátt í þjónustu þess. Sama gildir um undirmenn hans.

Bankaeftirlitsmaður má ekki taka lán í peningastofnun né ganga þar í ábyrgð, nema með leyfi verzlunarmálaráðherra, en hann getur veitt undirmönnum sínum leyfi til lántöku og ábyrgða.

Bankaeftirlitinu er alls staðar veitt allmikið vald, bæði til að gera sjálft ýmsar ráðstafanir, er það telur nauðsynlegar, og einnig verða bankarnir að fá leyfi þess til ýmsra aðgerða.

Eftir sænsku bankalögunum getur bankaeftirlitið kallað stjórnir banka saman á fund, þegar það telur ástæðu til, og sömuleiðis kallað saman aukafund hluthafa eða annarra eigenda, hafi það óskað eftir, að bankastjórnin gerði það, en hún látið það ógert. Á þeim fundum má eftirlitið hafa umboðsmann.

Í bankalögum allra Norðurlandaþjóðanna eru ákvæði, sem eiga að tryggja það, að bankar láni ekki einum viðskiptamanni eða einu fyrirtæki, né fleiri viðskiptamönnum og fyrirtækjum, sem eru fjárhagslega hvort öðru bundin, óhæfilega mikið fé, og ber bankaeftirlitinu að hafa sérstakt eftirlit með þessu.

Allar breytingar á stjórn banka (bankaráði og bankastjórum) skal tilkynna bankaeftirlitinu (í Danmörku innan mánaðar). Ýmislegt fleira viðvíkjandi starfi og rekstri banka skal og jafnan tilkynna bankaeftirlitinu, og leyfi þess þarf til sumra ráðstafana, er banki telur sig þurfa að gera.

Í sænsku lögunum er kveðið svo á, að hafi bankastjórn eða hluthafafundur gert ákvörðun, sem bankaeftirlitið telur fara í bága við almenn lög eða samþykktir bankans, getur það bannað framkvæmd þeirra ákvarðana. Sé um alvarlegt brot að ræða, varðar það og missi réttinda til bankarekstrar. Kært getur banki til konungs (ríkisstjórnarinnar) út af slíkum ákvörðunum eftirlitsins, en þó eru þær engu síður í gildi þar til öðruvísi verður ákveðið.

Verði banki gjaldþrota, skal eftirlitið hafa umboðsmann til að fylgjast með skiptunum.

Í Svíþjóð tilnefnir bankaeftirlitið einn endurskoðanda, af minnst þremur, við hvern banka.

Um kostnað af bankaeftirlitinu gildir yfirleitt sú regla, að bankarnir bera það

sjálfir. Í Danmörku er kostnaðurinn færður á fjárlögum, en bankarnir endurgreiða hann í hlutfalli við innstæðufé þeirra, enginn banki þó minna en 10 kr. Eftirlitsmaður jafnar gjaldinu niður eftir síðustu ársreikningum.

Í Svíþjóð jafnast kostnaðurinn við eftirlitið niður á bankana í hlutfalli við eigið fé þeirra. Skal upphæð þessi ákveðin í reglugerð. Sérkostnað, sem leiðir af endurskoðun og öðrum rannsóknum á hag bankans, greiðir hver banki.

Það, sem hér hefur verið sagt um bankaeftirlit á Norðurlöndum, gildir einnig í öllum verulegum atriðum um eftirlit með sparisjóðum, og þykir því ekki ástæða til að skýra sérstaklega frá því.

Þjóðbankarnir og nokkrir aðrir bankar eru undanþegnir ákvæðunum um bankaeftirlit. En auðvitað getur ríkisstjórnin hvenær sem er falið eftirlitinu athugun þessara banka, ef sérstök ástæða er til þess.

III.

Eins og getið hefur verið hér að framan, sá Alþingi 1923 ástæðu til að taka upp opinbert eftirlit með bönkum og sparisjóðum. Það eftirlit þótti að vísu ekki ná tilgangi sínum og var því afnumið eftir nokkur ár að því er bankana snertir, en sparisjóðseftirlitið þótti þó ekki fært að afnema, og helzt það enn. Það má því ætla, að ýmsir kunni að líta svo á, að innlend reynsla mæli á móti því að taka hér aftur upp sérstakt eftirlit með bönkum. Milliþinganefndin lítur hins vegar svo á, að þessi innlenda reynsla sanni alls ekkert í þessu efni, og sízt af öllu það, að hér sé ekki þörf á bankaeftirliti. Öllu fremur mundi mega líta svo á, að eftirlitið hafi verið of lítið og veikt og því ekki náð þeim tilgangi, er því var ætlað.

Lögin frá 1923 tóku mjög lítið fram um skyldur og réttindi bankaeftirlitsmannsins, og landsstjórnin setti honum aldrei neitt erindisbréf. Má því búast við, að hann hafi oft verið í vafa um, hvað honum bæri skylda til að gera, og jafnvel hvað hann hefði rétt til að gera, og því orðið minna úr framkvæmdum en orðið hefði, ef ljós og ákveðin fyrirmæli hefðu verið til að fara eftir. Auk þessa var bankaeftirlitsmanninum aldrei veitt aðstaða til að geta fylgzt nægilega með hag og rekstri banka og sparisjóða, þar sem hann hafði enga skrifstofu og enga aðstoð. Þó segja megi, að bankaeftirlitið hafi komið að litlum notum, er alls ekki þar með sagt, að þess hafi ekki verið full þörf. Þvert á móti virðist ýmislegt, sem fyrir kom á þessum árum, t. d. gjaldþrot Íslandsbanka, benda til þess, að full þörf hefði verið á öruggu og sterku bankaeftirliti.

Þá er reynsla annarra þjóða. Hér að framan hefur verið gefið yfirlit um bankaeftirlit á Norðurlöndum, og sést af því, að allar frændþjóðir okkar þar hafa talið nauðsynlegt, að ríkisvaldið hefði eftirlit með öllum lánsstofnunum, bæði bönkum og sparisjóðum.

Nú er fyrirkomulag bankamála hér á landi að vísu töluvert ólíkt því, sem annars staðar gerist, og gæti því verið hugsanlegt, að sérstakt bankaeftirlit væri óþarft hér, þótt það sé nauðsynlegt annars staðar. Skal nú nánar að þessu atriði vikið.

Fyrst er það, að hingað til hefur ekki verið til hér á landi almenn bankalöggjöf í líkingu við það, sem til er í hinum Norðurlöndunum. Milliþinganefndin hefur litið á það sem eitt höfuðverkefni sitt að bæta úr þessu. Hefur hún samið frumvarp til laga um banka, sem að mörgu leyti er sniðið eftir hinni almennu bankalöggjöf, er gildir á Norðurlöndum, en þó lagað eftir íslenzkum staðháttum. Í greinargerð, er fylgir því frv., eru færð rök að nauðsyn þess, að slík löggjöf sé sett, og vísast til þess. Augljóst er, að ekki getur orðið um að ræða fullkomna framkvæmd á hinum mörgu, flóknu ákvæðum þeirra laga, ef ekki samtímis og þau yrðu sett er komið á fót sérstöku bankaeftirliti, sem hefur sérfróðum kröftum á að skipa.

Annars staðar eru flestir bankar reknir sem einkafyrirtæki, og ríkið ber enga ábyrgð á þeim. Almenningur leggur fé sitt í bankana og hefur enga aðra tryggingu fyrir því að fá það aftur heldur en eigið fé bankans og þá tiltrú, er hann nýtur. Er hlutverk bankaeftirlits annarra þjóða því fyrst og fremst það, að gæta hagsmuna al-

mennings í þessu efni, hliðstætt því, að hér á landi hefur þótt nauðsynlegt að halda sparisjóðseftirlitinu, einmitt til að gæta hagsmuna almennings, sem trúir sjóðunum fyrir fé sínu.

Hér á landi eru tveir af þremur bönkum landsins algerlega reknir af ríkinu og það ábyrgist innstæðufé þeirra allra. Íslenzka ríkið hefur því ekki ástæðu til að halda uppi bankaeftirliti vegna innstæðueigenda sérstaklega, eins og aðrar þjóðir gera, en því miklu brýnni þörf er því að hafa eftirlit með bönkunum sjálfs sín vegna og þjóðarheildarinnar, því íslenzka þjóðin sem heild á líklega enn meira á hættu heldur en nokkur önnur þjóð um það, hvernig til tekst í bankamálum hennar.

Tap banka hér á landi er tap allrar þjóðarinnar í enn ríkari mæli heldur en bankatöp eru meðal annarra þjóða. Vegna þess líka, hvað okkar þjóð er fámenn og bankar hér fáir, mundi það hafa enn voðalegri afleiðingar fyrir fjárhag og afkomu þjóðarinnar, ef einhver af bönkum okkar færi á höfuðið, heldur en það hefði fyrir aðra stærri þjóð, að einhver af hennar bönkum yrði gjaldþrota.

Með tilliti til þess, hvað íslenzka ríkið og þjóðin í heild sinni á geysilega mikið í hættu um bankarekstur sinn, virðist sízt minni þörf á bankaeftirliti hér á landi heldur en annars staðar.

Nú má að vísu segja, að íslenzka ríkið hafi nokkurt eftirlit með bönkunum, þar sem það ýmist skipar alveg yfirstjórnir þeirra og endurskoðendur, eða hefur a. m. k. mikil áhrif á skipun þeirra (Útvegsbankinn), auk þess valds, sem hlutaðeigandi ráðherra hefur yfir málum bankanna. Fullyrða má þó, að eftirlit þessara aðila sé ekki og geti ekki verið hliðstætt bankaeftirliti Norðurlandaþjóðanna né komið að sömu notum. Hvert bankaráð er yfirstjórn síns banka. Það hefur því að vísu aðstöðu til að fylgjast með rekstri hans og hafa eftirlit með honum, en það hefur ekki aðstöðu til að hafa eftirlit með öðrum bönkum.

Það er því ekki hægt að krefjast þess af bankaráðunum, að þau hafi þá yfirsýn um allan bankarekstur þjóðarinnar, sem nauðsynlegt er, að til sé á einum stað. Auk þessa ber hvert bankaráð nokkurn hluta ábyrgðarinnar á rekstri síns banka, og getur því eftirlit þess með honum **ekki talizt óvilhallt né óháð bankanum,** en það er annars staðar talið eitt af höfuðskilyrðunum fyrir öruggu bankaeftirliti.

Svipað er að segja um endurskoðendur, að þeir vinna hver við sinn banka og geta ekki á neinn hátt komið í stað almenns bankaeftirlits, nema þá að fyrirkomulagi endurskoðunar væri gerbreytt, sem sennilega hefði meiri kostnað í för með sér heldur en leiðir af þessu frumvarpi, ef að lögum verður.

Einum að ráðherrunum er falið að fara með bankamál þjóðarinnar (um Búnaðarbankann gilda þó sérákvæði í því efni). Vegna þess að okkar bankar eru að mestu leyti reknir af ríkinu og á ábyrgð þess, hlýtur hann að hafa meiri afskipti af bönkunum og meira vald yfir þeim heldur en þeir ráðherrar annarra þjóða, sem þar fara með bankamálin. Það má því gera ráð fyrir, að sumir kunni að líta svo á, að ráðherra beri að framkvæma eða láta framkvæma það bankaeftirlit, sem hér er þörf á, auk eftirlits bankaráða og endurskoðenda, og því þurfi ekki sérstakt bankaeftirlit hér á landi, þótt það sé talið nauðsynlegt annars staðar.

Varla þarf þó að færa nein rök fyrir því, að ráðherra getur ekki sjálfur haft eftirlit með bönkunum, sem sé á nokkurn hátt sambærilegt bankaeftirliti annarra þjóða. Nægir í því efni að benda á það, að ráðherra, sem er hlaðinn margs konar störfum, hefur auðvitað engan tíma til slíks. Að vísu gæti ráðherrann falið starfsmanni í ráðuneyti sínu þetta starf, en þá þyrfti auðvitað að auka þar starfskrafta, svo að óvíst er, að það yrði ódýrara heldur en að taka upp sérstakt bankaeftirlit, eins og gert er ráð fyrir í frv. Auk þess verður það að teljast mjög óheppilegt og óviðeigandi, að bankaeftirlitið sé svo háð æðsta yfirmanni bankanna, eins og undirmenn hans í sjálfu ráðuneytinu hljóta að vera. Af greindum ástæðum verður því hiklaust að halda því fram, að ráðherra getur ekki verið neinn bankaeftirlitsmaður né komið í hans stað.

Hér að framan hafa verið færð rök að því tvennu, að okkur Íslendingum er

ekki einasta eins nauðsynlegt að hafa öruggt eftirlit með bönkum eins og öðrum þjóðum með sínum bönkum, heldur miklu nauðsynlegra, og í öðru lagi, að þeir aðilar, sem segja má, að nú eigi að hafa eftirlitið með bönkunum, bankaráðin, endurskoðendur, ráðherra o. s. frv., geta ekki framkvæmt það svo fullnægjandi sé né sambærilegt við bankaeftirlit frændþjóða okkar. Það virðist því af þessum ástæðum einsætt, að rétt sé af okkur að taka upp sérstakt eftirlit með bönkum og sparisjóðum, í líkingu við það, sem á sér stað annars staðar á Norðurlöndum.

En auk þessa, sem nú var talið, kemur einnig fleira til greina, sem styður þá skoðun, að nauðsynlegt sé að taka upp sérstakt bankaeftirlit hér á landi og fela það vel hæfum manni, sem ekki hafi önnur störf með höndum. Hér að framan hefur verið vikið af því sérkenni íslenzkra banka, að þeir eru allir að mestu reknir af ríkinu og á ábyrgð þess. Einnig hefur verið bent á, að einmitt af þessum ástæðum þurfi sá ráðherra, sem með bankamál þjóðarinnar fer, að hafa meiri afskipti af starfsemi bankanna heldur en títt er meðal annarra þjóða. En hvernig stendur þá ráðherra að vígi í þessu efni?

Eins og allir vita, eru ráðherrastöðurnar pólitískar stöður og menn eru valdir í þær af pólitískum ástæðum, en ekki eftir prófum eða öðrum sönnunum fyrir sérþekkingu, þó að hliðsjón sé sennilega oft höfð af þessu við ráðherraval. Það er því alls engin trygging fyrir því, að ráðherra sé neinn sérfræðingur í bankamálum, þó hann auðvitað geti verið það. Auk þess eru bankamálin ekki neitt aðalstarf hans, og getur hann því alls ekki varið þeim tíma til þeirra, sem nauðsynlegur væri, ef hann ætti að fá góða þekkingu á hverju því atriði, sem til greina getur komið í þessu efni.

Að vísu er þetta ekki sérstakt hvað snertir ráðherra þann, er fer með bankamál. Ráðherrar eru svo fáir hér á landi, að enginn þeirra getur haft sérþekkingu á öllum þeim málum, sem undir hann heyra. Enginn einn maður getur t. d. haft sérþekkingu á dómsmálum, kirkjumálum, skólamálum og utanríkismálum, en þó hefur einn maður oftast haft öll þessi störf í fyrrverandi ríkisstjórnum. Til þess að gera starf ríkisstjórnarinnar kleift og tryggja það, að um málin sé fjallað af þekkingu, hefur stjórnin, svo sem öllum er kunnugt, sér við hlið sérfræðinga til ráðuneytis og aðstoðar í hinum einstöku málaflokkum, t. d. biskup, landlækni, fræðslumálastjóra, búnaðarmálastjóra o. s. frv. Nú hefur ráðherra sá, er fer með bankamál, æðsta valdið í bankamálum þjóðarinnar og á að mörgu leyti að vera aðalforustumaðurinn á því sviði, en við hlið hans stendur enginn sérfræðingur í bankamálum, sem hefur þá sérstöku skyldu að vera honum til aðstoðar og ráðuneytis í því efni, eins og t. d. vegamálastjóri er þeim ráðherra, er fer með vegamál. Hér skal því þó hiklaust haldið fram, að bankamál þjóðarinnar séu alveg eins þýðingarmikil og vandasöm eins og t. d. vegamálin og að full þörf sé á því, að bankafróður maður sé skipaður fjármálaráðherra til ráðuneytis í þessum málum. Er þá auðvitað sjálfsagt að fela þeim manni um leið eftirlit með bönkum og sparisjóðum, enda yrði sú þekking, er hann aflaði sér með eftirlitinu, undirstaða undir starfi hans.

Eins og færð hafa verið rök að hér að framan, verður að álíta sérstakt eftirlit með bönkum og sparisjóðum bráðnauðsynlegt hér á landi, vegna fjármálaöryggis þjóðarinnar. En hitt er þó ef til vill engu þýðingarminna, að tryggja fullkomna sérþekkingu við æðstu stjórn bankamálanna. En þetta tvennt ætti að mega sameina með því, eins og hér er lagt til, að skipa sérstakan bankaeftirlitsmann, sem jafnframt sé ráðunautur ríkisstjórnarinnar í öllum bankamálum.

IV.

Eins og frv. þetta ber með sér, hafa þau ákvæði bankalöggjafar Norðurlandaþjóðanna, er snerta bankaeftirlitið, verið lögð til grundvallar við samningu þess. Gerir frv. ráð fyrir, að bankar og sparisjóðir hér á landi verði háðir eftirliti trúnaðarmanns ríkisvaldsins, er nefnist bankaeftirlitsmaður. Honum er auk þess ætlað

að vera ráðunautur ríkisstjórnarinnar um öll bankamál og málefni annarra lánsstofnana, eins og sérstaklega hefur verið vikið að hér að framan.

Frv. það um bankaeftirlit, er milliþinganefndin leggur nú fyrir Alþingi, er nokkuð styttra en frv. það um sama efni, sem lagt var fyrir þingið 1939. Ástæðan er sú, að hinar sérstöku reglur um bankarekstur, er bankaeftirlitsmaður m. a. á að sjá um, að farið sé eftir, og aðallega voru í 10.—12. gr. eldra frumvarpsins, eru nú teknar upp í frv. það til almennrar bankalöggjafar, sem nefndin hefur samið. Í frv. því, er hér fylgir, eru því nú aðeins teknar með reglur, sem varða persónu bankaeftirlitsmannsins og annað það viðvíkjandi embættinu, sem ekki á við að sé í hinni almennu bankalöggjöf.

Um einstakar greinar frv. þykir rétt að taka fram eftirfarandi.

Um 1. gr.

Starf bankaeftirlitsmanns verður vandasamt og ábyrgðarmikið, og sú krafa er gerð til hans í frv., að hann sé fjárhagslega óháður. Þykir því sjálfsagt, að honum sé launað eins vel og ríkið launar nokkrum öðrum starfsmanni sínum, eða með 10 þús. kr. Hins vegar þykir ekki fært að ákveða launin hærri, jafnvel þó ýmsar stofnanir aðrar en ríkið greiði hærri laun fyrir störf, sem mætti kalla hliðstæð þessu og þó sízt þýðingarmeiri.

Um 2. gr.

Þess verður að krefjast, að bankaeftirlitsmaðurinn verji öllum starfskröftum sínum í þágu embættis síns. Til þess að tryggja óháð og óhlutdrægt eftirlit verður einnig að krefjast þess, að bankaeftirlitsmaður hafi ekki persónulegra hagsmuna að gæta í sambandi við fyrirtæki, sem hafa viðskipti við bankana.

Um 3. gr.

Þess verður að krefjast, að bankaeftirlitsmaður sé fjárhagslega algerlega óháður þeim stofnunum, sem hann á að hafa eftirlit með. Er því lagt til að banna honum að taka lán í þeim nema gegn fullgildu fasteignaveði, og einnig að taka á sig ábyrgð gagnvart þeim. Eðlilegt er, að sömu ákvæði gildi yfirleitt um aðstoðarmenn bankaeftirlitsmanns, ef einhverjir eru. Þó virðist rétt að gera nokkra undantekningu að því er þá snertir.

Um 4. gr.

Gefur ekki tilefni til skýringa.

Um 5. gr.

Áður hefur verið vikið að nauðsyn þess, að ríkisstjórnin hefði ráðunaut um bankamál, svo sem er um ýmis önnur málefni, sem ekki eru vandasamari né þýðingarmeiri. Sjálfsagt er, að bankaeftirlitsmaður gefi ríkisstjórninni allar þær skýrslur viðvíkjandi starfi sínu, er hún óskar eða þörf er á. Þá er og sjálfsagt, að hann sé að öðru leyti bundinn þagnarskyldu um það, er hann verður vísari í starfi sínu.

Um 6. gr.

Mjög er undir því komið, að lánsstofnanir haldi þau lög og reglugerðir, er um þær gilda, en á því hefur oft orðið misbrestur. Er bankaeftirlitsmanni að sjálfsögðu ætlað að líta eftir þessu.

Oft eru menn í vafa um, hvernig skilja beri ýms lagaákvæði, og er sjálfsagt, að bankaeftirlitsmaður leiðbeini lánsstofnunum í þeim efnum, um þau lagaákvæði, er við koma starfsemi þeirra.

Um 7. gr.

Það liggur í hlutarins eðli, að bankaeftirlitsmaður verður að fylgjast sem bezt með hag og rekstri þeirra stofnana, er hann á að hafa eftirlit með. Er það beinlínis undirstaða starfs hans. Til þess verður hann að hafa aðgang að öllum bókum og

skjölum lánsstofnananna og geta krafið þær um hvers konar upplýsingar viðvíkjandi starfi þeirra.

Um 8. gr.

Til þess að bankaeftirlitsmaður hafi sem bezt tækifæri til að fylgjast með stjórn þeirra stofnana, sem hann á að hafa eftirlit með, er nauðsynlegt, að hann hafi rétt til að sitja fundi stjórnenda þeirra. Ákvæðið um, að hann í vissu tilfelli geti kallað stjórnendur saman á fund, á að tryggja, að hann geti látið til sín taka með sem stytztum fyrirvara, ef hann álítur þess þörf.

Um 9. gr.

Til þess að bankaeftirlitsmaður geti rækt starf sitt verður hann að hafa heimild til að krefjast þess, að bankar og sparisjóðir sendi honum skýrslur um það, er miklu máli skiptir í rekstri þeirra og starfi.

Um 10. gr.

Óhjákvæmilegt er að beita nokkrum refsiaðgerðum, ef banki eða sparisjóður tregðast við að gefa bankaeftirlitsmanni nauðsynlegar upplýsingar, eða gera þær ráðstafanir, sem skylt er.

Um 11. gr.

Með greininni er reynt að tryggja það, að bankar og sparisjóðir geti náð rétti sínum, ef ágreiningur rís milli þeirra og bankaeftirlitsmanns.

Um 12. gr.

Ekki virðist rétt að íþyngja ríkissjóði með kostnaði af eftirlitinu. Er sanngjarnt, að lánsstofnanirnar beri það sjálfar, enda í samræmi við það, sem viðgengst annars staðar á Norðurlöndum. Sanngjarnast virðist að jafna kostnaðinum niður á stofnanirnar í hlutfalli við viðskiptaveltu þeirra.

Um 12. og 13. gr.

Gefa ekki tilefni til skýringa.

Sþ. 98. Tillaga til þingsályktunar

um skipun milliþinganefndar til undirbúnings löggjafar um lögverndað orlof verkamanna og sjómanna og ráðstöfunar til framkvæmda þeim málum.

Flm.: Sigurjón Á. Ólafsson, Finnur Jónsson, Emil Jónsson, Erlendur Þorsteinsson, Haraldur Guðmundsson, Vilmundur Jónsson, Ásgeir Ásgeirsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa þriggja manna milliþinganefnd, einn eftir tilnefningu Alþýðusambands Íslands, annan tilnefndan af vinnuveitendafélagi Íslands, og þriðja án sérstakrar tilnefningar, til þess að undirbúa nýja löggjöf um orlof verkamanna og sjómanna. Auk undirbúnings löggjafar um þetta efni, taki nefndin til athugunar, á hvern hátt væri hægt að fá samvinnu við Ferðafélag Íslands, eigendur sumar- og vetrardvalarstaða, sérleyfishafa fólksflutninga á landi og skipafélög um ódýra og hentuga dvöl verkamanna og sjómanna og skyldu þeirra og fyrirgreiðslu á flutningum, hvort tveggja jafnt miðað við vetur og sumar.

Nefndin skal hafa lokið störfum sínum fyrir næsta Alþingi, og greiðist kostnaður við störf hennar úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Það orkar ekki tvímælis, að þeim mönnum, er vinna erfiða og oft óholla vinnu, hvort sem er á sjó eða landi, er nauðsynlegt að fá hæfilega hvíld og tækifæri til þess að hverfa um skeið frá daglegu striti, og þá helzt með þeim hætti að geta notið ferðalaga eða dvalar utan heimilis, til hvíldar og hressingar. Þetta er í framkvæmdinni viðurkennt hér á landi hvað snertir opinbera starfsmenn og einnig verzlunar- og skrifstofufólk. Hins vegar hafa verkamenn og sjómenn á Íslandi átt þess engan eða lítinn rétt að fá slíkt orlof, og þá fáir þeirra einnig verið þess megnugir að njóta slíks orlofs með ferðalögum eða dvölum á hressingar- og hvíldarstöðum. Er þó verkamönnum og sjómönnum sízt minni nauðsyn slíkrar hvíldar og hressingar.

Nokkru áður en stórveldastyrjöldin skall á, var kominn mikill skriður á þetta mál víða um lönd, og þá ekki sízt á Norðurlöndum, þar sem framfarir og umbætur í félagsmálefnum hafa verið einna stórstígastar.

Í Danmörku voru sett lög 13. apríl 1938 um orlof með launum (Ferie med Lön). Þessi lög ná til verkamanna, sjómanna og ýmissa starfsmanna og mæla svo fyrir, að sérhver þeirra, sem lögin ná til, eigi rétt til orlofs með launum, einn dag fyrir hvern þann mánuð, er hann stundar atvinnuna. Orlof á að veita allt í einu, einhverntíma á tímabilinu frá 2. maí til 30. sept. ár hvert. Sá, sem orlof fær, er skyldur að nota það sér til hvíldar og hressingar og má ekki taka að sér aðra launaða atvinnu á orlofstímanum. Ýmsar nánari reglur um orlof, fyrirkomulag þess, ferðalög, dvalarstaði og fjáraflanir voru einnig settar með 3 reglugerðum frá 29. júní og 14. sept. 1938 og 28. marz 1939, í samræmi við lög þessi.

Í Finnlandi eru lög frá 21. apríl 1939 um orlof verkamanna (om arbetstagares semester), þar sem verkamönnum er tryggt 9 daga orlof á ári eftir eins árs vinnu og 12 daga orlof eftir 5 ára vinnu hjá sama fyrirtækinu. Ýms ákvæði þessara laga eru mjög svipuð fyrirmælum dönsku laganna.

Í norskum lögum frá 19. júní 1936 um vinnuvernd (om arbeidervern) var svo ákveðið í 23. gr. laganna, að verkamenn, er unnið hefðu eitt ár hjá sama fyrirtæki, ættu rétt til 9 daga orlofs með fullu kaupi, og að öðru leyti eru ákvæði þessarar greinar í höfuðatriðum eins og í dönsku og finnsku lögunum.

Í Svíþjóð gilda lög frá 17. júní 1938 um orlof (om semester). Ná þessi lög til verkamanna, sjómanna og ýmissa annarra starfsmanna og tryggja þeim orlof með fullu kaupi og eftir ákveðnum reglum.

Auk þessarar löggjafar á Norðurlöndum, hafa þar verið gerðar miklar og áhrifaríkar ráðstafanir, með tilstyrk ríkisvaldsins, af verklýðs- og menningarsamtökum þar í löndum, til þess að greiða fyrir ýmsum framkvæmdum um ódýrar og hentugar orlofsferðir og hagkvæmum, kostnaðarlitlum dvölum á góðum og aðlaðandi stöðum. Fyrir þessar sakir hefur verkalýður Norðurlanda átt þess nokkurn kost, síðustu árin, áður en ófriðurinn skall á, að njóta góðs orlofs, og hefur það hvarvetna mælzt mjög vel fyrir meðal þeirra og verið notað rækilega og með ágætum árangri.

Hér á landi hefur ekkert verið aðgert um setningu löggjafar um þetta efni né framkvæmdir til fyrirgreiðslu þessa nauðsynjamáls. Er þess þó vissulega full og brýn nauðsyn. Þykir því sjálfsagt að gera ráðstafanir til undirbúnings löggjafar um þetta efni og athugun á öllum möguleikum til framkvæmda. En með því að mál þetta er, sökum atvinnuhátta og aðstæðna hér á landi, margþætt og ekki alls kostar vandalaust, þykir réttast, að milliþinganefnd sé falin rannsókn og undirbúningur málsins, og að sú nefnd sé skipuð, auk fulltrúa frá ríkisstjórninni, mönnum, tilnefndum af allsherjar samtökum verkalýðs og atvinnurekenda. Vegna atvinnuhátta hér á landi, þykir ekki heldur rétt að slá því föstu, að verkamenn og sjómenn njóti orlofs eingöngu að sumri til, heldur getur þar einnig komið til athugunar vetrarorlof, eftir því, hvernig á stendur, og þá einnig með hliðsjón af dvalarstöðum.

Þá er og næsta nauðsynlegt að athuga, hvaða ráðstafana væri þörf og hvað framkvæmanlegt er til fyrirgreiðslu á því, að verkamenn og sjómenn ættu þess kost að

njóta lögverndaðs orlofs með ferðalögum eða dvölum á hentugum og heppilegum stöðum, á þann hátt, er í samræmi væri við fjárhagsgetu þeirra. Virðist þar vera nauðsynlegt að leita samvinnu og aðstoðar við þær stofnanir og fyrirtæki í landinu, sem líklegust væru til hagkvæmrar fyrirgreiðslu og fulltingis, og gæti þá einnig komið til mála að stofna sérstakan félagsskap í þessu efni og veita honum stuðning ríkisins, bæði með fjárframlögum og á annan veg. Er þetta rannsóknaratriði, og í því sambandi rétt að kynnast reynslu og framkvæmdum nágrannaþjóðanna í þessum efnum, eftir því sem kostur er á, og haga framkvæmdum og fyrirmælum með hliðsjón af því og íslenzkum aðstæðum.

Að sjálfsögðu er gengið út frá því, að væntanleg löggjöf um þetta efni nái jafnt til iðnlærðra sem óiðnlærðra verkamanna, og þá einnig jafnt til kvenna sem karla, er við þessar atvinnugreinir starfa, svo og jafnt til manna, er vinna við sjó eða í sveit.

Það er, eins og auðskilið mætti vera, gengið út frá því, að þeir, sem orlofs njóta, fái fullt kaupgjald greitt þann tíma, sem orlof varir.

Nd. 99. Nefndarálit

um frv. til l. um raforkuveitusjóð.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur fengið til meðferðar tvö frumvörp um sama efni, þ. e.:

1. Frv. til l. um rafveitulánasjóð (28. mál). Flm.: SkG o. fl.
2. Frv. til l. um raforkuveitusjóð (31. mál). Flm.: PO.

Þar sem frumvörp þessi eru mjög lík og stefna að sama marki, hefur nefndin rætt þau bæði samtímis og reynt að komast að samkomulagi um að gera úr þeim eitt frv., sem hún gæti mælt með, að gert yrði að lögum. Nefndin getur á það fallizt, að sá sjóður, sem gert er ráð fyrir að stofna, verði nefndur raforkuveitusjóður, en í frumvarpi þm. Borgf. er sjóðnum valið það heiti. Hefur nefndin því ákveðið að flytja breytingartillögur sínar við það frumvarp, þótt það væri síðar fram borið, og taka í það þau atriði úr báðum frumvörpunum, sem meiri hluti nefndarinnar er sammála um að leggja til, að verði samþykkt.

Einn nefndarmanna, HG, er ósammála öðrum nefndarmönnum um einstök atriði frumvarpsins, og mun hann skila sérstöku áliti um málið.

Meiri hlutinn leggur til, að framlög ríkissjóðs til raforkuveitusjóðs verði ákveðin a. m. k. 100 þús. kr. árlega á næstu 10 árum. Þó vill meiri hlutinn mæla með því, að á þessu ári verði ákveðið hærra framlag til sjóðsins, og mun taka það til athugunar við afgreiðslu fjárlaganna.

Enn fremur er það tillaga meiri hlutans, að í lögin verði sett ákvæði um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán handa sjóðnum, að upphæð allt að 5 milljónum króna.

Samkvæmt framansögðu leggur meiri hluti nefndarinnar til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Síðari málsliður orðist svo: Tilgangur sjóðsins er að veita lán til að gera raforkuver og raforkuveitur á þeim stöðum, sem ekki hafa rafmagn frá vatnsaflsstöðvum, þegar lög þessi öðlast gildi.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Tekjur sjóðsins eru:
   1. Framlög frá ríkissjóði, a. m. k. 100 þús. kr. árlega á næstu 10 árum.
   2. Árlegt gjald frá rafveitum, sem reistar hafa verið og reistar verða og hafa

vatnsafl til orkuframleiðslu. Skulu rafveiturnar greiða til sjóðsins eftir þessum reglum:

a. Fyrstu 3 árin eftir að stöð er reist er hún gjaldfrjáls.
b. Næstu 5 árin greiðist 2 kr. á ári fyrir hvert kílówatt í málraun rafals í hverri vélasamstæðu.
c. Önnur 5 árin greiðist 4 kr. á ári á sama hátt, og úr því 6 kr. á ári.

Gjald þetta greiðist þó ekki af vélasamstæðum, sem hafa minna afl en 150 kw.

3. Vextir af sjóðnum, er leggjast við höfuðstólinn.

3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Gjöld þau, er um getur í 2. lið 2. gr., skulu greiðast raforkuveitusjóði 31. des. ár hvert, og fylgir þeim lögtaksréttur.

4. Á eftir 3. gr. komi ný grein, er verður 4. gr., svo hljóðandi:

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán, allt að 5 millj. króna, handa raforkuveitusjóði, til stuðnings þeirri starfsemi, sem honum er ætluð samkvæmt lögum þessum.

5. 4. gr. verði 5. gr.

6. Við 5. gr., er verði 6. gr.:

1. Í stað „30 ár“ komi: 23 ár.
2. Í stað „5 ár“ komi: 3 ár.

7. Við 6. gr., er verði 7. gr. Greinin orðist svo:

Til tryggingar fyrir lánum úr raforkuveitusjóði skal vera:

1. Orkuverið og orkuveitan, sem lán er veitt til, með öllum réttindum.
2. Aðrar þær tryggingar, er stjórn sjóðsins metur gildar.

8. 7. gr. verði 8. gr. og hljóði þannig:

Raforkuveitusjóður er undanþeginn tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum til ríkis, sveitar- og bæjarfélaga.

9. 8. gr. verði 9. gr. og orðist svo:

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um sjóðinn og rekstur hans.

10. 9. gr. verði 10. gr.

Alþingi, 26. marz 1941.

Sveinbjörn Högnason, form.	Jón Pálmason, fundaskr.	Skúli Guðmundsson, frsm.
	St. Stefánsson.	

Ed. 100. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 29 9. jan. 1935, um eftirlit með sjóðum, er fengið hafa konungsstaðfestingu á skipulagsskrá.

Flm.: Þorsteinn Þorsteinsson, Sigurjón Á. Ólafsson.

1. gr.

1. gr. laganna skal orða svo:

Sameinað Alþingi kýs hlutfallskosningu til 5 ára í senn þrjá menn, er hafa skulu eftirlit með og gera skrá um þá sjóði í landinu, sem hlotið hafa konungsstaðfestingu á skipulagsskrá sinni, svo og um aðra hliðstæða sjóði, er stofnaðir hafa verið með gjöfum einstaklinga eða félaga. Rísi ágreiningur um það, hvort einhver sjóður skuli háður eftirliti samkvæmt lögum þessum, sker fjármálaráðherra úr.

2. gr.

Á eftir 1. gr. laganna kemur ný grein, svo hljóðandi (og breytist greinatala laganna samkvæmt því):

Stjórn þeirra sjóða, sem ekki hafa hlotið konungsstaðfestingu á skipulagsskrá, eða þeim, er slíka sjóði hafa undir höndum, skal skylt að senda hinum þingkosnu eftirlitsmönnum fyrir árslok 1941 stofnskrár sjóðanna, gjafabréf eða önnur fyrirmæli um starfsemi þeirra, en um þá sjóði, er síðar verða stofnaðir, skulu slík gögn send eftirlitsmönnum áður en ár er liðið frá sjóðstofnun.

Nú kemur það í ljós, að ekki eru til fyrirmæli um starfsemi sjóðs, og skulu þá eftirlitsmenn hlutast til um, að slík fyrirmæli verði sett.

3. gr.

a. Fyrir „Stjórn ... eftirlitsmönnum“ í upphafi 2. gr. laganna kemur: Stjórnir eða vörzlumenn þessara sjóða skulu senda eftirlitsmönnum.
b. Á eftir „sjóðstjórnum“ í síðari málslið sömu gr. bætist: eða vörzlumönnum.

4. gr.

Fyrir „skipulagsskrá“ í 3. gr. laganna kemur: fyrirmæli um starfsemi.

5. gr.

Fyrri málsgr. 4. gr. laganna skal orða svo:

Nú senda vörzlumenn sjóðs ekki reikning eins og fyrir er mælt í 3. gr. eða fyrirmæli um starfsemi sjóðs samkvæmt 2. gr. og svara ekki kröfu um það innan hæfilegs tíma, og getur þá fjármálaráðherra, ef eftirlitsmenn óska þess, skyldað aðila til þess, að viðlögðum allt að 20 króna dagsektum, að senda umkrafin gögn innan tiltekins tíma.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

7. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 29 1935 og gefa þau út svo breytt með fyrirsögninni: Lög um eftirlit með opinberum sjóðum.

Greinargerð.

Síðan lögin um eftirlit með sjóðum, er fengið hafa konungsstaðfestingu á skipulagsskrá, voru sett, hefur verið unnið að því að safna reikningum og skýrslum um þá sjóði, er þau lög ná til. Er nú til yfirlit um þá sjóði alla. Eru þeir fram til ársloka 1939 452 talsins, og nam samanlögð eign þeirra í lok sama árs sem næst 7,4 millj. króna. Nokkrir þessara sjóða voru gleymdir og varð að þeim talsverð leit, fáeinir hafa glatazt alveg, en yfirleitt má þó segja, að gæzla þeirra væri í sæmilegu lagi.

En við söfnun þessara sjóða kom í ljós, að til er allmikill fjöldi gjafasjóða, er ekki hafa fengið konungsstaðfestingu á skipulagsskrá. Hafa sumir þessara sjóða skjalfest fyrirmæli gefenda eða stofnenda um tilgang og gæzlu, en aðrir ekki. Sjóðir þessir eru dreifðir um land allt og geymdir á ýmsan hátt, svo sem í Söfnunarsjóði, sparisjóðum, hjá skólum, félögum eða einstökum mönnum. Sumir þessara sjóða munu gleymdir þeim, er eiga að stjórna þeim og sjá um framkvæmd á fyrirmælum stofnenda.

Einn úr hinni þingkjörnu eftirlitsnefnd, Andrés Eyjólfsson, hefur safnað skýrslu um sjóði þessa, að svo miklu leyti sem föng voru á, og hafa þegar verið skrásettir af honum 344 þess kyns sjóðir, og mun eign þeirra samanlögð nema nokkuð á þriðju milljón króna.

Við eftirlitsmenn sjóða töldum nauðsyn á, að sett væru einnig af löggjafanum fyrirmæli um eftirlit með þessum sjóðum, er tryggði það, að starfsemi þeirra og stjórn færi fram eins og til var ætlazt af stofnendum þeirra, og varna því, að þeir færu forgörðum. Hyggjum við, að það mundi hvetja, en ekki letja menn til sjóðstofnana, ef ríkið gerir ráðstafanir til að tryggja varðveizlu þeirra og að þeim sé varið á þann hátt, er til var ætlazt.

Það skal tekið fram, að ákvæðum þessum er ekki ætlað að ná til sjóða þeirra, er félög hafa stofnað með framlögum félagsmanna og ætlaðir eru til venjulegra félagsþarfa, enda sé félagsskapurinn við lýði.

Nd. 101. Tillaga til þingsályktunar

um undirbúning löggjafar um uppeldisstofnun fyrir vangæf börn og unglinga.

Flm.: Gísli Sveinsson, Bjarni Bjarnason, Ásgeir Ásgeirsson, Þorsteinn Briem, Pálmi Hannesson.

Neðri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa hið allra fyrsta löggjöf um uppeldisstofnun fyrir vangæf börn og unglinga.

Greinargerð.

Mál það, sem hér um ræðir, hefur oftar en einu sinni legið fyrir hv. Alþingi, 1935 var samþ. í Ed. till. til þál. sama efnis og hér er nú borin fram, þótt enginn árangur yrði þá af þeirri samþykkt. Málið flutti þá, og einnig síðar, frú Guðrún heit. Lárusdóttir, sem með miklum áhuga beitti sér fyrir ýms mannúðar- og nauðsynjamál. Bar hún fram frv. um þetta mál í Ed. 1936, 1937 og 1938, með ýtarlegum greinargerðum, en eigi náðu þau fram að ganga, þótt nauðsynin á slíku uppeldisheimili væri fyllilega viðurkennd; var og þá borið við fjárskorti o. fl.

Það er nú öllum vitanlegt, að þörf uppeldisheimilis eða uppeldisstofnunar fyrir vangæf börn og unglinga er ávallt að verða brýnni, og eykur vöntun þess mjög á vandræði margra fjölskyldna víða um land, og ekki sízt í bæjunum, enda hinn mesti vansi þjóðfélaginu að láta undir höfuð leggjast að sinna því máli í fullri alvöru og með fullnægjandi aðgerðum. Verður og nú vart borið við sömu fjárþröng og einatt áður. En bezt þykir fara á því, að ríkisstjórnin sjálf láti undirbúa löggjöf um þetta, sem mætti verða undirstaða bráðra framkvæmda til úrbóta.

Ed. 102. Fyrirspurn

til ríkisstjórnarinnar um hlutafjáreignir í Útvegsbanka Íslands h/f.

Frá Jóhanni Jósefssyni.

Á síðasta þingi var ríkisstjórninni falið með þingsályktun, er samþykkt var í sameinuðu þingi, að láta fara fram athugun á því, hversu mikið af fé því, er inni stóð í Íslandsbanka h/f í sparisjóði og á innlánsskírteinum, hafi verið gert að hlutafé í Útvegsbanka Íslands h/f og hvort kleift þætti að bæta aðstöðu þeirra hlutabréfaeigenda, sem af þessum ástæðum hefðu eignazt hluti í þeim banka.

Hefur athugun þessi farið fram, og hver er þá niðurstaða hennar?

Ed. 103. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 1 5. jan. 1938, um síldarverksmiðjur ríkisins.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

1. gr. laganna fellur niður.

2. gr.

Í stað orðanna „þó ekki yfir 25% af útsvörum viðkomandi bæjar- eða sveitarfélags það ár“ í 14. gr. laganna komi: þó má gjald þetta ekki nema hærri upphæð en sem svarar samanlögðum útsvörum annarra gjaldenda í viðkomandi bæjar- eða sveitarfélagi það ár.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 104. Nefndarálit

um frv. til l. um verðlagsuppbót á laun embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins og ríkisstofnana.

Frá fjárhagsnefnd.

Frumvarp þetta, sem borið er fram af ríkisstjórninni og í samráði við stuðningsflokka hennar, hefur verið til ýtarlegrar yfirvegunar í nefndinni. Hefðu sumir nefndarmanna kosið, að ýmsar takmarkanir hefðu verið settar umfram þær, sem eru í frumvarpinu, gegn því, að dýrtíðin væri bætt án tillits til launaupphæðar eða annarra ástæðna launþega. Jafnframt kom sú skoðun fram í nefndinni, að þing og stjórn tækju á sig með samþykkt þessa frv. siðferðislega ábyrgð um að beita áhrifum sínum til að framleiðslustéttir þjóðfélagsins fengju a. m. k. sams konar hækkun á tekjum sínum, og yrði að hafa vakandi auga á því, að réttur þeirra yrði eigi fyrir borð borinn. Koma þá einkum til greina, eins og nú er ástatt, bændur og aðrir smáframleiðendur í landinu, sem selja afurðir sínar á innlendum markaði og undir eftirliti og með íhlutun ríkisstjórnar og Alþingis.

Hins vegar leit nefndin svo á, að eins og komið væri með kaupgjald og launagreiðslur og uppbætur á þær yfirleitt í landinu, þá væri erfitt fyrir Alþingi að framkvæma allt annan rétt á starfsmönnum ríkisins, og þá sérstaklega þegar þess er gætt, að meðal þeirra eru flestir þeirra, sem lágt eru launaðir, og tiltölulega fáir, sem hægt sé að nefna hátekjumenn, samanborið við það, sem annars staðar viðgengst um launagreiðslu. Og þar sem samkomulag er talið fengið af ríkisstjórninni meðal stuðningsmanna hennar um lausn málsins á þeim grundvelli, sem frumvarpið markar, þá telur nefndin víst, að þingið geti ekki fallizt á neinar stórfelldar breytingar, sem á því yrðu gerðar, og að ríkisstjórnin gæti tæpast að nýju fengið samkomulag um aðra skipun þessa máls, sem heppilegri þætti.

Nefndin hefur því orðið sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins með nokkrum smávægilegum breytingum, sem hvergi raska þó aðaluppistöðu þess.

Helztu breytingarnar eru þessar: 1. Að heimila að greiða dýrtíðaruppbót á greiðslur úr lífeyrissjóðum. 2. Að greiðsla verðlagsuppbótar sé miðuð við sama tíma og gert er í samningum þeim, sem gerðir hafa verið um greiðslu verðlagsuppbótar, og 3. að setja tímatakmark fyrir því, hve lengi lögin skuli vera í gildi.

Nefndin taldi sanngjarnt, að þeir, sem lífeyri fá úr sérstökum sjóðum, fengju

sömu dýrtíðaruppbót og aðrir, sem eftirlaun taka úr ríkissjóði, en til þess að það sé kleift, verður ríkissjóður að taka þessar greiðslur á sig, þar sem viðkomandi lífeyrissjóðir eru þess ekki megnugir. Bar nefndin þetta atriði undir fjármálaráðherra, og taldi hann sig geta á það fallizt.

Samkvæmt 7. gr. frumvarpsins virðist nefndinni, að hægt sé að leggja þann skilning í ákvæði hennar, að verðlagsuppbótina beri að reikna samkv. vísitölu sama mánaðar og hún er greidd fyrir. Telur nefndin því rétt að taka af öll tvímæli um þetta atriði og að skýrt komi fram, að verðlagsuppbótin skuli reiknuð samkv. vísitölu næsta mánaðar á undan.

Og loks taldi nefndin rétt, að lögin væru eigi látin gilda lengur en til 1. júlí 1942, svo að víst væri, að þau yrðu þá tekin til endurskoðunar samkv. breytingum þeim, sem búast má við, að verði á högum landsmanna í næstu tíð.

Um orðalag á byrjun 2. gr. hefur nefndin orðið þess vör, að ýmsir skilja það svo, að samkv. því væri hugsanlegt, að svo færi, að tvenns konar vísitala væri í gildi í landinu. Önnur samkv. útreikningi Hagstofunnar, er uppbætur til opinberra starfsmanna ættu að miðast við, og hin samkv. útreikningum kauplagsnefndar (sbr. gengislögin), en slíkt telur nefndin fjarri öllum sanni. Vill nefndin því taka fram, að hún telur, að samkv. greininni beri að haga útreikningum vísitölunnar á sama hátt og verið hefur, þ. e. að kauplagsnefnd ákveði grundvöll útreikninganna að fengnum tillögum Hagstofunnar.

Samkvæmt framansögðu leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með svo felldum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr.
   a. Á milli orðanna „eftirlaun“ og „úr ríkissjóði“ komi: og styrktarfé samkv. 18. gr. fjárlaga.
   b. Aftan við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
      Heimilt er lífeyrissjóðum embættismanna, barnakennara og ljósmæðra að greiða verðlagsuppbót á lífeyri á sama hátt. Ríkissjóður endurgreiðir lífeyrissjóðunum upphæðir þær, er þeir greiða samkv. ákvæðum þessum.
2. Við 7. gr. Greinin orðist svo:
   Verðlagsuppbótin greiðist mánaðarlega með launununum og miðast við vísitölu framfærslukostnaðar í næsta mánuði á undan.
3. Við 9. gr. Aftan við ártalið 1941 komi: til 1. júlí 1942.

Alþingi, 27. marz 1941.

Sveinbjörn Högnason, form., frsm. — Jón Pálmason, fundaskr. — Skúli Guðmundsson.

Haraldur Guðmundsson. — Stefán Stefánsson.

Nd. 105. Breytingartillögur

við frumv. til laga um raforkuveitusjóð og við breytingartillögur á þingskj. 99.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson, Gísli Guðmundsson.

1. Fyrir orðið „raforkuveitusjóður“ alls staðar í frumv. og brtt. á þskj. 99 komi í viðeigandi föllum: raforkusjóður:
2. Fyrirsögn frumv. verði:
   Frumvarp til laga um raforkusjóð.

Nd. **106. Nefndarálit**

um frv. til laga um utanríkisþjónustu erlendis.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta rækilega á tveim fundum og leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirgreindum

BREYTINGUM.

1. Við 2. og 3. gr. Í stað greinanna komi ein grein, 2. gr., svo látandi:
   Ríkisstjórnin ákveður með tilskipun, á hvaða stöðum ræðismenn skuli vera, og skipar þá. Ræðismenn eru ýmist sendir utan af ríkisstjórninni (sendiræðismenn) eða kjörnir meðal þeirra manna, er hæfir þykja (kjörræðismenn), á þeim stöðum erlendis, er ríkisstjórnin telur æskilegt.
   Ræðismenn eru ýmist aðalræðismenn, ræðismenn eða vararæðismenn.
2. Við 4. gr., sem verður 3. gr. Greinin orðist svo:
   Laun sendiherra skulu vera 10000 kr. Laun sendifulltrúa og sendra aðalræðismanna skulu vera 8000 kr. Laun sendiræðismanna skulu vera 4200 kr. Auk þess skulu sendimenn (sendiherrar, sendifulltrúar og sendiræðismenn) fá greiddar launabætur (staðaruppbætur), sem ríkisstjórnin ákveður fyrir hvern stað, miðað við kostnað lífsnauðsynja (fæðis, húsnæðis o.s.frv.) á dvalarstaðnum.
   Óheimilt er sendimönnum að taka laun eða þóknun fyrir aukastörf.
3. 5. gr. verður 4. gr.
4. Við 6. gr., sem verður 5. gr. Greinin orðist svo:
   Nú starfa tveir eða fleiri fulltrúar fyrir ríkisstjórnina í sama landi, og setur hún þá fyrirmæli um embættisafstöðu þeirra hvers til annars.
   Falið skal sendiráðum að annast ræðismannsstörf jafnframt öðrum störfum.
5. Við 7. gr., sem verður 6. gr.
   Sendimönnum, sem veita forstöðu sendiráðum eða ræðismannsskrifstofum, er heimilt að fara með þau störf í umdæmum sínum, sem notarius publicus fer með á Íslandi og varða löggerninga íslenzkra ríkisborgara, og einnig ef annar aðilinn er útlendur ríkisborgari. Skjöl, sem þannig eru gefin út á löglegan hátt, skulu hafa sama gildi á Íslandi og notarialskjöl, sem þar eru gefin út.
   Ef ástæða er til, getur ríkisstjórnin veitt kjörræðismönnum sömu heimild og ræðir um í fyrri málsgr. þessarar greinar.
6. Við 8. og 9. gr. Í stað greinanna komi ein grein, sem verður 7. gr., svo hljóðandi:
   Kostnaður samkv. lögum þessum greiðist úr ríkissjóði. Heimilt er, ef mjög ríkar ástæður eru fyrir hendi, að greiða kjörræðismönnum allt að 2000 kr. skrifstofufé.
7. Við 10. gr., sem verður 8. gr. Greinin orðist svo:
   Fyrir embættisverk fulltrúa utanríkisráðuneytisins erlendis skal greiða gjald eftir nánari fyrirmælum, sem ríkisstjórnin setur með reglugerð.
8. Við 11. gr., sem verður 9. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkisstjórnin setur almennar starfsreglur fyrir fulltrúa utanríkisráðuneytisins erlendis, ákveður starfssvið þeirra og setur þeim erindisbréf.
9. Við 12. gr. Greinin verður 10. gr.
10. Við fyrirsögn frv. Fyrirsögn frv. verði svo:
    Frumvarp til laga um fulltrúa utanríkisráðuneytisins erlendis.

Alþingi, 27. marz 1941.

Bergur Jónsson, form., frsm.	Vilmundur Jónsson, fundaskr.	Gísli Guðmundsson.
Garðar Þorsteinsson.	Jóh. G. Möller.	

Fylgiskjal I.

UTANRÍKISMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík, 6. marz 1941.

Ráðuneytið hefur móttekið bréf háttvirtrar allsherjarnefndar neðri deildar Alþingis, dags. 4. þ. m., þar sem æskt er upplýsinga ráðuneytisins um kostnað við utanríkisþjónustuna síðastliðið ár, nákvæmlega sundurliðaðan. Af þessu tilefni leyfir ráðuneytið sér að skýra frá því, að það getur því miður ekki gefið eins nákvæmar upplýsingar um þennan kostnað á árinu 1940 og æskilegt hefði verið, því að enn hafa ekki borizt skilagreinar frá sendiráðunum íslenzku erlendis fyrir árið sem leið. Hins vegar hefur ráðuneytið samið eftirfarandi yfirlit um kostnaðinn við utanríkismálin 1940 eftir þeim upplýsingum, sem fyrir hendi eru nú, til þess að gefa háttvirtri nefnd hugmynd um þennan kostnað fyrir nefnt ár, eftir því sem næst verður komizt.

1. Utanríkismálaráðuneytið.
   a. Skrifstofustjóri ..... kr. 6000.00
   b. Fulltrúi ..... — 6436.00
   (þar með talin laun fyrir störf hjá forsætisráðun.)
   c. 2 aðstoðarmenn ..... — 7940.00
   d. Ritari frá 1. júlí 1940 ..... — 1355.00 kr. 21731.00

   N. B. Verðlagsuppbætur fyrir árið 1940 ekki taldar með.

2. Skrifstofa Sveins Björnssonar sendiherra, Reykjavík.
   Sendiherra hélt fullum launum út árið 1940, sem námu á árinu alls kr. 52250.00 samkv. fjárlögunum, og þar með talin laun, húsaleiga og kostnaður við embættið.
   Skrifstofan tók til starfa 1. júní 1940, og hefur sendiherra því fengið greitt frá þeim tíma til 31. des. 1940 ..... kr. 30478.00
   Skrifstofukostnað frá 1. júní til 21. des. 1940, skv. skilagrein sendiherra, þar með talið húsnæði og aðstoð ..... — 4697.00 — 35175.00

3. Sendiráðið í Kaupmannahöfn:
   a. Laun sendiherra, þar með talið húsnæði og kostnaður við embættið frá 1. janúar til 1. júní 1940 ..... kr. 21770.00
   b. Skrifstofukostnaður árið 1940, þar með talin laun Jóns Krabbe til 1. maí 1940 ..... — 22000.00
   c. Laun Jóns Krabbe frá því Sveinn Björnsson fór frá Kaupmannahöfn, eða frá 1. maí til 31. des. 1940, danskar kr. 1000.00 pr. mánuð, eða d. kr. 8000.00, ca. íslenzkar krónur ..... — 10000.00 — 56770.00

   N. B. Vantar skilagrein fyrir allt árið 1940. Þess ber að geta, að Sveinn Björnsson kom heim til Íslands ásamt frú sinni á árinu og var ferðakostnaður þeirra greiddur úr ríkissjóði.

4. Sendiráðið í Stokkhólmi:
   a. Laun sendifulltrúans frá 1. júlí til 31. desember 1940, ca. ..... kr. 15500.00
   b. Húsnæði, aðstoð o. fl., ca. ..... — 6000.00 — 21500.00

   N. B. Vantar skilagrein 1940, símskeytakostnaður vafalaust mikill.

   c. Laun Vilhjálms Finsen sem viðskiptafulltrúa í Osló frá 1. jan. 1940 til 7. júlí 1940, norskar kr. 1000.00 pr. mán., ca. íslenzkar krónur ..... — 9000.00

5. Sendiráðið í London:
   a. Laun sendifulltrúans frá 1. maí 1940 til 31. des. 1940, £ 100-0-0 pr. mán., ca. íslenzkar ..... kr. 20800.00
   b. Húsaleiga frá 1. ágúst 1940 til 31. des. 1940, ca. 400.00 kr. pr. mán., ca. ..... — 2000.00 kr. 22800.00

   N. B. Vantar skilagrein 1940.

6. Aðalræðismannsskrifstofan, New York:
   a. Fyrsti aðalræðismaðurinn, Vilhjálmur Þór, hefur ekki enn gert reikningsskil, en áætla má, að kostnaðurinn hafi numið 1000 dollurum pr. mán. eða 8000 dollurum frá 1. jan. til 1. sept. 1940, ca. ..... kr. 52000.00
   b. Samkvæmt reikningsskilum aðalræðismanns Thor Thors hefur kostnaður við skrifstofuna frá 1. sept. 1940 til 31. des. 1940 verið $ 4839 mínus tekjur $ 563, eða ca. ..... — 27800.00 — 79800.00

Greiðslan til utanríkismálaráðuneytisins danska, sem verið hefur danskar kr. 12000.00 á ári, mun hafa verið greidd til 1. júlí 1940 .... — 7500.00

Þess ber að geta, að engar samninganefndir störfuðu erlendis á árinu, en kostnaður við samninga seint á árinu 1939 mun vera færður á ríkisreikning fyrir árið 1940.

Til frekari upplýsinga um kostnaðinn við utanríkisþjónustuna, sendir ráðuneytið hér með háttvirtri allsherjarnefnd eintak af áætlun um kostnað við utanríkismálin 1942, sem ráðuneytið samdi samkv. tilmælum fjármálaráðuneytisins vegna undirbúnings frumvarps til fjárlaga fyrir árið 1942.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Til allsherjarnefndar neðri deildar Alþingis, hér.

Fylgiskjal II.

UTANRÍKISMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík, 29. jan. 1941.

AFRIT

Áætlun um kostnað við utanríkismálin 1942.

Fjárlög, 10. gr., I. 3 a. 6.
Utanríkismálaráðuneytið ..... kr. 49100.00

Sundurliðun:

Skrifstofustj.: gr. laun	kr.	6000.00	
Fulltrúi (M. V. M.), laun	—	4036.67	
+	—	2400.00	
Aðstoðarm. (Sv. Ó.) laun	—	2500.00	
+	—	1240.00	
1. Skrifari (K. Ó.) laun	—	4200.00	
2. skrifari (H. P.) laun	—	2500.00	kr. 22876.67
Skrifstofa Sveins Björnssonar, sendiherra:			
Sendiherra: gr. laun og embættiskostn.	kr.	18000.00	
Fulltrúi (H. Sv.): gr. laun	—	4036.37	
Skrifari (G. E. P.) gr. laun	—	1800.00	
Húsaleiga, hiti og ljós	—	2400.00	— 26236.67

Aths. Ráðuneytið telur rétt að gera ráð fyrir, að kostnaður við utanríkismálaráðuneytið 1942 geti ekki

orðið minni en sem svarar kostnaði við ráðuneytið og skrifstofu Sveins Björnssonar sendiherra.

Fjárlög, 10. gr. III.
Utanríkismál.
Sundurliðun:

Til sendiráðsins í Kaupmannahöfn:			
a. Laun sendifulltrúa	kr.	8000.00	
b. Húsaleiga og kostnaður við embættið	—	16000.00	
c. Til skrifstofuhalds	—	22000.00	
			kr. 46000.00

Aths. Samkv. áætlun ráðherra.

Til sendiráðsins í Stokkhólmi:			
a. Laun sendifulltrúa	kr.	8000.00	
b. Húsal. og kostnaður við embættið	—	24000.00	
c. Til skrifstofuhalds	—	17000.00	
			— 49000.00

Aths. Umsamin laun sendifulltrúa samtals kr. 20000 sænskar á ári, skrifstofuleiga og skrifstofuhjálp mun vera um kr. 8000 sænskar á ári, og svo áætlaður annar kostnaður, fyrir símskeyti o. fl., kr. 5000.

Til sendiráðsins í London:			
a. Laun sendifulltrúa	kr.	8000.00	
b. Húsal. og kostnaður við embættið	—	23000.00	
c. Til skrifstofuhalds	—	30000.00	
			— 61000.00

Aths. Laun sendifulltrúa samkv. samningi 100 £ á mán. Skrifstofukostnaður: húsaleiga um 4 £ á viku, en núverandi launagr. aðstoðarfólks, sem greiddar eru af viðskiptanefnd sem stendur, munu nema 632 £ á ári. Þykir réttara að gera ráð fyrir, að kostnaður til skrifstofuhalds geti allur komið á ríkissjóð, og að áætla verði svipað og nú er, að viðbættri nokkurri upphæð fyrir símskeytakostnaði o. fl.

Til aðalræðismannsskrifstofunnar í New York:			
a. Laun aðalræðismanns	kr.	8000.00	
b. Húsaleiga og kostnaður við embættið	—	35000.00	
c. Til skrifstofuhalds	—	34000.00	
			— 77000.00
			kr. 233000.00

Aths. Laun aðalræðismanns tilfærð samkv. samningi við hann, er hann tók við embættinu, og kostnaður til skrifstofuhalds miðaður við það, sem reynslan hefur sýnt síðastl. 4 mánuði síðasta árs, en samkv. því yrði allur kostnaður fyrir aðalræðismannsskrifstofuna, að frádregnum tekjum, rétt um $ 1000 á mánuði.

Fjárlög 10. gr. III. 2, 4 og 5:

Tillaga er gerð um, að ársgreiðslan til danska utanríkismálaráðuneytisins (verði hún nokkru sinni greidd hér eftir) og kostnaður við sambandslaganefndina verði hér eftir heimfært undir liðinn: **Kostnaður vegna samninga við erlend ríki,** og að sá liður yrði áætlaður t. d. kr. 60000, þ. e. kr. 20000 hækkun frá því, sem er í fjárlögum fyrir 1941.

Með því að ekkert liggur fyrir um viðurkenningu á fiskifulltrúa Íslands í Miðjarðarhafslöndunum sem sendifulltrúa Íslands á Spáni og/eða Portúgal, er að svo stöddu gert ráð fyrir, að fjárveiting til hans haldist óbreytt á öðrum lið fjárlaganna.

Ed. 107. Lög

um breyting á lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki.

(Afgreidd frá Ed. 28. marz).

Samhljóða þskj. 5.

Nd. 108. Frumvarp til laga

um verðlagsuppbót á laun embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins og ríkisstofnana.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Greiða skal verðlagsuppbætur á laun embættismanna og annarra starfsmanna ríkis og ríkisstofnana og á eftirlaun og styrktarfé samkvæmt 18. gr. fjárlaga úr ríkissjóði, samkvæmt fyrirmælum þessara laga.

Heimilt er lífeyrissjóðum embættismanna, barnakennara og ljósmæðra að greiða verðlagsuppbót á lífeyri á sama hátt. Ríkissjóður endurgreiðir lífeyrissjóðunum upphæðir þær, er þeir greiða samkv. ákvæðum þessum.

2. gr.

Hagstofan, eða aðrir, ef lög ákveða svo, gerir yfirlit um breytingar á framfærslukostnaði í Reykjavík 1. dag hvers mánaðar, miðað við meðalverðlag mánuðina janúar—marz 1939.

Vísitölu þessa skal leggja til grundvallar við útreikning verðlagsuppbótar fyrir hvern mánuð.

3. gr.

Verðlagsuppbótin skal nema fullri hækkun vísitölunnar, miðað við grundvöllinn janúar—marz 1939 (= 100). Uppbót greiðist þó ekki af þeim hluta launa, sem er fram yfir 650 kr. á mánuði.

4. gr.

Nú tekur maður laun, eftirlaun eða fasta þóknun fyrir fleira en eitt starf eða hjá fleiri ríkisstofnunum í senn, og skal þá reikna uppbótina af launum samanlögðum og skipta hlutfallslega á þá aðila, sem launin greiða.

5. gr.

Verðlagsuppbótin greiðist á launin að viðbættri þeirri dýrtíðaruppbót, sem nú er greidd samkvæmt lögum. Nú fylgja embætti eða starfi hlunnindi, svo sem leigulaus bústaður, frítt ljós og hiti, og greiðist þá ekki uppbót á slík hlunnindi. Sama er að segja um húsaleigustyrki, skrifstofufé eða embættiskostnað, sbr. þó 6. gr., að því er við á.

6. gr.

Embættis- og starfsmönnum, sem fá greitt skrifstofufé eða embættiskostnað úr ríkissjóði, er heimilt að greiða starfsfólki sínu verðlagsuppbót samkvæmt þeim reglum, er að framan greinir, gegn endurgreiðslu úr ríkissjóði eftir reikningi, sem fjármálaráðherra úrskurðar.

7. gr.

Verðlagsuppbótin greiðist mánaðarlega með launununum og miðast við vísitölu framfærslukostnaðar í næsta mánuði á undan.

8. gr.

Rísi ágreiningur út af ákvörðun og greiðslu verðlagsuppbótar samkv. lögum þessum, sker fjármálaráðherra úr til fullnaðar. Heimilt er ráðherra að setja reglugerð um nánari framkvæmdaratriði þessara laga.

9. gr.

Ákvæði laga þessara gilda frá ársbyrjun 1941 til 1. júlí 1942. Eru jafnframt úr gildi fallin lög nr. 77 frá 1940.

Ed. 109. Lög

um verðlagsuppbót á laun embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins og ríkisstofnana.

(Afgreidd frá Ed. 28. marz).

Samhljóða þskj. 108.

Ed. 110. Frumvarp til laga

um jarðakaup ríkisins vegna kauptúna og sjávarþorpa.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að kaupa jarðir, lönd og lóðir í kauptúnum og sjávarþorpum, eða í grennd við þau, eftir því sem fyrir er mælt í lögum þessum.

2. gr.

Skilyrði fyrir því, að ríkið kaupi jarðir, lönd og lóðir samkv. lögum þessum eru:

a. Að landið sé ekki í eign hlutaðeigandi hrepps, þorps eða kauptúns.
b. Að samþykkt hafi verið á lögmætum hreppsnefndarfundi formleg beiðni um, að kaupin séu gerð, og fylgi henni rökstuðningur fyrir því, að hlutaðeigandi hreppur sé ekki fjárhagslega fær um að standa undir kaupunum.
c. Að beiðnin hafi verið samþykkt með meiri hluta atkvæða lögmæts fundar kosningabærra kaupstaðar- eða þorpsbúa, sem hlut eiga að máli, og að tekið hafi verið fram í fundarboðinu, að atkvæðagreiðsla fari fram í málinu.
d. Að fyrir liggi rökstutt álit Búnaðarfélags Íslands um, að þorpið eða kauptúnið hafi þörf fyrir að fá landið til afnota vegna ræktunar eða annarra framkvæmda og að lífvænleg atvinnuskilyrði séu fyrir hendi á staðnum og ekki sé hætta á, að byggð muni leggjast þar niður.

3. gr.

Jarðir þær, lönd og lóðir, er ríkissjóður kaupir samkvæmt lögum þessum, skal hann leigja hlutaðeigandi hreppi með ævarandi leiguréttindum, sbr. þó 5. gr., og sé árleg leiga 4% af kaupverði eignarinnar. Hreppnum er skylt að leigja landið út til hlutaðeigandi þorps- eða kauptúnsbúa, eftir því sem lög og reglur þar um mæla fyrir.

4. gr.

Skylt er ríkinu, ef hreppsnefnd óskar þess, að selja hreppnum með hagkvæmum greiðsluskilmálum jarðir þær, lönd og lóðir, er ríkið kaupir samkvæmt lögum

þessum, sama verði er það keypti, að viðbættu fasteignamatsverði þeirra ræktunarumbóta, er ríkið hefur gert á sinn kostnað á landinu. Eignir þessar mega hreppparnir ekki selja aftur, nema með samþykki ríkisstjórnar.

5. gr.

Nú stendur hreppur eigi í skilum með umsamda leigu af jörð eða lóðum til ríkissjóðs, eða ræktun og mannvirki ganga úr sér, eða náttúrugæðum er spillt, svo að eignin rýrnar í verði, og hefur hann þá fyrirgert leiguréttindum sínum. Er þá ríkissjóði heimilt að taka í sínar hendur öll umráð hinnar leigðu eignar, svo og innheimtu lóðar- og erfðafestugjalda.

6. gr.

Nú vill ríkið kaupa lönd eða lóðir samkv. lögum þessum, en eigandi vill ekki selja eða samkomulag næst eigi um kaupverðið, og er þá heimilt að taka löndin eða lóðirnar eignarnámi samkvæmt lögum nr. 61 14. nóv. 1917, um framkvæmd eignarnáms, með eftirfarandi skilyrðum:

a. Að eigandi lands eða lóðar geti haldið eftir hæfilega stóru landi fyrir sjálfstæðan búrekstur eða annan atvinnurekstur, samkvæmt áliti Búnaðarfélags Íslands.
b. Að landið eða lóðirnar séu innan þess hrepps, sem kauptúnið eða þorpið liggur í.
c. Að leitað sé ráða og umsagnar Búnaðarfélags Íslands, áður en eignarnám fer fram samkv. lögum þessum, og má aldrei heimila eignarnám án samþykkis Búnaðarfélags Íslands. Skal Búnaðarfélagið sérstaklega gæta þess, að ekki verði um of þrengt að hagsmunum annarra aðila í hreppnum, né þeirra, sem eiga það land, sem tekið er eignarnámi.

7. gr.

Kostnaður við framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði, enda sé árlega tekin upp í fjárlög hæfileg fjárhæð í þessu skyni. Framkvæmd laganna má fela stjórn jarðakaupasjóðs ríkisins.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var samþykkt á síðasta búnaðarþingi og er hér flutt eftir ósk þess.

Fyrir búnaðarþingi lá frumvarp um sama efni, samið af framfærslunefnd ríkisins, en sent búnaðarþingi til umsagnar af landbúnaðarráðherra. Búnaðarþing gerði á því breytingar, sem aðallega miðuðu að því að takmarka eignarnámsheimildina meir en gert var í frumvarpi framfærslunefndar.

Frá framfærslunefnd fylgdi frumvarpinu svo hljóðandi greinargerð:

„Það mun nú almennt viðurkennt, að hin mesta þörf sé á því fyrir sjómenn og verkafólk í kauptúnum og sjávarþorpum, sem að öllum jafnaði lifir við óviss atvinnukjör, að eiga þess kost að geta stundað jarðrækt og smábúskap samhliða sinni ótryggu atvinnu. Slíkur smábúskapur virðist, eins og sakir standa, eina úrræðið til þess að fylla í eyðu atvinnunnar við sjávarsíðuna og gera fólkinu mögulegt að hagnýta atvinnuleysisstundir sínar til arðgæfra starfa. Um þetta vitna skýrt dæmi þeirra kauptúna, sem undarfarið hafa sýnt jarðræktinni mestan sóma. Það er sannanlegt, að jarðræktin hefur beinlínis bjargað sumum þeirra frá almennu fjárhagshruni á undanförnum krepputímum, að ógleymdum þeim menningaráhrifum, sem ræktunin að öllum jafnaði hefur í för með sér. Í raun og veru ætti jarðræktaraðstaða til handa þessu fólki að verða jafnviðurkennt frumskilyrði fyrir myndun heimilis eins og húsnæði og aðrar slíkar sjálfsagðar lífsþarfir eru nú. Í jarðræktinni er fólgin bezta

atvinnuleysistryggingin sem framkvæmanleg er því fólki til handa, sem býr við ótrygg atvinnukjör, eins og fólkið við sjávarsíðuna gerir yfirleitt.

Það verður að líta svo á, að þjóðfélaginu beri skylda og nauðsyn til að greiða fyrir því á allan hátt, að fólkið við sjávarsíðuna geti fengið aðstöðu til jarðræktar, svo það eigi þess kost að tryggja sína óvissu afkomu. Frumvarpi þessu er ætlað að vera einn þátturinn í þeirri þjóðfélagslegu aðstoð.

Frumskilyrði þess, að fólkið í kauptúnunum og sjávarþorpunum geti stundað jarðrækt, er að sjálfsögðu, að það eigi kost á landi til ræktunar með aðgengilegum kjörum. Einstöku kauptún eru svo illa í sveit sett, að ekkert nothæft ræktunarland er til í nágrenni þeirra. Sem betur fer eru þó flest þeirra allvel sett í því efni, en fjöldann af þeim brestur það, að hafa eignar- eða umráðarétt yfir ræktunarlandi handa íbúum sínum. Veldur þetta allvíða hinni mestu kyrrstöðu og aðgerðaleysi í ræktunarmálum kauptúnanna, íbúunum og þjóðarheildinni til ómetanlegs tjóns, og hefur auk þess í för með sér alls konar okurkjör á landsleigu og óréttmæta verðhækkun á löndum og lóðum kauptúnanna og nágrennis þeirra.

Á öllu landinu eru nú um það bil 70 kaupstaðir, kauptún og sjávarþorp, og mun eign á löndum þeirra og lóðum skiptast sem næst því sem hér segir: Um 25 eru í eign ríkis eða hrepps, um 15 eru sameign þess opinbera og einstakra manna, og um 30 eru í einstakra manna eign.

Telja verður, að eðlilegast og réttast sé, að kauptúnin eigi sjálf lönd sín og lóðir, og auk þess hæfilega mikið af næsta nágrenni.

Um þetta atriði munu skoðanir ekki mjög skiptar, hvaða stefnu sem menn annars fylgja í jarðeignarmálum að öðru leyti. Hins vegar mun svo vera ástatt um fjárhag margra kauptúnanna, að þeim er ókleift eins og sakir standa að ráðast í landa- og jarðakaup, enda þótt þörfin í því efni sé mjög aðkallandi, bæði vegna brýnna ræktunarþarfa íbúanna og af verðhækkunarástæðum. Hér virðist því eigi annað úrræði fyrir hendi heldur en að þjóðfélagið hlaupi undir baggann um nauðsynlega aðstoð við landkaupin.

Á bak við frumvarp þetta, sem er í heimildarformi, liggur sú meginhugsun, að heppilegast sé, að lönd og lóðir kauptúnanna séu þeirra eign. En þar sem vitað er, að mörgum kauptúnum er fjárhagslega ofvaxið að annast þau mál, er í frumvarpinu farið inn á þá braut, að ríkið annist um landkaupin, ef aðstoðar er óskað, og leigi síðan kauptúnunum hlutaðeigandi lóðir og lendur, enda hafi þau þá rétt og skyldu til framleigu til íbúanna, eftir þeim reglum, sem settar eru í jarðræktarlögum og öðrum lögum um þau mál. Telja verður, að slíkur leiguréttur til handa kauptúnunum sé þeim jafntryggur og notasæll eins og eignarréttur, en alloft mun ódýrari. Hér er í rauninni um hliðstæða aðstoð að ræða af ríkisins hálfu til kauptúnanna eins og jarðakaupasjóður ríkisins lætur nú bændum í té."

Nefndin er í meginatriðum sammála ofanritaðri greinargerð framfærslunefndar og um höfuðstefnu frumvarpsins. Hins vegar er hún ekki að öllu sammála frumvarpinu eins og það er nú, en þykir réttast, að það komi fram á Alþingi eins og búnaðarþingið samþykkti það, en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að gera við það breytingar og fylgja breytingum, er fram kunna að koma.

Ed. 111. Nefndarálit

um frumv. til l. um breyt. á l. nr. 31 14. júní 1929, um Búnaðarbanka Íslands, og á l. nr. 20 13. jan. 1938, um breyt. á þeim lögum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur orðið sammála um að leggja til, að frumv. yrði samþykkt með þeim breytingum, er hér fara á eftir. Þótti nefndinni ekki ástæða til að heimila lán til smábýla með ábyrgð hrepps eða sýslu, og leggur því til, að 2. tölul. d-stafliðar í annarri grein falli niður.

Nokkur ágreiningur var um það, til hve langs tíma formaður bankaráðs skyldi skipaður. ÞÞ vildi helzt hafa skipunartímann í samræmi við það, sem nú er í hinum bönkunum, PZ vildi helzt hafa skipunartímann 8 ár minnst og taldi, að með því fengist meiri festa í starfið og betri trygging fyrir því, að það væri vel af hendi leyst. Þetta þótti ekki það mikilsvert atriði, að rétt væri að kljúfa nefndina á því, og varð því samkomulag um breytingartillögu, sem ákveður skipunartíma bankaráðsformanns 6 ár. Þá þótti nefndinni rétt að ákveða í lögum laun bankaráðsmanna, en ætlast jafnframt til þess, að formaður bankaráðs hafi daglegt eftirlit í bankanum.

Samkvæmt framanrituðu leggur nefndin til, að frumv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 2. gr. I. kl. 2. Liðurinn falli burt.
2. Við 3. gr.
   a. Í stað orðanna „skipaður til 4“ í 2. efnismgr. komi: skipaður til 6.
   b. Í stað 4. efnismgr. („Laun bankaráðsmanna ... ráðherra“) komi:
      Bankaráðsformaður hefur 3600 kr. árslaun, en hinir bankaráðsmennirnir 1800 kr. hvor, en auk þess greiðist þeim dýrtíðaruppbót, eins og öðrum opinberum starfsmönnum, eftir ákvörðun ráðherra.

Alþingi, 31. marz 1941.

Þorst. Þorsteinsson, form.	Erl. Þorsteinsson, fundaskr.	Páll Zóphóníasson, frsm.

Nd. 112. Frumvarp til laga

um breyting á lögum um Háskóla Íslands, nr. 21 1. febrúar 1936.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

1. gr. laganna orðist þannig:

Í Háskóla Íslands eru þessar 5 deildir: guðfræðideild, læknadeild, laga- og hagfræðideild, heimspekideild og atvinnudeild.

2. gr.

15. gr. laganna orðist þannig:

Hver sá, kona eða karl, sem lokið hefur stúdentsprófi við hinn almenna menntaskóla í Reykjavík, menntaskólann á Akureyri eða annan innlendan skóla jafngildan þeim, á rétt á að verða skrásettur háskólaborgari, gegn því að greiða skrásetningar-

gjald til háskólans, enda sé mannorð hans óflekkað. Háskólaráð getur veitt mönnum, sem tekið hafa próf við erlenda skóla, sem jafngildir íslenzku stúdentsprófi, rétt til að láta skrásetja sig við háskólann.

Háskólaráðið getur þó, samkvæmt tillögum hlutaðeigandi háskóladeildar, kveðið svo á í samþykkt, að aðeins ákveðinn fjöldi nýrra stúdenta skuli skráður í deildina á ári hverju. Óski fleiri stúdentar skrásetningar en samþykkt leyfir, er háskólaráði heimilt að setja, í samráði við hverja deild, ákvæði um, eftir hverjum reglum hinni tilteknu tölu sé veittur aðgangur að deildinni.

Nú er aðgangur að háskóladeild takmarkaður, og getur háskólaráð þá mælt svo fyrir, að stúdentum þeim, sem í deildinni eru, skuli skylt að sýna í lok hvers kennslumissiris vottorð kennara deildarinnar um, að þeir hafi stundað nám í deildinni það kennslumissiri.

3. gr.

Aftan við 20. gr. laganna bætist: eða 2 kennslumissiri, sé aðgangur að deild þeirri, sem hann er skrásettur í, takmarkaður samkv. 2. málsgr. 15. greinar.

4. gr.

22. gr. laganna orðist þannig:

Í reglugerð háskólans skulu sett ákvæði um próf, bæði undirbúningspróf og fullnaðarpróf, um námsgreinar þær, er prófa skal í, um einkunnagjafir og hversu háa einkunn þurfi til að standast prófið, bæði í einstökum prófgreinum og í aðaleinkunn. Skipta má fullnaðarprófi í fleiri hluta og kveða á um það, hvað líða megi lengstur eða skemmstur tími milli þess, að einstakir hlutar prófsins eru teknir. Einnig má setja fyrirmæli um það, að stúdent, er ganga vill til prófs, skuli áður hafa lokið undirbúningsprófum eða notið kennslu í tilteknum greinum á námskeiðum, í æfingaflokkum eða við verklegt nám, þar á meðal að hann hafi notið kennslu í íþróttum ekki skemur en 4 kennslumissiri.

Greinargerð.

Menntamálanefnd flytur frv. þetta að tilhlutan hæstv. kennslumálaráðherra, en því fylgdi greinargerð frá Háskóla Íslands og aðrar álitsgerðir, sem prentaðar eru hér á eftir.

Nefndarmenn eru óbundnir um einstök ákvæði frv.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Reykjavík, 28. des. 1940.

Til kennslumálaráðherra.

Hér með sendi ég yður, hæstvirti ráðherra, hjálagt frumvarp til laga um breytingar á háskólalögunum, er háskólaráð hefur samið, og leyfi ég mér að æskja þess, að hæstvirt ríkisstjórn vildi leggja frumvarpið fyrir næstkomandi Alþingi.

Til skýringar einstökum greinum frumvarpsins skal ég taka þetta fram:

Um 1. gr. Þar er „lagadeild“ breytt í „laga- og hagfræðideild“. Þessi breyting er gerð til þess, að ekki þurfi að breyta háskólalögunum, þótt tekin verði upp kennsla í hagfræði til embættisprófs eða viðskiptaháskólinn sameinaður lagadeild.

Um 2. og 3. gr. Þessar tillögur hafa lengi verið á döfinni. Meðal annars ritaði fjárveitinganefnd Alþingis 11. nóv. 1935 háskólaráði og óskaði umsagnar þess og tillagna um takmörkun á tölu stúdenta í þeim deildum háskólans, sem mest aðsókn er að. Ég hygg, að menn séu nú orðið svo sammála um nauðsyn þessarar heimildar, að ekki sé þörf á að rökstyðja hana hér.

Um 4. gr. Um próf við háskólann eru fá ákvæði í háskólalögunum, og hefur verið mælt fyrir um þau í háskólareglugerðinni. Í 22. gr. háskólareglugerðarinnar er þó eitt ákvæði, sem verið hefur því til fyrirstöðu, að unnt væri að koma þeirri skipun á próf með reglugerðarákvæðum, sem æskileg þykir, en það er ákvæðið um, að stúdentar

megi ganga undir embættispróf þegar þeim sýnist. Tilhögun á prófum hlýtur að sjálfsögðu að breytast við og við, og er óheppilegt að hafa bindandi reglur um þau í lögunum, þar sem umsvifamikið og örðugt er að breyta þeim. Í frumvarpi þessu er 22. gr. því orðuð þannig, að öll ákvæði um próf séu framvegis reglugerðarmálefni. Auk þess er sú nýjung í þessari grein, að heimilað er að gera það að skyldu, að stúdentar hafi notið kennslu í iþróttum ekki skemur en 4 kennslumissiri, áður en þeir segja sig til prófs. Hef ég áður rætt um þetta atriði við yður, hæstvirti ráðherra, og hygg ég, að flestir stúdentar séu þessu mjög fylgjandi.

Ef frekari skýringa skyldi vera óskað á nýmælum í frumvarpinu, er ég reiðubúinn að láta þær í té.

Alexander Jóhannesson,
rektor.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Reykjavík, 3. sept. 1940.

Til forsætisráðherra.

Með skírskotun til viðtals við yður, hæstvirti forsætisráðherra, um að nauðsyn beri til að stofna til aukinnar kennslu við háskólann nú þegar í haust, og með skírskotun til bréfs dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 21. f. m., leyfi ég mér að skýra yður frá eftirfarandi:

Eins og kunnugt er, hefur mál þetta verið rætt ýtarlega á síðastliðnu ári á stúdentafundum og í háskólaráði, og hefur það verið einróma álit, að nú sé knýjandi nauðsyn að gera ráðstafanir til aukinnar kennslu. Í síðastliðnum mánuði bað ég herra Gylfa Þ. Gíslason, ungan hagfræðing, er nýlega hefur lokið prófi með ágætiseinkunn við viðskiptaháskólann í Frankfurt a.M., að semja álit og gera tillögur um kennslu í viðskiptafræði og hagfræði. Að fengnum þessum tillögum, lagði ég málið fyrir háskólaráð á fundi 20. ág. Var á þeim fundi samþykkt að vísa þessu máli til lagadeildar, þar eð gert var ráð fyrir í þessum tillögum, að hinar nýju kennslugreinar yrðu lagðar undir lagadeild, er breytti nafni og héti laga- og hagfræðadeild. Lagadeild samþykkti á fundi 29. f. m. eftirfarandi:

Lagadeild telur, að nauðsynlegt sé að undirbúa mál þetta sem vandlegast áður en teknar eru fullnaðarákvarðanir um það, og vill hún því beina þeirri áskorun til háskólaráðs, að það afli álits sérfróðra manna um möguleika þess að koma á fót kennslu í hagfræði og viðskiptafræði við háskólann og um tilhögun slíkrar kennslu og kostnað við hana, ef til kemur.

Var málið síðan enn á ný rætt á fundi háskólaráðs 29. ág., og var þar samþykkt að biðja þá Þorstein hagstofustjóra, dr. Odd Guðjónsson og Sverri Þorbjarnarson hagfræðing að athuga tillögur Gylfa Þ. Gíslasonar og semja frumvarp til reglugerðar um kennslu í viðskipta- og hagfræði. Nefnd þessi tók þegar til starfa og skilaði áliti 2. sept. Á fundi háskólaráðs í dag var álit nefndarinnar rætt, og var samþykkt að mæla með því við ríkisstjórnina, að kennsla í þessum greinum verði tekin upp á þessu hausti, með því fyrirkomulagi, sem greinir í bréfi nefndarinnar.

Tillögur háskólans verða því, að nú þegar verði tekin upp kennsla í viðskiptafræði og viðskiptaháskólinn innlimaður í lagadeild. Enn fremur verði hafin kennsla í hagfræði, en næsta ár látið skera úr, hvort stefna beri að því að undirbúa kennslu í hagfræði til embættisprófs, er vari 4½ ár.

Ef ráðuneytið eða ríkisstjórn vill fallast á þessar tillögur, yrði með bráðabirgðalögum að breyta lögum háskólans og orða 1. gr. þannig:

Í Háskóla Íslands eru þessar 5 deildir: guðfræðideild, læknadeild, laga- og hagfræðideild, heimspekideild og atvinnudeild.

Enn fremur yrði að breyta reglugerð háskólans, eins og greint er í fylgiskjali nr. 3 með álitsgerð Gylfa Þ. Gíslasonar, með þeim breytingum, sem nefndin leggur til á bls. 5 í áliti sínu.

Háskólaráðið hefur á fundi í dag ákveðið, að háskólakennsla skuli að þessu sinni hefjast með byrjun októbermánaðar, og er því mjög æskilegt, að hæstvirt ríkisstjórn taki afstöðu til þessa máls innan fárra daga, svo að unnt verði að gera nauðsynlegan undirbúning, ef þessari kennslu yrði komið á, og tilkynna þeim 90—100 nýjum stúdentum þetta, svo að þeim gefist kostur á að velja milli þeirra námsgreina, er með þessari væntanlegu aukningu yrðu kenndar við háskólann.

Ég leyfi mér að senda ráðuneytinu:

1. Tillögur Gylfa Þ. Gíslasonar, ásamt fylgiskjölum.
2. Nefndarálit þeirra þremenninga, er nefndir eru í bréfi þessu.
3. Áætlun um kostnað við kennslu í viðskiptafræðum og hagfræðum við Háskóla Íslands á næstu árum.

Ég leyfi mér að biðja um, að fylgiskjöl þessi verði endursend háskólanum við hentugleika.

Alexander Jóhannesson,
rektor.

Reykjavík, 17. ágúst 1940.

Samkvæmt tilmælum yðar, herra rektor, hefi ég athugað möguleikana á því, að hafin verði þegar í haust kennsla í hagfræðum og viðskiptafræðum við Háskóla Íslands. Leyfi ég mér hér með að láta í ljós tillögur mínar í þessu máli.

Lagadeild háskólans verði nefnd laga- og hagfræðadeild og kenndar í deildinni eftirtaldar greinar, auk þeirra lögfræðigreina, sem nefndar eru í töluliðum 1—10 og tölulið 14 í 28. grein reglugerðar háskólans:

1. Þjóðhagfræði (Nationalökonomi).
2. Rekstursbagfræði (Driftsökonomi).
3. Hagnýt landbúnaðarhagfræði (landbúnaðarpólitík).
4. Hagnýt iðnaðarhagfræði (iðnaðarpólitík).
5. Hagnýt verzlunarhagfræði (verzlunarpólitík).
6. Iðnaðarrekstursfræði.
7. Verzlunarrekstursfræði.
8. Bankarekstursfræði.
9. Fjármálafræði (Finansvidenskab).
10. Tölvísi (Statistik).
11. Samning efnahagsreikninga.
12. Verðlagsreikningur (Kalkulation).
13. Fjármögnun fyrirtækja (Finansiering).
14. Bókfærsla og endurskoðun.
15. Viðskiptareikningur.
16. Erlend mál og bréfaskriftir.
17. Vélritun.
18. Hraðritun.

Auk embættisprófsins í lögfræði séu haldin í deildinni tvenns konar próf, þ. e. a. s. fyrir þá, sem gerast vilja hagfræðingar (cand. polit.), og þá, sem gerast vilja viðskiptafræðingar (cand. merc.). Geti hagfræðingar lokið námi sínu á um það bil 4½ ári, en viðskiptafræðingar á 3 árum.

Mestur hluti kennslunnar gæti orðið sameiginlegur fyrir hagfræði- og viðskiptafræðistúdentana. Til þess að annast kennsluna þyrfti minnst tvo kennara, og yrði annar þeirra að vera sérmenntaður í rekstursbagfræði (Driftsökonomi), en hinn í þjóðhagfræði (Nationalökonomi). Fyrstu 1—2 árin yrði þó komizt af með einn fastan kennara, sem þá yrði að vera rekstursbagfræðingur, auk þeirra kennara, sem nú starfa við háskólann, ásamt nokkurri aukakennslu.

Ef kennararnir yrðu í framtíðinni tveir og héldu þá fyrirlestra og þær æfingar, sem gert er ráð fyrir á fylgiskjali 1 og allir verða að teljast nauðsynlegir, yrði kennslustundafjöldi rekstursbagfræðingsins að vera 17—18 stundir á viku að meðal-

tali, þegar deildin væri tekin til fullra starfa, en kennslustundir þjóðhagsfræðingsins 13—14. Fyrstu árin 3 yrði stundafjöldinn auðvitað minni, en þar eð ofannefndur kennslustundafjöldi verður að teljast mjög mikill, væri æskilegt, að aukakennarar væru fengnir til þess að taka að sér nokkra tíma (svo sem t. d. viðskiptareikning og verklegar æfingar í bókhaldi og endurskoðun). Að öðrum kosti yrði að fækka fyrirlestrunum, en það yrði til tjóns fyrir nemendur. Í framtíðinni væri hins vegar ákjósanlegast, að stofnuð yrði sérstök hagfræðadeild með þrem kennurum, þótt hér sé í sparnaðarskyni aðeins gert ráð fyrir aukningu lagadeildarinnar og einum nýjum, föstum kennara fyrstu 1—2 árin, en síðan tveim.

Í lögfræði gætu hagfræði- og viðskiptafræðistúdentar sótt kennslustundir með lögfræðistúdentum. Í almennri þjóðhagfræði og bókfærslu gætu hins vegar lögfræðistúdentar sótt tíma sameiginlega með hagfræði- og viðskiptafræðistúdentum. Málakennsluna gætu annazt sendikennarar háskólans, kennsla í vélritun gæti orðið sameiginleg fyrir lögfræði-, hagfræði- og viðskiptafræðistúdenta, en til kennslu í hraðritun þyrfti að ráða aukakennara.

Próf hagfræðistúdenta sé í tveim hlutum. Sé hægt að ljúka fyrra hluta prófi eftir 2 ár, en síðara hluta prófi eftir 4½ ár, og er þessu nánar lýst á fylgiskjali 3.

Til þess að kennsla gæti hafizt þegar í haust, þyrfti að fá rekstursh agfræðing til að annast kennslu í eftirtöldum greinum:

Almenn rekstursh agfræði	3	tíma á viku bæði missirin.
Verzlunarrekstursfræði	1	— — — — —
Iðnaðarrekstursfræði	1	— — — — —
Verðlagsreikningur	1	— — — — —
Fjármögnun fyrirtækja	1	— — — — —
Bókfærsla	3	— — — — —

Ef talið yrði æskilegt, að nemendur viðskiptaháskóla Íslands gætu gengið inn í deildina og haldið þar áfram námi sínu, yrði rekstursh agfræðingurinn enn fremur að annast fyrir þá sérstaklega:

Æfingar í almennri rekstursh agfræði	2	tíma á viku bæði missirin.
Verklegar æfingar í bókfærslu	1	— — — — —

Gætu þá þeir af nemendum viðskiptaháskólans, sem þegar hafa stundað nám í tvö ár, útskrifazt á næsta vori, eins og ráð var fyrir gert í reglugerð viðskiptaháskólans, en hinir, sem hafa verið aðeins eitt ár í viðskiptaháskólanum, haldið áfram námi sínu með þeim viðskiptafræðistúdentum, sem innritast kynnu í deildina í haust. Yrði þá kennslustundafjöldi rekstursh agfræðingsins næsta vetur 13 tímar vikulega.

Þá þyrfti þjóðhagfræðingur að kenna:

Almenna þjóðhagfræði	3	tíma á viku bæði missirin.
Sögulegt yfirlit yfir helztu kenningar þjóðhagfræðinnar	1	— — — — —
Fjármálafræði	2	— — — — —
Hagnýta verzlunarhagfræði (verzlunarpólitík)	1	— — — — —

eða samtals 7 tíma. Þá gæti annað hvort rekstursh agfræðingurinn eða þjóðhagfræðingurinn haldið fyrirlestur, 1 tíma á viku, um íslenzkt atvinnulíf og fjármál..

Ég leyfi mér að láta þrjú fylgiskjöl fylgja bréfi þessu. Á fylgiskjali 1 er skrá yfir þá fyrirlestra og æfingar, sem halda þyrfti í deildinni auk þeirra lögfræðifyrirlestra, sem haldnir eru, og þess getið, hversu oft þeir skuli haldnir. Á fylgiskjali 2 er námsáætlun fyrir þá stúdenta, sem ganga vildu í gegnum deildina og gerast hagfræðingar

eða viðskiptafræðingar. Á fylgiskjali 3 eru tillögur til breytinga á lögum um Háskóla Íslands og reglugerð háskólans, hvort tveggja í samræmi við það, sem að ofan hefur verið sagt.

Virðingarfyllst.

Gylfi Þ. Gíslason.

Til rektors Háskóla Íslands,
prófessors Alexanders Jóhannessonar dr. phil., Reykjavík.

Fylgiskjal I.

Skrá yfir fyrirlestra og æfingar, sem halda þyrfti í laga- og hagfræðadeild.

Almenn þjóðhagfræði	3 tíma		hvert ár	bæði	missirin.	
Almenn rekstursh agfræði	3 —		—	—	—	—
Hagnýt landbúnaðarhagfræði (landbúnaðarpólitík)	1 —	þriðja	—	—	—	—
Hagnýt iðnaðarhagfræði (iðnaðarpólitík)	1 —	—	—	—	—	—
Hagnýt verzlunarhagfræði (verzl.pólitík)	1 —	—	—	—	—	—
Iðnaðarrekstursfræði	1 —	—	—	—	—	—
Verzlunarrekstursfræði	1 —	—	—	—	—	—
Bankarekstursfræði	1 —	—	—	—	—	—
Fjármálafræði	2 —	—	—	—	—	—
Tölvísi	2 —	—	—	—	—	—
Peningamál og lánsfjárstarfsemi	1 —	—	—	—	—	—
Samning efnahagsreikninga	2 —	annað	—	—	—	—
Fjármögnun fyrirtækja	1 —	þriðja	—	—	—	—
Verðlagsreikningur	1 —	—	—	—	—	—
Skattar fyrirtækja	1 —	—	—	—	annað	—
Peninga- og fjármagnsviðskipti	1 —	—	—	—	bæði	—
Markaðsrannsóknir og auglýsingar	1 —	—	—	—	annað	—
Hagnýt félagsmálahagfræði (Socialpolitik)	1 —	—	—	—	—	—
Félagsfræði	1 —	—	—	—	—	—
Sögulegt yfirlit yfir helztu kenningar þjóðhagfræðinnar	1 —	—	—	—	bæði	—
Atvinnulífssaga	1 —	—	—	—	—	—
Atvinnulífslandafræði	1 —	—	—	—	—	—
Íslenzkt atvinnulíf og fjármál	1 —	—	—	—	—	—
Farið yfir þjóðhagfræðirit	5 —	—	—	—	—	—
Farið yfir rekstursh agfræðirit	3 —	—	—	—	—	—
Æfingar í þjóðhagfræði	2 —	annað	—	—	—	—
Æfingar í rekstursh agfræði	2 —	—	—	—	—	—
Bókfærsla	3 —	—	—	—	—	—
Verklegar æfingar í bókfærslu	2 —	—	—	—	—	—
Endurskoðun	2 —	—	—	—	—	—
Viðskiptareikningur	1 —	þriðja	—	—	—	—
Erlend tungumál	3 —	—	—	—	—	—

Auk þess vélritun og hraðritun.

Fylgiskjal II.

Námsáætlun fyrir hagfræðistúdenta (stud. polit) og viðskiptafræðistúdenta (stud. merc.).

1. ár.

polit. & merc.	Íslenzkt atvinnulíf og fjármál	1	tími	vikul.	bæði	miss.
	Þjóðhagfræði:					
polit. & merc.	Almenn þjóðhagfræði	3	—	—	—	—
polit.	Sögulegt yfirlit yfir helztu kenningar þjóðhagfræðinnar	1	—	—	—	—
polit. & merc.	Fjármálafræði (Finansvidenskab)	2	—	—	annað	—
polit.	Fjármálafræði ((Finansvidenskab)	2	—	—	—	—
polit. & merc.	Hagnýt verzlunarhagfræði (verzl.pólitík)	1	—	—	bæði	—
	Rekstrshagfræði:					
polit. & merc.	Almenn rekstrshagfræði	3	—	—	—	—
polit. & merc.	Verzlunarrekstrsfræði	1	—	—	—	—
polit. & merc.	Iðnaðarrekstrsfræði	1	—	—	—	—
polit. & merc.	Verðlagsreikningur (Kalkulation)	1	—	—	—	—
polit. & merc.	Fjármögnun fyrirtækja (Finansiering)	1	—	—	—	—
polit. & merc.	Bókfærsla	3	—	—	—	—
polit. & merc.	Lögfræði	3–4	—	—	—	—
merc.	Erlend tungumál	3	—	—	—	—

stud. polit. samtals 21—22 tímar; stud. merc. samtals 22—23 tímar.

2. ár.

polit & merc.	Íslenzkt atvinnulíf og fjármál	1	tími	vikul.	bæði	miss.
polit. & merc.	Atvinnulífssaga	1	—	—	—	—
	Þjóðhagfræði:					
polit.	Almenn þjóðhagfræði	3	—	—	—	—
polit.	Peningamál og lánsfjárstarfsemi	1	—	—	—	—
polit.	Félagsfræði	1	—	—	annað	—
polit.	Æfingar í þjóðhagfræði	2	—	—	bæði	—
	Rekstrshagfræði:					
merc.	Almenn rekstrshagfræði	3	—	—	—	—
polit. & merc.	Samning efnahagsreikninga	2	—	—	annað	—
merc.	Samning efnahagsreikninga	2	—	—	—	—
merc.	Verklegar æfingar í bókfærslu	2	—	—	bæði	—
polit. & merc.	Viðskiptareikningur	1	—	—	—	—
polit. & merc.	Lögfræði	3–4	—	—	—	—
merc.	Erlend tungumál	3	—	—	—	—
merc.	Hraðritun	6	—	—	—	—

stud. polit. 13—14 tímar, fyrri hluta próf; stud. merc. 22—23 tímar.

3. ár.

polit. & merc.	Íslenzkt atvinnulíf og fjármál	1	tími	vikul.	bæði	miss.
polit. & merc.	Atvinnulífslandafræði	1	—	—	—	—
	Þjóðhagfræði:					
polit. & merc.	Hagnýt landbúnaðarhagfræði (landbúnaðarpólitík)	1	—	—	—	—

polit. & merc.	Hagnýt iðnaðarhagfræði (iðnaðarpólitík) ..	1	tími	vikul.	bæði	miss.
polit.	Hagnýt félagsmálahagfræði	1	—	—	annað	—
polit. & merc.	Tölvísi (Statistik)	2	—	—	—	—
polit.	Tölvísi (Statistik)	2	—	—	—	—
	Rekstrarhagfræði:					
polit. & merc.	Bankarekstrsfræði	1	—	—	bæði	—
merc.	Peninga- og fjármagnsviðskipti	1	—	—	—	—
merc.	Skattar fyrirtækja	1	—	—	annað	—
merc.	Markaðsrannsóknir og auglýsingar	1	—	—	—	—
polit. & merc.	Æfingar í rekstrarhagfræði	2	—	—	bæði	—
merc.	Endurskoðun	2	—	—	—	—
polit. & merc.	Lögfræði	3–4	—	—	—	—
merc.	Erlend tungumál	3	—	—	—	—
merc.	Vélritun	2	—	—	—	—

stud. polit. 13—14 tímar samtals; stud. merc. 21—22, lokapróf.

4. ár.

polit.	Íslenzkt atvinnulíf og fjármál	1	tími	vikul.	bæði	miss.
	Þjóðhagfræði:					
polit.	Farið yfir þjóðhagfræðirit	5	—	—	—	—
polit.	Æfingar í þjóðhagfræði	2	—	—	—	—
	Rekstrarhagfræði:					
polit.	Farið yfir rekstrarhagfræðirit	3	—	—	—	—
polit.	Æfingar í rekstrarhagfræði	2	—	—	—	—

Skrifuð vísindaleg ritgerð, hagfræðilegs efnis, polit. 13 tíma, lokapróf.

Fylgiskjal III.

Tillögur um breytingar á lögum um Háskóla Íslands.

1. gr. orðist svo:
Í Háskóla Íslands eru þessar 5 deildir: guðfræðideild, læknadeild, laga- og hagfræðadeild, heimspekideild og atvinnudeild.

Tillögur um breytingar á reglugerð Háskóla Íslands.

8. gr.: Í stað „lagadeild“ komi: laga- og hagfræðadeild.
28. gr. orðist svo:
Í laga- og hagfræðadeildinni eru eftirfarandi greinar kenndar:
1. Almenn lögfræði og persónuréttur.
2. Sifja- og erfðaréttur.
3. Kröfu- og hlutaréttur.
4. Sjó- og félagaréttur.
5. Stjórnlagafræði.
6. Stjórnarfarsréttur.
7. Þjóðarréttur.
8. Refsiréttur.
9. Réttarfar.
10. Réttarsaga.
11. Lögfræðileg skjalaritun og þar með æfingar í réttarfari.
12. Þjóðhagfræði.
13. Rekstrarhagfræði.

14. Hagnýt landbúnaðarhagfræði (landbúnaðarpólitík).
15. Hagnýt iðnaðarhagfræði (iðnaðarpólitík).
16. Hagnýt verzlunarhagfræði (verzlunarpólitík).
17. Iðnaðarrekstursfræði.
18. Verzlunarrekstursfræði.
19. Bankarekstursfræði.
20. Fjármálafræði.
21. Tölvísi.
22. Samning efnahagsreikninga.
23. Verðlagsreikningur.
24. Fjármögnun fyrirtækja.
25. Bókfærsla og endurskoðun.
26. Viðskiptareikningur.
27. Erlend tungumál.
28. Vélritun.
29. Hraðritun.

48. gr.: Framan við greinina bætist:
Í laga- og hagfræðadeild eru haldin þessi háskólapróf:
Aftan við greinina bætist:

Háskólapróf í hagfræði.
Prófinu skal skipt í tvennt, fyrra hluta og síðara hluta.
Prófgreinar í fyrra hluta prófsins eru þessar:

I. Almenn þjóðhagfræði.
II. Almenn reksturshagfræði.
III. Bókfærsla.
NB. IV. Almenn lögfræði, persónuréttur og félagaréttur.
NB. V. Stjórnarfarsréttur.

Prófið er bæði munnlegt og skriflegt í I. og II. prófgrein, skriflegt í III. prófgrein, en munnlegt í IV. og V. prófgrein.

Prófgreinar í síðara hluta prófsins eru þessar:

I. Þjóðhagfræði.
II. Reksturshagfræði.
III. Hagnýt þjóðhagfræði (þjóðhagfræðipólitík).
IV. Sérgreind reksturshagfræði (iðnaðar-, verzlunar- og bankarekstursfræði).
V. Fjármálafræði.
VI. Tölvísi.
NB. VII. Kröfu- og hlutaréttur.
VIII. Viðskiptareikningur.

Prófið er bæði munnlegt og skriflegt í I. og II. prófgrein, skriflegt í VI. og VIII. prófgrein, en munnlegt í III., IV., V. og VII. prófgrein.

Kandidatarnir mega hafa allt að 3 klukkustundum til skriflegrar úrlausnar í I. og II. prófgrein þess prófs. Í I. og II. prófgrein í síðara hluta prófsins mega þeir hafa allt að 6 klukkustundum til hinnar skriflegu úrlausnar, en allt að 2 stundum í VI. og VIII. prófgrein sama prófs.

Áður en kandidatinn segir sig til síðara hluta prófsins, skal hann afhenda einhverjum af hagfræðikennurum deildarinnar vísindalega ritgerð hagfræðilegs efnis, sem kennarinn tekur gilda sem prófritgerð. Þá skal kandidatinn leggja fram skilríki fyrir því, að hann hafi samvizkusamlega tekið þátt í æfingum í þjóðhagfræði og reksturshagfræði.

Gefa skal einkunnir fyrir hverja prófgrein og fyrir prófritgerðina, en við útreikning aðaleinkunnar skal margfalda séreinkunnina í hverri grein með fyrirlestra-

og æfingastundafjölda námstímans, og skal einkunn prófritgerðarinnar látin samsvara hálfum stundafjölda í þjóðhagfræði, síðan deila í þá heildartölu með öllum stundafjöldanum, og fæst þannig aðaleinkunn kandidatsins.

Háskólapróf í viðskiptafræði.

Prófgreinar eru þessar:

I. Reksturshagfræði.
II. Þjóðhagfræði.
III. Iðnaðarrekstursfræði.
IV. Verzlunarrekstursfræði.
V. Bankarekstursfræði.
VI. Hagnýt þjóðhagfræði (þjóðhagfræðipólitík).
VII. Samning efnahagsreikninga.
VIII. Bókfærsla og endurskoðun.
IX. Viðskiptareikningur.
X. Almenn lögfræði, persónuréttur og félagaréttur.
XI. Kröfu- og hlutaréttur.
XII. 3 erlend tungumál.

Prófið er bæði munnlegt og skriflegt í I. og II. prófgrein, munnlegt í III., IV., V., VI. og VII., X. og XI. prófgrein, en skriflegt í VIII., IX. og XII. prófgrein.

Kandidatarnir mega hafa allt að 5 klukkustundum til skriflegrar úrlausnar í I. og II. prófgrein, allt að 4 klukkustundum í VIII. prófgrein og allt að 2 klukkustundum í IX. prófgrein. Í XII. prófgrein skal prófið skriflegt í hverju tungumáli fyrir sig, og skulu kandidatarnir hafa 3 klukkustundir til úrlausnar í hverju prófanna.

Gefnar skulu einkunnir fyrir hverja prófgrein, en aðaleinkunn reiknuð á sama hátt og við próf í hagfræði.

Áður en kandidatinn segir sig til prófsins, skal hann leggja fram skilríki fyrir því, að hann hafi samvizkusamlega tekið þátt í æfingum í rekstursfræði, vélritun og hraðritun.

Reykjavík, 2. sept. 1940.

Þér hafið, herra háskólarektor, í bréfi, dags. 29. f. m., óskað þess, að við undirritaðir athuguðum í samráði við Gylfa Þ. Gíslason tillögur og álitsgerð hans um kennslu í hagfræði og viðskiptafræði við háskólann, og senduð frumvarp til reglugerðar um fyrirkomulag slíkrar kennslu, og kváðuð þér æskilegast, að þessu gæti orðið lokið í kvöld, þar sem nauðsynlegt væri að hraða sem mest undirbúningi þessarar kennslu, ef hún yrði tekin upp nú í haust.

Við höfum nú athugað tillögur þessar, að svo miklu leyti sem okkur hefur verið unnt á þeim stutta fresti, sem okkur hefur verið ætlaður til þess, og átt viðræður um þær við Gylfa Þ. Gíslason.

Það væri án efa æskilegt, að stúdentar ættu um fleiri námsleiðir að velja hér við háskólann heldur en nú, og virðist þá heppilegt, að þær leiðir yrðu ekki aðallega embættisbrautir, heldur lægju beint út í atvinnulíf landsins. Fyrir því hefur verið á dagskrá um nokkra hríð að stofna til kennslu í viðskiptafræðum við háskólann, og hefur slík kennsla jafnvel verið þegar sett á fót, reyndar fyrir utan háskólann, fyrst með framhaldsdeild Verzlunarskólans, sem nú mun ekki verða starfrækt nema að nokkru leyti, og síðar með stofnun hins svo nefnda Viðskiptaháskóla, sem hefur verið kostaður af ríkissjóði. Þar sem stúdentspróf hefur í reyndinni verið undirbúningsskilyrði fyrir þessari kennslu, þá virðist eðlilegt, að kennsla þessi væri færð inn í háskólann og samræmd annarri háskólakennslu. Þetta virðist einnig verða aðalatriðið í tillögum þeim, sem hér liggja fyrir, þar sem gert er ráð fyrir 3 ára námi í viðskiptafræði, með námsefnum á borð við það, sem tíðkast í verzlunarháskólum. Við treystum okkur ekki til að gagnrýna þessa áætlun í einstökum atriðum, allra sízt á þeim örstutta

tíma, sem okkur hefur verið afmarkaður, en við hyggjum, að hún sé nærri lagi í aðalatriðum til þess að jafnast á við þær kröfur, sem gerðar eru annars staðar í þessum greinum á tilsvarandi námstíma. En auðvitað hlýtur það alltaf að verða mikið undir reynslunni komið, hvernig framkvæmdin verður, og þá fyrst og fremst undir því, hvernig tekst til með kennslukrafta, sem auðvitað er mest undir komið í þessu efni, og viðbúið að notast verði í fyrstu við lausa kennslukrafta að mestu, þar til hæfir menn hafa kvalificerað sig til þessara starfa, með kennslu hér og sérnámi erlendis. Virðist okkur æskilegt, að háskólinn taki nú upp kennslu í þessum fræðum, og virðist í aðalatriðum mega notast við þá námsáætlun, sem fyrir liggur, til þess að byrja með, en reynslan mun sýna smátt og smátt, hvernig hún muni heppilegast framkvæmd eða hvaða breytingar sé nauðsynlegt að gera.

Í tillögum þeim, sem fyrir liggja, er enn fremur gert ráð fyrir, að tekin verði upp kennsla fyrir hagfræðistúdenta, þar sem aðaláherzlan er lögð á þjóðhagfræðina, og skuli það nám taka yfir 4½ ár. Að því er námsáætlun fyrir þessa línu snertir, þá virðist okkur, að þar gæti rekstrarhagfræði og rekstrartækni of mikið, en þjóðhagfræðin verði af þeim sökum útundan. Virðist þetta stafa af því, að leitazt sé við að láta viðskiptafræðinga og hagfræðinga hafa sem mesta kennslu sameiginlega til þess að spara kennslukrafta. Þar sem viðskiptafræðinámið er komið á nokkurn rekspöl með stofnun Viðskiptaháskólans, þá er hagfræðinámið hins vegar sem sérstök námsbraut alger nýjung hér. En þar sem allmargir menn hafa undanfarið sótt slíkt nám til útlanda, þá ætti ekki að vera frágangssök að koma hér upp slíku námi, en óneitanlega hlýtur það að krefjast nokkurs undirbúnings og ekki auðhlaupið að því að stofna til þess í einu vetfangi. Hins vegar eru nú aðstæður þannig, að vegna stríðsins eru íslenzkum stúdentum í bili svo að segja allir námsvegir lokaðir erlendis, og er það veigamikil ástæða til þess að háskólinn gerði það, sem í hans valdi stæði, til þess að hjálpa þar og gera stúdentum mögulegt að nema hér það, sem þeir annars myndu fara til útlanda til þess að nema, og þar á meðal eru sjálfsagt ekki sízt hagfræðistúdentar, sem háskólanum ætti að vera mögulegt að liðsinna eitthvað í þessu efni. Þótt okkur virðist námsáætlunin gera fullmikið úr rekstrarhagfræðinni í námi hagfræðinganna öll árin, þá er hún samt sjálfsagður þáttur í námi þeirra, og þar sem þjóðhagfræðin er einnig þáttur í námi viðskiptafræðinganna, þá virðast báðir geta átt fullkomna samleið í byrjun, og ættu því stúdentar, sem ætluðu sér að nema hagfræði erlendis, að geta notið kennslu með viðskiptafræðingum næsta vetur, bæði í þjóðhagfræði, rekstrarhagfræði, almennri lögfræði og fræðslu um íslenzkt atvinnu- og félagslíf, og þar með sparað sér tíma erlendis, ef stríðinu skyldi ljúka bráðlega og þeir að vetrinum loknum taka það fyrir að fara til náms erlendis. Og þetta ætti jafnvel ekki að þurfa að hafa í för með sér neina aukningu á kennslukröftum frá því, sem vera þyrfti fyrir viðskiptafræðinga eina saman.

Ef stríðinu skyldi hins vegar ekki verða lokið næsta haust og öll viðskipti við útlönd í sama öngþveiti sem nú er, þá kemur auðvitað til að vakna sú spurning, hvort ekki skuli setja á stofn framhaldskennslu fyrir hagfræðingana, og þá verður sjálfsagt að koma á sérstakri kennslu fyrir þá, sem ekki yrði sameiginleg með viðskiptafræðingunum, nema að litlu leyti, og mundi því útheimta aukna kennslukrafta. En þá er líka heilt ár til stefnu, sem nota má til undirbúnings þessa möguleika, og jafnframt færa sér í nyt þá reynslu, sem fengizt hefur við kennsluna fyrsta veturinn. Ef sú reynsla gæfi vonir um, að unnt væri að halda lengra á þessari braut með góðum árangri, þá mætti auðvitað líka gera það, þó að stríðinu væri lokið næsta haust og menn gætu komizt til náms hvert sem væri. Þá myndi sennilega verða ákveðið, hvort halda skyldi áfram með hagfræðingana til prófs. En námi í hagfræði er hagað töluvert mismunandi við ýmsa háskóla í nágrannalöndunum, og er því meiri ástæða til þess að gefa sér nægan tíma til þess að athuga, hvaða fyrirmyndir helzt skyldi velja.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið tekið fram um hagfræðinámið, sjáum vér ekki ástæðu til að fara út í einstök atriði í námsáætluninni um nám hagfræðinganna eða gera ákveðnar tillögur um það.

Í bréfi yðar óskuðuð þér, að við gerðum uppkast að reglugerð fyrir hina fyrirhuguðu kennslu. Höfum við athugað tillögurnar á fylgiskjali 3, og höfum við ekki séð ástæðu til þess að gera aðrar efnisbreytingar við þær en að ákvæðin um háskólapróf í hagfræði falli niður í samræmi við það, sem við höfum áður tekið fram í bréfi þessu. Hins vegar teldum við það til bóta að orða upptalninguna á námsgreinunum nokkuð á annan veg, þannig að þær væru dregnar meira saman í stærri heildir, og enn fremur upptalninguna á prófgreinunum á svipaðan hátt. Þessar breytingartillögur fylgja hér með.

Meðfylgjandi skjöl endursendast hér með.

Virðingarfyllst.

Þorsteinn Þorsteinsson. Oddur Guðjónsson. Sverrir Þorbjörnsson.

Til rektors Háskóla Íslands, Reykjavík.

Breytingar við fylgiskjal nr. 3.

Síðari hluti upptalningarinnar í 28. gr. orðist svo:

12. Þjóðhagfræði almenn.
13. Þjóðhagfræði hagnýt (pólitík).
14. Rekstrarhagfræði almenn.
15. Rekstrarhagfræði sérgreind (special) (þar undir verzlunar-, iðnaðar- og bankarekstrarfræði).
16. Rekstrarfræðileg tækni (bókfærsla og viðskiptareikningur).

Auk þess er nemendum deildarinnar séð fyrir kennslu í erlendum málum og skrifstofutækni (vélritun, hraðritun o. fl.).

48. gr.

Ákvæðin um háskólapróf í hagfræði falli burt.

Háskólapróf í viðskiptafræði orðist þannig:

Prófgreinar eru þessar:

1. Rekstrarhagfræði almenn.
2. Þjóðhagfræði almenn.
3. Rekstrarhagfræði sérgreind (special).
4. Þjóðhagfræði hagnýt (pólitík).
5. Lögfræði (almenn lögfræði og kaflar úr kröfu- og hlutarétti o. fl.).
6. Rekstrarfræðileg tækni.
7. Erlend tungumál.

Prófið er bæði munnlegt og skriflegt í 1. og 2. prófgrein, munnlegt í 3., 4. og 5., en skriflegt í 6. og 7. prófgrein.

Kandidatarnir mega hafa allt að 5 klukkustundum til skriflegrar úrlausnar í 1. og 2. prófgrein, en allt að 8 stundum samtals í 6. prófgrein. Í 7. prófgrein skal prófið skriflegt í hverju tungumáli fyrir sig, og skal ætla allt að 3 klukkustundum til hvers.

Áður en kandidatinn segir sig til prófsins, skal hann leggja fram skilríki fyrir því, að hann hafi samvizkusamlega tekið þátt í æfingum í rekstrarhagfræði, bókfærslu, vélritun og hraðritun.

Áætlun um kostnað við kennslu í viðskiptafræðum og hagfræðum við Háskóla Íslands. Veturinn 1940—41:

Einn fastur kennari (docent) í rekstrarhagfræði (Driftsökonomi), en það er aðalnámsgrein viðskiptafræðinganna	kr. 5500.00
Aukakennsla í þjóðhagfræði (Nationalökonomi): 7 tímar vikulega bæði missirin, auk þeirra 2 tíma, sem þegar eru kenndir í lagadeildinni	ca. — 1800.00

Aukakennsla í atvinnulífssögu og landafræði: 2 tímar vikulega bæði missirin	ca.	kr.	500.00
Aukakennsla í erlendum tungumálum: 6 tímar vikulega bæði missirin, auk þeirrar tungumálakennslu, sem fyrir er	ca.	—	1550.00
Aukakennsla í vélritun: 2 tímar vikulega bæði missirin	ca.	—	500.00
	Samtals ca.	kr.	9850.00

Áætlun þessi verður að teljast í hærra lagi, þar eð greiðslan fyrir aukakennsluna er miðuð við 8 mánaða kennslutíma og 8 kr. þóknun fyrir kennslustundina. Þá má geta þess, að þær 400 kr., sem nú eru veittar til kennslu í bókfærslu í lagadeildinni, mætti nota til verklegra æfinga í bókhaldi og endurskoðun, og 1941—42 að einhverju leyti til aukakennslu í viðskiptareikningi, þar eð lögfræðistúdentar geta sótt bókfærslutíma sameiginlega með viðskiptafræðistúdentum.

Veturinn 1941—42.

Einn fastur kennari (docent) í rekstursh agfræði		kr.	5500.00
Einn fastur kennari (docent) í þjóðhagfræði		—	5500.00
Aukakennsla í atvinnulífssögu og landafræði: 2 tímar vikulega bæði missirin	ca.	—	500.00
Aukakennsla í erlendum tungumálum: 9 tímar vikulega bæði missirin		—	2300.00
Aukakennsla í vélritun: 2 tímar vikulega bæði missirin		—	500.00
Aukakennsla í hraðritun: 6 tímar vikulega bæði missirin		—	1550.00
	Samtals	kr.	15850.00

Veturinn 1942—43.

Þrír fastir kennarar (docentar)		kr.	16500.00
Aukakennsla í atvinnulífssögu og landafræði: 2 tímar vikulega bæði missirin	ca.	—	500.00
Aukakennsla í erlendum tungumálum: 9 tímar vikul. bæði missirin	ca.	—	2300.00
Aukakennsla í vélritun: 2 tímar vikulega bæði missirin		—	500.00
	Samtals	kr.	19800.00

Ef aðeins væri gert ráð fyrir viðskiptafræðinámi, mætti ef til vill komast af með 2 docenta, en þá yrði hins vegar að gera ráð fyrir nokkurri aukakennslu í rekstrshagfræði og þjóðhagfræði, svo að við það myndi tæplega sparast meira en 2—3000 kr.

Kostnaður við kennslu í viðskiptafræði.

Ef gert er aðeins ráð fyrir kennslu í viðskiptafræði, yrði í framtíðinni þörf á eftirtöldum kennslukröftum og kostnaðurinn þá sem hér segir, þegar deildin væri tekin til fullra starfa:

Tveir prófessorar		kr.	16000.00
Aukakennsla í rekstrshagfræði og þjóðhagfræði	ca.	—	2000.00
Aukakennsla í atvinnulífssögu og landafræði	ca.	—	500.00
Aukakennsla í erlendum tungumálum	ca.	—	2300.00
Aukakennsla í vélritun	ca.	—	500.00
Aukakennsla í hraðritun (helmingur kostnaðarins, þar eð kennslan þarf aðeins að fara fram annað hvert ár)	ca.	—	775.00
	Samtals	kr.	22075.00

Kostnaður við kennslu í viðskiptafræði og hagfræði.

Ef gert er ráð fyrir kennslu bæði í viðskiptafræði og hagfræði, yrði í framtíðinni þörf á eftirtöldum kennslukröftum og kostnaðurinn því sem hér segir, þegar deildin væri tekin til fullra starfa:

3 prófessorar		kr.	24000.00
Aukakennsla í þjóðhagfræði og rekstrshagfræði	ca.	—	1000.00

Aukakennsla í atvinnulífssögu og -landafræði	ca.	kr.	500.00
Aukakennsla í erlendum tungumálum	ca.	—	2300.00
Aukakennsla í vélritun	ca.	—	500.00
Aukakennsla í hraðritun (helmingur kostnaðarins, þar eð kennslan þarf að fara fram annað hvert ár)	ca.	—	775.00
	Samtals	kr.	29075.00

Nd. 113. Breytingartillögur

við frumv. til laga um fjarskipti.

Frá samgöngumálanefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Í lögum þessum merkja orðin:
   Fjarskipti: það, sem nefnt er „Télécommunication“ í alþjóðafjarskiptasamningnum (Convention Internationale des Télécommunications, Madrid 1932), og þýðir hvers konar fjarflutning tákna, merkja, skriftar, mynda og alls konar hljóða eftir vírum, rafgeislum (radio) eða með öðrum kerfum eða aðferðum, hvort sem eru rafmagns eða sjónmerkja (semafor).
   Fjarskiptavirki: hvers konar taugar, tæki, tækjahluti, búnað o. þvl., sem er sérstaklega ætlað til að koma á fjarskiptum eða reka þau, hvort heldur er til sendingar, viðtöku eða til þess að flytja aðkomin merki áfram.
2. Við 10. gr. Greinin orðist svo:
   Póst- og símamálastjórnin annast framkvæmd á einkarétti ríkisins, sem í öðrum kafla getur, og hefur eftirlit með því, að gildandi alþjóðafyrirmælum, milliríkjasamningum, lögum, reglugerðum og fyrirmælum um fjarskiptamál sé fylgt, þar á meðal gildandi fyrirmælum til öryggis mannslífa á sjó, að því er snertir radiótæki í íslenzkum skipum og rekstur þeirra. Þó er undanskilin framkvæmd þeirra mála, sem ríkisútvarpinu, vitamálastjórninni og skipaskoðun ríkisins eru falin með sérstökum lögum.
3. Við 11. gr. Önnur og þriðja málsgr. („Nýjar landssímalínur“ ... og út greinina) falli burtu.
4. Við 12. gr. Önnur málsgr. falli burtu.
5. Við 28. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi. Falla þá jafnframt úr gildi:
   Lög nr. 12 20. okt. 1905, um ritsíma, talsíma o. fl.
   Lög nr. 25 16. nóv. 1907, um vernd ritsíma og talsíma neðansjávar.
   Lög nr. 35 20. okt. 1913, um ritsíma- og talsímakerfi Íslands.
   Lög nr. 82 14. nóv. 1917, um rekstur loftskeytastöðva á Íslandi.
   Lög nr. 83 14. nóv. 1917, um breytingar og viðauka við lög nr. 35 20. okt. 1913.
   Lög nr. 52 28. nóv. 1919, um viðauka og breytingar á lögum nr. 83 14. nóv. 1917.
   Lög nr. 35 15. júní 1926, um breyting á lögum nr. 52 28. nóv. 1917.
   Lög nr. 14 14. júní 1929, um breyting á lögum nr. 12 20. okt. 1905.
   Lög nr. 38 14. júní 1929, um breyting á lögum nr. 35 15. júní 1926 og lögum nr. 52 28. nóv. 1919.
   Lög nr. 36 28. jan. 1935, um breyting á lögum nr. 52 28. nóv. 1919.
   Lög nr. 31 1. febr. 1936, um loftskeytastöðvar í íslenzkum skipum.

Ed. 114. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 9. jan. 1935, um eftirlit með sjóðum, er fengið hafa konungsstaðfestingu á skipulagsskrá.

Frá Þorst. Þorsteinssyni og Sigurjóni Á. Ólafssyni.

Við 1. gr. Aftan með greinina bætist ný málsgrein:
Eftirlitsmenn skulu á ári hverju senda Alþingi og fjármálaráðuneytinu skýrslu um sjóði þessa.

Sþ. 115. Tillaga til þingsályktunar

um skipun milliþinganefndar um skólamál.

Flm.: Pálmi Hannesson, Bjarni Bjarnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa milliþinganefnd skólafróðra manna til þess að rannsaka kennslu- og uppeldismál þjóðarinnar og gera tillögur um skipun þeirra, þar sem stefnt sé að því að gera skólana sem hagfelldasta, samræma skólakerfið, ákveða betur en nú er starfssvið hinna ýmsu skóla og sambandið þeirra á milli.

Greinargerð.

Undanfarin ár hafa allmiklar umræður orðið um skólamál landsins. Margt hefur verið til mála lagt, eins og vænta má, en flestir virðast þó hallast að því, að gera verði skólanám hagfelldara en nú er það.

Ýmsar nýjungar í skólamálum og kennslu hafa verið reyndar, flestar eftir erlendum fyrirmyndum, en lítt mun hafa verið rannsakað, hversu vel þær hafi gefizt eða hvort ástæða sé til að taka þær upp sem fasta skipun í skólahaldi hér.

Skólakerfi landsins er hvergi nærri svo samfellt sem ýmsir telja æskilegt og annars staðar tíðkast. Hin síðari ár hafa vaxið upp skólar, sem ekki eru í eðlilegum tengslum við aðra skóla, og starfa þeir ekki undir eftirliti fræðslumálastjórnarinnar, nema þá að litlu leyti. Þá hefur eigi verið rannsakað, hvort þeir skólar, sem nú eru til í landinu, fullnægja fræðsluþörfinni. Af þessum ástæðum öllum þykir æskilegt, að kennslumálin verði tekin til rækilegrar rannsóknar af hæfum mönnum, er síðan geri tillögur til ríkisstjórnarinnar um þær endurbætur, er þeir telja nauðsynlegar.

Nd. 116. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 45 13. júní 1937, um dragnótaveiði í landhelgi.

Flm.: Pálmi Hannesson, Jón Pálmason, Stefán Stefánsson, Skúli Guðmundsson, Steingr. Steinþórsson, Gísli Guðmundsson.

1. gr.

Fyrsta málsgr. 1. gr. laganna orðist svo:
Innan íslenzkrar landhelgi skulu veiðar með dragnótum bannaðar ár hvert á tímabilinu frá 1. janúar til 1. júní og frá 1. sept. til 31. desember. Einnig eru dragnótaveiðar á skipum, sem eru að stærð 35 smálestir brúttó eða meira, bannaðar allt árið

Heimilt er sýslunefnd eða bæjarstjórn, með samþykkt, er birta skal í Lögbirtingablaðinu, að banna með öllu dragnótaveiðar innan afmarkaðra löggiltra hafnarsvæða í viðkomandi héraði.

2. gr.

Á eftir orðunum „möskvastærð dragnóta“ í 8. gr. laganna bætist: lengd dráttarlína.

3. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 26 12. febrúar 1940, um breyting á lögum nr. 45 13. júní 1937, um dragnótaveiði í landhelgi.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að dragnótaveiðar í landhelgi hafa löngum verið óvinsælar meðal sjómanna víða um land. Formælendur slíkra veiða hafa haldið því fram, að úr mundi rakna um óvinsældirnar, er tímar líða, en því fer þó fjarri, og hafa Alþingi því, er nú situr, borizt margar fundarsamþykktir og undirskriftaskjöl, er sýna þetta glögglega. Mest og almennust mun óánægjan þó vera fyrir norðan land, þar sem sótt er að mestu á innfjarðamið á opnum vélbátum og árabátum. Þeir, sem slíkan útveg stunda, telja dragnótina valda sér svo miklum búsifjum í aflatjóni og veiðarfæra, að til auðnar horfi um atvinnuveg þeirra, nema úr verði bætt.

Mörg rök hníga í þá átt, að með þeim ákvæðum, sem nú gilda, gangi dragnótin of nærri flatfiskastofninum við strendur landsins og væri þetta eitt ærin ástæða til þess, að friðun væri aukin. En fleira kemur til. Á fjörðum inni eru uppeldisstöðvar allra nytjafiska vorra, og er því augljóst mál, hvers virði það er, að þar sé eigi ránsveiði stundað. Með því fiskverði, sem verið hefur nú um sinn, hafa dragnótabátar gert litinn mun flatfiska og annarra, en sækja fast eftir hvers konar afla, sem fæst. Í fjörðunum er botni þannig farið, að víða má koma dragnót við, og þegar þar er þéttskipað dragnótabátum, má hver maður sjá, að af því leiðir hinn mesta ránskap, þar sem hvorki er þyrmt ungfiski né sézt fyrir um veiðivon þeirra manna, sem leita á sömu fiskistöðvar með öðrum og smátækari veiðarfærum.

Hér fara því saman almennir hagsmunir og nauðsyn þeirra manna, sem eiga afkomu sína undir sjósókn á innfjörðum.

Virðist einsætt, að Alþingi beri fullkomin skylda til að bæta hér úr með aukinni friðun fyrir dragnótaveiði í landhelgi, og felur frv. þetta í sér ákvæði um það.

Nd. 117. Frumvarp til laga

um viðauka við lög nr. 73 31. des. 1937, um gjaldeyrisverzlun o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að bankarnir skuli leggja hluta af þeim erlenda gjaldeyri, sem skilað er til þeirra, inn á biðreikninga í erlendri mynt og geyma hann þannig fyrir reikning eigenda gjaldeyrisins og á þeirra áhættu.

2. gr.

Ríkisstjórnin skipar fimm manna nefnd, er úrskurðar, hve mikill hluti gjaldeyrisins skuli keyptur af bönkunum og hve mikill hluti lagður á biðreikninga. Til-

nefna Landsbanki Íslands, Útvegsbanki Íslands h/f, stjórn Búnaðarfélags Íslands og stjórn Landssambands útgerðarmanna, hver fyrir sig, einn mann í nefndina, en einn skal skipaður af ríkisstjórninni án tilnefningar. Ríkisstjórnin skipar formann nefndarinnar.

Bankarnir kaupa ekki gjaldeyri fyrr en nefndin hefur fellt úrskurð samkvæmt næstu málsgrein hér á undan.

Ríkisstjórnin setur nefndinni reglur um það, hvernig hún skuli haga störfum sínum, eftir því sem ástæða þykir til.

3. gr.

Með reglugerð er heimilt að ákveða, að óheimilt sé að selja eða veðsetja innstæður á biðreikningum, sem myndaðar eru samkvæmt ákvæðum laga þessara, svo og að setja nánari reglur um, hvernig innstæðunum megi ráðstafa.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 118. Lög

um breyting á lögum nr. 65 19. júní 1933, um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 31. marz.)

Samhljóða þskj. 23.

Ed. 119. Lög

um breyting á lögum nr. 66 19. júní 1933, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma.

(Afgreidd frá Ed. 31. marz.)

Samhljóða þskj. 24.

Nd. 120. Lög

um breyting á lögum nr. 63 31. des. 1937, um tollheimtu og tolleftirlit.

(Afgreidd frá Nd. 31. marz.)

Samhljóða þskj. 2.

Nd. 121. Lög

um afnám laga nr. 25 9. jan. 1935, um viðauka við lög nr. 75 27. júní 1921, um stimpilgjald, og afnám 2. gr. laga nr. 91 11. júní 1938, um breyting á þeim lögum.

(Afgreidd frá Nd. 31. marz.)

Samhljóða þskj. 4.

Nd. 122. Lög

um viðauka við lög nr. 63 31. des. 1937, um tollheimtu og tolleftirlit.

(Afgreidd frá Nd. 1. apríl.)

Samhljóða þskj. 3.

Nd. 123. Þingsályktun

um undirbúning löggjafar um uppeldisstofnun fyrir vangæf börn og unglinga.

(Afgreidd frá Nd. 1. apríl.)

Samhljóða þskj. 101.

Ed. 124. Frumvarp til laga

um breyting á umferðarlögum, nr. 110 30. maí 1940.

Frá samgöngumálanefnd.

1. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Ökumenn skulu halda sig vinstra megin á akbraut, eftir því, sem við verður komið og þörf er á vegna annarrar umferðar. Þeir skulu víkja greiðlega til vinstri fyrir þeim, sem á móti koma, en hleypa fram fyrir sig á hægri hönd þeim, sem fram fyrir vilja.

2. gr.

Í stað orðsins „hægri“ á tveim stöðum í 1. málsgr. 7. gr. laganna komi: vinstri.

3. gr.

Í stað orðanna „halda sér hægra megin“ í 12. gr. laganna komi: halda sig vinstra megin.

4. gr.

Síðasta málsgr. 13. gr. laganna orðist svo:

Gangandi menn skulu halda sig vinstra megin á gangstétt og jafnan víkja til vinstri hver fyrir öðrum.

5. gr.

16. gr. laganna fellur burt.

6. gr.

Í stað „nr. 64 19. júní 1933“ í 17. gr. laganna komi: nr. 41 4. júní 1924.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Um ástæður þykir nægja að vísa í greinargerð, er fylgir frv. samgöngumálanefndar um breyting á bifreiðalögunum.

Ed. 125. Frumvarp til laga

um breyting á bifreiðalögum, nr. 75 7. maí 1940.

Frá samgöngumálanefnd.

1. gr.

a. Í stað „vinstri“ í 3. málsgr. 28. gr. laganna komi: hægri.
b. Í stað „hægri“ á tveim stöðum í sömu grein komi: vinstri.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Til samgöngumálanefndar var vísað frv. til laga um frestun á gildistöku bifreiðalaga, nr. 75 7. maí 1940, og umferðarlaga, nr. 110 30. maí 1940. Höfðu verið gefin út bráðabirgðalög þann 16. nóv. 1940, samhljóða frv. Bráðabirgðalög þessi voru gefin út vegna hernámsins, þar sem ófært þótti að taka upp „hægri akstur“ á meðan svo er ástatt í landinu sem nú. Nefndin mælti því með þessu frv. á sínum tíma, en við 2. umr. málsins kom fram sú skoðun, að óþarft kynni að vera að fresta gildistöku laga þessara í heild, þó ákvæðin um hægri akstur væru felld burt eða frestað. Nefndin tók því málið til nýrrar yfirvegunar og hefur rætt það við dómsmálaráðherra, vegamálastjóra og bifreiðaeftirlitsmennina Björn Blöndal Jónsson og Jón Ólafsson, og komizt að þeirri niðurstöðu, að rétt sé að láta bifreiðalögin og umferðalögin koma til framkvæmda með þeirri breytingu, að tekinn sé aftur upp vinstri handar akstur, þar sem í lögunum eru önnur ákvæði, sem þurfa að koma strax til framkvæmda, eins og t. d. breytingar á ökuhraða o. fl.

Ed. 126. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka á leigu skólahús, fundahús og þinghús í sveitum.

(Lagt fyrir Alþingi 1941.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka á leigu öll skólahús, fundahús og þinghús í sveitum til þess, ef þörf gerist, að gera þessi hús að dvalarstöðum fyrir börn úr kaupstöðum og kauptúnum.

2. gr.

Ef samkomulag næst ekki við hlutaðeigendur um leigu á húsum þeim, er um ræðir í 1. gr., er ríkisstjórninni heimilt að taka húsin leigunámi. Um framkvæmd leigunáms samkvæmt þessari grein skal farið eftir ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þar sem hugsanlegt er, að til átaka kunni að koma hér á landi, einkum í kaupstöðum og kauptúnum, milli hernaðaraðila í stórveldastyrjöldinni, þá telur ríkisstjórnin nauðsynlegt, að henni sé veitt heimild í lögum til þess að taka á leigu hús

þau, er í frumvarpinu greinir, með eða án samþykkis eigenda eða forráðamanna þessara húsa, til þess, ef nauðsyn krefur, að gera þau að dvalarstöðum fyrir börn úr kaupstöðum og kauptúnum.

Nd. 127. Breytingartillögur

við frv. til l. um utanríkisþjónustu erlendis og við brtt. á þskj. 106.

Frá allsherjarnefnd.

1. Framan við 1. gr. frv. kemur ný grein, sem verður 1. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkv. því, einnig í brtt. á þskj. 106):
   Með utanríkismál Íslands fer sérstakt ráðuneyti í Reykjavík, er nefnist utanríkisráðuneyti.
   Skrifstofustjóri utanríkisráðuneytisins sér um daglegan rekstur þess, ásamt öðrum embættismönnum, sem til þess eru skipaðir. Nánari fyrirmæli um starfsmenn og verkaskiptingu utanríkisráðuneytisins skulu sett í reglugerð.
2. Við brtt. 106, 10. Tillagan orðist svo:
   Fyrirsögn frv. verður:
   Frumvarp til laga um utanríkisráðuneyti Íslands og fulltrúa þess erlendis.

Nd. 128. Frumvarp til laga

um sandgræðslu Íslands og heftingu sandfoks.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Landbúnaðarráðherra hefur yfirumsjón sandgræðslumála, en forstjórn þeirra skal falin Búnaðarfélagi Íslands. Ráðherra skipar sandgræðslustjóra, með sérþekkingu á sandgræðslumálum, en hann skipar sandgræðslumenn og sandgræðsluverði eftir þörfum.

2. gr.

Heimilt er ráðherra, að fengnu áliti sandgræðslustjóra og Búnaðarfélags Íslands, að láta girða svæði, sem uppblástur getur stafað af, og vinna þar að sandgræðslu, til þess að koma í veg fyrir uppblástur og græða foksvæðin. Sandsvæðið skal tekið eignarnámi, samkvæmt lögum nr. 61 14. nóv. 1917, um framkvæmd eignarnáms. Meta skal fullar bætur fyrir afnotamissi og fyrir þá aðstöðuskerðingu til lífsbjargar, sem af slíkum ráðstöfunum stafar.

3. gr.

Úr landi jarða þeirra, er að sandgræðslusvæðum liggja, er heimilt að taka efni til afnota við sandgræðsluna, svo sem vatn, grjót, þara, þang, leir, fræ og annað, er við þykir þurfa. Þó má ekki taka efni þannig, að landspjöll verði að, nema brýna nauðsyn beri til. Eigandi lands eða notandi getur krafizt bóta eftir mati, ef samningar hafa ekki komizt á. Svo skal sandgræðslumönnum og heimil hagaganga fyrir hesta í beitilöndum, gegn sanngjörnu endurgjaldi.

4. gr.

Nú setur maður girðingar fast við sandgræðslugirðingu eða áfasta henni, og skulu þá hlið vera á þeim eigi fjær en 50 m, svo að vinna megi tálmunarlaust að sandgræðslugirðingunum og fara með þeim til eftirlits.

5. gr.

Sandgræðslugirðingar skulu vera sexþættar gaddavírsgirðingar, eða jafntryggar til vörzlu úr öðru efni, og að öðru leyti svo vandaðar að öllum frágangi, að þær séu vel fjárheldar að dómi Búnaðarfélags Íslands. Þeim skal vel við haldið og þess gætt, að undirhleðsla hafi ekki bilað. Rísi ágreiningur um það, hvort girðing uppfylli þessi skilyrði, sker hreppstjóri viðkomandi hrepps úr.

Sandgræðslugirðingar má ekki leggja yfir alfaraleið, nema önnur jafngóð sé fær, án þess bagalegur krókur verði að. Verði vegur eða alfaraleið að liggja gegnum sandgræðslugirðingu, skal hlið vera á girðingunni. Er skylt að loka þeim, enda sé þannig frá þeim gengið, að auðvelt sé að opna þau og loka. Ef hlið er skilið eftir opið, varðar það sektum allt að 50 kr. Að öðru leyti er umferð bönnuð um sandgræðslusvæði, nema með leyfi sandgræðslustjóra.

6. gr.

Ef girðing skaddast, skal sá, er þess verður var, skýra hreppstjóra tafarlaust frá skemmdunum, ef eftirlitsmanns nýtur eigi. Er hreppstjóra þá skylt að sjá um, að gert sé við girðinguna eins fljótt og unnt er. Verði hann þess var, að meðferð sandgræðslusvæðis sé ábótavant eða það skemmist af uppblæstri, skal hann gera sandgræðslustjóra aðvart svo fljótt sem verða má.

7. gr.

Nú selur ráðherra landsvæði það, sem tekið er eignarnámi, og skulu þá eigendur jarða þeirra, er land hefur áður fylgt, eiga forkaupsrétt á því. Noti einhver eigi forkaupsrétt sinn, skal við söluna fylgt ákvæðum laga nr. 55 15. júní 1926, um forkaupsrétt leiguliða.

8. gr.

Nú vill maður fá girt uppblásturssvæði í landareign sinni, og sendir hann þá Búnaðarfélagi Íslands beiðni um það og lætur fylgja ýtarlegar skýrslur um aðstæður allar. Lætur þá félagið sandgræðslustjóra athuga landið og gera tillögur um framkvæmd verksins, áætlun um kostnað og annað, sem að því lýtur, og tekur það síðan, að fram förnu mati á landsvæðinu, ákvörðun um málið. Kostnaður af girðingu, græðslu og viðhaldi svæðisins skal að ⅔ greiddur úr ríkissjóði, en ⅓ af landeiganda, og skal ábyrgð hrepps eða sýslunefndar fengin fyrir því, að landeigendur greiði sinn hluta kostnaðar. Arður af sandgræðslusvæðinu skal ganga upp í kostnað við sandgræðsluna, þar til afhending hefur farið fram samkvæmt 10. gr., enda hafi hvorki landeigandi né ábúandi umráðarétt eða afnota af landinu.

9. gr.

Falli niður greiðsla á gjaldi því, er landeiganda ber að greiða samkv. 8. gr., getur ráðherra látið taka foksvæðið eignarnámi samkvæmt 2. gr. fyrir matsverðið, að viðbættu því, er landeigandi hefur greitt til sandgræðslunnar.

10. gr.

Þegar sandfokið er heft og landið fullgróið, fær landeigandi umráð yfir því. Skylt er þó landeiganda að hlíta þeim reglum um notkun þess, sem settar verða til varnar því, að uppblástur byrji að nýju. Landeigandi eignast þá girðinguna, en er skyldur til þess að halda henni við á sinn kostnað, þangað til sandgræðslustjórnin gefur leyfi til að taka hana upp og fullvíst þykir, að algerlega sé tekið fyrir alla hættu af uppblæstri, allt samkvæmt samningi, er um það skal gerður.

11. gr.

Nú byrjar uppblástur að nýju, eftir að landeigandi hefur aftur fengið svæðið til umráða og afnota samkvæmt 10. gr., og er honum þá skylt að græða það aftur á sinn kostnað, nema hann sanni, að uppblásturinn sé ekki meðferð hans eða vanrækslu að

kenna. Vanræki hann nauðsynlegar aðgerðir til varnar uppblæstri, hefur sandgræðslustjórnin rétt til þess að láta vinna verkið á hans kostnað, eða taka landið eignarnámi, ef þörf gerist.

12. gr.

Hvar þess, er því verður við komið, skal kappkostað að koma upp skógi og kjarri í sandgræðslulöndum eins fljótt og kostur er á, og fer um það samkv. áætlun, er Búnaðarfélag Íslands gerir í ársbyrjun, eftir að hafa leitað álits Skógræktar ríkisins, og að öðru leyti samkvæmt reglum, er landbúnaðarráðherra kann að setja.

13. gr.

Komist búfénaður inn á sandgræðslusvæði, sem afgirt er með fullgildri og ógallaðri sandgræðslugirðingu, skal sandgræðslustjóri tilkynna það eigendum fénaðarins. Komist sömu skepnur þrásinnis inn á svæðið og verði göllum á girðingu eigi um kennt, getur sandgræðslustjóri krafizt, að viðkomandi hreppstjóri láti lóga skepnunum og komi afurðum þeirra í verð, eftir því sem fært er. Sandgræðslan greiði síðan þann mismun, sem á kann að vanta, að eigandi fái fullt verð. Rísi ágreiningur, skal úr honum skorið með mati tveggja dómkvaddra manna.

14. gr.

Nú eyðist gróðurlendi býla eða afrétta, og skal þá sandgræðslustjóri athuga, af hverju skemmdirnar stafa. Álíti hann þær stafa frá ofbeit og örtröð fénaðar, gerir hann Búnaðarfélagi Íslands aðvart um það. Skal þá Búnaðarfélag Íslands tafarlaust láta kveðja til fundar eigendur og umráðamenn landsins, og skal á þeim fundi tekið fyrir, hvort gera skuli ítölu í landið eða aðrar ráðstafanir til úrbóta. Nú telur Búnaðarfélag Íslands þær ráðstafanir, sem fundurinn vill gera, ekki tryggilegar, og er því þá skylt að láta fara fram athugun að nýju, og ef hún leiðir í ljós, að nauðsynlegt sé að gera ítölu í landið, skal það gert.

15. gr.

Nú skal ítala gerð í land, og gerir þá búnaðarmálastjóri ráðstafanir til þess, að metið verði, hve margt búfjár landið geti borið, til þess að tryggt sé, að það nái að gróa. Nefnir sýslumaður einn mann, er stjórnar matinu og heldur gerðabók, stjórn Búnaðarfélags Íslands annan og hreppsnefnd hinn þriðja, en farist fyrir, að hún nefni mann að sínum hlut, kveður sýslumaður kunnugan mann í hans stað. Síðan meta þeir búfjárítölu býla á landsvæðinu, og er skylt að hlíta því mati. Afl atkvæða ræður úrslitum. Mati þessu má innan fjögurra vikna frá tilkynningu til hlutaðeigenda skjóta til yfirmats þriggja óvilhallra manna, er sýslumaður kveður, en þeir nefna sér oddamann úr sínum hópi. Kostnaður af mati greiðist úr ríkissjóði. Sá, er krefst yfirmats, greiði kostnað af því, nema matinu sé breytt honum í vil, en þá greiðist kostnaðurinn úr ríkissjóði. Verði ítala býlis það lág, að matsmenn telji það eigi lífvænlegt til ábúðar, getur eigandi krafizt, að ríkið taki það eignarnámi, ef samningar nást eigi. Fer um mat á skaðabótum samkvæmt ákvæðum 2. gr. Nýs ítölumats má krefjast, ef land spillist, en ella á þriggja fardaga fresti, og fer um greiðslu kostnaðar af því sem áður segir. Ætíð skal gefa bændum á hlutaðeigandi býlum kost á að vera viðstaddir mat og bóka skýrslur þeirra og tillögur.

Á sama hátt skal meta ítölu í afrétt, þó svo, að fjallskilanefnd metur ítölu sveitabýla á milli.

Hreppstjóri skal hafa eftirlit með, að ákvæðum þessarar greinar sé hlýtt, og kynna sér nákvæmlega ásetning búfjár haust hvert á býlum þeim, er ítalan nær til.

16. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum til ríkissjóðs, 50—1000 krónum, sbr. þó 5. gr., nema þyngri hegning liggi við að öðrum lögum. Með mál út af þeim skal farið sem almenn lögreglumál. Numin eru úr gildi lög nr. 45 20. júní 1923 og lög nr. 25 31. maí 1927.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt ósk landbúnaðarráðherra, sem lét endurskoða sandgræðslulögin nú í vetur. Frumvarpið var síðan lagt fyrir búnaðarþing, sem mælti með samþykkt þess.

Landbúnaðarnefnd hefur gert nokkrar breytingartillögur við frv. eins og það var afgreitt frá búnaðarþingi. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til þess að bera fram breytingartillögur við frumvarpið.

Svo hljóðandi greinargerð fylgdi frumvarpinu frá nefnd þeirri, er undirbjó það í fyrstu. Greinargerð þessi er samin af sandgræðslustjóra.

Skrá yfir sandgræðslugirðingar og stærð þeirra.

1.	Gullbringusýsla:	
	a. Hafnahreppur	5963 ha.
	b. Miðneshreppur	30 —
2.	Árnessýsla:	
	a. Selvogshreppur	360 —
	b. Selv. og Ölfushr.	7797 —
	c. Eyrarbakkahreppur	186 —
	d. Sandvíkurhreppur	24 —
	e. Villingaholtshreppur	65 —
	f. Skeiðahreppur, 2 girðingar	265 —
3.	Rangárvallasýsla:	
	a. Holtahreppur, 2 girðingar	480 —
	b. Landmannahreppur, 5 girðingar	3933 —
	c. Rangárvallahreppur, 5 girðingar	6012 —
	d. Hvolhreppur	15 —
	e. Djúpárhreppur	2720 —
	f. Vestur-Landeyjahreppur	2043 —
	g. Austur-Landeyjahreppur	56 —
4.	Vestur-Skaftafellssýsla:	
	a. Dyrhólahreppur	126 —
	b. Hvammshreppur	12 —
	c. Leiðvallahreppur	113 —
	d. Kirkjubæjarhreppur	45 —
5.	Barðastrandarsýsla:	
	a. Rauðasandshreppur (Sauðlauksdalur)	55 —
6.	Norður-Ísafjarðarsýsla:	
	a. Hólshreppur (Bolungavík)	143 —
7.	Suður-Þingeyjarsýsla:	
	a. Bárðdælahreppur, 2 girðingar	29 —
8.	Norður-Þingeyjarsýsla:	
	a. Kelduneshreppur	625 —
	b. Öxarfjarðarhreppur	1942 —
	c. Presthólahreppur (Kópasker)	16 —
		Samtals 33055 ha.

Eins og sést af þessari skrá, hefur sandgræðsla verið rekin í 37 girðingum. Þær eru í 25 hreppum í 8 sýslum. Auk þess hefur sandgræðslan sett upp 3 girðingar, sem ekki hafa verið beinlínis sandgræðslugirðingar, og hefur ein af þeim verið tekin upp.

Hve margir einstaklingar eiga land í þessum sandgræðslugirðingum, er mér ekki fullkunnugt um, en í sumum girðingunum er land frá mörgum býlum. Í sandgræðslugirðingunni í Djúpárhreppi eiga sennilega um 40 búendur land, og víða annars staðar

eru allmargir eigendur að sandgræðslusvæðunum. Margir af landeigendum vilja ráða rekstri sandgræðslunnar og telja sig eiga rétt til afnota af sandgræðslusvæðum, t. d. bæði til slægna og beitar. Það ber oft við, að einstaklingar geta ekki lagt fram það fé, sem nauðsynlegt er til aðkallandi framkvæmda á sandgræðslusvæðunum, verður því að fresta ýmsu því, sem að græðslunni lýtur, en það tefur fyrir verkinu og gerir kostnaðinn meiri. Það er oft mikill hnekkir og mjög bagalegt, að sandgræðslustarfsemin er ekki sjálfstæð og óháð einstaklingum, nema á fáum stöðum. Ríkið ætti helzt að eiga allar sandgræðslustöðvarnar, svo að hægt væri að haga verkum á þann hátt, sem hagkvæmast er og kemur að beztum notum.

Sandgræðslusvæðin þurfa að vera friðuð. Friðunin er fyrsta skilyrðið til þess, að sáning og aðrar verklegar framkvæmdir komi að tilætluðum notum. Gróðurinn í sandgræðslugirðingunum er mjög ljúffengur og kjarnmikill; þetta finnur fénaðurinn. Bændur taka líka eftir því, að fénaður, sem gengur inni á sandgræðslusvæðunum, ber af öðrum fénaði sökum holda og vænleika. Það er því freistandi fyrir bóndann að halda í þær ær, sem eru duglegar að komast inn í sandgræðslugirðingar. Lömbin þeirra eru allt að helmingi vænni, þau þrífast á kjarnmiklum gróðri í girðingunum. Það er nokkuð annað en landið fyrir utan, sem er þrautvalið og allt nagað, sem ætilegt er. Það er því eitt það örðugasta við sandgræðsluna að geta friðað sandgræðslusvæðin fyrir fénaði og fólki.

Það er svo um marga bændur, að þeir hafa alizt upp við það að láta fénaðinn lifa af landinu, þó að landið fari í örtröð og fénaðurinn dragist fram arðlítill, og er því auðskilið, að þeim finnst það meinbægni að mega hvorki slá né beita sandgræðslugirðingarnar, sem oft eru með blómlegum gróðri. Og þetta er ef til vill land, sem þeir telja sig hafa rétt á, hafa átt það eða haft það til leigu. Slægjur fá þeir reyndar, ef um þær er að ræða, en eiga að borga fyrir þær t. d. 50 aura fyrir hestburðinn, en beitin er þeim bönnuð. Þeir eiga bágt með að skilja, að smálömb, sem þá langar til að fá betri vigt í að haustinu, geri skaða, þó að þeim sé lofað að vera í girðingunum rétt á meðan þau eru að taka batanum. Það er þá ekki heldur ónýtt, ef kindurnar eru svo færar að vorinu að geta komið sér inn í sandgræðslugirðingarnar; þar eru „lífsgrösin", og þar er rollunum borgið, þó að þær kunni að vera hálfþunnar.

Að öllu þessu athuguðu er það ekki hagsýni frá bæjardyrum bóndans séð að lóga blessuðum skepnunum, sem hafa vit á að bjarga sér og fara inn á sandgræðslusvæðin, ekki sízt ef þær eru svo fimar að geta stokkið yfir girðingarnar, því að þá er líka sagt, að girðingarnar séu ekki fjárheldar.

Það eru þrjú atriði, sem þarf að taka alvarlega til athugunar, ef á að reyna að verja landið fyrir áframhaldandi eyðileggingu af sandfoki og uppblæstri. Þessi atriði eru:

1. Það þarf að takmarka beitina á sandsvæðunum, því að þar, sem landið er sandrunnið og jarðvegurinn blandaður vikri og ösku, þurr og bindiefnalaus, blæs landið upp, ef það verður fyrir örtröð af fénaði sökum beitar og umferðar, sem eyðileggur gróður og grassvörð. Í landinu má ekki vera fleiri fénaður en bæði landi og fénaði sé hæfilegt. Að græða foksvæði og sjá landið eyðileggjast við sandgræðslugirðingarnar af örtröð, er vonlítið verk.
2. Sandgræðslusvæði, sem girt eru og græða á, verða að vera friðuð; það er ekki hægt að segja, hvað ein kind, sem gengur inni í sandgræðslugirðingu, getur valdið miklu tjóni á stuttum tíma. Það fer t. d. ekki mikið fyrir fræplöntum úr hverjum einum fræsekknum, en hann kostar peninga, og vinnan við að sá kostar líka fé. Fái fræið að vera í friði, margfaldast það í sandgræðslugirðingunum, en sé það troðið upp eða étið, þá kemur það ekki að neinu gagni. Það er ekkert nema kostnaður og hugraun fyrir þá, sem að því vinna, og það skapar vantrú á því verki, sem verður gagnslaust fyrir mistök, en gæti orðið að góðu gagni, ef rétt væri með farið.
3. Til þess að sandgræðslan sé rekin á réttan hátt, þarf ríkið að eiga sandgræðslusvæðin. Efnahagur flestra bænda er svo þröngur, að það eru fáir af þeim, sem

eru svo vel stæðir, að þeir geti misst nokkuð af bújörðum sínum um áratugi, án þess að fá nokkurn arð af landinu, en verða auk þess að leggja mikið til girðinga og græðslu ⅓ af kostnaði. Að verja landið fyrir uppblæstri og sandfoki er hagsmunamál ríkisins, það á að kosta sandgræðsluna af ríkinu og ríkið á að eiga sandgræðslusvæðin, sem girt eru. Séu þau ekki gerð að ræktuðu landi og byggð, ætti að gera þau að skóglendi. Skógurinn tryggir framtíð gróðursins. Sé landið afhent bændum og verði það fyrir líkum beitarágangi og áður eyðilagði það, má búast við, að uppblásturinn byrji aftur. Hér verður að verða stefnubreyting, friðun lands og ræktun, í staðinn fyrir rányrkju, beitarörtröð, uppblástur og sandfok. Bændurnir verða að læra að búa á litlu ræktuðu landi og hafa fáan, en vel fóðraðan fénað, í staðinn fyrir margan, en arðlítinn beitarfénað, sem lifir á óræktuðu landi og kemur því í auðn.

Við einstakar greinar skal bætt þessum athugasemdum:

Við 1. gr. Það er sýnt, að fjölga verður sandgræðslumönnum eftir því, sem sandgirðingum fjölgar, og má í því efni benda á, að á næstu árum má búast við, að tekið verði talsvert af afréttarlöndum til græðslu, sérstaklega á mæðiveikisvæðinu. Reynslan sýnir, að ekki verður komizt hjá að hafa eftirlitsmenn, sandgræðsluverði, með girðingum í sem flestum sveitum, og verður þá að greiða þeim einhverja litla þóknun.

Við 2. gr. Með þessari grein er gerð sú höfuðbreyting, að ríkið tekur sandgræðsluna í sínar hendur, í stað þess að samkvæmt núgildandi lögum er ætlazt til þess, að einstaklingurinn hafi þar að frumkvæði. Hefur það einatt reynzt töluverðum erfiðleikum bundið og eigi ósjaldan orðið að beita hálfgerðri nauðung. En það, sem þó sérstaklega vakir fyrir sandgræðslustjórninni, er, að sjálfsagt virðist að klæða sandgræðslusvæðin skógi og kjarri, með því að það flýtir mest fyrir myndun jarðvegs, en eigi landeigendur að taka þátt í þeirri starfsemi, mætti búast við, að tillög þeirra yxu eftir því, sem landið greri, og gæti það komið ónotalega við. Hins vegar virðist ekkert sennilegra en að ríkið eignist skóglendur og sjái um rækt þeirra og viðhald, enda sú stefna orðin ríkjandi víða í löndum.

Við 3.—7. gr. Hér er að mestu fylgt ákvæðum núgildandi laga.

Við 8. gr. Nauðsynlegt að landið sé metið, áður en sandgræðsla byrjar.

Við 9.—11. gr. Að mestu samkvæmt núgildandi sandgræðslulögum.

Við 13. gr. Þessi grein er nauðsynlegt nýmæli, því fé sækir afar mikið í sandgræðsluland og getur á skammri stundu eyðilagt feikimikið af nýgræðingi. Virðist enginn vegur til að verjast því annar en sá, að sandgræðslustjóri hafi vald til að hirða féð og ráðstafa því, enda það í samræmi við forn lög. Hins vegar er forðazt að nota harðræði, nema þráa sé beitt eða um meingripi sé að ræða, en þeir hafa jafnan verið taldir réttlitlir í landi hér.

Við 14. gr. Því miður ber enn talsvert á því, að hagar og afréttir spillist sakir ofbeitar, og það svo, að til auðnar horfir, og það jafnvel í sumum góðsveitum. Gegn því virðist ekki annað ráð tiltækilegra en að takmarka ásetning hrossa, sauðfjár og geitna með hæfilegri ítölu í uppblásturslönd, eins og nú má gera býla í milli. Að því er snertir opinberar jarðeignir virðist og einsætt að beita 27. gr. ábúðarlaganna um útbygging af jörð, ef landi er spillt með ofbeit og ekki fæst um bætt.

Nd. 129. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 99 11. júní 1938, um fiskveiðasjóð Íslands.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Tilgangur fiskveiðasjóðs Íslands er að styðja fiskveiðar Íslendinga, einkum báta-útveginn, með hagkvæmum stofnlánum til skipa, fiskverkunarstöðva og verksmiðja til vinnslu úr sjávarafurðum.

2. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

A. Stofnfé sjóðsins er:

1. Eignir fiskveiðasjóðs Íslands og skuldaskilasjóðs vélbátaeigenda, eins og þær eru nú.
2. Tillag úr ríkissjóði, ein milljón króna, samkvæmt lögum nr. 99 11. júní 1938.

B. Tekjur sjóðsins eru:

1. Hundraðsgjald af útfluttum sjávarafurðum samkv. lögum nr. 47 19. maí 1930, um fiskveiðasjóðsgjald.
2. Helmingur þess útflutningsgjalds, sem ríkissjóður tekur árlega af hvers konar sjávarafurðum.
3. Vextir.

3. gr.

Í stað orðanna „1½ milljón“ á tveim stöðum í 3. gr. laganna komi: 4 milljónum.

4. gr.

Í stað orðsins „fiskafurðir“ í lok 4. gr. laganna komi: sjávarafurðir.

5. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Út á ný skip með nýjum vélum má lána allt að helmingi virðingarverðs. Ef einnig er um aukatryggingar að ræða, sem sjóðsstjórnin metur gildar, má lána allt að ¾ virðingarverðs, sé skipið smíðað hér á landi.

Um lán út á skip eldri en eins árs fer eftir ákvörðun sjóðsstjórnarinnar í hvert skipti.

Lengsti lánstími samkv. a-lið 4. gr. er 15 ár.

6. gr.

Upphaf 7. gr. laganna orðist svo:

Vextir af lánum fiskveiðasjóðs skulu vera 4% — fjórir af hundraði.

7. gr.

Fyrir „Ákvæði 12., 13. og 14. gr.“ í 15. gr. laganna komi: Ákvæði 11., 12., 13. og 14. gr.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og eru jafnframt úr gildi felld lög nr. 17 12. febr. 1940, um breytingar á lögum nr. 99 11. júní 1938, um fiskveiðasjóð Íslands.

9. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 99 11. júní 1938 og gefa þau út svo breytt sem lög um fiskveiðasjóð Íslands.

Greinargerð.

Fiskveiðasjóður Íslands var stofnaður með lögum 10. nóv. 1905. Stofnfé sjóðsins var ákveðið 100000 kr., sem ríkissjóður greiddi. Aðrar tekjur stofnsjóðs skyldu vera ⅓ af sektarfé fyrir landhelgisbrot og ⅓ af andvirði upptæks afla og upptækra veiðarfæra vegna landhelgisbrota. Auk stofnfjárins skyldi fiskveiðasjóður fá árlegt gjald úr ríkissjóði, 6000 kr.

Samkv. lögunum frá 1905 var tilgangur sjóðsins nokkru víðtækari en síðar varð, skv. lögunum frá 1930 og 1938. Aðaltilgangurinn var að sönnu sá sami: að efla fiskveiðar og sjávarútveg landsmanna með hagkvæmum lánum til skipakaupa. En auk þess mátti lána til veiðarfærakaupa, styrkja efnilega menn til þess að kynna sér veiðiaðferðir annarra þjóða og hagnýtingu sjávarafurða, og loks að veita verðlaun fyrir afburða atorku á sviði fiskveiðanna og fyrir nýjungar á þeim sviðum.

Árið 1907 var með lögum stofnuð sérstök lánadeild við fiskveiðasjóð. Henni skal stjórnað af tveim mönnum, er ríkisstjórnin skipaði. Í þessum lögum er fyrst skipað fyrir um hámark lána úr fiskveiðasjóði. Mátti það vera 50% af vátryggingarupphæð veðsins, þó ekki yfir 40 þús. kr. út á eitt skip. Lengsti lánstími skyldi vera 15 ár.

Árið 1930 voru samþ. ný lög fyrir fiskveiðasjóð og lögin frá 1905 og 1907 felld úr gildi. Þá var stofnfé sjóðsins aukið um eina milljón króna, sem ríkissjóður skyldi leggja fram. Jafnframt voru samþykkt lög um sérstakt útflutningsgjald, er falla skyldi fiskveiðasjóði. Gjald þetta, fiskveiðasjóðsgjaldið, er ⅛% af öllum útfluttum sjávarafurðum.

Með fiskveiðasjóðslögunum frá 1930 var hámark lána lækkað frá því, sem var í gömlu lögunum. Mátti nú ekki lána hærri upphæð en 30 þús. kr. til sama lántakanda, hversu mörg skip sem hann byggði eða keypti, nema ef lántakandi var samvinnufélag fiskimanna. Þá mátti lána allt að 30 þús. kr. út á hvert skip.

Þegar fiskveiðasjóður tók til starfa eftir lögunum frá 1930, voru eignir hans kr. 697856.30. Á þeim 10 árum, sem síðan eru liðin, hafa eignir sjóðsins aukizt eins og hér segir:

1. Framlag ríkissjóðs	kr.	96000.00
2. Fiskveiðasjóðsgjald	—	470113.26
3. Sektarfé fyrir landhelgisbrot	—	1381.13
4. Innheimt af lánum skuldaskilasjóðs vélbátaeigenda	—	450358.90
5. Arður af rekstri sjóðsins	—	506405.66
	Samtals kr.	1524258.95

Af tekjuliðum þessum eru tveir sérstaklega athyglisverðir. Annar þeirra er það, sem innheimzt hefur af lánum skuldaskilasjóðs vélbátaeigenda. Það er nær því þriðjungur af eignaaukningu sjóðsins síðustu 10 árin og mega teljast óvæntar tekjur. Hinn liðurinn er framlag ríkissjóðs, sem átti að vera ein milljón króna, en af þeirri fjárhæð hefur ekki greiðzt nema 96 þúsundir. Vegna skorts á rekstrarfé varð sjóðurinn að taka einnar millj. kr. lán í Danmörku. Lán þetta er með 6% vöxtum. Hefur það valdið miklum örðugleikum bæði fyrir rekstur sjóðsins og skuldunauta hans, að sjóðurinn varð að starfa með dýru lánsfé.

Sjávarútvegsnefnd hefur nú unnið að því, að sjóðurinn fái greidda skuld sína frá ríkissjóði. Má telja það útkljáð, að greiðslan fari fram fyrir 1. júní næstk. á þann hátt, að ríkið taki að sér greiðslu þess, sem eftir er af danska láninu, d. kr. 416666.67, en eftirstöðvarnar verði greiddar í peningum.

Í árslok 1940 voru eignir fiskveiðasjóðs samtals kr. 2222115.25. Þá voru liðin 35 ár frá stofnun hans. Vöxtur sjóðsins hefur því verið mjög hægfara, og skortir mikið á, að hann rísi undir því hlutverki að sjá útgerðinni fyrir stofnlánum eftir þörfum.

Tildrög þessa frumvarps, er sjávarútvegsnefnd flytur, eru þau, að á fundi nefndarinnar 6. marz síðastl. lagði einn nefndarmanna, Sigurður Kristjánsson, fram frumvarp um breytingar á fiskveiðasjóðslögunum og óskaði, að nefndin flytti það. Ræddi nefndin það á nokkrum fundum, og voru nefndarmenn á einu máli um það, að efni þess þyrfti að komast í lög nú þegar. Að lokum samþykktu allir nefndarmenn, að nefndin flytti frumvarpið í þeirri mynd, sem það nú er. En tveir nefndarmanna, þeir Gísli Guðmundsson og Jón Ívarsson, áskilja sér rétt til að bera fram breytingar við ákvæði 2. gr. um tekjuöflun til sjóðsins, og við 6. gr. (útlánsvextir).

Höfuðbreytingin, sem frv. þetta gerir á gildandi lögum, er um auknar tekjur fyrir sjóðinn. Stofnlánaþörf sjávarútvegsins hlýtur að verða stórum meiri að stríðinu loknu heldur en hún er nú. Veldur þar miklu, að endurnýjun og eðlileg aukning fiskveiðaflotans hlýtur að tefjast verulega, meðan ófriðurinn varir, og að verðlag hefur breytzt stórlega til hækkunar. Örðugt verður eflaust og dýrt að fá erlend lán til skipakaupa fyrstu árin eftir ófriðinn. Virðist nefndinni því, að ekki megi dragast, að ráðstafanir verði gerðar til þess, að unnt sé að fullnægja lánsþörfinni innan lands.

Önnur mikilvægasta breytingin, sem frv. gerir á núgildandi lögum, er sú, að vextirnir lækka úr 5½% í 4%. Lán til skipasmíða verða að greiðast á stuttum tíma, sökum þess að skipin fyrnast fljótt. En af þessu leiðir, að lánin hvíla þungt á lántakanda. Úr því er ekki unnt að draga með öðru en lágum vöxtum.

Útlánsvextir fiskveiðasjóðs voru 5% fram til 1930. Þá voru þeir hækkaðir í 6¼% auk 1% lántökugjalds. Árið 1938 voru útlánsvextir lækkaðir í 5½% og lántökugjaldið afnumið.

Ein breytingin, sem frv. gerir á núgildandi lögum, er sú, að lengsti lánstími til skipa er lengdur úr 12 árum í 15 ár. Má sá lánstími teljast mjög hóflegur, þegar þess er gætt, að skip þau, sem smíðuð eru hér á landi, eru yfirleitt mjög vönduð, bæði að efni og vinnu.

Þess skal að lokum getið, að sjávarútvegsnefnd hafði frv. Péturs Ottesens, þm. Borgfirðinga, til hliðsjónar, er hún gekk frá frumvarpi þessu, og hefur tekið inn í þetta frv. þau atriði þess, er hentaði.

Fylgiskjal.

Lánveitingar Fiskveiðasjóðs Íslands.

Á tímabilinu 1. jan. 1931 til 31. des. 1940 (10 ár) hafa verið veitt lán úr sjóðnum að upphæð samtals kr. 3635572.00.

Lánveitingar þessar skiptast þannig eftir héruðum:

Reykjavík	kr.	268000.00
Hafnarfjörður	—	173300.00
Ísafjörður	—	325000.00
Siglufjörður	—	83300.00
Akureyri	—	142600.00
Neskaupstaður	—	213960.00
Seyðisfjörður	—	50400.00
Vestmannaeyjar	—	462900.00
Gullbringusýsla	—	480650.00
Borgarfjarðarsýsla	—	339400.00
Snæfellsnessýsla	—	91000.00
Barðastrandarsýsla	—	109700.00
Vestur-Ísafjarðarsýsla	—	133950.00
Norður-Ísafjarðarsýsla	—	100300.00
Strandasýsla	—	31540.00

Skagafjarðarsýsla	kr.	25000.00
Eyjafjarðarsýsla	—	243100.00
Þingeyjarsýslur	—	147762.00
Norður-Múlasýsla	—	19810.00
Suður-Múlasýsla	—	162100.00
Skaftafellssýsla	—	15000.00
Árnessýsla	—	16800.00
	Samtals kr.	3635572.00

Á sama tíma hafa verið afskrifuð töp á útlánum, samtals kr. 12063.83.

Ed. 130. Nefndarálit

um frv. til laga um byggingu sjómannaskóla.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin er sammála um, að ekki megi lengur dragast, að sett verði lög um byggingu sjómannaskóla, og að einskis verði látið ófreistað um, að byggingunni verði hraðað svo sem verða má.

Eftir að hafa leitað umsagnar skólastjóra stýrimannaskólans um einstakar greinar frumvarpsins og aflað sér þeirra upplýsinga, sem kostur var á án þess að tefja málið, leggur nefndin til, að við frv. verði gerðar eftirfarandi

BREYTINGAR.

1. Við 2. gr.
   a. Í stað „fimm manna“ komi: sjö manna.
   b. Aftan við greinina bætist: Enn fremur eiga sæti í nefndinni: skólastjóri stýrimannaskólans, vélstjóraskólans og forstöðumaður loftskeytaskólans.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Byggingarnefnd skal þegar láta gera uppdrætti að skólahúsi. Jafnframt skal hún gera tillögur um skólastað, og sé sérstakt tillit tekið til þess, að nægilegt landrými verði fyrir framtíðarþarfir skólans. Athuga skal nefndin möguleika um heimavist í byggingunni fyrir hæfilegan nemendafjölda og í því sambandi kennslu fyrir matsveina. Atvinnumálaráðherra staðfestir teikningu, úrskurðar skólastað og önnur fyrirkomulagsatriði, ef ágreiningur verður innan nefndarinnar. Undirbúningi samkvæmt þessari grein skal vera lokið fyrir 1. sept. 1941.
3. Við 4. gr. Í stað „100 þús.“ komi: 300 þús.
4. Við 5. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
   Byggingarnefnd og síðar skólastjórn o. s. frv.

Alþingi, 2. apríl 1941.

Ingvar Pálmason, form., frsm.	Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr.	Jóhann Þ. Jósefsson.

Ed. 131. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 32 8. sept. 1931, um búfjárrækt.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Aftan við 11. gr. laganna komi tvær nýjar greinar, sem verði 12. og 13. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatalan á eftir samkv. því):

A. (12. gr.). Heimilt er 6 eða fleirum nautgriparæktarfélögum að stofna með sér samband, ef þau hafa á sambandssvæðinu 1000 kýr eða fleiri, og setja sér samþykktir og starfsreglur eftir fyrirmynd, er Búnaðarfélag Íslands gefur. Í samþykktum sé, meðal annars, ákveðið sameiginlegt eftirlit félaganna og upplýsingastarfsemi um beztu kynstofnana, að fitumælingar séu eigi færri en 6, að auk venjulegrar ættfærslu nautgriparæktarfélaganna sé haldin spjaldskrá um allar kýr, sem gefa yfir meðaltalsfitumagn og nythæð.

B. (13. gr.). Sambönd þau, sem um ræðir í 12. gr., njóta styrks úr ríkissjóði, sem nemur einni krónu á hverja reiknaða árskú innan sambandsins, ef það fullnægir eftirgreindum skilyrðum:

a. Haldi starfsmann, er lokið hefur prófi við búnaðarháskóla, eða aflað sér fræðslu í búfjárrækt og sannað við prófraun, er Búnaðarfélag Íslands ákveður og annast.

b. Að starfsmaður þessi hafi, auk forstöðu sinnar um eftirlit nautgriparæktarfélaganna, umsjón með starfandi fóðurbirgðafélögum á svæðinu, í samráði við Búnaðarfélag Íslands.

c. Hlýði bendingum ráðunauts Búnaðarfélags Íslands í nautgriparækt um eldi nautkálfa af beztu kynstofnunum og gefi kost á þeim til sölu úr héraði með sanngjörnu verði, að því leyti sem ekki er þörf fyrir þá innan sambandsins.

2. gr.

36 gr. laganna, sem verður 38. gr., orðist svo:

Ríkið skal stofna uppeldisstöð fyrir stóðhesta og lætur starfrækja hana undir umsjón og eftirliti Búnaðarfélags Íslands. Uppeldisstöðin skal starfrækt samkvæmt reglugerð, sem Búnaðarfélag Íslands setur og landbúnaðarráðherra staðfestir.

Þegar komið hefur verið upp tilraunabúi búfjárræktar undir umsjón atvinnudeildar háskólans, skal starfrækja uppeldisstöðina á því búi, ef aðstaða leyfir.

Ef hrossaræktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands þekkir stóðhest, eldri en fjögurra vetra, sem eftir því sem vitað verður er ágætur kynbótagripur, og eigandi hans hefur ekki ástæður til að halda hann graðan, en fær ekki kaupanda að honum sem kynbótahesti, eða að hesturinn þykir svo ágætur, að sérstaklega þurfi að tryggja framtíð hans sem kynbótahests, þá er landbúnaðarráðherra rétt að láta kaupa hann fyrir ríkissjóðsfé, enda hafi hrossaræktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands mælt með kaupunum. Skal þá Búnaðarfélag Íslands ráðstafa honum á sama hátt og öðrum stóðhestum ríkisins.

3. gr.

37. gr. laganna, sem verður 39. gr., orðist svo:

Búnaðarfélag Íslands sér um, að sýningar á hrossum fari fram á öllu landinu á þrem árum, og sé landinu skipt í þrjú sýningarsvæði.

Sýningar þessar skulu vera tvenns konar, sveitasýningar og héraðssýningar, og haldnar sama árið á hverju svæði. Aðilar að framkvæmd þeirra eru:

1. Búnaðarfélag Íslands, er fer með framkvæmd búfjárræktarlaganna og leggur til oddamann í dómnefnd á héraðssýningarnar, sem skal vera ráðunautur þess í hrossarækt, nema forföll banni, og skipar það þá annan mann í hans stað.

2. Búnaðarsambönd, sem:
   a. í samráði við ráðunaut Búnaðarfélags Íslands í hrossarækt annast um og ákveða, hve margar sveitasýningar skuli haldnar innan sinna vébanda, og tilnefna oddamann í dómnefnd á þeim, og er hann ábyrgur gagnvart Búnaðarfélagi Íslands.
   b. leggja til sýningarstað fyrir héraðssýningar, er sé afgirt og skipulegt svæði. Skal það gert í samráði við ráðunaut Búnaðarfélags Íslands í hrossarækt.
   c. tilnefna sýningarstjórn á héraðssýningar, sem sé skipuð þrem mönnum. Hún sér um, að sýningin fari skipulega fram, aðstoðar dómnefndir og annast um aðra þátttöku sambandsins í sýningunni.
3. Sýslunefndir, er kjósa tvo menn í dómnefnd á héraðssýningar innan sinna vébanda.
4. Hrossaræktarfélög, eða þar, sem þau eru ekki, hreppabúnaðarfélög, sem útvega sýningarstaði fyrir sveitasýningar, eftir fyrirmælum búnaðarsambandanna, og tilnefna tvo menn í dómnefnd á þær.

Ríkissjóður veitir búnaðarsamböndunum styrk til að standast kostnað af sveitasýningunum, er nemur kr. 0.50 á hvert sýnt hross.

Til verðlauna á hverja héraðssýningu leggur ríkissjóður 10 aura fyrir hvert framtalið hross í sýningarumdæminu, en þó aldrei minna en kr. 250.00 til hverrar sýningar, enda séu þær ekki fleiri en ein í hverri sýslu, gegn jöfnu framlagi frá hlutaðeigandi sýslusjóði eða sýslusjóðum. Auk þess greiðir ríkissjóður kr. 20.00 til viðbótar hverju I. verðlauna hrossi. Sú kvöð fylgir I. verðlaunum á stóðhesta, að þeir skuli notaðir til undaneldis næstu 3 ár eftir að verðlaunin voru greidd. Heimilt er að verja allt að kr. 200.00 af ríkissjóðsfé á hverja héraðssýningu, til verðlauna á hrossin fyrir góða frammistöðu við þolprófun. Dómnefndarmönnum greiðist þóknun fyrir starf sitt úr sýslusjóði. Búnaðarfélag Íslands setur nánari reglur um framkvæmd þessara sýninga.

4. gr.

Á eftir 38. gr. laganna komi ný grein, sem verður 41. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatalan eftir því):

Landbúnaðarráðherra er heimilt að veita búnaðarsamböndum leyfi til að reka veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar og þolprófun sýndra hrossa á héraðssýningum, með skilyrðum, er ákveðin verði í reglugerð, sem ráðherra setur. Áskilja skal í reglugerðinni, að ⅚ hlutar veðfjárins skuli endurgreiðast vinnendum, en ⅙ þess skal varið til verðlauna á þeim hrossum, sem standa sig bezt í keppninni. ⅚ fjárins fær búnaðarsambandið til að standast kostnað af sýningunum, og verði afgangur af því fé, skal honum varið til hrossaræktarstarfsemi sambandsins.

5. gr.

Á eftir VI. kafla laganna komi nýr kafli, sem verður VII. kafli og orðist svo:

Ákvæði til bráðabirgða.

93. gr.

Meðan greidd er verðstuðulsuppbót á laun starfsmanna ríkisins, skal greiða verðstuðulsuppbót á allar greiðslur samkvæmt þessum lögum. Skal verðstuðulsuppbótin reiknuð eftir þeirri vísitölu, sem notuð er við ákvörðun verðstuðulsuppbótar til starfsmanna ríkisins á hverjum tíma.

Greinargerð.

Á síðasta búnaðarþingi var meðal annars rætt um búfjárræktarlögin. Þær umræður leiddu til þess, að búnaðarþing samþykkti að leggja til við ríkisstjórn og Alþingi, að gerðar yrðu á þeim breytingar. Sendi það síðan landbúnaðarnefnd breytingartillögur sínar í frumvarpsformi til flutnings.

Landbúnaðarnefnd mælir með því, að frumvarpið verði samþykkt, og flytur það óbreytt eins og búnaðarþing samþykkti það. Nefndin og einstakir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til breytinga. Greinargerð búnaðarþings fer hér á eftir lítið eitt aukin:

Um 1. gr. Lagt er til, að tekið sé upp að styrkja nautgriparæktarfélög, er þau mynda með sér sambönd. Reynslan hefur sýnt, að með því næst fyrr árangur af kynbótastarfinu, ef fleiri félög starfa saman, en ef þau starfa hvert fyrir sig. Hins vegar verður starfið nokkru kostnaðarsamara, og hefur það staðið í vegi fyrir því, að slík sambönd hafi myndazt almennt. Með 1. gr. frumv., sem ætlazt er til, að verði 12. og 13. gr. laganna, er lagt til, að slík sambönd eigi rétt til aukastyrks, og þannig stutt að því, að þau fái fjárhagslegan grundvöll til að starfa á. Jafnframt eru sett skilyrði fyrir því, að styrkinn megi greiða, og á þann hátt skapaður rammi, er félagið starfar eftir.

Um 2. gr. (sem verður 38. gr. laganna): Þar sem íslenzki hesturinn er svo frumstæður og víða lítt ræktaður, eiginleikarnir dreifðir og kynfastir stofnar sjaldgæfir, þá er nauðsynlegt að nota hinar öruggustu og fljótvirkustu aðferðir við kynbætur og ræktun hans. Sú aðferð, sem bezt uppfyllir þessi skilyrði, er uppeldis- og rannsóknarstöð fyrir stóðhesta. Svíar og Finnar hafa tekið þá aðferð í þjónustu sína og viðurkennt, að hún hafi gefið meiri árangur en nokkurn hafi grunað í fyrstu. Hestarnir eru keyptir eftir ættgöfgi og á unga aldri til stöðvarinnar, oftast folöld. Þeir eru aldir upp þannig, að þeir nái sem fyllstum þroska, svo að útlitsgervið (fænotypen) verði í sem mestu samræmi við eðlisgervið (genetypuna). Samtímis eru eiginleikar hestanna rannsakaðir eins ýtarlega og kostur er á, t. d. eðli þroskans, hagnýting fóðursins til vaxtar, viðhalds og vinnu, þrek, gangtegundir, lundarfar, taugastyrkleiki og möguleikar til að einbeita sér til átaka.

Það er ætlazt til, að ríkið starfræki stöðina og eigi hestana, en síðan séu þeir leigðir hrossaræktarfélögum og einstaklingum gegn ákveðnu gjaldi. Það, sem mælir með því, að ríkið eigi hestana, er meðal annars það, að hrossaræktarfélögin losna við að leggja fé í dýra hesta og áhættuna, sem fylgir því að eiga þá. Þá er einnig auðvelt að færa þá til og hagnýta þá sem bezt. Það mundi fyrirbyggja, að einstaka úrvalshestar verði óheyrilega dýrir, jafnvel svo skipti tugum þúsunda króna, og folatollarnir hreinasta okur, eins og oft tíðkast erlendis.

Það er eðlilegast, að stöðin verði starfrækt í sambandi við atvinnudeild háskólans, bæði vegna þess, að þannig fæst bezt aðstaða til rannsókna, og það mundi verða kostnaðarmeira að starfrækja hana sjálfstætt.

Það er ætlazt til þess, að hestarnir verði keyptir til stöðvarinnar á 2. vetri, og láta móðurmjólkina og hina íslenzku náttúru fóstra þá fyrsta árið. Síðan eru þeir útskrifaðir af stöðinni fjögurra vetra gamlir. Ef keyptir væru 12—15 tvævetringar árlega, má búast við, að um 10 af þeim verði nothæfir. Sé meðalaldur hestanna áætlaður 14 ár, nægir það til að viðhalda 100 stóðhestum, sem geta gefið af sér 3—5000 folöld, eftir því hvernig þeir verða notaðir, en viðkoman nú er um 4500.

Um 3. gr. (sem verður 39. gr. laganna): Með tillögum þeim, sem hér liggja fyrir, er allveruleg breyting gerð á tilhögun hrossasýninganna.

Í fyrsta lagi er sýningarfyrirkomulagið, þar sem gert er ráð fyrir, að tvenns konar sýningar séu haldnar. Framkvæmd þeirra er þannig: Sýningar verði í vissum landshlutum árlega og farið um landið allt á þrem árum, eins og áður. Sýningarnar verða tvenns konar, þ. e. sveitasýningar, sem geta orðið allt að því í hverjum hreppi, og héraðssýningarnar, sem gert er ráð fyrir, að taki ekki yfir minna svæði en heila sýslu. Þá er gert ráð fyrir, að aðilar að þessum sýningum séu nokkuð aðrir en nú eru. Við höfum nú orðið allvíðtækan og sæmilega skipulagðan búnaðarfélagsskap í landinu, þar sem eru hreppabúnaðarfélögin og sambönd þeirra. Sýnist því mjög eðlilegt, að þeim, ásamt Bf. Ísl., sé falin forusta í þessum málum, og enn fremur virðist bæði rétt og sjálfsagt, að hrossaræktarfélögin komi þar inn í sem starfsaðilar.

Sýslunefndunum er enn ætlað svipað hlutverk og verið hefur. Gert er ráð fyrir,

að þær leggi fram fé á móti ríkissjóði og leggi til tvo menn í dómnefnd, en hafi ekki frekari fyrirhöfn eða vanda af sýningunum, þar sem öll framkvæmd þeirra er falin búnaðarsamböndunum með aðstoð hrossaræktar- og búnaðarfélaga.

Tilgangurinn með þessu tvöfalda sýningarfyrirkomulagi er aðallega tvenns konar, að ná til sem allra flestra sýningarhæfra hrossa, er valið sé úr til að mæta á héraðssýningunum, og svo hitt, að á héraðssýningarnar komi aðeins betri hrossin og ekki óhæfilega mörg, til þess að dómnefndin á þeim geti betur dregið fram beztu gripina og gert gleggri grein fyrir kostum þeirra.

Gert er ráð fyrir, að búnaðarsamböndin láti útbúa sýningarstað fyrir héraðssýningarnar, eftir tillögum og fyrirmælum ráðunauts Búnaðarfélags Íslands í hrossarækt. Á sýningarstaðnum sé afgirt slétt svæði fyrir sýningargripina, þar sem fyrir sé komið útbúnaði til þess að festa þeim í skipulegum röðum.

Þá eru í öðru lagi fjárframlög til sýninganna.

Þar sem búnaðarsamböndin eiga að leggja til mann í dómnefnd á sveitasýningarnar og það virðist nauðsynlegt, að sami maður sé á öllum sveitasýningunum innan sama sambands, verður viðkomandi samband að greiða þessum dómnefndarmanni þóknun fyrir starf sitt. Hins vegar má ætla, að dómnefndarmenn þeir, sem tilnefndir verða innan búnaðarfélaga eða hrossaræktarfélaga og ekki er gert ráð fyrir, að mæti nema á einni sýningu, þurfi í flestum tilfellum ekki neina verulega þóknun fyrir starf sitt, en þurfi hún einhver að vera, er gert ráð fyrir, að viðkomandi aðilar sjái um það.

Til að mæta að einhverju þeim kostnaði, er búnaðarsamböndin verða fyrir vegna sinnar þátttöku í sveitasýningunum, er gert ráð fyrir, að ríkissjóður greiði samböndunum kr. 0.50 — fimmtíu aura — fyrir hvert hross, sem sýnt verður á þeim.

Hér er um að ræða nýja fjárkröfu á hendur ríkissjóði, og mun því rétt að gera tilraun til að gera grein fyrir, hversu stór hún er eða getur orðið.

Í reglugerð um sýningar á hrossum, sem lögð verður fyrir búnaðarþing, er gert ráð fyrir, að sama hrossið mæti ekki nema einu sinni til tvisvar á sveitasýningu, og lágmarksaldur til þátttöku í þeim sé á hryssum 4 ár og hestum 3 ár. Af þessu leiðir, að þegar búið er að fara eina umferð um allt landið með sýningarnar, er það lítið meira en viðhald þeirra hrossa, sem á sýningaraldri eru, er til greina getur komið við ákvörðun þessa fimmtíu aura tillags. Í fyrstu umferð verður það nokkru meira. Hryssur 4 vetra og eldri munu nú vera um 13 þúsund í landinu, og auk þess eru vitanlega nokkrir 3 vetra hestar ógeltir. Ekki þarf að gera ráð fyrir, að öll þau hross, sem á sýningaraldri eru, mæti á sýningunum. Mundi áreiðanlega vera vel í lagt að gera ráð fyrir, að af þessum 13 þús. komi ca. 12 þús. á sýningarnar, og það þó 3 vetra hestarnir yrðu líka látnir mæta vanhöldum.

Kostnaður ríkisins af þessu gæti þá, ef þátttakan yrði svo góð sem hér er gert ráð fyrir, orðið samanlagt fyrstu þrjú árin um 6000 kr. Úr því yrði hún samkvæmt áður sögðu miklu minni, árlegt viðhald 13—14 þúsund hrossa gæti ekki orðið yfir 8—10 hundruð og framlag ríkisins á ári þá 400—500 kr., sé meðalaldur hrossanna reiknaður ca. 15 ár.

Eins og í núgildandi lögum er í tillögugreininni gert ráð fyrir, að ríkissjóður leggi fram til héraðssýninga 10 aura á hvert framtalið hross í sýningarumdæminu, gegn jafnmiklu framlagi frá sýslusjóðum á viðkomandi stað, þó með þeirri breytingu, að lágmark til hverrar sýningar verði kr. 250.00 í stað kr. 100.00, sem nú er í gildi. Með þessu ákvæði mætti ætla, að gerðar væru meiri kröfur á ríkissjóð en nú eru. Svo er þó ekki, þar sem í breytingartillögunni er lagt til, að sýningarnar verði aldrei fleiri en ein í sýslu, en samkvæmt núgildandi ákvæðum er heimilt að hafa fleiri sýningarstaði innan sömu sýslu, og þá skylt að leggja fram 100 kr. að lögum á hverja þeirra.

Samkvæmt núgildandi lögum greiðir ríkissjóður kr. 50.00 aukaframlag á hver I. verðlaun stóðhestanna. Síðast þegar haldnar voru hrossasýningar í Húnavatnssýslum, sem er hrossaflesta sýsla landsins, fengu 23 stóðhestar I. verðlaun, og var því

aukaframlag þetta kr. 1150.00. Þar voru alls haldnar 6 sýningar. Í tillögugreininni er gert ráð fyrir, að þetta breytist í kr. 20.00 til viðbótar hverju I. verðlauna hrossi, en í sýningarreglum, sem lagðar verða fyrir búnaðarþing, er ákveðið, hvað verðlaunin skuli vera há, eða:

I. verðlaun allt að	.....	kr. 40.00
II. verðlaun allt að	.....	— 20.00
III. verðlaun allt að	.....	— 10.00

Til þess að aukaframlagið með þessu fyrirkomulagi geti orðið eins hátt og á síðustu sýningu t. d. í Húnavatnssýslu, geta 57 hross fengið I. verðlaun, en það eru afar litlar líkur til þess, að svo verði, þar sem úrvalið verður miklu strangara en áður hefur tíðkazt, og önnur fjárveiting setur takmörk fyrir því, hve mörg I. verðlaun verður hægt að veita.

Þá er ætlazt til, að greidd verði jafnhá verðlaun á hesta og hryssur.

Það er lítil ástæða til að greiða hærri verðlaun á hesta en t. d. kr. 100.00 I. verðlaun, eins og ákveðið er í núgildandi lögum, bæði vegna þess, að viðurkenningin sjálf eykur verð hestsins til muna og hesturinn verður líklegur til að afla eigandanum töluverðra tekna. Þá eru þessar upphæðir mjög sæmileg verðlaun, og svo hafa stóðhestar möguleika til þess að fá tiltölulega há afkvæmaverðlaun, þegar hið virkilega kynbótagildi hefur verið sannað.

Að síðustu heimila breytingartillögurnar að veita allt að kr. 200.00 af ríkissjóðsfé á hverja héraðssýningu til verðlauna við þolprófun sýndra hrossa. Þetta er nýmæli, sem nauðsynlegt er að styðja sem mest, og verðlaunaveiting mundi hvetja bændur til að undirbúa hross sín til þátttöku í þeim.

Um 4. gr. (sem verður 41. gr. laganna): Það er algengt erlendis og þykir hin bezta skemmtun að hafa veðmálastarfsemi í sambandi við samkeppni milli hesta. Þessi starfsemi getur veitt þeim, sem að henni standa, allgóðar tekjur, og þar sem það er líklegt, að þetta innleiðist hér og breiðist út, er sjálfsagt, að þær stofnanir, sem vinna að framfaramálum búfjárræktarinnar og landbúnaðarins, fái aðstöðu til að njóta þessara tekna.

Veðmálin auka áhuga manna og eftirtekt á hrossunum, og sé veðféð takmarkað, er þetta ekki meira fjárglæfraspil en happdrættin, sem ýms félög efna oft til.

Um 5. gr. (ákvæði til bráðabirgða): Mestallt það fé, sem greitt er hinum ýmsu félagsgreinum, sem starfandi eru og styrks njóta samkv. búfjárræktarlögunum, er notað til kaupgreiðslu vegna eftirlits og skýrsluhalds í þessum félögum. Hingað til hafa þessi félög ekki getað greitt þessum starfsmönnum sínum svo viðunandi geti talizt, og vitanlega verður það því ómögulegra nú, þegar allt kaupgjald í landinu hefur hækkað svo gífurlega sem nú er orðið.

Það verður því að líta svo á, að full nauðsyn sé að veita þessa uppbót, sem hér er farið fram á.

Ed. 132. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 27 13. jan. 1938, um vátryggingarfélög fyrir vélbáta.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað þetta mál og fellst á efni þess. Leggur hún því til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 2. apríl 1941.

Ingvar Pálmason, form.	Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr.	Jóhann Þ. Jósefsson, frsm.

Nd. **133. Frumvarp til laga**

um landnám ríkisins.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Ríkisstjórnin skal láta framkvæma skipulagsbundið landnám við sjó og í sveitum eftir því, sem nánar er fyrir mælt í lögum þessum, og greiðir ríkissjóður til þessara framkvæmda a. m. k. 250 þúsund kr. á ári. Heimilt er og, ef fært þykir, að verja í sama skyni allt að helmingi þeirrar fjárhæðar, sem árlega kann að verða tekin á fjárlög ríkisins til framleiðslubóta og atvinnuaukningar.

2. gr.

Landnám þetta sé í því fólgið, að ríkið lætur á sinn kostnað undirbúa til ræktunar og rækta land þar, sem skilyrði eru góð til samfelldrar ræktunar og góðrar lífsafkomu. Landnámið skal fara fram á því landi, sem ríkið er eigandi að. Heimilt er og að kaupa land í þessu skyni, ef það telst nauðsynlegt.

3. gr.

Landnám samkvæmt lögum þessum getur farið fram bæði við sjó og í sveitum, enda sé um minnst fimm samliggjandi býli að ræða.

a. Landnám við sjó:
   Þar sé miðað við, að stærð ræktaðs lands fyrir hvert býli sé um 2 ha., auk nauðsynlegs beitarlands, ef til er. Ríkið skal láta girða og fullrækta land þetta og leggja um það nauðsynlega vegi, vatns- og skolpæðar.
b. Landnám í sveitum:
   Þar sé miðað við, að tún hvers býlis geti orðið minnst tíu ha., auk nauðsynlegs beitarlands. Ríkið skal kosta girðingu og framræslu landsins og einnig láta fullrækta a. m. k. fjóra ha. af því. Enn fremur láta leggja nauðsynlega vegi um landið, og sameiginlegar vatnsæðar, ef hagkvæmt þykir.

4. gr.

Þegar lokið er framkvæmdum ríkisins, sem um getur í 3. gr., skal fara fram fasteignamat á hverri einstakri jörð eða lóð, og þær síðan seldar á erfðaleigu samkvæmt lögum nr. 8 frá 1. febr. 1936, um erfðaábúð og óðalsrétt.

5. gr.

Um nauðsynlega framhaldsræktun og byggingar á hinum einstöku býlum, sem reist verða samkvæmt lögum þessum, njóta ábúendur fjárhagslegrar aðstoðar eftir því, sem hér segir:

a. Ábúendur á sjávarbýlum njóta lánskjara samkvæmt VI. kafla laga nr. 31 14. júní 1929, um Búnaðarbanka Íslands.
b. Ábúendur á sveitabýlum njóta láns og styrks samkvæmt 34. og 36. gr. laga nr. 76 11. júní 1938, um byggingar- og landnámssjóð.

Um rétt ábúanda til að veðsetja landið vegna lántöku fer eftir 9. gr. laga nr. 8 frá 1. febr. 1936, um erfðaábúð og óðalsrétt.

6. gr.

Nýbýlastjórn hefur á hendi framkvæmd laga þessara og nýtur um það aðstoðar og ráðuneytis Búnaðarfélags Íslands og skipulagsnefndar kauptúna.

Teiknistofa landbúnaðarins hefur á hendi aðstoð og eftirlit með byggingaframkvæmdum á býlum þeim, sem reist verða samkvæmt lögum þessum, á sama hátt og fyrir er mælt í V. kafla laga nr. 76 11. júní 1938, um byggingar- og landnámssjóð.

7. gr.

Heimilt er nýbýlastjórn, með samþykki landbúnaðarráðherra, að reisa í tilraunaskyni nokkur býli í sveit, þar sem ríkið framkvæmir ræktun og byggingar að fullu. Einnig er henni heimilt að láta þá menn ganga fyrir um ábúð á býlum þessum, sem leggja vilja fram ókeypis vinnu við landnámið, enda fái þeir þá vinnu sína endurgoldna með hæfilegri eign í mannvirkjum býlisins, þegar það er fullgert til ábúðar.

8. gr.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð ákvæði, er nauðsynleg þykja um framkvæmd laga þessara.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir beiðni hæstv. ríkisstjórnar, en hefur áður fengið athugun og samþykki framfærslunefndar ríkisins, svo og búnaðarþings.

Einstakir landbúnaðarnefndarmenn áskilja sér, þrátt fyrir flutninginn, rétt til að bera fram breytingartillögur um ýmis atriði frumvarpsins, og getur fylgi þeirra við frv. verið háð meðferð þeirra tillagna.

Með frv. fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

Um nokkur undanfarin ár hefur talsvert atvinnuleysi verið í landinu. Ástæðan til þess hefur meðal annars verið sú, að fólksfjölgunin í landinu og þar með myndun hinna nýju heimila hefur á skipulagslausan hátt lent á stöðum, þar sem aðeins takmarkaðir atvinnumöguleikar voru fyrir hendi. Nú um nokkurt áraskeið hefur t. d. Reykjavík veitt móttöku meginhlutanum af árlegri fólksfjölgun alls landsins, án þess að atvinnuframkvæmdir hafi vaxið að sama skapi. Auðvelt er og að benda á fleiri kaupstaði og kauptún, þar sem atvinna og fólksfjöldi er í mjög óhagstæðum hlutföllum.

Þetta ástand verður að teljast hinn mesti þjóðarvoði, og er það mikil nauðsyn, að úr verði bætt og að því unnið af hálfu þjóðfélagsins, að fólkið setjist að og myndi heimili þar, sem örugg lífsskilyrði eru fyrir hendi.

Frumvarpi þessu er ætlað að draga úr því öfugstreymi, sem að framan hefur verið lýst, á þann hátt, að ríkið beiti sér fyrir og styrki verulega myndun nýrra heimila á bjargvænlegum stöðum. Frumvarpið gerir ráð fyrir landnámi við tvenns konar skilyrði: Við sjó, þar sem atvinnan byggist á sjósókn og smábúskap samhliða, og í sveitum, þar sem búskapur á ræktuðu landi yrði eini atvinnuvegurinn. Er þá byggt á því að hagnýta þær meginauðsuppsprettur landsins, moldina og fiskimiðin, sem drýgstar hafa reynzt landsmönnum á undanförnum árum.

Þær ráðstafanir, sem af hálfu ríkisins hafa verið gerðar til aukins landnáms (lög um byggingar- og landnámssjóð o. fl.), eru að vísu stórt spor í rétta átt, en reynslan sýnir, að árangurinn er minni en þörf er á. Þannig hefur t. d. nýbýlum ekki fjölgað nema um 250 á undanförnum 5 árum, eða sem næst 50 nýbýli á ári. Það er þess vegna ljóst, að gildandi nýbýlalöggjöf nær of skammt til þess, að nauðsynlegur árangur náist í landnámsmálunum. Einnig verður að telja af fenginni reynslu, að aðstaða efnalausra manna til nýbýlamyndunar á þeim grundvelli, er nýbýlalöggjöfin gerir ráð fyrir, sé þeim oft og einatt um megn, enda er sýnt, að afkoma sumra nýbýlinganna er allerfið. Þá má og á það benda, að gildandi nýbýlalöggjöf styður ekki að landnámi við sjó, nema um sjálfstæðan búrekstur geti verið að ræða, enda þótt mörg rök hnígi að því, að smábúskapur á ræktuðu landi, samhliða sjósókn, geti verið mjög öruggur afkomugrundvöllur á landi hér.

Frumvarpið gerir ráð fyrir, að ríkið láti á sinn kostnað inna af hendi all-

verulegan hluta af landnáminu og leigi síðan væntanlegum ábúendum lóðir og lendur með erfðaleigukjörum. Jafnframt eigi hinir nýju landnemar nokkurn kost á láns- og styrktarfé, til þess að reisa fyrir nauðsynlegar byggingar og framkvæma þá ræktun, sem eftir er, þegar þætti ríkisins er lokið. Er hér að nokkru leyti farið eftir erlendum fyrirmyndum.

Nú skal vikið að einstökum greinum frumvarpsins.

Um 1. gr. Höfuðatriði þessarar greinar hefur verið rakið nokkuð í inngangi greinargerðarinnar. Um fjárhæð þá, er greinin tiltekur, er það að segja, að ekki þykir fært að ákveða hana minni, ef að einhverju gagni á að koma, og ber að skoða upphæðina sem lágmark. Heimild sú, er greinin gerir ráð fyrir varðandi notkun framleiðslubótafjárins, telst ekki þurfa skýringa við.

Um 2. gr. Um meginatriði þessarar greinar vísast til inngangs greinargerðarinnar. Að sjálfsögðu þarf að fara fram rækileg athugun á lífsskilyrðum og atvinnumöguleikum, áður en byrjað er á framkvæmdum. Sjálfsagt virðist, að ríkið sé eigandi að því landi, er það framkvæmir landnám á.

Um 3. gr. Telja verður, að rétt sé að gera ráð fyrir landnámi við tvenns konar skilyrði: Við sjó, þar sem byggt er á smábúskap og sjósókn samhliða, og í sveit, þar sem atvinnan er búskapur eingöngu. Í báðum tilfellunum sé búskapurinn byggður eingöngu á ræktuðu landi. Eigi þykir fært, að ríkið ráðist í landnámsframkvæmdir, ef um minna en fimm samliggjandi býli er að ræða. Kostnaður af ríkisins hálfu verður hlutfallslega minni á hvert býli eftir því, sem fleiri eru saman. Auk þess verður aðstaðan til lífsins hagfelldari, öruggari og skemmtilegri, ef hæfilega mörg býli eru samliggjandi, og verður það að teljast mikilsvert atriði.

Landnámið við sjóinn er ráðgert þar, sem saman fara góðir möguleikar til ræktunar og aðgengileg aðstaða til sjósóknar. Landstærð fyrir hvert býli, sem ákveðin er um 2 ha., er ætlazt til, að nægi til þess, að ábúandinn geti framleitt nægar landbúnaðarafurðir til eigin þarfa. Að öðru leyti hafi hann tekjur sínar af sjósókn, sem eftir staðháttum myndi fara fram á stærri eða minni vélbátum, meiri eða minni hluta árs. Ef landið er fullræktað, byggingum vel fyrir komið og vinnuaðstaða góð, má telja líklegt, að smábúskapur sem þessi þurfi ekki að binda fjölskylduföðurinn verulega við heimilið. Hins vegar ætti hann að vera allöruggur um afkomu sína vegna þeirra lífsmöguleika, sem búskapurinn veitir, enda þótt tekjur hans við sjóinn verði rýrar öðru hverju. Að ýmsu leyti virðist ákjósanlegt, að nokkrir slíkir smábændur ættu saman hæfilega stóran fiskibát, sem þeir stunduðu á sjósókn í félagi. Er ekki ósennilegt, að þeir gætu séð sér fært að stunda sjóinn, þótt þeir öðru hverju bæru minna úr býtum heldur en þeir sjómenn geta sætt sig við, sem enga atvinnumöguleika hafa nema sjósóknina. Verður að telja þetta atriði mikilsvert, einkum á erfiðleikatímum útgerðarinnar, sem vafalaust eru fram undan að stríðinu loknu.

Framkvæmdir þær, sem ráðgert er, að ríkið inni af hendi í landnáminu við sjóinn, virðast eigi þurfa frekari skýringa við.

Í samráði við búfróða menn er túnstærð sveitabýlisins áætluð minnst 10 ha. Sé landið vel ræktað, véltækt og húsakynnum haganlega fyrir komið, verður að telja líklegt, að við slík skilyrði megi reka lífvænlegan búskap, ef eftirgjaldi og áhvílandi skuldum er stillt í hóf. Eigi virðast framkvæmdir ríkisins við slíkt landnám mega minni vera heldur en greinin gerir ráð fyrir, ef aðgengilegt á að teljast fyrir efnalítinn mann að hefja þar búskap.

Nokkur athugun hefur verið gerð á stofnkostnaði sjávarbýlis og sveitabýlis, eins og þau eru formuð í frumvarpi þessu. Athugun þessi sýnir, að stofnkostnaður sveitabýlisins er a. m. k. tvöfaldur að upphæð á móts við sjávarbýlið. Þessi staðreynd, ásamt því, að lífsafkoman á sjávarbýlinu virðist í flestum árum vera stórum tryggari og álitlegri heldur en á sveitabýlinu, er ótvíræð bending um, að fyrst framan af beri að leggja höfuðáherzluna á landnámið við sjóinn.

Sem álitlega staði til þess að reisa á sjávarþorp má nefna: Skagaströnd, Flatey á Skjálfanda, Þórshöfn á Langanesi, Hámundarstaði í Vopnafirði, Borgarfjörð eystri, og er þá aðeins fátt eitt talið.

Um 4. gr. Eigi virðist hægt að finna réttlátari og aðgengilegri grundvöll fyrir eftirgjaldi og ábúðarrétti á jörðum og ræktunarlóðum hins nýja landnáms heldur en greinin gerir ráð fyrir, og telst það atriði því ekki þurfa skýringa við.

Um 5. gr. Þessi grein skilgreinir allnákvæmlega þá aðstoð, er landnemarnir njóta í styrkjum og lánum, til þess að ljúka við ræktun og byggingar á býlum sínum.

Landneminn á sjávarbýlinu fær engan styrk, enda er verkefni hans ekki ýkja stórt. Hins vegar er gert ráð fyrir, að hann geti fengið nokkurt byggingarlán úr smábýlalánadeild Búnaðarbankans. Lánsstofnun þessi — smábýlalánadeildin — er að vísu ekki tekin til starfa enn þá, en kunnugt er, að milliþinganefndin í bankamálum hefur endurskoðað lögin um það efni og fært ákvæði þeirra til samræmis við lánsþörf smábýla, í líku formi og frumvarp þetta ræðir um. Verða þessar breytingartillögur bankanefndarinnar vafalaust lagðar fyrir næsta Alþingi, og er í frumvarpi þessu gert ráð fyrir, að þær öðlist þá lagagildi.

Rétt þykir að setja landnemann í sveitinni samkvæmt lögum þessum við sömu kjör um lán og styrk eins og byggingar- og landnámssjóður veitir nú nýbýlingum. Verða kjör hinna fyrrtöldu að vísu allmiklu betri, en telja verður, að ef takast á að fjölga verulega býlunum í sveitinni — og það verður að skoðast þjóðarnauðsyn — þá megi aðgerðir og aðstoð ríkisins í málinu eigi vera minni heldur en hér er ráð fyrir gert.

Eðlilegt virðist, að hinir nýju landnemar hafi sama rétt til veðsetningar á býlum sínum vegna lántöku eins og landsetar jarðakaupasjóðs, þar eð um sams konar leigukjör er að ræða.

Um 6. gr. Sjálfsagt virðist að fela nýbýlastjórn framkvæmd þessara laga. Jafnframt skal á það bent, þar sem hér verður um stóraukið verksvið að ræða, að heppilegt væri að fjölga í nýbýlastjórninni upp í fimm, og væru stjórnarmenn útnefndir af stjórnarflokkunum þremur, og þannig, að Framsóknarflokkurinn tilnefndi tvo menn, Sjálfstæðisflokkurinn tvo og Alþýðuflokkurinn einn. Gæti þessi breyting skapað öruggan vinnufrið og almennt traust, sem ávallt er nauðsynlegt, og ekki síst í eins stóru máli og landnámsmálið er. Þessu er skotið hér fram til athugunar.

Sjálfsagt virðist, að Búnaðarfélag Íslands sé til ráðuneytis og aðstoðar í málum þessum. Þá verður að telja réttmætt, að skipulagsnefnd kauptúna og sjávarþorpa sé og kvödd til aðstoðar varðandi skipulagningu hinna nýju byggða. Um síðari málslið greinarinnar virðist ástæðulaust að fjölyrða.

Um 7. gr. Rétt þykir, að heimild sé fyrir því, að ríkið fullgeri í tilraunaskyni nokkur nýbýli í sveit. Einnig að heimilt sé að gefa ungum mönnum kost á að tryggja sér nýbýli á þann hátt, að þeir starfi við landnámið án fullrar kaupgreiðslu í bili, en fái aftur vinnu sína endurgoldna með hæfilegri eign í mannvirkjum býlisins, þegar þeir taka það til ábúðar. Gæti þetta orðið ungum mönnum, er búskap vilja stunda, sterk hvöt og álitleg leið til þess að vinna í haginn fyrir sig og festa vinnuarð sinn í varanlegum verðmætum. Telja verður, að þeir, sem þennan kost velja, eigi að öllum jafnaði að hafa forgangsrétt að þeim býlum, er ríkissjóður fullgerir, þótt slíkt megi ekki skoðast algild regla.

Um 8. gr. Sjálfsagt virðist, að ýtarleg reglugerð verði sett um mál þau, er lagafrumvarp þetta fjallar um.

Um 9. gr. Þarf ekki skýringar við.

Í framfærslumálanefnd ríkisins, 5. febr. 1941.

Kjartan Ólafsson. Jens Hólmgeirsson. Sig. Á. Björnsson.

Ed. 134. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 27 8. sept. 1931, er heimila ríkisstjórninni að flytja inn sauðfé til sláturfjárbóta.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin er sammála um að leggja til, að frv. þetta verði samþykkt óbreytt, en það er samhljóða bráðabirgðalögum frá 3. okt. síðastl., og væntir þess, að nákvæmt og öruggt eftirlit verði haft með tilraunum þessum.

Alþingi, 2. apríl 1941.

Þorst. Þorsteinsson, form., frsm.	Erl. Þorsteinsson, fundaskr.	Páll Zóphóníasson.

Nd. 135. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 12 1. febr. 1936, um búreikningaskrifstofu ríkisins.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

2. gr. laganna orðist þannig:

Ríkissjóður skal leggja búreikningaskrifstofunni nauðsynlegt starfsfé, þar á meðal til útgáfu búreikningaskýrslna og eyðublaða til innfærslu búreikninga.

2. gr.

4. gr. laganna orðist þannig:

Búreikningaskrifstofan skal hafa eftirlit með búreikningum og reikningsskilum skólabúa bændaskólanna og annarra ríkisbúa, enda sé þeim stofnunum skylt að hlíta eftirliti og öðrum nauðsynlegum ráðstöfunum, sem skrifstofan gerir því til tryggingar, að reikningarnir séu færðir eins og hún leggur fyrir.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt í tilefni af tillögu frá Búnaðarfélagi Íslands, er samþykkt var á búnaðarþingi. Er 1. gr. frumvarpsins samhljóða henni. Breyting á 4. gr. laganna telur nefndin nauðsynlega og hefur orðið sammála um að orða hana á þá leið sem gert er í 2. gr. frv. — Nánar í framsögu.

Nd. 136. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 113 [Fjarskipti].

Frá samgöngumálanefnd.

Við 5. lið. Aftan við „Lög nr. 83 14. nóv. 1917 ... 20. okt. 1913“ komi: frá ¼ 1942.

Ed. # 137. Frumvarp til laga

um fjarskipti.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

I. KAFLI
Orðaskýringar.

1. gr.

Í lögum þessum merkja orðin:

Fjarskipti: það, sem nefnt er „Télécommunication" í alþjóðafjarskiptasamningnum (Convention Internationale des Télécommunications, Madrid 1932), og þýðir hvers konar fjarflutning tákna, merkja, skriftar, mynda og alls konar hljóða eftir vírum, rafgeislum (radio) eða með öðrum kerfum eða aðferðum, hvort sem eru rafmagns eða sjónmerkja (semafor).

Fjarskiptavirki: hverskonar taugar, tæki, tækjahluti, búnað o. þvl., sem er sérstaklega ætlað til að koma á fjarskiptum eða reka þau, hvort heldur er til sendingar, viðtöku eða til þess að flytja aðkomin merki áfram.

II. KAFLI
Einkaréttur ríkisins.

2. gr.

Ríkið hefir einkarétt á:

1. Að stofna og reka á Íslandi og í íslenzkri landhelgi og lofthelgi hvers konar fjarskipti með rafstraum eða raföldum, þar á meðal ljósöldum, er ná til sendingar, flutnings og móttöku skeyta, tals, tóna, mynda eða annarra slíkra merkja, hvort heldur er eftir vírum, gegnum loft, sjó eða land eða á annan hátt.
2. Að flytja til landsins, selja, leigja eða dreifa út á annan hátt, smíða, gera við, breyta eða setja upp hvers konar fjarskiptavirki (tæki, taugar, búnað o. þvl.) eða hluta þeirra, sem notaðir eru til þess, er í 1. tölulið segir, á Íslandi eða í íslenzkum skipum, flugvélum eða öðrum farartækjum, hvort heldur eru til viðtöku, sendingar eða flutnings.
3. Að gefa út nafnaskrá um fjarskiptastöðvar og notendur fjarskiptavirkja.

3. gr.

Ráðherra sá, sem fer með fjarskiptamál ríkisins, getur heimilað einstökum mönnum, félögum eða stofnunum að stofna og reka fjarskiptavirki eða að flytja til landsins, selja, leigja eða dreifa út á annan hátt, smíða, gera við, breyta eða setja upp fjarskiptavirki þau eða hluta þeirra, sem í 2. gr. getur. Leyfið skal veitt um ákveðinn tíma með þeim skilyrðum og kvöðum, sem ástæða þykir til í hvert skipti. Enn fremur getur ráðherra með reglugerð veitt almennt leyfi til tiltekinna minni háttar framkvæmda, sem ekki er hætta á, að valdi truflunum á rekstri fjarskiptavirkja ríkisins.

4. gr.

Nú eiga einstakir menn, félög eða stofnanir fjarskiptavirki, sem ráðherra hefur áður heimilað að stofna eða reka, og skulu þau leyfi þá haldast, sem hafa verið gefin út eftir 31. desember 1936, nema annað sé ákveðið í leyfisbréfi, sbr. þó 7. gr. Eldri leyfisbréf eru ógild. Leyfishafar skulu að öllu leyti fylgja reglum þeim og fyrirmælum um fjarskiptavirki, sem um þau gilda á hverjum tíma.

5. gr.

Ráðherra getur látið innsigla fjarskiptavirki, sem ekki eru í notkun, eða hluta þeirra, eða fyrirskipað að fá þau afhent til geymslu undir innsigli. Innsiglið má ekki brjóta án heimildar ráðherra.

6. gr.

Fjarskiptavirki í erlendum skipum, flugvélum eða öðrum erlendum farartækjum, sem eru innan íslenzkrar landhelgi eða lofthelgi, má aðeins nota samkvæmt þeim ákvæðum, sem ráðherra setur í reglugerð. Ráðherra getur bannað öll fjarskipti innan íslenzkrar landhelgi og lofthelgi og gert þær ráðstafanir, er nauðsynlegar þykja til þess að banninu verði hlýtt.

7. gr.

Nú vill ríkisstjórnin fá ríkinu til handa tiltekin fjarskiptavirki, sem einstakir menn, félög eða stofnanir eiga, án þess að svo sé ástatt, er í 3. gr. getur, og má þá, ef samkomulag næst ekki, taka þau eignarnámi gegn endurgjaldi, er ákveðið skal af matsnefnd, sem til þess sé kvödd. Miða skal matsupphæðina við þá fjárhæð, er ætla má, að slík fjarskiptavirki mundu kosta af nýju, þegar afhending fer fram, en þó með fullu tilliti til aldurs fjarskiptavirkjanna og þess slits, sem á þeim er orðið. Í matsnefnd skulu vera 3 menn. Hæstiréttur nefnir formann nefndarinnar. Annan hinna nefnir héraðsdómari, þar sem leyfishafi á varnarþing, en hinn þriðja nefnir Verkfræðingafélag Íslands. Eignarnám skal ná til allra tækja og búnaðar sama fjarskiptakerfis, nema eigandi samþykki, að einungis nokkur hluti þess sé tekinn.

8. gr.

Eigendur fjarskiptavirkja eru skyldir til, hvenær sem þess er krafizt, að láta póst- og símamálastjórninni í té skýrslur um fyrirtækið og leyfa eftirlit með því. Séu slíkar skýrslur eigi gefnar innan hæfilegs frests, sem póst- og símamálastjórnin setur, má knýja þær fram með dagsektum, er renna í ríkissjóð.

III. KAFLI

Skylda skipa til að hafa radíóstöð.

9. gr.

Ráðherra getur mælt svo fyrir, að hvert íslenzkt þilskip, sem siglir meira en 3 sjómílur frá landi, skuli hafa loftskeytastöð eða radíótalstöð með ákveðnu lágmarksafli og ákveðnu öldusviði og að minnsta kosti einn skipverja, er hafi starfræksluskírteini fyrir slíka stöð samkvæmt gildandi alþjóðareglugerð (Kairo 1938). Sé skipið í förum milli Íslands og útlanda og hafi minnst 12 manna áhöfn, eða sé það farþegaskip, yfir 200 rúmlestir að stærð, sem sigli með ströndum fram, má skylda það til að hafa loftskeytastöð með minnst 75 watta afli í loftneti á 600 metra öldulengd og að minnsta kosti einn skipverja með loftskeytaprófi. Ef siglingaleið farþegaskipsins er að jafnaði í nánd við strandarstöð, þar sem haldinn er hlustvörður á neyðarbylgju talstöðvanna allan sólarhringinn, má þó í stað loftskeytastöðvar láta nægja, að skipið hafi talstöð með ákveðnu lágmarksafli, er svari til fjarlægðar venjulegrar siglingaleiðar frá strandarstöðinni.

IV. KAFLI
Stjórn, rekstur og eftirlit fjarskiptamála.

10. gr.

Póst- og símamálastjórnin annast framkvæmd á einkarétti ríkisins, sem í öðrum kafla getur, og hefur eftirlit með því, að gildandi alþjóðafyrirmælum, milliríkjasamningum, lögum, reglugerðum og fyrirmælum um fjarskiptamál sé fylgt, þar á meðal gildandi fyrirmælum til öryggis mannslífa á sjó, að því er snertir radíótæki í íslenzkum skipum og rekstur þeirra. Þó er undanskilin framkvæmd þeirra mála, sem ríkisútvarpinu, vitamálastjórninni og skipaskoðun ríkisins eru falin með sérstökum lögum.

11. gr.

Póst- og símamálastjórninni er heimilt að láta framkvæma þær breytingar og endurbætur á núverandi fjarskiptavirkjum ríkisins og gera aðrar ráðstafanir, sem reynslan hefur sýnt, að nauðsynlegar eru góðum og öruggum rekstri, eða alþjóðafyrirmæli eða milliríkjasamningar krefjast. Enn fremur að reisa minni háttar fjarskiptastöðvar, svo og að setja upp notendasíma og stofna til annarra minni háttar framkvæmda.

12. gr.

Ráðherra setur gjaldskrár fyrir uppsetningu og notkun fjarskiptavirkja og breytir þeim, þegar þörf krefur. Hann setur í reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd fjarskiptamála, rekstur og viðhald fjarskiptavirkja, eftirlit með þeim og annað, er þar að lýtur.

V. KAFLI
Uppsetning og vernd fjarskiptavirkja o. fl.

13. gr.

Sérhver eigandi eða umráðamaður fasteignar er skyldur að leyfa póst- og símamálastjórninni að leggja víra og taugar fjarskiptavirkja um land sitt, yfir það eða í jörðu, yfir hús eða önnur mannvirki á landinu, á þeim, gegnum þau eða undir þeim. Heimilt skal að taka efni það, sem þarf til lagningar víra eða tauga, svo sem grjót, möl eða grassvörð, þar sem hentast er. Þó skal taka tillit til þess, ef því verður við komið, hvar eigendur eða umráðamenn mannvirkja æskja eftir, að vírar eða taugar, sem snerta eign þeirra, séu lagðar, eða efni tekið, enda hafi það engan verulegan kostnaðarauka eða önnur vandkvæði í för með sér.

Mönnum, sem í þágu póst- og símamálastjórnar eru að starfa að þessum fjarskiptavirkjum eða hafa umsjón með þeim, skal heimilt tálmunarlaust að fara um land manna eða hús, svo framarlega sem það að dómi póst- og símamálastjórnar telst nauðsynlegt vegna þessara starfa. Um hús, sem búið er í, mega þeir þó ekki fara nema frá kl. 8 að morgni til kl. 10 að kvöldi, nema samkvæmt skriflegum úrskurði póst- og símamálastjórnar, enda forðist þeir að valda íbúunum meiri óþægindum en brýnasta nauðsyn krefur.

14. gr.

Þar, sem fjarskiptavirki ríkisins eru, má ekki reisa mannvirki, setja upp tæki, leggja pípur eða raftaugar, gera jarðrask eða aðrar ráðstafanir, er af geta hlotizt skemmdir á fjarskiptavirkjunum eða truflun á rekstri þeirra, nema áður hafi fengizt samkomulag við póst- og símamálastjórnina um, hvernig það skuli gert og hvenær. Sá, er óskar að gera þessar ráðstafanir, ber allan kostnað, sem af þeim leiðir, beinan og óbeinan, nema annað hafi orðið að samkomulagi. Ef óvæntur atburður hefur gert það nauðsynlegt að framkvæma áðurnefndar ráðstafanir fyrirvaralaust eða þær hafa verið framkvæmdar í ógáti, skal sá, er þær gerir, þegar í stað tilkynna

það póst- og símamálastjórninni, og skal hann greiða allan kostnað, sem af þeim leiðir, bæði beinan og óbeinan, t. d. viðskiptatap, nema annað verði að samkomulagi.

Nú hefur einhver einhvers konar mannvirki, tæki, pípur, raftaugar o. þvl., sem geta valdið truflunum á rekstri fjarskiptavirkja ríkisins, og skal póst- og símamálastjórninni þá heimilt að gera á kostnað eiganda nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir baga þann, sem af þessu hlýzt eða getur hlotizt fyrir fjarskiptavirkin.

Ef ekki næst samningar um þessi mál við póst- og símamálastjórnina, er heimilt að skjóta málunum til úrskurðar ráðherra.

15. gr.

Þegar skip er innan eða utan landhelgi að starfa að lagningu eða viðgerð fjarskiptastrengja og ber til sýnis alþjóðamerki eða önnur merki, er gefa starf þetta til kynna, þá skulu önnur skip, sem sjá eða eiga að geta séð þessi merki, halda sér eigi skemmra en mílufjórðung frá aðgerðarskipinu. Net og önnur veiðarfæri skal hafa í sömu fjarlægð. Bátar skulu þó hafa 24 stunda frest til þess að taka burtu veiðarfæri, sem í sjó liggja.

Nú hefur dufl verið lagt út vegna lagningar eða viðgerðar á sæstreng fjarskiptavirkja, og skulu skip þá halda sér og veiðarfærum sínum eigi skemmra en ¼ úr mílufjórðung frá duflinu.

16. gr.

Ef skip hefur orðið að sleppa akkeri eða leggja net eða önnur veiðarfæri í sölurnar til þess að komast hjá því að skemma sæstrengi fjarskiptavirkja, enda hafi skipið sjálft ekki stofnað til hættunnar með gálauslegu atferli, þá á það kröfu til skaðabóta frá eiganda strengjanna. Ef unnt er, skal þegar færa til bókar skýrslu um tjónið, staðfesta af skipverjum. Svo skal og skipstjóri gefa sjóferðaskýrslu um tjónið í fyrstu höfn, sem því verður við komið. Formaður sjódóms, er við sjóferðaskýrslu tekur, skal þegar tilkynna eiganda sæstrengjanna um tjónið.

17. gr.

Ef afla þarf lóðar eða annarrar eignar í sambandi við lagningu eða rekstur fjarskiptavirkja ríkisins, og samningum um kaup verður ekki við komið, má eftir ráðstöfun ráðherra taka eignina eignarnámi gegn endurgjaldi, sem metið sé eftir eignarnámslögum.

Ríkissjóður skal og bæta tjón á landi manna, mannvirkjum eða öðrum eignum, sem hlotizt hefur af lagningu eða viðhaldi fjarskiptavirkja ríkisins. Verði samningum ekki komið við, skulu bæturnar fara eftir mati óvilhallra, dómkvaddra manna.

18. gr.

Í leyfisbréfum, sem gefin verða út samkvæmt 3. gr. laga þessara, má ákveða, að fyrirmæli 13., 14. og 17. gr. skuli að öllu eða nokkru leyti og með þeim afbrigðum, er þurfa þykir, ná til þeirra fjarskiptavirkja, sem leyfisbréf hljóðar um.

VI. KAFLI

Leynd og vernd fjarskipta.

19. gr.

Allir starfsmenn, þar með taldir nemendur, fjarskiptavirkja ríkisins skulu skyldir, bæði meðan þeir gegna starfinu og eftir að þeir hafa látið af því, að halda leyndu fyrir öllum út í frá efni skeyta, sem koma eða fara, svo og að þau hafi komið eða farið og hver hafi fengið þau eða sent. Þeir skulu og halda leyndu fyrir öllum út í frá efni samtala um fjarskiptavirki ríkisins, svo og að samtöl hafi farið fram og hverjir hafi átt tal saman. Má ekki án undangengins dómsúrskurðar veita óviðkomandi mönnum aðgang að því að sjá skeyti eða önnur starfræksluskjöl, sem al-

menningi er ekki ætlað að sjá, eða aðgang að því að hlusta á fjarskiptasamtöl eða hljóðrita þau. Ráðherra ákveður, hvort slíkum úrskurði skuli áfrýjað. Sams konar leyndarskylda skal á þeim hvíla um myndir eða merki, sem flutt hafa verið um fjarskiptavirkin og ekki eru fyrir almenning. Þeim er og stranglega bannað að notfæra sér á nokkurn hátt persónulega innihald slíkra skeyta, samtala, mynda, merkja eða starfræksluskjala. Ráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um þagnarskyldu starfsmanna fjarskiptavirkja.

Þrátt fyrir fyrirmæli 1. málsgreinar má veita lögreglunni aðgang að því að hlusta á símasamtöl, þegar öryggi landsins krefst þess eða um mikilsverð sakamál er að ræða, enda hafi dómsmálaráðherra í hvert skipti fellt skriflegan úrskurð um, að svo skuli gert og um hvaða tímabil. Lögreglumönnum þeim, er viðkomandi lögreglustjóri hefur falið að hlusta, er heimilt að skýra lögreglustjóra frá því einu, er þeir verða áskynja og varðar viðkomandi mál, en eru að öðru leyti þagnarheiti bundnir. Skýrslu samkvæmt framansögðu má ekki birta óviðkomandi mönnum eða opinberlega, nema það teljist nauðsynlegt samkvæmt dómsúrskurði.

20. gr.

Ef nokkur starfsmaður, þar með taldir nemendur, fjarskiptavirkja ríkisins ónýtir, aflagar eða skýtur undan skeytum, myndum eða öðrum merkjum, sem afhent eru til flutnings um fjarskiptavirkin, eða ef hann liðsinnir öðrum í þess konar athæfi, þá varðar það viðurlögum samkvæmt 4. tölulið 27. gr.

21. gr.

Í leyfisbréfum, er ríkisstjórnin gefur út samkvæmt 3. eða 4. gr. laga þessara, má leggja á starfsmenn fjarskiptavirkja, sem leyfisbréfið hljóðar um, sams konar skyldur sem á starfsmönnum fjarskiptavirkja ríkisins hvíla eftir 19. og 20. gr., enda varða þá brot á þeim skyldum sömu viðurlögum sem brot starfsmanna fjarskiptavirkja ríkisins.

22. gr.

Enginn má, án heimildar, taka við fjarskeytum, myndum eða öðrum fjarskiptamerkjum eða hlusta á fjarskiptasamtöl. Ekki má heldur skrá neitt slíkt, tilkynna það öðrum eða notfæra sér það á nokkurn hátt.

VII. KAFLI

Stöðvun fjarskipta.

23. gr.

Ríkisstjórnin á rétt til að stöðva hvert skeyti eða samtal eða önnur fjarskipti, sem teljast hættuleg öryggi ríkisins eða koma í bága við lög landsins, opinbera reglu eða siðferði. Þegar eins stendur á, getur hún sömuleiðis stöðvað rekstur fjarskiptaþjónustunnar um skemmri eða lengri tíma og að nokkru eða öllu leyti.

VIII. KAFLI

Fjarskiptavirki á hættulegum tímum.

24. gr

Á ófriðartímum og þegar það telst nauðsynlegt vegna öryggis ríkisins, getur ráðherra fyrirskipað, að engir aðrir en þeir, sem heimild hafa til þess frá póst- og símamálastjórninni, megi eiga eða hafa í vörzlum sínum tilteknar tegundir fjarskiptavirkja eða hluti, sem eru sérstaklega ætlaðir í þau, og ekki heldur aðrar tilteknar tegundir tækja, sem nota má til þess að koma á fjarskiptum. Ráðherra getur

einnig bannað að aðstoða menn við að setja saman þess konar fjarskiptavirki eða tæki án heimildar eða að afla hluta til þeirra eða að hvetja menn beint eða óbeint til þessa.

25. gr.

Nú á maður eða hefur í vörzlum sínum einhver slík fjarskiptavirki eða tæki, sem nefnd eru í fyrirmælum ráðherra samkvæmt 24. gr., og skal hann þá þegar í stað tilkynna póst- og símamálastjórninni það og afhenda henni fjarskiptavirkin eða tækin eða hluta þeirra eftir því, sem hún þá mælir fyrir um. Komi endurgjald til greina, fer það eftir mati póst- og símamálastjórnar.

IX. KAFLI
Milliríkjasamningar.

26. gr.

Alþjóðasamningar og aðrir milliríkjasamningar um fjarskiptamál, sem ríkisstjórn Íslands fullgildir, ásamt þar að lútandi reglugerðum, sem ríkisstjórnin viðurkennir, skulu gilda sem lög, og varða brot gegn ákvæðum þeirra refsingu samkvæmt 1. lið 27. gr.

X. KAFLI
Viðurlög við brotum á lögum þessum o. fl.

27. gr.

1. Brot gegn 2.—6. gr., 1. mgr. 14. gr. og 15. gr. varða sektum allt að 10000 krónum, eða varðhaldi, ef miklar sakir eru. Upptæk skal gera tæki þau og hluti, sem í heimildarleysi hafa verið flutt inn, smíðuð eða starfrækt.
2. Valdi maður af ásettu ráði eða gáleysi truflun eða skemmdum á fjarskiptavirkjum, þá varðar það sektum, nema verki sé svo varið, að það eigi að varða refsingu eftir því sem í 176. gr. almennra hegningarlaga segir. Sá, sem skemmdum eða truflun hefur valdið, skal bæta allt tjón, sem af því hefur hlotizt, þar með talið viðskiptatap.
3. Brot gegn 19. gr. (sbr. og 21. gr.) varðar refsingu samkvæmt 136. gr. almennra hegningarlaga, sé það framið af ásetningi. Víkja skal þá starfsmanni þeim, sem brotlegur hefur gerzt, frá starfi. Sé brotið framið af starfsmanni stofnunar, sem í 3. eða 4. gr. getur, sbr. 21. gr., skal honum vikið úr þjónustu stofnunarinnar, ef ríkisstjórnin krefst þess.

   Hafi brot gegn 19. gr. (sbr. og 21. gr.) verið framið af gáleysi, varðar það sektum.
4. Brot gegn 20. gr. (sbr. og 21. gr.) varðar refsingu samkvæmt 137. gr. almennra hegningarlaga, sé það framið af ásetningi. Ákvæði 3. töluliðs hér á undan um brottvikningu starfsmanns þess, er sekur hefur gerzt, koma hér einnig til greina. Sé brotið framið af gáleysi, varðar það sektum.
5. Brot gegn 22. gr. varðar sektum samkvæmt 1. mgr. 228. gr. almennra hegningarlaga.
6. Brot gegn 24. og 25. gr. og fyrirmælum, er ráðherra setur samkvæmt þeim, varða varðhaldi eða fangelsi. Þó má beita sektum, ef sök er smávægileg eða sérstakar málsbætur eru fyrir hendi.
7. Þann, sem ekki stendur skil á áföllnum gjöldum á réttum gjalddaga fyrir fjarskipti eða afnot fjarskiptavirkja, má útiloka algerlega frá öllum fjarskiptum, hvort heldur er til hans eða frá honum, um óákveðinn tíma, þar til hann hefur greitt skuld sína að fullu.
8. Ákveða má í reglugerðum, sem settar verða samkvæmt lögum þessum, að brot gegn ákvæðum þeirra varði refsingum samkvæmt lögunum.

28. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Falla þá jafnframt úr gildi:

Lög nr. 12 20. okt. 1905, um ritsíma, talsíma o. fl.

Lög nr. 25 16. nóv. 1907, um vernd ritsíma og talsíma neðansjávar.

Lög nr. 35 20. okt. 1913, um ritsíma- og talsímakerfi Íslands.

Lög nr. 82 14. nóv. 1917, um rekstur loftskeytastöðva á Íslandi.

Lög nr. 83 14. nóv. 1917, um breytingar og viðauka við lög nr. 35 20. okt. 1913, frá ¼ 1942.

Lög nr. 52 28. nóv. 1919, um viðauka og breytingar á lögum nr. 83 14. nóv. 1917.

Lög nr. 35 15. júní 1926, um breyting á lögum nr. 52 28. nóv. 1917.

Lög nr. 14 14. júní 1929, um breyting á lögum nr. 12 20. okt. 1905.

Lög nr. 38 14. júní 1929, um breyting á lögum nr. 35 15. júní 1926 og lögum nr. 52 28. nóv. 1919.

Lög nr. 36 28. jan. 1935, um breyting á lögum nr. 52 28. nóv. 1919.

Lög nr. 31 1. febr. 1936, um loftskeytastöðvar í íslenzkum skipum.

Sþ. 138. Tillaga til þingsályktunar

um byggingu Siglufjarðarvegar.

Flm.: Einar Árnason, Bernh. Stefánsson, Pálmi Hannesson, Steingr. Steinþórsson, Stefán Stefánsson, Garðar Þorsteinsson, Erl. Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hraða svo byggingu Siglufjarðarvegar, að hann verði fullgerður eigi síðar en sumarið 1942 alla leið frá Siglufirði að vegamótum við Ketilás. Jafnframt heimilast ríkisstjórninni nauðsynlegt fé í þessu skyni úr ríkissjóði.

Á s t æ ð u r.

Það eru nú liðin allmörg ár síðan byrjað var á þjóðvegarlagningu yfir Siglufjarðarskarð, og er þegar búið að verja til þess allmikilli fjárhæð, eða fast að 200 þús. kr. Þó er vegurinn enn þá ekki kominn nema fjórðung leiðarinnar frá Skarðdal í Siglufirði að Hraunum í Fljótum. Það er því ljóst, að ef ekki verður lagt fram mun meira fé á næstu árum en undanfarið, þá tekur það enn 18—20 ár að koma Siglufirði í vegasamband við önnur héruð landsins. Má það vera öllum ljóst, að ekki er hægt að una við slíkan seinagang, þar sem þörfin er svo aðkallandi, vegna Siglufjarðar, nærliggjandi héraða og alls landsins. Það virðist líka léleg hagfræði að láta stórfé liggja í vegi, sem ekki er hægt að nota fyrr en eftir tvo tugi ára.

Það er því tilætlun flutningsm. þessarar tillögu, að nú sé hafizt handa og vegurinn fullgerður á 2 árum.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðayfirlit um vegagerð um Siglufjarðarskarð til Fljóta.

Síðan byrjað var á vegagerð yfir Siglufjarðarskarð, 1935, hafa fjárveitingar úr ríkissjóði verið þessar:

1935	kr.	15000.00
1936	—	10105.59
1937	—	15028.23
1938	—	14204.78
1939	—	16248.20
1940	—	15398.97
Samtals	kr.	85985.77

Enn fremur lagði Siglufjarðarbær á síðastliðnu ári fram lánsfé að upphæð kr. 55000.00, sumpart til þess að flýta vegagerðinni, en sumpart til atvinnubóta. Á lánsfé þetta að endurgreiðast af fjárveitingum næstu ára. Á þessu ári mun Siglufjarðarbær leggja til viðbótar rúmlega 40000 kr. sem lánsfé á sama hátt.

Loks hafa Siglfirðingar lagt fram í gjafavinnu, aðallega 1935, kr. 48405.90, en vegna erfiðra aðstæðna kom þessi vinna ekki nærri að fullum notum hvað afköst snerti.

Byrjað var á veginum rétt ofan við bæinn Skarðdal. Er nú að mestu fullgert upp að Þvergili, við hæl 348 eða um 3,5 km. frá Skarðdalsá, þó vantar enn púkklag og möl á um 900 metra kafla. Ofan við Þvergil eru gerðir nokkrir kaflar, þó ekki að fullu.

Árni Pálsson verkfræðingur mældi vegastæðið í fyrra sumar alla leið að Hraunum, en þar er 13,68 km. frá Skarðdalsá. Vegstæðið er allt alveg óvenju örðugt, bratt, víða í miklum hliðarhalla, grýtt og jafnvel klappir sums staðar, sem þarf að sprengja, sérstaklega á háskarðinu. Það verður að sprengja skarð í klapparhrygginn í háskarðinu um 40 m. langt og allt að 11,0 m. djúpt. Er um leið þessa að heita má nær alla alversta vegstæði, sem akvegur hefur verið lagður um hér á landi.

Árni Pálsson hefur gert kostnaðaráætlun um vegagerðina, er þar miðað við kauplag í febrúar í ár, Siglufjarðarkaup upp úr háskarðinu, en venjulegt vegakaup þaðan að Hraunum. Til samanburðar má geta þess, að er hinar fyrstu mjög lauslegu frumáætlanir voru gerðar, var miðað við meir en þriðjungi lægra kaup.

Mjög er erfitt að fá möl á mestum hluta leiðarinnar, og í rauninni óvíst um, hvar hún fæst. Er því nokkur óvissa að því er snertir þann lið áætlunarinnar. Að því er snertir verðlag á efni, svo sem sementi og timbri í ræsi, er miðað við verðlag 1940.

Veginum hefur verið skipt í kafla, og hefur Árni Pálsson gert eftirgreinda áætlun um hvern kafla sér:

1.	Að fullgera veginn að km. 4.85 eða upp undir klettabeltið	kr.	76200.00
2.	Kaflinn utan í klettabeltinu norðan háskarðsins frá 4.85—5.37 km. 520 metrar	—	135900.00
3.	Háskarðið, göngin frá 5.37—5.41 km. 40 m.	—	115400.00
4.	Skriður að vestan niður að skafllautum frá 5.41—5.67 km. 260 m.	—	16900.00
5.	Ofan Fellin frá 5.67—6.50 km. 830 metrar	—	54300.00
6.	Brekkurnar þar til ofan við Eggjabrekku á núverandi vegi 6.50—10.10 km. 3600 metrar	—	128100.00
7.	Um Almenninga að Hraunum 10.10—13.68 3580 metrar	—	113200.00
		Samtals kr.	640000.00

Frá Hraunum er enn ekki akfært að Brúnastöðum, og þarf nýjan veg að heita má alla leið, en þaðan að Haganesvík er að mestu upphleypt braut. Árni Snævarr verkfræðingur mældi þessa leið á síðastliðnu sumri, og nemur kostnaðaráætlun hans 100 þús. kr., ef miðað er við sama verðlag og í áætluninni um Skarðsveginn. Eru þá meðtaldar steyptar brýr á Brúnastaðaá og Lambanesá.

Reykjavík, 22. marz 1941.

Geir G. Zoëga.

Ed. 139. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 31 14. júní 1929, um Búnaðarbanka Íslands, og á lögum nr. 20 13. jan. 1938, um breyting á þeim lögum.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

1. Í stað orðanna „sparisjóðs- og rekstrarlánadeild“ í annarri málsgr. 3. gr. laga nr. 31 1929 komi: sparisjóðsdeild.
2. 2. tölul. 7. gr. sömu laga falli niður.
3. 11. gr. laganna orðist svo:
   Nú þykir sparisjóðsdeild ekki hafa nægilegt fjármagn til að fullnægja lánsþörf, og er þá ríkisstjórn heimilt að veita ábyrgð ríkissjóðs fyrir viðbótarláni allt að 3 millj. króna.
4. Aftan við 12. gr. laganna bætist: eða almennum bankalögum, ef sett kunna að verða.
5. Fyrirsögn II. kafla laganna verði: Sparisjóðsdeild.

2. gr.

I. Í stað VI. kafla sömu laga: „Lánadeild smábýla við kaupstaði og kauptún“, 54. til 61. gr., komi nýr kafli í 7 greinum, er verða 54.—60. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatalan á eftir samkv. því):
   a. (54. gr.). Ríkissjóður leggur fram 300 þús. krónur á árinu 1942 til lánadeildar smábýla.
   b. (55. gr.). Ríkissstjórninni skal heimilt að taka lán, allt að 2 millj. króna, handa lánadeildinni til starfsemi hennar, og stendur deildin sjálf skil á afborgunum og vöxtum, eða veita ábyrgð ríkissjóðs fyrir allt að jafnhárri upphæð í vaxtabréfum, er deildin gefur út.
   c. (56. gr.). Lán úr deildinni má veita til smábýla í grennd við kaupstaði og kauptún og annars staðar þar, sem svo mikil atvinnuskilyrði eru fyrir hendi, að lífvænlegt geti talizt að styðjast við smábýlabúskap. Enn fremur til mannvirkja í sambandi við ræktunarlönd, þó lántakandi sé búsettur í kaupstað eða kauptúni.
      Það skal vera skilyrði fyrir láni úr deildinni, að ræktunarland það, er hverju býli fylgir, sé minnst einn ha. að stærð. Þó skal lánveiting heimil, þótt land sé ekki meira en hálfur ha., ef hægt er að sýna fram á, að lántaki hafi þrátt fyrir það verulegan stuðning af landbúnaði á því.
   d. (57. gr.). Lán úr deild þessari má veita gegn hverju því fasteignaveði, er bankastjórnin tekur gilt.
   e. (58. gr.). Lán mega nema allt að $^3/_5$ af fasteignamatsverði húseigna, mannvirkja og lands.
   f. (59. gr.). Hámark lánsupphæðar má vera allt að 6 þús. krónum, lánstími allt að 40 árum og árlegir vextir allt að 6%.
   g. (60. gr.). Í reglugerð skal setja nánari ákvæði um starfsemi þessarar deildar.

II. Fyrirsögn kaflans verði: Lánadeild smábýla.

3. gr.

Meginmál 1. gr. laga nr. 20 13. jan. 1938 hljóði þannig:

Stjórn bankans skal skipuð einum bankastjóra og þriggja manna bankaráði.

Ráðherra sá, sem fer með landbúnaðarmál, hefur umsjón bankans. Hann skipar bankastjórann og formann bankaráðsins. Skal formaður bankaráðs skipaður til 6 ára í senn. Hina 2 bankaráðsmennina kjósa sameinaðar landbúnaðarnefndir Alþingis

með hlutfallskosningu til 4 ára í senn og jafnmarga til vara. Ráðherra setur bankastjóra og bankaráði erindisbréf.

Bankastjóri hefur að árslaunum 12000 krónur, og auk þess dýrtíðaruppbót, sem ráðherra ákveður, þó svo, að hann hafi aldrei hærri laun og dýrtíðaruppbót samanlagt en bankastjórar Landsbanka Íslands.

Bankaráðsformaður hefur 3600 kr. árslaun, en hinir bankaráðsmennirnir 1800 kr. hvor, en auk þess greiðist þeim dýrtíðaruppbót, eins og öðrum opinberum starfsmönnum, eftir ákvörðun ráðherra.

Ráðherra getur veitt fráförnum bankastjóra eða ekkju hans eftirlaun af fé bankans. Eftirlaun mega þó aldrei fara fram úr 50% af launum bankastjóra og 25% af launum handa ekkju hans, en skulu að öðru leyti ákveðin eftir því, sem ástæður eru fyrir hendi í hvert skipti.

Ráðherra setur mann til að gegna bankastjóra- og bankaráðsformannsstarfi um stundarsakir, ef bankastjóri eða bankaráðsformaður forfallast eða sæti þeirra verður óskipað í bili.

4. gr.

a. Fyrir „gæzlustjóri“ í öðrum málslið 1. málsgr. 2. gr. sömu laga komi: formaður bankaráðs eða tveir bankaráðsmenn.
b. Fyrir „bankastjóra“ í upphafi 3. málsl. sömu málsgr. komi: bankastjórn.

5. gr.

Þá er lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella texta þeirra og I. kafla laga nr. 91 3. maí 1935 og laga nr. 20 13. jan. 1938 inn í meginmál búnaðarbankalaganna og birta þau í einu lagi þannig breytt.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 140. Frumvarp til laga

um utanríkisráðuneyti Íslands og fulltrúa þess erlendis.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Með utanríkismál Íslands fer sérstakt ráðuneyti í Reykjavík, er nefnist utanríkisráðuneyti.

Skrifstofustjóri utanríkisráðuneytisins sér um daglegan rekstur þess, ásamt öðrum embættismönnum, sem til þess eru skipaðir. Nánari fyrirmæli um starfsmenn og verkaskiptingu utanríkisráðuneytisins skulu sett í reglugerð.

2. gr.

Ríkisstjórnin ákveður með tilskipun, á hvaða stöðum skuli vera sendiráð. Forstöðumenn sendiráða eru sendiherrar (envoyé extraordinaire et ministre plenipotentiaire) eða sendifulltrúar (chargé d'affaires) og eru skipaðir af ríkisstjórninni.

Ef ríkisstjórnin telur æskilegt, má fela forstöðumanni sendiráðs að veita forstöðu sendiráðum í fleiri löndum en einu.

Ríkisstjórnin skipar starfsmenn sendiráða.

3. gr.

Ríkisstjórnin ákveður með tilskipun, á hvaða stöðum ræðismenn skuli vera, og skipar þá. Ræðismenn eru ýmist sendir utan af ríkisstjórninni (sendiræðismenn)

eða kjörnir meðal þeirra manna, er hæfir þykja (kjörræðismenn), á þeim stöðum erlendis, er ríkisstjórnin telur æskilegt.

Ræðismenn eru ýmist aðalræðismenn, ræðismenn eða vararæðismenn.

4. gr.

Laun sendiherra skulu vera 10000 kr. Laun sendifulltrúa og sendra aðalræðismanna skulu vera 8000 kr. Laun sendiræðismanna skulu vera 4200 kr. Auk þess skulu sendimenn (sendiherrar, sendifulltrúar og sendiræðismenn) fá greiddar launabætur (staðaruppbætur), sem ríkisstjórnin ákveður fyrir hvern stað, miðað við kostnað lífsnauðsynja (fæðis, húsnæðis o. s. frv.) á dvalarstaðnum.

Óheimilt er sendimönnum að taka laun eða þóknun fyrir aukastörf.

5. gr.

Kjörræðismenn þurfa ekki að vera íslenzkir ríkisborgarar. Þeir taka og engin laun.

6. gr.

Nú starfa tveir eða fleiri fulltrúar fyrir ríkisstjórnina í sama landi, og setur hún þá fyrirmæli um embættisafstöðu þeirra hvers til annars.

Falið skal sendiráðum að annast ræðismannsstörf jafnframt öðrum störfum.

7. gr.

Sendimönnum, sem veita forstöðu sendiráðum eða ræðismannsskrifstofum, er heimilt að fara með þau störf í umdæmum sínum, sem notarius publicus fer með á Íslandi og varða löggerninga íslenzkra ríkisborgara, og einnig, ef annar aðilinn er útlendur ríkisborgari. Skjöl, sem þannig eru gefin út á löglegan hátt, skulu hafa sama gildi á Íslandi og notarialskjöl, sem þar eru gefin út.

Ef ástæða er til, getur ríkisstjórnin veitt kjörræðismönnum sömu heimild og ræðir um í fyrri málsgr. þessarar greinar.

8. gr.

Kostnaður samkvæmt lögum þessum greiðist úr ríkissjóði. Heimilt er, ef mjög ríkar ástæður eru fyrir hendi, að greiða kjörræðismönnum allt að 2000 kr. skrifstofufé.

9. gr.

Fyrir embættisverk fulltrúa utanríkisráðuneytisins erlendis skal greiða gjald eftir nánari fyrirmælum, sem ríkisstjórnin setur með reglugerð.

10. gr.

Ríkisstjórnin setur almennar starfsreglur fyrir fulltrúa utanríkisráðuneytisins erlendis, ákveður starfssvið þeirra og setur þeim erindisbréf.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 141. Tillaga til þingsályktunar

um nýja útgáfu af lagasafni.

Flm.: Bergur Jónsson, Gísli Guðmundsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að verða hið allra fyrsta við ályktun sameinaðs Alþingis frá 1937 um nýja útgáfu af lagasafni.

Greinargerð.

Á Alþingi 1937 báru þeir Jónas Jónsson og Stefán Jóh. Stefánsson fram þingsályktunartillögu um nýja útgáfu af lagasafni. Hlaut tillagan samþykki sameinaðs Alþingis, en hún var svo hljóðandi, ásamt greinargerð:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera ráðstafanir til þess, að hið allra fyrsta komi ný útgáfa af lagasafni (gildandi lögum íslenzkum) frá 1931, þar sem fellt verði niður það, sem þá er úr gildi gengið af íslenzkum lögum, en bætt við nýjum lögum, og að öðru leyti athugað um endurbætur á formi og tilhögun lagasafnsins.

Greinargerð.

Árið 1932 kom út fyrsta útgáfa af lagasafni (gildandi lögum íslenzkum 1931). Rit þetta, sem í daglegu tali oft er nefnt „lögbókin", hefur átt miklum vinsældum að fagna, og mun það vera að mestu leyti uppselt. Þetta lagasafn er hin nauðsynlegasta bók, ekki einungis fyrir alla þá, er fást við lögfræðileg efni, heldur einnig fyrir allan þorra manna, er fást við embættisstörf eða sýslanir eða hvers konar atvinnurekstur. En þó að ekki séu liðin nema fá ár frá því að lagasafnið kom út, er það þegar orðið nokkuð úrelt. Leursteypan að ritinu er öll geymd, og verður því miklum mun ódýrara að gefa það út að nýju.

Þar sem hér er því að ræða um hið nauðsynlegasta rit, sem bæði er næstum uppselt og allverulega úrelt, ber brýna nauðsyn til þess að fá nýja útgáfu af lagasafninu. Þess vegna er þingsályktunartillaga þessi flutt."

Nú eru 4 ár liðin síðan þál. þessi var samþykkt, en hin nýja útgáfa lagasafnsins hefur eigi verið gefin út enn. Flm. taka undir ástæður þær, sem komu fram í greinargerð till. frá 1937, og telja jafnframt rétt, að samþykkt sé á Alþingi nú þál. til þess að herða á því, að þessu nauðsynjamáli verði sem allra fyrst hrundið í framkvæmd. Erfiðleikar manna, sem leita þurfa núgildandi lagaákvæða, eru orðnir algerlega óviðunandi og vaxa með hverju ári, sem líður.

Nánar í framsögu.

Nd. 142. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 99 11. júní 1938, um fiskveiðasjóð Íslands.

Frá Jóni Ívarssyni og Gísla Guðmundssyni.

1. Við 2. gr. B.
   a. 1. tölul. orðist svo:
      Hundraðsgjald af útfluttum sjávarafurðum sem hér segir: af öllum íslenzkum fiskafurðum, þar á meðal síld og síldarafurðum, hverju nafni sem nefnast, sem fluttar eru til útlanda, skal umfram lögmælt útflutningsgjald greiða í fiskveiðasjóð Íslands ½% gjald af verði afurðanna. Um innheimtu þessa gjalds fer eftir lögum nr. 70 27. júní 1921, um útflutningsgjald.
   b. 2. töluliður falli niður, og liðatalan breytist samkv. því.
2. Við 6. gr. Í stað „4% — fjórir af hundraði" komi: 4½% — fjórir og hálfur af hundraði.
3. Við 8. gr. Aftan við greinina bætist: og enn fremur lög nr. 47 19. maí 1930, um fiskveiðasjóðsgjald, og lög nr. 35 8. sept. 1931, um breyting á þeim lögum.

Ed. 143. Breytingartillögur

við frv. til l. um jarðakaup ríkisins vegna kauptúna og sjávarþorpa.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 4. gr. Í stað orðanna „sama verði og það keypti ... á sinn kostnað“ komi: með kostnaðarverði.
2. Við 6. gr.
   a. b-liður falli burt.
   b. Aftan við c-lið, sem verður b-liður, bætist: Þurfi að taka land eignarnámi, sem liggur í öðru hreppsfélagi, má það því aðeins, að landið liggi að hreppsmörkunum, enda verði þá takmörkum hreppsins breytt þannig, að hið tekna land verði innan þess hrepps, er það notar.

Sþ. 144. Breytingartillaga

við till. til þál. um aukning Sogsvirkjunarinnar.

Frá Sveinbirni Högnasyni og Helga Jónassyni.

Tillögugreinina skal orða svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina, að hún hlutist til um, að jafnhliða væntanlegri aukningu Sogsvirkjunarinnar verði séð fyrir því, að Suðurlandsundirlendið geti fengið raforku, eftir því sem unnt er. Sé þess gætt fyrst og fremst, að háspennulínur þær, sem talið er, að geti borið sig, séu lagðar um það, áður en bætt er við raforku þá, sem Reykjavík hefur nú.

Þá skorar Alþingi og á ríkisstjórnina, að hún beiti áhrifum sínum til þess, að rafvirkjunarframkvæmdir næstu ára séu fyrst og fremst miðaðar við það, að koma raforku til sveitanna, áður en aukið er við orku þá, sem kaupstaðirnir þegar hafa.

Nd. 145. Frumvarp til landskiptalaga.

Flm.: Steingrímur Steinþórsson, Bjarni Ásgeirsson.

1. gr.

Eftir lögum þessum geta komið til skipta eða endurskipta að nokkru eða öllu leyti heimalönd sveitajarða og afréttarlönd, sem jöfnum höndum eru notuð til vetrarbeitar, tún, sáðreitir, engi, landsnytjar aðrar og hlunnindi, svo og mannvirki, sem tvö eða fleiri býli hafa eða hafa áður haft til samnota:

1. Ef lögfest skipti hafa eigi áður farið fram, og getur þá hver einstakur eigandi eða umráðamaður jarðar, jarðarparts eða landsnytja krafizt skiptanna.
2. Ef allir hlutaðeigandi eigendur beiðast skipta, þótt lögfest skipti hafi áður átt sér stað.
3. Þótt aðeins einn aðili beiðist endurskipta, ef reynslan hefur sýnt, að lögfest skipti séu mjög óhagkvæm einum aðila eða fleirum, og úr því má bæta án þess hinum verði mein að, að dómi matsmanna.

2. gr.

Skipta skal eftir jarðamati frá árinu 1861, þar sem því verður við komið.

Nú eru í því jarðamati tvær eða fleiri jarðir (hjáleigur) metnar í einu lagi til dýrleika, en aðgreint mat þeirra er að finna í jarðatali Johnsens frá 1847, og skal það þá notað.

Verði hvorugu þessu mati við komið, skal farið eftir fasteignabók frá 1922 eða síðari fasteignabókum, þó þannig, að ávallt verði notað hið elzta jarðamat, sem við verður komið.

Nú hafa gilt manna á meðal í 20 ár eða lengur önnur eignahlutföll en jarðamatsbækur gefa upp, og allir eigendur samþykkja, að þau eignahlutföll skuli haldast, og er þá heimilt að skipta eftir þeim, en sýslumaður skal tilkynna fasteignamatsnefnd þess konar skipti.

3. gr.

Við skiptin skal ekki aðeins farið eftir flatarmáli lands, heldur og gæðum þess og verðmæti á hverjum stað. Eigi má staðbundin skipti gera á námarétti, þar með talið mótak, veiði í vötnum eða sjó, selveiði, fuglaveiði með háf eða skotum, reka, vergögnum, lóðagjöldum, beitutekjum, þörungum föstum og lausum og fjörubeit, nema skiptin séu það hagkvæm, að á engan eiganda sé hallað, eða samþykki allra eigenda komi til.

Nú hafa eignahlutföll á sameignarjörð breytzt við jarðamat (endurmat), fyrir misjafna ræktun eða aðrar verklegar framkvæmdir eiganda eða ábúanda, og breytast þá eigi fyrir það eignahlutföll óskipts lands eða landsnytja.

Nú er ágreiningur um eignahlutföll óskipts lands eða landsnytja, og næst ekki samkomulag. Verður þá eigi úr því skorið nema með dómi. Um umráð og notkun vatns og fallvatna, svo og um girðingar, fer eftir almennum lögum.

4. gr.

Úttektarmenn skulu vera matsmenn og gera skiptin hver í sínu umdæmi. Ef úttektarmaður er hindraður, við málið riðinn eða nákominn aðilum, kveður sýslumaður annan í hans stað. Sýslumaður skal og kveðja oddamann til skiptagerða. Skal hann vera formaður matsmanna, stýra skiptum og annast bókun skiptagerðar. Meiri hluti atkvæða ræður úrslitum.

Matsmenn fá þóknun fyrir skiptin eftir gildandi kauptaxta í vegavinnu ríkisins í viðkomandi umdæmi, og reiknast þeim kaup á meðan þeir eru fjarverandi heimili sínu, enda tefji þeir ekki ferð sína eða störf meir en nauðsyn krefur. Oddamaður fær þriðjungi hærri þóknun en hinir. Ferðakostnaður greiðist þannig, að fargjöld með bifreiðum greiðast eftir gildandi taxta, en fyrir hesta greiðist eftir gildandi vegavinnutaxta.

5. gr.

Þegar skipta skal landi eða landsnytjum, skal bjóða öllum eigendum og öðrum þeim, er notkunarrétt hafa á því, er til skipta getur komið, að vera við skiptin og gefinn kostur á að upplýsa málið fyrir matsmönnum, en gætt skal þess, að matsstörfin dragist ekki fyrir það lengur en nauðsyn krefur. Hið sama gildir og við yfirmat, en ekki skulu þeir þó viðstaddir, er matsmenn eða yfirmatsmenn ræða milli sín úrslit skiptanna eða ráða þeim til lykta. Hver sá eigandi, sem er óánægður með skiptin, getur heimtað yfirmat innan 6 mánaða frá þeim degi, er skiptin fóru fram.

6. gr.

Sýslumaður skal dómkveðja 4 menn óvilhalla til að framkvæma yfirmat, en sjálfur skal hann vera formaður þeirra og stýra matinu. Heimilt er honum þó að kveðja annan í sinn stað. Yfirmatsmenn fá sama kaup og matsmenn og ferðakostnað eftir reikningi. Úrskurðar sýslumaður reikninga yfirmatsmanna; þó má skjóta úr-

skurði hans undir fullnaðarúrskurð dómsmálaráðuneytisins, er úrskurðar reikninga hans sjálfs.

Kostnað við skipti greiði sá, er þeirra beiðist, ef skiptatilraun verður árangurslaus sökum vanheimilda, svo og við yfirmat, ef engin breyting er gerð á skiptum, ella skiptist allur kostnaður á eigendur að tiltölu við eignahlutföll þess, er skiptin ná til. Ef skipt er samkvæmt 3. tölulið 1. gr., skulu þeir einir greiða fyrir skipti, er verða leiðréttingar aðnjótandi eða fá bætta aðstöðu.

7. gr.

Nú eru landskipti sérstaklega vandasöm, land sérstaklega verðmætt eða aðstaða þannig, að sýslumaður telji nauðsynlegt, að fagmaður fjalli um skiptin, og er honum þá heimilt að kveðja slíkan mann, einn eða fleiri, til skiptanna. — Sýslumaður semur um þóknun til fagmanna, en aldrei má kaup þeirra yfirstíga lágmarkskauptaxta samkvæmt gjaldskrá Verkfræðingafélags Íslands.

8. gr.

Ef land það, er skipta á, er tún, góðar engjar eða annað sérstaklega verðmætt land, geta eigendur hver um sig krafizt þess, að skipt sé eftir uppdrætti. Enn fremur ef landið er mjög óreglulegt eða aðstaða þannig, að torvelt sé að skipta, getur sérhver eigandi eða matsnefnd krafizt uppdráttar. Nú er uppdráttur ekki til af landinu, og skal þá sýslumaður fá mann til að gera uppdráttinn, og telst kostnaður við það til skiptakostnaðar. Á uppdráttinn skal draga greinilega með teiknibleki allar landamerkjalínur, og afhendist hann síðan sýslumanni til geymslu.

9. gr.

Áður en skipti byrja, skulu úttektarmenn eða matsmenn rannsaka, hvort land það, er skipta skal, sé með löglegum landamerkjum aðgreint frá landi nærliggjandi jarða. Séu landamerki krókótt og óhagkvæm, skulu úttektarmenn reyna með samkomulagi að fá rétting þeirra. Leita skulu þeir og upplýsinga um réttindi þau og skyldur, er sameignarlandinu fylgja eða nokkrum hluta þess. Nú er ágreiningur um aðliggjandi landamerki, og skulu matsmenn þá leita eftir samkomulagi, en náist það ekki, skal matsnefnd gera sýslumanni þegar í stað aðvart, og tekur hann þá málið fyrir samkv. lögum nr. 41 28. nóv. 1919, um landamerki.

10. gr.

Skipta skal landi þannig, að land hverrar jarðar eða jarðarparts verði sem mest í samhengi og sé sem skipulegast.

Skipta skal með beinum línum, eins fáum og verða má, svo horn verði sem fæst. Boglínur í landamerkjum mega því aðeins eiga sér stað, að illa verði hjá þeim komizt, svo sem þegar vegur eða opinn vatnsfarvegur verður að ráða mörkum. — Nú hefur einhver nytjað land svo lengi, að hefðarréttur er unninn, og stendur hefðin fyrir skipulegri landskiptingu. Skal þá hefðin að engu höfð, enda fái hlutaðeigandi jafngildi landsins á öðrum stað, og hafi hann gert einhverjar umbætur á landinu, skal bæta honum þær við skiptin.

11. gr.

Nú hefur eigandi ræktað hluta úr óskiptu sameignarlandi, áður en lög þessi gengu í gildi, og skal hann við skiptin halda þessu landi, gegn því að hinir sameigendurnir fái hver um sig að tiltölu samsvarandi hluta af óræktuðu landi í sameigninni, ef skiptin mega þannig vel fara. En verði landið úthlutað öðrum, án þess ræktað land komi í staðinn, skal honum heimilt að nytja það sem sína eign, þar til sá, sem landið var úthlutað, hefur ræktað honum jafnstóran blett og ekki lakari í hans landi.

Verði ágreiningur við samanburð ræktunarlandanna eða hvar land skuli ræktað til endurgreiðslu, eftir að landskiptum er lokið, skal hlíta úrskurði viðkomandi trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands.

Ef ekki er völ á ræktunarhæfu landi til skipta á móti því, sem ræktað hefur verið, skal, ef þess er krafizt, nema svo mikið af hinu ræktaða landi, að rétt skiptahlutföll fáist, og skal þá sá, er ræktunarlandið fékk, greiða þeim, er landið lét, ræktunarkostnaðinn eftir mati skiptanefndar.

12. gr.

Nú kemur í ljós við skiptin, að flytja þarf til hús, girðingar eða önnur færanleg mannvirki, og kveður skiptanefnd á um, innan hvers tíma flutt skuli og hver skuli kosta flutninginn eða hvernig flutningskostnaði skuli skipt niður.

Nú liggja tún- eða engjavegir yfir landið, eða nauðsynlegt þykir, að slíkir vegir verði þar lagðir, og skal þá í skiptagerðinni ákveðið um notkunarrétt hvers einstaks landeiganda á þeim, um viðhalds- og vegagerðarkostnað, svo og hvar nýir vegir skuli liggja.

13. gr.

Nú er land að einhverju leyti undirorpið hættu af vatnságangi, skriðufalli, sandfoki eða uppblæstri, og skal þá við skiptin taka sérstakt tillit til slíkrar hættu, og um leið, ef unnt er, koma á samningum um það, hver vera skuli aðstaða eigendanna innbyrðis um varnir gegn þessari hættu, eða aðgerðir á slíkum skemmdum, er fyrir koma, eftir að landinu er skipt.

Á sama hátt skal gera ráðstafanir gagnvart væntanlegum landvinningum, svo sem ef land grær upp úr vatni eða sandauðnum, þannig, að eftir föngum sé haldið opinni leið til hagkvæmra framhaldsskipta eða endurskipta.

14. gr.

Skiptagerðir eftir lögum þessum skal rita í bók, er sýslumaður löggildir, og greiðist verð bókarinnar úr ríkissjóði.

15. gr.

Þegar landi hefur verið skipt samkvæmt lögum þessum, skulu úttektarmenn eða matsmenn láta setja glögg merki fyrir skiptunum. Eru landeigendur skyldir að gera þau tafarlaust. Í skiptagerðum skal lýsa merkjum þessum og afstöðu þeirra svo greinilega, að ekki verði um villzt. Þegar greinilegir skurðir, garðar, vegir eða girðingar eru í mörkum, þarf ekki um að bæta, en ef engin slík merki eru í markabeygjum, og ekki heldur glögg náttúrueinkenni, sem ekki verður á villzt, skal hlaða vörður úr torfi eða grjóti, nema hlutaðeigendur kjósi varanlegri merki, svo sem steinsteypustaur, skurð eða annað, sem skiptanefnd tekur gilt. Ef vörður eru hlaðnar, skulu þær vera keilumyndaðar, eigi minni en 1½ m í þvermál að neðan og dragast saman með fláa 1 : 1. Landeigendum er skylt að halda landamerkjum glöggum.

Ef skráð landamerki eru færð til af mannavöldum, eða önnur lík merki sett upp, er valdið geta ruglingi, varðar það sektum allt að 1000 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum hegningarlögum.

16. gr.

Landeigendum er frjálst að skipta sjálfir landi milli sín, ef þeim kemur saman um það öllum og leiguliðar og aðrir, er nokkurn rétt hafa á landinu og skiptin snerta hagsmunalega, gefa samþykki sitt til þess. Þó skal landeigendum skylt að fá hreppstjóra, úttektarmann eða trúnaðarmann Búnaðarfélags Íslands — eða fagmann, ef skiptin eru sérstaklega vandasöm — til aðstoðar, enda sé hann leiðbeinandi um það, að skiptin verði sem skipulegust og réttlátust.

Frá landamerkjum skal gengið eins og segir í 15. gr. Um slík skipti skal skrá greinilega skiptagerð. Skal í henni nákvæmlega lýst afstöðu lands þess, er hver um

sig hlýtur við skiptin, takmörkum þess og réttindum öllum, er því fylgja. Geta skal og þess, hver áhrif skiptin hafa á leiguliðaafnot af landi því, er skipt var. Skiptagerð þessari skal þinglýsa. — Sé ekki skipt að tiltölu réttri, en einhver eiganda hafi látið af hendi meira verðmæti í landeign eða réttindum innan sameignarinnar en hann fékk á móti, skal líta á það sem afsal eða selt, og breytist þá skattskylda jarðanna eða jarðapartanna samkvæmt því.

17. gr.

Meðan skógarhögg og mótak er í sameign í óskiptu landi, má enginn eigenda, án samþykkis allra hinna, nota skóg eða mótak nema til heimilisnota fyrir sjálfan sig.

18. gr.

Þar, sem tveir eða fleiri menn hafa sambeit í óskiptu landi, má enginn þeirra nota beitina, nema eftir ítölu á móts við sameigendur sína, er metin sé af úttektarmönnum. Ítölu skal meta eftir jarðardýrleika og jarðarstærð, og skal sá vera grundvöllur matsins, hve mikinn fénað má í högum hafa án þess örtröð verði. — Nú hefur einhver sambeitareigenda minni fénað í högum en svarar ítölu hans, en aðrir hafa meira en þeim ber, og skulu þeir þá hafa forgangsrétt til, gegn endurgjaldi, að nota ítölurétt þess, sem of fátt hefur, meðan hann notar eigi sjálfur.

19. gr.

Enginn má, eftir gildistöku þessara laga, taka land til ræktunar, setja upp varanlega girðingu, gera skurð, byggja hús eða önnur varanleg mannvirki í óskiptu sameignarlandi, þó samþykki allra annarra hlutaðeigenda liggi fyrir. Brot gegn þessu ákvæði varðar sekt, allt að 1000 kr., er renni í viðkomandi sveitarsjóð.

20. gr.

Með lögum þessum falla úr gildi landskiptalög, nr. 57 31. maí 1927. Þá eru og öll önnur eldri lagafyrirmæli úr gildi felld, er brjóta í bág við lög þessi.

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Reynslan hefur sýnt, að gildandi landskiptalög eru ekki nógu viðtæk. Fyrir þær sakir verður oft mikill ágreiningur samfara landskiptum, sem stundum leiðir til málaferla, er veldur aðilum mikils kostnaðar. Þess eru og dæmi, að landskipti hafa ekki þótt framkvæmanleg vegna vanheimilda af laganna hálfu.

Af þessum ástæðum þykir nauðsynlegt að setja ný lög um landskipti.

Til skýringar þeim nýmælum, er frumvarp þetta flytur, skal eftirfarandi tekið fram:

Um 1. gr. Þess hefur orðið vart, að landskipti hafa reynzt óhagkvæm fyrir ýmsar orsakir, og bitnar það ýmist á einum eða fleirum aðilum. Orsakir geta verið ýmsar, t. d. að landskiptin hafi tekizt illa vegna óhagsýnis. En miklu tíðara er, að síðari tíma aðgerðir skapi breytta aðstöðu, er geri endurskipti æskileg, ef ekki nauðsynleg. Nýir vegir, sem skera löndin sundur, skapa t. d. þannig breytt viðhorf.

Um 2. gr. Í gildandi lögum er raunverulega enginn skiptagrundvöllur ákveðinn. Venjulega fæst samkomulag um, að skipt sé eftir jarðamatinu frá 1861, en stundum verður ágreiningur um skiptagrundvöllinn, svo leita verður úrskurðar.

Nú breytist fasteignamat jarða vegna umbóta, en það má ekki hafa áhrif á landskipti, og þykir því sjálfsagt að lögákveða skiptahlutföll jarða eftir jarðamatinu frá 1861, þar sem því verður við komið, enda verður ekki komizt nær hinu rétta á annan hátt.

Dæmi eru þess, að manna á meðal gilda önnur eignahlutföll en jarðabætur herma, og hefur ýmsum sameiginlegum kostnaði verið jafnað niður eftir þeim hlutföllum yfir lengri eða skemmri tíma.

Þykir rétt að heimila þvílíka venju sem skiptagrundvöll, hafi hún gilt í 20 ár eða lengur.

Um 4. gr. Greiðslur fyrir landskipti eru óhæfilega lágar samkv. gildandi lögum. Á síðari tímum er verðgildi peninga mjög óstöðugt, og þykir því rétt að ákveða greiðslurnar á þennan hátt.

Um 5. gr. Í gildandi lögum er áfrýjunarfresturinn 1 ár. Með tilliti til nútíma hraða þykir rétt að stytta þennan tíma, enda með öllu ástæðulaust að hafa lengri frest en 6 mánuði.

Um 7. og 8. gr. Þessi nýmæli skýra sig sjálf, að því viðbættu, að oft hefur orðið að grípa til þvílíkra ráðstafana, þó gildandi lög mæli ekki svo fyrir.

Um 10. gr. Þess eru tíð dæmi við landskipti, að hefðin á landskikum standi í vegi fyrir hagkvæmum skiptum. Stundum tekst að miðla málum, svo vel fari, en hins vegar á sér líka stað, að einskær og ástæðulaus stífni þess, sem hefðarréttinn hefur, geri hagkvæm skipti ómöguleg.

Um 11. gr. Skýrir sig sjálf.

Um 15. gr. Það er kunnara en frá þurfi að segja, hve landamerki eru víða óskýr eða finnast alls ekki, og veldur þetta tíðum málaferlum. Þá þekkist og, að „ágengir“ menn færi til landamerki eða setji önnur upp, er síðar valda ruglingi. Þykir því rétt að setja hér um lagaákvæði.

Um 16. gr. Í gildandi lögum er jarðeigendum heimilað að skipta sjálfir löndum sínum. Enda þótt slík skipti takist misjafnlega, þykir þó ekki tími til þess kominn að svipta landeigendur þessari heimild. Hins vegar þykir rétt að skylda þá til þess að hafa hlutlausan leiðbeinanda við skiptin.

Um 19. gr. Algengustu vandkvæðum við landskipti valda ýmiss konar mannvirki, er sett hafa verið í óskiptu landi. Verður því fortakslaust að setja undir þann leka og knýja hlutaðeigendur til landskipta.

Til frekari tryggingar því, að ekki verði hylmað yfir þessa hluti, er gert ráð fyrir, að sektir renni í viðkomandi sveitarsjóð.

Ed. 146. Nefndarálit

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka á leigu skólahús, fundahús og þinghús í sveitum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og er sammála um, að mikil nauðsyn sé á því, að ríkisstjórninni sé veitt sú heimild, sem hér er farið fram á. Hins vegar lítur nefndin svo á, að heimildin þurfi að vera nokkru víðtækari en í frumvarpinu felst, eins og það, að ekki sé eingöngu bundið við umrædd hús í sveitum, heldur einnig í kauptúnum, þar sem líkur benda til, að hætta af loftárásum sé lítil eða engin. Enn fremur að heimildin nái einnig til húsnæðis, sem kynni að vera ónotað og nothæft væri talið til dvalarheimila. Að heimildin sé ekki eingöngu miðuð við börn, heldur einnig mæður þeirra, sem í allmörgum tilfellum mundu fylgjast með börnum sínum.

Þá telur nefndin, að svo geti farið, að nauðsynlegt sé að leigunámsheimildin nái einnig til farkosts til flutnings barnanna og mæðra þeirra, þar sem gera má ráð fyrir, að um svo stóran hóp fólks sé að ræða, sem flytja þarf á skömmum tíma, að erfitt reynist að fá nægilegan farkost með venjulegum hætti.

Nefndin leggur því til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkisstjórninni er heimilt að taka á leigu öll skólahús, fundahús, þinghús og annað nothæft húsnæði í sveitum eða kauptúnum, til þess, ef þörf gerist, að gera þessi hús að dvalarstöðum fyrir börn og mæður þeirra úr kaupstöðum og kauptúnum. Einnig er ríkisstjórninni heimilt að taka á leigu flutningatæki, sem með þarf til að koma börnunum og mæðrum þeirra að og frá ákvörðunarstað.
2. Við 2. gr. Fyrri málsl. orðist svo:
   Ef samkomulag næst ekki við eigendur eða leigjendur húsa og farartækja þeirra, sem um getur í 1. gr., er ríkisstjórninni heimilt að taka þau leigunámi.
3. Fyrirsögn frumvarpsins verði svo:
   Frumvarp til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka á leigu húsnæði í sveitum og kauptúnum o. fl.

Alþingi, 4. apríl 1941.

Sigurjón Á. Ólafsson, form., frsm.	Ingvar Pálmason, fundaskr.	Magnús Gíslason.

Ed. 147. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyting á umferðarlögum, nr. 110 30. maí 1940.

Frá samgöngumálanefnd.

1. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   a. Orðin „og við vinstri brún hennar, þegar því verður við komið“ í 3. málsgr. 13. gr. laganna falli burt.
   b. Síðasta málsgr. sömu greinar laganna orðist svo:
      Gangandi menn skulu halda sér vinstra megin á gangstétt og jafnan víkja til vinstri hver fyrir öðrum.
2. Við 7. gr. Á eftir greininni komi ný grein, svo hljóðandi:
   Þá er lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal færa þau inn í meginmál umferðarlaga, nr. 110 30. maí 1940, og birta þau í einu lagi þannig breytt.

Ed. 148. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á bifreiðalögum, nr. 75 7. maí 1940.

Frá samgöngumálanefnd.

Á eftir 2. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
Þá er lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal færa þau inn í meginmál bifreiðalaga, nr. 75 7. maí 1940, og birta þau í einu lagi þannig breytt.

Nd. 149. Frumvarp til laga

um veiði, sölu og útflutning á kola.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Bannað er að veiða, flytja á land eða selja, hvort heldur innan lands eða til útflutnings, eða kaupa skarkola (Pleuronectes platessa), þykkvalúru (Pleuronectes microcephalus), sandkola (Pleuronectes limanda) og langlúru (Pleuronectes cynoglossus), sem er smærri en 27 sentímetrar á lengd og 250 grömm að þyngd.

2. gr.

Nú eru kolategundir þær, er í 1. gr. getur, og stærri eða þyngri en þar greinir, ætlaðar til útflutnings, hvort heldur nýjar, ísvarðar, frystar, reyktar eða saltaðar, og skulu þær þá metnar og flokkaðar af fiskimatsmanni. Skal fiskimatsmaðurinn gefa vottorð um gæði og flokkun fisksins og geta um merkingu umbúða á vottorðinu, en vigtarvottorð, ef fiskurinn er fluttur út án umbúða.

Undanþeginn mati er sá fiskur, sem veiðist á skip, sem aðeins flytja eiginn afla á erlendan markað.

3. gr.

Yfirfiskimatsmenn skulu hafa eftirlit með því, hver í sínu umdæmi, að ákvæði 1. og 2. gr. laga þessara séu haldin. Enn fremur skulu þeir jafnframt hafa eftirlit með, að framfylgt sé lögum og reglugerðum, er gilda á hverjum tíma um möskvastærð veiðarfæra. Með samþykki ráðherra geta yfirfiskimatsmenn falið fiskimatsmönnum að annast eftirlitið í fjarveru sinni, og skal greiðsla fyrir starfið ákveðin af ráðherra. Kostnaður við eftirlitið greiðist úr ríkissjóði. Fiskideild Háskóla Íslands skal jafnan heimilt að rannsaka hinar ýmsu tegundir fiska hjá seljendum eða kaupendum fisks og kaupa fisk af eigendum til rannsóknanna við sannvirði, ef hún óskar þess.

4. gr.

Nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara skulu sett með reglugerð, og má í reglugerðinni setja ákvæði um sektir fyrir brot á henni.

5. gr.

Sá, sem gerist brotlegur við ákvæði 1. gr. með því að veiða, flytja á land, selja eða kaupa smærri kola en þar er leyft, skal sæta sektum svo sem hér greinir:

Fyrir fyrsta brot 500 krónur.

Fyrir hvert ítrekað brot 1000 krónur.

Auk þess má, ef miklar sakir eru, svipta skipstjóra skipstjórnarréttindum, sem orðið hefur brotlegur þrisvar eða oftar.

Fyrir brot gegn 2. gr. greiðist 300 króna sekt fyrir fyrsta brot og 500 krónur fyrir hvert brot þar eftir.

Sektirnar renna í ríkissjóð.

6. gr.

Mál, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal reka sem opinber lögreglumál.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Athygli sjávarútvegsnefndar hefur verið vakin á því, að ákvæðum reglugerðar um lágmarksþyngd og lágmarksstærð fisks, sem veiddur er í dragnót og hafður er til sölu, sé ekki framfylgt, enda ekkert eftirlit með því haft, að svo sé gert. Enn fremur

hefur sú breyting orðið á tveim síðustu árum, að margir vélbátar eru nú teknir að stunda botnvörpuveiðar, og eru engin ákvæði til í gildandi lögum um lágmarksþyngd eða lágmarksstærð þess fisks, er þessir bátar veiða og selja. Af þessum ástæðum hefur kolaveiði á síðastliðnu ári verið rekin sem hrein rányrkja og mjög mikið verið veitt af smákola, sem ekki er orðinn kynþroska og ætti þess vegna alls ekki að veiða. Þetta óhóflega dráp ungkolans myndi hefna sín áþreifanlega innan skamms, ef óbreytt er látið standa, og hefur nefndin því orðið ásátt um að flytja frv. það, er hér liggur fyrir, til þess að bæta úr þessu.

Í frv. er tekið upp það nýmæli að fyrirskipa flokkun og mat á kola þeim, sem ætlaður er til útflutnings, og að fela yfirfiskimatsmönnum mat þetta, svo og eftirlit með möskvastærð veiðarfæra og eftirlit með því, að haldin séu ákvæði laganna um lágmarksstærð þess fisks, sem veiddur er og seldur. Starf fiskimatsmanna hefur minnkað mjög hin síðari árin, og ættu þeir því að hafa nægan tíma til þessa, enda fái þeir þóknun samkvæmt ákvörðun ráðherra, en fiskimatsmennirnir eru vanir að vinna trúnaðarstörf í þágu þess opinbera og ættu því að vera vel til þessa starfs hæfir, og þá jafnframt færir um að brýna fyrir fiskimönnum, hver nauðsyn er á, að löggjöf sem þessi sé í heiðri höfð.

Nefndin hefur leitað álits hr. Árna Friðrikssonar fiskifræðings um frv. þetta, og telur hann samþykkt þess geta orðið til mikilla bóta.

Einstakir nefndarmenn hafa óbundnar hendur um breytingartillögur, sem fram kunna að koma við frv.

Ed. 150. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 9. jan. 1935, um eftirlit með sjóðum, er fengið hafa konungsstaðfestingu á skipulagsskrá.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með því, að það verði samþykkt ásamt breytingartillögu þeirri, er fyrir liggur frá flutningsmönnum frumvarpsins.

Alþingi, 5. apríl 1941.

Sigurjón Á. Ólafsson, form., frsm.	Ingvar Pálmason, fundaskr.	Magnús Gíslason.

Ed. 151. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr. Á tollskránni í 1. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:	Toll-eining	Vörumagns-tollur Aurar	Verð-tollur %
1. Nr. 2 í 13. kafla orðist svo:			
2 — gúmmí arabikum	—	7	8
2. Nr. 2 í 15. kafla orðist svo:			
2 — tólg	—	2	8
3. Í stað orðanna „ekki yfir 15 kg.“ í 20. lið 15. kafla komi: allt að 3 kg.			
4. Nr. 24 í 15. kafla orðist svo:			
24 — glyserin	—	7	8

		Toll-eining	Vöru-magns-tollur Aurar	Verð-tollur %
5.	Orðin „einnig tilbúið“ í 26. lið 15. kafla falli niður.			
6.	Nr. 9—13 í 27. kafla orðist svo:			
	Olíur og önnur efni eimd úr háhitatjöru og hydrerað fenól, kresól og naftalín:			
	9 — benzól	—	7	8
	10 — fenól	—	7	8
	11 — kresól	—	7	8
	12 — naftalín	—	7	8
	13 — annað	—	7	8
7.	Í stað orðanna „allt að 15 kg.“ í 21. lið 27. kafla komi: allt að 3 kg.			
8.	Orðið „joð“ í byrjun 1. liðs 28. kafla falli niður, en á eftir orðunum „svo og með klór“ síðar í liðnum komi orðin: og joði.			
9.	Við nr. 3—5 í 28. kafla komi svo hljóðandi athugasemd:			
	Af hylkjum utan um gastegundir, sem taldar eru í nr. 3—5, skal ekki greiða verðtoll, ef hylkin eru lánuð eða leigð hingað til lands og endursend aftur að notkun lokinni, enda fylgist tollyfirvöldin með því, að hylkin séu endursend.			
10.	Nr. 32 í 28. kafla orðist svo:			
	32 — blönduð sölt í gosdrykki, sjúkrasölt og þvílíkar saltblöndur, ætlaðar til sjúkrafæðu, aðrar en Karlsbadsalt og Emsersalt, náttúrleg og tilbúin	—	7	30
11.	Nr. 37 í 28. kafla orðist svo:			
	37 — klórkalsíum og klórmagnesíum	—	2	
12.	Nr. 43 í 28. kafla orðist svo:			
	43 — brennisteinskolefni, tetraklórkolefni, tríklórethylen o. þ. h. fljótandi klórsambönd, önnur en klóróform	—	7	8
13.	Nr. 53 í 28. kafla orðist svo:			
	53 — ethyleter	—	7	
14.	Við nr. 5 í 29. kafla komi svo hljóðandi athugasemd:			
	Af kvikmyndafilmum skal ekki greiða verðtoll, ef þær eru lánaðar eða leigðar hingað til lands og endursendar aftur að notkun lokinni, enda fylgist tollyfirvöldin með því, að kvikmyndafilmurnar séu endursendar.			
15.	Í stað 6. liðs 34. kafla komi:			
	Flugeldar og flugeldaefni:			
	6 — eldflugur (rakettur)	—	7	30
	6 a — annað	—	120	90
16.	Á eftir nr. 19 í 39. kafla komi nýtt nr., svo hljóðandi:			
	19 a — botnrúllur („bobbingar“)	—	2	2
17.	Nr. 4 í 40. kafla orðist svo:			
	4 — þilfarsplankar ófasaðir og fasaðir úr oregonpine og pitchpine 3 × 5″	tollfrjálsir.		
18.	Nr. 10 í 40. kafla orðist svo:			
	10 — birki og hlynur	—	10	8
19.	Nr. 11 í 44. kafla orðist svo:			
	11 Dagblaðapappír	—		2
	Athugasemd:			
	Dagblaðapappír telst sá pappír, sem vegur frá 45—65 gr. hver fermetri og í er að minnsta kosti 60% af tréslípmassa.			
20.	Nr. 14 í 44. kafla orðist svo:			
	14 Skrifpappír, prentpappír, ót. a., og kópíupappír			8

		Toll-eining	Vörumagns-tollur Aurar	Verðtollur %
21.	Nr. 17 í 44. kafla orðist svo:			
	17 Smjörpappír og hvítur pergamentpappír, sem vegur 40—75 g. m².			8
22.	Nr. 21 í 44. kafla orðist svo:			
	21 Skrautpappír, svo sem glanspappír, gyltur pappír, silfraður pappír og annar pappír borinn bronsi	—	7	50
23.	Nr. 3 í 50. kafla orðist svo:			
	3 — cellulósavatt	—	7	8
24.	Nr. 32 í 50. kafla orðist svo:			
	32 — vaxdúkur og leðurlíkisdúkur	—	7	30
25.	Á eftir nr. 39 í 63. kafla komi nýtt nr.:			
	39 a — reimlásar	—	7	8
26.	Nr. 6 og 7 í 64. kafla orðist svo:			
	6 — vatnslásar	—	2	8
	7 — annað	—	2	8
27.	Nr. 4 í 66. kafla orðist svo:			
	4 Pípur og pípuhlutar	—	7	8
28.	Nr. 14 í 71. kafla orðist svo:			
	14 Myndamót (clichéer), þar með talin mót til myndmótagerðar (matrix)	—	7	8
	Af myndamótum (clichéer) skal ekki greiða verðtoll, ef þau eru lánuð eða leigð hingað til lands og endursend aftur að notkun lokinni, enda fylgist tollyfirvöldin með því, að þau séu endursend.			

2. gr.

Við 12. gr. laganna bætist ný málsgrein, er hljóðar svo:

Þetta gildir þó ekki um ósundurliðaðan flutningskostnað fyrir sundurleitar vörur, ef viðtakandi hefur afhent til tollmeðferðar vörureikning, sem að minnsta kosti tilgreinir verð hverrar einstakrar hinna sundurleitu vara á innkaupsstað, en þá skal skipta hinum ósundurliðaða flutningskostnaði niður á hverja einstaka vöru í sendingunni eftir hlutfalli því, sem er á milli innkaupsverðs varanna innbyrðis.

3. gr.

a. Við nr. 2 í skránni í 18. gr. laganna komi svo hljóðandi athugasemd:
Undir númerið kemur einnig stapeltrefjavefnaður.

b. Við nr. 3 í skránni í sömu lagagr. komi svo hljóðandi athugasemd:
Undir númerið koma einnig karlmannafataefni blönduð öðrum spunaefnum, ef fyrir liggja fullar sannanir um, að í þeim sé a. m. k. 93% hrein ull.

c. Aftan við sömu lagagr. bætist ný málsgrein, er hljóðar svo:
Þá skulu, meðan fyrrnefndur samningur er í gildi, prjónavoð úr baðmull og garn það, sem fellur undir nr. 5 í 46. kafla B, tollast með 20 aura vörumagnstolli og 15% verðtolli, og svitaskinn í húfur og húfuskyggni úr kátsjúk tollast með 7 aura vörumagnstolli og 15% verðtolli.

Greinargerð.

Fjárhagsnefnd efri deildar flytur frumvarp þetta samkvæmt beiðni fjármálaráðherra, en nefndarmenn áskilja sér þó óbundin atkvæði. Einn nefndarmanna (ErlÞ) var ekki á fundi, þegar málið var afgreitt.

Frumvarpinu fylgdi svolátandi greinargerð:

Fjármálaráðuneytið hefur í samráði við milliþinganefnd í skatta- og tollamálum tekið til athugunar ýmis atriði tollskrárlaganna, sem framkvæmd laganna hefur sýnt, að voru gölluð eða óheppileg.

Mestrar óánægju hefur gætt meðal almennings og innflytjenda vegna mismunar á tolli af vörum, sem féllu undir brezka viðskiptasamkomulagið frá 1933, og svipuðum vörum, sem báru háan verðtoll, t. d. ýmsum vefnaðarvörum.

Ráðuneytið og nefndin hafa að athuguninni lokinni samið frumvarp þetta.

Er hér á eftir gerð grein fyrir sérhverju atriði, sem lagt er til, að breytt verði.

Um 1. gr.

1. Lagt er til, að verðtollur sé lækkaður í 8%. Er það gert samkvæmt tillögu frá Lyfjaverzlun ríkisins.
2. Flutt er til landsins talsvert af hreinsaðri tólg (premier jus), sem notuð er til smjörlíkisgerðar í stað hertrar hvalfeiti, sem nú er ekki fáanleg. Þykir því rétt að leggja til, að tollur á tólg sé ákveðinn hinn sami og á hertri hvalfeiti.
3. Beiðni um breytingu þessa hefur komið frá Lyfjaverzlun ríkisins. Er hún rökstudd með því, að lyfjabúðir flytji ýmsar olíur og feiti í lyf til landsins í umbúðum, sem vega undir 15 kg., en 3 kg. takmarkið nái þó til venjulegra smásöluumbúða. Breyting þessi er einnig í samræmi við þá breytingu, sem lagt er til, að gerð sé á 21. lið 27. kafla (sbr. nr. 7).
4. Glyserin er mikið notað í lyf og í sjúkrahúsum, og þykir því rétt að lækka verðtoll á því í 8%.
5. Orðunum er ofaukið, þar eð öll tilbúin vöx koma undir nr. 23 í 27. kafla.
6. Aðeins formbreyting á upptalningu. Gerð vegna þess, að eins og orðalag þessara liða er nú, þykir erfitt að skilja milli sumra efnanna í framkvæmd.
7. Það hefur komið í ljós, að á síðastl. ári hafa verið fluttar til landsins smurningsolíur í umbúðum, sem vega allt niður í 3½ kg. Þessar olíur eru að langmestu leyti notaðar á báta- og skipavélar, eins og smurningsolíur þær, sem taldar eru í nr. 18 í 27. kafla. Þykir af þessum ástæðum rétt að færa markið niður í 3 kg., þar eð slíkt raskar ekki verulega upphaflegum tilgangi ákvæðisins, sem var sá, að goldinn væri lægri tollur af þessum vörum, þegar þær væru fluttar inn í smásöluumbúðum og því oft seldar með meiri álagningu en ella.
8. Joð er eitt af nauðsynlegustu lyfjum og naumast notað í öðrum tilgangi hérlendis. Því er lagt til, að það verði fellt hér niður og teljist eftirleiðis til lyfja.
9. Þetta er í samræmi við gildandi venju, áður en tollskrárlögin tóku gildi, og er eðlilegt, að sú venja haldist, enda vandkvæði á því að ákveða verðtoll, þegar um lán eða leigu er að ræða.
10. Lagt er til, að undan verði skilin Karlsbadsalt og Emsersalt, náttúrleg og tilbúin, þar eð þau teljast til nauðsynlegustu lyfja.
11. Klórmagnesium fellur nú undir nr. 39 í 28. kafla og ber því 30% verðtoll. Hins vegar er vara þessi mikið notuð í steinsteypu og þykir því á henni óeðlilega hár tollur, þar eð hún fyrir gildistöku tollskrárlaganna bar mun lægri toll.
12. Klóróform er eitt af nauðsynlegustu lyfjum, og þykir því rétt að undanskilja það hér og telja það til lyfja.
13. Ethyleter er eitt af allra nauðsynlegustu efnum, sem notuð eru til lyfja. Þykir sjálfsagt, að sami tollur sé á honum og nauðsynlegustu lyfjum.
14. Það var venja fyrir gildistöku tollskrárlaganna að heimta ekki verðtoll af kvikmyndafilmum, sem voru lánaðar eða leigðar hingað til lands. Því er lagt til, að einungis verði heimtur vörumagnstollur af þessari vöru, eins og tíðkazt hefur.
15. Eldflugur (rakettur) eru mikið notaðar til neyðarmerkjasendinga á skipum og bátum, og þykir því rétt að leggja til, að tollur verði lækkaður á þeirri vöru yfirleitt, þar eð óframkvæmanlegt er að gera mun á þeim eldflugum, sem ætla má, að notaðar verði sem björgunartæki, og öðrum eldflugum.
16. Botnrúllur úr kátsjúk hafa ekki verið fluttar hingað til lands, fyrr en eftir að tollskrárlögin voru sett, og var því að sjálfsögðu ekki ákveðinn sérstakur tollur á þeirri vöru, er tollskrárfrumvarpið var samið. Þykir rétt að leggja til, að sami tollur verði á botnrúllum úr kátsjúk eins og á botnrúllum úr tré og járni.

17. Til landsins eru fluttir ófasaðir þilfarsplankar, sem notaðir eru með sama hætti og fasaðir þilfarsplankar. Er lagt til, að hvort tveggja verði tollfrjálst.
18. Hlynur er notaður mjög á sama hátt og birki, og þykir því rétt, að sami tollur sé á þessum tveimur viðartegundum.
19. Þegar tollskrárlögin voru sett, var til þess ætlazt, að undir nr. 11 í 44. kafla kæmi pappír sá, sem notaður er einkum í dag- og vikublöðin. Orðalagið á liðnum er ekki alveg nógu nákvæmt til þess að þetta geti orðið, þar sem sumt af blaðapappírnum er lítið eitt límborið eða gljáð. Þykir því rétt að leggja til, að orðalaginu verði breytt í samræmi við tollskrárfrumvarp Þjóðabandalagsins og þyngd pappírsins nákvæmlega tiltekin.
20. Orðalagsbreyting, sem m. a. leiðir af þeirri breytingu, sem lagt er til, að gerð verði á 11. nr. kaflans.
21. Hvítur pergamentpappír, sem vegur 40—75 g m^2, er notaður til umbúða um smjör og smjörlíki og því sanngjarnt, að ekki sé á honum hærri tollur en á venjulegum smjörpappír.
22. Reynslan hefur sýnt, að heppilegast er að takmarka liðinn við þær vörur, sem ótvírætt geta talizt skrautpappír.
23. Cellulósavatt er mikið notað í sáraumbúðir, og þykir rétt að leggja til, að á því sé sami tollur og þeim.
24. Leðurlíkisdúkur kemur nú undir nr. 35 í 50. kafla. Þessi vara er mikið notuð til ýmiss konar iðnaðar, og þykir rétt, að sami tollur sé á henni og vaxdúk, sem er hliðstæð vara.
25. Samkvæmt tollskrárlögunum er nú 30% verðtollur á reimlásum, þar sem þeir falla undir nr. 104 í 63. kafla tollskrárinnar. Með hliðsjón af tolli á vélareimum er lagt til, að verðtollurinn sé lækkaður í 8%.
26. Lagt er til, að tollur á þessum vörum sé lækkaður til samræmis við sams konar vörur úr járni og stáli.
27. Vísast til greinargerðar við nr. 26. Auk þess má benda á, að aluminiumpípur eru notaðar í amboð.
28. Flutt hafa verið inn mót til myndamótagerðar, svonefnd matrix, úr léttum pappa, og mun þetta gert til þess að spara flutningsgjald á myndamótum, sem eru miklu fyrirferðarmeiri og þyngri en pappamótin. Pappamót þessi tollast undir nr. 9 í 44. kafla, en það þykir ekki rétt, að þau verði framvegis tolluð hærra en myndamót.

Um undanþágu frá verðtolli af myndamótum, sem lánuð eru eða leigð hingað til lands og endursend eru að notkun lokinni, er sama að segja sem um undanþágu frá verðtolli af kvikmyndafilmum, sem leigðar eru hingað og endursendar aftur, sbr. nr. 14.

Um 2. gr.

Nauðsynlegt er að setja ákvæði um þetta efni, því að reglan í 12. gr. getur komið nokkuð hart niður, ef um er að ræða ósundurliðaðan flutningskostnað fyrir sundurleitar vörur.

Við 3. gr.

Stapeltrefjavefnaður er að uppruna mjög skyldur gervisilkivefnaði, og þykir því sanngjarnt, að þessar tvær vefnaðarvörutegundir séu tollaðar á sama hátt.

Það er algengt, að í karlmannafataefnum, sem eru mestmegnis úr ull, séu til skrauts einstakir þræðir úr baðmull og gervisilki, en þar eð ekki þykir sanngjarnt að láta fataefnin fara í hærri toll fyrir þetta eitt, er lagt til, að þau verði tolluð á sama hátt og alullarefni. Í erlendum tolllögum eru dæmi fyrir þessu, og er þar miðað við 7%, eins og hér er ætlazt til, að gert verði.

Prjónavoð úr baðmull og garn úr gervisilki er hvort tveggja notað í nærföt, sem gerð eru hér á landi. Sams konar nærföt, sem flutt eru til landsins, koma undir ákvæði enska samningsins og bera 15% verðtoll. Þykir því sanngjarnt að mæla með því, að tollur verði lækkaður á prjónavoðinni og garninu.

Um svitaskinn og húfuskyggni gegnir sama máli. Þær vörur eru notaðar til framleiðslu á svonefndum enskum húfum, og bera þessar vörur nokkru hærri toll en aðfluttar enskar húfur, sem falla undir enska samninginn.

Ed. 152. Frumvarp til laga

um jarðakaup ríkisins vegna kauptúna og sjávarþorpa.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að kaupa jarðir, lönd og lóðir í kauptúnum og sjávarþorpum, eða í grennd við þau, eftir því sem fyrir er mælt í lögum þessum.

2. gr.

Skilyrði fyrir því, að ríkið kaupi jarðir, lönd og lóðir samkv. lögum þessum eru:

a. Að landið sé ekki í eign hlutaðeigandi hrepps, þorps eða kauptúns.
b. Að samþykkt hafi verið á lögmætum hreppsnefndarfundi formleg beiðni um, að kaupin séu gerð, og fylgi henni rökstuðningur fyrir því, að hlutaðeigandi hreppur sé ekki fjárhagslega fær um að standa undir kaupunum.
c. Að beiðnin hafi verið samþykkt með meiri hluta atkvæða lögmæts fundar kosningabærra kaupstaðar- eða þorpsbúa, sem hlut eiga að máli, og að tekið hafi verið fram í fundarboðinu, að atkvæðagreiðsla fari fram í málinu.
d. Að fyrir liggi rökstutt álit Búnaðarfélags Íslands um, að þorpið eða kauptúnið hafi þörf fyrir að fá landið til afnota vegna ræktunar eða annarra framkvæmda og að lífvænleg atvinnuskilyrði séu fyrir hendi á staðnum og ekki sé hætta á, að byggð muni leggjast þar niður.

3. gr.

Jarðir þær, lönd og lóðir, er ríkissjóður kaupir samkvæmt lögum þessum, skal hann leigja hlutaðeigandi hreppi með ævarandi leiguréttindum, sbr. þó 5. gr., og sé árleg leiga 4% af kaupverði eignarinnar. Hreppnum er skylt að leigja landið út til hlutaðeigandi þorps- eða kauptúnsbúa, eftir því sem lög og reglur þar um mæla fyrir.

4. gr.

Skylt er ríkinu, ef hreppsnefnd óskar þess, að selja hreppnum með hagkvæmum greiðsluskilmálum jarðir þær, lönd og lóðir, er ríkið kaupir samkvæmt lögum þessum, með kostnaðarverði. Eignir þessar mega hrepparnir ekki selja aftur, nema með samþykki ríkisstjórnar.

5. gr.

Nú stendur hreppur eigi í skilum með umsamda leigu af jörð eða lóðum til ríkissjóðs, eða ræktun og mannvirki ganga úr sér, eða náttúrugæðum er spillt, svo að eignin rýrnar í verði, og hefur hann þá fyrirgert leiguréttindum sínum. Er þá ríkissjóði heimilt að taka í sínar hendur öll umráð hinnar leigðu eignar, svo og innheimtu lóðar- og erfðafestugjalda.

6. gr.

Nú vill ríkið kaupa lönd eða lóðir samkv. lögum þessum, en eigandi vill ekki selja eða samkomulag næst eigi um kaupverðið, og er þá heimilt að taka löndin eða lóðirnar eignarnámi samkvæmt lögum nr. 61 14. nóv. 1917, um framkvæmd eignarnáms, með eftirfarandi skilyrðum:

a. Að eigandi lands eða lóðar geti haldið eftir hæfilega stóru landi fyrir sjálfstæðan búrekstur eða annan atvinnurekstur, samkvæmt áliti Búnaðarfélags Íslands.
b. Að leitað sé ráða og umsagnar Búnaðarfélags Íslands, áður en eignarnám fer fram samkvæmt lögum þessum, og má aldrei heimila eignarnám án samþykkis Búnaðarfélags Íslands. Skal Búnaðarfélagið sérstaklega gæta þess, að ekki verði um of þrengt að hagsmunum annarra aðila í hreppnum, né þeirra, sem eiga það land, sem tekið er eignarnámi. Þurfi að taka land eignarnámi, sem liggur í öðru hreppsfélagi, má það því aðeins, að landið liggi að hreppsmörkunum, enda verði þá takmörkum hreppsins breytt þannig, að hið tekna land verði innan þess hrepps, er það notar.

7. gr.

Kostnaður við framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði, enda sé árlega tekin upp í fjárlög hæfileg fjárhæð í þessu skyni. Framkvæmd laganna má fela stjórn jarðakaupasjóðs ríkisins.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 153. Frumvarp til laga

um breyting á jarðræktarlögum, nr. 101 23. júní 1936.

Flm.: Brynjólfur Bjarnason.

1. gr.

II.—V. liður 9. gr. laganna orðist svo:

II. a.	Skurðir, dýpt 1 m og grynnri	kr. 1.50	10 m³
b.	Skurðir, dýpt 1—1,3 m	— 1.80	—
c.	Skurðir, dýpt yfir 1,3 m	— 2.50	—
d.	Lokuð grjótræsi, dýpt 1,1 m og dýpri	— 2.25	10 m
e.	Viðarræsi, dýpt 1,1 m og dýpri	— 1.50	—
f.	Hnausræsi, dýpt 1,1 m og dýpri	— 1.00	—
g.	Pípuræsi, dýpt 1,1 m og dýpri	— 2.25	—
III. a.	Þaksléttur í nýrækt	— 2.00	100 m²
b.	Græðisléttur í nýrækt	— 1.40	—
c.	Sáðsléttur í nýrækt	— 2.50	—
d.	Sáðsléttur í nýrækt, 1 árs forrækt	— 3.00	—
e.	Sáðsléttur í nýrækt, 2 ára forrækt	— 3.50	—
f.	Þaksléttur í túni	— 2.00	—
g.	Græðisléttur í túni	— 1.25	—
h.	Sáðsléttur í túni	— 2.00	—
i.	Matjurtagarðar	— 1.80	—
j.	Grjótnám úr ræktunarlandi, aldrei yfir 50 m³ á býli árlega, enda sé grjótið ekki seljanlegt	— 1.00	1 m³
IV. a.	Girðingar um ræktað land, sem að vörn og varanleik jafngilda 5 strengja gaddavírsgirðingu	— 2.00	10 m
b.	Sama gerð með steyptum horn- og hliðarstólpum og gegnumdreyptum stólpum eða öðrum jafngóðum	— 2.50	—
V. a.	Þurrheyshlöður, steyptar með járnþaki	— 1.00	1 m³
b.	Þurrheyshlöður úr öðru efni, með járnþaki	— 0.50	—
c.	Votheyshlöður, steyptar með járnþaki, hringlaga	— 4.00	—
d.	Votheyshlöður með annarri lögun, steyptar með járnþaki	— 3.50	—

2. gr.

11. gr. laganna orðist svo:

Búnaðarfélag Íslands skal halda spjaldskrá yfir jarðræktarstyrk hvers býlis og skal skrásetja það, er greitt hefur verið síðan jarðræktarlög, nr. 43 23. júní 1923, gengu í gildi. Skrásetning þessi tekur og til þjóð- og kirkjujarða, að því er snertir upphæðir þær, er farið hafa til afgjaldsgreiðslu býlanna, og skal telja aðeins þann hluta afgjaldsins, er nemur venjulegum jarðabótastyrk, miðað við þá dagsverkatölu, er jarðarafgjöldin voru reiknuð eftir. Samhliða þessari spjaldskrá skal Búnaðarfélag Íslands gera aðra spjaldskrá, er sýni stærð á véltæku túni hvers býlis samkvæmt jarðamati og þau mannvirki býlisins, sem styrkhæf eru samkvæmt 9. gr. I. og V. og bæti síðan inn á þá skrá þeirri viðbót, sem verður með árlegum umbótum jarðanna.

Styrkur sá til jarðræktar og húsabóta, er 9. gr. ákveður, skal þessum breytingum háður:

a. Býlum, sem hafa minna en 8 hektara af véltæku túni, greiðist til túnræktar samkv. 9. gr. II., III. og IV. 100% hærri styrkur en sú grein ákveður.
b. Býlum, sem fengið hafa samtals minna en 2000 kr., greiðist til húsabóta samkvæmt 9. gr. I. og V. 30% hærri styrkur en sú grein ákveður.
c. Býlum, sem fengið hafa samtals 6000—7500 kr., skal greiða 30% minna fyrir hvert verk.
d. Býlum, sem fengið hafa samtals meira en 7500 kr., skal greiða 50% minna fyrir hvert verk.

Nú greiðist verðlagsuppbót á styrkinn samkv. 9. gr. vegna aukins kostnaðar við framkvæmd verkanna, og telst sú uppbót þá ekki með sem styrkur veittur býli samkvæmt a—d lið þessarar greinar.

Býlum, sem hafa 8—10 hektara af véltæku túni og hafa fengið 2000—6000 kr., skal greiða styrk til jarðræktar og húsabóta samkvæmt 9. gr., en býlum, sem hafa meira en 10 hektara af véltæku túni, greiðist enginn styrkur samkv. 9. gr. II., III. og IV., og býlum, sem hafa komið sér upp mannvirkjum þeim, er greind eru í 9. gr. I. og V. og að mati Búnaðarfélags Íslands fullnægja þörfum býlis, sem hefur 10 hektara af véltæku túni eða meira, greiðist enginn styrkur samkv. 9. gr. I. og V.

Ekki nær ákvæði d-liðs þessarar greinar svo og ákvæðin, sem takmarka rétt býlis til styrks, til þeirra búa, er bæjarfélög reka og starfrækt eru vegna þess að ókleift er, sakir erfiðleika og dýrleika, að flytja nauðsynlega neyzlumjólk til bæjarins handa íbúunum, að dómi Búnaðarfélags Íslands.

Sama gildir um hámark það, sem ákveðið er í 9. gr. III. j. um styrk til grjótnáms, að því er snertir býli við kaupstaði, þar sem svo stendur á sem að ofan greinir og ekki er kostur á ræktun, nema í mjög grýttum jarðvegi.

Hækkunar á styrk þeim, er 9. gr. ákveður, njóti aðeins jarðir samkvæmt skilgreiningu 1. gr. ábúðarlaga, nr. 87 19. júní 1933, svo og nýbýli, sem rekinn er sjálfstæður búrekstur á sem aðalatvinna, að dómi Búnaðarfélags Íslands.

3. gr.

13. gr. laganna orðist svo:

Búnaðarfélag Íslands ákveður árlega, hver hámarksstyrkurinn fyrir hvert býli skal vera á árinu.

4. gr.

Niðurlagsorð 16. gr. laganna: „þar til komnar eru til býlisins samtals 5 þús. kr. Úr því fellur heimild ábúanda niður til að vinna af sér jarðarafgjald“, falli niður.

Greinargerð.

Efni þessa frumv. er í meginatriðum hið sama og frumv. þess, er ég flutti á Alþingi 1939, með þeim breytingum, er nú skal greina:

Fjárhæðir þær, er takmarka styrkinn til hvers býlis, eru nokkuð hækkaðar, enda skulu þær auk þess hækka í hlutfalli við aukinn kostnað við framkvæmdirnar vegna vaxandi dýrtíðar, þar sem gert er ráð fyrir verðlagsuppbót, og heildarhámark styrksins, sem áður var 5000 kr., er lagt til, að verði með öllu numið úr gildi, en í stað þess er réttur býlis til styrks eingöngu takmarkaður af ásigkomulagi býlisins, stærð ræktaðs lands og þeim mannvirkjum, sem komið hefur verið upp. Loks er 9. greininni breytt þannig, að teknar eru upp tillögur búnaðarþingsins óbreyttar. Þessar breytingar miða allar til hækkunar, en þó einkum á styrk til framræslu, eins og sjálfsagt er, eins og nú er ástatt. Þótti rétt að taka þessar tillögur búnaðarþings upp í þetta frumv., þar sem ætlazt er til, að gerðar verði svo gagngerðar breytingar á fyrirkomulagi styrksins. Vildi ég miða þessar breytingar við tillögur sérfræðinga, sem gerðar eru samkvæmt fenginni reynslu, en ekki við núgildandi lög.

Ber tvennt til, að sérstök ástæða er til að gera þær breytingar á jarðræktarlögunum, sem eru aðalefni þessa frumv., eins og nú er ástatt. Það fyrst, að nú er nóg fjármagn til í landinu, sem allt bendir til, að verði verðlítið, ef það er látið liggja ónotað. Ber því brýna nauðsyn til, að fjármagn þetta verði notað til hagnýtra framkvæmda í landinu, sem unnt er að vinna að vegna styrjaldarástandsins. Í öðru lagi eru þessar breytingar nauðsynlegar vegna þess, að verðlag allt hefur hækkað stórum, og er því ekki hægt að reikna með sömu peningaupphæðum og áður. Þess vegna er líka sjálfsagt að greiða verðlagsuppbót á styrki samkvæmt jarðræktarlögunum, svo og styrkinn til nýbýla og annarra hagnýtra landbúnaðarframkvæmda, og hækka stórum framlag ríkisins til þessara mála. Munu þingmenn Sósialistaflokksins flytja tillögur um þetta á þessu þingi.

Þar sem peningagildi er svo mjög á reiki, er mjög erfitt að ákveða með lögum hámarksstyrk til hvers býlis árlega. Þykir því rétt, að það verk verði falið Búnaðarfélagi Íslands, enda hlýtur slíkt hámark að verða allbreytilegt frá ári til árs, þegar öll fjármál eru svo mjög á hverfanda hveli.

En langveigamesta nýmælið í frumv. eru ákvæðin um, að réttur býlis til styrks skuli ekki miðast við þá fjárupphæð, sem það hefur fengið, heldur eingöngu við ásigkomulag býlisins, þörf þess fyrir styrkinn. Í frumv., sem ég flutti 1939, var þessi leið farin að því er túnræktina snerti, en 5000 kr. hámarkinu þó haldið. Í þessu frumv. er hámarki þessu sleppt með öllu og lagt til, að styrkur til húsabóta verði einnig takmarkaður við ásigkomulag býlisins. Að öðru leyti eru enn í fullu gildi þær röksemdir, sem fram voru bornar í greinargerð þeirri, sem fylgdi fyrra frumv., en aðalefni hennar var sem hér segir:

„Það er kunnugt af athugunum, sem skipulagsnefnd atvinnumála gerði árið 1935, að styrkur sá, sem úthlutað hafði verið eftir jarðræktarlögunum frá 1923, hafði komið mjög ójafnt niður á hin einstöku býli. Höfðu hinir efnaðri bændur yfirleitt notið meiri styrks til umbóta á þeim býlum, er voru í betri býla röð áður en jarðræktarlögin gengu í gildi. Ábýli manna höfðu því stórum ójafnazt. Sums staðar hefur þetta leitt til þess, að smábýli, sem annars hefðu þótt byggileg, hafa dregizt svo aftur úr, að ekki hefur þótt búandi á þeim lengur, og hefur það meðal annarra ástæðna valdið „flóttanum“ úr sveitunum. Hitt er þó örlagaríkara, að það hefur átt sinn þátt í að viðhalda og auka mismun á efnahag og allri lífsaðstöðu manna í sveitunum og valdið með því margs háttar félagslegu böli.

Breyting sú, sem gerð var á jarðræktarlögunum 1936, gekk að afar litlu í þá átt að bæta úr þessum ágalla hinna eldri jarðræktarlaga. En þessar breytingar gengu allt of skammt. Þau býli, sem minnstan styrk höfðu áður fengið og voru þess vegna skemmst á leið komin um ræktun, skyldu að vísu fá 20% hærri styrk en önnur. En þetta er ekki svo mikið sem til þess að vega á móti því, hve miklu örðugra ábúendur þessara býla eiga að jafnaði með að ráðast í umbætur á jörðum sínum vegna allrar aðstöðu sinnar. Það er því ekki rétt að gera ráð fyrir, að þessi umbót á jarðræktarlögunum, sem gerð var 1936, valdi nokkrum verulegum stefnuhvörfum um þessi efni.

Það eiga hins vegar þær breytingar á ákvæðum jarðræktarlaganna um styrkgreiðslu til túnræktar, sem lagðar eru til með þessu frumvarpi, að gera. Hér er bein-

línis að því stefnt að útrýma kotbýlunum í íslenzkum sveitum á fáum árum, með því að gefa hverjum atorkusömum bónda kost á að gera ábýli sitt að bújörð, sem gæti veitt meðalfjölskyldu viðunandi lífskjör, án þess að það þurfi að valda honum óbærilegum kostnaði. Þetta, að útrýma kotbýlunum í sveitunum, á að vera jafnsjálfsagt sem það er að útrýma kjallaraíbúðum í kaupstöðum. Hvort tveggja er varúðarráðstöfun gegn bæði líkamlegum og félagslegum sjúkdómum. Og í hvorri tveggja þessara varúðarráðstafana á þjóðfélagið í heild að sjálfsögðu að taka verulegan þátt.

Með þessum breytingum, sem hér er lagt til að gerðar verði á jarðræktarlögunum, mundi styrkur til jarðabóta á þeim býlum, er hefðu minna en 8 hektara af véltæku túni, nema allt að helmingi kostnaðar við jarðræktina, þar sem skilyrði eru bezt, og ábúandi á jörð, sem er ríkiseign, gæti fengið allt að því full daglaun við það að vinna af sér afgjaldsgreiðslu með jarðabótum. Þetta virðist mjög heilbrigð skipting kostnaðarins af ræktun jarðanna, þegar þess er jafnframt gætt, að hér er um heilbrigðilega ráðstöfun að ræða, þar sem er útrýming kotbýlanna.

Hins vegar er engin þörf á að veita einstökum bændum jarðræktarstyrk til þess að koma sér upp stærra túni en 10 hektara. Þegar tún er orðið stærra en það, verður það varla nytjað, nema með aðkeyptum vinnukrafti. Hvernig sem annars er litið á þjóðfélagsmál, ætti ekki að þykja ástæða til, að ríkið styrkti bændur til að skapa sér aðstöðu til gróðamöguleika með aðkeyptri vinnu, fyrr en búið væri að tryggja það, að sem flestir þeirra gætu rekið sjálfstæðan búskap með vinnu sinnar eigin fjölskyldu. Ákvæðið um það að takmarka álagið á styrkinn til jarðræktar eins og hann er ákveðinn í 9. gr. við minna en 8 hektara túnstærð, og takmarka jarðræktarstyrkinn síðan við 10 hektara, ætti einnig að stuðla að því hvoru tveggja, að menn vönduðu jarðabætur sínar og að jörðum væri skipt, þar sem skilyrði væru til þess."

Ed. 154. Frumvarp til laga

um verðlagsuppbót á greiðslur til landbúnaðar.

Flm.: Brynjólfur Bjarnason.

Greiða skal verðlagsuppbót á allar greiðslur samkvæmt eftirtöldum lögum til samræmis við hækkað verðlag og aukinn kostnað við framkvæmdir þær, sem styrkur er veittur til, miðað við verðlag 1938, samkvæmt reglugerð, er Búnaðarfélag Íslands lætur gera og ráðherra staðfestir:

1. Jarðræktarlög, nr. 8 23. júní 1936.
2. Lög nr. 76 11. júní 1938, um byggingar- og landnámssjóð.
3. Lög um búfjárrækt, nr. 32 8. sept. 1931.

Greinargerð.

Kostnaður við landbúnaðarframkvæmdir hefur hækkað mjög vegna hækkandi verðlags, síðan styrjöldin hófst. Styrkurinn til þessara framkvæmda hefur því í raun og veru lækkað að sama skapi. Nú má gera ráð fyrir, að þær verðhækkanir, sem þegar eru orðnar, séu næsta smávægilegar borið saman við þær verðhækkanir, sem vænta má, ef styrjöldin stendur lengi. Gæti þá svo farið, að styrkur sá, sem ákveðinn er í jarðræktarlögunum og nýbýlalöggjöfinni t. d., yrði einskis virði. Væri þetta hið herfilegasta öfugstreymi á þeim tímum, sem óhemju fjármagn safnast fyrir í eigu landsmanna, sem ríður á að koma í varanleg verðmæti, til þess að það komi þjóðinni að notum, meðan það er einhvers virði. Eitt af því, sem hægt er að gera á styrjaldartímum, er að auka ræktunina. Það er því ekki einasta, að sjálfsagt sé að hækka styrkinn til ræktunar að sama skapi og verðlag hækkar, heldur mælir líka allt með því, að styrkir og framlög til landbúnaðarins séu stórum hækkuð umfram það. Þess vegna

hefur flutningsm. þessa frumvarps einnig flutt annað frumv. um verulega hækkun styrks til jarðabóta og húsabóta samkvæmt jarðræktarlögunum til hinna smærri býla, og miða þær tillögur að því að gera hverjum íslenzkum bónda kleift að bæta svo býli sitt, að hægt sé að búa á því sæmilegu búi. — Í sambandi við afgreiðslu fjárlaganna flytja þingmenn sósialista einnig tillögur um stóraukin framlög til landbúnaðarins.

Eins og reynslan hefur sýnt, hefur nýbýlastyrkurinn verið skorinn svo við nögl, að næstum ógerningur hefur verið fyrir eignalausa menn að reisa nýbýli. Þegar verðlag hækkar, verður nýbýlalöggjöfin ekki annað en nafnið tómt, ef nýbýlastyrkurinn er ekki hækkaður. Nauðsyn ber til að hækka hann miklu meira en hlutfallslega við hækkað verðlag. En það hlýtur þó að verða fyrsta skrefið.

Það, sem einkum hamlar því, að hægt sé að auka ræktunina í nógu stórum stíl, meðan styrjöldin stendur, er skortur á áburði. Það munu því allir vera sammála um, að áherzlu beri að leggja á þær framkvæmdir, sem koma að varanlegum notum, þó að áburð skorti, svo sem framræslu. En líka verður að leggja áherzlu á ráðstafanir til að hagnýta húsdýraáburðinn, en það, sem nú fer forgörðum af honum, gæti að mjög miklu leyti komið í staðinn fyrir innfluttan áburð. Ríkisstjórn sú, sem nú fer með völd, og fyrirrennari hennar bera ábyrgð á þeirri þjóðarógæfu, að ekki skyldi vera reist hér áburðarverksmiðja, áður en styrjöldin skall á. En nú dugir ekki að láta sitja við að sakast um orðinn hlut. Það verður tafarlaust að hefjast handa um framleiðslu á innlendum áburði. Það er þjóðarnauðsyn, sem þolir enga töf.

Frumv. það, sem hér fer á undan, þótti mér rétt að bera fram samtímis frv. um breyting á jarðræktarlögunum, þar sem eðlilegast er, að um verðlagsuppbótina sé sett sérstök löggjöf.

En jafnframt þeirri löggjöf, sem sett er til aðstoðar landbúnaðinum vegna hinna óvenjulegu tíma, verður að krefjast þess, að gerðar séu ráðstafanir til að halda verðinu á landbúnaðarafurðum á innanlandsmarkaði í skefjum og tryggja það, að landsbúar geti notið þeirra.

Ed. 155. Frumvarp til laga

um sölu kirkjujarðarinnar Hvanneyrar í Siglufirði.

Flm.: Bernh. Stefánsson, Einar Árnason.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Siglufjarðarkaupstað kirkjujörðina Hvanneyri frá 1. janúar 1942 að telja.

2. gr.

Greiðsla kaupverðsins skal fara fram samkvæmt ákvæðum 13. gr. 1. mgr. laga nr. 50 frá 16. nóv. 1907, um sölu kirkjujarða.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkv. beiðni bæjarstjórnar Siglufjarðarkaupstaðar, og felst greinargerð fyrir efni þess í fylgiskjalinu.

Fylgiskjal.

pt. Reykjavík, 5. apríl 1941.

Bæjarstjórn Siglufjarðar hefur með öllum atkvæðum samþykkt að fara þess á leit við þingmenn í Eyjafjarðarsýslu, að þeir flyttu á yfirstandandi þingi frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að selja Siglufjarðarkaupstað kirkjujörðina Hvanneyri í Siglufirði.

Svo sem yður mun kunnugt, er meiri hluti íbúðarhúsa í Siglufjarðarkaupstað byggður í landi Hvanneyrar, þar eð öll Siglufjarðareyri er í hennar landi.

Siglufjarðarkaupstaður á ekkert af því landi, sem hann stendur á. Bæjarstjórn Siglufjarðar telur það í alla staði æskilegast, að kaupstaðurinn sé eigandi að því landi, er kaupstaðurinn stendur á. Hvert bæjarfélag verður að eyða stórfé í að kaupa upp lóðir og landræmur undir götur, torg og opinberar byggingar og mannvirki, sem hægt væri að komast hjá, ef bæjarfélagið á sjálft landið. Það vill nú að vísu svo illa til með Hvanneyrarland, að búið er að leigja það mestallt út sem byggingarlóðir eða túnstæði. En það er samt augljóst, að ef kaupstaðurinn hefði landeigandaréttinn, væri hægt að ná miklu hagkvæmari samningum en annars um landspildur undir götur, torg o. fl. Mikið landflæmi er og enn óráðstafað, einkum í útjaðri bæjarins, og gæti það orðið bænum dýrmætt að eiga, til þess að geta látið það í skiptum fyrir lóðir, sem verða mönnum ónothæfar vegna skipulags bæjarins.

Þrátt fyrir það, þó jörðin Hvanneyri gefi nokkuð af sér í lóðarafgjöldum, verður ekki séð, að ríkissjóður geti haft nokkurn sérstakan hag af því að hafa eignarhald á jörðinni framvegis, nema ef vera skyldi í sambandi við lóðarréttindi síldarverksmiðja ríkisins. Frá sjónarmiði bæjarstjórnarinnar væri ekkert því til fyrirstöðu, að lóðarréttindi síldarverksmiðja ríkisins yrðu algerlega undanþegin kaupunum.

Fyrir ríkissjóð geta ekki peningatekjurnar haft neitt verulegt að segja, enda munu heildartekjur jarðarinnar vera innan við 10 þúsund krónur.

Virðingarfyllst,

f. h. bæjarstjórnar Siglufjarðar

Ó. Hertervig. Erl. Þorsteinsson. Áki Jakobsson.

Til þingmanna Eyjafjarðarsýslu, Alþingi.

Nd. 156. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Lækjardal í Öxarfirði.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Steingr. Steinþórsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að selja eiganda Gilsbakka í Öxarfjarðarhreppi eyðijörðina Lækjardal í sama hreppi.

2. gr.

Söluverð jarðarinnar fer eftir mati dómkvaddra manna og greiðsluskilmálar eftir því, sem venja var til við sölu þjóð- og kirkjujarða, sbr. lög nr. 31 20. okt. 1905.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Ástæður þessa frv. eru í eftirfarandi bréfi frá umsjónarmanni þjóð- og kirkjujarða:

„DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík, 3. apríl 1941.

Út af beiðni hr. Benjamíns Sigvaldasonar um kaup á eyðijörðinni Lækjardal í Öxarfjarðarhreppi, vil ég samkvæmt beiðni hans gefa eftirfarandi álit mitt á málinu og lýsingu á landinu.

Jörðin hefur lengi verið eyðijörð og hefur lítil skilyrði til þess að byggjast aftur. Land jarðar þessarar er fremur lítið. En aðalágallar á jörðinni til þess að byggjast aftur eru þeir, að hún er nær því slægjulaus, landið að mestu vaxið kjarri eða skógi og túnið mjög lítið og liggur undir skemmdum, m. a. af kjarrgróðri.

Auk þess liggur landið undir sífelldum ágangi frá öðrum jörðum, sérstaklega Gilsbakka.

Eyðijörð þessi virðist því mjög illa fallin til nýbýlis.

Land eyðijarðar þessarar liggur að landi Gilsbakka og hefur skóglendi, að gróðri til sameiginlegt með Gilsbakka. Ef friða ætti hluta af skóglendi þessu, sem væri æskilegt, væri heppilegast að friða sameiginlegt stykki úr báðum jörðunum.

Ég álít, að eyðijörð þessi sé mjög lítils virði fyrir ríkissjóð, og að það sé eðlilegast bæði vegna legu hennar og gróðurs, að hún liggi undir Gilsbakka.

F. h. r.

Friðg. Bjarnarson.

Til herra alþingismanns Gísla Guðmundssonar, Alþingi.“

Sþ. 157. Tillaga til þingsályktunar

um brúargerð á Geirlandsá á Síðu.

Flm.: Gísli Sveinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta á þessu ári gera brú á Geirlandsá á Síðu, og heimilar til þessa nauðsynlegt fé úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Samgöngumálanefndir Alþingis hafa í áliti sínu fyrir rúmu ári síðan látið þá skoðun í ljós, að til þess gæti komið — og reyndar hlyti að koma —, að styrkur sá úr ríkissjóði til samgangna á sjó við Vestur-Skaftafellssýslu, sem lengi hefur verið haldið uppi, fyrst með b/b „Skaftfellingi“ (yfir 20 þús. kr. á ári) og nú síðast með vitabátnum „Hermóði“ (10 þús. kr. og meira, eftir því sem þarf), mætti algerlega falla niður, **ef** og **þegar** framkvæmdar yrðu **brúargerðir** þær á Síðu og í Fljótshverfi, sem enn hefur eigi verið hafizt handa um, þannig að flutningabrautin austur alla sýsluna (V.-Skaftaf.) sé á enda komin og fær bifreiðum, þ. e. allt að Skeiðarársandi. Þessar brýr eru: Á **Geirlandsá á Síðu** og á **Djúpá í Fljótshverfi,** með minni vatnsföllum, sem brýr kæmu á um leið, sem sé „Stjórn“ nál. Geirlandsá og „Eldvatn“ hjá Teygingalæk. — Eru brýr á þessar ár löngu komnar í brúalög, enda eru þær á þjóðvegum héraðsins. Það má með vissu segja, að búið hefði átt að vera að byggja brýr þessar, en um hríð hefur annað verið látið sitja fyrir annars staðar á landinu, en nú

er hvort tveggja, að vegagerð er nú komið svo eystra, að óhjákvæmilegt verður að taka til við þessar brúarframkvæmdir, og svo er nú á þessum tíma ekki aðeins tilvalið, heldur beinlínis sjálfsagt að nota hinn mikla nýtilkomna fjárafla til slíkra framkvæmda og ljúka þeim brúargerðum, sem bíða á þessu svæði og eru algert skilyrði eðlilegra og greiðra samgangna um alla Síðu. Þegar því væri lokið — og reyndar þá fyrst — mætti hugsa til þess að láta **niður falla styrk til hinna dýru og erfiðu samgangna á sjó að og frá ströndinni við Vestur-Skaftafellssýslu.** — Yrði þá aðeins eftir af strandlengju Skaftafellssýslna að sjá farborða flutningum til Öræfa í Austur-Skaftafellssýslu, sem ef til vill mætti setja í samband við samgöngukerfi Hornafjarðar, en það hefur sína sérstöðu í styrkjum til flóabáta, auk hinna almennu strandferða, algerlega óháð Vestur-Skaftafellssýslu.

Með því að vinda nú bráðan bug að áminnztum brúargerðum myndi **sparast styrkur til sjávarsamgangna við Vestur-Skaftafellssýslu úr ríkissjóði, er nemur tugum þúsunda króna árlega,** svo að allríflegt brúarverð er þar fljótt að koma. En jafnframt myndu samgöngur héraðsins komast á tilætlaðan og öruggan rekspöl, sem sé þann, að fara fram á þurru landi, og yrði þá einnig losnað við að berjast við hina erfiðu og hættulegu brimströnd, sem öllum ætti að vera keppikefli að vinna að.

Þess skal hér getið, að mál þetta hefur einnig verið rætt við þá aðila, sem við þessar samgöngur hafa komið, svo sem vegamálastjóra, forstjóra skipaútgerðar ríkisins, vitamálastjóra o. fl., sem allir eru á einu máli um það, að þessi lausn málanna er bæði heppileg og aðkallandi, þegar á allt er litið. Má því og ætla, að háttv. Alþingi líti á það með sanngirni og fallist á þá leið, sem tillagan beinist að.

Þar sem mál þetta í raun réttri þolir eigi bið (og hefði þegar átt að vera komið í framkvæmd), er lagt til, að varið verði á þessu ári (1941) sérstakri fjárhæð til þess að hefja verkið, og að gerð verði nú, svo framarlega sem efnivið skortir eigi til, aðalbrúin og sú mest aðkallandi, **brúin á Geirlandsá** (og fylgir þar með óhjákvæmilega brú á smáána Stjórn), en hin vatnsföllin bíði næstu ára, — sem héraðsbúar munu fremur sætta sig við, með því að nú er orðið allsendis óþolandi, að Geirlandsá hindri nauðsynlegar flutningaferðir um þessa byggð nærri á öllum tímum árs. Við þetta mun og kannast hinn mikli og sívaxandi ferðamannastraumur austur á þessar slóðir.

Um þetta mál hefur bæði hæstv. ríkisstjórn og hv. fjárveitinganefnd Alþingis verið skrifað. Hefur vegamálastjóri látið gera áætlun um þessar brúargerðir á Síðu og í Fljótshverfi; er hana að finna í álitsgerð, er hann hefur sent fjármálaráðuneytinu um þetta efni. Fer hún hér á eftir (sem fskj.).

Fylgiskjal.

7. apríl 1941.

Brúargerðir í Vestur-Skaftafellssýslu.

Þar sem ráðstafanir Alþingis hafa nú síðastliðin ár stefnt að því, að samgöngur við Vestur-Skaftafellssýslu miðist við flutninga á landi bæði til Víkur og við sveitirnar austan Mýrdalssands, en ekki sjóflutninga, eins og verið hefur síðan m/b Skaftfellingur hóf ferðir þangað, verður að taka sérstaklega til greina nauðsyn þess að flýta þar vissum samgöngubótum.

Eins og tekið er fram í bréfi sýslumanns til ráðuneytisins um mál þetta, dags. 27. okt. f. á., eru verstu torfærurnar á leiðinni **Geirlandsá** á Síðu og **Djúpá** í Fljótshverfi, sem báðar eru óbrúaðar. Báðar eru þessar ár stórvötn, Geirlandsá sjaldan bílfær, og Djúpá aldrei. Geirlandsá rennur um miðja þéttbýla sveit, og verður því sérstaklega að leggja áherzlu á, að hún verði brúuð svo fljótt sem þess er kostur. Er fyrirhuguð á hana 130 metra löng brú á stauraokum, svipuð og yfir Þverá í Landeyjum. Verðlag er nú allt mjög hækkandi og því erfitt að gera kostnaðaráætlanir, en miðað við verðlag um áramót 1939—40 er brúargerðin áætluð 70 þús. kr.

Yfir Djúpá er áformað að gera bogabrú úr járnbentri steypu 43,0 m. langa, sem með sama verðlagi er áætluð að kosta 43 þús. kr.

Á þjóðveginum um Síðu og Fljótshverfi eru enn fremur óbrúaðar Stjórn og Hörgsá á Síðu og Eldvatn hjá Teygingalæk í Fljótshverfi, sem samtals myndu kosta um 60 þús. kr., miðað við sama verðlag. Auk þeirra eru nokkrar minni ár enn austar, sem eru þó venjulega bílfærar.

Með tilvísun til þessa, vil ég mæla með því, að sérstaklega Geirlandsá verði tekin í flokk brúagerða, sem næst koma til framkvæmda, jafnvel á þessu eða næsta ári, ef kostur er að fá brúarefni, enda þótt kostnaður verði vitanlega allmiklu hærri en fyrrgreind áætlun.

Geir G. Zoëga.

Nd. 158. Frumvarp til laga

um tannlæknakennslu við læknadeild háskólans.

Flm.: Vilmundur Jónsson.

1. gr.

Stofna skal til tannlæknakennslu við læknadeild háskólans.

2. gr.

Þeir stúdentar, sem leggja vilja stund á tannlæknanám og ljúka tannlæknaprófi, skulu hafa lokið miðhlutaprófi í læknisfræði. Að öðru leyti skal kveðið á um tilhögun kennslunnar í reglugerð.

3. gr.

Til þess að annast tannlæknakennsluna skal skipa sérstakan dósent við læknadeildina og tannsmið. Aukakennslu má fela stundakennurum. Dósentinn nýtur sömu réttinda og aðrir dósentar háskólans. Ráðherra ákveður tannsmið og stundakennurum laun, er greiðast úr ríkissjóði.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Tannáta og aðrir tannsjúkdómar eru algengastir allra kvilla á Íslandi. Má heita, að hvert mannsbarn í landinu með tennur í munni þjáist af þeim að meira eða minna leyti. Er mönnum kunnugt um, að tannkvillarnir draga margvíslega dilka á eftir sér hættulega heilsufari einstaklinga og þjóða, og eru þeir þó vafalaust fleiri en enn er að fullu kunnugt. Þó að þessu sé þannig varið, er svo ástatt hér á landi, að landsbúum er við engum sjúkdómi miður tryggð læknishjálp en tannsjúkdómum, með því að tannlæknaskortur er hér svo mikill, að þess munu engin dæmi í sæmilegum menningarlöndum. Eru tilsvarandi erfiðleikar á því fyrir allan þorra landsbúa að leita sér tannlæknishjálpar. Jafnvel Reykvíkingar, sem einna bezt eru settir að þessu leyti, þurfa iðulega að bíða dögum og jafnvel vikum saman eftir því, að þeir fái liðsinni tannlæknis, auk þess sem tannlæknarnir neyðast til að skipta hjálp sinni á milli svo margra á sama tíma, að vitjanir hvers einstaks sjúklings verða óhjákvæmilega mjög margar og tímafrekar. Jafnframt þessu er tannlæknishjálpin svo kostnaðarsöm, að engan samanburð þolir við það, sem á sér stað um almenna læknishjálp, enda alls fjarri því að vera við hæfi almennings.

Afleiðingin af þessu ástandi er síðan sú, að tannskemmdir Íslendinga og hirðuleysi um þær er einhver hinn smánarlegasti ómenningarvottur, sem hér verður bent á, og skyggir ömurlega á, hve framarlega vér óneitanlega stöndum í heilbrigðismálum að ýmsu öðru leyti.

Stingur tannlæknafæðin mjög í stúf við læknafjöldann hér á landi, sem er nú að keyra fram úr öllu hófi. Um síðustu áramót teljast læknar, sem lækningaleyfi hafa á Íslandi, 183 alls og 15 að auki, sem lokið hafa læknaprófi en eiga ófengið lækningaleyfi. Svarar það hér um bil til eins manns með læknaprófi á hver 600 landsmanna. Beint eða óbeint að lækningum munu þó ekki starfa nema um 150 læknar, eða sem næst 1 læknir á hver 800 landsmanna. Til samanburðar má geta þess, að árið 1937 töldust læknar í Danmörku 3190, eða því sem næst 1 læknir á hver 1200 landsmanna, í Svíþjóð (1938) 2887, eða um 1 læknir á hver 2100 landsmanna, og í Noregi (1939) 2351, eða um 1 læknir á hver 1300 landsmanna.

Um síðustu áramót teljast tannlæknar hér á landi og íslenzkir tannlæknakandidatar hins vegar aðeins 17 alls, eða um 1 á hver 7000 landsmanna. Að tannlækningum munu þó ekki hafa starfað nema 11, eða því sem næst 1 á hver 11000 landsmanna. Eru tannlæknar aðeins starfandi í 5 af 50 læknishéruðum (Reykjavíkur, Ísafjarðar, Siglufjarðar, Akureyrar og Vestmannaeyja). Annars staðar á Norðurlöndum er þessu á annan veg farið. Árið 1937 töldust tannlæknar í Danmörku 950, eða því sem næst 1 tannlæknir á hver 3900 landsmanna, og er þó talinn tannlæknaskortur þar í landi. Árið 1938 teljast tannlæknar í Svíþjóð 2106, eða um 1 tannlæknir á hver 2800 landsmanna, en árið 1939 í Noregi 1481, eða sem allra næst 1 tannlæknir á hver 2000 landsmanna.

Hversu fráleitt hlutfallið er á milli lækna og tannlækna hér á landi, samanborið við það, sem gerist annars staðar á Norðurlöndum, verður ljóst af eftirfarandi yfirliti:

	Læknar alls	Íbúar á lækni	Tannlæknar alls	Íbúar á tannlækni	Hlutfall lækna og tannlækna
Danmörk (1937)	3190	1200	950	3900	1:3,4
Svíþjóð (1938)	2887	2100	2106	2800	1:1,4
Noregur (1939)	2351	1300	1481	2000	1:1,6
Ísland (1940)	198	600	17	7100	1:11,7
	(150)	(800)	(11)	(11000)	(1:13,6)

Tölurnar frá Íslandi eru tvennar, eftir því, hvort miðað er við alla, sem hafa læknapróf (tannlæknapróf), er veitir réttindi til lækningaleyfis (tannlækningaleyfis) hér á landi, hvar í heiminum sem þeir eru búsettir eða staddir, eða þeir einir eru taldir, sem starfa hér beint eða óbeint að lækningum (tannlækningum). Er ókunnugt, hvernig þessu er varið um hinar dönsku og sænsku tölur. Norsku tölurnar eru hins vegar teknar upp á sama hátt og hinar fyrri íslenzku tölur og sambærilegar við þær.

Fánýtt er að tala um, hvers konar ráðstafanir séu tiltækilegastar til að sjá landsmönnum fyrir sómasamlegri tannlæknishjálp með viðunandi kjörum, fyrr en kostur er hæfilega margra tannlækna í landinu. En ætla má, að eins fari um það og læknaleysið á sínum tíma, að á því verði ekki ráðin bót, fyrr en upp verður tekin tannlæknafræðsla í landinu sjálfu. Bendir margra ára reynsla til þess, að fáir Íslendingar leggja stund á tannlæknanám með því að eiga að sækja það út úr landinu, enda er það margvíslegum erfiðleikum bundið (mikill kostnaður, gjaldeyrisvandræði, erfiðleikar á að komast inn í þá skóla, er Íslendingar eiga að öðru leyti hægast með að sækja, o. s. frv.) jafnvel á friðartímum, hvað þá, þegar svo er ástatt eins og nú horfir.

Síðan á öndverðum þessum vetri hefur farið fram athugun á því, hver tök væru á að stofna til tannlæknakennslu hér á landi. Hefur niðurstaðan orðið sú, að það sé kleift og þannig,

1) að tannlæknaefnum verði séð fyrir staðgóðri fræðslu og vel menntri tannlæknastétt komið upp í landinu,
2) að kostnaður við það þurfi ekki að verða úr hófi fram,
3) að hinni óeðlilegu aðsókn að almennu læknanámi verði beint að tannlæknanámi,
4) að ekki þurfi þó að óttast offjölgun tannlækna.

Um þetta vísast til greinargerðar Jóns Sigtryggssonar læknis og tannlæknis í Reykjavík, sem prentuð er hér á eftir (fskj. 1). Að öðru leyti skal þessa getið:

1) Því hefur verið hreyft af Tannlæknafélagi Íslands, sem hefur haft mál þetta

til athugunar og látið í té umsögn um það (fskj. 2), að vandkvæði verði á því að fá hér hæfa kennara til að annast tannlæknafræðsluna. Satt er það, að fyrst um sinn verða engin tök á að skipta þessari kennslu á milli svo margra sérfræðinga sem títt er erlendis. En hinu sama máli er einnig að gegna um læknakennsluna, og hefur sú kennsla raunar ætíð verið óframkvæmanleg hér á landi, ef sömu kröfur hefði átt að gera um fjölda kennara og sérmenntun þeirra og tíðkast við erlenda háskóla. En sjón er sögu ríkari um, að sú kennsla hefur engu síður gefið allgóða raun. Hafa íslenzkir læknakandidatar á margan hátt sýnt, að þeir standa erlendum stéttarbræðrum sínum að flestu leyti á sporði. Það, sem á kann að hafa vantað kennsluna og tæki til hennar, mun hitt hafa bætt upp, hve nemendurnir eru hér fáir, samband þeirra og kennaranna fyrir það nánara og tilsögnin notadrýgri en orðið getur þar, sem nemendafjöldinn er margfalt meiri. Mun þessa ekki síður gæta við tannlæknakennsluna til viðbótar hinu, að gert er ráð fyrir miklu betri undirbúningi stúdentanna, áður en þeir hefja sjálft tannlæknanámið, en víðast er krafizt.

2) Samkvæmt greinargerð Jóns Sigtryggssonar er stofnkostnaður þessarar kennsludeildar áætlaður kr. 30000.00. Tannlæknafélagið áætlar hann kr. 40000.00 eða jafnvel kr. 45000.00, en mun þá ekki hafa gert ráð fyrir, að neitt yrði til sparað. Ætla má, að þessi síðari áætlun sé allgóð trygging fyrir því, að hin fyrri sé nálægt sanni, ef látið verður nægja að kaupa það, sem sómasamlega má við bjargast, og er það ekki eins dæmi við kennslustofnanir vorar, að við slíkt sé látið sitja. Úr rekstrarkostnaðinum er dregið mjög verulega með því að gera ráð fyrir þeirri tilhögun, að nám tannlæknaefnanna verði að eins miklu leyti sameiginlegt hinu almenna læknanámi og orðið getur. Um þann kostnað ber kr. 7000.00 á milli (kr. 17000.00 og kr. 24000.00), aðallega fyrir það, að tannlæknafélagið gerir ráð fyrir einum kennara í viðbót við þá kennara, sem hin fyrri áætlun er miðuð við. Væri að vísu æskilegt að hafa það kennaralið, en vafalaust má komast af án þess. Vissulega er hér um allmikla upphæð að ræða, er kemur á hvern nemanda, jafnvel þó að miðað sé við hina lægri áætlun, og vorkunn, að mönnum detti í hug, að tilvinnandi væri að senda heldur menn á ríkisins kostnað til útlanda til þessa náms. En svipað má segja um flest eða allt innlent háskólanám og annað meiri háttar sérnám, ef gildi þess fyrir þjóðina er einungis metið á þennan hátt til peningaverðs. Hvers virði er svo hitt, að tryggt sé með hinni innlendu fræðslu, að ekki verði hættulegur skortur nauðsynlegra, sérfróðra starfsmanna í landinu, og eins það, að fræðsla þeirra miðist við íslenzka staðhætti og sérþarfir, jafnframt því sem þeim lærist að gera þær kröfur í sambandi við störf sín, þegar til þeirra kemur, að samrýmist kjörum og öllum aðstæðum meðal almennings hér á landi?

3) Á því er full nauðsyn, að dregið verði úr aðsókninni að hinu almenna læknanámi, og hefur jafnvel komið til álita að beita þvingunarráðstöfunum í því skyni. Með því að krefjast miðhlutalæknaprófs af stúdentum, sem vilja leggja stund á tannlæknanám, má vænta, að ýmsir hverfi til þess, sem annars hefðu lokið almennu læknaprófi. Hefur verið leitað til læknastúdentanna við háskólann viðvíkjandi þessum ráðagerðum, og eru þeir mjög áfram um, að til tannlæknakennslunnar verði stofnað og einmitt á þennan hátt. Er ályktun þeirra þar að lútandi prentuð hér á eftir (fskj. 3).

Það er jafnvel ekki óhugsandi, að þessi fyrirhugaða kennslustofnun geti orðið til þess, að þeir, sem þegar eru orðnir læknar eða verða á næstunni, ljúki tannlæknaprófi til viðbótar læknaprófinu og stundi síðan tannlækningar, sem ekki væri nema gott eitt um að segja, svo óþarflega margir sem læknarnir eru þegar orðnir. Læknar, sem jafnframt eru tannlæknar, gætu auk þess víða á landinu bætt úr tvöfaldri þörf. Ýmis læknishéruð eru þannig, að þau bera naumast eða alls ekki nema einn lækni, en eru þó hinum eina lækni vandræðalega erfið, einkum fyrir það, að hann má því nær aldrei um frjálst höfuð strjúka og aldrei unna sér frátafar degi lengur. Jafnframt því sem læknir, er jafnframt væri tannlæknir í slíku héraði, stundaði tannlækningar á víðu svæði og hefði af því aðalatvinnu, væri hann tilvalinn aðstoðarmaður héraðslæknisins og staðgöngumaður hans, er hann viki sér frá. Í minnstu

héruðunum gæti slíkur ferðatannlæknir tekið að sér héraðslæknisstörfin, á meðan hann dveldist þar, og gert héraðslækninum kleift að bregða sér frá sér til upplyftingar. Jafnvel tannlæknar, sem aðeins hefðu lokið miðhlutaprófi í almennri læknisfræði, væru héraðslæknum betri en engir að þessu leyti. Má fyllilega ætla, að héraðslæknum yrði með þessu móti betur tryggð aðstoð og þeim hentugir staðgöngumenn í forföllum þeirra og sumarleyfum, er þeir bera nú sumir fram mjög ákveðnar kröfur um, en þó að stofnuð yrðu eitt eða tvö aukalæknisembætti, sem vafasamt er, að fengjust skipuð, nema því meiri laun væru í boði, og næsta erfitt yrði að láta koma að almennum notum.

4) Offjölgun tannlækna ætti ekki að þurfa að óttast, þó að til þessarar kennslu yrði stofnað, bæði fyrir það, að gert er ráð fyrir, að námið verði erfitt og taki langan tíma, og síðan er óhjákvæmilegt að taka aðeins við takmörkuðum fjölda nemenda í einu, eftir því sem húsakynni og tæki segja til. En þau eru áætluð við hæfi fjögurra nemenda í einu. Mundu þá í hæsta lagi 4 ljúka prófi annað hvert ár, eða 2 á ári. Með þessu móti ætti og að mega velja úr nemendum, sem ásamt öðru mundi tryggja góðan árangur kennslunnar. En verði að því horfið að krefjast jafnmikils og erfiðs náms af íslenzkum tannlæknum og hér er gert ráð fyrir, mun ekki verða komizt hjá að veita þeim þá atvinnuvernd að krefjast samsvarandi náms (þ. e. miðhlutalæknaprófs) af þeim, er erlendu tannlæknaprófi ljúka og æskja tannlæknaleyfis hér á landi, enda hafi þeir hafið námið, eftir að þessi fyrirhugaða stofnun tekur til starfa, og lokið því á eðlilegum tíma.

Mál þetta hefur verið undirbúið í samráði við læknadeild háskólans, sem kaus til þess tvo prófessora sína, þá Guðmund Thoroddsen og Níels Dungal, að hafa um það samvinnu við landlækni. Fer hér á eftir umsögn læknadeildarinnar (fskj. 4), svo og bréf Læknafélags Reykjavíkur, sem og hefur tjáð sig hlynnt hugmyndinni um að stofna til tannlæknakennslu hér á landi (fskj. 5). Læknadeildin ber nokkurn kvíðboga fyrir enn aukinni aðsókn að deildinni við það, að tannlæknakennslan verði upp tekin, og ber í þessu sambandi fram kröfur um heimild til að takmarka aðganginn að læknanáminu. Fyrir þinginu liggur frv. um breytingar á háskólalögunum, er tekur til þessa efnis, og mun háskólinn í heild standa að því. Enn fylgir samþykkt háskólaráðs um málið (fskj. 6), þar sem það staðfestir tilboð sitt um að ljá húsnæði, ljós og hita til tannlæknakennslunnar. Er til ætlazt, að í móti komi, að stúdentum háskólans verði gerður kostur á ókeypis tannlækningum, en að því yrði mikill menningarauki. Það hefur einnig komið til tals, að vel færi á því, að sjúklingar Landsspítalans ættu kost á tannaðgerðum án sérstaks endurgjalds, eftir því sem við yrði komið, á meðan þeir dveldust þar, og yrði það þá einkum í sambandi við hina almennu tannlækningafræðslu læknaefnanna, þó að tannlæknaefnin gætu jafnframt haft þess mikil not. Að sjálfsögðu yrði og almenningi gerður kostur á ókeypis tannlækningum í sambandi við tannlæknakennsluna. Ókeypis mundi sú læknishjálp teljast, þó að sjúklingunum væri gert að greiða efni það, sem til hennar fer, og væri slíkt í samræmi við það, sem tíðkast erlendis. Er því ekki að kvíða, að skortur verði verkefna til kennslunnar.

Hér verður ekki rætt um tannlæknaskipun á Íslandi, sem ekki er fyllilega tímabært, á meðan tannlæknaskorturinn í landinu leyfir enga heildarskipun þeirra mála. Hallur L. Hallsson, tannlæknir í Reykjavík, hefur nýlega flutt fyrirlestur um þetta efni í Tannlæknafélagi Íslands og borið þar fram mjög athyglisverðar tillögur, er lúta að framtíðartannlæknaskipun á Íslandi. Er fyrirlesturinn prentaður í heilu lagi hér á eftir (fskj. 7), einnig með sérstöku tilliti til þess, að þar eru bornar fram helztu mótbárur, sem fyrir hendi munu vera, gegn innlendri tannlæknafræðslu, og að því er virðist eindregnari en svo, að tannlæknafélagið staðfesti þær að öllu leyti. Að vísu er þess að gæta, að fyrirlesturinn er fluttur, áður en kunnar voru ráðagerðir þær, er að framan greinir, um tilhögun kennslunnar, sem tannlæknafélagið virðist ekkert hafa við að athuga í höfuðatriðum og fyrirlesarinn sennilega ekki heldur. En hvað sem því líður, þarf ekki að kvíða því, að sérstökum erfiðleikum verði bundið að koma

tannlæknaskipuninni í landinu smátt og smátt í viðunandi horf, jafnóðum og vel menntum tannlæknum fjölgar og almenningi lærist að gera þær sjálfsögðu menningarkröfur að ganga með heilar eða vel viðgerðar tennur og ósjúka munna.

Fylgiskjal I.

Álitsgerð um tannlæknakennslu á Íslandi eftir Jón Sigtryggsson, lækni og tannlækni í Reykjavík.

Ég hef eftir beiðni landlæknis og í samráði við hann leitað eftir því, hvernig bezt myndi fyrir komið kennslu tannlækna hér á landi, þannig að þeim yrði séð fyrir staðgóðri menntun, án þess að mjög mikill kostnaður þyrfti að verða því samfara.

Það hefur orðið niðurstaðan, að heppilegast mundi, að kennsla yrði sameiginleg lækna- og tannlæknanemum fyrstu 4½ árið, eða þangað til miðhlutaprófi yrði lokið. Síðan tæki við sérnám í tannlækningum. Er fyrirhugað að haga því sérnámi sem mest eftir því, er tíðkast á Norðurlöndum, bæði hvað snertir kennslugreinar, svo og tímafjölda þann, sem hverri grein er ætlaður. Telst svo til, að með tveggja ára sérnámi að loknu miðhlutaprófi í almennri læknisfræði yrði íslenzkum tannlæknum séð fyrir haldgóðri tannlæknamenntun.

Nokkuð mun að vísu skorta á, að hér verði fyrst í stað völ sérmenntaðra og æfðra kennara í þessum fræðum, en nemendur þeir, sem á þennan hátt legðu fyrir sig sérnám þetta, mundu þroskaðri en almennt gerist á Norðurlöndum um þá, sem hefja tannlæknanám, og ættu því betur að geta hagnýtt sér kennsluna.

Má telja vafalaust, að með þessu móti sé unnt að koma upp vel menntuðum íslenzkum tannlæknum. Offjölgun tannlækna mundi hins vegar ekki þurfa að óttast, þó að til þessarar kennslu yrði stofnað, með því að námið yrði langt og kröfur miklar.

Gert er ráð fyrir, að nemendur ljúki prófi í tannsmíði eftir þriggja missira nám, en einu missiri síðar í hinum öðrum greinum og þar með fullkomnu tannlæknaprófi. Fer hér á eftir fyrirhuguð stundaskrá þessara fjögurra missira:

I. missiri.

Kl.	Md.	Þd.	Md.	Fd.	Fd.	Ld.
8—9	Tannsjúkd.	Tannsjúkd.	Áhalda- og efnafræði	Tannsjúkd., vitjun	Munnsjúkd., vitjun	Munnsjúkd., fyrirlestur
9—11½	Tannfylling	Tannfylling	Tannfylling	Tannfylling	Tannfylling	Tannfylling
1—2	Tannsmíði	Tannsmíði	Tannsmíði	Tannsmíði	Tannsmíði	Alm. handlækn.
2—4	Tannsmíði	Tannsmíði	Tannsmíði	Tannsmíði	Tannsmíði	Tannsmíði

II. og III. missiri.

Kl.	Md.	Þd.	Md.	Fd.	Fd.	Ld.
8—9	Tannsjúkd.	Krónu- og brúargerð Tannrétting	Tannsjúkd., fyrirlestur	Tannsjúkd., vitjun	Munnsjúkd., vitjun	Munnsjúkd., fyrirlestur
9—11½	Tannfylling		Tannfylling	Krónu- og brúargerð Tannrétting	Tannfylling	Munnsjúkd., aðgerðir
1—2	Tannsmíði	Tannsmíði	Tannsmíði	Tannsmíði	Tannsmíði	Alm. handlækn.
2—4	Tannsmíði	Tannsmíði	Tannsmíði	Tannsmíði	Tannsmíði	Tannsmíði

IV. missiri.

Kl.	Md.	Þd.	Md.	Fd.	Fd.	Ld.
8—9	Tannsjúkd., fyrirlestur	Krónu- og brúargerð	Tannsjúkd., fyrirlestur	Tannsjúkd., vitjun	Munnsjúkd., vitjun	Munnsjúkd., fyrirlestur
9—11½	Tannfylling	Tannrétting	Tannfylling	Krónu- og brúargerð Tannrétting	Tannfylling	Munnsjúkd., aðgerðir
1—2					Röntgen-fræði	Alm. handlækn.

		Samt. tímar
1.	Æfingar í tannfyllingu á tveimur árum	560
2.	Æfingar í tannsmíði á tveimur árum	816
3.	Æfingar í krónu- og brúargerð og tannrétting	240
4.	Æfingar í munnsjúkdómaaðgerðum	160
5.	Fyrirlestrar um tannsjúkdóma	128
6.	Fyrirlestrar um krónu- og brúargerð og tannrétting	64
7.	Fyrirlestrar um munnsjúkdóma	64
8.	Fyrirlestrar um almennar handlækningar	64
9.	Fyrirlestrar um áhalda- og efnafræði	16
10.	Fyrirlestrar um röntgenfræði	16
11.	Munnsjúkdómsvitjun	64
12.	Tannsjúkdómsvitjun	64

Til kennslunnar mundi mega komast af með einn aðalkennara, einn aukakennara, svo og tannsmið, sem væri kvenmaður og jafnframt aðstoðaði við dagleg störf á tannlækningastofu skólans.

Fer hér á eftir áætlun um kostnað við stofnun skólans og árlegan rekstur hans. Ætlazt er til, að nemendur sjái sér fyrir smáverkfærum þeim, sem þörf er á til daglegra starfa, en sjúklingar greiði efni, sem til aðgerða þeirra fer. Háskólinn mun hins vegar vera tilleiðanlegur til að lána skólanum húsnæði undir lækningastofur gegn því, að stúdentum verði séð fyrir ókeypis tannlækningum.

Um kennarana skal þess getið, að gert er ráð fyrir því, að þeir stundi jafnframt tannlækningar, er þeir hafi tekjur af, nema tannsmiðurinn. Áætlunin nær ekki til verðlagsuppbótar á launagreiðslur.

Stofnkostnaður við fern tannlækningatæki.

1 röntgentæki	kr.	6300.00
1 sótthreinsunarofn, 17″, hitaður með rafmagni	—	700.00
1 verkfæraskápur	—	400.00
4 stólar á kr. 2215.00	—	8860.00
4 borvélar, knúnar rafmagni, á kr. 1400.00	—	5600.00
4 hrákaskálar á kr. 600.00	—	2400.00
4 hringborð, áföst stólum á kr. 150.00	—	600.00
4 lampar, áfastir stólum, á kr. 60.00	—	240.00
24 tanntengur (Ash's) á kr. 40.00	—	960.00
6 fleygar á kr. 20.00	—	120.00
4 deyfingardælur á kr. 20.00	—	80.00
1 svæfingargríma	—	15.00
4 beinsköfur á kr. 8.00	—	32.00

4 sárakrókar á kr. 8.00	kr.	32.00
2 nálahaldarar á kr. 20.00	—	40.00
4 meitlar á kr. 6.00	—	24.00
4 Peans æðatengur á kr. 8.00	—	32.00
6 dúkaklemmur á kr. 8.50	—	51.00
4 hnífar á kr. 10.00	—	40.00
2 beinatengur á kr. 25.00	—	50.00
20 lyfjaglös með glertöppum, ca. 250 gr., á kr. 2.00	—	40.00
4 skæri á kr. 12.00	—	48.00
2 tunguhaldarar á kr. 20.00	—	40.00
1 gúmherzlutæki fyrir 4 mót (gas)	—	400.00
1 kátsjúkpressa	—	60.00
2 fægivélar á kr. 700.00	—	1400.00
Ýmislegt	—	1436.00
Samtals	kr.	30000.00

Rekstrarkostnaður.

1. Laun:			
a. Aðalkennari	kr. 6000.00		
b. Aukakennari	— 3600.00		
c. Tannsmiður	— 3600.00		
		kr.	13200.00
2. Fyrning og viðhald áhalda		—	3000.00
3. Ýmislegt		—	800.00
	Samtals	kr.	17000.00

Fylgiskjal II.

Herra landlæknir.

Þér hafið í bréfi frá 1. þ. m. óskað eftir áliti félags okkar um tillögur hr. læknis og tannlæknis Jóns Sigtryggssonar um stofnun tannlæknaskóla eða tannlæknadeildar við háskólann.

Þetta mál var tekið til umræðu á fundi félagsins þ. 18. þ. m. Var hr. Jón Sigtryggsson mættur á fundinum og gerði grein fyrir tillögum sínum.

Fundarmenn voru á einu máli um það, að á einhvern hátt yrði að sjá um, að tannlæknum fjölgaði hæfilega, svo að landsmenn gætu orðið tannlæknishjálpar aðnjótandi í sem fyllstum mæli, og að sérstaka áherzlu bæri að leggja á, að þeim yrði gert mögulegt að vinna á þeim stöðum, þar sem nú er tannlæknislaust, en brýn þörf er fyrir tannlækna. Hvað því viðvíkur vísast til erindis, er Hallur L. Hallsson flutti á fundi í félaginu í janúar þ. á., og við sendum yður hér með í afriti (fskj. 7).

Viðvíkjandi hinum fyrirhugaða skóla, er það álit okkar, að vel sé séð fyrir hinu teoretiska námi á meðan samleið er með læknanemum og jafnvel eytt fullmiklum tíma í nám, sem tannlæknum er ekki bein nauðsyn á að læra, eins og t. d. ýtarlegt nám í anatomiu alls líkamans, í stað þess að læra mjög vandlega það, sem hefur þýðingu fyrir tannlækninn sérstaklega, og svo lauslegt yfirlit yfir hitt, eins og tíðkast í tannlæknaskólum, en það myndi að líkindum kosta sérstaka kennslu fyrir tannlæknaefnin, svo um það getur varla orðið að ræða, ef samnám á að verða með læknanemum.

Þau tvö ár, sem ætluð eru til sérnámsins, mætti ef til vill komast af með nokkrum breytingum á námstilhögun, og stendur það auðvitað til bóta með fenginni reynslu, en aðalvandkvæðin álítum við vera fólgin í því að fá hæfa kennslukrafta, og sennilega í því að fá næg og fjölbreytt verkefni fyrir nemendurna. Það er gert ráð fyrir, að tveir tannlæknar annist alla kennslu, bæði praktiska og teoretiska. Við álítum ólíklegt, að svo fjölhæfir tannlæknar séu til hér á landi, að þeir geti það svo vel fari, að minnsta kosti ekki án þess að afla sér framhaldsmenntunar í því, sem þeim er mest áfátt um.

Við athugun á stofnkostnaði komumst við að þeirri niðurstöðu, að hann gæti varla orðið minni en 40--45 þúsund kr., líklega varlegra að áætla hann 45 þúsund kr., því alltaf bætist eitthvað við, sem ekki er munað eftir við fyrstu áætlunina. Sundurliðun á þeim kostnaði er fyrir hendi, ef óskað er eftir. Við aukningu á stofnkostnaði eykst einnig reksturskostnaður sem því svarar í viðhaldi og afskriftum, einnig álítum við óhjákvæmilegt að hafa gullsmið til aðstoðar nemendum við tekniska námið, og yrði þá reksturskostnaður tæplega undir 24 þúsund krónum á ári, eða kr. 6000.00 á hvern nemanda, séu þeir 4, eins og gert er ráð fyrir í áætluninni.

Reykjavík, 25. marz 1941.

F. h. Tannlæknafélags Íslands.

Hallur L. Hallsson, form. Th. Brynjólfsson, ritari.

Fylgiskjal III.

Reykjavík, 5. febr. 1941.

Hér með sendist yður tillaga, sem samþykkt var með samhljóða atkvæðum á fundi í félagi læknanema, sem haldinn var 7. febr. 1941.

„Fundur í félagi læknanema, haldinn 7. febr. 1941, beinir þeirri áskorun til hins háttvirta Alþingis, að það samþykki frumvarp til laga um stofnun tannlæknadeildar við Háskóla Íslands, sem ráðgert mun, að flutt verði á næsta Alþingi að tilhlutun landlæknis og læknadeildar."

Virðingarfyllst,

f. h. félags læknanema,

Ól. Bjarnason.

Til landlæknis, Reykjavík.

Fylgiskjal IV.

LÆKNADEILD HÁSKÓLANS

Reykjavík, 5. apríl 1941.

Herra landlæknir.

Læknadeildin hefur athugað uppkast yðar að frumvarpi til laga um tannlæknakennslu við læknadeild háskólans. Hún er því hlynnt, að slíkri kennslu verði komið á, og telur það fyrirkomulag, sem í frumvarpinu felst, að mörgu leyti gott, og telur, að með þessu móti megi fá hér á landi vel mennta tannlækna. En læknadeildin er hrædd um, að þetta geti vel orðið til þess að auka aðsókn að læknadeildinni, sem fyrir löngu er orðin of mikil. Því vill deildin setja það að skilyrði fyrir meðmælum sínum með frumvarpinu, að hún fái um leið völd til þess að takmarka aðgang að deildinni og tannlæknanáminu.

Í læknadeildinni voru skoðanir nokkuð skiptar um það, hve langt tannlæknanemendur skyldu fylgja læknisfræðinemendum í náminu, eða hvort þeir e. t. v. skyldu ljúka fullkomnu læknaprófi, en samkomulag varð um það, að fyrirkomulag frumvarpsins væri vel reynandi fyrst um sinn.

Guðmundur Thoroddsen,
deildarforseti.

Til landlæknis.

Fylgiskjal V.

LÆKNAFÉLAG REYKJAVÍKUR

Reykjavík, 12. marz 1941.

Út af bréfi yðar, mótteknu 4. þ. m., tilkynnist yður, að fundur í Læknafélagi Reykjavíkur samþykkti þann 5. þ. m. svo hljóðandi fundarályktun:

„Fundur í L. R. 5. marz 1941 lýsir sig hlynntan þeirri hugmynd, að stofnað sé til tannlæknaskóla á Íslandi."

F. h. stjórnar Læknafélags Reykjavíkur.

Þórður Þórðarson,
ritari.

Herra landlæknir Vilmundur Jónsson.

Fylgiskjal VI.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Reykjavík, 5. apríl 1941.

Ég hef lagt frumvarp yðar, herra landlæknir, um tannlæknakennslu við læknadeild háskólans, fyrir háskólaráð. Vill háskólaráðið mæla með því, að þetta frumvarp verði að lögum og vill fúslega leggja til húsnæði, ljós og hita handa hinni fyrirhuguðu kennslu.

Alexander Jóhannesson,
rektor.

Til landlæknis.

Fylgiskjal VII.

Fyrirlestur fluttur í Tannlæknafélagi Íslands í janúar 1941 af Halli L. Hallssyni, tannlækni í Reykjavík.

Það er nú orðið almennt viðurkennt, að tannskemmdir og ýmsir kvillar og sjúkleikar í tannholdi og kjálkum, sem standa í sambandi við tennurnar, séu orðnir svo útbreiddir og almennir, að svo að segja allir landsmenn þjáist af þeim að meira eða minna leyti.

Það er einnig staðreynd, að tannsjúkdómar hafa mikil áhrif á almenna líðan og heilbrigði fólks, verði orsök meltingartruflana og annarra alvarlegri sjúkdóma, sem ekki skal farið nánar út í hér.

Landsmenn eiga nú orðið allgreiðan aðgang að almennri læknishjálp. Einnig eru nú margir læknar, sem leggja fyrir sig ýmsar sérgreinar, en eru þó flestir í Reykjavík. Fara sumir þeirra í reglubundnar ferðir um land allt, að tilstuðlan ríkisstjórnarinnar, t. d. augnlæknar. Það mætti nú líta svo á, að tannlækningar væru líka sérgrein, og mætti því fullnægja þörfum landsmanna einnig í þeirri grein með því að tannlæknar væru búsettir í stærstu bæjunum og ferðuðust um landið á sumrum eins og augnlæknar. En þar er allt öðru máli að gegna, því eins og áður er sagt, eru tannskemmdir svo útbreiddar og sjúkdómar í sambandi við þær, að flestir landsmenn þurfa á tannlækningum að halda, og auk þess er tannlæknisstarfið svo tímafrekt, að ekki er sambærilegt við neinar aðrar sérgreinir. Einnig eru áhöld tannlækna svo margbrotin, þung og ill viðureignar í flutningum, að ekki kemur til greina að flytja þau landveg með þeim flutningatækjum, sem tíðkast hér á landi.

Það má því fullyrða, að ekki er hægt að veita fólki fullnægjandi tannlæknishjálp á þann hátt. Líklega veitti ekki af, að tannlæknar væru dreifðir um allt land á svipaðan hátt og héraðslæknar eru nú. En til þess að það geti orðið, verða fyrst og fremst að vera nógu margir tannlæknar til, og í öðru lagi yrði að sjá þeim fyrir viðunandi lífsskilyrðum. Mér vitanlega hefur þetta mál aldrei verið tekið til rækilegrar athugunar, hvorki af heilbrigðisstjórn eða alþingi, enda munu ekki almennar óskir eða áskoranir hafa komið um það frá bæjar- eða sveitarstjórnum. Má það merkilegt heita og virðist benda til, að þessir aðilar hafi ekki enn þá komið auga á þörfina.

Ég mun nú reyna að gera grein fyrir, hvernig ég hef hugsað mér, að leysa mætti þetta mál, og er þá aðallega um tvær leiðir að velja: Önnur er sú, að Alþingi samþykki lög um tannlæknishéruð víðs vegar á landinu, þar sem ekki eru skilyrði til, að tannlæknar geti lifað af privatpraxis, og veiti þeim hæfileg laun og styrk til verkfærakaupa. Þetta yrði auðvitað gert í samráði við heilbrigðisstjórn, sem nyti aðstoðar Tannlæknafélags Íslands í skipulagningu þessa máls. Hin leiðin er sú, að bæjar- og hreppsfélög beittu sér fyrir málinu og þá með sérstöku tilliti til skólatannlækninga. Þessi leið er að ýmsu leyti erfiðari, þar sem fleiri aðila er við að eiga, mismunandi vel stæð bæjar- og sveitarfélög, sem enn þá hafa ekki öðlazt fullan skilning á málefninu. En þessi leið hefur þó ýmsa kosti, svo vert er að athuga, hvort hún muni ekki fær.

Hugmynd mín er sú, að nokkur sveitarfélög eða þorp ráði til sín tannlækni í félagi til þess að annast tannlækningar skólabarna og greiði honum ákveðna upphæð fyrir hvert skólabarn. Þetta ætti að vera framkvæmanlegt þar, sem skólahús eru í fræðsluhéraði. Þyrfti þá að ætla tannlækninum sérstakt herbergi í skólahúsinu búið þeim tækjum, sem erfiðast er að flytja, t. d. stól, skáp, skolskál og e. t. v. borvél þar, sem rafmagn er. Með þessu mætti tryggja tannlækninum fastar árlegar tekjur, sem gætu verið nægileg viðbót við þær tekjur, sem hann hefði af privatpraxis, sem aðallega færi fram á dvalarstað tannlæknisins. En þó ætti honum, ef hann óskaði þess, að vera heimilt að stunda privatsjúklinga í skólahúsinu. Gæti það orðið til þæginda fyrir fólk í byggðarlögum, sem eru fjarri heimili tannlæknisins.

Fræðslumálastjóri hefur látið mér í té lista yfir skólahús og tölu skólaskyldra barna, er sækja hvern skóla, og mun ég nú leitast við að skipta þeim niður í sérstök tannlæknisumdæmi og þá einnig með hliðsjón af fólksfjölda í þeim byggðarlögum, er standa að skólunum, með tilliti til atvinnumöguleika fyrir privatpraxis.

Kaupstaðirnir hafa nú allir komið á hjá sér skólatannlækningum að einhverju leyti, nema Seyðisfjörður og Neskaupstaður, enda enginn tannlæknir búsettur á Austurlandi. Austurland er sá landshluti, sem verst er settur með alla tannlæknishjálp, þar eð engir tannlæknar eru búsettir nær þeim en í Vestmannaeyjum, Reykjavík og Akureyri, og verða þeir því að sækja til þessara staða, er þeir óhjákvæmilega þurfa á tannlækni að halda. Hins vegar ætti þessi landshluti að hafa nægilegt verkefni fyrir að minnsta kosti 1 tannlækni, ef allir skólar veittu börnum sínum fullkomna tannlæknishjálp.

1. Ég geri ráð fyrir, að tannlæknirinn yrði búsettur á Seyðisfirði. Þaðan er bílvegur upp í Fljótsdalshérað og stutt til Neskaupstaðar, sem er fjölmennasta þorpið á Austurlandi. Umdæmið nær yfir báðar Múlasýslur og ef til vill Hornafjörð líka. Á þessu svæði eru um 800 börn á 10 stöðum, sem ganga í fasta skóla, og fólksfjöldi 1938 um 7000.
2. Næsta hérað í röðinni samkvæmt fjölda skólabarna og öðrum atvinnuskilyrðum fyrir tannlækni munu vera Skagafjörður og Húnavatnssýsla með 470 skólaskyld börn í 10 fastaskólum, fólksfjöldi 7564. Tannlæknirinn búsettur á Sauðárkróki.
3. Árnes- og Rangárvallasýslur með 650 börn í 14 fastaskólum og rúmlega 8000 íbúum. Tannlæknirinn búsettur á Selfossi.
4. Gullbringusýsla með 500 börn í 6 fastaskólum, Bessastaðaskóla sleppt. Íbúatölu veit ég ekki, þar eð ég hef hana ekki nema með Kjósarsýslu. Tannlæknirinn búsettur í Keflavík.

5. Þingeyjarsýslur með rúml. 400 börn í 9 fastaskólum og nær 6000 íbúum. Tannlæknirinn búsettur í Húsavík.
6. Barðastrandar- og Vestur-Ísafjarðarsýslur með rúml. 400 börn í 6 fastaskólum og um 3000 íbúum. Tannlæknirinn búsettur á Bíldudal.
7. Hnappadals- og Snæfellsnessýslur með barnaskólann í Borgarnesi, 374 börn í 4 fastaskólum. Íbúatala í Snæf.- og Hnappadalssýslum ca. 4000. Tannlæknirinn búsettur í Stykkishólmi.

Hvað önnur héruð snertir, þá gætu sum samið við tannlækna í nærliggjandi bæjum um skólatannlækni, t. d. Akranes og skólarnir í Kjósarsýslu við tannlækni í Reykjavík eða Hafnarfirði, ef tannlæknir sezt þar að. Tannlæknir frá Ísafirði annaðist skólatannlækningar í Norður-Ísafjarðarsýslu. Tannlæknar frá Siglufirði og Akureyri í Eyjafjarðarsýslu. Aðrar sýslur landsins geta tæplega fyrst um sinn komið á hjá sér skólatannlækningum, a. m. k. ekki þannig, að það gæti gefið tannlæknum næga afkomutryggingu.

Þá er að athuga, hvað skólatannlækningar í þeim 7 tannlæknishéruðum, sem ég hef getið um hér að framan, geti veitt tannlækni miklar tekjur á ári, með því að borga sanngjarna upphæð fyrir hvert barn. Í þeim bæjum, sem hafa samið við tannlækna um skólatannlækningar, eru borgaðar 6—10 kr. fyrir barn á ári.

Gerum ráð fyrir 8 kr. fyrir barn og réttindum fyrir tannlækninn til að taka privatsjúklinga í skólahúsinu, þá verða brúttótekjur sem hér segir:

1.	Á Austfjörðum	kr. 6400.00
2.	Í Skagafjarðar- og Húnavatnssýslum	— 3760.00
3.	Í Árnes- og Rangárvallasýslum	— 5800.00
4.	Í Gullbringusýslu	— 4000.00
5.	Í Þingeyjarsýslum	— 3200.00
6.	Í Barðastrandar- og Vestur-Ísafjarðarsýslum	— 3200.00
7.	Í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslum	— 3000.00

Þetta eru að vísu ekki háar upphæðir, þegar þess er gætt, að það eru brúttótekjur. Ef til vill mætti semja um greiðslu ferðakostnaðar, en að sjálfsögðu kæmu afnot af tannlækningastofu skólans í eigin þarfir án endurgjalds. Á flestum þessum stöðum yrðu talsverðar tekjur af privatpraxis, sérstaklega er fram liðu stundir, því að börnin, sem hafa notið tannlækninga í skólunum, munu frekar leita tannlæknis áfram en þeir, sem ekki hafa vanizt því í uppvextinum, og einmitt þess vegna álít ég, að þetta fyrirkomulag sé það heppilega. Það venur unga fólkið á að hafa heilbrigðan munn, svo að það mun síður sætta sig við að vera tannlæknislaust, og það gefur um leið tannlækninum möguleika til að lifa af starfi sínu á þessum stöðum.

Þetta, sem ég hér hef gert tillögur um, er byrjun, sem ætti að komast í framkvæmd á næstu árum. En þróunin verður auðvitað að halda áfram, og bráðlega yrði á einhvern hátt að sjá líka hinum strjálbyggðu og samgönguörðugu héruðum fyrir tannlækningum, eins og Skaftafellssýslum og Strandasýslu og víðar. En þar myndi ríkissjóður líklega verða að hlaupa undir bagga, ef Alþingi kýs þá ekki að skipa tannlæknamálum að öllu leyti. En ef svo yrði, myndi samt verða réttast að hafa skólatannlækningar sem grundvöll, þar sem því yrði við komið.

Áður en ég hætti að tala um skólatannlækningar, vil ég benda á, að í Reykjavík hafa skólarnir 2 tannlækna starfandi, en aðeins 3 stundir á dag, í stað þess að ekki veitti af 4—5 tannlæknum, sem eingöngu störfuðu við skólana, eða 25—30 vinnustundir á dag í stað 6. Vinnutími þessara tannlækna var fyrir 1 ári helmingi lengri, en var styttur af sparnaðarástæðum. Að höfuðstaðurinn sjálfur tekur ekki skólatannlækningarnar alvarlegri tökum en þetta, gæti virzt benda á, að þýðingarlítið sé að koma fram með tillögur eins og þær, sem ég hef tekið til meðferðar hér að framan. En bæði er nú það, að vonandi er, að við Íslendingar höfum einhvern tíma ráð á að veita okkur brýnustu nauðsynjar og nægilegt vit til að skilja, hvað er nauðsynlegt.

Ef við nú gerum ráð fyrir, að bæði peningarnir og skilningurinn sé fyrir hendi, þá kemur til athugunar, hvort nægilega margir tannlæknar séu til, eða verði á næstu árum til að vinna verkið. Hér á landi eru nú 14 tannlæknar búsettir (útlendir aðstoðartannlæknar ekki taldir). Erlendis eru 3, sem hafa lokið prófi og 4 við nám, sem sennilega ljúka prófi í sumar. Það verða því 21 tannlæknar, sem hægt er að reikna með, að verði starfandi hér á næsta ári, eða jafnskjótt og þeir, sem dvelja erlendis, komast heim.

Af þessum 21 eru 11 starfandi hér nú, 1 frá störfum í bili vegna veikinda. Aukningin á þessu og næsta ári verður því að líkindum 9.

Gera má ráð fyrir, að flest eða allt þetta fólk staðnæmist í stærstu bæjunum, ýmist sem sjálfstætt praktiserandi eða aðstoðartannlæknar, en það ætti líka að vera meir en nóg til að fullnægja tannlæknisþörfum í bæjunum, að meðtöldum fullkomnum skólatannlækningum í Reykjavík.

Það vantar því sýnilega alveg tannlækna í þessi 7 embætti, sem ég stakk upp á hér að framan. Síðan stríðið byrjaði, hefur enginn byrjað tannlæknanám og óvíst, hvernig það verður meðan stríðið stendur, svo að næstu 4—5 árin verða tæplega útskrifaðir fleiri tannlæknar. Auðvitað verður ríkisstjórnin að gera einhverjar ráðstafanir til þess, að menn geti stundað tannlækninganám, svo að þörfum þjóðarinnar á því sviði sé fullnægt.

Ég hef heyrt, að landlæknir væri að hugsa um að stofna tannlæknaskóla hér og hefði jafnvel falið læknadeild háskólans að undirbúa það. Ef úr þeirri ráðagerð verður, þá er víst engin hætta á, að tannlæknar verði of fáir hér eftir nokkur ár. En annað mál er það, hvort hægt verður eða hagkvæmt að stofna hér fullkominn tannlæknaskóla, svo að þeir, sem útskrifuðust þaðan, yrðu dugandi tannlæknar. Bæði er það, að kostnaður við stofnun og rekstur sliks skóla yrði svo mikill, að vafasamt er, að fjárveitingarvaldið veitti nægilegt fé til þess, að skólinn yrði starfi sínu vaxinn. En það, sem gerir þessa hugmynd lítt mögulega að mínu áliti, er það, að hér myndi tæplega völ á hæfum kennslukröftum. Eins og allir tannlæknar vita, verða kennararnir að afla sér menntunar í þeim greinum, sem þeir kenna, og einnig að hafa nægilegan tíma afgangs frá sínum praxis. En hvorugt álít ég, að sé fyrir hendi hér hjá tannlæknum Reykjavíkur.

Ég hef því miður ekki getað gert neina áætlun um stofnkostnað og rekstur tannlæknaskóla við okkar hæfi, vegna þess að ég hef engin gögn í höndum til að byggja á. En það virðist engin fjarstæða að gera ráð fyrir, að það myndi kosta ríkissjóð eins mikið og að senda 2 menn til náms árlega á ameríska tannlæknaskóla algerlega upp á sinn reikning og með því móti fengist áreiðanlega nægileg fjölgun tannlækna og um leið trygging fyrir því, að þeir yrðu starfi sínu vaxnir.

Ég vil því enda þessar bollaleggingar með þeirri tillögu minni til Tannlæknafélags Íslands, að það ráðleggi heilbrigðisstjórn, að styrktir verði að öllu eða nokkru leyti hæfilega margir menn til náms við ameríska tannlæknaskóla, eða aðra skóla að stríðinu loknu, og setja það sem skilyrði fyrir styrknum, að hinir ungu tannlæknar, að loknu námi, störfuðu einhvern vissan tíma, t. d. 3—5 ár, á þeim stöðum á landinu, sem mest væri þörf fyrir tannlækni og atvinnuskilyrði þolanleg.

Nd. 159. Frumvarp til laga

um breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 12 31. maí 1927.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

23. gr. laganna orðist svo:

Oddviti skal hafa að launum um árið 10 kr. fyrir hvern fullan tug hreppsbúa, og auk þess 2% — tvo af hundraði — af innheimtum útsvörum. Þóknun þessi greiðist úr sveitarsjóði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Laun hreppsnefndaroddvita eru ákveðin í sveitarstjórnarlögunum, er sett voru fyrir 14 árum. Eru þau 5 krónur fyrir hvern fullan tug hreppsbúa. Síðan lög þessi voru sett, hafa störf oddvitanna aukizt mjög mikið, m. a. í sambandi við löggjöf frá Alþingi. Er nú svo komið, að flestir þeir menn, sem kosnir eru til þessa trúnaðarstarfs, hafa af því mikið fjárhagslegt tjón, þar sem margir þeirra eyða löngum tíma til starfsins, en þóknunin fyrir það mjög lítil. Er því fyllsta ástæða til þess að ráða á þessu nokkra bót, og hefði raunar átt að gerast fyrr.

Samkvæmt frumvarpi þessu er til þess ætlazt, að hin fastákveðna þóknun til oddvitanna verði hækkuð um helming, en auk þess lagt til, að þeir fái tvo af hundraði af greiddum útsvörum í innheimtulaun.

Ed. 160. Frumvarp til laga

um breyting á bifreiðalögum, nr. 75 7. maí 1940.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

a. Í stað „vinstri“ í 3. málsgr. 28. gr. laganna komi: hægri.
b. Í stað „hægri“ á tveim stöðum í sömu grein komi: vinstri.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

3. gr.

Þá er lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal færa þau inn í meginmál bifreiðalaga, nr. 75 7. maí 1940, og birta þau í einu lagi þannig breytt.

Ed. 161. Frumvarp til laga

um breyting á umferðarlögum, nr. 110 30. maí 1940.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Ökumenn skulu halda sér vinstra megin á akbraut, eftir því, sem við verður komið og þörf er á vegna annarrar umferðar. Þeir skulu víkja greiðlega til vinstri fyrir þeim, sem á móti koma, en hleypa fram fyrir sig á hægri hönd þeim, sem fram fyrir vilja.

2. gr.

Í stað orðsins „hægri“ á tveim stöðum í 1. málsgr. 7. gr. laganna komi: vinstri.

3. gr.

Í stað orðanna „halda sér hægra megin“ í 12. gr. laganna komi: halda sér vinstra megin.

4. gr.

a. Orðin „og við vinstri brún hennar, þegar því verður við komið“ í 3. málsgr. 13. gr. laganna falli burt.

b. Síðasta málsgr. sömu greinar laganna orðist svo:

Gangandi menn skulu halda sér vinstra megin á gangstétt og jafnan víkja til vinstri hver fyrir öðrum.

5. gr.

16. gr. laganna fellur burt.

6. gr.

Í stað „nr. 64 19. júní 1933“ í 17. gr. laganna komi: nr. 41 4. júní 1924.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

8. gr.

Þá er lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal færa þau inn í meginmál umferðarlaga, nr. 110 30. maí 1940, og birta þau í einu lagi þannig breytt.

Ed. 162. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka á leigu húsnæði í sveitum og kauptúnum o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka á leigu öll skólahús, fundahús, þinghús og annað nothæft húsnæði í sveitum eða kauptúnum, til þess, ef þörf gerist, að gera þessi hús að dvalarstöðum fyrir börn og mæður þeirra úr kaupstöðum og kauptúnum. Einnig er ríkisstjórninni heimilt að taka á leigu flutningatæki, sem með þarf til að koma börnunum og mæðrum þeirra að og frá ákvörðunarstað.

2. gr.

Ef samkomulag næst ekki við eigendur eða leigjendur húsa og farartækja þeirra, sem um getur í 1. gr., er ríkisstjórninni heimilt að taka þau leigunámi. Um framkvæmd leigunáms samkvæmt þessari grein skal farið eftir ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 163. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 29 9. jan. 1935, um eftirlit með sjóðum, er fengið hafa konungsstaðfestingu á skipulagsskrá.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

1. gr. laganna skal orða svo:

Sameinað Alþingi kýs hlutfallskosningu til 5 ára í senn þrjá menn, er hafa skulu eftirlit með og gera skrá um þá sjóði í landinu, sem hlotið hafa konungsstaðfestingu á skipulagsskrá sinni, svo og um aðra hliðstæða sjóði, er stofnaðir hafa verið með gjöfum einstaklinga eða félaga. Rísi ágreiningur um það, hvort einhver sjóður skuli háður eftirliti samkvæmt lögum þessum, sker fjármálaráðherra úr.

Eftirlitsmenn skulu á ári hverju senda Alþingi og fjármálaráðuneytinu skýrslu um sjóði þessa.

2. gr.

Á eftir 1. gr. laganna kemur ný grein, svo hljóðandi (og breytist greinatala laganna samkvæmt því):

Stjórn þeirra sjóða, sem ekki hafa hlotið konungsstaðfestingu á skipulagsskrá, eða þeim, er slíka sjóði hafa undir höndum, skal skylt að senda hinum þingkosnu eftirlitsmönnum fyrir árslok 1941 stofnskrár sjóðanna, gjafabréf eða önnur fyrirmæli um starfsemi þeirra, en um þá sjóði, er síðar verða stofnaðir, skulu slík gögn send eftirlitsmönnum áður en ár er liðið frá sjóðstofnun.

Nú kemur það í ljós, að ekki eru til fyrirmæli um starfsemi sjóðs, og skulu þá eftirlitsmenn hlutast til um, að slík fyrirmæli verði sett.

3. gr.

a. Fyrir „Stjórn ... eftirlitsmönnum“ í upphafi 2. gr. laganna kemur: Stjórnir eða vörzlumenn þessara sjóða skulu senda eftirlitsmönnum.
b. Á eftir „sjóðstjórnum“ í síðari málslið sömu gr. bætist: eða vörzlumönnum.

4. gr.

Fyrir „skipulagsskrá“ í 3. gr. laganna kemur: fyrirmæli um starfsemi.

5. gr.

Fyrri málsgr. 4. gr. laganna skal orða svo:

Nú senda vörzlumenn sjóðs ekki reikning eins og fyrir er mælt í 3. gr. eða fyrirmæli um starfsemi sjóðs samkvæmt 2. gr. og svara ekki kröfu um það innan hæfilegs tíma, og getur þá fjármálaráðherra, ef eftirlitsmenn óska þess, skyldað aðila til þess, að viðlögðum allt að 20 króna dagsektum, að senda umkrafin gögn innan tiltekins tíma.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

7. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 29 1935 og gefa þau út svo breytt með fyrirsögninni: Lög um eftirlit með opinberum sjóðum.

Ed. 164. Frumvarp til hafnarlaga

fyrir Neskaupstað.

Flm.: Ingvar Pálmason, Magnús Gíslason.

1. gr.

Til hafnargerðar í Neskaupstað veitist úr ríkissjóði $^2/_5$ kostnaðar, eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefur samþykkt, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, allt að kr. 300000.00 — þrjú hundruð þúsund krónur — gegn $^3/_5$ hlutum frá hafnarsjóði Neskaupstaðar.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að kr. 450000.00 — fjögur hundruð og fimmtíu þúsund króna — lán, er hafnarsjóður Neskaupstaðar kann að fá til hafnargerðar. Framlagið úr ríkissjóði og ábyrgð þessi er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshaldi sé falin manni, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina, eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefur í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr hafnarsjóði Neskaupstaðar. Nú vill annar hvor málsaðila ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Neskaupstaðar.

4. gr.

Hafnarmerki skulu ákveðin af atvinnumálaráðherra, að fengnum tillögum hafnarnefndar Neskaupstaðar.

5. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, né fylla upp eða dýpka út frá landi, nema eftir tillögum hafnarnefndar og með samþykki bæjarstjórnar Neskaupstaðar. Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa í tvennu lagi, og heldur hafnarnefndin öðru eintakinu. Hafnarnefnd afgreiðir síðan málið til bæjarstjórnar.

Sá, sem fengið hefur slíkt leyfi, skal skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hætta stafi af því. Þessi ákvæði gilda og um þær bryggjur og önnur mannvirki, sem þegar hafa verið gerð á hafnarsvæðinu.

Brot gegn þessari grein varða sektum frá 20—500 kr., og hafnarnefnd getur látið nema burtu mannvirkið á kostnað eiganda.

Nú hefur bryggja eða annað mannvirki í sjó fram legið ónotað 5 ár samfleytt, og er þá hafnarnefnd heimilt að taka það burt, án endurgjalds til eiganda.

6. gr.

Bæjarstjórn Neskaupstaðar hefur á hendi stjórn hafnarmálefnanna undir yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

7. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd, er bæjarstjórnin kýs á sama hátt og aðrar nefndir, eftir því sem bæjarstjórnarlögin og kosningalög mæla fyrir um. Svo er og um tölu hafnarnefndarmanna í og utan bæjarstjórnar.

8. gr.

Eignum hafnarsjóðs má aðeins verja í þarfir hafnarinnar.

Bæjarsjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðs og bæjarstjórnin hefur ábyrgð á eigum og fé hafnarinnar.

9. gr.

Bæjarstjórnin má ekki án leyfis ráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðsins, eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stærri lán eða lán til lengri tíma en að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem í hönd fer, né endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

10. gr.

Hafnarsjóður á allt það land við höfnina, sem nú flýtur yfir með stórstraumsflóði.

11. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, sem hér segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru samkv. 5. gr.
2. Af skipum og bátum, er hafna sig á höfn Neskaupstaðar, og farmi þeirra:
   a. Lestargjald (hafnargjald).
   b. Vitagjald.
   c. Vörugjald. — Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annarra hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
   d. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
   e. Festargjald frá skipum þeim, er nota festar hafnarinnar.

Gjöld þessi sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar skulu ákveðin í reglugerð, sem hafnarnefnd Neskaupstaðar semur og atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið staðfestir.

Herskip og skemmtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkvæmt tölulið 2. a. og b.

12. gr.

Nú má álíta, að tekjur af gjaldstofnum þeim, sem heimilaðir eru í 11. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, og getur þá hafnarnefndin, með sérstöku samþykki atvinnumálaráðuneytisins fyrir hvert ár, ákveðið, að leggja megi aukatoll á aðflutningsgjaldskyldar og útflutningsgjaldskyldar vörur. Gjaldið má þó aldrei fara fram úr 4% af tollum þeim, er greiða ber í ríkissjóð. Gjald þetta innheimtir hafnarnefnd.

Þetta gjald sem og gjöldin samkvæmt 11. gr. má taka lögtaki.

13. gr.

Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

14. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir bæjarstjórn frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Bæjarstjórn skal hafa fullsamið áætlunina fyrir lok nóvembermánaðar og senda hana síðan atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu til samþykktar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á einstökum gjalda- og tekjuliðum.

15. gr.

Nú hefur bæjarstjórn í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki atvinnumálaráðuneytisins þarf til, og skal hún þá senda ráðuneytinu sérstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo tímanlega sem kostur er á, að samþykki ráðuneytisins geti komið til, áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarinnar frá sér fara.

16. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sé að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar, eða fara fram úr áætluðum fjárhæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það bæjarstjórn í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndar, skal þegar leitað samþykkis ráðuneytisins til þess að víkja megi frá áætluninni. Fyrr má ekki framkvæma verkið né stofna til tekjuhallans.

17. gr.

Við lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en fyrir lok febrúarmánaðar, skal hafnarnefnd gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á liðna árinu og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og bæjarreikninga.

18. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð, er hafnarnefnd semur og ráðuneytið staðfestir, allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—1000 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

19. gr.

Með mál þau, er rísa út af brotum á lögum þessum og reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er samið af bæjarstjórn Neskaupstaðar og flutt samkvæmt beiðni hennar.

Vitamálastjóri hefur látið bæjarstjórninni í té áætlun um byggingu trébryggju í Neskaupstað, og er gert ráð fyrir, að hún kosti 135 þús. krónur.

Hafnarlagafrumvarp þetta gerir ráð fyrir hærri fjárhæðum en nauðsynlegt virðist, ef miðað er við áætlun þá, er fyrir liggur. Stafar það af því, að það er einróma álit bæjarstjórnarinnar, að í Neskaupstað beri að byggja steinbryggju, og samkv. upplýsingum frá vitamálastjóra í viðtali má ætla, að slík bryggja verði 2—3 sinnum ódýrari en trébryggja, sem samkvæmt áætlun þeirri, er áður hefur verið getið, ætti að kosta 135 þús. kr. Mætti því ætla, að steinbryggja svipuð að notagildi myndi kosta allt að 350 þús. krónur. Vitamálastjóri hefur látið í ljós þá skoðun, að hann teldi vafasamt, að vörumagn það, er afgreiða þarf um bryggju á Norðfirði, væri svo mikið, að það réttlætti eins mikil fjárframlög og bygging steinbryggju útheimtir, og má vera, að það álit sé á nokkrum rökum byggt. En hins vegar er á það að líta:

Í fyrsta lagi. Vegna þess, hvað Norðfjörður er stuttur og liggur opinn fyrir úthafinu, er venjulega mjög ókyrr sjór inni á höfninni. Eru skemmdir á trébryggjum af völdum skipa og báta, er við bryggjurnar liggja, mjög tíðar.

Í öðru lagi. Bátaútgerðin hefur fram að þessu haft bækistöðvar sínar við 30—40 smátrébryggjur hingað og þangað um bæinn. Er það með breyttum útgerðarháttum orðið mjög óhentugt og viðhald á öllum þessum sæg af smábryggjum óhemju kostnaðarsamt. Má því tvímælalaust telja, að stefna beri að því að koma upp steinsteyptum uppfyllingum á 2—3 stöðum meðfram strandlengjunni, þar sem bátaútgerðin geti verið með sinn útgerðarrekstur.

Í þriðja lagi. Hafnargarður úr steinsteypu var gerður 1929, sem framlenging á eyri, er skýlir höfninni fyrir hafátt. Er garður þessi, sem verður að teljast nauðsynlegur, nú orðinn mjög skemmdur og þarf bráðrar viðgerðar, er hlýtur að kosta mikið fé.

Þegar alls þessa er gætt, verður að álíta, að upphæð sú, er hafnarlagafrumvarpið gerir ráð fyrir til framkvæmda við höfnina, sé sízt of há.

Um ástæður hafnarsjóðs til fjárframlaga að sínum hluta til hafskipabryggju, er ætla má að kosti 3—400 þús. krónur, svo og annarra þeirra framkvæmda, er drepið hefur verið á að framan, skal tekið fram:

Um síðustu áramót var lausafjáreign hafnarsjóðs:

Í peningum ca.	kr.	8300.00
Innieign hjá bæjarsjóði ca.	—	36500.00
Samtals	kr.	44800.00

Munu verða gerðar ráðstafanir til, að fé þetta verði allt handbært á næsta ári. Árlegar tekjur hafnarsjóðs, að frádregnum gjöldum til annars en bryggjugerðar, má ætla, að verði á næstu árum, samkvæmt þeim tekjustofnum, er höfnin nú hefur, 20—25 þúsund krónur. Virðist því sæmilega varlega áætlað, að kleift væri á árunum 1942—1944 að koma upp hafskipabryggju, er kostaði um 350 þús. krónur, og er fjárhagsáætlun þeirrar framkvæmdar þannig:

1.	Lausafjáreign hafnarsjóðs í árslok 1940	kr.	44800.00
2.	Tekjuafgangur áranna 1941—1944	—	90000.00
3.	Framlag ríkissjóðs, ⅖ af kr. 350 þús.	—	140000.00
4.	Tekið lán	—	75200.00
	Samtals	kr.	350000.00

Er lán þetta ekki hærra en það, að hafnarsjóði ætti að vera kleift að standa skil á því á skömmum tíma. Þess má og geta, að uppfyllingar þær, er kæmu um leið og bryggja sú, er hér hefur verið gert ráð fyrir, myndu gefa hafnarsjóði nokkrar tekjur. Þá má og gera ráð fyrir, að verulegur hluti af efni í uppfyllingar fengist með ódýrum hætti.

Ed. 165. Nefndarálit

um frv. til l. um heimild fyrir ríkissjóð til að taka 10 milljón króna innanríkislán.

Frá fjárhagsnefnd.

Fjárhagsnefnd hefur athugað mál þetta, sem komið er frá neðri deild og var þar breytt þannig, að í stað 5 milljón króna lánsheimildar var sett 10 milljón króna lánsheimild. Sendi nefndin Landsbanka Íslands málið til umsagnar, en hann svaraði með því að senda útskrift úr gerðabók bankaráðsins, dags. 24. des. f. á., þar sem mælt er með 8 milljón króna lánsheimild.

Að þessu athuguðu sá nefndin ekki ástæðu til þess að gera breytingu á frumvarpinu, þar sem það er að sjálfsögðu á valdi ríkisstjórnarinnar að nota heimild þessa ekki að fullu, ef það þykir ekki tímabært, og leggur því til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Einn nefndarmanna, ErlÞ, var ekki á fundi sakir veikinda, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 8. apríl 1941.

Magnús Jónsson, form., frsm. Bernh. Stefánsson.

Nd. 166. Frumvarp til laga

um girðingar til varnar útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og heimild til samþykkta um fjárskipti.

Frá landbúnaðarnefnd.

I. KAFLI
Um varnarlínur.

1. gr.

Skipta skal öllu landinu í sóttvarnarsvæði með fjárheldum girðingum, þar sem þess gerist þörf, til varnar fjársamgöngum og útbreiðslu næmra búfjársjúkdóma milli héraða eða landshluta.

Girðingar þessar skulu enn fremur lagðar með hliðsjón af heppilegum ráðstöfunum til útrýmingar búfjársjúkdómum, ef til kemur. Varnarlínurnar afmarka sóttvarnarsvæðin.

2. gr.

Varnarlínur skulu vera þessar:

1. Við Þjórsá.
2. Við Ölfusá, Hvítá og Jökulfallið.
3. Yfir Reykjanesið hjá Straumi til Herdísarvíkur.
4. Frá Hvalfirði í Langjökul.
5. Við Hvítá í Borgarfirði upp í Stafholtstungur og þaðan milli Hvítár og Norðurár norður í varnarlínu nr. 11.
6. Yfir Snæfellsnes milli Skógarness og Álftafjarðar.
7. Úr Hvammsfirði í Hrútafjörð.
8. Úr Gilsfirði í Bitrufjörð.
9. Úr Kollafirði í Ísafjörð.
10. Úr Þorskafirði í Steingrímsfjörð.
11. Úr Hrútafjarðar—Hvammsfjarðargirðingu í Langjökul.
12. Með Blöndu í Kjalargirðingu eða Hofsjökul.
13. Með Héraðsvötnum og Jökulsá eystri í Hofsjökul.
14. Með Skjálfandafljóti.
15. Með Jökulsá á Fjöllum.
16. Frá sjó við Kópasker í Loka við Þistilfjörð.
17. Úr Jökulsá norðan Hólsfjalla í Miðfjörð.
18. Með Jökulsá á Brú.
19. Frá Eskifirði um Eskifjarðarheiði með Eyvindará í Lagarfljót við brúna, og úr botni Lagarfljóts með Gilsá um Fossárdal í Berufjörð.
20. Úr Hornafjarðarfljóti í Vatnajökul.
21. Með Jökulsá á Breiðamerkursandi.

22. Yfir Kjöl milli Hofsjökuls og Langjökuls.
23. Úr girðingu undir tölulið 19, sem næst sýslumörkum milli Austur-Skaftafellssýslu og Suður- og Norður-Múlasýslu til jökla.

Girðingar þær, sem hér um ræðir og ekki eru þegar fullgerðar, skulu kostaðar af ríkinu og lagðar þegar mæðiveikinefnd telur það nauðsynlegt. Mæðiveikinefnd skal leita um það samþykkis landbúnaðarráðherra í hvert skipti.

3. gr.

Girðingarstæði skulu valin þar, sem bezt skilyrði eru til varnar af náttúrunnar hendi, eftir því sem við verður komið án þess að svipta upprekstrarfélög eða einstakar jarðir aðgangi að afréttarlöndum þeirra eða heimahögum, nema brýn nauðsyn krefji.

Skulu þau nánar ákveðin í samráði við fulltrúa, er hlutaðeigandi sýslunefndir velja til þess.

Nú kemur í ljós, að viðunandi girðingarstæði fæst ekki án þess að skerða lönd jarða eða upprekstrarfélaga, og skal þá leitast við að bæta það á þann hátt að eftirláta þeim tilsvarandi lönd í skiptum, ef unnt er.

Komi aðilar sér eigi saman um landskipti, skulu þeir tilnefna sinn manninn hvor, en sýslumaður oddamann, ef aðilar eru innan sýslu. En ef ágreiningur um landskiptin er milli sýslna, skal landbúnaðarráðherra tilnefna oddamann, og skal gerð þeirra vera fullnaðarúrskurður um málið.

Bætur þær, sem þeir ákveða, greiðast af þeim, sem landið fá, eftir notagildi þess. Nægi það ekki, greiðir ríkissjóður og hlutaðeigandi sýslusjóður það, sem á vantar, að hálfu hvor.

4. gr.

Viðhald og endurbygging þeirra varnarlína, er um ræðir í 2. gr., greiðist að ⅔ úr ríkissjóði og ⅓ úr hlutaðeigandi sýslusjóðum. Heimilt er sýslunefndum að leggja sérstakt gjald á búfjáreigendur, miðað við fénaðartölu þeirra, til þess að standast þennan kostnað.

Landbúnaðarráðherra ákveður með reglugerð, að fengnum tillögum mæðiveikinefndar, hverjir skuli bera kostnaðinn af hverri einstakri varnarlínu og í hvaða hlutföllum, ef um fleiri en eitt sýslufélag er að ræða.

Sýslunefndir skulu kjósa einn eða fleiri menn hver til þess að vera í ráðum með framkvæmdarstjóra um framkvæmd verksins.

Ákvæði þessarar greinar um skyldu sýslufélaga til að halda við varnarlínum kemur til framkvæmda jafnóðum og varnarlínur þær, er um ræðir í 2. gr., hætta að vera aðalvarnarlínur gegn þeim fjárpestum, sem nú geisa.

Ákveður landbúnaðarráðherra, eftir tillögu mæðiveikinefndar, hverjar línur skuli vera aðalvarnarlínur á hverjum tíma.

5. gr.

Bannað er að flytja sauðfé yfir varnarlínur nema eftir tillögum sauðfjárræktarráðunautar og með leyfi mæðiveikinefndar, eða þeirra, er síðar kunna að taka við störfum hennar.

Kindur, sem sleppa yfir varnarlínur, má ekki reka aftur yfir þær, en skulu teknar til slátrunar, þar sem þær koma fyrir, en eigendum skal gera það verð úr, sem unnt er.

Landbúnaðarráðherra getur ákveðið, að bann það, sem hér um ræðir, nái einnig til annars búpenings, ef alvarlegur smitandi sjúkdómur kemur upp í honum.

Nú kemur upp alvarlegur smitandi búfjársjúkdómur, sem ekki er í næstu héruðum, og skal þá setja varðmenn til frekara öryggis meðfram þeim varnarlínum, sem nauðsynlegt er að tryggja til þess að hindra útbreiðslu veikinnar.

Landbúnaðarráðherra getur enn fremur, að fengnum tillögum mæðiveikinefndar, eða þeirra stofnana, er síðar færu með þessi mál, fyrirskipað niðurskurð búfjár á takmörkuðum svæðum til útrýmingar og varnar útbreiðslu næmra sjúkdóma.

Kostnaður við vörzluna greiðist úr ríkissjóði, en útrýmingarkostnaður greiðist samkvæmt almennri bótaskyldu eða eftir sérstökum lögum, sem sett kunna að verða um það efni.

6. gr.

Framkvæmdastjóri mæðiveikivarnanna skal hafa á hendi allar framkvæmdir og eftirlit með, að ákvæðum þessara laga sé fylgt, undir stjórn mæðiveikinefndar og landbúnaðarráðherra.

Nú hættir mæðiveikinefnd störfum, og skal þá landbúnaðarráðherra ráðstafa störfum framkvæmdastjóra og mæðiveikinefndar, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

II. KAFLI

Um samþykktir til útrýmingar smitandi búfjársjúkdómum.

7. gr.

Heimilt er fjáreigendum, sem búsettir eru á sama sóttvarnarsvæði, eða einstökum héruðum, ef þau eru einangruð frá öðrum sveitum, eða auðvelt að einangra þau frá öllum fjársamgöngum við þær, að gera samþykkt um útrýmingu á smitandi búfjársjúkdómum, með fjárskiptum eða á annan hátt.

8. gr.

Nú þykir fjáreigendum innan ákveðins sóttvarnarsvæðis, eða á einhverjum hluta þess, er uppfyllir skilyrði 7. gr. um einangrun, ástæða til, að gerð sé samþykkt um útrýmingu búfjársjúkdóms, og skulu þeir þá, eftir að hafa leitað álits mæðiveikinefndar, snúa sér til allra hreppsnefnda á viðkomandi svæði með áskorun um, að þær, hver í sínum hreppi, boði á venjulegan hátt til fundar meðal fjáreigenda, til að ræða málið og kjósa með hlutbundnum kosningum þrjá fulltrúa til að mæta á sameiginlegum fundi fyrir sóttvarnarsvæðið. Á sama hátt og eftir sömu reglum getur mæðiveikinefnd haft frumkvæði um málið.

Fulltrúafundur er lögmætur, ef mættir eru fulltrúar frá $^2/_3$ af þeim hreppum eða hreppshlutum, sem eru á því svæði, er útrýmingunni er ætlað að ná til. Mæðiveikinefnd ber að láta fulltrúa fyrir sína hönd mæta á fundinum. Nú fallast $^3/_4$ mættra fulltrúa á, að komið sé á samþykkt um áðurgreint efni, og skulu þeir þá gera frumvarp til slíkrar samþykktar.

9. gr.

Í frumvarpi til samþykktar skal þetta tekið fram:

1. Hreppar eða hreppshlutar, er samþykktinni er ætlað að ná til.
2. Hvenær útrýmingin skuli fram fara í fyrsta lagi.
3. Um skipun fulltrúaráðs og um kosningu framkvæmdanefndar, er skipuð sé minnst 3 mönnum.
4. Ákvæði um helztu verkefni framkvæmdanefndar.
5. Önnur ákvæði, er málið varða.

Mæðiveikinefnd skal gefa út fyrirmynd að samþykktum þeim, er hér um ræðir.

10. gr.

Nú samþykkir fundurinn frumvarp með $^3/_4$ atkvæða mættra fulltrúa, og skal hann þá kjósa kjörstjórn, er hafi á hendi undirbúning atkvæðagreiðslunnar og talningu atkvæða. Kjörstjórnin velur sér sjálf formann, hún ákveður hvenær atkvæðagreiðslu skuli lokið í hreppnum og fyrir hvaða tíma atkvæðaseðlar og fundargerð skuli komið til kjörstjórnar og hvenær talning atkvæða skuli fara fram.

11. gr.

Nú hefur frumvarp til samþykktar verið samþykkt á fulltrúafundi með $^3/_4$ atkvæða allra mættra fulltrúa, og skal það því næst sent öllum hreppsnefndum í þeim hreppum, sem samþykktinni er ætlað að ná til.

Hreppsnefndum skal þá skylt að boða til fundar í hreppnum með hæfilegum fyrirvara, og skal taka fram í fundarboði, að frumvarp til samþykktar um útrýming liggi fyrir til atkvæðagreiðslu.

Atkvæðisrétt um samþykktina hafa allir framteljendur búsettir í hreppnum, ef þeir hafa átt 25 kindur eða fleiri við síðasta skattframtal.

Skrá yfir atkvæðisbæra menn skal láta fylgja fundarboðinu.

Atkvæðagreiðslan skal vera leynileg og framkvæmd á sama hátt og tíðkast við kosningar í sveitamálefnum.

12. gr.

Hreppsnefndaroddviti hvers hrepps, eða varamaður hans, stjórnar atkvæðagreiðslu á hreppsfundi þeim, er um ræðir í 11. gr.

Hann tilnefnir 2 ritara, er tvírita fundargerðina. Hann skal og kynna fundarmönnum rækilega frumvarp það til samþykktar, er fyrir liggur, og ákvæði laga, er að því lúta.

Að því loknu skal fara fram atkvæðagreiðsla um samþykktina, og greiða þar atkvæði allir atkvæðisbærir menn, sem mættir eru á fundinum.

Atkvæðagreiðsla má ekki standa skemur en 2 klst., nema allir atkvæðisbærir menn hafi neytt atkvæðisréttar síns. Ekki er skylt, að hún standi lengur en 5 klst. Atkvæðagreiðslu má ekki slíta fyrr en hálfri klukkustund eftir að síðasta atkvæði var greitt.

Að lokinni atkvæðagreiðslu innsiglar fundarstjóri umbúðir atkvæðaseðlanna ásamt samriti af fundargerð, kjörskrá og ónotuðum og ógildum atkvæðaseðlum. Sendir hann það síðan til kjörstjórnarinnar.

13. gr.

Kjörstjórnin skal koma saman þann dag, er ákveðið hefur verið, samanber 10. gr., til þess að rannsaka fundargerðirnar og telja atkvæðin.

Formaður kjörstjórnar stjórnar talningunni og lætur rita kjörfundargerð, er beri með sér, úr hvaða hreppum eða hreppshlutum kjörstjórninni hafa borizt fundargerðir, og tölu atkvæðaseðla. Síðan telur hún atkvæðin og skrásetur niðurstöðu þeirra. Tvö samrit skal gera af fundargerðinni, er skulu undirrituð af allri kjörstjórninni.

Nú hefur atkvæðagreiðslan fallið þannig, að samþykktin hefur hlotið ⅔ greiddra atkvæða, og sé það jafnframt að minnsta kosti ⅗ fjáreigenda samkvæmt kjörskrám, og telst hún þá samþykkt. Samþykktin skal þá send mæðiveikinefnd ásamt öðru samriti fundargerðarinnar. Afhendir nefndin hana ásamt umsögn sinni til landbúnaðarráðuneytisins, og fái hún staðfestingu, gengur samþykktin þegar í gildi.

III. KAFLI

Um ráðstafanir vegna útrýmingar búfjársjúkdóma og fjárskipti.

14. gr.

Nú hefur landbúnaðarráðherra ákveðið, að útrýming og fjárskipti skuli fram fara í einstöku héraði samkvæmt ósk lögmæts meiri hluta fjáreigenda á því svæði, og mæðiveikinefnd telur öruggt, að hægt verði að útvega hæfilega margt af ósýktu fé til fjárskiptanna, og skal hún þá tilkynna framkvæmdastjórn fjárskiptanna, hvenær fjárskipti skuli fram fara. Mæðiveikinefnd undirbýr útrýminguna og fjárskipti í samráði við framkvæmdastjórn fjárskiptanefndar í hlutaðeigandi héraði.

Nú hafa fleiri héruð samþykkt fjárskipti, og skal þá mæðiveikinefnd ákveða, í hvaða röð þau skuli fram fara.

15. gr.

Fjáreigendur utan varnarlínu, er hafa heilbrigt sauðfé, eru skyldir til að selja öll þau gimbrarlömb, er þeir hafa til förgunar, til þeirra fjáreigenda, sem verða að lóga öllu fé sínu, ef krafa kemur fram um það frá mæðiveikinefnd.

Nefndin getur enn fremur ákveðið, með samþykki landbúnaðarráðherra, að áðurgreindir fjáreigendur séu skyldir til að selja öll sín gimbrarlömb. Slíka ráðstöfun má þó ekki gera gagnvart byggðarlagi oftar en þriðja hvert ár.

16. gr.

Kjötverðlagsnefnd skal reikna út og ákveða verð lamba eftir lifandi þunga, miðað við kjöt- og gæruverðlag þess árs. Skulu fjáreigendur þeir, er um ræðir í 15. gr., skyldir að selja bændum þar, sem fjárskipti hafa verið ákveðin, líflömb fyrir það verð.

Nú reynist verð sláturlamba hærra en kjötverðlagsnefnd hefur ákveðið, og skal þá greiða seljendum upphót á líflömbin samkvæmt tillögum kjötverðlagsnefndar. Uppbætur þessar greiðast af ríkisstyrk bænda samkvæmt 24. gr. laga þessara.

17. gr.

Nú fara fjárskipti fram í einhverju héraði, og skal kjötverðlagsnefnd þá hlutast til um:

a. Að verðlag á kjöti, að minnsta kosti af yngra fé, verði sem hagkvæmast fyrir þá bændur, er fjárskipti hafa.
b. Að frystihús á þeim stöðum, þar sem fjárskipti fara fram, gangi fyrir um sölu, og að kjötið verði flutt burt til geymslu eins ört og með þarf, svo að fjárförgun tefjist ekki vegna rúmleysis í frystihúsum.

18. gr.

Mæðiveikinefnd er heimilt, í samráði við framkvæmdastjórn fjárskiptanefndar, að selja ungar ær, sem annars yrði lógað, í önnur héruð, þar sem mæðiveikinefnd og framkvæmdanefnd fjárskipta á viðkomandi svæði eru sammála um, að tryggt sé, að ekki stafi hætta af.

Verð á þessum ám skal vera sem næst ¾ verðs pr. kg. í lifandi þunga móts við áætlunarverð kjötverðlagsnefndar á lömbum, og háð sömu verðlagsbreytingum og að framan greinir um lambaverð.

Mæðiveikinefnd ákveður á hverjum tíma, að hve miklu leyti hið opinbera tekur þátt í flutningskostnaði þessa fjár til viðtakenda.

19. gr.

Mæðiveikinefnd hefur yfirumsjón með útrýmingu og fjárskiptum, sem ákveðin eru samkvæmt lögum þessum, og framkvæmdum, sem standa í sambandi við þau, svo sem:

a. Að fullvissa sig um, áður en fjárskipti fara fram, að héraðið sé tryggt gegn samgöngum sauðfjár frá sýktum héruðum.
b. Að láta rannsaka heilsufar fjár í þeim héruðum, þar sem ráðgert er að fá líflömb.
c. Að ákveða í samráði við framkvæmdanefnd, hvenær slátrun skuli hefjast og hvenær henni skuli lokið.
d. Að hlutast til um, að öll lönd á fjárskiptasvæðinu séu smöluð sauðlaus, og getur nefndin ákveðið, að fjallgöngur og réttir fari fyrr fram en fjallskilareglugerð mælir fyrir, og að fram fari almennar fjárleitir á afréttum og heimalöndum, eftir að slátrun er lokið, og ekki verr mannaðar en í fyrstu göngum, og auk þess eftirleitir eftir þörfum. Fjallskilum þessum skal jafna niður eins og öðrum fjallskilum.
e. Hún ákveður, hvaða líflömb skuli tekin, og tilkynnir það viðkomandi sýslumönnum með nægum fyrirvara, áður en slátrun hefst, en þeir skulu aftur tilkynna það fjáreigendum, og skal þá fresta slátrun gimbrarlamba, þar til kaup hafa farið fram.
f. Nefndin hefur umsjón með kaupum, flutningi og merkingu líffjár, í samvinnu og samráði við framkvæmdastjórn viðkomandi fjárskiptasvæðis.

20. gr.

Líffé, sem keypt hefur verið, skal hver fjáreigandi hafa í strangri gæzlu fyrsta missirið eftir að það hefur verið flutt. Nú hefur sýkt eða grunuð kind komizt saman við líflömb, og skal þá eigandi lambanna, eða sá, er verður kindarinnar fyrst var, þegar í stað gera næsta hreppstjóra aðvart. Ber honum að bregða samstundis við og einangra féð og tilkynna það framkvæmdastjóra mæðiveikinefndar, sem ákveður, hvort lóga skuli fénu eða ráðstafa því á annan hátt. Eiganda skulu greiddar fullar bætur fyrir fjármissi og óþægindi af þessum sökum.

21. gr.

Veturinn eftir að fjárskipti hafa farið fram skal mæðiveikinefnd velja þar til hæfa menn til að rannsaka fé bænda og framkvæma leit á heimilum, ef ástæða þykir til, í þeim sveitum, svo ugglaust megi telja, að hvergi sé sýktu eða grunuðu fé leynt.

Nú kemur í ljós, að fé hefur verið haldið á laun, og skal það þá tekið ásamt öllu fé, sem það hefur komið saman við, og lógað eða ráðstafað á annan hátt á kostnað þess, er leyndi.

Sá, sem leynir fé, skal sæta ábyrgð samkvæmt ákvæðum hegningarlaganna.

Verði brot þess, er leyndi, orsök þess, að lóga verði fé annarra manna, skal hann skyldur að bæta þeim tjón þeirra og óþægindi, er af því hljótast.

IV. KAFLI

Um bætur frá ríkissjóði vegna fjárskipta.

22. gr.

Nú hafa fjárskipti verið ákveðin, og skal þá ríkissjóður kosta flutning líffjárins með bifreiðum eða á skipum, svo og umsjón og eftirlit með fjárkaupunum og flutningi fjárins.

23. gr.

Fjáreiganda skal bæta allt sauðfé, sem slátrað er, samkvæmt fjártölu hans við skattaframtal um síðustu áramót áður en fjárskipti fóru fram, að frádregnum 10% fjártölunnar. Leggja skal sauðfé í ærgildi, þannig að veturgömul gimbur sé talin sem ær, 3 sauðir veturgamlir og eldri sem ein ær, og veturgamall hrútur og eldri sem tvær ær. Geitfé skal bætt eftir sömu reglum og sauðfé.

24. gr.

Ríkissjóður skal greiða fjáreigendum bætur vegna fjárskipta sem hér segir:

1. Haustið eftir að fjárskipti fara fram skal ríkissjóður greiða fjáreiganda sem svarar hálfu lambsverki samkvæmt mati kjötverðlagsnefndar (sbr. 16. gr.) fyrir hvert bótaskylt ærgildi.
2. Á öðru hausti frá fjárskiptum skal greiða fjáreiganda sem svarar hálfu lambsverði á hvert bótaskylt ærgildi, er fjáreigandi hefur ekki fengið lamb fyrir, þegar fjárskipti fóru fram, þó aldrei yfir einn þriðja af bótaskyldri fjártölu, enda hafi hann átt kost á að fá keypt lömb, sem svaraði tveim þriðju af bótaskyldri fjártölu haustið, sem fjárskipti voru framkvæmd.
3. Þeir fjáreigendur, sem hafa orðið fyrir fjárfækkun af völdum þeirra sjúkdóma, er útrýma skal, þegar niðurskurður fer fram, fá í næstu fjögur ár á eftir uppeldisstyrk og vaxtastyrk vegna þeirrar fjárfækkunar, eftir þeim reglum, er mæðiveikinefnd setur. Reglur þessar skulu birtar fjáreigendum áður en til atkvæðagreiðslu kemur um fjárskipti.

25. gr.

Reynist óumflýjanleg nauðsyn að hafa einhver svæði sauðlaus árlangt eftir að niðurskurður hefur farið fram, skal ríkissjóður greiða fjáreigendum hálft lambsverð fyrir hvert bótaskylt ærgildi það ár, sem svæðið er sauðlaust. Að öðru leyti skal bótum hagað eins og sagt er fyrir í 24. gr.

26. gr.

Fjáreigendur, sem fjárskipti hafa samkvæmt lögum þessum, eru næstu 3 ár á eftir undanþegnir að greiða afborganir af lánum, og lengist þá lánstíminn sem því svarar.

Mæðiveikinefnd sendir lánsstofnunum skrá yfir þá menn, sem falla undir þessi ákvæði.

27. gr.

Réttur til bóta úr ríkissjóði getur aðeins færzt yfir til erfingja, ef þeir halda áfram sauðfjáreign á svæðinu, þar sem skorið var niður. Nú er bú selt eða eigandi flytur burt af svæðinu, og fellur þá niður réttur til bóta.

28. gr.

Teljist nauðsynlegt að framkvæma útrýmingu fjár á sýktu svæði, án þess að samþykki fjáreigenda fáist til þess, fyrir þær bætur, sem ákveðnar eru í lögum þessum, skal greiða bæturnar samkvæmt mati, eftir gildandi lögum um eignarnám.

V. KAFLI

Almenn ákvæði.

29. gr.

Nú hefur verið ákveðið að útrýma næmum sauðfjársjúkdómi, og skulu þá gilda, þar sem ákvæði laga þessara ná ekki til og eftir því sem við á, ákvæði I. kafla laga nr. 45 frá 27. maí 1938, um varnir gegn útbreiðslu mæðiveikinnar og stuðning til bænda, er beðið hafa tjón af henni.

30. gr.

Ráðherra er heimilt, eftir tillögum mæðiveikinefndar, að gera hverjar þær ráðstafanir, er hann álítur nauðsynlegar til þess að hindra útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýma þeim.

31. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

32. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, allt að 10000 kr., eða fangelsi, og skal með mál út af slíkum brotum farið sem almenn lögreglumál.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var samþykkt á nýafstöðnu búnaðarþingi og afgreitt þaðan með 23 samhljóða atkvæðum. Frumvarpið er í fimm köflum. I. kafli er um varnarlínur, sem ætlazt er til, að settar séu víðs vegar um landið til að hindra frekar en orðið er útbreiðslu þeirra skaðlegu sauðfjárpesta, sem undanfarin ár hafa herjað um stór svæði á landinu, og sömuleiðis til undirbúnings fjárskipta, ef að þeim væri horfið. Ýmsar þessara varnarlína eru nú þegar gerðar. Aðrir kaflar frv. fjalla um fyrirkomulag fjárskipta, ef til kæmi. Með frumvarpi þessu er ekkert fastákveðið um það, hvort horfið skuli að fjárskiptum og niðurskurði á hinum sýktu svæðum, enda var um það nokkur ágreiningur á búnaðarþingi. Annars vegar þótti rétt að gefa til þessa heimild þá, sem í frv. þessu felst, ef nægilega sterkur vilji kæmi fram um það á næstunni í einstökum héruðum, og er þá í fyrstu einkum hugsað til jaðarsvæðanna. En girðingarlínur þær, sem ákveðið er að setja samkvæmt frumvarpinu, hafa sitt gildi, hvort sem hugsað yrði til áframhaldandi varna gegn útbreiðslu veikinnar eða horfið að fjárskiptum. Landbúnaðarnefnd taldi sjálfsagt að flytja frv. þetta eins og búnaðarþing gekk frá því, enda þótt einstakir nefndarmenn áskilji sér rétt til að bera fram við það ýmsar breytingar.

Nánar í framsögu.

Nd. **167. Frumvarp til laga**

um raforkuveitusjóð.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist raforkuveitusjóður. Tilgangur sjóðsins er að veita lán til að gera raforkuver og raforkuveitur á þeim stöðum, sem ekki hafa rafmagn frá vatnsaflsstöðvum, þegar lög þessi öðlast gildi.

2. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Framlög frá ríkissjóði, a. m. k. 100 þús. kr. árlega á næstu 10 árum.
2. Árlegt gjald frá rafveitum, sem reistar hafa verið og reistar verða og hafa vatnsafl til orkuframleiðslu. Skulu rafveiturnar greiða til sjóðsins eftir þessum reglum:
   a. Fyrstu 3 árin eftir að stöð er reist er hún gjaldfrjáls.
   b. Næstu 5 árin greiðist 2 kr. á ári fyrir hvert kilowatt í málraun rafals í hverri vélasamstæðu.
   c. Önnur 5 árin greiðist 4 kr. á ári á sama hátt, og úr því 6 kr. á ári.

   Gjald þetta greiðist þó ekki af vélasamstæðum, sem hafa minna afl en 150 kw.
3. Vextir af sjóðnum, er leggjast við höfuðstólinn.

3. gr.

Gjöld þau, er um getur í 2. lið 2. gr., skulu greiðast raforkuveitusjóði 31. des. ár hvert, og fylgir þeim lögtaksréttur.

4. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán, allt að 5 millj. króna, handa raforkuveitusjóði, til stuðnings þeirri starfsemi, sem honum er ætluð samkvæmt lögum þessum.

5. gr.

Búnaðarbanki Íslands hefur á hendi ákvarðanir um lán úr raforkuveitusjóði, að fengnum tillögum trúnaðarmanna ríkisstjórnarinnar um rafveitumál, og annast stjórn hans og rekstur fyrir þóknun, er ráðherra ákveður með samkomulagi við stjórn bankans. Þóknunin greiðist úr sjóðnum.

6. gr.

Lán úr raforkuveitusjóði mega nema allt að ½ stofnkostnaðar orkuvers eða orkuveitu, og má lánstíminn vera allt að 23 ár. Lán mega vera afborgunarlaus fyrstu 3 ár lánstímans, og skulu vextir vera 3% — þrír af hundraði — á ári.

7. gr.

Til tryggingar fyrir lánum úr raforkuveitusjóði skal vera:

1. Orkuverið og orkuveitan, sem lán er veitt til, með öllum réttindum.
2. Aðrar þær tryggingar, er stjórn sjóðsins metur gildar.

8. gr.

Raforkuveitusjóður er undanþeginn tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum til ríkis, sveitar- og bæjarfélaga.

9. gr.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um sjóðinn og rekstur hans.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 168. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 32 8. sept. 1931, um búfjárrækt.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 1. gr. B. a. Á eftir orðunum „búfjárrækt og sannað" bætist orðin: hæfni sína til starfsins.
2. Við 2. gr.
   A. Við fyrstu málsgrein:
      a. Í stað orðanna „Ríkið skal" komi: Heimilt er ríkinu.
      b. Í stað orðsins „lætur" komi: láta.
   B. Síðasta málsgrein orðist svo:
      Þekki hrossaræktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands ágætan stóðhest, eldri en fjögurra ára, sem eigandinn getur ekki haldið óvönuðum, er ríkisstjórninni heimilt að kaupa hann og ráðstafa honum síðan sem öðrum stóðhestum ríkisins.
3. Við 3. gr.
   a. Tölul. 1 orðist svo:
      Búnaðarfélag Íslands hefur á hendi framkvæmd búfjárræktarlaganna. Hrossaræktarráðunautur þess er sjálfkjörinn formaður dómnefndar á héraðssýningum, en geti hann ekki mætt, skipar stjórn Búnaðarfélags Íslands mann í hans stað.
   b. Við tölul. 2. a. Í stað orðanna „innan sinna vébanda" komi: á sínu sambandssvæði.
   c. Við tölul. 2. b. Liðinn skal orða svo: útvega sýningarstað fyrir héraðssýningar, og skal staðurinn valinn og útbúinn fyrir sýninguna í samráði við hrossaræktarráðunaut Búnaðarfélags Íslands.
   d. Í stað orðanna „á hverja héraðssýningu, til verðlauna á hrossin fyrir góða frammistöðu við þolprófun" komi: til hverrar héraðssýningar, til verðlauna á hrossin, er fram úr skara við þolprófun.
4. Við ákvæði til bráðabirgða. Aftan við orðin „samkvæmt þessum lögum" komi: aðrar en verðlaunaveitingar á sýningum.

Nd. 169. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson, Pálmi Hannesson.

1. gr.

Aftan við 1. málsgr. 68. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi (og breytist málsgreinatala samkv. því):

Nú tekur veiðifélag aðeins til laxveiði, og getur ráðherra þá, eftir tillögum veiðimálanefndar og veiðimálastjóra, sett ákvæði um gerð veiðitækja þeirra, er nota má til silungsveiði á félagssvæðinu, eða bannað slíka veiði með öllu, ef nauðsynlegt þykir.

2. gr.

70. gr. laganna orðist svo:

1. Nú vill fiskræktarfélag taka upp félagsveiði, og er það heimilt, ef fullnægt er skilyrðum laga þessara um stofnun veiðifélags.

2. Nú vill veiðifélag stunda fiskrækt, og er það heimilt, en ekki nýtur félagið réttinda þeirra, er ræðir um í 79.—82. gr. laga þessara, nema ráðherra samþykki, að fengnum tillögum veiðimálanefndar.

3. gr.

95. gr. laganna falli burt.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Við framkvæmd laganna um lax- og silungsveiði hefur komið í ljós, að breytinga er þörf á kafla þeim, er ræðir um veiðifélög. Í frv. þessu eru þær breytingar upp teknar, er nauðsynlegar þykja, og verður þeirra nánar getið í framsögu.

Þá þykir og tími til kominn að afnema bráðabirgðaákvæði þau, sem ræðir um í lok laganna, og má benda á það, að á búnaðarþingi því, er haldið var í vetur, var samþykkt áskorun um þetta til Alþingis.

Nd. 170. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 23 4. des. 1886, um prentsmiðjur.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

Í 2. gr. laganna, á eftir orðinu „skrifpappír“, bætist við svolátandi málsl.: Eitt eintak skulu þær láta í té háskólabókasafninu í Reykjavík, og skal pappírsgæðunum svo háttað, að eigi séu önnur eintök ritsins eða ritlingsins prentuð á betri pappír.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Menntamálanefnd flytur frv. eftir tilmælum hæstv. kennslumálaráðherra, og fylgdi því svolátandi greinargerð:

„Með erfðaskrá, dagsettri 3. apríl 1909, gaf próf. Finnur Jónsson Háskóla Íslands allar bækur sínar eftir sinn dag, og eignaðist háskólinn þá mjög verðmætt og mikilsvert bókasafn, einkum varðandi íslenzka tungu, fornislenzkar bókmenntir og sögu, og hefur það á þeim fáu árum, sem liðin eru síðan próf. Finnur dó, komið að mjög miklu gagni háskólakennurum, stúdentum og fræðimönnum. Með gjafabréfi, dags. 10. júlí 1935, gaf Benedikt S. Þórarinsson kaupmaður háskólanum hið mikla bókasafn sitt, sem hann hafði dregið saman með óþrjótandi elju og stórmiklum fékostnaði áratugum saman. Hann safnaði hvers konar íslenzkum bókum, svo og bókum á erlendum tungum um Ísland, íslenzka menn og menningu. Er vant að segja, hvað verðmætast er í hans bókasafni, en ætla má, að samfelldast sé safn hans af íslenzkum bókum, blöðum og smáprenti frá 19. og 20. öld. Það þarf engum orðum að því að eyða, hve ómetanleg þessi gjöf er. Nú er í eigu háskólans gott safn íslenzkra bóka og rita um tungu, bókmenntir og sögu þjóðarinnar fram á þennan dag. Er auðsæ þörf þess, að þessu bókasafni sé haldið áfram ár frá ári, og til þess eru lög þessi ætluð.“

Nd. 171. Tillaga til þingsályktunar

um framkvæmd laga nr. 54 24. júní 1925, um mannanöfn o. fl.

Frá menntamálanefnd.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að framfylgja ákvæðum 6. gr. laga nr. 54 24. júní 1925 um útgáfu skrár yfir þau mannanöfn, er bönnuð skulu að lögum, enda fylgi skrá þessari leiðbeiningar um framkvæmd 4. gr. nefndra laga, eftir tillögum heimspekideildar háskólans.

Jafnframt ályktar deildin að skora á ríkisstjórnina að veita þeim mönnum, er óhæf nöfn bera, ókeypis leyfi til nafnbreytingar.

Greinargerð.

Lög um mannanöfn mæla svo fyrir, að á hverjum 10 ára fresti skuli ráðuneytið gefa út skrá, eftir tillögum heimspekideildar háskólans, yfir þau mannanöfn, er bönnuð skulu að lögum.

Skrá þessi hefur aldrei verið út gefin. Má því segja, að lögin séu ekki enn komin til framkvæmda, og munu þeir, sem falið er eftirlit með því, að lögum þessum sé fylgt, einnig líta svo á.

Almennt manntal var tekið í landinu 2. des. síðastl., og mun hagstofan bráðlega taka að vinna að útgáfu þess. Verður þá verkdrýgst að vinna að undirbúningi greindrar skrár samtímis.

Hins vegar er þeim, sem eftirlit er falið í þessu efni, mikil stoð í skrá þessari, og vart umbóta að vænta í þessu efni fyrr en hún er út komin. Þykir því rétt að beina einmitt nú ályktun í þessa átt til ríkisstjórnarinnar (dóms- og kirkjumálaráðherra).

„Ekki mega menn", samkvæmt 4. gr. laganna, „bera önnur nöfn en þau, sem rétt eru að lögum íslenzkrar tungu", og skulu prestar „hafa eftirlit með, að þessum ákvæðum sé fylgt". Nú eru þeir sem aðrir menn misnæmir á lög tungunnar og munu hins vegar oft eiga við allmikla örðugleika að etja í þessum efnum, vegna þess kapps, er sumir foreldrar leggja á, að börn þeirra fái miður hæf nöfn, eða jafnvel alger skrípanöfn. Kemur þar til greina eigi aðeins misjöfn smekkvísi, heldur og fastheldni við miður hæf nöfn ættingja eða vina, eða rótgróin hjátrú, er ekki verður upprætt í svipan. (Vitjað nafns.)

Nokkur bót mun þá að leiðbeiningum um þessi efni, svo sem um réttar afleiðslur kvenmannsnafna af nöfnum karla og gagnkvæmt. Einkum ef heimspekideildin, er að lögum fer með úrskurðarvald um einstök mannanöfn, leitar jafnframt upplýsinga hjá þeim, er bezt þekkja til, um þau sker, sem erfiðast er að sigla fram hjá.

Þá er og viðkvæmt mál, er foreldrar af erlendu bergi brotnir vilja láta nöfn nákominna ættingja varðveitast í kynstofni sínum. Mun þar þurfa sérreglur um, a. m. k. er borgarar annarra ríkja eiga í hlut. Kemur þá og til greina sú spurning, hvort stíga beri skrefið að fullu og gera erlendum ríkisborgurum að skyldu að taka sér íslenzk nöfn fyrir sig og sína, er þeir öðlast ríkisborgararétt á Íslandi.

Vart munu lögin ætlast til eftirlits af hálfu presta þjóðkirkjunnar um nöfn óskírðra manna, en forstöðumenn þeirra safnaða, er barnaskírn hafna, eru flestir eða allir erlendir menn.

Leikur margt enn á lausu í þessu efni, meðan bein fyrirmæli laga koma ekki til framkvæmda og engar reglur né leiðbeiningar um framkvæmd þeirra eru út gefnar. En þó að nefndinni virðist gildandi lögum um þetta efni í nokkru áfátt, telur hún ekki ástæðu til þess, að svo stöddu, að flytja sérstakt frv. um breytingu á þeim eða viðauka við þau, en væntir hins vegar forgöngu um þau efni af hálfu kennslumálaráðherra og heimspekideildar, eftir því sem reynsla bendir til jafnóðum og lögin koma til framkvæmda.

Ýmsum þeirra, er óhæf nöfn hafa hlotið, er raun að nöfnum sínum, og hafa sumir þeirra breytt nafni, án þess að staðfestingar hafi verið leitað. Kemur þá í ljós, þegar fæðingarvottorðs er krafizt, að maður heitir öðru nafni en hann er nefndur, ekki aðeins í daglegu tali, heldur og í almennum skýrslum og skrám. Er ljóst, hvílíkum glundroða slíkt veldur.

Fælir það suma menn frá því að fara að lögum í þessu efni, að gjald er tekið fyrir leyfi til nafnbreytingar. Þykir því nauðsyn til bera, að þau leyfi verði framvegis veitt ókeypis. Munu og ekki bein lagafyrirmæli um gjald þetta, og þykir því mega breyta hefðbundinni venju um þetta efni með þingsályktun.

Ed. 172. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 32 8. sept. 1931, um búfjárrækt.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Aftan við 11. gr. laganna komi tvær nýjar greinar, sem verði 12. og 13. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatalan á eftir samkv. því):

A. (12. gr.). Heimilt er 6 eða fleirum nautgriparæktarfélögum að stofna með sér samband, ef þau hafa á sambandssvæðinu 1000 kýr eða fleiri, og setja sér samþykktir og starfsreglur eftir fyrirmynd, er Búnaðarfélag Íslands gefur. Í samþykktum sé, meðal annars, ákveðið sameiginlegt eftirlit félaganna og upplýsingastarfsemi um beztu kynstofnana, að fitumælingar séu eigi færri en 6, að auk venjulegrar ættfærslu nautgriparæktarfélaganna sé haldin spjaldskrá um allar kýr, sem gefa yfir meðaltalsfitumagn og nythæð.

B. (13. gr.). Sambönd þau, sem um ræðir í 12. gr., njóta styrks úr ríkissjóði, sem nemur einni krónu á hverja reiknaða árskú innan sambandsins, ef það fullnægir eftirgreindum skilyrðum:

a. Haldi starfsmann, er lokið hefur prófi við búnaðarháskóla, eða aflað sér fræðslu í búfjárrækt og sannað hæfni sína til starfsins við prófraun, er Búnaðarfélag Íslands ákveður og annast.

b. Að starfsmaður þessi hafi, auk forstöðu sinnar um eftirlit nautgriparæktarfélaganna, umsjón með starfandi fóðurbirgðafélögum á svæðinu, í samráði við Búnaðarfélag Íslands.

c. Hlýði bendingum ráðunauts Búnaðarfélags Íslands í nautgriparækt um eldi nautkálfa af beztu kynstofnunum og gefi kost á þeim til sölu úr héraði með sanngjörnu verði, að því leyti sem ekki er þörf fyrir þá innan sambandsins.

2. gr.

36 gr. laganna, sem verður 38. gr., orðist svo:

Heimilt er ríkinu að stofna uppeldisstöð fyrir stóðhesta og láta starfrækja hana undir umsjón og eftirliti Búnaðarfélags Íslands. Uppeldisstöðin skal starfrækt samkvæmt reglugerð, sem Búnaðarfélag Íslands setur og landbúnaðarráðherra staðfestir.

Þegar komið hefur verið upp tilraunabúi búfjárræktar undir umsjón atvinnudeildar háskólans, skal starfrækja uppeldisstöðina á því búi, ef aðstaða leyfir.

Þekki hrossaræktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands ágætan stóðhest, eldri en fjögurra ára, sem eigandinn getur ekki haldið óvönuðum, er ríkisstjórninni heimilt að kaupa hann og ráðstafa honum síðan sem öðrum stóðhestum ríkisins.

3. gr.

37. gr. laganna, sem verður 39. gr., orðist svo:

Búnaðarfélag Íslands sér um, að sýningar á hrossum fari fram á öllu landinu á þrem árum, og sé landinu skipt í þrjú sýningarsvæði.

Sýningar þessar skulu vera tvenns konar, sveitasýningar og héraðssýningar, og haldnar sama árið á hverju svæði. Aðilar að framkvæmd þeirra eru:

1. Búnaðarfélag Íslands hefur á hendi framkvæmd búfjárræktarlaganna. Hrossaræktarráðunautur þess er sjálfkjörinn formaður dómnefndar á héraðssýningum, en geti hann ekki mætt, skipar stjórn Búnaðarfélags Íslands mann í hans stað.
2. Búnaðarsambönd, sem:
   a. í samráði við ráðunaut Búnaðarfélags Íslands í hrossarækt annast um og ákveða, hve margar sveitasýningar skuli haldnar á sínu sambandssvæði, og tilnefna oddamann í dómnefnd á þeim, og er hann ábyrgur gagnvart Búnaðarfélagi Íslands.
   b. útvega sýningarstað fyrir héraðssýningar, og skal staðurinn valinn og útbúinn fyrir sýninguna í samráði við hrossaræktarráðunaut Búnaðarfélags Íslands.
   c. tilnefna sýningarstjórn á héraðssýningar, sem sé skipuð þrem mönnum. Hún sér um, að sýningin fari skipulega fram, aðstoðar dómnefndir og annast um aðra þátttöku sambandsins í sýningunni.
3. Sýslunefndir, er kjósa tvo menn í dómnefnd á héraðssýningar innan sinna vébanda.
4. Hrossaræktarfélög, eða þar, sem þau eru ekki, hreppabúnaðarfélög, sem útvega sýningarstaði fyrir sveitasýningar, eftir fyrirmælum búnaðarsambandanna, og tilnefna tvo menn í dómnefnd á þær.

Ríkissjóður veitir búnaðarsamböndunum styrk til að standast kostnað af sveitasýningunum, er nemur kr. 0.50 á hvert sýnt hross.

Til verðlauna á hverja héraðssýningu leggur ríkissjóður 10 aura fyrir hvert framtalið hross í sýningarumdæminu, en þó aldrei minna en kr. 250.00 til hverrar sýningar, enda séu þær ekki fleiri en ein í hverri sýslu, gegn jöfnu framlagi frá hlutaðeigandi sýslusjóði eða sýslusjóðum. Auk þess greiðir ríkissjóður kr. 20.00 til viðbótar hverju I. verðlauna hrossi. Sú kvöð fylgir I. verðlaunum á stóðhesta, að þeir skuli notaðir til undaneldis næstu 3 ár eftir að verðlaunin voru greidd. Heimilt er að verja allt að kr. 200.00 af ríkissjóðsfé til hverrar héraðssýningar, til verðlauna á hrossin, er fram úr skara við þolprófun. Dómnefndarmönnum greiðist þóknun fyrir starf sitt úr sýslusjóði. Búnaðarfélag Íslands setur nánari reglur um framkvæmd þessara sýninga.

4. gr.

Á eftir 38. gr. laganna komi ný grein, sem verður 41. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatalan eftir því):

Landbúnaðarráðherra er heimilt að veita búnaðarsamböndum leyfi til að reka veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar og þolprófun sýndra hrossa á héraðssýningum, með skilyrðum, er ákveðin verði í reglugerð, sem ráðherra setur. Áskilja skal í reglugerðinni, að ⅙ hlutar veðfjárins skuli endurgreiðast vinnendum, en ⅙ þess skal varið til verðlauna á þeim hrossum, sem standa sig bezt í keppninni. ⅙ fjárins fær búnaðarsambandið til að standast kostnað af sýningunum, og verði afgangur af því fé, skal honum varið til hrossaræktarstarfsemi sambandsins.

5. gr.

Á eftir VI. kafla laganna komi nýr kafli, sem verður VII. kafli og orðist svo:

Ákvæði til bráðabirgða.

93. gr.

Meðan greidd er verðstuðulsuppbót á laun starfsmanna ríkisins, skal greiða verðstuðulsuppbót á allar greiðslur samkvæmt þessum lögum, aðrar en verðlaunaveitingar á sýningum. Skal verðstuðulsuppbótin reiknuð eftir þeirri vísitölu, sem notuð er við ákvörðun verðstuðulsuppbótar til starfsmanna ríkisins á hverjum tíma.

Nd. 173. Frumvarp til laga

um breyting á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Flm.: Pálmi Hannesson, Steingrímur Steinþórsson.

Tölul. C. 9. í 2. gr. laganna skal orða svo:
Sauðárkróksvegur: Frá Sauðárkróki um Varmahlíð að Goðdölum.

Greinargerð.

Frá Sauðárkróki eru um 65 km. til fremstu bæja í Skagafirði vestanverðum. Á þessu svæði eru fjölbyggðar sveitir með margsettri bæjaröð og mikilli flutningaþörf, meðal annars fyrir þá sök, að allmargir bændur á þessu svæði selja mjólk til mjólkursamlagsins á Sauðárkróki, og geta þó færri en vilja vegna vegleysis. — Sauðárkróksvegur liggur fram héraðið, en aðeins yzti hluti hans, frá Sauðárkróki að Varmahlíð, telst ríkisvegur, og hefur eigi fengizt til þessa sú leiðrétting, sem telja má sjálfsagða, en hún er sú, að vegurinn allur til Goðdala verði tekinn í tölu þjóðvega, eins og farið er fram á í frv. þessu.

Nú þykir bændum þeim, er búa í framsveitum héraðsins, allþungt að búa undir þeim órétti, er þeir telja sér sýndan í vegamálunum, og hafa þeir, undantekningarlaust að kalla, sent Alþingi áskorun um að gera þeim jafnleikið við aðra, og er það sanngirnismál. Sýslunefnd Skagfirðinga hefur og samþykkt einróma áskorun um þetta og sýslumaður þeirra lagt fast með málinu. Er þess því mjög að vænta, að frv. þetta nái fram að ganga.

Nd. 174. Frumvarp til laga

um breyting á sjómannalögum, nr. 41 19. maí 1930.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Í stað orðanna „stýrimanna og vélstjóra“ í 2. málsgr. 13. gr. laganna komi: stýrimanna, vélstjóra og loftskeytamanna.

2. gr.

Í stað orðanna „stýrimaður eða vélstjóri“ í fyrri málsgr. 32. gr. laganna komi: stýrimaður, vélstjóri eða loftskeytamaður.

3. gr.

Í stað orðanna „stýrimaður eða vélstjóri“ í 2. málsgr. 41. gr. laganna komi: stýrimaður, vélstjóri eða loftskeytamaður.

4. gr.

Á eftir 48. gr. laganna komi ný grein, er verður 49. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatalan á eftir samkvæmt því):

Það er skylda loftskeytamanns einkanlega að annast gæzlu loftskeytatækjanna. Hann ber ábyrgð á rekstri þeirra, meðferð og viðhaldi.

Sé umbúnaði loftskeytatækja, uppsetningu þeirra eða öðrum frágangi á einhvern hátt ábótavant, að áliti loftskeytamanns, skal hann tafarlaust tilkynna það skipstjóra.

Loftskeytamaður heldur sérstaka dagbók og ábyrgist, að rétt sé ritað.

5. gr.

Í stað orðanna „stýrimaður eða vélstjóri“ á tveim stöðum í 1. málsgr. 64. gr. laganna komi: stýrimaður, vélstjóri eða loftskeytamaður.

6. gr.

Í stað orðanna „stýrimenn og vélstjóra“ í 70. gr. laganna komi: stýrimenn, vélstjóra og loftskeytamenn.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkv. beiðni Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, og fylgdi því þaðan svo hljóðandi greinargerð:

„Frumvarp þetta náði ekki fullnaðarafgreiðslu á síðasta þingi og er því flutt hér að nýju í sömu mynd og áður. Eftirfarandi greinargerð fylgdi frumvarpinu í fyrra, og virðist ekki ástæða til að skýra ýtarlegar tilefni þess en þar er gert. Þó má geta þess jafnframt, að í gildandi samningum um áhættuþóknun, vegna yfirstandandi styrjaldar, hafa loftskeytamenn hvarvetna verið flokkaðir sem yfirmenn, og hafa að sjálfsögðu engar athugasemdir komið fram um það af þeirra hálfu, þar sem þeir í þeim efnum hafa viljað vera sjálfum sér samkvæmir, enda þótt af því hafi leitt fyrir þá verulegt tjón fjárhagslega, miðað við ákvæði þau um áhættuþóknun, er gilt hefðu fyrir þá sem undirmenn. Þessu hafa loftskeytamenn hins vegar talið sér skylt að fórna, í trausti þess, að löggjafarvaldið yrði, er til úrskurðar þess kæmi, við hinum eðlilegu og sjálfsögðu kröfum þeirra um lagalegan rétt til þeirra friðinda, sem þeir fyrir löngu hafa fengið viðurkenndan í samningum sínum við atvinnurekendur.

Greinargerð sú, er áður fylgdi frumvarpi þessu, er sem hér segir:

„Við endurskoðun sjómannalaganna árið 1930 hafa orðið þau mistök, að gleymzt hefur með öllu að geta loftskeytamannanna sem sérstakrar starfsgreinar með ákveðnum starfsskyldum um borð í skipum. Með sérstökum ákvæðum hafa brytanum verið tryggð þau réttindi, sem sett eru í lögunum um stýrimenn og vélstjóra, en um loftskeytamenn hafa engin slík ákvæði verið sett.

Ráðningarkjör loftskeytamanna eru þó hvarvetna hér á landi í samningum við atvinnurekendur miðuð við þau hlunnindi, sem ávallt og alls staðar skipa þeim í flokk með yfirmönnum skipanna. Ákvæðin um uppsagnarfrest, sumarleyfi, ferðalög í þágu útgerðarinnar, veikindatilfelli, einkennisfatnað, afnot af sameiginlegum borðsal og annað því um líkt, eru alls staðar nákvæmlega í samræmi við það, sem tíðkast um vélstjóra og stýrimenn skipanna.

Breytingar þær, er í frumvarpi þessu felast, hafa því hvergi í för með sér aukin útgjöld fyrir atvinnuvegi þjóðarinnar, en miða aðeins að því að samræma ákvæði laganna við það, sem raunverulega tíðkast í þessum efnum og tryggt er þegar með gildandi samningum við hin einstöku útgerðarfélög.

Um starfsskyldur loftskeytamanna er ekkert tekið fram í lögunum, og er grein þeirri, sem hér er gert ráð fyrir, að bætt verði við þau, ætlað að ráða bót á þessu. Ákvæði greinarinnar eru ekki önnur en þau, sem í gildi eru þegar um borð í skipum þeim, er loftskeytatæki hafa.“ “

Ed. 175. Lög

um breyting á lögum nr. 27 8. sept. 1931, er heimila ríkisstjórninni að flytja inn sauðfé til sláturfjárbóta.

(Afgreidd frá Ed. 9. apríl).

Samhljóða þskj. 10.

Nd. 176. Tillaga til þingsályktunar

um mótmæli gegn hafnbannsyfirlýsingu Þjóðverja frá 25. marz 1941.

Flm.: Bergur Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina:

1. að mótmæla kröftuglega hafnbannsyfirlýsingu þeirri, sem þýzka útvarpið tilkynnti þriðjudaginn 25. marz síðastl. varðandi Ísland og Íslendinga og siglingar til og frá Íslandi.
2. að mótmælin samkvæmt 1. tölul. beinist gegn því:
   a. að Ísland sé ófriðarsvæði;
   b. að siglingar til og frá Íslandi séu á nokkurn hátt hindraðar, og
   c. að Ísland sé kallað „dönsk eyja“ eða fullveldi landsins á annan hátt rengt.

Greinargerð.

Þýzka ríkisstjórnin lét tilkynna í þýzka útvarpið aftur og aftur þriðjudaginn 25. marz síðastl. eftirfarandi ákvörðun, að því er segir í Morgunblaðinu miðvikudaginn 26. marz síðastl.:

„Þýzka útvarpið tilkynnti í gærkvöldi í öllum útsendingum sínum, „að Ísland væri komið á ófriðarsvæðið“. Hefur hafnbannssvæðið umhverfis England, sem Þjóðverjar settu í fyrrasumar, verið stækkað, svo að Ísland er nú innan þess.

Hafnbannssvæðið nær alllangt norður fyrir Ísland og vestur á bóginn alla leið vestur að landhelgi Grænlands.

Tilkynning þýzka útvarpsins var á þessa leið, „að vegna hins ólögmæta hernáms Breta á dönsku eyjunni Íslandi, yrði ekki hjá því komizt að láta ófriðarsvæðið ná yfir Ísland“.

Það hefur komið í ljós, „að brezkir hafnbannsbrjótar notuðu Ísland sem bækistöð“, og þess vegna yrði að færa út hernaðaraðgerðasvið Þjóðverja.

Síðan var skýrt frá takmörkum þessa nýja hernaðaraðgerðasviðs.

Var sagt vera þetta: Frá Belgíuströnd, þar sem 3. gráða austlægrar lengdar sker ströndina, að 62. gráðu norðlægrar breiddar, þaðan að 68. gráðu norðlægrar breiddar og 10. gráðu vestlægrar lengdar, þaðan eftir 68. gráðu vestur til Grænlands. Síðan frá 65. gráðu norðlægrar breiddar og 38. gráðu vestlægrar lengdar og til 45. gráðu norðlægrar breiddar og 20. gráðu vestlægrar lengdar.

Takmarkalínurnar eru þessar: Lengdarbaugurinn 3° austlægrar lengdar er frá Belgíuströnd skammt austan við England, og er hið auglýsta svæði takmarkað að austan með þeirri línu norður á móts við Færeyjar, en 62. breiddargráðan liggur um miðjar eyjarnar. Frá staðnum 3° austlægrar lengdar og 62° norðlægrar breiddar, sem er nálægt Noregsströnd, liggur takmarkalínan svo að 68. gráðu norðlægrar breiddar og 10. gráðu vestlægrar lengdar, og er sá staður alllangt norðaustur af Langanesi. Þaðan liggur takmarkalínan eftir 68. gráðu vestur af landhelgi Grænlands og fylgir henni suður til Angmagsalik. Þaðan liggur takmarkalínan að 45. gráðu norðlægrar breiddar og 20. gráðu vestlægrar lengdar, og er sá staður alllangt vestur í hafi, vestur af Biscayaflóa.

Eftir að hafa skýrt frá takmörkunum hins nýja hafnbannssvæðis gat þýzka útvarpið þess, að þann 17. ágúst 1940 hefði verið birt tilkynning um hafnbannssvæði umhverfis England. Hver sá, sem fari um þetta hafnbannssvæði, stofnaði sér í hættu. Nú, er Þjóðverjar hefðu stækkað þetta hernaðarsvæði, þá stofnuðu þau skip, sem færu um þetta svæði, sér í hættu, að þeim verði tortímt. Þýzkaland mun ekki telja sér skylt að bæta það tjón, sem skip þessi yrðu fyrir.“

Í Alþýðublaðinu sama dag stendur:

„Þýzka útvarpið tilkynnti hvað eftir annað í gærkvöldi, að hafnbannssvæðið, sem Þjóðverjar hefðu ákveðið umhverfis Bretlandseyjar í fyrrasumar, hefði nú verið stækkað og næði framvegis norður fyrir Ísland, að austan, þaðan vestur að landhelgi Grænlands og suður með henni til Angmagsalik, en frá þeim stað suður Atlantshaf fyrir vestan Ísland.

Þýzka útvarpið sagði, að hvert það skip, sem færi um þetta svæði, ætti á hættu, að það yrði skotið í kaf og Þýzkaland teldi sér ekki skylt að bæta það tjón, sem af því yrði.

Í tilkynningu útvarpsins var komizt svo að orði, að „vegna hins ólögmæta hernáms Breta á dönsku eyjunni Íslandi og vegna þess, að brezkir hafnbannsbrjótar notuðu Ísland sem bækistöð, yrði ekki hjá því komizt að láta ófriðarsvæðið ná yfir Ísland."

Í dagblaðinu Vísi sama dag segir svo:

„Þýzka herstjórnin tilkynnti í gær, að hún hefði tekið ákvörðun um að færa út hafnbannssvæðið umhverfis Bretlandseyjar, sem tilkynning var birt um 17. ágúst í fyrra

Segir í hinni þýzku tilkynningu, að þar sem Bretar hafi brotið alþjóðalög og rétt með því að hernema „hina dönsku eyju Ísland", hafi verið tekin ákvörðun um víkkun hafnbannssvæðisins. Nær það framvegis til hafsins umhverfis Ísland og nær hið algera hafnbann á Bretlandseyjar einnig til hins nýja sjóhernaðarsvæðis.

Skip, sem inn á það fara, eiga á hættu að vera skotin í kaf og fara þangað á eigin ábyrgð, og tekur þýzka stjórnin enga ábyrgð á tjóni, sem af því kann að leiða.

Takmörk svæðisins eru:

Lengdarbaugur 3. gr. austlægrar lengdar frá því er hann sker Belgíuströnd og norður til 62. gr. norðlægrar breiddar, lína þaðan í norðvesturátt til 68. gr. norðlægrar breiddar og 10. gr. vestlægrar lengdar.

Breiddarbaugurinn 68. gr. norðlægrar breiddar vestur að þriggja mílna landhelgisbelti Grænlands.

Þaðan eftir landhelgislínunni til 65. gráðu norðlægrar breiddar, 38. gr. vestlægrar lengdar, lína frá þeim stað til 45. gr. norðlægrar breiddar, 20. gr. vestlægrar lengdar og þaðan til vesturstrandar Frakklands."

Með því að Íslendingar hafa lýst yfir ævarandi hlutleysi sínu og vilja vera algerlega hlutlaus þjóð og hafa auk þess engan her né hernaðarútbúnað, og með því að hertaka Breta á Íslandi hinn 10. maí 1940 fór fram gegn ákveðnum mótmælum ríkisstjórnar Íslands, verður að telja yfirlýsingu Þjóðverja um það, að Ísland sé ófriðarsvæði og að siglingar Íslendinga séu undir hafnbanni af Þjóðverja hálfu, tilefnislaust ranglæti gegn íslenzku þjóðinni. Auk þess var íslenzka ríkið smánað í hafnbannsyfirlýsingu Þjóðverja, með því að kalla Ísland „hina dönsku eyju", en slík ummæli þýzku stjórnarinnar, sem hefur látið hertaka sambandsþjóð Íslands, Danmörku, geta tæplega stafað af vanþekkingu. Með skírskotun til ofanritaðs þykir nauðsyn til bera, að öllu ranglæti gagnvart Íslandi og smánaryrðum um þjóðréttarstöðu landsins sé kröftuglega mótmælt af ríkisstjórn Íslands, í umboði Alþingis og íslenzku þjóðarinnar. En með því að telja má líklegt, að þýzka stjórnin birti eigi mótmæli Íslendinga eða jafnvel svari þeim ekki, þykir óhjákvæmilegt að birta mótmælin á annan þann hátt, sem fært er, í þeim tilgangi, að þau berist sem víðast um heiminn. Þykir því sjálfsagt að birta mótmælin í útvarpi og blöðum hér á landi og vinna að því, að erlent útvarp og blöð birti þau einnig.

Nánar í framsögu.

Ed. 177. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 76 11. júní 1938, um byggingar- og landnámssjóð.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Í stað „200 þúsund krónur“ í 2. tölulið 3. gr. laganna komi: 250 þúsund krónur.

2. gr.

11. gr. laganna orðist þannig:

Ríkissjóður leggur árlega fram 250 þúsund krónur til þess að styrkja endurbyggingu íbúðarhúsa í sveitum. Verði um eitt eða fleiri ár ekki reist það mörg íbúðarhús, að allt framlagið þurfi til byggingarstyrkja, skal sá hluti þess, sem afgangs verður á hverju ári, leggjast í sjóð og ávaxtast, þar til styrkþörfin verður meiri en svo, að hið árlega framlag geti fullnægt henni. Styrkurinn sé óafturkræft framlag.

3. gr.

a. Á eftir orðunum „500—1500 krónur“ í næstsíðustu mgr. 12. gr. laganna bætist: að viðbættum þeim hundraðshluta, er byggingarkostnaður íveruhúsa hefur, þegar húsið er reist, hækkað frá árinu 1939, samkvæmt vísitölu hagstofunnar.
b. Í stað „6000 krónur“ í sömu lagagr. komi: 8000 krónur.

4. gr.

22. gr. laganna fellur niður, og breytist greinatalan samkvæmt því.

5. gr.

23. gr. laganna, sem verður 22. gr., orðist þannig:

Nýbýlastjórn skal skipuð þremur mönnum, formanni, er landbúnaðarráðherra skipar til fjögurra ára í senn, og tveimur meðstjórnendum, er landbúnaðarnefndir Alþingis kjósa hlutfallskosningu til jafnlangs tíma. Skulu tveir varamenn kosnir á sama hátt. Formaður er framkvæmdarstjóri nýbýlastjórnar og annast dagleg störf hennar.

Nýbýlastjórnin ákveður styrk til nýbýla og hefur aðrar framkvæmdir í nýbýlamálum.

Landbúnaðarráðherra ákveður laun nýbýlastjórnar, og takast þau ásamt kostnaði við skrifstofuhald af fé því, sem árlega er veitt til nýbýla.

6. gr.

Í stað „nýbýlastjóra í störfum hans“ í 24. gr. laganna komi: nýbýlastjórn í störfum hennar.

7. gr.

a. Í stað orðanna „nýbýlanefnd og undir eftirliti nýbýlastjóra“ í a-lið 26. gr. laganna komi: nýbýlastjórn og undir eftirliti hennar.
b. Í stað „nýbýlastjóri“ á tveim stöðum í b-lið sömu lagagr. komi: formaður nýbýlastjórnar.
c. Í stað „nýbýlastjóri“ í c-lið 2. í sömu lagagr. komi: formaður nýbýlastjórnar.
d. Í stað „Nýbýlastjóri og nýbýlanefnd ákveða“ í c-lið 4. sömu lagagr. komi: Nýbýlastjórn ákveður.
e. Í stað „Nýbýlanefnd og nýbýlastjóri ákveða“ í c-lið 5. sömu lagagr. komi: Nýbýlastjórn ákveður.

8. gr.

Í stað „nýbýlanefndar“ í niðurlagi fyrri málsgr. 28. gr. laganna komi: nýbýlastjórnar.

9. gr.

a. Í stað „nýbýlanefndar“ í 2. tölul. 30. gr. laganna komi: nýbýlastjórnar.
b. Í stað „nýbýlanefndar“ í 3. tölul. sömu lagagr. komi: nýbýlastjórnar.

10. gr.

Í stað „nýbýlastjóra“ í 1. tölul. 31. gr. laganna komi: nýbýlastjórn — og í stað „nýbýlanefnd“ komi: hún.

11. gr.

Í stað „nýbýlanefndar“ í 33. gr. laganna komi: nýbýlastjórnar.

12. gr.

a. Í stað „3500“ í 34. gr. laganna komi: 4500.
b. Í stað „nýbýlanefndar“ í sömu lagagr. komi: nýbýlastjórnar.

13. gr.

Í stað „3500“ á tveim stöðum í 36. gr. laganna komi: 4500.

14. gr.

37. gr. laganna orðist svo:

Í fjárlögum fyrir hvert ár skal ákveðið, hve miklu fé skal verja til nýbýla. Nýbýlastjórn ákveður, hverjir umsækjenda skuli fá styrk og hversu háan hver. Á sama hátt gerir hún tillögur til stjórnar Búnaðarbankans um, hverjir skuli fá lán úr nýbýlasjóði og hversu háa upphæð hver. Verði ágreiningur millum stjórna þessara um lánveitingar úr nýbýlasjóði, skal honum skotið til landbúnaðarráðherra, og ræður þá hans atkvæði í málinu.

15. gr.

Í stað „nýbýlastjóra“ í síðustu málsgr. 38. gr. laganna komi: nýbýlastjórnar.

16. gr.

Í stað „nýbýlastjóri“ á 3 stöðum í 39. gr. laganna komi: nýbýlastjórn.

17. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 76 1938 og gefa þau út svo breytt.

Greinargerð.

Milliþinganefnd, sem kosin var af búnaðarþingi og starfaði milli búnaðarþinga, lagði til, að gerðar væru nokkrar breytingar á lögunum um byggingar- og landnámssjóð, og var það frumvarp lagt fyrir síðasta búnaðarþing og því þar vísað til nefndar. Nefnd þeirri vannst þó ekki tími til að ganga frá frumvarpi um þetta efni, en flutti þingsályktunartillögu um hækkað framlag bæði til endurbyggingarstyrkja og hækkuð lán til bygginga og nýbýla, og var sú tillaga samþykkt af öllum búnaðarþingsmönnum.

Landbúnaðarnefndin telur þá nauðsyn brýnasta að endurbyggja þá mörgu sveitabæi, sem komnir eru að hruni og ekki eru íbúðarhæfir, þótt í þeim sé búið. Því leggur hún til, að framlag til endurbyggingarstyrkja sé tvöfaldað frá því, sem nú er, og falli atvik þannig, að eitthvert ár verði húsagerð ekki svo mikil, að alls fjárins sé þörf, þá verði það, sem af gengur, lagt til hliðar og notað síðar, þegar á þarf að halda og fleiri byggja en hægt er að styrkja með hinu árlega framlagi.

Þar sem byggingarkostnaður hefur aukizt og enginn veit, hvernig hann breytist á næstu árum, þótti rétt að heimila að veita þeim einstaklingum, er byggingar-

styrks njóta að dómi nefndarinnar, að fá greidda á styrkinn verðstuðulsuppbót, er á hverjum tíma sé miðuð við það, hversu byggingarkostnaður í Reykjavík er mikill, miðað við 1939.

Vegna aukins kostnaðar við byggingar og hækkaðan byggingarstyrk er lagt til, að lán og styrkur megi nú vera allt að 8000 kr., eða 25% hærri en áður.

Með tilliti til þessa leggur nefndin einnig til, að framlag ríkissjóðs til byggingarsjóðs hækki um 50 þúsund krónur á ári og verði framvegis 250 þúsund krónur.

Nefndinni er ljóst, að þetta er ekki nægjanlegt til að byggja fyrir vönduð íveruhús, og að sá, er byggir og lánið fær, verður að hafa fé sjálfur til að bæta við, eða geta lagt í húsið vinnu sína án þess beint að fá hana greidda, ef lánið og styrkurinn á að koma að notum. En þrátt fyrir þetta treystist nefndin ekki að leggja til að hafa lánið hærra, því að enginn getur nú sagt um það, hvort ábúendur þeirra jarða, sem á þarf að byggja, geta staðið undir hærri lánum en hér er lagt til, að veitt séu.

Þá þótti nauðsynlegt að hækka styrk og lán til nýbýla, sem ekki eru í byggðahverfum, hvort um sig um 1000 kr., og getur þá hámarksstyrkur og lán til nýbýlis orðið 9000 kr., í stað 7000 nú.

Enn fremur leggur nefndin til, að breyting sé gerð á stjórn nýbýlamálanna, þannig að hún sé skipuð þrem mönnum, tveim kosnum hlutfallskosningu af landbúnaðarnefndum Alþingis, en landbúnaðarráðherra skipi hinn þriðja, og sé hann formaður nefndarinnar og annist jafnframt störf þau, er nýbýlastjórn eru nú ætluð eftir lögunum, en nýbýlastjórastaðan er lögð niður samkvæmt frv. þessu.

Einn nefndarmannanna (ErlÞ) gat ekki, vegna veikinda, tekið þátt í afgreiðslu frv. nema að nokkru leyti.

Ed. 178. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 6 9. janúar 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Fyrsta og önnur málsgrein 6. gr. laganna hljóði þannig:

Skattgjald þeirra, sem um ræðir í 1. gr. og 2. gr. og í a- og c-lið 3. gr., reiknast þannig:

Ef hinn skattskyldi hluti teknanna er undir 1000 kr., greiðist af honum 1%.

Af	1000—	2000	kr.	greiðist	10	kr.	af	1000	kr.	og	2 %	af afganginum
—	2000—	3000	—	—	30	—	—	2000	—	—	4	— —
—	3000—	4000	—	—	70	—	—	3000	—	—	7	— —
—	4000—	5000	—	—	140	—	—	4000	—	—	9	— —
—	5000—	6000	—	—	230	—	—	5000	—	—	11	— —
—	6000—	7000	—	—	340	—	—	6000	—	—	12	— —
—	7000—	8000	—	—	460	—	—	7000	—	—	13	— —
—	8000—	9000	—	—	590	—	—	8000	—	—	15	— —
—	9000—	10000	—	—	740	—	—	9000	—	—	20	— —
—	10000—	11000	—	—	940	—	—	10000	—	—	28	— —
—	11000—	12000	—	—	1220	—	—	11000	—	—	29	— —
—	12000—	14000	—	—	1510	—	—	12000	—	—	30	— —
—	14000—	16000	—	—	2110	—	—	14000	—	—	31	— —
—	16000—	18000	—	—	2730	—	—	16000	—	—	32	— —
—	18000—	20000	—	—	3370	—	—	18000	—	—	33	— —

Af 20000—25000 kr.	greiðist	4030 kr.	af 20000 kr.	og	34 %	af	afganginum
— 25000—30000 —	—	5730 —	— 25000 —	—	35 —	—	—
— 30000—35000 —	—	7480 —	— 30000 —	—	36 —	—	—
— 35000—40000 —	—	9280 —	— 35000 —	—	37 —	—	—
— 40000—45000 —	—	11130 —	— 40000 —	—	38 —	—	—
— 45000—50000 —	—	13030 —	— 45000 —	—	39 —	—	—
— 50000 og þar yfir	—	14980 —	— 50000 —	—	40 —	—	—

2. gr.

Í stað 6. og síðustu málsgr. 8. gr. laganna komi:

Félög þau og stofnanir, er um ræðir í 3. gr. a., svo og samvinnuútgerðarfélög og hlutarútgerðarfélög mega draga frá tekjum sínum 5% af innborguðu hlutafé eða stofnfé.

Ef nokkuð af ársarði þessara félaga er lagt í varasjóð, þá er helmingur þeirrar upphæðar undanþeginn tekjuskatti, og skal hann koma til frádráttar við ákvörðun skattskyldra tekna.

Arðjöfnunarsjóði, eftirlaunasjóði og aðra sjóði, sem ekki eru beinlínis ætlaðir til þess að tryggja rekstur fyrirtækisins sjálfs, má ekki telja sem varasjóð.

Ef nokkurri fjárhæð úr varasjóði er síðar varið til úthlutunar til hluthafa, ráðstafað til einkaþarfa þeirra á beinan eða óbeinan hátt, eða varið til annars en þess að mæta hreinum rekstrarhalla fyrirtækisins, skal telja ⅔ af þeirri upphæð til skattskyldra tekna á því ári. Það telst ráðstöfun á fé varasjóðs samkv. framansögðu, ef félag, sem notið hefur hlunninda vegna framlags í varasjóð, ver einhverju af eignum sínum með eftirgreindum hætti:

a. Veitir hluthöfum, stjórnendum félags eða öðrum lán í peningum eða öðrum verðmætum, sem ekki eru beinlínis viðkomandi rekstri félagsins.
b. Veitir hluthöfum, stjórnendum félagsins eða öðrum nokkur fríðindi, beint eða óbeint, umfram arðsúthlutun og venjulegar eða eðlilegar launagreiðslur.
c. Ver fé til einhvers annars, sem er óviðkomandi rekstrinum, t. d. kaupa á eignum, hvers eðlis sem eru, sem ekki geta talizt nauðsynlegar við rekstur félagsins. Undanskilin eru þó opinber verðbréf ríkis og bæjarfélaga, þar með talin skuldabréf með ríkisábyrgð, svo og eignir, sem félag hefur orðið að taka við í sambandi við reksturinn, án þess um bein eignakaup sé að ræða.

Nú hefur félag, sem myndað hefur varasjóð, ráðstafað fé á einhvern þann hátt, sem greinir í a—c-liðum, og fellur það þá til skattgreiðslu samkv. 9. málsgr. þessarar greinar, þó eigi hærri fjárhæð en nemur varasjóði. Skal þá miða við þá lánsfjárupphæð, sem útistandandi er um áramót af lánum, er veitt voru á árinu, að viðbættu meðaltali þeirra lána, er veitt hafa verið og greidd á skattárinu samkv. a-lið, heildarupphæð veittra hlunninda á skattárinu samkv. b-lið og kaupverð eigna samkv. c-lið.

3. gr.

Í stað a—c-liða í 12. gr. laganna komi:

a. Í Reykjavík:

Fyrir einstakling	kr. 900.00
— hjón	— 1800.00
— hvert barn	— 700.00

b. Í öðrum kaupstöðum og kauptúnum með yfir 300 íbúa:

Fyrir einstakling	kr. 800.00
— hjón	— 1600.00
— hvert barn	— 600.00

c. Annars staðar á landinu:

Fyrir einstakling	kr. 700.00
— hjón	— 1400.00
— hvert barn	— 600.00

Frádráttur veitist fyrir þau börn, sem ekki eru fullra 16 ára í byrjun þess almanaksárs, þegar skattur er á lagður. Hér með teljast stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn, sem ekki er greitt meðlag með. Fyrir aðra skylduómaga, sem skattgreiðandi hefur á framfæri sínu, veitist sami frádráttur og fyrir börn. Hafi hinn framfærði tekjur, lækkar frádrátturinn sem þeim nemur og fellur burt, ef tekjuupphæðin nemur lögleyfðum ómagafrádrætti eða meiru.

4. gr.

Í stað 55. gr. í VI. kafla laganna komi 10 nýjar greinar, er verða 55.—64. gr., svo hljóðandi:

a. (55. gr.) Á meðan vísitala kauplagsnefndar er hærri en 110, miðað við grunntöluna 100 í jan.—marz 1939, skal tekjuskattur einstaklinga reiknaður þannig:

Hreinar tekjur gjaldanda skal margfalda með 100 og deila útkomunni með meðalmánaðarvísitölu skattársins.

Frá þeirri tekjuupphæð, er þannig fæst, skal dreginn persónufrádráttur samkvæmt ákvæðum 12. gr.

Þegar upphæð tekjuskatts hefur verið fundin samkv. reglum 6. gr., skal margfalda hana með meðalvísitölunni og deila útkomunni með 100.

Ofangreind ákvæði gilda um þá einstaklinga, er hafa eigi hærri hreinar tekjur en kr. 12000.00, eftir að þær hafa verið lækkaðar á framangreindan hátt. Af hærri tekjum en hér greinir skal tekjuskattur reiknaður samkv. 6. gr. óbreyttri, en tekjuskatturinn síðan lækkaður um sömu fjárhæð og skattvilnunin hefur numið hjá þeim einhleypum gjaldendum, er hafa í hreinar tekjur kr. 12000.00, eftir að þær hafa verið lækkaðar samkvæmt framangreindri reglu.

b. (56. gr.) Nú hefur félag, sem notið hefur hlunninda vegna framlags í varasjóð samkv. ákvæðum 8. gr., ráðstafað fé á árinu 1940 á þann hátt, sem um getur í a-lið og c-lið 8. gr., og skal þá skattanefnd miða skattgjald þeirra við það, að þær ráðstafanir hafi eigi verið gerðar, enda sanni hlutaðeigandi félag eigi síðar en 15. júlí 1941, að það hafi innheimt lán samkv. a-lið og selt eignir samkv. c-lið, en að öðrum kosti falla þær upphæðir til skattgreiðslu samkv. 9. málsgr. 8. gr.

c. (57. gr.) Við ákvörðun tekjuskatts 1941 skal félögum þeim, er um ræðir í 3. gr. a. og b., heimilt að draga frá skattskyldum tekjum sínum aðeins ⅔ þeirrar fjárhæðar, er þau leggja í varasjóð af tekjum ársins 1940. Þó er þeim af þessum félögum, er stunda sjávarútveg sem aðalatvinnurekstur, heimilt að draga frá skattskyldum tekjum helming þeirrar upphæðar, er þau leggja í varasjóð af tekjum sínum á árinu 1940.

d. (58. gr.) Nú nýtur félag, er um getur í 3. gr. a. og b. og hefur sjávarútveg sem aðalatvinnurekstur, skattvilnunar þeirrar, er um ræðir í 57. gr., og skal þá 40% af því fé, sem það leggur í varasjóð af tekjum ársins 1940, ráðstafað á þann hátt, að það sé lagt á sérstakan reikning í banka eða keypt fyrir það opinber verðbréf og þau falin banka til geymslu. Nefnist sá hluti varasjóðsins nýbyggingarsjóður, og gilda um hann þær reglur, er greinir í 59.—62. gr. Félag skal tilkynna, eigi síðar en 14 dögum eftir gildistöku laga þessara, hversu mikið fé það leggur í varasjóð, og ákveðst þá skattgreiðsla þess á árinu 1941 samkv. því. Fyrir 15. júlí 1941 skal félagið sanna fyrir skattanefnd, að áskilinn hluti af varasjóðstillaginu hafi verið lagður í nýbyggingarsjóð, en séu vanefndir á því að einhverju eða öllu leyti, skal greiða í ríkissjóð 20% af þeirri fjárhæð, sem til vantar.

Af fé nýbyggingarsjóðs má ekki meira en ¼ hluti vera innstæða á biðreikningi í sterlingspundum, sbr. bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 73 31. des. 1937, útg. 20/1 1941, nema með sérstöku leyfi nefndar þeirrar, er um getur í 61. gr. Getur nefndin veitt leyfi til þess, að meira en ¼ hluti sjóðsins sé á biðreikningi, ef aðili sýnir fram á, að hann geti ekki lagt féð fram á annan hátt, vegna þess að fé varasjóðs hafi verið notað til að greiða skuldir fyrirtækisins.

e. (59. gr.) Útgerðarfélag ráðstafar sjálft því fé, er það hefur lagt í nýbyggingarsjóð, en því má eingöngu verja til aukningar og endurnýjunar á framleiðslutækjum á sviði útgerðar, annaðhvort með nýbyggingum innanlands eða með kaupum frá öðrum löndum. Þó er heimilt að verja fé nýbyggingarsjóðs til að greiða tap á útgerð, ef aðrar eignir hrökkva ekki til fyrir því, en áður en það er gert, skal það tilkynnt nefnd þeirri, er um ræðir í 61. gr., og lætur hún þá aðila vita, hvort hún telur slíka ráðstöfun í samræmi við lög þessi.

Sé fé nýbyggingarsjóðs veðsett eða því ráðstafað á einhvern annan hátt en að framan greinir, um lengri eða skemmri tíma, skal greiða af því tekjuskatt jafnháan þeim skatti, sem hefði orðið að greiða af fénu, þegar það var lagt fyrir, ef það hefði þá verið skattskylt.

f. (60. gr.) Útgerðarfélag lætur fylgja með skattframtali sínu yfirlýsingu frá hlutaðeigandi banka um það, hve mikið fé sé geymt þar í nýbyggingarsjóði, og yfirlit um þær breytingar, sem kunna að hafa orðið á innstæðu sjóðsins síðan hann var myndaður. Enn fremur vottorð um, að á fé þessu hvíli engar kvaðir.

g. (61. gr.) Ráðherra skipar þriggja manna nefnd, einn eftir tilnefningu Landssambands íslenzkra útvegsmanna, annan eftir tilnefningu Alþýðusambands Íslands, en hinn þriðja án tilnefningar, og er hann formaður nefndarinnar. Nefndin skal hafa eftirlit með því, að fylgt sé fyrirmælum laga þessara um ávöxtun og ráðstöfun á fé nýbyggingarsjóðs.

Skattanefndir skulu senda nefnd þeirri, er hér um ræðir, skýrslu um framlög í nýbyggingarsjóð og innstæðu hvers fyrirtækis, svo fljótt sem unnt er, eftir að upplýsingar um það bárust þeim í hendur. Um hver áramót skulu þau fyrirtæki, er fé eiga í nýbyggingarsjóði, senda nefndinni skýrslu um ráðstöfun þess fjár, er þau hafa tekið úr sjóðnum á liðnu ári. Nú telur nefndin vafa á því, að fé úr nýbyggingarsjóði hafi verið varið samkvæmt ákvæðum laga þessara, og skal hún þá tafarlaust tilkynna það stjórn viðkomandi útgerðarfélags. Nefndin skal síðan úrskurða um það, hvort greiða skuli skatt af fénu samkv. síðari málsgr. 59. gr., og tilkynna það skattanefnd og eiganda sjóðsins.

Úrskurðum nefndarinnar má skjóta til ríkisskattanefndar til fullnaðarúrskurðar, sbr. þó 2. málsgr. 41. gr. Sé ágreiningur innan nefndarinnar, getur minni hlutinn einnig skotið honum til úrskurðar ríkisskattanefndar.

Þóknun fyrir störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

h. (62. gr.) Nú hefur innstæða í nýbyggingarsjóði verið notuð samkvæmt fyrirmælum laga þessara, og telst þá sú eign til varasjóðs hjá viðkomandi félagi.

i. (63. gr.) Einstaklingar og sameignarfélög, er stunda sjávarútveg sem aðalatvinnurekstur, mega draga frá skattskyldum tekjum sínum 40% af því fé, er þau leggja í nýbyggingarsjóð af útgerðartekjum sínum árið 1940, enda sé tekjum af útgerðinni haldið greinilega aðskildum frá öðrum tekjum gjaldenda. Um ávöxtun og ráðstöfun þessa fjár gilda ákvæði þessara laga, eftir því sem við á.

j. (64. gr.) Útgerðarfyrirtækjum íslenzkra botnvörpuskipa, línubáta og vélbáta er heimilt að draga frá skattskyldum tekjum sínum árið 1940 tap, sem orðið hefur á rekstri útgerðarinnar á tímabilinu frá 1. jan. 1931 til 31. des. 1939.

Ívilnun þessi er bundin eftirfarandi skilyrðum og takmörkunum:

a. Að fullnægjandi grein hafi verið gerð fyrir tapinu á framtali til tekju- og eignarskatts fyrir það eða þau ár, sem tapið varð, og sé miðað við rekstrarhalla samkvæmt rekstrarreikningum, enda skal taka með útgjöldum fyrningu á eignum samkvæmt reglugerð um það efni, þó þannig, að togarar séu ekki færðir lengra niður en í kr. 150000.00, miðað við 31. des. 1939, og önnur skip hlutfallslega eftir því. Hafi orðið gróði á rekstri útgerðarfyrirtækjanna einstök ár á fyrrgreindu tímabili, skal hann dragast frá tapinu.

b. Að eigi sé úthlutað arði til hluthafa eða félagsmanna á meðan tapið er eigi að fullu jafnað, eða hluthöfum ívilnað á annan beinan eða óbeinan hátt, svo sem með hækkuðum kaupgreiðslum, umfram verðlagsuppbætur, eða auknum

hlunnindum. Enn fremur er fjármálaráðherra heimilt að setja svipaðar takmarkanir, þegar um einkafyrirtæki er að ræða.

c. Að því leyti sem tapið, eða þær skuldir, sem mynduðust þess vegna, hefur verið gefið eftir fyrir ráðstöfun þess opinbera eða á annan hátt, kemur framangreind ívilnun ekki til greina, sbr. lög nr. 9 6. jan. 1938.

d. Að tekjum þeim, sem undanþegnar eru skattgreiðslu vegna tapsfrádráttar, sé eigi varið til annars en greiðslu á skuldum hlutaðeigandi fyrirtækis, þar til þær eru að fullu greiddar.

e. Að tekjur þær, sem undanþegnar eru skattgreiðslu vegna tapsfrádráttar, teljist til varasjóðs, og má nota þann hluta varasjóðsins til að mæta hreinum rekstrarhalla fyrirtækisins, að svo miklu leyti, sem aðrar eignir þess, þar með talin önnur eign í varasjóði, hrökkva ekki til þess að jafna rekstrarhallann. Sé nokkru af þessu fé varið til annars en að framan greinir, skal greiða tekjuskatt af 60% þeirrar fjárhæðar, er þannig er varið úr sjóðnum, jafnháan þeim skatti, sem hefði orðið að greiða af fénu, þegar það var lagt fyrir, ef það hefði þá verið skattskylt.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1941. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 49 12. febr. 1940, um skattgreiðslu íslenzkra útgerðarfyrirtækja.

Greinargerð.

Undanfarið hafa farið fram allmiklar umræður milli fulltrúa fyrir stuðningsflokka stjórnarinnar um breytingar á skattalögunum, og þá sérstaklega um breytingar á ákvæðum um skattívilnanir til handa útgerðarfyrirtækjum.

Frumvarp það, sem hér er borið fram, er ávöxtur þessara samningaumleitana flokkanna, og er þó nokkur ágreiningur um einstök atriði. Mætti vera, að samkomulag næðist við meðferð málsins á Alþingi, og flytur því nefndin frumvarpið, en einstakir nefndarmenn áskilja sér óbundnar hendur um að bera fram breytingartillögur, svo og að vera með breytingartillögum, er fram kunna að koma.

Um einstakar greinar frumvarpsins er tekið fram það, sem hér fer á eftir:

Um 1. gr.

Í þessari grein er skattstiginn ákveðinn. Er hann svipaður skattstiga skattalaganna frá 1935, en hækkar þó nokkuð á 8000—9000 króna skattskyldum tekjum og þar yfir.

Um 2. gr.

Eftir núgildandi lögum er helmingur þess, er hlutafélög leggja í varasjóð af árstekjum sínum, skattfrjálst. Á móti þessu kemur það, að ef nokkurri upphæð úr varasjóði er síðar varið til úthlutunar til hluthafa, eða til annars en að mæta hreinum rekstrarhalla félagsins, skal telja $\frac{3}{5}$ þeirrar fjárhæðar, sem þannig er ráðstafað, til skattskyldra tekna félagsins á því ári. Þessu ákvæði er hér haldið, og fellur því hér eftir niður hin sérstaka ívilnun útgerðarfyrirtækjum til handa um varasjóðsfrádrátt. Jafnframt hefur orðið samkomulag um að tryggja það með nákvæmara orðalagi en áður, að varasjóður sé ekki raunverulega notaður til einkaþarfa hluthafa, þó ekki sé það í arðsúthlutunarformi. Um þetta fjalla stafliðir a.—c.

Um 3. gr.

Í þessari grein er lagt til að hækka nokkuð upphæð persónufrádráttarins. Er þetta gert í viðurkenningu þess, að framfærslukostnaðurinn hefur verið hækkandi undanfarin ár. Er upphæðin hækkuð í Rekjavík:

Fyrir einstakling	um	100 kr.
— hjón	—	300 —
— hvert barn og aðra skylduómaga	—	200 —
Í öðrum kaupstöðum og kauptúnum með yfir 300 íbúa:		
Fyrir einstakling	um	100 kr.
— hjón	—	200 —
— hvert barn og aðra skylduómaga	—	100 —
Annars staðar á landinu:		
Fyrir einstakling	um	100 kr.
— hjón	—	200 —
— hvert barn og aðra skylduómaga	—	100 —

Um 4. gr.

a. Með verðhækkun þeirri, sem orðið hefur síðan stríðið hófst, hefur grundvöllur skattalaganna raskazt allverulega, svo nauðsynlegt er um að bæta. Samfara verðhækkuninni hafa tekjur almennings aukizt verulega að krónutölu, án þess að um tilsvarandi raunverulega aukningu teknanna hafi verið að ræða. Afleiðing þess, að tekjurnar aukast að krónutölu, er sú, að þær lenda ofar í skattstiganum, en það þýðir aftur á móti, að greiða ætti af þeim hærri hundraðshluta en fyrir stríð, að reglum laganna óbreyttum. En slík skatthækkun væri næsta óeðlileg.

Meðalvísitala ársins 1940 (þ. e. meðaltal af vísitölum hvers einstaks mánaðar) var 132 miðað við 100 í ársbyrjun 1939. 4000 kr. nettótekjur fyrir stríð samsvara því 5280 krónum á árinu 1940 samkvæmt vísitöluútreikningnum. Til þess að skatturinn væri raunverulega jafnþungur og áður, ætti því að greiða sama hundraðshluta í skatt af 5280 kr. árið 1940 og af 4000 kr. fyrir stríð.

Ef skattstigi sá og persónufrádráttur, sem frv. gerir ráð fyrir, hefðu verið í gildi árið 1940, þá hefði einhleypur maður í Reykjavík átt að greiða í skatt af 4000 kr. nettótekjum árið 1939 77 kr., en hjón með 2 börnum 8 kr. Segjum, að tekjur þessara aðila hefðu á árinu 1940 verið 5280 kr., þ. e. hækkað að sama skapi og vísitalan, þá hefði einhleypur maður greitt í skatt eftir sömu reglum kr. 171.51, en hjón með 2 börnum kr. 32.00.

Í fyrra dæminu hefði skatturinn nærri því 2½-faldazt, en í því síðara hefði hann 4-faldazt, þó tekjurnar hefðu aðeins aukizt um 32% að krónutali og raunverulega verið alveg óbreyttar. Skýringin á þessari miklu hækkun liggur eins og fyrr segir í stighækkun skattsins.

Aðferð sú, sem lagt er til í 4. gr. a., að upp verði tekin til þess að koma í veg fyrir óeðlilega hækkun skattsins af völdum dýrtíðarinnar, er í sem stytztu máli í því fólgin — ef um launamenn væri að ræða —, að reikna sama hundraðshluta í skatt af verðlagsuppbótinni, eða þeim hluta launanna, sem svara til aukinnar dýrtíðar, og af grunnlaununum. Enda þótt hér sé tekið dæmi að launamönnum, gilda ákvæði laganna auðvitað einnig um aðra einstaklinga. Má vera, að auðveldast sé að útskýra málið með dæmi.

Tökum aftur 5280 kr. nettótekjur á árinu 1940. Þá á fyrst að margfalda þá upphæð með 100 og deila útkomunni með 132 (meðalvísitölunni). Koma þá út 4000 kr. Síðan er persónufrádráttur dreginn frá og skattur reiknaður á venjulegan hátt. Skatturinn verður eins og fyrr 77 kr. fyrir einhleypan og 8 kr. fyrir hjón með 2 börn. Síðan er skattupphæðin margfölduð með 132 og útkomunni deilt með 100. Á þá einhleypi maðurinn að greiða kr. 101.64, en hjón með 2 börn kr. 10.56. Skatturinn er m. ö. o. hækkaður um 32%, eins og tekjurnar höfðu hækkað um 32%.

Þessi regla um útreikning skattsins gildir um hreinar tekjur 12000 kr. og lægri, og er þá miðað við tekjur fyrir stríð, en það svarar til 15840 kr. á árinu 1940. Hvað þá snertir, sem hafa hærri hreinar tekjur en 12000 kr. samkvæmt framansögðu, er skatturinn reiknaður eins og venjulega, en þeir njóta þó sömu

skattaívilnunar og þeir einhleypir gjaldendur, sem höfðu tekjur, er svara til 12000 kr. nettótekna fyrir stríð. Er miðað við einhleypa, til þess að gera framkvæmd þessa undantekningarákvæðis sem einfaldasta. Þarf þá aðeins að reikna út einu sinni, hve miklu þessi ívilnun nemur fyrir einhleypan mann með fyrrnefndar tekjur.

12000 kr. nettótekjur fyrir stríð jafngiltu 15840 kr. á árinu 1940. Ef skatturinn fyrir einhleypan er reiknaður með þeirri aðferð, sem notuð var í fyrra dæminu, hefði hann orðið kr. 1648.68, en ef tekjurnar hefðu ekki verið lækkaðar samkvæmt vísitölu, hefði hann orðið kr. 2389.00. Mismunur kr. 740.32.

Með öðrum orðum: Skattur allra einstaklinga, sem hafa hærri nettótekjur en 15840 kr. á árinu 1940, skal reiknaður á venjulegan hátt, en síðan á að draga kr. 740,32 frá útkomunni.

b. Eins og áður er að vikið, eru ákvæði í 2. gr. frv. um það, á hvern hátt megi ráðstafa fé varasjóðs, og um skattgreiðslur af þeim upphæðum, sem notaðar eru til annarra hluta. Þar sem fyrirmæli þessi eru strangari og ákveðnari en þau, sem nú eru í lögum, þótti rétt að gefa þeim félögum, sem hefðu ráðstafað fé á árinu 1940 í ósamræmi við þessi nýju ákvæði, kost á að lagfæra það og komast á þann hátt hjá skattgreiðslu af því. Er því ákveðið, að félag, sem hefur ráðstafað fé á árinu 1940 á þann hátt, sem um getur í a-lið og c-lið 2. gr. frv., geti komizt hjá skattgreiðslu af þeim fjárhæðum, ef það sannar skattanefnd fyrir 15. júlí 1941, að það hafi innheimt þau lán og selt þær eignir, sem um er að ræða.

c. Í þessum lið er ákveðið, að félögum þeim, er um ræðir í 3. gr. a. og b., skuli eigi heimilt að draga frá skattskyldum tekjum meira en ⅗ þeirrar fjárhæðar, er þau leggja í varasjóð af tekjum ársins 1940, þrátt fyrir ákvæði laganna um, að helmingur af varasjóðstillagi sé skattfrjáls. Þessi takmörkun nær þó eigi til þeirra félaga, er stunda sjávarútveg sem aðalatvinnurekstur.

d.—i. Þessir liðir frumvarpsgreinarinnar eru um **nýbyggingarsjóð.** Hvert útgerðarfélag, sem nýtur skattaívilnunar vegna framlags í varasjóð af tekjum ársins 1940, skal leggja til hliðar ⅖ af varasjóðstillaginu, og nefnist sá hluti þess nýbyggingarsjóður. Fé þetta skal lagt á sérstakan reikning í banka, eða keypt fyrir það opinber verðbréf og þau falin banka til geymslu. Skal félag tilkynna, eigi síðar en 14 dögum eftir gildistöku laganna, hve mikið af tekjum síðastliðins árs það leggur í varasjóð, og fyrir 15. júlí næstk. skal það sanna fyrir skattanefnd, að 40% af varasjóðstillaginu hafi verið lagt til hliðar í nýbyggingarsjóð. Ef félag vanrækir, að einhverju eða öllu leyti, að leggja áskilinn hluta af varasjóðsfénu til hliðar á þennan hátt, skal það greiða sérstakan skatt í ríkissjóð, sem nemur 20% af þeirri fjárhæð, er vantar í nýbyggingarsjóðinn.

Af fé nýbyggingarsjóðs má ¼ hluti vera innstæða á biðreikningi í sterlingspundum, sbr. bráðabirgðalög, er út voru gefin 26. jan. síðastl. Þó getur nefnd sú, er skipuð verður til eftirlits með nýbyggingarfénu, veitt leyfi til þess, að meira en ¼ hluti sjóðsins sé á biðreikningi, ef viðkomandi félag sýnir fram á, að það geti ekki lagt féð fram á annan hátt, vegna þess að fé varasjóðs hafi að svo miklu leyti verið notað til skuldagreiðslu.

Fé nýbyggingarsjóðs má eingöngu verja til aukningar og endurnýjunar á framleiðslutækjum á sviði útgerðar, þ. e. til þess að byggja hér á landi eða kaupa frá öðrum löndum skip til fiskveiða og vöruflutninga, verksmiðjur og önnur framleiðslutæki í þágu útgerðarinnar. Þó er heimilt að verja fé nýbyggingarsjóðs til að greiða tap á útgerð, ef aðrar eignir hrökkva eigi fyrir því, en áður en það er gert, skal það tilkynnt þeirri nefnd, er hefur eftirlit með sjóðnum, og lætur hún þá viðkomandi aðila vita, hvort hún telur þá ráðstöfun í samræmi við lögin. Ef innstæða nýbyggingarsjóðs er veðsett eða henni ráðstafað, um lengri eða skemmri tíma, á einhvern hátt, sem ekki er í samræmi við fyrirmæli laganna, skal greiða tekjuskatt af því fé, sem þannig er varið, jafnháan þeim

skatti, sem eigandi sjóðsins hefði orðið að greiða af fénu árið 1941, ef það hefði þá ekki verið undanþegið skattgreiðslu.

Ráðherra skipar þriggja manna nefnd til þess að hafa eftirlit með ávöxtun og ráðstöfun á fé nýbyggingarsjóðs, og er nefndin skipuð á þann hátt, sem fyrir er mælt í g-lið 4. gr. Til þess að unnt sé að fylgjast með því, hvort fé nýbyggingarsjóðs er varið á þann hátt, sem lögin ákveða, eru sett fyrirmæli um það, að útgerðarfélag skuli láta fylgja með skattaframtali sínu yfirlýsingu frá hlutaðeigandi banka um, að féð sé geymt þar, og yfirlit um þær breytingar, sem orðið hafa á innstæðu sjóðsins, síðan hann var myndaður. Einnig skal bankinn gefa vottorð um, að fé sjóðsins hafi verið geymt þar óveðsett og að á því hvíli engar kvaðir. Er til þess ætlazt, að slíkar yfirlýsingar fylgi með skattaframtölum árlega, meðan fé er til í nýbyggingarsjóði. Skýrslur um framlög í sjóðinn og ráðstöfun á innstæðu hans skal bæði skattanefnd og eigandi sjóðsins senda nefnd þeirri, sem hefur eftirlit með sjóðnum. Hefur hún úrskurðarvald um það, hvort fé sjóðsins hefur verið varið í samræmi við lögin, eða hvort greiða skuli skatt af því. Úrskurðum nefndarinnar, svo og ágreiningi milli nefndarmanna, má skjóta til ríkisskattanefndar til fullnaðarúrskurðar. Þó að sjálfsögðu að óskertum rétti til að leita úrskurðar dómstóla, eftir því sem ákveðið er í skattalögunum.

Eftir að fé nýbyggingarsjóðs hefur verið notað á þann hátt, sem lögin gera ráð fyrir, skal sú eign talin til varasjóðs hjá viðkomandi félagi, og er þá og verður að öllu leyti háð þeim reglum, sem gilda um ráðstöfun á fé varasjóðs.

Loks er svo ákveðið, að einstaklingar og sameignarfélög, er stunda sjávarútveg sem aðalatvinnu, megi draga frá skattskyldum tekjum sínum 40% af því fé, sem þau leggja í nýbyggingarsjóð af tekjum ársins 1940. Þetta er því skilyrði bundið, að rekstri útgerðarinnar sé haldið greinilega aðskildum frá öðrum atvinnurekstri aðila, þar sem það gildir aðeins um tekjur af útgerð. Um ávöxtun þessa fjár, ráðstöfun þess og eftirlit með því, gilda fyrirmæli laga þessara að öllu leyti, eftir því sem við á.

j. Síðasti stafliður 4. gr. er um tapsfrádrátt hjá útgerðarfyrirtækjum. Er þeim þar veitt heimild til að draga frá skattskyldum tekjum sínum árið 1940 það tap, sem orðið hefur af útgerðarrekstri þeirra yfir tímabilið frá 1. jan. 1931 til ársloka 1939, en frá tapinu skal draga þann gróða, sem kann að hafa orðið hjá fyrirtækjunum einstök ár á þessu tímabili. Tap og gróði skal tekið eftir rekstrarreikningum fyrirtækjanna, sem fylgt hafa skattaframtölum þeirra á þessum árum, en hafi fyrning á eignum verið talin lægri á rekstrarreikningum en heimilt var eftir reglum um það efni, má bæta þeim upphæðum, sem til vantar, við rekstrarhallann. Þó skulu fyrningaafskriftir í þessu sambandi vera takmarkaðar við það, að togarar séu ekki færðir lengra niður en í 150 þús. kr. hver í árslok 1939, og önnur skip hlutfallslega í samræmi við það. Ef eitthvert fyrirtæki hefur talið meiri fyrningaafskriftir á rekstarreikningi en heimilt var eftir þeim reglum, er um það voru settar, er að sjálfsögðu til þess ætlazt, að það, sem umfram er, sé dregið frá tapinu á sama hátt.

Þessi heimild til tapsfrádráttar er bundin vissum skilyrðum, sem talin eru í j.-lið 4. gr. Þar er m. a. fram tekið, að heimildin nái eigi til þeirra upphæða, sem kunna að hafa verið eftir gefnar með opinberum ráðstöfunum, t. d. í sambandi við lánveitingar úr skuldaskilasjóði eða á annan hátt. Enn fremur er það skilyrði sett, að þeim tekjum, sem undanþegnar eru skattgreiðslu vegna tapsfrádráttar, sé að öllu leyti varið til lækkunar á skuldum hlutaðeigandi fyrirtækis, og til fullrar greiðslu á þeim, ef þær eru lægri en tapsfrádrátturinn.

Loks eru fyrirmæli um það, að allar þær upphæðir, sem heimilt er að draga frá skattskyldum tekjum ársins 1940 vegna rekstrarhalla á fyrrgreindu tímabili, skuli teljast til varasjóðs hjá viðkomandi fyrirtæki. Þann hluta varasjóðsins má aðeins nota til að mæta hreinum rekstrarhalla fyrirtækisins, *að svo*

miklu leyti sem aðrar eignir þess, þar með talin önnur eign í varasjóði, hrökkva ekki til þess að jafna rekstrarhallann. Sé nokkru af tapsfrádrættinum varið til úthlutunar úr fyrirtækinu, eða til nokkurs annars en að framan greinir, er skylt að greiða tekjuskatt af ¾ hlutum þeirrar fjárhæðar, sem þannig er varið, og skal skatturinn vera jafnhár þeim tekjuskatti, sem hefði orðið að greiða af fénu árið 1941, ef þá hefði ekki verið leyft að draga það frá skattskyldum tekjum.

Um 5. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Ed. 179. Frumvarp til laga

um stríðsgróðaskatt.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Auk þess skattgjalds, sem ákveðið er í 6. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, skal leggja á og innheimta sérstakan stríðsgróðaskatt samkvæmt eftirfarandi reglum:

Ef skattskyldar tekjur nema 50000—75000 kr., greiðist 4% af því, sem er umfram 50000 kr.

Af	75000—100000 kr.	greiðist	1000 kr.	af	75000 kr.	og	10 %	af afganginum
—	100000—125000 —	—	3500 —	—	100000 —	—	15 —	— —
—	125000—150000 —	—	7250 —	—	125000 —	—	20 —	— —
—	150000—175000 —	—	12250 —	—	150000 —	—	25 —	— —
—	175000—200000 —	—	18500 —	—	175000 —	—	30 —	— —
—	200000 og þar yfir	—	26000 —	—	200000 —	—	35 —	— —

2. gr.

Stríðsgróðaskattur skal lagður á og innheimtur um leið og tekju- og eignarskattur, og af sömu aðilum. Ríkissjóður greiðir hlutaðeigandi sveitarfélagi 40% af þeim stríðsgróðaskatti, sem þar er á lagður og innheimtur, þó aldrei hærri fjárhæð en nemur 25% af niðurjöfnuðum útsvörum í sveitarfélaginu á því ári.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu skatta á árinu 1941, miðað við tekjur ársins 1940.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt af fjárhagsnefnd í sambandi við frumvarp það, sem nefndin flytur um breytingu á skattalögunum, og flytur nefndin það með sömu fyrirvörum sem þar eru greindir. Einstakar greinar frumvarpsins munu ekki þurfa skýringar.

Nd. 180. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 112 18. maí 1935, um hæstarétt.

Flm.: Skúli Guðmundsson, Jóh. G. Möller, Finnur Jónsson.

1. gr.

13. gr. laganna skal orða svo:

Dómsmálaráðherra getur veitt leyfi til málflutnings við hæstarétt hverjum þeim, sem:

1. er svo andlega og líkamlega braustur, að hann geti gegnt starfanum,
2. er 25 ára gamall,
3. er lögráður og hefur forræði fjár síns,
4. hefur óflekkað mannorð,
5. hefur íslenzkan ríkisborgararétt,
6. hefur lokið embættisprófi í lögfræði við Háskóla Íslands eða jafngildu prófi við aðra háskóla samkvæmt íslenzkum lögum, og
7. hefur gegnt lögfræðistörfum í 5 ár samtals að afloknu lagaprófi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt ósk nokkurra lögfræðinga, og fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

„Þegar lög um hæstarétt, nr. 22 6. okt. 1919, voru sett, munu þau hafa verið sniðin eftir dönskum lögum. Þá kom inn í íslenzk lög það ákvæði, að ekki gætu aðrir orðið málflutningsmenn við hæstarétt en þeir, er hefðu hlotið I. einkunn við embættispróf og auk þess lokið sérstöku málflutningsprófi. Þessi skilyrði höfðu ekki verið sett um málflutning fyrir yfirdómi, sem var skipaður 3 dómurum, eins og hæstiréttur er nú.

Ákvæðinu um málflutningsprófið hefur verið beitt svo, að fyrst hafa menn orðið að bíða í 3 ár; síðan hafa þeir orðið að útvega sér prófmál sjálfir; þá hefur þurft að fá leyfi hæstaréttar til þess fyrir fram, að mál yrði talið hæft til að vera flutt sem prófmál; loks er prófið sjálft, flutningur fjögurra prófmála fyrir hæstarétti.

Reynslan hefur verið sú, að það hefur gengið æ verr að fá til flutnings mál, sem hæstiréttur telur hæf til prófflutnings.

Þar eð mál þessi verða að vera raunveruleg mál, sem undirréttur hefur lagt dóm á, veldur ákvæðið því, að prófið getur dregizt árum saman.

Í íslenzkum lögum þekkjast engin dæmi hliðstæð þessu. Engum lækni er meinað að fá lækningaleyfi, unz hann hefur læknað fjóra menn. Og engum presti er synjað vígslu, unz hann hefur gift, skírt, fermt eða jarðað svo og svo marga menn. Og þannig mætti lengi rekja.

Nú skyldi maður ætla, að eigi væru minni kröfur gerðar til dómara en málflutningsmanna. Það var líka svo. Í greindum lögum frá 1919 var annað ákvæði um próf. Það var dómaraprófið. En það fór svo um þetta prófskilyrði, að það kom aldrei til framkvæmda. Það var afnumið, áður en til dómaraskipta kom. Þórður Eyjólfsson og Gissur Bergsteinsson þurftu því ekki að ganga undir neitt próf. Þetta sýnir, að háttvirt Alþingi hefur fallizt á, að ekki væri nein ástæða til að gera þessar kröfur til dómara í hæstarétti. Ekki er heldur í lögum, að héraðsdómarar þurfi að taka dómarapróf. En það liggur í augum uppi, að dómarar, jafnvel í afskekktustu héruðum, hafa úrslitavald, oft og einatt hið síðasta orð, um flest mál, er undir þá eru borin. En málflutningsmenn hafa ekkert úrskurðarvald.

Það verður því ekki séð, að nokkur rök liggi til að gera strangari skilyrði um málflutningsmenn en dómara. Þvert á móti hefur verið sýnt fram á, að starf dómarans er margfalt ábyrgðarmeira.

Svo gat virzt í fljótu bragði sem einhver ástæða væri til aðgreiningar milli málflutningsmanna eftir dómstigum, meðan tvenns konar meðferð var höfð á málum. Til 1. janúar 1937 voru mál munnlega flutt fyrir hæstarétti, en skriflega fyrir héraðsdómi. En lög um meðferð einkamála í héraði, nr. 85 23. júní 1936, gerðu þá breytingu á, að mál skyldi flytja munnlega í héraði sem fyrir hæstarétti. En áður en ræður málflutningsmannanna eru haldnar, fer fram öflun gagnanna, aðilayfirheyrslur, vitnaleiðslur, framlagning skjala alls konar, greinargerð og síðast en ekki síst kröfugerð.

Allt þetta fer fram fyrir héraðsdómi. Vitnaleiðslur og aðilayfirheyrslur geta ekki farið fram fyrir hæstarétti, heldur verða þær að fara fram fyrir héraðsdómi. Nú má að vísu fá leyfi til öflunar nýrra gagna til framlagningar í hæstarétti. En það er vitaskuld undantekning, að ný gögn komi fram fyrir hæstarétti. Í héraði er yfirleitt lagður grundvöllur málanna, sem endanleg úrslit þeirra eru undir komin. Oft verður kröfum t. d. ekki breytt, og veltur þá alveg á því, hvernig unnið hefur verið í málinu fyrir héraðsdómi. Áfrýjunin er oftast ekki annað en spyrja hæstarétt að nákvæmlega því sama sem héraðsdómurinn er svar við. Ræður málflutningsmannanna fyrir hæstarétti eru sjaldnast annað en endurtekning þess, er sagt hefur verið í málinu fyrir héraðsdómi.

Það er ekki útilokað, að alþýða manna kunni að vera þeirrar skoðunar, að málum hennar sé betur borgið í höndum manna, sem hafa staðizt málflutningspróf fyrir hæstarétti. En meðferð ákveðins hæstaréttarmáls sýnir, að það getur brugðizt til beggja skauta. Skal þetta mál rakið nokkru gerr til dæma.

X hafði unnið glæsilegan sigur fyrir bæjarþingi Reykjavíkur 1. febrúar 1938. Málflutningsmaður hans hafði ekki lokið málflutningsprófi fyrir hæstarétti. Þegar Y (gagnaðili X) áfrýjaði málinu, fékk málflutningsmaður X einn af yngstu og duglegustu málflutningsmönnunum við hæstarétt til að verja málið. En 15. júní 1938 gaf sá málflutningsmaður skriflegt álit um það, að ekki væri annað fyrir hendi en gefast upp að óreyndu. Kom fyrir ekki, þótt málflutningsmaður X fyrir héraðsdómi og X sjálfur væru á gagnstæðri skoðun. Var málið svo fellt niður samkvæmt þessu áliti.

X þótti sinn hlutur ekki góður. En eftir nær hálft annað ár tók hann kjark í sig, ákvað að virða hið skriflega álit að vettugi og bíða heldur ósigur en fá ekki úr þessu skorið. Með miklum erfiðismunum og gegn eindregnum ráðleggingum málflutningsmannsins við hæstarétt fékkst málið tekið upp aftur 5. okt. 1939. Málflutningsmaðurinn kvað málið vonlaust og neitaði að flytja það. X fekk þá annan málflutningsmann til að flytja málið og vann fullan sigur að nýju 24. nóv. 1939. Ef X hefði ekki misst trúna á hið skriflega álit málflutningsmannsins, fengið málið tekið upp aftur eftir nær hálft annað ár og fengið annan málflutningsmann, væri hann nú milli 5 og 6 þúsund krónum fátækari en rétt var.

Þetta er ekkert einsdæmi, eins og fylgiskjal II. sýnir.

Samband aðila og málflutningsmanns hefur jafnan verið reist á gagnkvæmu trausti, alveg eins og samband sjúklings og læknis. Þetta traustssamband er viðurkennt í lögum fyrst og fremst með því, að það er uppsegjanlegt af beggja hálfu hvenær sem er. Í annan stað er það viðurkennt með því, að aðila er heimilt að flytja mál sitt sjálfur á báðum dómstigum. Í þriðja lagi er það viðurkennt með því, að aðila er heimilt að fela flutning máls síns maka sínum, frændum að feðgatali eða niðja, systkinum sínum, tengdaforeldrum eða tengdabörnum, jafnt fyrir hæstarétti sem í héraði. Í fjórða lagi er það viðurkennt með því, að fjárhaldsmenn ólögráðs manns og stjórnendur félags eða stofnunar mega fara með mál þeirra á báðum dómstigum.

Af þessu virðist leiða það, að það sé full ástæða til að vernda það traustssamband, sem er milli aðila og málflutningsmanns, en ekki rjúfa það með sérréttindum fárra manna.

Það er ekki sennilegt, að háttvirt Alþingi sjái ástæðu til mótstöðu gegn þessu

lagafrumvarpi. Í stjórnarskránni er það talið með almennum mannréttindum, að engin bönd megi leggja á atvinnufrelsi manna, nema almenningsheill krefji. En það getur ekki talizt almenningsheill að vernda hagsmuni fárra efnamanna í Reykjavík og styrkja aðstöðu þeirra til að græða fé. Í engu hinna helztu menningarlanda í heiminum er til sérstakt próf málflutningsmanna fyrir æðra dómi, ekki í Svíþjóð, ekki í brezka þjóðafélaginu, ekki í Bandaríkjunum, ekki í Þýzkalandi, enda virðist hvergi vera þessi aðgreining málflutningsmanna í stéttir nema í Danmörku og svo í þeim tveim löndum, Noregi og Íslandi, sem illu heilli hafa „dependerað“ af dönskum lögum um langan aldur. En jafnvel þar er nú að verða breyting í þessum efnum. Í Danmörku hafa málflutningsmenn rétt til að fylgja þeim málum, er þeir hafa flutt á lægri dómstigum, eftir allt til hæstaréttar síðan 1932, og þar sat um síðustu áramót á rökstólum nefnd til að fella aðgreininguna alveg niður. Sjá fylgiskjöl I. og III.

Í lögunum frá 1919 var einnig það ákvæði, að I. einkunn við embættispróf væri skilyrði til að geta orðið málflutningsmaður við hæstarétt.

Í íslenzkum lögum þekkjast ekki heldur nein dæmi hliðstæð þessu. Þetta er ekki skilyrði um lækna, presta, verkfræðinga né neina aðra háskólakandidata. Það er eins og lögfræðipróf frá Háskóla Íslands eigi að vera minna virði en öll önnur háskólapróf, enda þótt sannleikurinn sé sá, að það er eitt erfiðasta prófið, sem menn ganga undir, eins og viðurkennt hefur verið með því, að því hefur nú verið skipt.

Nú kann að þykja gott keyri á háskólastúdenta, að I. einkunn sé skilyrði. En háskólinn ræður, hvaða stúdentar eru brottskráðir þaðan. Og háskólaborgarar eiga að vera svo þroskaðir, að þeir sjái það sjálfir, að þeir læra fyrir lífið, en ekki skólann, enda mun lífið, en ekki skólinn, kveða upp hinn endanlega dóm um það, hver er hæfur og hver ekki.

Það er óþarft að lýsa því hér, hvílík áhrif og afleiðingar slíkt ákvæði sem þetta hefur í för með sér fyrir þá, sem hafa verið svo óheppnir að hafa ekki fengið I. eink. við lögfræðipróf. Í raun og veru eru dyrnar lokaðar fyrir þeim til lögfræðistarfa í þjóðfélaginu, er þeir eru þannig stimplaðir ævilangt. Enginn sæmilega lífsreyndur maður mun þó vera þeirrar skoðunar, að háskólapróf í lögfræði sé fullgildur mælikvarði á hæfi manns frekar en önnur próf, svo að ráða eigi um allt líf hans. Hæfileikar hans til sjálfstæðrar meðferðar, rannsóknar og mats á málefnum þeim, er fyrir koma í lífinu, koma gleggst í ljós, þegar hann horfist í augu við lífið sjálft, og einmitt það þroskar hann mest. Ákveðinn starfstími við þau viðfangsefni, sem lífið sjálft færir honum, er lærdómsríkari, vænlegri til þroska og varðar meiru en þótt hann hefði nokkrum stigum meira frá prófborði, þar sem hending ein ræður miklu að því er virðist.

Í þessu efni er vert að veita því athygli, að 4 málflutningsmenn hafa haft leyfi til málflutnings við hæstarétt, þrátt fyrir það, að þeir höfðu ekki I. einkunn: Bjarni Þ. Johnson, Sveinn Björnsson, síðar sendiherra, Lárus Fjeldsted og Guðmundur Ólafsson. Allir þessir menn hafa reynzt starfi sínu vaxnir með hinum mestu ágætum og skipað sinn sess sem málflutningsmenn við hæstarétt með hinni mestu prýði. Svipuð dæmi má nefna úr hópi embættismanna vorra fyrr og síðar.

Um 1. gr. Hér eru talin skilyrði þau, er fullnægja þarf til þess að verða skipaður lögmaður við hæstarétt. Eru skilyrði þessi samin með hliðsjón af dómaraskilyrðunum, sem talin eru í 32. gr. laga nr. 85 23. júní 1936. Rétt þykir, að menn hafi vanizt lögfræðistörfum, áður en þeir öðlast rétt til málflutnings við hæstarétt.“

Fylgiskjal I.

SAGFÖRER JOHS. BLIDE
cand. jur.

Köbenhavn V., þ. 29. jan. 1940.

Hr. málflm. ....., Reykjavík.

.....

Eftir réttarfarslögunum dönsku (augl. nr. 250 frá 1. okt. 1932) 120. gr. eru skilyrði þess að verða skipaður hæstaréttarmálflutningsmaður, að maður hafi lokið embættisprófi í lögum og hlotið I. einkunn, að hann hafi haft leyfi til málflutnings fyrir landsrétti í 8 ár, og að hæstiréttur lýsi yfir því að loknu prófi, að hann sé hæfur til að vera skipaður hæstaréttarmálflutningsmaður.

Í 2. mgr. 120. gr. er enn fremur það ákvæði, að dómsmálaráðherra geti vikið frá skilyrðum um I. einkunn við embættispróf, ef maður hefur hlotið 2. einkunn betri og sérstakar ástæður mæla með því.

Loks er í 127. gr. ákvæði um, að landsréttarmálflutningsmenn, sem hafa haft leyfi til málflutnings fyrir landsrétti í 8 ár, hafi rétt til að mæta fyrir hæstarétti í einkamálum og opinberum málum, sem þeir hafa sjálfir eða löggiltur fulltrúi þeirra sótt eða varið á næsta dómstigi, en leggja verða þeir fram í skrifstofu hæstaréttar tilkynningu um þetta ásamt yfirlýsingu frá dómsmálaráðuneytinu um, að þeir fullnægi öðrum skilyrðum en I. einkunn við embættispróf til þess að mega að loknu málflutningsprófi fá skipun til málflutnings fyrir hæstarétti, og ásamt yfirlýsingu frá þeim landsrétti, er í hlut á, að þeir séu vanir málflutningi.

Loks er svo ákveðið í lögunum, að þeir málflutningsmenn, er mega mæta fyrir landsrétti án þess að mega kalla sig landsréttarmálflutningsmenn, skuli hafa sama rétt til að mæta fyrir hæstarétti.

Þetta eru þau lagaákvæði, er nú gilda um heimild til málflutnings fyrir hæstarétti. Það hefur oft verið rætt, og virðast danskir málflutningsmenn yfirleitt vera á einu máli um það, að lögtaka beri almennt stéttarheiti (**sagförer** eða **advokat**), og afnema beri öll málflutningspróf, en áskilja nokkurra ára starf sem skilyrði fyrir leyfi til málflutnings fyrir landsrétti og hæstarétti, en ekki hefur þetta komizt í gegn enn þá. Nefnd situr á rökstólum til að gera nýja skipan á þessum málum.

.....

J. Blide.

Fylgiskjal II.

Próf málflutningsmanna.

Eftir Reinholdt Jacobsen, yfirdómsmálflutningsmann.

Steglich-Petersen hæstaréttarmálflutningsmaður sagði á síðasta málflutningsmannafundi um þetta mál, að hann ætlaði, að þeir menn, er nú væru hæstaréttarmálflutningsmenn, synjuðu ekki málum flutnings, er almenningur ætti sanngjarna heimtingu á, að áfrýjað væri. Hann bætti við, að ef almenningur hefði ástæðu til að kvarta um þetta, væri gagnrýnin á þá skipan þessara mála, er nú gildir, réttmæt.

Af þessu tilefni vil ég leyfa mér að lýsa því, er hér fer á eftir, og er herra Steglich-Petersen raunar ekki ókunnugt um það.

Einum skjólstæðingi minna var stefnt fyrir undirrétt til þess að gefa út afsal fyrir eign, sem hann átti og hafði verið í eigu ættar hans öldum saman. Kaupverðið — kr. 92500.00 — og samningskjörin að öðru leyti voru í sjálfu sér ekki fjárhagslega óhagstæð skjólstæðingi mínum, en af ástæðum, sem ég skal ekki greina nánar, vildi hann ekki og taldi sér ekki skylt að selja stefnanda.

Fyrir undirrétti var skjólstæðingur minn sýknaður og málskostnaður látinn falla niður.

Gagnaðilinn áfrýjaði dóminum til landsréttar. Fyrir landsrétti var skjólstæðingur minn dæmdur til að gefa út afsal fyrir eigninni, og var skjólstæðingur minn dæmdur til að greiða 800 krónur í málskostnað.

Ég sneri mér til X hæstaréttarmálflutningsmanns til að fá dóminum áfrýjað. X er einn af þekktustu og að minum dómi duglegustu hæstaréttarmálflutningsmönnunum. En eftir að hæstaréttarmálflutningsmaðurinn hafði haft skjöl málsins til athugunar á venjulegan hátt, talað við skjólstæðing minn og mig o. s. frv., lýsti hann yfir þeirri skoðun sinni, að landsréttardómurinn yrði staðfestur, og vildi hann því ekki taka að sér málið fyrir hæstarétti.

Ég lagði síðan málið fyrir Y hæstaréttarmálflutningsmann, sem einnig er ágætur starfsbróðir, en hann komst einnig að þeirri niðurstöðu, að hann teldi „sennilegt, að eigi myndi takast að fá hæstarétt til að breyta landsréttardóminum, og að ég muni að minnsta kosti ekki geta tekið að mér að mæta í málinu".

Ég skal taka það fram, að skjólstæðingur minn borgaði fyrir hvort álit 100 krónur.

Nú, nú. Réttarmeðvitund skjólstæðings míns var meidd svo sem frekast mátti verða, ef landsréttardómurinn skyldi standa, og hann **vildi** fá skorið úr þessu máli af æðsta dómstóli ríkisins. Vegna þeirra skipanar, er nú er á þessum málum, var það útilokað. Ég þekkti málið ýtarlega frá undirrétti og landsrétti og var þeirrar skoðunar, að landsréttardómurinn gæti ekki staðizt. Ég ákvað því að taka sjálfur út áfrýjunarstefnu, og ætlun mín var sú, að skjólstæðingur minn skyldi sjálfur mæta í málinu og lesa upp sókn eftir mig. Á síðustu stundu heppnaðist mér að fá Z hæstaréttarmálflutningsmann, sem nú er látinn og talinn var frjálslyndari en hinir hæstaréttarmálflutningsmennirnir, til að taka málið að sér. Enda þótt Z hæstaréttarmálflutningsmaður hefði tiltölulega stuttan tíma til undirbúnings málinu fyrir hæstarétti, tókst þó að fá landsréttardóminum hrundið af hæstarétti. Skjólstæðingur minn hélt eign sinni og fékk 1200 krónur í málskostnað. Dómurinn er í U. f. R. 1921, bls. 1010.

Verjandi þeirrar skipanar, sem nú er á þessum málum, hefur, eins og að framan greinir, sagt upp **forsendur** dómsins. Hafi almenningur réttmæta ástæðu til að kvarta um, að synjað sé flutningi mála, á að breyta skipaninni.

Niðurstaða dómsins sést af framanskráðri, sannri frásögn af því, sem gerðist það herrans ár 1921. **Þjóðinni er þessi skipan til tjóns**, úr því að það getur haft svo ískyggilegar afleiðingar, er nú hefur verið lýst. Það munar minnstu, að maður geti ekki náð rétti sínum fyrir æðsta dómstóli þjóðarinnar, af því að sumir hæstaréttarmálflutningsmenn fá skakka skoðun á máli hans. Og hann fær mál sitt fram af því og því einu, að hann hefur sérstaklega sterka trú á sínum málstað, svo sterka, að húa lét ekki bugast, þó að tveir hæstaréttarmálflutningsmenn gengju gegn henni, og myndu flestir hafa guggnað fyrir slíku.

Ég vil bæta því hér við, að þessi skipan er einnig almenningi til óþurftar af annarri ástæðu: Mörgu máli er svo farið, að náin þekking á einstökum atriðum þess, staðreyndum þess og fjárhagslegum efnum, er þar koma til greina, er ómissandi til þess, að það sé flutt þannig, að skjólstæðingnum komi að fullum notum. En þessa þekkingu hefur sá málflutningsmaður framar öllum öðrum, sem hefur búið málið undir flutning fyrir undirrétti og flutt það þar, fylgzt með gangi þess og skapað þróun þess. Þorir nokkur að halda því fram, að hæstaréttarmálflutningsmenn vorir hafi búið sig svo vandvirknislega undir flutning flestra þeirra mála, er þeir flytja, að þeir fullnægi þessum skilyrðum? Ég skal játa það, að þetta krefst oft og mörgum sinnum miklu meira starfs en hyggilegt er að gera ráð fyrir, að hæstaréttarmálflutningsmaður geti látið í té í einu, ef til vill ekki sérstaklega fjárhagslega mikilvægu máli. En þetta er enn ein sönnun þess, **að þessi skipan er röng.**

Kaupmannahöfn, 19. apríl 1926.

Reinholdt Jacobsen.

Fylgiskjal III.

Um málflutningsmenn erlendis.

Eftir W. Angelo, yfirdómsmálflutningsmann í Kaupmannahöfn.

Ritstjórn þessa blaðs[1]) hefur beiðzt þess, að ég gerði stutt yfirlit um, hvern rétt menn hafa í öðrum löndum til að stunda málflutning fyrir aðra, en um þetta fór ég nokkrum orðum á málflutningsmannafundinum 16. apríl þ. á.[2]) Yfirlit þetta fer hér á eftir.

Svíþjóð: Í Svíþjóð er aðeins eitt heiti á málflutningsmönnum, sem sé „advokat". Málflutningsmenn eru allir titlaðir á sama hátt, og **allir** málflutningsmenn hafa rétt til að flytja mál fyrir **öllum** dómstólum — einnig hæstarétti, og skal þess getið, að málflutningur er þar skriflegur.

Þýzkaland: Í Þýzkalandi eru málflutningsmenn nefndir aðeins einu nafni, sem sé „Rechtsanwalt". Það er ekki til neinn mismunur á titlum þeirra, eins og gerist hjá oss. Sérhver málflutningsmaður getur mætt fyrir hvaða dómstóli sem er án sérstaks prófs. Aftur á móti eru hér **staðartakmarkanir,** málflutningsmaður getur því annaðhvort mætt fyrir **Amtsgericht, Landgericht** eða **Oberlandesgericht** í ákveðnu umdæmi, sem hann velur um. Leyfi **Reichsgericht** (hæstaréttar) þarf til að mæta fyrir þeim dómi, en ekkert sérstakt próf þarf að taka, og ekki þarf sérstaklega gott embættispróf. Málflutningsmaður við hæstarétt má ekki mæta fyrir öðrum dómstólum en hæstarétti og hefur engan annan titil en aðrir málflutningsmenn.

England: Á Englandi er aðeins einn flokkur málflutningsmanna, er flytja mál fyrir dómi, „barrister" er heiti þeirra og þeir eru allir titlaðir eins. Sérhver barrister getur sótt hvaða dómþing sem er — allt frá lögreglurétti til House of Lords — án sérstakra prófa eða leyfis af nokkru tagi.

Sérstakur titill er King's Counsel. Sá, sem hefur þann titil, má mæta fyrir sömu dómstólum sem allir aðrir **barristers,** en jafnan skal hann hafa junior counsel með sér á dómþingið.

Frakkland: Í Frakklandi er aðeins eitt heiti á málflutningsmönnum, sem sé „avocat", og þeir eru allir titlaðir eins. Allir málflutningsmenn hafa rétt til að flytja mál fyrir undirrétti og yfirrétti. Málflutningsmenn við hæstarétt (cour de cassation), sem aðeins dæmir um lögfræðilega hlið málsins, verða að fá sérstakt leyfi (charge), sem aðeins takmarkaður fjöldi skráðra málflutningsmanna — um 70 talsins — hlýtur. Þessi leyfi eru framseljanleg og eru keypt háu verði, t. d. er leyfishafi fellur frá.

Ameríka: Í Bandaríkjum Norður-Ameríku er aðeins til einn flokkur málflutningsmanna, „attorney at law" — stundum kalla málflutningsmennirnir sig „counsellor at law" — stundum nota þeir hvorn tveggja titilinn, annars er enginn mismunur á titlum. Sérhver málflutningsmaður hefur rétt til að flytja mál fyrir hvaða dómi sem er. Það eina, sem þarf til að fá leyfi til málflutnings fyrir hæstarétti ríkjasambandsins í Washington, er formleg kynning starfsbræðra, eftir undangengna rannsókn á líferni málflutningsmannsins.

Með framangreindum lýsingum á skipan þessara mála í ýmsum helztu menningarlöndum beggja megin Atlantshafs hef ég sýnt, að ég hafði rétt fyrir mér um það, er ég hafði áður látið í ljós, **að í engu þessara landa er til þessi undarlega aðgreining** í undirréttar-, yfirréttar- (landsréttar-) og hæstaréttarmálflutningsmenn, sem útlendingum veitist svo örðugt að átta sig á og veldur því, að svo margir menn hafa brosað að þessu litla, skringilega landi, sem hefur svo kátlegt titlatog. Nú sem stendur eru hér á landi ekki færri en fjórir aðgreindir flokkar málflutningsmanna með sinn titilinn hver, og er hver titillinn öðrum erfiðari í framburði. En hin stærstu þjóðlönd, 10—20—30 sinnum fólksfleiri, geta komizt af með aðeins einn flokk málflutnings-

1) Sagförer-bladet, Medlemsblad for Det danske Sagförersamfund.

2) 1926.

manna, er hafa sama heiti (titil). Okkar skipan á þessum málum er með hreinum og beinum Kínverjabrag, sem við ættum að losa okkur við í eitt skipti fyrir öll.

Tillaga mín er þessi:

1. Allir málflutningsmenn séu kallaðir „advokater" (lögmenn). Það er munntamt, auðskilið, alþjóðlegt heiti, sem þegar er lögmælt í réttarfarslögunum um málflutningsmenn ríkisins (**statsadvokater** og **rigsadvokat**).
2. Allir málflutningsmenn hafi rétt til að flytja mál fyrir öllum dómstólum — ef til vill eftir nokkurt árabil — t. d. 2 ára málflutningur fyrir undirrétti til þess að geta flutt mál fyrir landsrétti og 3 eða 5 ára málflutningur fyrir landsrétti til að geta flutt mál fyrir hæstarétti.

Kaupmannahöfn, 20. apríl 1926.

Wm. Angelo.

Eftir það er þetta er ritað, hef ég fengið að vita um, hversu þessum málum er háttað á

Ítalíu: Á Ítalíu eru þrír flokkar málflutningsmanna — prókúratorar, advókatar og hæstaréttarmálflutningsmenn (**kassations-advokatar**). Prókúrator þarf að vinna í 2 ár á skrifstofu málflutningsmanns og standast próf í ýmsum greinum. Prókúrator hefur rétt til málflutnings fyrir undir- og yfirrétti. Aðvokatar geta menn orðið eftir 5 ára starf hjá málflutningsmanni og eftir meira próf. Aðvókatar, sem hafa starfað í 10 ár fyrir yfirréttum eða öðrum dómstólum, eiga rétt á að vera teknir á skrá um hæstaréttarmálflutningsmenn (**kassations-aðvokata**). Skráning fer fram eftir úrskurði og veitir rétt til að flytja mál fyrir öllum dómstólum á landinu.

Það er því á Ítalíu svipuð skipting í flokka sem hjá okkur, þó er sá meginmunur, að skipt er **eftir starfsaldri.**

W. A.

Ed. 181. Frumvarp til laga

um eignarnámsheimild fyrir Siglufjarðarkaupstað á heitum uppsprettum í Skútudal í Siglufirði.

Flm.: Bernh. Stefánsson, Einar Árnason.

1. gr.

Siglufjarðarkaupstað er heimilt að taka eignarnámi heitar uppsprettur í Skútudal í Siglufirði ásamt nauðsynlegu landi fyrir gröft og boranir og til virkjunar við uppspretturnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir beiðni bæjarstjórnarinnar á Siglufirði, og eru ástæðurnar teknar fram í eftirfarandi fylgiskjölum.

Fylgiskjal I.

pt. Reykjavík, 5. apríl 1941.

Frammi í Skútudal í Siglufirði, um 5 km. frá Siglufjarðarkaupstað, hafa fundizt nokkrar heitar vatnsuppsprettur, sem eru rösklega 40° C. heitar og nema að vatnsmagni til um 0,4 l. á sek. Vatn þetta er bæði hvað áhrærir hita og magn svo lítið, að

ekki getur verið um neina hagnýtingu þess að ræða eins og er. En nú upp á síðkastið, einkum eftir að farið var að bora við þvottalaugarnar í Reykjavík og síðar við Reyki í Mosfellssveit, er í Siglufirði vaknaður almennur áhugi fyrir því, að hafizt yrði handa um gröft og boranir í því skyni að auka bæði hita og magn heita vatnsins. Þessi almenni áhugi kom meðal annars fram í því, að bæjarstjórn Siglufjarðar samþykkti á 500. fundi sínum, sem haldinn var á tuttugu ára afmæli kaupstaðarins 20. maí 1938, að hefja þegar gröft og boranir á uppsprettusvæðinu í Skútudal.

Síðan hefur ekkert orðið úr framkvæmdum, en málið hefur strandað á því, að heitu uppspretturnar og landið í kringum þær eru í einstaklingseigu, en á meðan svo er, taldi bæjarstjórn ekki rétt að leggja í kostnaðarsamar framkvæmdir. Bæjarstjórn taldi það óeðlilegt, að bæjarfélagið verði stórfé til þess að auka hita vatnsins og vatnsmagnið með grefti og borunum, en yrði svo á eftir að kaupa vatnið af landeigandanum, sem ekkert hefði lagt fram til þessara framkvæmda. Náttúrlega yrði bærinn líka að bera kostnaðinn, þó að ekkert vatn fyndist umfram það, sem nú er.

Kaupstaðurinn hefur haft hug á að fá heita vatnið og nokkra landspildu í kringum uppspretturnar keypt, en ýms atvik hafa orðið þess valdandi, að ekkert ákveðið kauptilboð hefur verið sent fyrr en með bréfi, dags. 13. marz s.l. Hins vegar var það ljóst þegar í upphafi, að eigendur heita vatnsins væru ekkert fúsir á að selja heita vatnið, en voru hins vegar fúsir á að leyfa kaupstaðnum að grafa og bora til þess að auka það.

Í kauptilboði sínu, dags. 13. marz s.l., til núverandi eiganda, Guðm. Hannessonar bæjarfógeta, bauðst kaupstaðurinn til þess að kaupa uppspretturnar og efri hluta Skútudals fyrir það verð, er ákveðið yrði með mati tveggja dómkvaddra óvilhallra manna.

Í svarbréfi Guðm. Hannessonar, dags. 15. marz, koma fram ýmsar athugasemdir og mótbárur við tilboði bæjarstjórnar, sem urðu til þess, að bæjarstjórn breytti tilboði sínu með bréfi, dags. 18. marz, þannig, að kaupstaðurinn bauðst til þess að kaupa heita vatnið í Skútudal ásamt tveggja hektara landspildu í kringum uppspretturnar fyrir verð, er ákveðið yrði með sama hætti og um lögþvingað eignarnám væri að ræða, eða samkv. l. nr. 61 frá 1917. Síðan þetta tilboð var sent, hefur Guðmundur Hannesson sent tvö bréf, dags. 20. og 24. marz, sem bæði fela í sér höfnun á tilboði bæjarstjórnar.

Með bréfi þessu fylgja afrit af bréfum þeim, sem farið hafa á milli Guðmundar Hannessonar og bæjarstjórnarinnar út af máli þessu.

Það, sem aðallega skilur á milli bæjarstjórnarinnar og Guðm. Hannessonar, er þetta: Bæjarstjórnin vill kaupa uppspretturnar eins og þær eru nú og taka á sig áhættuna af því, að gröftur og boranir verði árangurslausar, og að hafa þá hins vegar hagnaðinn, ef árangur næst. Guðmundur Hannesson vill hins vegar leyfa kaupstaðnum að grafa og bora án þess að þurfa að kaupa uppspretturnar, ef enginn árangur næst, en náist árangur, vill hann selja það vatn, sem kaupstaðurinn hefur framleitt með borunum sínum og grefti, eftir mati samkv. ákvæðum laga nr. 61 frá 1917.

Það er þegar fengin full vitneskja um það, að samkomulag mun ekki nást milli bæjarstjórnarinnar og Guðm. Hannessonar um kaup á heitu uppsprettunum.

Bæjarstjórn hefur mikinn áhuga á að fullprófa, hvort ekki væri hægt að fá nægilega mikið og heitt vatn í Skútudal til þess, að það borgi sig að leiða það niður í Siglufjörð, til þess að hita þar með því, þó ekki væri annað en sundlaug og böð í sambandi við hana og nokkur hús, einkum opinberar byggingar: sjúkrahús, barnaskólar og þess háttar. Til þess að þetta sé hægt, að áliti bæjarstjórnar, þarf kaupstaðurinn að öðlast eignarheimild að uppsprettunum og nægilega stóru landi í kringum þær, til þess að geta framkvæmt nauðsynlegan gröft og boranir. Í samræmi við þetta leyfir bæjarstjórn Siglufjarðar sér hér með að fara þess á leit við yður, að þér flytjið á yfirstandandi Alþingi frv. til laga um eignarnámsheimild til handa Siglufjarðarkaupstað á heitu uppsprettunum í Skútudal og nauðsynlegu landi í kringum þær.

Bæjarstjórn vill taka það fram, að allt bendir til þess, að ef eignarnámsheimild

þessi fæst ekki, verði um ótiltekinn tíma ekkert gert til þess að ganga úr skugga um það, hvort uppspretturnar í Skútudal hafi praktiskt gildi. Mjög litlar líkur virðast vera fyrir því, að eigandinn fari sjálfur að leggja í kostnað við gröft og boranir.

Bæjarstjórnin væntir þess, að hæstvirt Alþingi muni taka máli þessu með skilningi og geri Siglufjarðarkaupstað mögulegt að geta hafizt handa í þessu þýðingarmikla máli.

Bréfi þessu fylgja 6 fylgiskjöl, þ. á m. bréf dr. Trausta Einarssonar, dags. 19. marz 1941, varðandi rannsóknir hans á heita vatninu í Skútudal.

Virðingarfyllst
f. h. bæjarstjórnar Siglufjarðar

Ó. Hertervig. Erl. Þorsteinsson. Áki Jakobsson.

Til þingmanna Eyjafjarðarsýslu.

Fylgiskjal II.

Akureyri, 19. III. 1941.

Eftir ósk yðar, hr. bæjarstjóri, hef ég athugað laugarnar á Skútudal í nánd við Siglufjarðarbæ með tilliti til notkunar laugavatnsins til hitunar bæjarins.

Hitamagn lauganna er mjög lítið, eins og yður er kunnugt, og veltur því þýðing lauganna algerlega á því, hvort líkur séu til, að takast megi með sérstökum aðgerðum að afla á laugasvæðinu þess hitamagns, sem til greina gæti komið fyrir bæinn að virkja, og skal ég hér gera nokkra grein fyrir skoðun minni á því.

Laugarnar liggja dreift á nokkur hundruð metra löngu svæði. Nyrzt er hitinn mestur; mældi ég þar 42°, 44° á tveimur stöðum og mest 48° C. Samanlagt vatnsmagn reyndist þarna 0,4 sekúndulítrar. Annars staðar á hitasvæðinu mældi ég í óverulegum vætlum 30°, 23°, 21° og 13° C. Af þessum tölum er ljóst, hvað hitamagnið hefur litla hagnýta þýðingu.

Hins vegar má af þessum tölum draga nokkrar ályktanir. Hinn ójafni hiti á laugasvæðinu stafar vafalaust af því, að vatnið kólnar mismikið á leið sinni frá upptökum hitans niðri í jörðinni til yfirborðsins, sem aftur stendur í nánu sambandi við misört vatnsrennsli. Þar, sem vatnið mætir mestri mótstöðu og rennur hægast til yfirborðsins, kólnar það skiljanlega mest. Í samræmi við þá reglu er hitinn mestur nyrzt á laugasvæðinu, þar sem vatnsrennsli er einnig örast. Spurningin verður þá, hvort einnig það vatn hafi kólnað verulega á leiðinni til yfirborðsins. Ef svo væri, mætti gera ráð fyrir, að með aukningu vatnsins við sérstakar aðgerðir mundi hitinn einnig hækka.

Ég hef nú eftir föngum rannsakað, hvað hitatapið muni almennt vera mikið í laugavatni, og fengið mjög svipaðar niðurstöður á ýmsum laugasvæðum. Eftir því álít ég mjög sterkar líkur fyrir því, að laugavatnið, sem hér um ræðir, hafi ekki kólnað meira en um 10—12° C. í mesta lagi á leið sinni frá upptökum hitans til yfirborðsins. Það þýðir hins vegar, að með meðaldjúpri borun (4—600 m.) ætti ekki að vera unnt að fá heitara vatn á þessum stað en 60°. Þessu til frekari stuðnings má benda á hverina í Ólafsfirði og Fljótum. Á Reykjum og á Skeggjabrekkudal er mest 50° hiti, og virðist þar vera um svo að segja ókólnað vatn að ræða, enda reyndist það svo, er vatnsmagnið var rúmlega tífaldað á Skeggjabrekkudal, að hitinn jókst ekkert. Í Fljótum er hitinn víða um 60°, þar sem vatnsmagn er ekki sérlega lítið. Bendir þetta ótvírætt til þess, að um ókólnað vatn sé að ræða, og jarðlögin, sem vatnið fær hitann úr, séu um 60° heit.

Eftir byggingu landsins í kringum Siglufjörð að dæma, er ekki loku fyrir það skotið, að jarðlögin, sem Skútudalsvatnið fær hitann úr, kunni að vera eitthvað heitari en nefnd jarðlög í Fljótunum, en ég verð að telja harla ólíklegt, að það nemi meira en nokkrum gráðum, og er það í samræmi við það, sem áður var sagt.

Til aukningar á heita vatninu á Skútudal er um tvær leiðir að velja. Önnur er sú, að bora, og er það öruggari leiðin, en jafnframt hin kostnaðarsamari. Hin leiðin er að greiða fyrir rennsli vatnsins með því að ryðja frá uppgönguaugunum. Á Skeggjabrekkudal bar þessi aðferð mjög góðan árangur. Á Skútudal hagar svo til í kringum laugarnar, að mjög þykkur, grófgerður og seinunninn jökulruðningur þekur fastabergið. Hins vegar þarf, ef nokkurs verulegs árangurs á að vera að vænta, að komast niður á fast berg og jafnvel eitthvað ofan í það. Yrði því hér um allkostnaðarsamt verk að ræða, en þó má telja víst, að sá kostnaður yrði aðeins lítill hluti af því, sem ein meðalborhola kostar. Ég mundi því telja rétt að leggja nokkurt fé í gröft, áður en hafizt yrði handa um boranir í stórum stíl, því að með því fengist sennilega betri grundvöllur til að byggja á við hinar kostnaðarsamari aðgerðir. Grafturinn er hins vegar ekki líklegur til að bera svo góðan árangur, að komizt yrði hjá borunum.

Virðingarfyllst

Trausti Einarsson.

Til bæjarstjórans á Siglufirði.

Fylgiskjal III.

BÆJARSTJÓRINN Á SIGLUFIRÐI

Siglufirði, 13. marz 1941.

Svo hljóðandi tillaga var samþykkt á fundi bæjarstjórnar Siglufjarðar í dag, 13. marz:

„Bæjarstjórn Siglufjarðar samþykkir að gera bæjarfógeta Guðmundi Hannessyni tilboð um að kaupa heitu vatnsuppspretturnar í Skútudal ásamt Skútudal niður að girðingu fyrir það, er 2 dómkvaddir menn meta, enda séu báðir aðilar fyrir fram búnir að skuldbinda sig til þess að hlíta því verði."

Ég vænti heiðraðs svars yðar við fyrstu hentugleika, þó eigi síðar en 15. marz n. k.

Áki Jakobsson.

Til bæjarfógetans Guðmundar Hannessonar, Siglufirði.

Fylgiskjal IV.

Siglufirði, 15. marz 1941.

Út af bréfi yðar, herra bæjarstjóri, dags. í gær, um tilboð bæjarstjórnar að kaupa heitu vatnsuppspretturnar í Skútudal ásamt Skútudal niður að girðingu fyrir verð, sem 2 dómkvaddir menn meta, vil ég taka fram:

1) Það er mjög óframbærilegt af bæjarstjórn að gera tilboð um að kaupa eigur manns eftir mati tveggja dómkvaddra manna, og það alveg upp úr þurru. Það er í fyrsta lagi ósanngjarnt gagnvart þeim, sem tilboðið er gefið, því að, ef hann væri svo grænn að ganga að því, gæti hann ekki áfrýjað matinu, hversu ósanngjarnt sem það væri, en það gæti hann, ef um venjulegt eignarnám væri að ræða, og að ætlast til, að ég semji af mér slíkan rétt, er fremur fljótlega íhugað. Þetta er gagnvart mér því ósanngjarnara, sem ég hef eignazt Syðri-Skútu (= hálfa Efri-Skútu) eftir að ég fyrst hafði barizt fyrir því á bæjarstjórnarfundi, að bærinn keypti landið (Efri-Skútu), og fyrst að bænum frágengnum keypt jörðina, eins og sjá má í gerðabók bæjarstjórnar. Hitt er þó ekki betra gagnvart bæjarstjórninni, að bæjarstjórnin getur ekki heldur áfrýjað matinu, hversu ósanngjarnt sem henni kynni að þykja það! Það er og því varhugaverðara fyrir báða aðila að hlíta mati 2ja dómkvaddra manna, þar

sem hér á að meta alveg óvenjulegt verðmæti, sem ætla má, að menn með sérþekkingu þurfi til að meta af nokkru viti, en sérstakt yfirmat laganna gerir ráð fyrir þeirri sérþekkingu.

2) Mér er alveg óskiljanlegt, hvers vegna bæjarstjórnin er að seilast til Skútudalsins utan girðinga. Ég hef áformað að koma upp þarna nýbýli, en það yrði útilokað, ef Skútudalurinn utan girðinga væri af hendi látinn. Mun ég sporna móti því í lengstu lög, og mér þykir fremur ósennilegt, að bærinn fengi heimildarlög til eignarnáms til þess að taka Skútudalinn. Mér finnst og, að bæjarstjórn ætti að vera það kærkomið, ef aukið væri við býlin eða ræktunina í firðinum og vildi sízt torvelda slíkt, þótt á hennar valdi væri, sem ég býst ekki við, að verði að þessu leyti.

3) Hins vegar finnst mér ekki nema eðlilegt, að bæjarstjórnin vilji ekki láta dragast lengur að koma í framkvæmd 3ja ára gamalli ákvörðun sinni, tekinni á 500. fundi bæjarstjórnar, að fá heitt vatn úr Skútudal til upphitunar húsa í bænum. Enda þótt ég hafi áformað að koma þarna upp gróðurhúsum með heitu vatni, vil ég þó — þar sem bæjarstjórnin virðist allt í einu hafa fengið svo bráðan áhuga á málinu, að hún vill fá svar við málaleitan sinni ekki síðar en 2 dögum eftir að hún gefur tilboðið — ekki vera því til hindrunar, að eignarnám án eignarnámslaga fari fram á þessu ári til bæjarstjórnar Siglufjarðarkaupstaðar á heitu uppsprettunum og heita vatninu í Skútudal, gegn eftirfarandi skilyrðum:

1) að eignarnámið og matið fari að öllu eftir eignarnámslögunum 61/1917, bæði að því er snertir skipun matsmanna og yfirmatsmanna og rétt aðila til þess að fá yfirmat og til þess að eignarnámsbækur miðist við og ákveðist alveg eins og um lögþvingað eignarnám væri að ræða.

2) að bærinn greiði allan kostnað við mat og yfirmat.

3) að allur gröftur fari þannig fram, að sem minnst jarðspjöll og jarðrask verði að, án þess að með því sé þó hindraður eða torveldaður réttur bæjarins til þess að leita þar eftir heitu vatni, sem álitlegast þykir, en ef gröftur eða borholur verði talin hættuleg skepnum, séu þær borholur eða sá gröftur sérstaklega afgirt á kostnað bæjarins með öruggri girðingu og þeirri girðingu við haldið af bænum. Mat á jarðraski fari svo fram eftir sömu lögum, ef aðilar geta ekki komið sér saman um það, en mér fyrir mitt leyti þykir ósennilegt, að um nokkuð veruleg landspjöll þurfi að vera að ræða af greftinum, borholunum eða væntanlegum hitaleiðslum. Það væri þá helzt við að koma fyrir tækjum meðan á borun stendur, en því gæti bærinn bætt úr með því að rækta þá bletti, sem skemmdust. Ekki þarf bærinn að ásælast landið til þess að koma þarna upp vermireitum og vermihúsum, því að með því að leiða heita vatnið yfir Skútuána í land bæjarins þar hjá getur bærinn komið vermihúsum þar upp í sínu landi. Hitaleiðslan úr landi Syðri-Skútu í bæjarlandið yrði þá ekki nema fáeinir faðmar að lengd. Annars virðist, þegar heitt vatn er komið til bæjarins, að vermihús bæjarins ættu að vera í bænum.

4) að bæjarstjórn kosti, þegar eigandi Syðri-Skútu krefst þess, að hálfu til móts við eiganda Syðri-Skútu fimm víra löggirðingu meðfram Skútuá, til þess að hindra ágang búfjár úr landi bæjarins í land Syðri-Skútu og öfugt, og viðhald að hálfu á þeirri girðingu, enda fái bærinn að hálfu á móts við eiganda Syðri-Skútu væntanlegan jarðabótastyrk út á þá girðingu.

5) að báðir aðilar, eigandi Syðri-Skútu og bæjarstjórn, hlíti yfirmati, en þar sem hér er þörf sérþekkingar á verðmæti heita vatnsins, mun ég krefjast sérstaks yfirmats.

6) að aldrei megi taka svo mikið heitt vatn, að jörðin Syðri-Skúta hafi eigi nægilegt heitt vatn til eigin afnota, þar á meðal til reksturs vermihúsa í landi jarðarinnar. Finnst mér, að bærinn eigi sanngirniskröfu til þess að fá heita vatnið til þess að hita upp bæinn, en enga sanngirniskröfu til þess að fá land til annars en undir hitaleiðslur og dælistöðvar og að fá að gera nauðsynlegt jarðrask í landi jarðarinnar vegna skurðagraftar og borunar og fyrir graftæki sín meðan á borun og grefti stendur, en að hann hafi enga sanngirniskröfu til þess að svipta jörðina öllu

heitu vatni, enda gætir þess að engu fyrir upphitun bæjarins, hvort jörðin fái nægilegt heitt vatn til eigin þarfa, þar á meðal til vermihúsa og vermireita í landi jarðarinnar.

7) Þetta tilboð mitt fellur niður, ef bæjarstjórn samþykkir ekki tilboðið og tilkynnir mér það innan hálfs mánaðar. Ef bæjarstjórn vill fá sér eignarnámsheimildarlög, mun ég mótmæla því, að bæjarstjórnin fái nokkur heimildarlög til þess að land verði tekið eignarnámi, en henni má heimilast land til graftar og borunar og fyrir hitaleiðslur, og ég mun krefjast þess, að eigi verði heimilað að taka svo mikið heitt vatn, að jörðin hafi eigi til eigin afnota, þar á meðal til reksturs vermihúsa og vermireita.

Geri og ráð fyrir, að þér, herra bæjarstjóri, viljið skýra bæjarstjórninni frá, að hún með heimildarlögum til eignarnáms muni varla fá meiri umráð en hér er boðið fram af mér af fúsum vilja.

Virðingarfyllst,

G. Hannesson.

Til bæjarstjórans, Siglufirði.

Fylgiskjal V.

BÆJARSTJÓRINN Á SIGLUFIRÐI

Siglufirði, 18. marz 1941.

Á fundi allsherjarnefndar í dag var út af bréfi yðar, dags. 15. marz s. l., gerð svo hljóðandi samþykkt, sem jafnframt er nýtt tilboð til yðar:

„Út af gagntilboði Guðmundar Hannessonar bæjarfógeta, dags. 15. marz, þar sem hann býðst til að selja heita vatnið í Skútudal samkv. mati eftir eignarnámslögunum og ýmsum viðbótarskilyrðum, vill allsherjarn. til samkomulags gera honum eftirfarandi tilboð:

Siglufjarðarkaupstaður kaupi heita vatnið í Skútudal ásamt tveggja hektara landspildu í kringum uppspretturnar. Verðið skal ákveðið samkvæmt fyrirmælum í 2., 6. og 7. gr. laga nr. 61 frá 14. nóv. 1917. Strax og byrjað væri að grafa eða bora, skuldbindur kaupstaðurinn sig til þess að girða svæðið gripheldri girðingu.

Svar við tilboði þessu óskast eigi síðar en 20. marz n. k."

Þetta tilkynnist yður hér með.

Áki Jakobsson.

Til hr. Guðmundar Hannessonar, Siglufirði.

Fylgiskjal VI.

Siglufirði, 20. marz 1941.

Út af bréfi yðar, herra bæjarstjóri, dags. 18. þ. m., um samþykkt allsherjarnefndar s. d., vil ég taka fram:

1. Ég held mér í öllu við bréf mitt 15. þ. m., þar er gengið út frá:

a. að bærinn fái nauðsynlegt land til mannvirkja til þess að ná heita vatninu (m. a. land til dælistöðva) og til þess að leiða heita vatnið úr landinu;

b. að bærinn fái hvar sem er í landinu ótakmarkaðan rétt til þess að gera jarðrask, boranir, skurði o. s. frv., sem nauðsynlegt þyki til þess að leita að heita vatninu og koma fyrir nauðsynlegum vinnutækjum.

Með þessu öllu er bærinn búinn að fá alla sanngirnisheimild til heita vatnsins

og nauðsynlegs lands í sambandi við að ná í heita vatnið og leiða það burtu. Þetta tilboð mitt er bænum líka a. m. k. að einu leyti meira í vil en tilboð sjálfrar allsherjarnefndar, því að það tilboð heimilar ekki bænum að gera jarðspjöll til þess að leita að vatni utan þessara tveggja hektara, sem bærinn vill eignast, en útilokað er það ekki, að heitt vatn fyndist utan þess svæðis.

2. Til samkomulags skal ég þó ganga inn á, að bærinn, auk þess lands, er getur undir a og b hér að framan, fái rétt til 2000 ferálna lands í dalnum kringum heitavatnsuppspretturnar, allt gegn mati samkv. bréfi mínu frá 15. þ. m. Eins og kunnugt er, skilur aðeins stór bæjarlækur, Skútuáin, land Syðri-Skútu og bæjarins í þessum Skútudal. Ef bærinn vill rækta nálægt hinum heitu uppsprettum, á hann til þess nóg land sjálfur, — allan dalinn sunnan Skútuár (sem í daglegu tali er kallaður Saurbæjardalur), og vermihúsarekstur gæti bærinn hafið með því að leiða vatnið nokkra faðma yfir í sitt land hinum megin Skútuár, en bezt ætti við að hafa vermihúsin og vermireiti í bænum sjálfum eftir að heita vatnið er komið þangað. Hins vegar útilokast, að ég geti komið upp nýbýli í Syðri-Skútu, ef bærinn fengi meira af þessu landi en ég býð fram. Ég get ekki heldur hugsað mér, að það sé bænum í hag að hækka eignarnámsverðið á heita vatninu með því að koma að litt skyldum málefnum, eins og þeim að taka bezta ræktunarlandið og eina heita jarðsvæðið til kartöfluræktunar og vermireita, sem Syðri-Skúta á í dalnum, og láta á hitunarfyrirtæki koma matsbætur fyrir að eyðileggja möguleikann á að koma upp býli í firðinum.

3. Hitaveitufyrirtæki bæjarins á að beinast að því einu að ná heita vatninu í dalnum og leiða það til bæjarins, og þarf ekki land til annars en að ná vatninu og undir hitaleiðslu, auk réttar til þess að leita að vatninu hvar sem er í landinu og gera nauðsynlegt jarðrask í því skyni, en eignarnámsheimild til frekara lands mun ég mótmæla.

Þetta tilboð mitt fellur niður, ef bæjarstjórnin hefur eigi fyrir lok þ. m. tilkynnt mér, að hún hafi samþykkt það.

Virðingarfyllst,

G. Hannesson.

Bæjarstjórinn, Siglufirði.

Fylgiskjal VII.

Siglufirði, 24. marz 1941.

Til þess að létta bænum kostnað við að grafa eftir heitu vatni í landi jarðarinnar Syðri-Skútu, lýsi ég því yfir, að ég leyfi hér með bænum ókeypis að grafa eftir heitu vatni hvar sem er í landi jarðarinnar næstu 2 ár, enda hefjist gröftur fyrir 1. júlí næsta og sé stöðugt fram haldið með hæfilegum hraða þetta tímabil, nema bæjarstjórn lýsi áður yfir, að hún sé hætt við frekari gröft. Nú vill bæjarstjórn virkja hið heita vatn og leiða það burtu, og fer þá um mat og sérstakt yfirmat á heita vatninu, jarðraski og nauðsynlegu landi undir mannvirki til þess að virkja heita vatnið og leiða það burtu, eftir eignarnámslögunum 61/1917, án nokkurrar eignarnámsheimildar, alveg eins og um lögþvingað eignarnám væri að ræða.

En ef bærinn virkjar heita vatnið, vil ég þó auk þess selja honum eftir mati 2000 ferálna lóð undir aðrar byggingar (umfram það land, sem nauðsynlegt er til mannvirkja til þess að ná heita vatninu og leiða það burtu).

Nú vill bæjarstjórn ekki virkja heita vatnið, og greiðir hún þá aðeins fyrir jarðrask eftir mati matsmanna samkv. téðum lögum, ef aðilar koma sér ekki saman um bætur fyrir jarðraskið, sem ég býst fastlega við, að samkomulag verði um.

T. d. hefur sama og ekkert jarðrask orðið að Reykjum við hitavatnsvirkjun Reykjavíkur og Reykjavík ekki þurft að halda á nokkru landi, nema fáeinna ferálna undir brunna og borholur.

Þetta tilboð mitt fellur burtu, ef mér er ekki tilkynnt fyrir lok þessa mánaðar, að bæjarstjórn hafi samþykkt það.

Ég hef tvisvar áður boðið sundlaugarnefnd ókeypis land undir sundlaug fyrir bæjarbúa og ókeypis heitt vatn til sundlaugarinnar um aldur og ævi, en því var hafnað á þeirri forsendu, að landið í kring myndi svo hækka í verði, ef grafið væri eftir auknu heitu vatni til sundlaugar. Nú er það ekki sundlaugarnefnd, heldur bæjarstjórn, sem velur þá leið, er henni finnst skynsamlegust fyrir bæinn.

Virðingarfyllst,

G. Hannesson.

Bæjarstjórinn, Siglufirði.

Nd. 182. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Frá Bjarna Ásgeirssyni.

1. Framan við frvgr. kemur nýr liður:
   I. Á eftir B. 5. í 2. gr. laganna kemur nýr liður:
   Norðtunguvegur: Frá Borgarfjarðarbraut hjá Kláffossbrú að Norðtungu.
2. Frvgr. verður II. liður.

Ed. 183. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

Frá Magnúsi Gíslasyni.

Við 24. Nýr liður:
Nr. 17 í 58. kafla orðist svo:

Vegg- og gólfflögur, svo og þakhellur og þakplötur	—	1	2

Nd. 184. Nefndarálit

um frumvarp til l. um breyt. á l. nr. 32 14. júlí 1929, um loftferðir.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarp þetta, sem borið er fram samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar og er samhljóða bráðabirgðalögum frá 16. nóv. f. á. Er það tillaga nefndarinnar, að frumvarpið verði samþykkt með neðangreindum

BREYTINGUM.

Við 1. gr.
a. Orðin „skerða eða“ í fyrstu málsgr. falli niður.
b. Orðin „svo og að skerða þær“ í annarri málsgr. falli niður.
c. Þriðja málsgr. („Nánari fyrirmæli“ o. s. frv.) falli niður.

Alþingi, 15. apríl 1941.

Bergur Jónsson, form.	Vilm. Jónsson, fundaskr.	Jóh. G. Möller, frsm.
Gísli Guðmundsson.	Garðar Þorsteinsson.	

Nd. 185. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Frá Sveinbirni Högnasyni og Helga Jónassyni.

Framan við frumvarpsgreinina koma 2 nýir liðir:

I. Á eftir A. 11. í 2. gr. laganna komi nýr liður:
Þórsmerkurvegur: Frá Markarfljótsbrú að Stórumörk undir V.-Eyjafjöllum.

II. Á eftir A. 16. í sömu lagagr. komi nýr liður:
Ásvegur: Frá vegamótum Suðurlandsvegar við Meiri-Tungu, um Áshverfi, Háfshverfi, Þykkvabæ og að fyrirhuguðu brúarstæði á Hólsá.

Nd. 186. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 12 9. jan. 1935, um iðnlánasjóð.

Frá iðnaðarnefnd.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:
Hlutverk iðnlánasjóðs er að styðja iðju og iðnað í landinu með hagkvæmum lánum.
Tekjur sjóðsins eru:
a. Árlegt tillag úr ríkissjóði, kr. 40000.00.
b. Iðnlánasjóðsgjald samkvæmt sérstökum lögum.

2. gr.

Síðasta málsgr. 2. gr. laganna orðist svo:
Um allar lánbeiðnir úr sjóðnum skal leita umsagnar þriggja manna nefndar, sem ráðherra skipar til þriggja ára í senn. Skal einn nefndarmanna skipaður eftir tilnefningu stjórnar Landssambands iðnaðarmanna og annar eftir tilnefningu stjórnar Félags íslenzkra iðnrekenda.

3. gr.

Úr fyrstu málsgr. 3. gr. laganna fellur orðið „smærri" burt.

4. gr.

Fyrsta málsgr. 5. gr. laganna falli burt, en í hennar stað komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
Beiðnir um lán úr iðnlánasjóði skulu vera skriflegar og fylgi þeim.

5. gr.

Úr 6. gr. laganna falli burt orðin „Ekkert lán má þó fara fram úr 5000 kr.", en í þeirra stað komi: Ekkert lán má þó vera hærra en sem nemur ⅕ — einum fimmta hluta — nettótekna sjóðsins árið áður.

6. gr.

Orðin „úr ríkissjóði" í 9. gr. laganna falli burt, en í þeirra stað komi: af tekjum sjóðsins.

7. gr.

Á eftir „iðnaðarmanna“ í 10. gr. laganna komi: stjórn Félags íslenzkra iðnrekenda.

8. gr.

Í stað „ráðherra“ í 13. gr. laganna komi: sjóðsstjórnin.

9. gr.

Í stað orðanna „af yfirskoðunarmönnum landsreikninga“ í 14. gr. laganna komi: af tveimur mönnum, er ráðherra skipar.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir ósk Landssambands iðnaðarmanna og Félags ísl. iðnrekenda, og fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

„Iðnlánasjóður var stofnaður með lögum 9. jan. 1935, með 25 þúsund kr. árlegu framlagi úr ríkissjóði. Önnur lánsstofnun er ekki til í landinu, sem sérstaklega er ætluð iðnaðinum.

Það kom strax í ljós, að þetta var allt of lítill sjóður og með of takmörkuð lánsskilyrði fyrir hinn hraðvaxandi iðnað, þótt hann hins vegar reyndist farsæl byrjun fyrir smærri fyrirtæki til brýnustu vélakaupa.

Á þeim 6 árum, sem sjóðurinn hefur starfað, hafa verið veitt úr honum lán að upphæð kr. 137950.00 og lofað er 6 lánum, sem enn eru óafgreidd, að upphæð kr. 21100.00. Ríkissjóður hefur lagt sjóðnum til alls kr. 145000.00. Árin 1938 og '39 voru dregin 10% af hinu lögboðna framlagi. Skrá yfir flokkun útlánanna, frá umsjónarmanni sjóðsins, fylgir hér með á sérstöku fylgiskjali.

Þegar milliþinganefnd í atvinnumálum starfaði á árunum 1935—37, var þörfum og möguleikum iðnaðarins veitt sérstök athygli. Og sænski hagfræðingurinn E. Lundberg, sem starfaði hér á vegum nefndarinnar, komst að þeirri niðurstöðu, að mjög mikil nauðsyn væri á að sjá þeim iðnaði, sem þegar hafði fest rætur í landinu, fyrir ódýrara og meira fé og lyfta undir nýjan iðnað með bættum lánsskilyrðum.

Því var það, að Emil Jónsson, sem þá var form. nefndarinnar, flutti á Alþingi 1937 frumvarp til laga um nýjan iðnlánasjóð, sem var miðaður við þarfir iðnaðarins eins og þær voru þá og búast mátti við, að þær yrðu í framtíðinni. Frumvarpinu fylgdi ýtarleg og rökföst greinargerð, sem hr. Lundberg hafði samið, og vísast hér með til hennar sem rökstuðnings einnig fyrir þessu frumvarpi.

En lagafrumvarp nefndarinnar fékk ekki afgreiðslu á Alþingi. Hinn upphaflegi iðnlánasjóður, með 25 þúsund kr. árlegu framlagi ríkissjóðs, hefur því orðið að nægja, en að sjálfsögðu aðeins getað sinnt brýnustu þörfum hinna smærri iðn- og iðjurekenda til vélakaupa.

Að öðru leyti hefur langmestur hluti iðnaðarins í landinu orðið að búa við allra dýrustu og erfiðustu lánskjör og oft að vera févana, til stórskaða fyrir rekstur sinn.

Það er því brýn nauðsyn á, að iðnaðurinn fái greiðari aðgang að föstum og ódýrum lánum, og verður ekki séð, að það sé hægt að gera á hagkvæmari hátt en með því að auka tekjur hins upphaflega iðnlánasjóðs eins og hér er gert ráð fyrir. Má búast við, að fyrstu árin verði tekjur sjóðsins þessar samkvæmt frumvörpunum:

Framlag ríkissjóðs	kr.	40000.00
½% aðflutningsgjald af aðfluttum, fullunnum vörum	—	25000.00
¼% af launagreiðslum iðnaðarins	—	25000.00
Vextir	—	10000.00
	Kr.	100000.00

Fljótlega koma svo endurgreiðslur lánanna, og ætti því mjög bráðlega að vera hægt að lána árlega út dálítið yfir 100 þús. kr.

Þetta væri mikil bót frá því, sem nú er, og ætti öryggi iðnaðarins og festa að vaxa smátt og smátt.

Um hinar einstöku greinar frv. skal þetta tekið fram:

Um 1. gr. Hér er fyrst skýrgreint hlutverk iðnlánasjóðs. Er það gert rýmra en það var í lögum 12/1935, því þar var einungis gert ráð fyrir stuðningi til iðnaðarmanna og smærri iðjurekenda. Þessi flokkun á iðjurekendum í smærri og aðra er alveg út í bláinn, bæði vegna þess, að takmörkin þar á milli væru hreinasta handahóf, og eins hins, að fleiri iðjurekendur en þeir „smærri“ geta þurft á stuðningi að halda og nauðsynlegt og réttlætanlegt að láta hann í té. Af þessum ástæðum er hér lagt til, að þessi greinarmunur verði afnuminn.

Þá er næst rætt um tekjur til sjóðsins. Þær eru tvenns konar:

a) Árlegt tillag úr ríkissjóði, kr. 40000.00. Samkv. lögum 12/1935 átti ríkissjóður að leggja fram kr. 25000.00. Er hér því farið fram á 15 þús. kr. hækkun á tillagi ríkissjóðs. Þykir það mjög í hóf stillt.

b) Iðnlánasjóðsgjald samkv. sérstökum lögum.

Jafnhliða frv. þessu um breytingu á lögum 12/1935 er borið fram annað frv., sem sé frv. til laga um iðnlánasjóðsgjald. Þar er gert ráð fyrir í 1. gr., að greiða skuli ½% af innkaupsverði allra innfluttra, fullunninna iðnaðarvara, annarra en matvæla, eldsneytis og ljósmetis. Er gert ráð fyrir, að á þennan hátt fái sjóðurinn um 25 þús. kr. Enn fremur er í nefndu frumvarpi lagt til, að öll iðnaðar- og iðjufyrirtæki skuli greiða ¼% af öllum greiddum launum við fyrirtækið og að það fé renni til sjóðsins. Er áætlað, að sú upphæð muni nema um 25 þús. kr.

Ótaldir eru hér vextir, sem gera má ráð fyrir, að fljótlega verði um 10 þús. kr. á ári.

Tekjur sjóðsins samkvæmt framansögðu yrðu þá um 100 þús. kr. á ári.

Um 2. gr. Fram til þessa hafa lán úr iðnlánasjóði verið veitt eftir tillögum frá stjórn Landssambands iðnaðarmanna. Iðjurekendur hafa engin áhrif haft á þau mál. En þar sem sjóðurinn á einnig að styðja iðjuna í landinu, þykir rétt, að fulltrúar hennar hafi hönd í bagga um þessi mál. Er því hér lagt til, að breytt verði til frá fyrra fyrirkomulagi á þann hátt, að þriggja manna nefnd, sem ráðherra skipi til þriggja ára í senn, fjalli um allar lánbeiðnir, sem sjóðnum eru sendar. Í nefndinni verður þá fulltrúi frá iðnaðarmönnum, annar frá iðjurekendum, en þann þriðja skipar ráðherra án tilnefningar.

Um 3. gr. Vísast til þess, sem segir hér á undan um 1. gr.

Um 4. gr. Eftir lögunum er afgreiðsla á lánbeiðnum til sjóðsins mjög þunglamaleg. Lánbeiðnunum hefur verið safnað saman fyrir hvert ár og lánin venjulega veitt öll í einu að haustinu til. Með auknu lánsfé má breyta þessu. Mun oft hafa komið fyrir, að ef lánbeiðnir hafa verið sendar í jan., þá hafi þeim ekki verið svarað fyrr en í des. sama ár. Er hér því lagt til, að umsóknir megi senda á hvaða tíma árs sem er, og ætlazt er til, að þær verði afgreiddar eins fljótt og kostur er á.

Um 5. gr. Hámarkslán úr sjóðnum hefur fram til þessa verið kr. 5000.00. Það svarar til ⅕ af tekjum hans. Þessu þykir rétt að halda áfram, en taka það fram berum orðum í greininni.

Um 6. gr. Þar sem sjóðurinn starfar með eigin fjármagni, virðist réttast, að kostnaður við rekstur hans greiðist af tekjum hans sjálfs. Gengur þessi breyting í þá átt.

Um 7. gr. Vísast til þess, sem segir um 2. gr.

Um 8. gr. Þarf ekki skýringar við.

Um 9. gr. Rétt þykir að létta endurskoðun sjóðsreikninganna af yfirskoðunarmönnum landsreikninganna og fela það starf heldur tveim mönnum, sem ráðherra skipar sérstaklega til þess.“

Fylgiskjal I.

Iðnlánasjóður.

Sjóðurinn tók til starfa (fyrsta lánveitingin) 21. marz 1936.
Til þessa dags hefur sjóðurinn lánað sem hér segir:

A) Talið eftir iðngreinum:

1.	Trésmíði og húsgagnasmíði	kr.	28630.00
2.	Veiðarfæragerð	—	17100.00
3.	Vélsmíði	—	8900.00
4.	Leðuriðnaður	—	5950.00
5.	Skósmíði	—	5900.00
6.	Steinsmíði	—	5000.00
7.	Flókagerð	kr.	5000.00
8.	Leirbrennsla	—	5000.00
9.	Ofnasmíði	—	5000.00
10.	Málaraiðn	—	5000.00
11.	Húsgagnabólstrun	—	4800.00
12.	Ljósmyndasmíði	—	4500.00
13.	Bókband	—	4000.00
14.	Múrsmíði	—	4000.00
15.	Pappaumbúðagerð	—	4000.00
16.	Brauðgerð	—	4000.00
17.	Gull- og silfursmíði	—	3000.00
18.	Hnappagerð	—	3000.00
19.	Nærfatagerð	—	3000.00
20.	Fatagerð	—	3000.00
21.	Sultugerð	—	2800.00
22.	Leikfangagerð	—	2000.00
23.	Ullariðnaður	—	1870.00
24.	Ýmislegt	—	2500.00
		Samtals kr.	137950.00

B) Eftir landshlutum skiptast lánin þannig:

Reykjavík	kr.	89950.00
Akureyri	—	20300.00
Ísafjörður	—	7800.00
Húnavatnssýsla	—	5800.00
Borgarfjarðarsýsla	—	4500.00
Þingeyjarsýsla	—	3500.00
Hafnarfjörður	—	2500.00
Skagafjarðarsýsla	—	2000.00
Eyjafjarðarsýsla	—	1600.00
Samtals	kr.	137950.00

Auk þess er lofað 6 lánum að upphæð ..... kr. 21100.00

Fylgiskjal II.

FÉLAG ÍSL. IÐNREKENDA
Reykjavík.

LANDSSAMBAND IÐNAÐARMANNA
Reykjavík.

Á 5. iðnþingi Íslendinga, er háð var á Ísafirði 23.—27. júní 1939, var kosin 3ja manna nefnd til þess að athuga og koma fram með tillögur til sambandsstjórnar um eflingu iðnlánasjóðs eða stofnun nýrrar lánsstofnunar fyrir iðnaðinn í landinu.

Voru kosnir í nefndina þeir:

Einar Gíslason málarameistari,
Emil Jónsson vitamálastjóri og
Guðmundur Ásbjörnsson, form. Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis.

Nefnd þessi hefur, ásamt Elíasi Halldórssyni, forstöðumanni iðnlánasjóðs, orðið sammála um að leggja til við stjórn Landssambands iðnaðarmanna, að hún hlutist til um, að meðfylgjandi lagafrumvörp, annað um breyting á lögum nr. 12 1935, um iðnlánasjóð, og hitt um iðnlánasjóðsgjald, verði lögð fyrir Alþingi, er nú situr, og nái samþykki þess. Þar sem frumvörpin varða iðjurekendur ekkert síður en iðnaðarmenn, hefur stjórn Félags ísl. iðnrekenda fúslega fallizt á að vera annar aðili að því að óska eftir því við háttvirta iðnaðarnefnd neðri deildar Alþingis, að hún tæki frumvörp þessi að sér til skjótrar og vinsamlegrar fyrirgreiðslu í þinginu.

Frumvörpunum fylgir sameiginleg greinargerð, ásamt yfirliti um lán úr iðnlánasjóði.

Reykjavík, 7. apríl 1941.

Stjórn Landssambands iðnaðarmanna:

Helgi H. Eiríksson. Emil Jónsson. Einar Gíslason.
Guðm. H. Guðmundsson. Sveinbjörn Jónsson.

Stjórn Félags ísl. iðnrekenda:

Sigurj. Pétursson. Arnbjörn Óskarsson. Sig. Waage.
H. Sívertsen. Jón Kjartansson.

Til iðnaðarnefndar neðri deildar Alþingis.

Nd. 187. Frumvarp til laga

um iðnlánasjóðsgjald.

Frá iðnaðarnefnd.

1. gr.

Af öllum innfluttum fullunnum iðnaðarvörum, nema matvælum, eldsneyti og ljósmeti, skal greiða ½% — hálfan af hundraði — af innkaupsverði varanna, og rennur gjald þetta í iðnlánasjóð.

2. gr.

Gjald þetta skal reikna á sama hátt og tolla og önnur aðflutningsgjöld og innheimtist um leið og þau og af sömu aðilum.

3. gr.

Viðskiptamálaráðuneytið skal, í samráði við Landssamband iðnaðarmanna og Félag íslenzkra iðnrekenda, semja skrá yfir vörur þær, sem gjaldskyldar verða samkvæmt lögum þessum, og senda þær öllum innheimtumönnum gjaldsins.

4. gr.

Öll iðnaðar- og iðjufyrirtæki skulu greiða iðnlánasjóðsgjald, sem nemur ¼% — einum fjórða af hundraði — af öllum greiddum launum við fyrirtækið.

5. gr.

Gjald það, sem um ræðir í 4. gr., skal reiknað út af skattanefndum, í Reykjavík af skattstjóra, um leið og tekju- og eignarskattur, og innheimtist á sama hátt og af sömu aðilum.

6. gr.

Undanþegin gjaldi þessu eru þau fyrirtæki, sem eru eins manns eign, enda vinni ekki aðrir en hann við fyrirtækið.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt ósk Landssambands iðnaðarmanna og Félags ísl. iðnrekenda og í sambandi við frv. til l. um breyting á lögum nr. 12 9. jan. 1935, um iðnlánasjóð.

Um frv. þetta vísast því til greinargerðar fyrir ofangreindu frv. um iðnlánasjóð, en auk þess skal þetta tekið fram um einstakar greinar:

Um 1. gr. Rétt þykir, að til styrktar iðnaðinum sé lagt gjald á fullunnar iðnaðarvörur, sem fluttar eru inn, stundum að þarflausu og í samkeppni við innlendan iðnað. Matvæli, eldsneyti og ljósmeti eru þó undanskilin. Skrá sú, sem talað er um í 3. gr., á að innihalda tæmandi upptalningu á þeim vörum, sem þetta gjald greiðist af.

Um 2. gr. Aðferð sú, sem hér er stungið upp á að hafa við útreikning og innheimtu gjaldsins, ætti ekki að þurfa að baka ríkissjóði neinn sérstakan kostnað.

Um 3. gr. Þarf ekki skýringar við.

Um 4. gr. Með ákvæði þessarar greinar á að sýna, að iðnaðar- og iðjufyrirtækin í landinu vilji sjálf leggja eitthvað af mörkum til styrktar málinu, en heimti ekki allt af öðrum, eins og því miður er allt of títt.

Um 5. gr. Hér á við það sama og segir um 2. gr.

Um 6. gr. Grein þessi á að undanþiggja heimilisiðnað og smæstu iðnfyrirtæki greiðslu þess gjalds, sem um ræðir í 4. gr.

Nd. 188. Frumvarp til laga

um bæjarstjórn á Akranesi.

Flm.: Pétur Ottesen.

1. gr.

Akraneskauptún skal tekið í tölu kaupstaðanna og vera lögsagnarumdæmi út af fyrir sig. Nær umdæmið yfir allan hinn núverandi Ytri-Akraneshrepp og heitir Akraneskaupstaður.

Umdæmi þetta skal hér eftir sem hingað til vera í alþingiskjördæmi Borgarfjarðarsýslu, þangað til öðruvísi verður ákveðið.

Þar, sem í lögum þessum er talað um kaupstað eða kaupstaðarbúa, er átt við allt hið nýja umdæmi og íbúa þess.

2. gr.

Ríkisstjórnin skipar fyrir um, hvernig málum þeim í Ytri-Akraneshreppi, sem ekki eru útkljáð þegar lög þessi öðlast gildi, skuli skipt milli sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu og bæjarfógetans á Akranesi.

3. gr.

Verzlunarlóð kaupstaðarins er: Úr Kalmansvíkursandi syðst, sjónhending að vegamótum Innnes- og Kirkjugarðsvegar austan við Jaðarstún, þaðan sjónhending í Merkjaklöpp á Langasandi.

4. gr.

Bæjarfógetinn á Akranesi hefur sömu laun og sýslumenn í lægra launaflokki, sbr. 11. gr. 3. málsgr. laga nr. 71 28. nóv. 1919, og greiðast launin úr ríkissjóði. Hann hefur á hendi öll hin sömu störf og sýslumönnum og bæjarfógetum eru falin, hverjum í sínu umdæmi, dómstjórn, lögreglustjórn, gjaldheimtu á tekjum ríkissjóðs og önnur störf, allt gegn þóknun þeirri, er sýslumönnum og bæjarfógetum er ákveðin í lögum.

5. gr.

Málefnum kaupstaðarins skal stjórnað af bæjarstjórn. Í henni eru kjörnir bæjarfulltrúar, kosnir af bæjarbúum, sem kosningarrétt hafa eftir gildandi lögum.

Bæjarstjórn kýs bæjarstjóra og ákveður laun hans, enda greiðast þau úr bæjarsjóði.

6. gr.

Um kosningu bæjarfulltrúa, tölu þeirra og kjörtímabil fer samkv. lögum um sveitarstjórnarkosningar.

7. gr.

Bæjarstjórn kýs sér forseta úr flokki bæjarfulltrúa, og stjórnar hann umræðum á fundum og sér um, að það, sem ályktað er, sé ritað í gerðabókina. Fundir bæjarstjórnar skulu fara fram í heyranda hljóði. Einstök mál má þó ræða innan luktra dyra, þegar bæjarstjórnin ákveður.

Til þess að lögmæt ákvörðun sé gerð, verður minnst helmingur bæjarfulltrúa að vera á fundi. Atkvæðamagn skal ávallt ráða. Séu jafnmörg atkvæði með og móti, fellur atkvæðisefnið, nema við kosningar, þá ræður hlutkesti. Um kosningu nefnda skal farið samkv. lögum um sveitarstjórnarkosningar.

Það skal kunngert bæjarbúum, hvar og hvenær bæjarstjórnin heldur almenna fundi. Aukafundi má halda, þegar bæjarstjóra þykir nauðsyn til bera, eða þegar minnst helmingur bæjarfulltrúa æskir þess. Bæjarstjóri skal á undan fundum skýra bæjarfulltrúum frá, hver málefni koma fyrir. Allir bæjarfulltrúar, sem eru á fundi, skulu rita nöfn sín undir gerðabókina strax og bókun er lokið, og á sérhver fulltrúi rétt á að fá ágreiningsatriði sitt stuttlega bókað.

Bæjarstjórn setur sjálf fundarsköp sín, en stjórnarráðið staðfestir þau.

8. gr.

Framkvæmd ákvarðana þeirra, sem bæjarstjórn tekur, og forstaða bæjarmálefna er á hendi bæjarstjóra, nema þar sem annað er sérstaklega ákveðið af bæjarstjórn.

Virðist forseta einhver ákvörðun bæjarstjórnar ganga út yfir valdsvið hennar, vera gagnstæð lögum eða skaðleg fyrir bæjarfélagið, eða miði til að færast undan skyldum þeim, er á því hvíla, má hann fella hana úr gildi um sinn, með því að rita álit sitt um hana í gerðabókina. Um þetta skal hann, svo fljótt sem verða má, senda stjórnarráðinu skýrslu, og leggur það úrskurð á málið. Eftirrit af skýrslu forseta skal senda bæjarstjórninni, svo að hún geti gert athugasemdir við hana áður en hún fer til stjórnarráðsins. Með samþykkt, er stjórnarráðið staðfestir, skal setja fastar nefndir til að fara með einstök bæjarmál, og skal í henni kveðið á um skipun, verk-

svið og vald þeirra. Þó má bæjarstjórn fela einum eða fleirum bæjarfulltrúanna framkvæmd einstakra bæjarstarfa, eftir reglum, er hún setur um það.

Allir bæjarfulltrúar eru skyldir að taka að sér þau sérstöku bæjarstörf, sem þeim eru falin á hendur. Fyrir nefndarmenn, kosna utan bæjarstjórnar, gilda sömu synjunarástæður og starfstímatakmörk og um bæjarfulltrúana.

9. gr.

Í málefnum, er snerta uppeldi og fræðslu barna, hefur formaður skólanefndar sæti og tillögurétt á fundum bæjarstjórnar, en atkvæðisrétt því aðeins, að hann sé bæjarfulltrúi.

10. gr.

Bæjarstjórn skipar sýslunarmenn bæjarins og veitir þeim lausn.

Lögregluþjóna og næturverði skipar bæjarstjórn eftir tillögu bæjarfógeta, en hann getur veitt þeim lausn án samþykkis bæjarstjórnar.

Bæjarstjórnin gerir tillögur um skipun yfirsetukvenna og sáttanefndarmanna.

11. gr.

Bæjarstjórn ræður byggingarmálum bæjarins, en byggingarnefnd annast framkvæmd þeirra. Skipa hana bæjarstjóri, sem er formaður hennar, og fjórir menn, er bæjarstjórn kýs, tvo úr sínum flokki.

Þyki lóðareiganda eða lóðarhafa rétti sínum hallað með úrskurði bæjarstjórnar eða byggingarnefndar, má skjóta honum til stjórnarráðsins.

Nú þykir bæjarstjórn rétt, að sett verði fyllri ákvæði um byggingarmál bæjarins en þá er í lögum, og má setja þau með samþykkt, er bæjarstjórn semur eftir tillögum byggingarnefndar og stjórnarráðið staðfestir.

Í byggingarsamþykkt má ákveða sektir fyrir brot, svo og setja reglur um greiðslu þess kostnaðar, er ákvæði byggingarsamþykktar hafa í för með sér. Svo má og ákveða þar hæfileg gjöld fyrir leyfi þau, sem bæjarstjórn og byggingarnefnd veitir.

Nú er byggingarfulltrúi skipaður samkv. byggingarsamþykkt, og má þá ákveða hæfileg gjöld fyrir þau störf hans, er hann leysir af hendi sem byggingarfulltrúi í þarfir einstakra manna, eftir beiðni þeirra. Gjöld fyrir byggingarleyfi og störf einstakra manna skulu hafa lögtaksrétt og renna í bæjarsjóð.

12. gr.

Bæjarstjórn ræður hafnarmálum bæjarfélagsins samkv. lögum um hafnargerð á Akranesi.

13. gr.

Bæjarstjórn, og bæjarstjóri sérstaklega, skal hafa nákvæmar gætur á fjárstjórn bæjarins og sjá um, að skattar og aðrar tekjur séu rétt heimtar og í tækan tíma og teknar lögtaki, ef þess þarf með; enn fremur gæta þess, að geymt sé eftir atvikum ávaxtað fé bæjarins, þangað til á því þarf að halda til þess að greiða gjöld hans. Bæjarstjórn hefur ábyrgð á innstæðum, skuldabréfum og öðrum eignum bæjarins.

14. gr.

Gjaldkeri skal, þegar þess er krafizt, gefa bæjarstjórninni nákvæma skýrslu, er sýni bæði, hvað goldizt hafi í bæjarsjóð og hvað úr honum hafi verið greitt. Eigi má greiða neitt úr bæjarsjóði, nema eftir ávísun bæjarstjóra. Bæjarstjóri ávísar útgjöldum, og skulu þau áður samþykkt af nefnd þeirri innan bæjarstjórnar, er þau heyra undir.

15. gr.

Fyrir opinber uppboðsþing, sem bærinn lætur halda í sínar þarfir, skal ekkert gjald greiða í ríkissjóð.

16. gr.

Bæjarstjórninni er skylt að láta ríkisstjórninni og hagstofunni í té skýrslur þær, sem beðið er um, svo sem um fólkstölu, skepnuhöld, atvinnuvegi og annað ástand.

17. gr.

Bæjarstjórnin má ekki án samþykkis stjórnarráðsins takast á hendur neina skuldbindingu til langframa, sem ekki hvílir á henni samkvæmt lögum, ekki taka af innstæðufé bæjarins, ekki selja né veðsetja fasteignir hans né kaupa nýja fasteign, ekki taka stærri lán eða til lengri tíma en svo, að þau verði borguð aftur af þess árs tekjum, sem í hönd fer, né heldur að endurnýja slík lán eða fresta greiðslu þeirra.

18. gr.

Þegar við lok hvers reikningsárs skal gjaldkeri semja reikning um tekjur og gjöld bæjarins umliðið ár og senda bæjarstjóra fyrir lok marzmánaðar. Lætur bæjarstjóri reikninginn liggja bæjarbúum til sýnis fimmtán daga á hentugum, auglýstum stað.

Endurskoðendur kaupstaðarins eru tveir, og kýs bæjarstjórn þá hlutfallskosningu. Starf það hafa þeir á hendi í þrjú ár og mega ekki eiga sæti í bæjarstjórn þann tíma. Þeir hafa þóknun úr bæjarsjóði fyrir starfa sinn. Auk reikninga bæjarsjóðs skulu þeir rannsaka reikninga þeirra sjóða og stofnana, sem bæjarstjórn hefur umsjón með. Þeir skulu hafa lokið rannsókn á reikningunum innan mánaðar frá því, er þeir fengu þá í hendur.

Þegar gjaldkeri hefur svarað athugasemdum endurskoðenda — en það skal hann hafa gert innan fimmtán daga —, skal leggja reikninginn fyrir bæjarstjórn, er úrskurðar hann og veitir gjaldkera kvittun. Þó má enginn taka þátt í úrskurði, er snertir þau störf, er honum hafa verið sérstaklega á hendur falin.

Nú vill reikningshaldari eða annar, sem hlut á að máli, eigi viðurkenna, að úrskurður bæjarstjórnar sé réttur, enda sé honum lögð peningaábyrgð á hendur, og má hann þá skjóta málinu til dómstólanna.

Þegar lagður hefur verið úrskurður á reikning gjaldkera, á að birta í blaði ágrip af honum, er bæjarstjóri semji. Á það ágrip að vera svo fullkomið, að í því séu tilgreind aðalatriði í tekjum og gjöldum bæjarins.

19. gr.

Innan loka septembermánaðar ár hvert skal senda stjórnarráðinu reikninga yfir umliðið reikningsár.

Komi það fram, að bæjarstjórn hafi greitt ólögmæt gjöld, neitað að greiða gjöld, er hvíla á bænum að lögum, eða á annan hátt ranglega beitt valdi sínu, skal stjórnarráðið gera þær ráðstafanir, er við þarf, og, ef nauðsyn krefur, með lögsókn koma fram ábyrgð á hendur þeim bæjarfulltrúum, sem átt hafa þátt í þessum ályktunum.

20. gr.

Bæjarstjórn semur reglugerð fyrir slökkviliðið, en stjórnarráðið staðfestir hana, og má ákveða sektir fyrir brot gegn ákvæðum reglugerðarinnar, og renna þær í bæjarsjóð. Með mál út af brotum gegn þeirri reglugerð skal farið sem almenn lögreglumál.

21. gr.

Bæjarstjórn hefur umsjón með öllum þeim fyrirtækjum, er bærinn á eða starfrækir, en falið getur hún sérstökum mönnum alla nánari stjórn og umsjón stofnana þessara.

22. gr.

Með samþykkt þeirri, er um getur í 8. gr., má setja nánari reglur um sérhvert atriði í stjórn bæjarins, samkvæmt grundvallarreglum þessara laga, þar á meðal ákveða sektir fyrir brot á þeim.

23. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1942. Gerir stjórnarráðið ráðstafanir til, að þau komist þá þegar til framkvæmda. Falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 22 14. júní 1929, um lögreglustjóra á Akranesi.

Ákvæði um stundarsakir.

Sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu annars vegar og bæjarstjórn Akraness hins vegar gera með sér samning um skipti á eignum og skuldum sýslunnar, svo og ábyrgðarskuldbindingum. Rísi nokkur ágreiningur um þau skipti, sker stjórnarráðið úr.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir ósk hreppsnefndarinnar í Ytri-Akraneshreppi. Í bréfi, sem mér barst frá oddvita hreppsnefndarinnar um þetta efni, dags. 1. þ. m., segir svo:

„Á fundi hreppsnefndar Ytri-Akraneshrepps þann 31. marz þ. á. kom fram svo hljóðandi tillaga:

„Samkvæmt atkvæðagreiðslu, er fram fór þann 30. marz síðastl., þar sem 90% greiddra atkvæða samþykktu, að hreppurinn leitaði til Alþingis um bæjarréttindi, samþykkir hreppsnefndin að fela þingmanni kjördæmisins að flytja þetta mál á Alþingi og leggja áherzlu á, að það nái fram að ganga á yfirstandandi þingi, enda geri hreppsnefndin nú þegar allan undirbúning, er þarf og í hennar valdi stendur.“

Tillaga þessi var samþykkt með fjórum atkvæðum gegn tveimur, fleiri voru ekki á fundi.“

Þess er getið í bréfinu, að þeir, sem greiddu atkvæði gegn tillögunni, hafi gert þá grein fyrir sinni afstöðu, að þeim þætti þátttaka hreppsbúa í atkvæðagreiðslunni of lítil. Þá segir oddvitinn enn fremur:

„Í sambandi við framanskráða fundarsamþykkt vil ég svo skýra gang málsins, eins og hann er samkvæmt bókum hreppsins.

Á hreppsnefndarfundi þann 1. febr. síðastl. var kosin þriggja manna nefnd, er rannsaka skyldi og koma fram með álit sitt um það, hvort tímabært teldist fyrir Akranes að biðja um bæjarréttindi. Á hreppsnefndarfundi þann 17. marz síðastl. kom þessi nefnd fram með álit sitt, og var þá samþykkt, að almennur borgarafundur skyldi haldinn um málið og að honum loknum almenn skrifleg atkvæðagreiðsla. Borgarafundur þessi var svo haldinn þann 20. sama mánaðar, og mættu þar um 60 manns. Var þar lesið nefndarálitið, en annars urðu um málið fremur litlar umræður, aðeins þrír menn tóku til máls, og voru þeir allir fylgjandi bæjarréttindunum. Þann 30. marz var svo almenn atkvæðagreiðsla viðhöfð skriflega, og greiddu 262 menn atkvæði af 1049, sem voru á kjörskrá. Atkvæðagreiðslan fór þannig, að 228 sögðu já, 33 sögðu nei, einn seðill var auður.“

Síðan þetta gerðist, hefur verið haldinn aukasýslufundur í Borgarfjarðarsýslu um málið, og varð á þeim fundi samkomulag milli sýslunefndar og fulltrúa frá hreppsnefnd Ytri-Akraneshrepps, sem mættu á fundinum, um aðalatriðin í fjárskiptum Ytri-Akraneshrepps og sýslunnar. Útskrift úr fundarbók sýslunnar um þetta efni hefur mér enn ekki borizt, en ég mun afhenda hana nefnd þeirri, er fær málið til meðferðar, þegar hún kemur.

Á Akranesi eru nú um 2000 íbúar, og hefur fólki fjölgað þar allört á undanförnum árum. Síðan 1929 hefur verið lögreglustjóri á Akranesi, sem meðal annars hefur haft á hendi lögreglustörf og innheimtu á tekjum ríkissjóðs á staðnum.

Ég hef sent hreppsnefndinni frv. þetta til athugunar, og í bréfi, dags. 16. þ. m., telur oddvitinn, að hún samþykki það eins og það liggur fyrir.

Ed. 189. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 48 19. maí 1930, um gagnfræðaskóla.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

Síðari málsgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er enn fremur ríkisstjórninni að láta efna til gagnfræðaskóla á Siglufirði, Norðfirði og Seyðisfirði, þegar kaupstaðir þessir óska þess og uppfylla skilyrði laga þessara.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt tilmælum þingmanns Seyðfirðinga og samkvæmt ósk bæjarstjórnar Seyðisfjarðar. En Seyðisfjörður er hinn eini kaupstaðanna, sem lögin um gagnfræðaskóla ná eigi til. Er það eindregin ósk bæjarstjórnarinnar og bæjarbúa yfirleitt, að úr þessu misræmi verði nú bætt. Undanfarin ár hefur starfað unglingaskóli á Seyðisfirði, og hefur hann fengið húsrúm í barnaskólanum. Til bráðabirgða má gera ráð fyrir, að gagnfræðaskólinn geti notazt við þetta húsnæði.

Nd. 190. Frumvarp til laga

um húsmæðrafræðslu í kaupstöðum.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

Stofna skal húsmæðraskóla í kaupstöðum, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum og úr viðkomandi bæjarsjóði og þeim skilyrðum fullnægt, sem sett eru í lögum þessum.

2. gr.

Tilgangur húsmæðraskóla er að veita stúlkum þá fræðslu og tækni, sem nauðsynleg er til að inna af hendi venjuleg heimilisstörf og stjórna heimili.

3. gr.

Nemendur skulu ekki vera yngri en 16 ára. Skólanefnd er þó heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði, þegar sérstakar ástæður liggja til.

4. gr.

Námstími skal vera eitt eða tvö skólaár, eða minnst 3 mánaða námskeið. Skólaár miðast við minnst 7 mánaða kennslu.

Halda má skemmri námskeið í verklegum greinum, en styrkhæf eru þau þó því aðeins, að þau standi a. m. k. í fjórar vikur.

5. gr.

Aðalnámsgreinar skulu vera: Íslenzka, búreikningur, uppeldisfræði, matreiðsla, handiðnir og heimilisstörf. Enn fremur skal leiðbeina nokkuð um heilsufræði, hjúkrun, meðferð ungbarna og garðrækt.

6. gr.

Fimm manna nefnd skal hafa yfirstjórn húsmæðraskóla. Skipar kennslumálaráðherra formann skólanefndar, en aðrir nefndarmenn skulu kosnir af bæjarstjórn.

Bæjarstjórnum er heimilt að fela kvenfélögum eða kvenfélagasamböndum tilnefning skólanefndarmanna. Nú leggja kvenfélög eða kvenfélagasambönd fram fé til stofnkostnaðar, og er þá skylt að fela þeim tilnefning svo margra skólanefndarmanna sem ráðherra úrskurðar.

Skólanefnd skal kosin til 4 ára í senn.

7. gr.

Forstöðukona og fastir kennarar húsmæðraskóla skulu skipaðir af ráðherra, að fengnum tillögum skólanefndar. Aðra kennara og starfsmenn ræður forstöðukona með samþykki skólanefndar.

Skólanefnd getur sagt forstöðukonu og föstum kennurum upp störfum með 6 mánaða fyrirvara, en þeir eiga rétt til að skjóta málinu til úrskurðar ráðherra.

8. gr.

Ríkissjóður leggur fram helming stofnkostnaðar húsmæðraskólanna.

Árlegan ríkisstyrk skal miða við 7 mánaða kennslu, og hækkar hann hlutfallslega, ef lengur er kennt.

Ríkissjóður greiðir árlega kr. 6750.00 fyrir fyrstu 15 nemendur og kr. 400.00 fyrir hvern nemanda, sem þar er umfram.

Ríkissjóðsstyrkur fyrir 3 mánaða námskeið eða lengri greiðist eftir sömu reglu, í hlutfalli við tímalengd.

Nú eru haldin skemmri námskeið, er standi þó a. m. k. í 4 vikur, og greiðir ríkissjóður frá 10 kr. vegna vikukennslu hvers nemanda.

Bæjarsjóður ber ábyrgð á rekstrarkostnaði húsmæðraskóla. Óheimilt er að taka kennslugjald.

9. gr.

Nú er stofnun húsmæðraskóla ráðin, og skal þá bæjarstjórn skipa byggingarnefnd, sem undirbýr uppdrætti að skólahúsi og gerir tillögu um skólastað. Bæjarstjórn úrskurðar um skólastað og leggur ókeypis lóð og ræktunarland til skólans. Fræðslumálastjórnin úrskurðar um skólahústeikningu.

Húsmæðraskóli skal eiga öll nauðsynlegustu tæki til verklegrar kennslu, og telst kostnaðarverð þeirra til stofnkostnaðar. Húsmæðraskóli skal og hafa til umráða landrými til nokkurrar garðræktar og annars smábúskapar.

Ef henta þykir, má koma á heimavist fyrir ákveðna tölu nemenda. Fræðslumálastjórnin úrskurðar um heimavistargjald, eftir tillögum skólanefndar.

10. gr.

Nú er húsmæðraskóli rekinn í leiguhúsnæði, og greiðir ríkissjóður þá árlega hálfa húsaleigu, enda samþykki fræðslumálastjórnin húsnæði og leigumála.

Heimilt er skólanefnd, með samþykki bæjarstjórnar og ráðherra, að kaupa eldra húsnæði til húsmæðraskólahalds.

11. gr.

Heimilt er að setja á stofn húsmæðrakennaradeild í sambandi við húsmæðraskóla Reykjavíkur eða sem sjálfstæða stofnun. Stofnkostnaður og árlegur rekstrarkostnaður kennaradeildarinnar greiðist úr ríkissjóði. Fræðslumálastjórnin sér um framkvæmd þessarar heimildar, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum.

Tilgangur húsmæðrakennaradeildar er að veita hæfilega menntun húsmæðrakennslukonum, matreiðslukennurum við barnaskóla, ráðskonum sjúkrahúsa og heimavista o. s. frv.

Skal heimild þessi framkvæmd í sambandi við heimild um stofnun húsmæðra-

kennaraskóla í 13. gr. laga nr. 60 1938, um húsmæðrafræðslu í sveitum, þannig að samstarf um fræðsluna verði sem mest og kostnaður sem minnstur á báðum stöðum.

12. gr.

Fræðslumálastjórnin setur, að fengnum tillögum viðkomandi skólanefndar, reglugerð um skólahaldið, og skal þar nánar ákveðið um kennslutilhögun, námsgreinar, kennslutæki, heimilishætti og annað það, sem þurfa þykir.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á Alþingi 1938 voru afgreidd lög um húsmæðrafræðslu í sveitum og þá jafnframt borin fram af menntamálanefnd efri deildar og samþykkt í einu hljóði svofelld tillaga til þingsályktunar:

„Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa og leggja fyrir næsta Alþingi ýtarlegt frv. um húsmæðrafræðslu í kaupstöðum landsins."

Fyrir þessari tillögu var gerð svo hljóðandi grein:

„Fyrir þinginu liggja nú tvö frv. um húsmæðrafræðslu, annað um húsmæðrafræðslu í sveitum og hitt um húsmæðrakennaraskóla Íslands og húsmæðraskóla í Reykjavík. Frv. um húsmæðrafræðslu í sveitum hefur verið mjög rækilega undirbúið og samið með sérstöku tilliti til ástæðna í sveitum, og er miðað við það, að geta fullnægt kröfum kvenna í öllum sveitum landsins. Enn sem komið er vantar sams konar undirbúning að löggjöf um heildarskipulag að því er snertir húsmæðrafræðslu í kaupstöðum. Virðist nefndinni nauðsynlegt, að ríkisstjórnin láti undirbúa málið á þeim grundvelli fyrir næsta Alþingi, svo að þá verði hægt að ljúka við almenna löggjöf um húsmæðrafræðslu í öllum kaupstöðum landsins."

Með þessari afgreiðslu málsins á Alþingi 1938 var í rauninni gerður samningur um, að löggjöf um húsmæðrafræðslu í kaupstöðum skyldi sett þegar er undirbúningi málsins væri lokið.

Menntamálanefnd neðri deildar hefur borizt bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, dags. 7. marz, svo hljóðandi:

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið.

Reykjavík, 7. marz 1941.

Jafnframt því að senda hinni háttvirtu menntamálanefnd neðri deildar hjálagt frumvarp til laga um húsmæðraskóla í Reykjavík, vill ráðuneytið hér með biðja nefndina að athuga frumvarpið og flytja það á yfirstandandi Alþingi, eins og það er eða með þeim breytingum, sem henni kann að þykja ástæða til að gera á því.

Hermann Jónasson.

Gunnl. E. Briem.

Til menntamálanefndar neðri deildar Alþingis.

Hefur nefndin haft málið til athugunar og orðið ásátt um að breyta því í almenna heimild um stofnun húsmæðraskóla í kaupstöðum, eins og Alþingi hefur áður gefið fyrirheit um.

Um einstakar greinar frumvarps nefndarinnar er ekki ástæða til að fjölyrða. Öll almenn ákvæði eru í samræmi við hliðstæða löggjöf, og eru nefndarmenn sammála um alla höfuðdrætti málsins, og áskilja sér þó rétt til að bera fram brtt. um einstök atriði. Þó skal sérstaklega bent á 11. gr., um húsmæðrakennaradeild við húsmæðraskóla Reykjavíkur, en sú tillaga er flutt í tilefni af bréfi atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, dags. 8. apríl, er svo hljóðar:

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið.

Reykjavík, 8. apríl 1941.

Með skírskotun til bréfs ráðuneytisins, dags. 7. f. m., þar sem hin háttvirta menntamálanefnd var beðin um að flytja á Alþingi frumvarp til laga um húsmæðraskóla í Reykjavík, eru það tilmæli ráðuneytisins, að menntamálanefndin taki til athugunar, hvort rétt sé að stofna sérstaka kennaradeild í sambandi við húsmæðraskólann, en menntamálanefndinni mun hafa verið sent frumvarp til laga um stofnun skóla fyrir hússtjórnarkennslukonur.

F. h. r.
E. u.

Páll Pálmason.

Til menntamálanefndar neðri deildar Alþingis.

Telur nefndin rétt, að fræðslumálaráðuneytið samræmi þær tvær heimildir, sem gefnar eru í 11. gr. þessa frv. og í 13. gr. laga nr. 60 1938, og skipi svo fræðslu húsmæðrakennara, að nokkur hluti hennar sé veittur í kaupstað og annað í sveit, eftir því sem bezt hentar. Eru heimildirnar báðar nægilega rúmar til þess, að samstarf húsmæðrakennsludeildanna og fyrirkomulag kennslunnar geti orðið eins og fræðslumálastjórnin telur hagkvæmast, að undangenginni nánari rannsókn.

Tveir húsmæðraskólar í kaupstöðum munu þegar falla undir þessi lög: húsmæðraskólinn á Ísafirði, sem kvenfélagið Ósk hefur haldið uppi í mörg ár við góðan orðstír, og húsmæðraskóli Reykjavíkur, sem nú er í stofnun.

Tvö fylgiskjöl fylgja hér með:

1. Frv. til l. um hússtjórnarskóla í Reykjavík, sent menntamálanefnd með bréfi atv.- og samgöngumálaráðuneytisins, dags. 7. marz, og
2. Tillögur kennarafélagsins „Hússtjórn“ um kennaraskóla fyrir húsmæðra- og skólaeldhúskennslukonur, sbr. bréf atv.- og samgöngumálaráðuneytisins, dags. 8. apríl.

Fylgiskjal I.

Frumvarp til laga um hússtjórnarskóla í Reykjavík.

(Sent menntamálanefnd Nd. af atv.- og samgöngumálaráðuneyti.)

1. gr. Stofna skal hússtjórnarskóla í Reykjavík, þegar bæjarstjórn kaupstaðarins ákveður það og veitt verður til þess fé úr bæjarsjóði. Skólinn verður eign Reykjavíkurkaupstaðar, en ríkissjóður leggur fram helming alls stofnkostnaðar skólans, þegar fé verður veitt til þess í fjárlögum.

2. gr. Tilgangur skólans er fyrst og fremst að veita konum þá þekkingu, sem nauðsynleg telst til þess að inna af hendi venjuleg heimilisstörf og stjórna heimili.

3. gr. Nemendur skulu ekki vera yngri en 16 ára. Heimilt er þó forstöðukonu, í samráði við skólanefnd, að veita undanþágu frá þessu ákvæði, þegar ástæða þykir til.

4. gr. Reglulegir nemendur skólans skulu stunda þar nám eitt skólaár, en það er níu og hálfs mánaðar kennslutími.

Skólinn heldur einnig námskeið í matreiðslu, eftir því sem henta þykir, og ákveður ráðuneytið námstíma og námsgreinar á þeim, samkvæmt tillögum skólanefndar. Eitt slíkra námskeiða skal haldið fyrir matsveina.

Á námskeiðum skal lögð aðaláherzla á verklegar námsgreinar.

5. gr. Kennsla skal vera bæði bókleg og verkleg.

Námsgreinar eru:

Íslenzka, búreikningahald, matarefnafræði, matreiðsla, hússtjórn, þvottur, þjón-

ustubrögð, ræsting, vefnaður, handavinna og garðrækt. Enn fremur skal leiðbeina nokkuð í heilsufræði og heimilishjúkrun, meðferð ungbarna og uppeldisfræði.

6. gr. Fimm manna nefnd hefur yfirstjórn skólans. Skipar kennslumálaráðuneytið tvo nefndarmenn, og skal annar þeirra vera formaður nefndarinnar. Hina þrjá kýs bæjarstjórn Reykjavíkur. Nefndin er skipuð og kosin til fjögurra ára í senn. Daglega stjórn skólans annast forstöðukona, sem skal hafa lokið kennaraprófi í húsmæðrafræðum. Skal hún og fastir kennarar skólans skipaðir af ráðuneytinu samkvæmt tillögum skólanefndar. Aðra starfsmenn skólans ræður forstöðukona með samþykki skólanefndar.

7. gr. Skólinn skal eiga öll tæki og áhöld, sem nauðsynleg teljast til verklegrar kennslu þeirra námsgreina, sem kenna skal, og telst kaupverð þeirra til stofnkostnaðar skólans. Námsbækur leggja nemendur sér til sjálfir.

Meðan ekki verður reist hús handa skólanum, greiðir ríkissjóður leigu af húsnæði skólans að hálfu, enda samþykki ráðuneytið húsnæði og leigumála.

8. gr. Nú ákveður bæjarstjórn að reisa skólahús, og skipar hún þá nefnd til þess að velja skólanum stað, undirbúa og láta gera uppdrætti af húsinu. Að fengnum tillögum skólahússnefndar, ákveður bæjarstjórn skólastaðinn, og leggur Reykjavíkurkaupstaður til ókeypis lóð undir skólann úr landi kaupstaðarins. Skólinn skal hafa nokkurt landrými til umráða til garðræktar. Húsið skal reist með það fyrir augum, að nokkur hluti nemenda geti átt kost á heimavist í skólanum. Leitað skal staðfestingar ráðuneytisins á uppdráttum að skólahúsinu.

9. gr. Ríkissjóður styrkir húsmæðraskólann eftir þessum reglum:

1. Fyrir allt að 30 nemendur greiðast kr. 18325.00, miðað við 9½ kennslumánuð.
2. Fyrir hvern reglulegan nemanda, sem er umfram, greiðast kr. 550.00. Auk þess má veita skólanum sérstaka upphæð til styrktar fátækum nemendum.

Kostnað allan við námskeið skólans greiðir ríkissjóður að hálfu, gegn hálfu tillagi annars staðar að.

Nú fer nemendatala skólans eitthvert skólaár niður úr 20, og á hann þá ekki kröfu á styrk á næsta skólaári, nema því aðeins, að nemendur verði þá 20 eða fleiri.

10. gr. Nemendur greiða ekkert skólagjald. Fyrir heimavist í skólanum greiðist gjald, sem ráðuneytið ákveður eftir tillögum skólanefndar.

11. gr. Ráðuneytið setur, að fengnum tillögum skólanefndar, reglur um skólahaldið, bæði við aðalskólann og námskeiðin, og ákveður þar nánar um kennslutilhögun, námsgreinar, kennslutæki, heimilishætti og annað það, sem þurfa þykir.

12. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Á Alþingi 1936, 1937 og 1938 kom fram frumvarp um húsmæðrafræðslu, er varð að lögum 11. júní s. á. með nafninu: lög um húsmæðrafræðslu í sveitum. Á þinginu 1938 kom einnig fram frumvarp um stofnun húsmæðrakennaraskóla Íslands og húsmæðraskóla í Reykjavík eða nágrenni hennar, en það frumvarp varð ekki útrætt. Á sama þingi var samþykkt þingsályktun um undirbúning löggjafar um húsmæðrafræðslu í kaupstöðum landsins. Tillaga til þingsályktunar um húsmæðrafræðslu var enn fremur borin fram á síðasta Alþingi, en varð ekki útrædd.

Enda þótt þingsályktunin frá 1938 geri ráð fyrir því, að sett verði löggjöf um húsmæðrafræðslu í kaupstöðum landsins, hefur ekki þótt ástæða til svo víðtækrar löggjafar að sinni, enda hafa ekki borizt neinar óskir um undirbúning slíkrar löggjafar, nema að því er Reykjavík snertir. Þar hafa ýmsar framtakssamar konur hafið undirbúning að stofnun húsmæðraskóla og óskað liðsinnis ríkisstjórnarinnar til þess að koma málinu áleiðis. Hefur því ráðuneytið látið semja frumvarp þetta um húsmæðrakennaraskóla í Reykjavík, og hefur það verið sniðið í samræmi við lögin um húsmæðrafræðslu í sveitum, eftir því sem við gat átt.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því, að ríkissjóður greiði stofnkostnað skólans að hálfu. Í samræmi við það ákvæði er gert ráð fyrir, að ríkissjóður greiði húsaleigukostnað skólans að hálfu á meðan skólinn kynni að þurfa að hafast við í leiguhúsnæði.

Styrkur sá, sem frumvarpið ætlar skólanum úr ríkissjóði, er ákveðinn sem næst í samræmi við þann styrk, sem sveitahúsmæðraskólum er ætlaður í lögunum frá 1938. Gert er ráð fyrir, að í skólanum verði að jafnaði að minnsta kosti 30 reglulegir nemendur í 9½ mánuð á ári, og sé styrkurinn 18325 krónur fyrir þann nemendafjölda, en í sveitaskólunum er gert ráð fyrir 15 nemendum og 6750 króna styrk, miðað við 7 mánaða kennslu á ári. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir 550 kr. fyrir hvern reglulegan nemanda umfram 30, miðað við 9½ mánaðar árskennslu, en til sveitaskólanna greiðast 400 krónur fyrir hvern nemanda, sem er umfram 15, miðað við 7 mánaða árskennslutíma. Er þetta nærri því nákvæmlega sama upphæð hlutfallslega, þegar tekið er tillit til hins lengri kennslutíma samkvæmt frumvarpinu.

Einstakar greinar frumvarpsins gefa ekki ástæðu til sérstakra athugasemda umfram það, sem sagt er hér að framan.

Fylgiskjal II.

Tillögur kennarafélagsins „Húsmæðra- og skólaeldhúskonur.

Kennarafélagið „Húsmæðra- og skólaeldhúskonur", sem er félag matreiðslukennslukvenna, leyfir sér hér með að skora á hið háa Alþingi að veita fé til þess að koma á fót og reka kennslukonuskóla fyrir kennslukonuefni við húsmæðraskóla og skólaeldhús hér að hausti.

Þetta er mjög aðkallandi nauðsynjamál, og viljum við leyfa okkur að rökstyðja það hér nánar.

Húsmæðraskóla- og skólaeldhúskennslukonur okkar hafa hingað til orðið að leita til nágrannaþjóðanna og fengið þar menntun sína. Það er augljóst, að slíkt fyrirkomulag er mjög óheppilegt, því hið eðlilega er, að húsmæðrafræðsla landsins byggist á innlendri reynslu og sé í samræmi við alla staðhætti og ástæður þjóðarinnar.

Þörf nýrra kennslukrafta í húsmæðrafræðslu eykst stöðugt í landinu, og má í því sambandi benda á, að nú í vetur hefur reynzt ókleift að notfæra sér hin ágætu skólaeldhús bæjarins til kvöldnámskeiða í húsmæðrafræðslu, vegna eklu á kennslukonum, því þær eru allar í föstum stöðum. Af sömu ástæðum hafa engin námskeið verið haldin í sveitum og kaupstöðum landsins í vetur.

Alls eru 7 húsmæðraskólar starfandi í sveitum og kaupstöðum hér á landi, og auk þeirra 3 skólaeldhús. Þetta eru samtals 10 stofnanir. Hver húsmæðraskóli verður að láta sér nægja 1 kennslukonu í húsmæðrafræðslu, en að sjálfsögðu væri heppilegra, að 2 kennslukonur með þá kunnáttu störfuðu við stærri skólana.

Gert er ráð fyrir, að komið verði á fót húsmæðraskóla hér í Reykjavík, einnig er nauðsynlegt, að námskeið séu haldin í húsmæðrafræðslu víðsvegar á landinu. Eins og áður segir, eru hér nú 3 skólaeldhús. Æskilegt væri, að þeim yrði fjölgað þannig, að í framtíðinni yrði stúlkum á aldrinum 12—14 ára kennd undirstöðuatriði í matreiðslu, að minnsta kosti í öllum barnaskólum í kaupstöðum og heimavistarskólum landsins; væri því ágætt, að stúlkur með kennaraprófi tækju einnig skólaeldhúskennslukonupróf og kenndu þá bæði venjuleg skólafög og matreiðslu í barnaskólum.

Að framan hefur verið bent á, hve mikil þörf sé á fleiri húsmæðrakennslukonum í landinu, því vanti kennslukrafta, getur húsmæðrafræðslan á Íslandi ekki aukizt, og er það illa farið, því hvaða menntun er gagnlegri og nauðsynlegri kvenþjóðinni en góð undirstöðumenntun til þess að geta stjórnað heimili með hagsýni og myndarskap?

Skólinn verður að vera í Reykjavík, vegna þess að þar er hægt að hafa aðgang að ýmsum stofnunum til styrktar við kennsluna. Hliðstæð aðstaða er ekki til annars

staðar hér á landi, því í Reykjavík er hægt að fá kennara, þá fullkomnustu, sem völ er á í hverri námsgrein, t. d. læknir kennir heilsufræði, grasafræðingur grasafræði og þannig mætti nefna öll fögin. Einnig þarf skólinn að vera í samvinnu við aðra skóla og stofnanir í Reykjavík. Nemendur þurfa að fá kennsluæfingar í barnaskóla-eldhúsunum, einnig kennslu í hjúkrun sjúkra og meðferð ungbarna. Í atvinnudeild háskólans væri æskilegt, að kennslukonuefni fengju tilsögn í efnafræði og vöruþekkingu, enn fremur þyrftu þær að hafa aðgang að fyrirlestrum við háskólann og öðru þar, sem að gagni mætti koma. Nytu nemendurnir tilsagnar sem hér hefur verið bent á, þyrfti ef til vill aðeins eina fasta húsmæðrakennslukonu við skólann, hún á að kenna allan matartilbúning, ræstingu, þvott og næringarefnafræði.

Það má benda á, að í atvinnudeild háskólans, sem er eign ríkisins, mun vera nokkurt húsrúm ónotað í bili, sem ef til vill mætti fá til afnota, einnig væri hugsanlegt, að til greina gæti komið húsnæði hjá hinum væntanlega húsmæðraskóla Reykjavíkur. Myndi það létta mjög mikið á stofnkostnaði skólans, því skólinn þarf ekki annað húsnæði en eldhús og þvottahús, sem hvort tveggja þarf að vera með fullkomnum útbúnaði.

Hér fer á eftir áætlun um kostnað af rekstri skólans eitt starfsár, 10 mánuði. Áætlunin er miðuð við 6—8 nemendur. Gert er ráð fyrir forstöðukonu, sem kenni verklegu fögin.

Kaup hennar er áætlað kr. 5752.00 á ári. Að líkindum þarf hún einhverja aðstoð, en ekki verður það stór kostnaðarliður. Önnur kennsla yrði svo stundakennsla, bóklegir tímar allt að 720 á starfsári. Kaup stundakennara er nú kr. 4.00 pr. klst., og kostar þá stundakennslan alls kr. 2880.00.

Auk þessa verður að gera ráð fyrir 1000 kr. til ljósa, hita og eldfæra. Æskilegast væri, að ríkið borgaði allan mat og annað, sem til kennslunnar þarf. Myndi sá kostnaður nema kr. 60.00 pr. mánuð á nemanda, miðað við venjulega tíma (venjulegt verðlag). Einnig gæti komið til mála, að nemendur greiddu fyrir þann mat, er þær neyttu í skólanum. Enn fremur má gera ráð fyrir kr. 2000.00—3000.00 stofnkostnaði vegna kaupa á kennsluáhöldum og innréttingar á kennslueldhúsi.

Stofnkostnaður kr. 3000.00.

Kostnaðaráætlun fyrir 1 starfsár:

1.	Kaup forstöðukonu	kr. 5752.00
2.	— stundakennara	— 2880.00
3.	Ljós, hiti og eldfæri	— 1000.00
		Samtals kr. 9632.00

Með þessu fyrirkomulagi á skólanum er gert ráð fyrir, að nemendurnir búi úti í bæ.

Að öllu athuguðu mun stofnkostnaður og rekstrarkostnaður vera minni, ef skólinn er rekinn hér í Reykjavík.

Alltaf hefur verið mikil þörf fyrir húsmæðra- og skólaeldhúskennslukonuskóla hér á landi, en nú er nauðsynlegt að stofnsetja hann strax, að öðrum kosti verður húsmæðrafræðsla landsins að standa í stað um óákveðinn tíma, því matreiðslukennsla sú, sem veitt er af konum, sem ekki hafa fengið menntun til þess að kenna, hefur mjög vafasaman árangur

Við þykjumst þess fullvissar, að skóli þessi gæti orðið mjög gagnlegur og myndi drjúgum styðja að því, að verðmæti hinna mörgu milljóna, sem ganga í gegnum hendur húsmæðranna, myndi verða betur hagnýtt en nú og á þann hátt efla þjóðarbúskapinn.

Reykjavík, 5. marz 1941.

Virðingarfyllst,

F. h. kennarafélagsins „Húsmæðrakennarafélagsins“

Helga Sigurðardóttir,

formaður.

Til Alþingis.

Frumvarp til laga um kennaraskóla fyrir húsmæðra- og skólaeldhúskennslukonur.

1. gr. Í Reykjavík skal setja á stofn kennslukonuskóla, og sé það tilgangur skólans að veita nemendum sínum nægilega kunnáttu til að verða kennslukonur í matreiðslu við barnaskóla landsins og kennslukonur við húsmæðraskóla.

2. gr. Ríkissjóður leggur fram stofnkostnað skólans, og starfræksla hans skal kostuð af ríkisfé. Stendur skólinn undir kennslumálaráðuneytinu.

3. gr. Kennslumálaráðuneytið skipar forstöðukonu skólans. Enn fremur skipar kennslumálaráðuneytið þriggja manna skólanefnd. Í skólanefnd skulu eiga sæti að minnsta kosti tvær konur, og er önnur þeirra matreiðslukennari. Ráðuneytið ákveður, hver skuli hafa á hendi formannsstarf í nefndinni. Afl atkvæða ræður úrslitum hjá skólanefndinni. Skólanefnd ræður kennara í samráði við forstöðukonu skólans og hefur að öðru leyti alla yfirstjórn skólans.

4. gr. Skólinn sé í tveim deildum:

A-deild: 10 mánaða skóli fyrir konur, sem hafa tekið kennarapróf og ætla að hafa á hendi matreiðslukennslu við skólaeldhús.

B-deild: 2ja ára skóli fyrir væntanlegar kennslukonur við húsmæðraskóla landsins. Kennslukonuefnin í þessari deild skulu hafa almenna bóklega menntun sem svarar burtfararprófi frá gagnfræðaskóla, eða hafa aðra hliðstæða menntun. Enn fremur skulu þær hafa notið kennslu í húsmæðraskóla í minnst fjóra mánuði, og sýna meðmæli þaðan.

5. gr. Það eru sameiginleg inntökuskilyrði fyrir báðar deildir skólans:

1. Umsækjandi sé 21 árs.
2. Umsækjandi leggi fram glögg skilríki um góða heilsu og reglusemi.

6. gr. Námsgreinar skólans skulu vera þessar:

Í A-deild: Matreiðsla, ræsting, þvottur, næringarefnafræði, bætiefnafræði, heilsufræði, lífeðlisfræði, hjálp í viðlögum, efnafræði, vöruþekking, uppeldisfræði og reikningshald.

Í B-deild: Sömu námsgreinar sem í A-deild, en auk þeirra garðrækt, húsdýrarækt og aukin kennsla í matreiðslu (slátur, meðferð á mjólkurafurðum o. fl.).

7. gr. Kennslumálaráðuneytið setur reglugerð fyrir skólann, að fengnum tillögum skólanefndar. Í reglugerðinni skal ákveða nánar um allt fyrirkomulag skólans, þar á meðal um námsgreinar, skipulag kennslunnar, skólatíma, próf og annað, sem starfi skólans við kemur.

8. gr. Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ed. 191. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Magnúsi Jónssyni.

Við 4. gr. staflið c. Stafliðurinn fellur niður, og breytast stafir og greinatal samkvæmt því.

Ed. 192. Breytingartillaga

við frv. til l. um stríðsgróðaskatt.

Frá Magnúsi Jónssyni og Bjarna Snæbjörnssyni.

Við 2. gr.

a. Í stað „25%“ kemur: 33⅓%.
b. Við greinina bætist: Það, sem þá er afgangs af stríðsgróðaskatti, geymist á reikningi sveitarfélagsins eða bæjarfélagsins og greiðist til hafnarbóta eða annarra

þeirra verklegra framkvæmda, sem sveitarfélagið eða bæjarfélagið ræðst í til hagsbóta útgerðinni á þeim stað, enda samþykki atvinnumálaráðherra ráðstöfunina.

Ed. 193. Nefndarálit

um frumvarp til laga um fjarskipti.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 17. apríl 1941.

Páll Zóphóníasson, form.	Árni Jónsson, fundaskr., frsm.	Bernh. Stefánsson.

Ed. 194. Lög

um heimild fyrir ríkissjóð til að taka 10 milljón króna innanríkislán.

(Afgreidd frá Ed. 17. apríl).

Samhljóða þskj. 68.

Ed. 195. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Bjarna Snæbjörnssyni.

Við 4. gr. staflið d. (58. gr.). Í stað „¼“ á tveim stöðum í síðari málsgr. komi: ½.

Nd. 196. Frumvarp til laga

um ábyrgð ríkisins og hlutafjárframlag til Vestfjarðabáts.

Frá samgöngumálanefnd.

1. gr.

Ef stofnað verður hlutafélag við Ísafjarðardjúp til þess að láta smíða skip til flutningaferða þar, eigi minna en 45—55 smálesta, heimilast ríkisstjórninni að ábyrgjast allt að 50 þúsund króna lán, sem félagið tekur í því skyni, enda sé lánið tryggt með 1. veðrétti í skipinu.

2. gr.

Til sama félags leggur ríkissjóður fram vegna kaupa á skipi eða smíði hlutafé, allt að helmingi stofnkostnaðar, sem greiðist í tveim jöfnum greiðslum, á fyrsta og öðru stofnári.

3. gr.

Ríkisstjórnin á rétt á að skipa einn mann í stjórn félagsins og annan endurskoðanda þess.

Á meðan ríkið er í ábyrgð fyrir félagið, má eigi greiða hluthöfum hærri arð en 5% og aldrei yfir ⅓ af hreinum ársarði félagsins.

Greinargerð.

Fyrir Alþingi liggur erindi frá nefndarmönnum í Norður-Ísafjarðarsýslu og Ísafjarðarkaupstað, þar sem farið er fram á allt að 200 þús. kr. styrk úr ríkissjóði til að koma upp hentugum bát til fólks- og vöruflutninga milli byggða í Norður-Ísafjarðarsýslu og í grennd. Styðja þeir kröfur sínar um svo ríflegan styrk í þessu skyni við það, að þannig hagi til um samgönguskilyrði í þessum byggðum, að slíkum bát og lendingarbótum á aðalhöfnum hans megi líkja við þjóðvegi annars staðar.

Samgöngumálanefndir beggja deilda Alþingis hafa haft mál þetta til athugunar og fallizt á, að hér standi svo sérstaklega á, að ástæða sé til, að ríkissjóður styðji framkvæmdir þessar mjög verulega. Féllust nefndirnar einróma á, að það yrði gert á þann hátt, er greinir í frv. þessu.

Ed. 197. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 73 31. des. 1937, um gjaldeyrisverzlun o. fl., og lögum nr. 115 31. maí 1940, um breyt. á þeim lögum.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarp þetta, svo og bréf viðskiptamálaráðherra, dags. 13. marz þ. á., þar sem hann óskar, samkvæmt tillögu póst- og símamálastjóra, einnar breytingar á frumvarpinu. Þótti nefndinni rétt að bera fram þessa breytingu og mælir því með, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 1. gr. Greinin orðast svo:

A. Fyrsti málsliður 1. gr. laga nr. 73 31. des. 1937 hljóði svo:
Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands h/f hafa einkarétt til þess að verzla með erlendan gjaldeyri, þar til öðruvísi kann að verða ákveðið; þó er póststjórninni heimiluð slík verzlun innan þeirra takmarka, sem ráðherra setur.

B. Aftan við 2. málsgr. 1. gr. laganna bætist: Enn fremur ákvæði um það, að allur annar erlendur gjaldeyrir, sem menn eiga eða eignast, renni til þeirra.

Alþingi, 17. apríl 1941.

Magnús Jónsson, form.	Bernh. Stefánsson, fundaskr., frsm.	Sigurjón Á. Ólafsson.

Nd. 198. Nefndarálit

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka á leigu húsnæði í sveitum og kauptúnum o. fl.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta og orðið sammála um að samþykkja það óbreytt.

Alþingi, 17. apríl 1941.

Bergur Jónsson, form. Vilm. Jónsson, fundaskr. Garðar Þorsteinsson, frsm.
Gísli Guðmundsson. Jóh. G. Möller.

Ed. 199. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Páli Zóphóníassyni.

1. Við 3. gr.
   a. Í stað a—c-liða komi:

Fyrir einstakling	kr.	900.00
Fyrir hjón	—	1800.00
Fyrir hvert barn	—	700.00

   b. Fyrir „skylduómaga“ komi: ómaga.
2. Á eftir 3. gr. komi 3 nýjar gr., er verða 4.—6. gr., svo hljóðandi:
   a. (4. gr.) b-liður 19. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935 orðist svo:
      Búpening skal telja svo, sem hann væri fram genginn í fardögum næst á eftir, og með verðlagi, er ríkisskattanefnd ákveður til 10 ára í senn, að fengnum tillögum yfirskattanefnda, og í fyrsta sinn fyrir 1. jan. 1942.
   b. (5. gr.)
      1. a-liður 30. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935 orðist svo:
         Skattanefndarmenn skulu hafa 10 kr. fyrir hvern starfsdag nefndarinnar, og er ráðherra heimilt að greiða þeim dýrtíðaruppbót á það, eftir vísitölu kauplagsnefndar.
      2. b-liður sömu greinar orðist svo:
         Yfirskattanefndarmenn utan Reykjavíkur fá 10 kr. á dag og ferðakostnað. Heimilt er ráðherra að veita þeim dýrtíðaruppbót eftir vísitölu kauplagsnefndar. Borgun til formanna telst þó innifalin í embættislaunum þeirra.
   c. (6. gr.) Heimilt er fjármálaráðherra að framlengja tímatakmarkanir þær, er um ræðir í 32. gr., ef ástæður eru til og skattanefndir óska. Sama gildir einnig tímaákvæði 36., 37., 38., 39. og 40. gr., um kærufresti og nær skattanefndir skuli hafa úrskurðað kærur.
3. Aftan við 5. gr. bætist: og lög nr. 57 frá 28. jan. 1935, um hlunnindi fyrir ný iðn- og iðjufyrirtæki, og lög nr. 44 frá 26. maí 1938 og breyting á þeim lögum, nr. 106 frá 14. maí 1940.

Ed. 200. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá fjárhagsnefnd.

Við 4. gr. Við greinina bætist:

k. (65. gr.) Heimilt er ráðherra að breyta tímaákvörðunum og frestum þeim, er um ræðir í IV. kafla, eftir því sem þörf krefur, við álagning skatts 1941.

Heimilt er að greiða skattanefndum á árinu 1941 allt að helmingi hærri þóknun en um ræðir í 30. gr.

Ed. 201. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Sigurjóni Á. Ólafssyni.

Við 4. gr. f. (64. gr.). Upphaf greinarinnar orðist svo:

Útgerðarfyrirtækjum íslenzkra botnvörpuskipa, línubáta og vélbáta er heimilt að draga frá við ákvörðun skattskyldra tekna árið 1940 töp, sem orðið hafa á rekstri útgerðarinnar á tímabilinu frá 1. jan. 1931 til 31. des. 1939, samkv. eftirfarandi reglum: Tap, sem orðið hefur árin 1938 og 1939, má draga frá að fullu, en auk þess er útgerðarfélögunum heimilt að draga frá töp, sem orðið hafa á árunum 1931—1937, að báðum meðtöldum, þar til eigi hvíla hærri skuldir en svarar til 150000 kr. á hverjum togara og tilsvarandi fyrir önnur skip, samkv. nánari reglum, sem setja skal með reglugerð, og til matsverðs til eignarskatts samkv. 19. gr. laganna hvað snertir aðrar eignir fyrirtækjanna.

Ívilnun þessi er bundin eftirfarandi skilyrðum og takmörkunum.

Ed. 202. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Brynjólfi Bjarnasyni.

1. Fyrsta og önnur málsgr. meginmáls 2. gr. frv. hljóði svo:

   Ef nokkuð af ársarði þeirra félaga og stofnana, sem um ræðir í 3. gr. a., svo og samvinnuútgerðarfélaga og hlutarútgerðarfélaga er lagt í varasjóð, þá eru 40% þeirrar upphæðar undanþegin tekjuskatti, og skal hann koma til frádráttar við ákvörðun skattskyldra tekna, þó eigi hærri upphæð en svarar ⅓ af innborguðu hlutafé eða stofnfé þessara félaga.

2. Á eftir 2. gr. frv. komi ný grein, er verði 3. gr., svo hljóðandi:

   g-liður 10. gr. laganna orðist svo:

   Aukaútsvar og eignarskatt, sem greitt hefur verið á árinu.

3. a—c-liðir 3. gr. frv., er verður 4. gr., hljóði svo:

   a. Í Reykjavík:

Fyrir einstakling	.....	kr. 1500.00
— hjón	.....	— 2500.00
— hvert barn	.....	— 800.00

b. Í öðrum kaupstöðum og kauptúnum með yfir 300 íbúa:

Fyrir einstakling	.....	kr. 1400.00
— hjón	.....	— 2300.00
— hvert barn	.....	— 700.00

c. Annars staðar á landinu:

Fyrir einstakling	.....	kr. 1200.00
— hjón	.....	— 2000.00
— hvert barn	.....	— 700.00

4. c-liður 4. gr. frv. (57. gr.) falli niður.
5. 1. málsl. d-liðs 4. gr. frv. (58. gr.) hljóði svo:

Af fé því, sem félag, er um getur í 3. gr. a. og b. og hefur sjávarútveg sem aðalatvinnurekstur, leggur í varasjóð af tekjum ársins 1940, skal 40% ráðstafað á þann hátt, að það sé lagt á sérstakan reikning í banka eða keypt fyrir það opinber verðbréf og þau falin banka til geymslu.

Ed. 203. Breytingartillögur

við frv. til l. um stríðsgróðaskatt.

Frá Brynjólfi Bjarnasyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Á árunum 1941 og 1942 skal í stað aukaútsvars og tekjuskatts leggja á og innheimta sérstakan stríðsgróðaskatt af þeim hluta skattskyldra tekna, sem eru fram yfir 50000 kr., samkvæmt eftirtöldum reglum:

Ef sá hluti teknanna, sem ber að greiða stríðsgróðaskatt af, er undir 25000 kr., greiðist af honum 75%.

Af	25000— 50000 kr.	greiðist	18750 kr.	af	25000	og	80 % af afgangi
—	50000—100000 —	—	38750 —	—	50000	—	85 — — —
—	100000 og þar yfir	—	81250 —	—	100000	—	90 — — —

2. Í stað síðara málsl. 2. gr. frumv. komi: Ríkissjóður greiðir hlutaðeigandi sveitarfélagi 50% af þeim stríðsgróðaskatti, sem þar er á lagður og innheimtur, þó ekki hærri fjárhæð en 50% af niðurjöfnuðum útsvörum í sveitarfélaginu árið 1940. Stríðsgróðaskatt, sem lagður er á og innheimtur 1941, er ekki heimilt að draga frá skattskyldum tekjum þess árs.

Nd. 204. Nefndarálit

um frv. til l. um sölu á spildu úr Neslandi í Selvogi.

Frá minni hluta landbúnaðarnefndar.

Landbúnaðarnefnd hefur ekki getað orðið sammála um þetta mál, og mun það helzt valda, að nefndinni hafa borizt bréf til mótmæla frá sandgræðslustjóra, hreppsnefnd Selvogshrepps og 23 kjósendum í hreppnum. Við undirritaðir viljum þrátt fyrir þessi mótmæli samþykkja frumvarpið óbreytt. Byggjum við þá skoðun að nokkru á þeim röksemdum og skýringum, sem fram hafa komið gegn framangreindum mótmælum, en þó fyrst og fremst á þeim rökum, sem fram komu í greinargerð flutningsmanns, sem er nákunnugur maður og fulltrúi þess héraðs, sem hlut á að máli. Virðist það augljóst mál, að mjög langt hefur verið gengið í þá átt að rýra

land hlutaðeigandi bónda umfram gerða samninga og að því er virðist langt umfram þörf. Frumvarpið er heimild til ríkisstjórnarinnar, sem við teljum á engan hátt hættulegt að veita, þótt hún verði notuð afdráttarlaust, sem við ætlumst til.

Alþingi, 18. apríl 1941.

Jón Pálmason, fundaskr., frsm. Pétur Ottesen.

Nd. 205. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. um Háskóla Íslands, nr. 21 1. febr. 1936.

Frá Einari Olgeirssyni.

1. Við 2. gr. 2. og 3. málsgr. („Háskólaráðið ... kennslumissiri") falli burt.
2. Við 3. gr. Greinin falli burt.
3. Við 4. gr. Síðasti hluti síðasta málsl. í greininni („þar á meðal ... kennslumissiri") falli burt.

Nd. 206. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á bifreiðalögum, nr. 75 7. maí 1940.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og fellst á efni þess. Leggur hún til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 18. apríl 1941.

Gísli Sveinsson, form., frsm. Vilm. Jónsson, fundaskr. Eiríkur Einarsson.
Steingr. Steinþórsson. Sveinbjörn Högnason.

Nd. 207. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 110 30. maí 1940.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og fellst á efni þess. Leggur hún til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 18. apríl 1941.

Gísli Sveinsson, form., frsm. Vilm. Jónsson, fundaskr. Eiríkur Einarsson.
Steingr. Steinþórsson. Sveinbjörn Högnason.

Nd. 208. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 27 13. jan. 1938, um vátryggingarfélög fyrir vélbáta.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 6. gr. Í stað „50%“ í a-lið komi: 25%.
2. Aftan við frumvarpið bætist svo hljóðandi

Ákvæði til bráðabirgða.

Meðan núverandi ófriður helzt, mega félögin stríðstryggja skip þau, er þau hafa í sjóvátryggingu. Áhættan skal skiptast milli félaganna og Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum eftir sömu hlutföllum og áhættan við sjóvátryggingarnar. Að öðru leyti skulu tryggingar þessar fara eftir þeim reglum, sem Samábyrgðin setur.

Einn nefndarmanna, Jón Ívarsson, var fjarverandi, þegar frumvarpið var afgreitt frá nefndinni.

Reykjavík, 18. apríl 1941.

Finnur Jónsson, form.	Sig. E. Hlíðar, fundaskr.	Sigurður Kristjánsson, frsm.

Gísli Guðmundsson.

Nd. 209. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 23 27. júní 1921, um vátryggingarfélag fyrir fiskiskip.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Framan við 3. gr. laganna bætist ný málsgr., er svo hljóðar:

Ríkissjóður leggur Samábyrgðinni stofnfé, kr. 500000.00, er greiðist með jöfnum greiðslum á næstu 10 árum, 50 þúsund kr. á ári.

Greinargerð.

Samábyrgð Íslands á fiskiskipum hefur starfað í rúm 30 ár. Oftast hefur hún ekki átt fyrir skuldum. Er það óviðkunnanlegt, að tryggingarfyrirtæki sé svo illa stætt. Að sönnu má segja, að þetta hafi verið hættulaust, vegna ríkisábyrgðarinnar, meðan starfsemin var í smáum stíl. En eftir það, að félagið var skyldað til þess með lögum að endurtryggja allan fiskibátaflota landsmanna, er þetta alveg óviðunanlegt og getur m. a. valdið því, að endurtryggingar verði dýrari en ella, því endurtryggjandi miðar eðlilega áhættuna nokkuð við það, hve vel það félag er statt, sem endurtryggt er fyrir, og krefst því hærri tryggingargjalda sem tryggingarnar hafa reynzt áhættusamari.

Nd. 210. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Reykjarhól í Seyluhreppi í Skagafjarðarsýslu, ásamt nýbýlinu Varmahlíð.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að selja Varmahlíðarfélaginu í Skagafirði jörðina Reykjarhól í Seyluhreppi í Skagafjarðarsýslu, ásamt nýbýlinu Varmahlíð, sem er eign ríkissjóðs, ef samkomulag næst um verð og með því skilyrði, að þar verði reistur héraðsskóli Skagfirðinga.

2. gr.

Um greiðsluskilmála skal fara eins og venja var til við sölu þjóð- og kirkjujarða, sbr. lög nr. 31 20. okt. 1905.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir ósk ríkisstjórnarinnar, og fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

Eignir þær, sem í frv. er gert ráð fyrir, að seldar verði, voru í upphafi keyptar með það fyrir augum, að héraðsskóli Skagfirðinga yrði reistur á þessum stað. Í Skagafirði er mikill áhugi fyrir byggingu héraðsskóla á Reykjarhóli. Félag, sem nefnist Varmahlíðarfélagið, hefur verið stofnað til forgöngu um þetta mál. Síðastl. sumar lauk félagið við að gera mjög myndarlega sundlaug á þessum stað og hafði þar sundkennslu. Stjórn Varmahlíðarfélagsins hefur farið þess á leit að fá eignirnar, sem í frv. eru nefndar, til kaups. Verður að telja þá ósk félagsins eðlilega. Héraðsskólarnir eru sjálfseignarstofnanir, og þar sem fyrirhugað er að reisa slíkan skóla á þessum stað, virðist eðlilegt, að félagið fái eignirnar keyptar, enda er salan því skilyrði háð, að á Reykjarhóli verði héraðsskóli Skagfirðinga.

Nd. 211. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 31 14. júní 1929, um Búnaðarbanka Íslands, og á lögum nr. 20 13. jan. 1938, um breyt. á þeim lögum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frv. er samið af milliþinganefnd í bankamálum, og hefur hv. Ed. gert á því minni háttar breytingar. Hefur nefndin orðið sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt með tveim breytingum, fyrst, að framlag ríkissjóðs til lánadeildar smábýla greiðist á 3 árum, og í öðru lagi, að bankaráð, en ekki landbúnaðarráðherra, skipi bankastjóra Búnaðarbankans. Gildir sú regla bæði um Landsbankann og Útvegsbankann.

Leggur nefndin því til, að frv. verði afgreitt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr. I. a. Liðurinn orðist svo:
   (54. gr.). Ríkissjóður leggur fram 300 þús. krónur til lánadeildar smábýla á árunum 1942 til 1944, 100 þús. krónur á ári.

2. Við 3. gr.
   a. Aftan við fyrstu málsgrein komi: Bankaráð skipar bankastjórann.
   b. Í stað orðanna „Hann skipar bankastjórann og formann bankaráðs“ í annarri málsgrein komi: Hann skipar formann bankaráðs.

Alþingi, 18. apríl 1941.

Bjarni Ásgeirsson, form.	Jón Pálmason, fundaskr.	Ásgeir Ásgeirsson, frsm.
Pétur Ottesen, með fyrirvara að því er snertir 1. gr. frv.		Steingr. Steinþórsson.

Nd. 212. Frumvarp til laga

um breyting á ábúðarlögum, nr. 87 19. júní 1933.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Hver maður, sem á jörð, er hann nytjar ekki að staðaldri sjálfur, skal skyldur að byggja hana hæfum umsækjanda gegn hóflegu eftirgjaldi, að dómi úttektarmanna, en þó aldrei hærra en svarar 4% vöxtum af fasteignamatsverði. Ef hlunnindi, er jörð eiga að fylgja, eru ekki byggð með henni, skal verðgildi þeirra metið sérstaklega til frádráttar. Þó er landsdrottni ekki skylt að hlíta þessu ákvæði um hámarksleigu, ef hann gefur ábúanda kost á að kaupa jörðina fyrir gildandi fasteignamatsverð.

Nú hefur maður að staðaldri nytjað jörð, sem hann á, og dvelur þar ekki sjálfur eða fjölskylda hans, en tún fer í órækt, mannvirki níðast niður eða jörðin rýrnar, svo að sveitarfélag bíður varanlegan hnekki af, allt að dómi úttektarmanna, og getur sveitarstjórn þá krafizt, að hann bæti það, sem áfátt er, innan tveggja ára, en ella, að hann ráðstafi jörðinni samkvæmt ákvæðum 1. málsgr.

Nú byggir landsdrottinn ekki jörð sína fyrir 15. marz, og skal honum þá skylt að bjóða sveitarstjórn að ráðstafa ábúð á jörðinni gegn hæfilegu eftirgjaldi (sbr. þó 1. málsgr.). Ef ágreiningur verður um eftirgjald, skulu úttektarmenn meta, en hvor aðili um sig getur krafizt yfirmats samkv. 53. gr. Sinni sveitarstjórn ekki þeirri málaleitan innan mánaðar, má landsdrottinn ráðstafa jörðinni það ár eftir því, sem honum er hagkvæmast. Takist ekki að byggja jörðina þannig í tvö ár samfleytt, hefur sveitarstjórn kauparétt á jörðinni, og er heimilt að taka hana eignarnámi, ef samningar nást ekki um kaupin. Vilji sveitarstjórn ekki nota kauparétt sinn og enginn hefur not jarðarinnar, er landsdrottni ekki skylt að greiða af henni opinbera skatta, en önnur lögskil af henni verður hann að inna af höndum.

Brot gegn ákvæðum þessarar greinar varðar allt að 3000 króna sekt, og skulu mál út af þeim sæta meðferð almennra lögreglumála.

2. gr.

Aftan við 1. málsgr. 9. gr. laganna bætist:

Þó skal jafnan segja upp ábúð á slíkum jörðum með tveggja ára fyrirvara.

3. gr.

Með lögum þessum falla úr gildi lög nr. 22 12. febr. 1940, um breyting á ábúðarlögum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta um breyting á ábúðarlögunum var í fyrstu samið af milliþinganefnd, sem búnaðarþing 1939 skipaði. Frumvarpið tók síðan nokkrum breytingum á búnaðarþingi, en var afgreitt þaðan í því formi, sem það er flutt hér.

Þótt landbúnaðarnefnd flytji frv., þá hafa samt nefndarmenn óbundnar hendur um einstök atriði þess. Tveir nefndarmanna (JPálm og PO) munu vera mótfallnir því ákvæði 1. gr., að ekki megi leigja jarðir hærra en nemur 4% af fasteignamati þeirra.

Nánari grein verður gerð fyrir efni frumvarpsins við framsögu málsins.

Nd. 213. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Frá Bergi Jónssyni.

1. Framan við frvgr. koma nýir liðir:
   a. Tölul. IX. d. í lögum nr. 109 1933 skal orða svo:
      Barðastrandarvegur: Frá Haga um Brjánslæk yfir Þingmannaheiði og hálsa á Vesturlandsveg hjá Kollabúðum í Þorskafirði.
   b. Á eftir sama tölulið bætist nýr liður:
      Reykhólavegur: Frá Vesturlandsvegi í Reykhólasveit að Reykhólum.
2. Fyrir „2. gr. laganna“ í frvgr. kemur: 2. gr. laga nr. 101 1933.
3. Við fyrirsögnina bætist: og lögum nr. 109 14. maí 1940.

Nd. 214. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 26 frá 13. jan. 1938, um bændaskóla.

Frá minni hluta landbúnaðarnefndar.

Landbúnaðarnefnd hefur rætt þetta mál og ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hluti nefndarinnar vill afgreiða málið með rökstuddri dagskrá, en minni hlutinn leggur til, að frv. verði samþykkt.

Með breytingu þeirri, sem gerð var í lögunum um bændaskóla 1938, sem miðaði að því að auka verklega námið og gera það fjölþættara en það var áður, var áreiðanlega stefnt í rétta átt. Reynslan, sem fengizt hefur síðan, sýnir það greinilega, að ungir menn, sem hyggja á það að helga sveitunum krafta sína og lífsstarf, sækja nú meira eftir skólavist í bændaskólunum en áður var. Síðustu árin hefur ekki verið hægt að taka á móti öllum, sem sótt hafa um inntöku í þessa skóla. Er þetta gleðilegur vottur um skilning ungra manna á nauðsyn þess að búa sig vel undir bændastörfin. Við lítum svo á, að að því beri að keppa af hálfu þess opinbera, að skilyrði séu fyrir hendi til þess að mæta þeirri fróðleiks- og verknámslöngun, sem fram kemur í óskum manna um að komast í búnaðarskólana. Stefna sú, sem fylgt hefur verið hér á landi í skólamálum að undanförnu, stendur vafalaust mjög til bóta að því leyti, að það ber að leggja meiri áherzlu á það en gert hefur verið að haga kennslunni þannig, að hún komi mönnum að sem mestum notum í því daglega lífi. Einkum

og sér í lagi ber að keppa að því að auka hagnýtt verklegt nám í skólum landsins. Með þeirri tilhögun í þessu efni, sem nú er á kennslunni í bændaskólunum, er betur en áður fyrir þessu séð, þótt ýmislegt standi þar til bóta. Það er því hin mesta nauðsyn að styðja að þróun þessara mála, sem hiklaust má telja mjög mikilsverðan þátt í framtíð landbúnaðarins.

Alþingi, 18. apríl 1941.

Jón Pálmason, fundaskr., frsm. Pétur Ottesen.

Nd. 215. Breytingartillaga

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka á leigu húsnæði í sveitum og kauptúnum o. fl.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr. 1. málsl. greinarinnar orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að taka á leigu öll skólahús, fundahús, þinghús og annað nothæft húsnæði í sveitum og kauptúnum, til þess, ef nauðsyn krefur, að gera þessi hús að dvalarstöðum fyrir börn og mæður þeirra, þeim til öryggis.

Nd. 216. Breytingartillaga

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka á leigu húsnæði í sveitum og kauptúnum o. fl.

Frá Sveinbirni Högnasyni og Skúla Guðmundssyni.

Aftan við orðin „sveitum eða kauptúnum“ í 1. gr. komi: sem eigendur eða umráðamenn þurfa ekki til eigin nota.

Ed. 217. Tillaga til þingsályktunar

um húsnæði handa hæstarétti.

Flm.: Jónas Jónsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að koma því til leiðar, að hæstiréttur geti fengið viðunandi húsnæði og starfsaðstöðu í háskólabyggingunni þegar á næsta hausti.

Greinargerð.

Síðan hæstiréttur var stofnaður 1919, hefur hann búið við allsendis óviðunandi húsnæði og starfsskilyrði á lofti yfir fangelsinu í Reykjavík. Þar sem engar líkur eru til, að fyrst um sinn verði hægt að byggja dómhús, verður að gera ráðstafanir til þess, að hæstiréttur geti fengið viðunandi húsnæði að minnsta kosti um nokkurra ára bil. Ég hef athugað þetta mál og komizt að þeirri niðurstöðu, að unnt sé að láta hæstarétti í té það húsnæði, sem hann þarf með, í hinni nýreistu háskólabyggingu.

Það er kunnugt, að hús háskólans er að því er stærð snertir miðað við langa framtíð. Sumum forráðamönnum stofnunarinnar hefur verið þetta ljóst og í því skyni að fylla nú þegar hið stóra hús haft uppi ráðagerðir um að fjölga deildum, m. a. með því að stofna verkfræðideild, sem talið er, að myndi kosta 100 þús. kr. á ári, ef 5 nemendur ættu að útskrifast árlega. Í þeim útgjöldum er þó ekki talinn með kostnaður við verkstæði og rannsóknarstofu, sem eftir er að reisa.

Mér sýnist auðsætt, að Alþingi og ríkisstjórn eigi að draga úr þeirri freistingu, sem sækir á suma forráðamenn háskólans til að stofna nýjar deildir, sem verða landinu tilfinnanlega dýrar í rekstri, með því að fullnota undir eins húsrúm byggingarinnar fyrir ríkisstofnanir, sem eru í húsnæðisvandræðum, eins og segja má bæði um menntaskólann og hæstarétt.

Frá sjónarmiði alþingismanna hlýtur það að vera einsætt að krefjast þess, að háskólinn opni hús sitt til fulls fyrir ríkisstofnunum. Þess er skemmst að minnast, að Alþingi lét háskólanum í té helminginn af húsnæði sínu í alþingishúsinu um 30 ára skeið, þó að sú greiðasemi og gestrisni gerði störf Alþingis og ríkisstjórnar miklu erfiðari en vera þurfti. Mega allir menn sjá það, að mikið rúm mun vera lítt eða ekki notað í háskólahúsinu, þar sem sú stofnun, sem þar starfar nú, varð áður að láta sér nægja neðri hæð þinghússins.

Svo vill til, að ríkasta þjóð heimsins hefur svo mannsöldrum skiptir komið sínum hæstarétti fyrir í húsnæði, sem miðað við íslenzka aðstöðu er sambærilegt við háskólahúsið. Bandaríkjamenn höfðu um langt skeið hæstarétt sinn í þinghúsinu í Washington, í fremur þröngum húsakynnum. Að lokum kom þar fyrir fáum árum, að Bandaríkjamenn byggðu marmarahöll fyrir 50 milljónir króna handa hæstarétti. En þeir höfðu, þrátt fyrir auðlegð sína, látið æðsta dómstól sinn eiga heimili í tilteknum hluta þinghússins, þar til þeim þótti tími til kominn að reisa sérstakt hús vegna þessarar stofnunar.

Núverandi húsnæði hæstaréttar er með öllu óboðlegt stofnuninni og til minnkunar allri þjóðinni. Hér er bent á úrræði til að bæta úr þessu vandræðaástandi.

Ed. 218. Tillaga til þingsályktunar

um rannsókn á kostnaði við að gera reiðvegi meðfram helztu akbrautum landsins.

Flm.: Jónas Jónsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta gera rannsókn og áætlun um það, hve mikið myndi kosta að gera reiðvegi meðfram öllum helztu akbrautum landsins.

Greinargerð.

Á síðustu árum hefur orðið gerbreyting á samgöngum hér á landi. Í þúsund ár hafði hesturinn verið samgöngufæri þjóðarinnar og um leið tryggðavinur og félagi hvers Íslendings. Nú hefur bifreiðin komið í stað hestsins að mjög miklu leyti. Þjóðin hefur með miklum fórnum og tilkostnaði byggt á skömmum tíma ótrúlega fullkomið akvegakerfi um landið. En þessir nýju vegir hafa orðið hefndargjöf fyrir íslenzka hestinn. Það má kalla kvalræði fyrir hestana okkar, ekki sízt reiðhestana, að ganga á hinum grjótbornu vegum. Venjulega gera hörðu vegirnir hestana fótaveika á skömmum tíma. Auk þess njóta þeir sín aldrei um gang og allt eðli á steinhörðum vegum.

Nú má kalla, að lítt fært sé um mörg hin helztu byggðarlög hér á landi með hesta eftir akvegum. Verður það því til þess, að menn ferðast aðallega á bifreiðum innan sveitar og héraðs. En það þýðir aftur á móti ekki aðeins mikil útgjöld fyrir fólkið

í sveitunum, auk þess sem ferðalög í lélegum bifreiðum eru jafnóskemmtileg eins og hestaferðir eru heilsusamlegar og göfgandi. Ég hygg, að það sé aðeins í einni af hinum góðu hestasveitum hér á landi, þar sem sveitafólkið fer enn þá á hestbaki á fjölmennar innanhéraðssamkomur. Það er í Rangárvallasýslu. Þar eru hinir viðáttumiklu sandar, grundir og gljár meðfram sjónum, sem fram að þessu hafa bjargað hinum gömlu ferðamannasiðum. Þar má sjá mörg hundruð manna koma ríðandi á sumarfundi.

Hestamannafélagið „Fákur" í Reykjavík hefur gert það sómastrik að leggja með allmiklum tilkostnaði reiðveg meðfram akbrautinni austur yfir heiði. Það, sem hér er farið fram á, er að fela ríkisstjórninni að láta rannsaka kostnað við reiðvegagerð um helztu byggðir landsins. Á þeirri rannsókn verða síðan væntanlega byggðar framkvæmdir, og fullkomið reiðstígakerfi gert meðfram öllum helztu akbrautum landsins.

Ed. 219. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 6 9. janúar 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Fyrsta og önnur málsgrein 6. gr. laganna hljóði þannig:

Skattgjald þeirra, sem um ræðir í 1. gr. og 2. gr. og í a- og c-lið 3. gr., reiknast þannig:

Ef hinn skattskyldi hluti teknanna er undir 1000 kr., greiðist af honum 1%.

Af	1000—	2000	kr.	greiðist	10	kr.	af	1000	kr.	og	2	% af afganginum
—	2000—	3000	—	—	30	—	—	2000	—	—	4	— — —
—	3000—	4000	—	—	70	—	—	3000	—	—	7	— — —
—	4000—	5000	—	—	140	—	—	4000	—	—	9	— — —
—	5000—	6000	—	—	230	—	—	5000	—	—	11	— — —
—	6000—	7000	—	—	340	—	—	6000	—	—	12	— — —
—	7000—	8000	—	—	460	—	—	7000	—	—	13	— — —
—	8000—	9000	—	—	590	—	—	8000	—	—	15	— — —
—	9000—	10000	—	—	740	—	—	9000	—	—	20	— — —
—	10000—	11000	—	—	940	—	—	10000	—	—	28	— — —
—	11000—	12000	—	—	1220	—	—	11000	—	—	29	— — —
—	12000—	14000	—	—	1510	—	—	12000	—	—	30	— — —
—	14000—	16000	—	—	2110	—	—	14000	—	—	31	— — —
—	16000—	18000	—	—	2730	—	—	16000	—	—	32	— — —
—	18000—	20000	—	—	3370	—	—	18000	—	—	33	— — —
—	20000—	25000	—	—	4030	—	—	20000	—	—	34	— — —
—	25000—	30000	—	—	5730	—	—	25000	—	—	35	— — —
—	30000—	35000	—	—	7480	—	—	30000	—	—	36	— — —
—	35000—	40000	—	—	9280	—	—	35000	—	—	37	— — —
—	40000—	45000	—	—	11130	—	—	40000	—	—	38	— — —
—	45000—	50000	—	—	13030	—	—	45000	—	—	39	— — —
—	50000 og þar yfir		—		14980	—	—	50000	—	—	40	— — —

2. gr.

Í stað 6. og síðustu málsgr. 8. gr. laganna komi:

Félög þau og stofnanir, er um ræðir í 3. gr. a., svo og samvinnuútgerðarfélög og hlutarútgerðarfélög mega draga frá tekjum sínum 5% af innborguðu hlutafé eða stofnfé.

Ef nokkuð af ársarði þessara félaga er lagt í varasjóð, þá er helmingur þeirrar upphæðar undanþeginn tekjuskatti, og skal hann koma til frádráttar við ákvörðun skattskyldra tekna.

Arðjöfnunarsjóði, eftirlaunasjóði og aðra sjóði, sem ekki eru beinlínis ætlaðir til þess að tryggja rekstur fyrirtækisins sjálfs, má ekki telja sem varasjóð.

Ef nokkurri fjárhæð úr varasjóði er síðar varið til úthlutunar til hluthafa, ráðstafað til einkaþarfa þeirra á beinan eða óbeinan hátt, eða varið til annars en þess að mæta hreinum rekstrarhalla fyrirtækisins, skal telja ⅗ af þeirri upphæð til skattskyldra tekna á því ári. Það telst ráðstöfun á fé varasjóðs samkv. framansögðu, ef félag, sem notið hefur hlunninda vegna framlags í varasjóð, ver einhverju af eignum sínum með eftirgreindum hætti:

a. Veitir hluthöfum, stjórnendum félags eða öðrum lán í peningum eða öðrum verðmætum, sem ekki eru beinlínis viðkomandi rekstri félagsins.
b. Veitir hluthöfum, stjórnendum félagsins eða öðrum nokkur fríðindi, beint eða óbeint, umfram arðsúthlutun og venjulegar eða eðlilegar launagreiðslur.
c. Ver fé til einhvers annars, sem er óviðkomandi rekstrinum, t. d. kaupa á eignum, hvers eðlis sem eru, sem ekki geta talizt nauðsynlegar við rekstur félagsins. Undanskilin eru þó opinber verðbréf ríkis og bæjarfélaga, þar með talin skuldabréf með ríkisábyrgð, svo og eignir, sem félag hefur orðið að taka við í sambandi við reksturinn, án þess um bein eignakaup sé að ræða.

Nú hefur félag, sem myndað hefur varasjóð, ráðstafað fé á einhvern þann hátt, sem greinir í a—c-liðum, og fellur það þá til skattgreiðslu samkv. 9. málsgr. þessarar greinar, þó eigi hærri fjárhæð en nemur varasjóði. Skal þá miða við þá lánsfjárupphæð, sem útistandandi er um áramót af lánum, er veitt voru á árinu, að viðbættu meðaltali þeirra lána, er veitt hafa verið og greidd á skattárinu samkv. a-lið, heildarupphæð veittra hlunninda á skattárinu samkv. b-lið og kaupverð eigna samkv. c-lið.

3. gr.

Í stað a—c-liða í 12. gr. laganna komi:

a.	Í Reykjavík:	
	Fyrir einstakling	kr. 900.00
	— hjón	— 1800.00
	— hvert barn	— 700.00
b.	Í öðrum kaupstöðum og kauptúnum með yfir 300 íbúa:	
	Fyrir einstakling	kr. 800.00
	— hjón	— 1600.00
	— hvert barn	— 600.00
c.	Annars staðar á landinu:	
	Fyrir einstakling	kr. 700.00
	— hjón	— 1400.00
	— hvert barn	— 600.00

Frádráttur veitist fyrir þau börn, sem ekki eru fullra 16 ára í byrjun þess almanaksárs, þegar skattur er á lagður. Hér með teljast stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn, sem ekki er greitt meðlag með. Fyrir aðra skylduómaga, sem skattgreiðandi hefur á framfæri sínu, veitist sami frádráttur og fyrir börn. Hafi hinn framfærði tekjur, lækkar frádrátturinn sem þeim nemur og fellur burt, ef tekjuupphæðin nemur lögleyfðum ómagafrádrætti eða meiru.

4. gr.

Í stað 55. gr. í VI. kafla laganna komi 11 nýjar greinar, er verða 55.—65. gr., svo hljóðandi:

a. (55. gr.) Á meðan vísitala kauplagsnefndar er hærri en 110, miðað við grunntöluna 100 í jan.—marz 1939, skal tekjuskattur einstaklinga reiknaður þannig:

Hreinar tekjur gjaldanda skal margfalda með 100 og deila útkomunni með meðalmánaðarvísitölu skattársins.

Frá þeirri tekjuupphæð, er þannig fæst, skal dreginn persónufrádráttur samkvæmt ákvæðum 12. gr.

Þegar upphæð tekjuskatts hefur verið fundin samkv. reglum 6. gr., skal margfalda hana með meðalvísitölunni og deila útkomunni með 100.

Ofangreind ákvæði gilda um þá einstaklinga, er hafa eigi hærri hreinar tekjur en kr. 12000.00, eftir að þær hafa verið lækkaðar á framangreindan hátt. Af hærri tekjum en hér greinir skal tekjuskattur reiknaður samkv. 6. gr. óbreyttri, en tekjuskatturinn síðan lækkaður um sömu fjárhæð og skattvilnunin hefur numið hjá þeim einhleypum gjaldendum, er hafa í hreinar tekjur kr. 12000.00, eftir að þær hafa verið lækkaðar samkvæmt framangreindri reglu.

b. (56. gr.) Nú hefur félag, sem notið hefur hlunninda vegna framlags í varasjóð samkv. ákvæðum 8. gr., ráðstafað fé á árinu 1940 á þann hátt, sem um getur í a-lið og c-lið 8. gr., og skal þá skattanefnd miða skattgjald þeirra við það, að þær ráðstafanir hafi eigi verið gerðar, enda sanni hlutaðeigandi félag eigi síðar en 15. júlí 1941, að það hafi innheimt lán samkv. a-lið og selt eignir samkv. c-lið, en að öðrum kosti falla þær upphæðir til skattgreiðslu samkv. 9. málsgr. 8. gr.

c. (57. gr.) Við ákvörðun tekjuskatts 1941 skal félögum þeim, er um ræðir í 3. gr. a. og b., heimilt að draga frá skattskyldum tekjum sínum aðeins ⅔ þeirrar fjárhæðar, er þau leggja í varasjóð af tekjum ársins 1940. Þó er þeim af þessum félögum, er stunda sjávarútveg sem aðalatvinnurekstur, heimilt að draga frá skattskyldum tekjum helming þeirrar upphæðar, er þau leggja í varasjóð af tekjum sínum á árinu 1940.

d. (58. gr.) Nú nýtur félag, er um getur í 3. gr. a. og b. og hefur sjávarútveg sem aðalatvinnurekstur, skattvilnunar þeirrar, er um ræðir í 57. gr., og skal þá 40% af því fé, sem það leggur í varasjóð af tekjum ársins 1940, ráðstafað á þann hátt, að það sé lagt á sérstakan reikning í banka eða keypt fyrir það opinber verðbréf og þau falin banka til geymslu. Nefnist sá hluti varasjóðsins nýbyggingarsjóður, og gilda um hann þær reglur, er greinir í 59.—62. gr. Félag skal tilkynna, eigi síðar en 14 dögum eftir gildistöku laga þessara, hversu mikið fé það leggur í varasjóð, og ákveðst þá skattgreiðsla þess á árinu 1941 samkv. því. Fyrir 15. júlí 1941 skal félagið sanna fyrir skattanefnd, að áskilinn hluti af varasjóðstillaginu hafi verið lagður í nýbyggingarsjóð, en séu vanefndir á því að einhverju eða öllu leyti, skal greiða í ríkissjóð 20% af þeirri fjárhæð, sem til vantar.

Af fé nýbyggingarsjóðs má ekki meira en ¼ hluti vera innstæða á biðreikningi í sterlingspundum, sbr. bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 73 31. des. 1937, útg. 2/1 1941, nema með sérstöku leyfi nefndar þeirrar, er um getur í 61. gr. Getur nefndin veitt leyfi til þess, að meira en ¼ hluti sjóðsins sé á biðreikningi, ef aðili sýnir fram á, að hann geti ekki lagt féð fram á annan hátt, vegna þess að fé varasjóðs hafi verið notað til að greiða skuldir fyrirtækisins.

e. (59. gr.) Útgerðarfélag ráðstafar sjálft því fé, er það hefur lagt í nýbyggingarsjóð, en því má eingöngu verja til aukningar og endurnýjunar á framleiðslutækjum á sviði útgerðar, annaðhvort með nýbyggingum innanlands eða með kaupum frá öðrum löndum. Þó er heimilt að verja fé nýbyggingarsjóðs til að greiða tap á útgerð, ef aðrar eignir hrökkva ekki til fyrir því, en áður en það er gert, skal það tilkynnt nefnd þeirri, er um ræðir í 61. gr., og lætur hún þá aðila vita, hvort hún telur slíka ráðstöfun í samræmi við lög þessi.

Sé fé nýbyggingarsjóðs veðsett eða því ráðstafað á einhvern annan hátt en að framan greinir, um lengri eða skemmri tíma, skal greiða af því tekjuskatt jafnháan þeim skatti, sem hefði orðið að greiða af fénu, þegar það var lagt fyrir, ef það hefði þá verið skattskylt.

f. (60. gr.) Útgerðarfélag lætur fylgja með skattframtali sínu yfirlýsingu frá hlut-

aðeigandi banka um það, hve mikið fé sé geymt þar í nýbyggingarsjóði, og yfirlit um þær breytingar, sem kunna að hafa orðið á innstæðu sjóðsins síðan hann var myndaður. Enn fremur vottorð um, að á fé þessu hvíli engar kvaðir.

g. (61. gr.) Ráðherra skipar þriggja manna nefnd, einn eftir tilnefningu Landssambands íslenzkra útvegsmanna, annan eftir tilnefningu Alþýðusambands Íslands, en hinn þriðja án tilnefningar, og er hann formaður nefndarinnar. Nefndin skal hafa eftirlit með því, að fylgt sé fyrirmælum laga þessara um ávöxtun og ráðstöfun á fé nýbyggingarsjóðs.

Skattanefndir skulu senda nefnd þeirri, er hér um ræðir, skýrslu um framlög í nýbyggingarsjóð og innstæðu hvers fyrirtækis, svo fljótt sem unnt er, eftir að upplýsingar um það bárust þeim í hendur. Um hver áramót skulu þau fyrirtæki, er fé eiga í nýbyggingarsjóði, senda nefndinni skýrslu um ráðstöfun þess fjár, er þau hafa tekið úr sjóðnum á liðnu ári. Nú telur nefndin vafa á því, að fé úr nýbyggingarsjóði hafi verið varið samkvæmt ákvæðum laga þessara, og skal hún þá tafarlaust tilkynna það stjórn viðkomandi útgerðarfélags. Nefndin skal síðan úrskurða um það, hvort greiða skuli skatt af fénu samkv. síðari málsgr. 59. gr., og tilkynna það skattanefnd og eiganda sjóðsins.

Úrskurðum nefndarinnar má skjóta til ríkisskattanefndar til fullnaðarúrskurðar, sbr. þó 2. málsgr. 41. gr. Sé ágreiningur innan nefndarinnar, getur minni hlutinn einnig skotið honum til úrskurðar ríkisskattanefndar.

Þóknun fyrir störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

h. (62. gr.) Nú hefur innstæða í nýbyggingarsjóði verið notuð samkvæmt fyrirmælum laga þessara, og telst þá sú eign til varasjóðs hjá viðkomandi félagi.

i. (63. gr.) Einstaklingar og sameignarfélög, er stunda sjávarútveg sem aðalatvinnurekstur, mega draga frá skattskyldum tekjum sínum 40% af því fé, er þau leggja í nýbyggingarsjóð af útgerðartekjum sínum árið 1940, enda sé tekjum af útgerðinni haldið greinilega aðskildum frá öðrum tekjum gjaldenda. Um ávöxtun og ráðstöfun þessa fjár gilda ákvæði þessara laga, eftir því sem við á.

j. (64. gr.) Útgerðarfyrirtækjum íslenzkra botnvörpuskipa, línubáta og vélbáta er heimilt að draga frá skattskyldum tekjum sínum árið 1940 tap, sem orðið hefur á rekstri útgerðarinnar á tímabilinu frá 1. jan. 1931 til 31. des. 1939.

Ívilnun þessi er bundin eftirfarandi skilyrðum og takmörkunum:

a. Að fullnægjandi grein hafi verið gerð fyrir tapinu á framtali til tekju- og eignarskatts fyrir það eða þau ár, sem tapið varð, og sé miðað við rekstrarhalla samkvæmt rekstrarreikningum, enda skal taka með útgjöldum fyrningu á eignum samkvæmt reglugerð um það efni, þó þannig, að togarar séu ekki færðir lengra niður en í kr. 150000.00, miðað við 31. des. 1939, og önnur skip hlutfallslega eftir því. Hafi orðið gróði á rekstri útgerðarfyrirtækjanna einstök ár á fyrrgreindu tímabili, skal hann dragast frá tapinu.

b. Að eigi sé úthlutað arði til hluthafa eða félagsmanna á meðan tapið er eigi að fullu jafnað, eða hluthöfum ívilnað á annan beinan eða óbeinan hátt, svo sem með hækkuðum kaupgreiðslum, umfram verðlagsuppbætur, eða auknum hlunnindum. Enn fremur er fjármálaráðherra heimilt að setja svipaðar takmarkanir, þegar um einkafyrirtæki er að ræða.

c. Að því leyti sem tapið, eða þær skuldir, sem mynduðust þess vegna, hefur verið gefið eftir fyrir ráðstöfun þess opinbera eða á annan hátt, kemur framangreind ívilnun ekki til greina, sbr. lög nr. 9 6. jan. 1938.

d. Að tekjum þeim, sem undanþegnar eru skattgreiðslu vegna tapsfrádráttar, sé eigi varið til annars en greiðslu á skuldum hlutaðeigandi fyrirtækis, þar til þær eru að fullu greiddar.

e. Að tekjur þær, sem undanþegnar eru skattgreiðslu vegna tapsfrádráttar, teljist til varasjóðs, og má nota þann hluta varasjóðsins til að mæta hreinum rekstrarhalla fyrirtækisins, að svo miklu leyti, sem aðrar eignir þess, þar með talin önnur eign í varasjóði, hrökkva ekki til þess að jafna rekstrar-

hallann. Sé nokkru af þessu fé varið til annars en að framan greinir, skal greiða tekjuskatt af 60% þeirrar fjárhæðar, er þannig er varið úr sjóðnum, jafnháan þeim skatti, sem hefði orðið að greiða af fénu, þegar það var lagt fyrir, ef það hefði þá verið skattskylt.

k. (65. gr.) Heimilt er ráðherra að breyta tímaákvörðunum og frestum þeim, er um ræðir í IV. kafla, eftir því sem þörf krefur, við álagningu skatts 1941.

Heimilt er að greiða skattanefndum á árinu 1941 allt að helmingi hærri þóknun en um ræðir í 30. gr.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1941. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 49 12. febr. 1940, um skattgreiðslu íslenzkra útgerðarfyrirtækja.

Ed. 220. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Páli Zóphóníassyni og Þorsteini Þorsteinssyni.

Við 3. gr. Í stað liðanna b, c komi:

b. Annars staðar á landinu:

Fyrir einstakling	kr.	800.00
— hjón	—	1600.00
— hvert barn	—	600.00

Nd. 221. Nefndarálit

um frv. til l. um viðauka við l. nr. 73 7. maí 1940, um hækkun slysabóta og uppbót á ellilaun og örorkubætur.

Frá allsherjarnefnd.

Með lögum nr. 73 7. maí 1940 ákvað Alþingi, að greiða skyldi verðlagsuppbót á slysabætur, ellilaun og örorkubætur á árinu 1940. Skyldi lífeyrissjóður greiða uppbót þessa vegna ellitrygginganna, en fá hana endurgreidda úr ríkissjóði.

27. ágúst sama ár gaf svo ríkisstjórnin út bráðabirgðalög, þar sem ákveðið var, að lögin frá 7. maí skyldu vera í gildi meðan vísitala kauplagsnefndar er 110 eða hærri, en uppbótin á greiðslu lífeyrissjóðs ákveðin þannig, að greiðslan skuli vera 30% af heildarupphæð ellilauna og örorkubóta samkv. 2. tölul. 80. gr. alþýðutryggingalaganna. En 30% eru nærri því að vera sá hundraðshluti af heildarupphæðinni, sem lífeyrissjóður undanfarið hefur greitt að jafnaði, en þó ívið hærra. Og með því að hægðarauki er að því að ákveða hlutfallið þannig, getur nefndin fallizt á þetta nýmæli bráðabirgðalaganna.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, felur í sér staðfesting fyrrnefndra bráðabirgðalaga.

Meðan nefndin hafði frv. til meðferðar, komu félagsmálaráðherra og forstjóri tryggingarstofnunar ríkisins á fund nefndarinnar og ræddu við hana um málið. Niðurstaða þessara viðræðna var sú, að nefndin ákvað að bera fram nokkru víðtækari

bráðabirgðabreytingar á alþýðutryggingalögunum en í frv. felast og breyta af þeim ástæðum að nokkru efnisniðurstöðum frv.

Samkvæmt þessum breytingum, sem nefndin mælir með, hækka persónuiðgjöld til lífeyrissjóðs og hámarksframlög ríkissjóðs og bæjar- og sveitarsjóða til sjúkrasamlaga í samræmi við vísitölu verðlagsnefndar. Er þetta, eins og ákvæði bráðabirgðalaganna, í samræmi við þá almennu verðlagsbreytingu, sem orðið hefur í landinu og Alþingi hefur þegar orðið að taka tillit til á ýmsum sviðum. Enn fremur er lagt til, að breytt verði skilyrðum til að njóta hlunninda í sjúkrasamlagi og útreikningi iðgjalds af skattskyldum tekjum til lífeyrissjóðs í samræmi við verðlagsbreytinguna.

Hækkun á framlagi ríkisins til sjúkrasamlaganna samkv. þessum tillögum nemur ca. 130 þús. kr., miðað við núverandi ástand, og greiðslan til lífeyrissjóðs vegna ellilauna verður á þessu ári ca. 185 þús. kr. samkv. úthlutun þeirri, sem gerð hefur verið, en þá greiðslu er, eins og áður var fram tekið, þegar búið að lögfesta.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Meðan vísitala kauplagsnefndar er 110 eða hærri, skal:
   a. slysatryggingardeild tryggingarstofnunar ríkisins greiða uppbætur á dagpeninga, dánarbætur og örorkubætur til slysatryggðra manna eða skylduliðs þeirra í samræmi við vísitölu kauplagsnefndar.
   b. hámark framlags ríkissjóðs og sveitarsjóða til sjúkrasamlaga samkv. 1. málsgr. 35. gr. hækka í samræmi við vísitölu kauplagsnefndar í lok hvers ársfjórðungs.
   c. lífeyrissjóður Íslands greiða 30% — þrjátíu af hundraði — af heildarupphæð ellilauna og örorkubóta samkv. 2. tölul. 80. gr. laganna.
   d. innheimta iðgjöld til lífeyrissjóðs Íslands samkv. 1. tölul. 49. gr. með viðauka í samræmi við vísitölu kauplagsnefndar 1. apríl það ár, sem gjaldið er á lagt. Gjaldauki, sem nemur minnu en 50 aurum, skal niður felldur, en hækka í krónu, ef hann nemur 50 aurum eða meiru.
   e. tekjuhámark það, sem samkv. 1. málsgr. 24. gr. er skilyrði fyrir að njóta sjúkrasamlagshlunninda gegn greiðslu á einföldu iðgjaldi, miðast við umreiknaðar hreinar tekjur, að frádregnum persónufrádrætti.
   f. einn af hundraði samkv. 49. gr. 2. tölul. reiknast af umreiknuðum hreinum tekjum, að frádregnum persónufrádrætti, sbr. e-lið.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkissjóður endurgreiði lífeyrissjóði Íslands þann hluta af framlagi sjóðsins samkvæmt c-lið 1. gr., sem er umfram ¾ hluta af tillagi lífeyrissjóðsins samkv. 79. gr. laganna.
3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 73 7. maí 1940.
4. Fyrirsögn frv. verði:
   Frumvarp til laga um viðauka við lög nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar.

Alþingi, 18. apríl 1941.

Bergur Jónsson, form.	Vilm. Jónsson, fundaskr.	Gísli Guðmundsson, frsm.
Garðar Þorsteinsson.	Jóh. G. Möller.	

Fylgiskjal I.

Sjúkrasamlagsiðgjöld í janúar 1941.

	Meðlimatala	Iðgj. jan. '41	Ársframlag ríkisins skv. 1. gr. b.	Hækkun ársframlags ríkisins
Reykjavík	21000	5.50	15.00	5.00
Hafnarfjörður	2100	4.50	13.50	3.50
Ísafjörður	1600	4.00	12.00	2.00
Siglufjörður	1600	4.00	12.00	2.00
Akureyri	3100	4.00	12.00	2.00
Seyðisfjörður	500	3.00	9.00	
Neskaupstaður	500	3.00	9.00	
Vestmannaeyjar	1900	4.50	13.50	3.50

Annars staðar Akranes hæst 3 kr. á mánuði. Fljótshlíð lægst 8 kr. á ári.
Núverandi hámark ríkisframlagsins er 10 kr. pr. meðlim á ári.

Fylgiskjal II.

Ellilaun og örorkubætur 1940 og 1941.
Sbr. 80. gr. laga um alþýðutryggingar.

		1940.			
I. fl.	Sveit.fél.	114000			
	Vextir	85300			
	Trygg.st.	99700		299000	
II. fl.	Sveit.fél.	1172000	(979+193)		
	Trygg.st.	374000	(314+ 60)	1546000	1845000
		1941.			
I. fl.	Sveit.fél.	113000			
	Vextir	84000			
	Trygg.st.	103000		300000	
II. fl.	Sveit.fél.	1251000			
	Trygg.st.	502000		1753000	2053000

	1940.		**1941.**
Sveit.fél.	1286000		1364000
Vextir	85300		84000
Trygg.st.	413700	ca.	420000
Ríkissj.	60000	ca.	185000
	Kr. 1845000	ca.	Kr. 2053000

Samkv. núgildandi lögum eru heildariðgjöld til lífeyrissjóðs áætluð ca. 800 þús. kr., þar af ca. 50% persónuiðgjöld og ca. 50% tekjuskattur.

Ed. 222. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá fjárhagsnefnd.

Við 4. gr.

A. Við stafl. a. Á eftir annarri málsgr. kemur: Við ákvörðun hreinna tekna skal tekjuhæðin deilanleg með 50, en því sleppt, sem er fram yfir. Meðalvísitala þessi skal jafnan vera heil tala, og er minni hluta en ½ sleppt, en ½ eða meira hækkað.

B. Við stafl. d. Fyrir „¼ hluti“ á tveim stöðum í síðari málsgr. kemur: ⅓ hluti.

Nd. 223. Breytingartillaga

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka á leigu húsnæði í sveitum og kauptúnum o. fl.

Frá Einari Olgeirssyni.

Við 1. gr.

Aftan við 1. málslið bætist: og þeim sveitum, sem einnig eru álitnar í hættu vegna loftárása.

Ed. 224. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka á leigu húsnæði í sveitum og kauptúnum o. fl.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka á leigu öll skólahús, fundahús, þinghús og annað nothæft húsnæði í sveitum og kauptúnum, til þess, ef nauðsyn krefur, að gera þessi hús að dvalarstöðum fyrir börn og mæður þeirra, þeim til öryggis. Einnig er ríkisstjórninni heimilt að taka á leigu flutningatæki, sem með þarf til að koma börnunum og mæðrum þeirra að og frá ákvörðunarstað.

2. gr.

Ef samkomulag næst ekki við eigendur eða leigjendur húsa og farartækja þeirra, sem um getur í 1. gr., er ríkisstjórninni heimilt að taka þau leigunámi. Um framkvæmd leigunáms samkvæmt þessari grein skal farið eftir ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 225. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 199 [Tekju- og eignarskattur].

Frá Páli Zóphóníassyni og Þorsteini Þorsteinssyni.

Við 2. a. Í stað „10 ára“ komi: 2 ára.

Nd. 226. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 6 9. janúar 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Fyrsta og önnur málsgrein 6. gr. laganna hljóði þannig:

Skattgjald þeirra, sem um ræðir í 1. gr. og 2. gr. og í a- og c-lið 3. gr., reiknast þannig:

Ef hinn skattskyldi hluti teknanna er undir 1000 kr., greiðist af honum 1 %.

Af	1000—	2000	kr.	greiðist	10	kr.	af	1000	kr.	og	2	%	af afganginum
—	2000—	3000	—	—	30	—	—	2000	—	—	4	—	— —
—	3000—	4000	—	—	70	—	—	3000	—	—	7	—	— —
—	4000—	5000	—	—	140	—	—	4000	—	—	9	—	— —
—	5000—	6000	—	—	230	—	—	5000	—	—	11	—	— —
—	6000—	7000	—	—	340	—	—	6000	—	—	12	—	— —
—	7000—	8000	—	—	460	—	—	7000	—	—	13	—	— —
—	8000—	9000	—	—	590	—	—	8000	—	—	15	—	— —
—	9000—	10000	—	—	740	—	—	9000	—	—	20	—	— —
—	10000—	11000	—	—	940	—	—	10000	—	—	28	—	— —
—	11000—	12000	—	—	1220	—	—	11000	—	—	29	—	— —
—	12000—	14000	—	—	1510	—	—	12000	—	—	30	—	— —
—	14000—	16000	—	—	2110	—	—	14000	—	—	31	—	— —
—	16000—	18000	—	—	2730	—	—	16000	—	—	32	—	— —
—	18000—	20000	—	—	3370	—	—	18000	—	—	33	—	— —
—	20000—	25000	—	—	4030	—	—	20000	—	—	34	—	— —
—	25000—	30000	—	—	5730	—	—	25000	—	—	35	—	— —
—	30000—	35000	—	—	7480	—	—	30000	—	—	36	—	— —
—	35000—	40000	—	—	9280	—	—	35000	—	—	37	—	— —
—	40000—	45000	—	—	11130	—	—	40000	—	—	38	—	— —
—	45000—	50000	—	—	13030	—	—	45000	—	—	39	—	— —
—	50000 og þar yfir		—		14980	—	—	50000	—	—	40	—	— —

2. gr.

Í stað 6. og síðustu málsgr. 8. gr. laganna komi:

Félög þau og stofnanir, er um ræðir í 3. gr. a., svo og samvinnuútgerðarfélög og hlutarútgerðarfélög mega draga frá tekjum sínum 5% af innborguðu hlutafé eða stofnfé.

Ef nokkuð af ársarði þessara félaga er lagt í varasjóð, þá er helmingur þeirrar upphæðar undanþeginn tekjuskatti, og skal hann koma til frádráttar við ákvörðun skattskyldra tekna.

Arðjöfnunarsjóði, eftirlaunasjóði og aðra sjóði, sem ekki eru beinlínis ætlaðir til þess að tryggja rekstur fyrirtækisins sjálfs, má ekki telja sem varasjóð.

Ef nokkurri fjárhæð úr varasjóði er síðar varið til úthlutunar til hluthafa, ráðstafað til einkaþarfa þeirra á beinan eða óbeinan hátt, eða varið til annars en þess að mæta hreinum rekstrarhalla fyrirtækisins, skal telja ⅗ af þeirri upphæð til skattskyldra tekna á því ári. Það telst ráðstöfun á fé varasjóðs samkv. framansögðu, ef félag, sem notið hefur hlunninda vegna framlags í varasjóð, ver einhverju af eignum sínum með eftirgreindum hætti:

a. Veitir hluthöfum, stjórnendum félags eða öðrum lán í peningum eða öðrum verðmætum, sem ekki eru beinlínis viðkomandi rekstri félagsins.
b. Veitir hluthöfum, stjórnendum félagsins eða öðrum nokkur fríðindi, beint eða óbeint, umfram arðsúthlutun og venjulegar eða eðlilegar launagreiðslur.

c. Ver fé til einhvers annars, sem er óviðkomandi rekstrinum, t. d. kaupa á eignum, hvers eðlis sem eru, sem ekki geta talizt nauðsynlegar við rekstur félagsins. Undanskilin eru þó opinber verðbréf ríkis og bæjarfélaga, þar með talin skuldabréf með ríkisábyrgð, svo og eignir, sem félag hefur orðið að taka við í sambandi við reksturinn, án þess um bein eignakaup sé að ræða.

Nú hefur félag, sem myndað hefur varasjóð, ráðstafað fé á einhvern þann hátt, sem greinir í a—c-liðum, og fellur það þá til skattgreiðslu samkv. 9. málsgr. þessarar greinar, þó eigi hærri fjárhæð en nemur varasjóði. Skal þá miða við þá lánsfjárupphæð, sem útistandandi er um áramót af lánum, er veitt voru á árinu, að viðbættu meðaltali þeirra lána, er veitt hafa verið og greidd á skattárinu samkv. a-lið, heildarupphæð veittra hlunninda á skattárinu samkv. b-lið og kaupverð eigna samkv. c-lið.

3. gr.

Í stað a—c-liða í 12. gr. laganna komi:

a. Í Reykjavík:

Fyrir einstakling	kr.	900.00
— hjón	—	1800.00
— hvert barn	—	700.00

b. Annars staðar á landinu:

Fyrir einstakling	—	800.00
— hjón	—	1600.00
— hvert barn	—	600.00

Frádráttur veitist fyrir þau börn, sem ekki eru fullra 16 ára í byrjun þess almanaksárs, þegar skattur er á lagður. Hér með teljast stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn, sem ekki er greitt meðlag með. Fyrir aðra skylduómaga, sem skattgreiðandi hefur á framfæri sínu, veitist sami frádráttur og fyrir börn. Hafi hinn framfærði tekjur, lækkar frádrátturinn sem þeim nemur og fellur burt, ef tekjuupphæðin nemur lögleyfðum ómagafrádrætti eða meiru.

4. gr.

Í stað 55. gr. í VI. kafla laganna komi 11 nýjar greinar, er verða 55.—65. gr., svo hljóðandi:

a. (55. gr.) Á meðan vísitala kauplagsnefndar er hærri en 110, miðað við grunntöluna 100 í jan.—marz 1939, skal tekjuskattur einstaklinga reiknaður þannig:

Hreinar tekjur gjaldanda skal margfalda með 100 og deila útkomunni með meðalmánaðarvísitölu skattársins. Við ákvörðun hreinna tekna skal tekjuhæðin deilanleg með 50, en því sleppt, sem er fram yfir. Meðalvísitala þessi skal jafnan vera heil tala, og er minni hluta en ½ sleppt, en ½ eða meira hækkað.

Frá þeirri tekjuupphæð, er þannig fæst, skal dreginn persónufrádráttur samkvæmt ákvæðum 12. gr.

Þegar upphæð tekjuskatts hefur verið fundin samkv. reglum 6. gr., skal margfalda hana með meðalvísitölunni og deila útkomunni með 100.

Ofangreind ákvæði gilda um þá einstaklinga, er hafa eigi hærri hreinar tekjur en kr. 12000.00, eftir að þær hafa verið lækkaðar á framangreindan hátt. Af hærri tekjum en hér greinir skal tekjuskattur reiknaður samkv. 6. gr. óbreyttri, en tekjuskatturinn síðan lækkaður um sömu fjárhæð og skattívilnunin hefur numið hjá þeim einhleypum gjaldendum, er hafa í hreinar tekjur kr. 12000.00, eftir að þær hafa verið lækkaðar samkvæmt framangreindri reglu.

b. (56. gr.) Nú hefur félag, sem notið hefur hlunninda vegna framlags í varasjóð samkv. ákvæðum 8. gr., ráðstafað fé á árinu 1940 á þann hátt, sem um getur í a-lið og c-lið 8. gr., og skal þá skattanefnd miða skattgjald þeirra við það, að þær ráðstafanir hafi eigi verið gerðar, enda sanni hlutaðeigandi félag eigi síðar en 15. júlí 1941, að það hafi innheimt lán samkv. a-lið og selt eignir samkv. c-lið, en að öðrum kosti falla þær upphæðir til skattgreiðslu samkv. 9. málsgr. 8. gr.

c. (57. gr.) Við ákvörðun tekjuskatts 1941 skal félögum þeim, er um ræðir í 3. gr. a. og b., heimilt að draga frá skattskyldum tekjum sínum aðeins ⅖ þeirrar fjárhæðar, er þau leggja í varasjóð af tekjum ársins 1940. Þó er þeim af þessum félögum, er stunda sjávarútveg sem aðalatvinnurekstur, heimilt að draga frá skattskyldum tekjum helming þeirrar upphæðar, er þau leggja í varasjóð af tekjum sínum á árinu 1940.

d. (58. gr.) Nú nýtur félag, er um getur í 3. gr. a. og b. og hefur sjávarútveg sem aðalatvinnurekstur, skattívilnunar þeirrar, er um ræðir í 57. gr., og skal þá 40% af því fé, sem það leggur í varasjóð af tekjum ársins 1940, ráðstafað á þann hátt, að það sé lagt á sérstakan reikning í banka eða keypt fyrir það opinber verðbréf og þau falin banka til geymslu. Nefnist sá hluti varasjóðsins nýbyggingarsjóður, og gilda um hann þær reglur, er greinir í 59.—62. gr. Félag skal tilkynna, eigi síðar en 14 dögum eftir gildistöku laga þessara, hversu mikið fé það leggur í varasjóð, og ákveðst þá skattgreiðsla þess á árinu 1941 samkv. því. Fyrir 15. júlí 1941 skal félagið sanna fyrir skattanefnd, að áskilinn hluti af varasjóðstillaginu hafi verið lagður í nýbyggingarsjóð, en séu vanefndir á því að einhverju eða öllu leyti, skal greiða í ríkissjóð 20% af þeirri fjárhæð, sem til vantar.

Af fé nýbyggingarsjóðs má ekki meira en ⅓ hluti vera innstæða á biðreikningi í sterlingspundum, sbr. bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 73 31. des. 1937, útg. 2⅘ 1941, nema með sérstöku leyfi nefndar þeirrar, er um getur í 61. gr. Getur nefndin veitt leyfi til þess, að meira en ⅓ hluti sjóðsins sé á biðreikningi, ef aðili sýnir fram á, að hann geti ekki lagt féð fram á annan hátt, vegna þess að fé varasjóðs hafi verið notað til að greiða skuldir fyrirtækisins.

e. (59. gr.) Útgerðarfélag ráðstafar sjálft því fé, er það hefur lagt í nýbyggingarsjóð, en því má eingöngu verja til aukningar og endurnýjunar á framleiðslutækjum á sviði útgerðar, annaðhvort með nýbyggingum innanlands eða með kaupum frá öðrum löndum. Þó er heimilt að verja fé nýbyggingarsjóðs til að greiða tap á útgerð, ef aðrar eignir hrökkva ekki til fyrir því, en áður en það er gert, skal það tilkynnt nefnd þeirri, er um ræðir í 61. gr., og lætur hún þá aðila vita, hvort hún telur slíka ráðstöfun í samræmi við lög þessi.

Sé fé nýbyggingarsjóðs veðsett eða því ráðstafað á einhvern annan hátt en að framan greinir, um lengri eða skemmri tíma, skal greiða af því tekjuskatt jafnháan þeim skatti, sem hefði orðið að greiða af fénu, þegar það var lagt fyrir, ef það hefði þá verið skattskylt.

f. (60. gr.) Útgerðarfélag lætur fylgja með skattframtali sínu yfirlýsingu frá hlutaðeigandi banka um það, hve mikið fé sé geymt þar í nýbyggingarsjóði, og yfirlit um þær breytingar, sem kunna að hafa orðið á innstæðu sjóðsins síðan hann var myndaður. Enn fremur vottorð um, að á fé þessu hvíli engar kvaðir.

g. (61. gr.) Ráðherra skipar þriggja manna nefnd, einn eftir tilnefningu Landssambands íslenzkra útvegsmanna, annan eftir tilnefningu Alþýðusambands Íslands, en hinn þriðja án tilnefningar, og er hann formaður nefndarinnar. Nefndin skal hafa eftirlit með því, að fylgt sé fyrirmælum laga þessara um ávöxtun og ráðstöfun á fé nýbyggingarsjóðs.

Skattanefndir skulu senda nefnd þeirri, er hér um ræðir, skýrslu um framlög í nýbyggingarsjóð og innstæðu hvers fyrirtækis, svo fljótt sem unnt er, eftir að upplýsingar um það bárust þeim í hendur. Um hver áramót skulu þau fyrirtæki, er fé eiga í nýbyggingarsjóði, senda nefndinni skýrslu um ráðstöfun þess fjár, er þau hafa tekið úr sjóðnum á liðnu ári. Nú telur nefndin vafa á því, að fé úr nýbyggingarsjóði hafi verið varið samkvæmt ákvæðum laga þessara, og skal hún þá tafarlaust tilkynna það stjórn viðkomandi útgerðarfélags. Nefndin skal síðan úrskurða um það, hvort greiða skuli skatt af fénu samkv. síðari málsgr. 59. gr., og tilkynna það skattanefnd og eiganda sjóðsins.

Úrskurðum nefndarinnar má skjóta til ríkisskattanefndar til fullnaðarúrskurðar, sbr. þó 2. málsgr. 41. gr. Sé ágreiningur innan nefndarinnar, getur minni hlutinn einnig skotið honum til úrskurðar ríkisskattanefndar.

Þóknun fyrir störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

h. (62. gr.) Nú hefur innstæða í nýbyggingarsjóði verið notuð samkvæmt fyrirmælum laga þessara, og telst þá sú eign til varasjóðs hjá viðkomandi félagi.

i. (63. gr.) Einstaklingar og sameignarfélög, er stunda sjávarútveg sem aðalatvinnurekstur, mega draga frá skattskyldum tekjum sínum 40% af því fé, er þau leggja í nýbyggingarsjóð af útgerðartekjum sínum árið 1940, enda sé tekjum af útgerðinni haldið greinilega aðskildum frá öðrum tekjum gjaldenda. Um ávöxtun og ráðstöfun þessa fjár gilda ákvæði þessara laga, eftir því sem við á.

j. (64. gr.) Útgerðarfyrirtækjum íslenzkra botnvörpuskipa, línubáta og vélbáta er heimilt að draga frá skattskyldum tekjum sínum árið 1940 tap, sem orðið hefur á rekstri útgerðarinnar á tímabilinu frá 1. jan. 1931 til 31. des. 1939.

Ívilnun þessi er bundin eftirfarandi skilyrðum og takmörkunum:

a. Að fullnægjandi grein hafi verið gerð fyrir tapinu á framtali til tekju- og eignarskatts fyrir það eða þau ár, sem tapið varð, og sé miðað við rekstrarhalla samkvæmt rekstrarreikningum, enda skal taka með útgjöldum fyrningu á eignum samkvæmt reglugerð um það efni, þó þannig, að togarar séu ekki færðir lengra niður en í kr. 150000.00, miðað við 31. des. 1939, og önnur skip hlutfallslega eftir því. Hafi orðið gróði á rekstri útgerðarfyrirtækjanna einstök ár á fyrrgreindu tímabili, skal hann dragast frá tapinu.

b. Að eigi sé úthlutað arði til hluthafa eða félagsmanna á meðan tapið er eigi að fullu jafnað, eða hluthöfum ívilnað á annan beinan eða óbeinan hátt, svo sem með hækkuðum kaupgreiðslum, umfram verðlagsuppbætur, eða auknum hlunnindum. Enn fremur er fjármálaráðherra heimilt að setja svipaðar takmarkanir, þegar um einkafyrirtæki er að ræða.

c. Að því leyti sem tapið, eða þær skuldir, sem mynduðust þess vegna, hefur verið gefið eftir fyrir ráðstöfun þess opinbera eða á annan hátt, kemur framangreind ívilnun ekki til greina, sbr. lög nr. 9 6. jan. 1938.

d. Að tekjum þeim, sem undanþegnar eru skattgreiðslu vegna tapsfrádráttar, sé eigi varið til annars en greiðslu á skuldum hlutaðeigandi fyrirtækis, þar til þær eru að fullu greiddar.

e. Að tekjur þær, sem undanþegnar eru skattgreiðslu vegna tapsfrádráttar, teljist til varasjóðs, og má nota þann hluta varasjóðsins til að mæta hreinum rekstrarhalla fyrirtækisins, að svo miklu leyti, sem aðrar eignir þess, þar með talin önnur eign í varasjóði, hrökkva ekki til þess að jafna rekstrarhallann. Sé nokkru af þessu fé varið til annars en að framan greinir, skal greiða tekjuskatt af 60% þeirrar fjárhæðar, er þannig er varið úr sjóðnum, jafnháan þeim skatti, sem hefði orðið að greiða af fénu, þegar það var lagt fyrir, ef það hefði þá verið skattskylt.

k. (65. gr.) Heimilt er ráðherra að breyta tímaákvörðunum og frestum þeim, er um ræðir í IV. kafla, eftir því sem þörf krefur, við álagningu skatts 1941.

Heimilt er að greiða skattanefndum á árinu 1941 allt að helmingi hærri þóknun en um ræðir í 30. gr.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1941. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 49 12. febr. 1940, um skattgreiðslu íslenzkra útgerðarfyrirtækja, lög nr. 57 frá 28. jan. 1935, um hlunnindi fyrir ný iðn- og iðjufyrirtæki, og lög nr. 44 frá 26. maí 1938 og breyting á þeim lögum, nr. 106 frá 14. maí 1940.

Ed. 227. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 37 frá 19. maí 1930, um skráning skipa.

Frá allsherjarnefnd.

Aftan við 12. gr. laganna komi ný málsgr.:
Fyrir nafnbreytingu á skipi, sem er undir 30 rúmlestum, skal greiða 100 kr., en yfir 30 rúmlestum 300 kr., og renni gjald þetta í ríkissjóð.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkvæmt beiðni fjármálaráðherra, og fylgdu því svo hljóðandi skýringar:

Það hefur komið í ljós við framkvæmd skipaskráningarlaganna, að þegar eigandaskipti hafa orðið að skipum, hafa nafnbreytingar orðið svo tíðar, að erfitt hefur reynzt að halda skipaskrám í lagi, bæði vegna þess, að menn hafa ekki gætt þess að sækja um nafnbreytingarleyfi til skipaskráningarstofunnar, eins og fyrir er lagt í fyrrgreindum lögum, og hins, að tilkynningar um nafnbreytingar hafa eigi borizt í tæka tíð, svo að skírteini hafa þegar verið gefin út með gamla nafninu. Enn hefur það borið við, að engar tilkynningar um nafnbreytingu hafa verið sendar, og kostar það þá mikla fyrirhöfn að átta sig á því, um hvaða skip sé að ræða, þegar upplýsingar er beiðzt um skipið. Fyrir því þykir hlýða, að ákveðið sé gjald fyrir nafnbreytingarleyfi, en það hefur hingað til verið veitt ókeypis, og hæfilegt gjald virðist mega áætla fyrir skip, sem eru undir 30 smál. brúttó, 100 kr., en yfir 30 smál. 300 kr.

Með þessu móti mætti ætla, að drægi úr hinum tíðu nafnbreytingum skipa, ef ekki, þá hlyti það að hafa í för með sér álitlega fúlgu í ríkissjóð.

Nd. 228. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Frá Pétri Ottesen.

Framan við frumvarpsgreinina koma nýir liðir:

I. Á eftir B. 3. í 2. gr. laganna komi nýr liður:
Akrafjallsvegur: Af Akranesvegi hjá Litlu-Fellsöxl fyrir Akrafjall um Klafastaði og Kúludalsá á þjóðveginn ofan við Skipaskaga.

II. Á eftir XI. b. í lögum nr. 72 23. júní 1936 bætist nýr liður.
Hnappadalsvegur: Frá Stykkishólmsvegi um Hnappadal og Heydal að Bíldhóli á Skógarströnd.

Ed. 229. Lög

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka á leigu húsnæði í sveitum og kauptúnum o. fl.

(Afgreidd frá Ed. 18. apríl).

Samhljóða þskj. 224.

Nd. 230. Tillaga til þingsályktunar

um síldarmjölsbirgðir til fóðurtryggingar á næsta vetri.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Bergur Jónsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera ráðstafanir til að tryggja það, eftir því sem frekast er unnt, að til verði í landinu nægilegt síldarmjöl til skepnufóðurs á næsta vetri.

Greinargerð.

Svo að segja allar síldarmjölsbirgðir verksmiðja hér á landi munu vera seldar til útlanda, og svo nærri gengið, að bændur fá nú ekki keypt 1. flokks síldarmjöl. Hins vegar er allt í óvissu um síldarútgerð og síldarvinnslu á næsta sumri. En telja má víst, að bændur þurfi á miklu síldarmjöli að halda næsta haust, þar sem hörgull mun verða á vinnukrafti til heyöflunar. Það virðist því næsta varhugavert, að það síldarmjöl, sem enn er fyrirliggjandi hjá verksmiðjunum, sé allt flutt úr landi, nema því aðeins, að tryggt sé fyrirfram, að framleitt verði a. m. k. svo mikið næsta sumar, að hægt verði að fullnægja eftirspurn frá bændum á þann hátt.

Þegar Alþingi ákvað, að ríkið kæmi upp síldarverksmiðjum, var það gert öðrum þræði með það í huga, að á þann hátt væri séð fyrir fóðurforða landbúnaðinum til handa. Hefur þess aldrei verið meiri þörf en nú, að þetta sjónarmið sé haft fyrir augum.

Ef ríkisstjórnin teldi sig þurfa lagaheimildar í þessu skyni, má gera ráð fyrir, að Alþingi myndi fúslega veita henni slíka heimild.

Nd. 231. Breytingartillögur

við frv. til l. um landnám ríkisins.

Frá Eiríki Einarssyni.

Á eftir 7. gr. komi 2 nýjar gr., er verða 8. og 9. gr. (og breytist síðari greinatala samkvæmt því):

a. (8. gr.) Áður en landnámssvæði er ákveðið, skal nýbýlastjórn í hvert skipti leita umsagnar og tillagna sveitarstjórnar í hreppi þeim, er land það liggur, sem ætlað er til landnámsins. Ber hreppsnefnd að gera rökstudda grein fyrir því, hver áhrif hið fyrirhugaða landnám muni hafa á afkomuöryggi bújarða þeirra, sem fyrir eru í sveitinni, eða hreppsins í heild. Verði ágreiningur um fyrirætlanir nýbýlastjórnar annars vegar og tillögur og óskir sveitarstjórnar hins vegar, sker stjórn Búnaðarfélags Íslands úr, en ákvörðun þeirri má skjóta til fullnaðarúrskurðar landbúnaðarráðherra.

b. (9. gr.) Við ákvörðun ábúenda á hinum nýju landnámsjörðum skal nýbýlastjórn og hlutaðeigandi hreppsnefnd vera í samráðum, enda er óheimilt að byggja nýbýlisjörð manni, er hreppsnefnd getur ekki fallizt á.

Nd. 232. Frumvarp til laga

um greiðslu verðlagsuppbótar á styrk til héraðs- og gagnfræðaskóla.

Flm.: Ásgeir Ásgeirsson, Bjarni Bjarnason, Finnur Jónsson, Jóh. G. Möller.

1. gr.

Greiða skal verðlagsuppbót á styrk þann, sem greiða ber samkvæmt lögum nr. 33 1940, um héraðsskóla, og lögum nr. 48 1930, um gagnfræðaskóla.

2. gr.

Ríkissjóður og hlutaðeigandi bæjarsjóður greiða hvor um sig sömu verðlagsuppbót á þann styrk, er þeim ber að greiða viðkomandi skóla, og greidd er á sama tíma og skólarnir starfa á laun embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins og ríkisstofnana, þó með þeirri undantekningu, að ekki gildi ákvæðin um hámarkstölu þá, er um getur í 3. gr. téðra laga.

3. gr.

Ákvæði þessara laga gilda frá 1. janúar 1941.

Greinargerð.

Það virðist óhjákvæmilegt að greiða verðlagsuppbót á þá skólastyrki, sem ekki eru greiddir sem laun úr ríkissjóði. Nánar í framsögu.

Nd. 233. Nefndarálit

um frv. til l. um sölu á spildu úr Neslandi í Selvogi.

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar.

Samkomulag náðist ekki um afgreiðslu málsins. Minni hluti nefndarinnar vill samþykkja frv. óbreytt. Nefndin leitaði álits sandgræðslustjóra um frumvarpið. Fylgir umsögn sandgræðslustjórans hér á eftir, merkt fylgiskjal I. Þá fékk og sveitarstjórn Selvogshrepps tækifæri til þess að kynna sér efni frv. Fylgir álitsgerð sveitarstjórnarinnar hér, merkt fylgiskjal II.

Þar sem báðir þessir aðilar lýsa sig algerlega andstæða því, að frumvarpið verði samþykkt, þá getur meiri hluti landbúnaðarnefndar ekki fallizt á, að svo verði gert. Telur nefndin, að í álitsgerðum sandgræðslustjóra og sveitarstjórnar Selvogshrepps séu færð glögg rök að því, að ekki beri að selja þann hluta jarðarinnar, sem frv. fjallar um, og afhenda hann á þann hátt til frjálsra afnota hvað beit snertir. Mundi af því geta leitt landeyðing og uppblástur að nýju.

Samkvæmt því, sem hér er fram tekið, leggur meiri hl. nefndarinnar til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 21. apríl 1941.

Bjarni Ásgeirsson, form.	Steingr. Steinþórsson, frsm.	Ásgeir Ásgeirsson.

Fylgiskjal. I.

SANDGRÆÐSLA ÍSLANDS

Hafnarfirði, 27. marz 1941.

Landbúnaðarnefnd neðri deildar Alþingis hefur með bréfi, dags. 24. þ. m., sent mér „Frumvarp til laga um sölu á landspildu úr Neslandi í Selvogi“ og óskað eftir umsögn minni um það.

Frumvarp þetta hef ég lesið og greinargerð, sem því fylgir.

Í greinargerðinni eru ýmsar upplýsingar um það, sem gerzt hafi áður en sandfokssvæðið var girt frá Ölfusá, að vitanum austan við Nes í Selvogi. Svæði þetta var girt árið 1935. Landstærðin er 7797 ha. Af því landi var 2122 ha. stykki frá Nesi, sem var keypt fyrir rúmar 6000 kr.

Í greinargerðinni er fyrst talað um samning, sem sýslumaður Árnessýslu hafi gert við jarðeigandann í Nesi árið 1934, og að eftir þeim samningi hafi átt að girða í Hellisþúfu og þaðan sjónhendingu til sjávar í Viðarhelli. Samning þennan hef ég aldrei séð, en ég kynnti mér mjög vel, hvort hægt væri að girða þessa leið. Áleit ég með öllu ófært að fara með girðingu þessa línu af tveim ástæðum:

1. Ég fann þar engan stað við sjó, sem gott var að girða á, svo tryggt væri, að fé gengi ekki milli girðingar og sjávar. Auk þess virtist mér sem sjór gengi þar langt á land upp í stórbrimum, svo að þar væri ekki hægt að halda girðingu í lagi.
2. Milli nefndrar línu, „Hellisþúfa í Viðarhelli“, og byggðar og túna í Selvogi er allstórt sandsvæði og hættulegt sandfok, sem getur eyðilagt bæði tún og byggð í Selvogi, ef hörð og óhagstæð veður koma.

Í greinargerðinni segir: „Nú hagar svo til í Selvogi, að bændur verða nær eingöngu að lifa af sauðfjárrækt. Og þar sem nær enginn heyskapur er þar utan túns og sauðféð verður mikið að lifa af beit, þarf mikið landrými.“

Þarna eru dregnar fram aðalforsendur fyrir þessu frumvarpi. Sanna þessi rök þann grun, sem ég hef haft um, að landið í Selvogi væri undir örtröð beitarfénaðar. Hér er um tvennt að ræða, tvær gagnstæðar aðferðir. Önnur er að friða landið, græða það og hefta sandfokið; að því var stefnt með nefndri girðingu. Hin aðferðin er að leggja landið undir örtröð beitarpenings, sem ekki einungis tínir hvert strá, lyngkló og víðikvist, heldur sverfur svörðinn og rífur ræturnar og leggur landið í flag. Þarna rekast á augnablikshagsmunir þeirra einstaklinga, sem búa rányrkjubúskap á jörðum eins og Nesi í Selvogi, og gróður og gróðrarmold, sem er framtíðar þjóðareign og matbjargarforðabúr þeirra, sem þetta land byggja.

Á Nesi í Selvogi er sagt, að sé nú 7—800 fjár að vetrinum, en nokkuð á annað þúsund með lömbum á sumrum. Það er sorglegt, að bóndi, sem á 4 uppkomna syni, eins og bóndinn í Nesi, skuli ekki geta séð aðra atvinnumöguleika á jörð sinni en sauðfjárrækt, sem er rekin á útigangi að mestu leyti, en lítið á heygjöfum. Skyldi vera ógerlegt fyrir bóndann að byggja búskapinn meira á ræktun landsins, en minna á beit? Sandfokið sækir á byggðina í Selvogi úr tveim áttum. Milli Hlíðarvatns og sjávar er Víðisandur; þaðan kom sandurinn á Strandarland og barst til austurs. Aðaluppblásturssvæðið af Strandarlandi var girt árið 1928, og hefur það gróið mikið síðan.

Aftur miðar sandinum austan að vel áfram, og er hann bráðum kominn vestur í Strandargirðingu, og fer það innan skamms, ef ekkert verður að gert. Gróðri hinnar kostaríku Selvogssveitar er því hætta búin. Það er þess vert að kynna sér búnaðarsögu Selvogsins, því að þar var blómleg byggð.

Það er rétt sagt í greinargerð frumvarpsins, að ég vildi girða allt sandfokssvæðið, taka sandinn heim að túngörðum í Nesi og girða til sjávar hjá Nesvitanum, því að þar var bezta girðingarstæðið við sjó, og það eina, sem ég áleit, að til greina gæti komið. Mér duldist ekki, að það var hin mesta nauðsyn að girða heim að görðum, því að sandskaflar voru þá komnir inn fyrir þá, og jaðrarnir á

túnunum í Nesi víða mikið blásnir. Hjáleigur, sem áður voru, flestar komnar í eyði. (Riss gerði ég á uppdrátt, sem hér fylgir, sem sýnir, hvernig ég áleit, að þyrfti að girða).

Eftir nokkrar umræður um girðingarstæðið, varð samkomulag milli forsætisráðherra og bóndans í Nesi, að girðingarlínan yrði frá Hellisþúfu til sjávar hjá Nesvita (Snjóhúsvarða).

Frásögnin um sandfokshættu frá landspildu, sem frumvarpið fjallar um, er svo röng og öfgakennd í greinargerð frumvarpsins, að undrum sætir. Þar segir:

„Það er útilokað, að nokkur minnsta hætta sé af þessu landi, þó að það sé ekki friðað. Landið var áður örfoka, en er nú að kalla gróið."

Ofan til, næst heiðinni, er á landi þessu mjög mikill sandur, víða með nokkrum gróðri, sem aukizt hefur síðan girt var, en þar eru sandgígir, sem blæs úr, og „randir", þ. e. gróðurlaus börð, norðan og norðaustan á melgresisflesjunum, sem einnig blæs úr. Verði landið lagt undir beit, fer það í flag. 7. þ. m. skrifar hreppstjórinn í Selvogshreppi mér um sandfok þar í norðanveðrinu 27. og 28. f. m. Hann segir svo:

„Í síðasta norðanroki fauk mikill sandur á Nestúnin, en það hlífði Miðvoginum, að vindurinn var af norðri. Hefði hann verið á landnorðan, þá hefðum við fengið að kenna á sandbyl yfir túnin, sem eðlilegt er, þar sem sandurinn, sem er ógirtur, er eins og pældur kálgarður heim að túngörðum, hvað þá ef stækka á ógirta svæðið meira en um helming."

Stórbýlin í Selvogi eru illa komin af sandfoki og uppblæstri. Áður fyrr voru þar höfuðbólin Strönd og Nes. Margir höfðingjar og nafnkenndir menn hafa í Selvogi verið, flestir kannast t. d. við Erlend lögmann og séra Eirík Magnússon. Búsældarlegt hefur verið þar, meðan land var gróið og tún og grösugt valllendi austan frá „Snjóhúsvörðu" (Nesviti) vestur í Hlíðarvatn. Garður mikill var gerður alla þessa leið, sem friðaði tún og varði byggðina. Hungurvofan hefur þó gist þessa sveit, ekki síður en margar aðrar byggðir þessa lands. Annálar segja, að árið 1314 hafi orðið svo mikið mannfall syðra „í sult" af fátæku fólki, að þrjú hundruð lík komu þá til Strandarkirkju í Selvogi. Hvað margt af búpeningi hefur fallið af hor í Selvogi, verður ekki með tölum talið. Lengi fram eftir öldum hafa verið um 40 búendur í Selvogshreppi, en nú síðustu ár hafa verið þar 15—16 búendur, um 25 nautgripir, 2500—3000 kindur, 70—80 hross.

1706, þegar Árni Magnússon og Páll Vídalín gera jarðabók sína, eru um 30 bændur í Selvogshreppi, 669 kindur, 129 nautgripir, 77 hross.

Áður var mikill útvegur í Selvogi og Herdísarvík, en nú er þar enginn útvegur. Búskapur og atvinna Selvogsbænda hafa hina síðustu áratugi beinzt mjög í sömu átt sem frumvarpið stefnir að og lýst er í greinargerð þess, og nauðsyn bóndans í Nesi til að fá keypt land af sandgræðslusvæðinu til sauðfjárbeitar.

Séra Jón Vestmann sóknarprestur í Selvogi skrifar bréf 23. des. 1812 til biskups og landsstjórnar og lýsir, hvernig þá er háttað þar; hann segir:

„Allt fram undir endalok 16. (17.) aldar voru hér, eftir því, sem næst verður komizt, í Strandarkirkjusókn í Selvogi 42 búendur, sem sést af brag þeim, er Jón Jónsson, þáverandi bóndi í Nesi, orti um téðrar sóknar bæi og bændur, en nú eru hér einasta 16 búendur, með prestinum í reiknuðum, þeirra á meðal 8 bláfátækir öreigar. Fyrir og allt til 1770 gengu hér til útróðra 50 skip í Selvogi og Herdísarvík, en nú einungis 6 í báðum stöðunum. Orsökin til þess er ekki aleina sú, að fiskur hafi lagzt frá, allra sízt í Selvogi, heldur ásamt með sá mikli sandágangur, sem eftir áður sögðu hefur eyðilagt svo marga bæi sóknarinnar, hefur einnig fyllt lendingar með svo mikinn sand, að þær eru of grunnar orðnar, og þess vegna ófærar, þegar nokkurt brim er í sjóinn. Sömu orsakir eru til þess, að næstum öll selalátur, tilheyrandi lénsjörð prestsins í Vogsósum, eru aftekin og full af sandi, svo menn vita ekki eingang, hvar skerin á milli lagnanna hafa verið. Sandslægjan, sem var sú helzta, er téðri jörð fylgdi, og sem allt fram til 1780 og

þar yfir var svo góð, að óvíða þurfti mikið að raka milli flekkja, er nú með öllu blásin í rotur og jarðleysur og svo snögg, að rart þykir, að bezti verkmaður slær þar heykapal á dag. Heiðin eður haglendið, sem fyrrum hefur öll verið vaxin grasi, alslags lyngi og víðivið, er nú uppurin og blásin í berg, holt og flög, svo kalla má, að ei sjáist nú meira en menjar einar í fám stöðum til hennar fyrri gæða.“ (Þetta skrifar séra J. V. 1812).

Mikið hafa gæði sveitarinnar gengið saman síðan þetta var ritað, en samt verð ég að játa, að ég tel mikil og góð búskaparskilyrði í Selvogi. Landið, sem enn er óblásið, er kjarngott. Veðráttan er mild, svo að mestan hluta ársins má vinna þar að jarðrækt. Landið er þurrt og allgott til ræktunar, þara má oft fá þar til áburðar. Silungsveiði er allmikil í Hlíðarvatni og gæti vaxið með klakstöð og skynsamlegri veiði. Æðarvarp gæti verið þar mikið, ef hólmar væru settir í vatnið og traust girðing við vatnið, svo fuglinn hefði næði, því að mikið er af honum. Þá er og hörmulegt að vita til, að útgerð hafi fallið niður í Selvogshreppi, því að það virðast góð skilyrði fyrir bátaútgerð í Herdísarvík, ef gerðar væru hafnarbætur. Ég efast ekki um, að Selvogur getur orðið fögur og heilladrjúg framtíðarbyggð, ef vegur er lagður inn úr Ölfusi um hann til verstöðva á Suðurnesjum. Sandfokið þarf að hefta, sauðfjáreign og rányrkja verður að minnka, en ræktun að aukast.

Sennilega hefur hið háa Alþingi þann góða skilning á, að sandgræðsla er nauðsynjamál fyrir Þorlákshöfn og Selvog, og fellir frumvarpið, sem nú liggur fyrir og hljóðar um sölu á spildu úr Neslandi, sem nú er girt með sandgræðslusvæðinu frá Ölfusá að Nesvita. Verði frumvarpið samþykkt, er með því eyðilögð sú sandgræðslubyrjun, sem þar er hafin og búið er að kosta til um 30000 kr. Auk þess er Þorlákshöfn sem útgerðarstöð eyðilögð, því að öll meðferð á nýjum og blautum fiski er örðug á sandfokssvæði. Svo getur líka farið, að hafnarbætur komi ekki að fullum notum, ef sandfokið skellur þar yfir. Friðun og sandgræðsla í Þorlákshöfn er lítt framkvæmanleg, ef frumvarpið verður samþykkt og landspilda sú, sem það fjallar um, tekin til beitar, vegna þess, sem áður hefur verið sagt, þ. e. óhagstætt girðingarstæði og erfitt eftirlit með vörn, sökum fjarlægðar frá bæjum, en mikill ágangur af fénaði. Allt þetta gerir það, að ég tel vonlaust, að vörnin verði í lagi á sandgræðslusvæðinu, og legg því til, að frumvarpið verði fellt. Við þetta bætist, að verði landspildan seld og tekin til beitar, margfaldast sandmagnið, sem getur borizt yfir tún og byggð í Selvogi. Vex því sandfokshættan þar, ef frumvarpið verður samþykkt.

Legg ég hér með skjal frá kjósendum í Selvogshreppi, sem mótmæla því, að frumvarp þetta nái fram að ganga.

Gunnl. Kristmundsson.

Landbúnaðarnefnd í neðri deild Alþingis.

Fylgiskjal II.

Þar sem Guðmundur Jónsson bóndi í Nesi hefur látið flytja frumvarp í þinginu um að fá landhluta úr Sandgræðslugirðingunni í Selvogi, sem er eign ríkissjóðs, nefnilega að færa girðinguna þaðan, sem hún nú er, alllangt austur.

Hreppsnefnd Selvogshrepps leyfir sér að benda þeirri áskorun til hins háa Alþingis, að það samþykki ekki þetta frumvarp, af þeim ástæðum, er nú skal greina:

Þegar Magnús Torfason sýslumaður barðist fyrir því, að sandurinn frá Ölfusá út að Nesi í Selvogi yrði girtur og þar með friðaður, var það ósk allra Selvogsinga, og hreppsnefndin lofaði fjárframlagi með því skilyrði, að sandurinn yrði allur tekinn til friðunar Þá reis Guðmundur Jónsson í Nesi upp og vildi ekki

láta taka allan sandinn, sagðist þurfa hann til beitar fyrir sauðfé. Þetta var sandurinn fyrir ofan túnin og var gott beitiland. Nú er þessi sandur, sem eftir var skilinn og ekki girtur, orðinn miklum mun verri, fénaðurinn grefur hann á vorin og nagar úr honum ræturnar. Af þessum sandi stafar mikil hætta, þó ekki sé við hann bætt, og sýndi það sig bezt í nýafstöðnu veðri, sem feykti miklum sandi á tún hér (og mest í Nesi, sem kom til af því, að vindur var af hánorðri), einnig eru sandskaflar undir öllum görðum, sem svo dreifist út um túnin, þegar blæs af annarri átt. Og komi veður af norðaustri, stafar mesta hættan af, og svo getur farið, að mikill hluti af túnum fari með öllu af vegna sandfoks.

Þetta land, sem Guðm. vill nú fá, er orðið mikið gróið af sandgrasi og vallendi, sem verður svo eftir stuttan tíma orðið að sandfláka eins og það, er eftir var skilið, þá girt var, og sjá þá þeir, sem kunnugir eru, hvaða hætta hreppnum er búin.

Guðmundur í Nesi hefur 6 menn í heimili og hátt á áttunda hundrað fjár, segist þurfa að hafa fé sitt í girðingunni allt árið vegna mæðiveikihættu. Þó gengur fé hans í fjörunni saman við Selvogsfé, sem er á fjalli á sumrin innan um veikt fé.

Hreppsnefnd Selvogshrepps væntir fastlega, að hæstvirt Alþingi taki bréf þetta til greina, enda mundu fleiri á eftir koma með líkar kröfur.

Hreppsnefndin í Selvogshreppi, 8. marz 1941.

Bjarni Jónsson. Sveinn Halldórsson. Snorri Þórarinsson.

Til Alþingis Íslands.

Nd. 234. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. um Háskóla Íslands, nr. 21 1. febr. 1936.

Frá Pálma Hannessyni og Bjarna Bjarnasyni.

Við 1. gr. Greinin falli burt.

Ed. 235. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 76 11. júní 1938, um byggingar- og landnámssjóð.

Frá Sigurjóni Á. Ólafssyni.

Við 5. gr. 1. málsgr. skal orða svo:

Nýbýlastjórn skal skipuð þremur mönnum, kosnum á Alþingi af þremur stærstu þingflokkunum til 4 ára. Landbúnaðarráðherra skipar einn þeirra formann nefndarinnar, og er hann framkvæmdarstjóri nýbýlastjórnar og annast dagleg störf hennar.

Ed. 236. Nefndarálit

um frumv. til laga um sandgræðslu Íslands og heftingu sandfoks.

Frá landbúnaðarnefnd.

Landbúnaðarnefnd hefur farið yfir frumvarpið og borið það saman við gildandi lög um sama efni. Við þá athugun var einn nefndarmaður (ErlÞ) fjarverandi vegna veikinda og gat því ekki tekið þátt í nefndarstörfum.

Nefndin er sammála um það, að að því leyti, sem frumvarpið er frábrugðið eldri lögum um sama efni, sé frumvarpið til bóta, og mælir því með því, að það sé samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 15. gr. Greinin orðist svo:

Nú skal ítala gerð í land, og gerir þá búnaðarmálastjóri ráðstafanir til þess, að metið verði, hve margt búfé landið geti borið til þess að tryggt sé, að landið nái að gróa. Þegar land það, sem ítala skal gerð í, er eign eins hreppsfélags eða notað af íbúum eins hreppsfélags, tilnefnir sýslumaður einn mann, er stjórnar matinu og heldur gerðabók, stjórn Búnaðarfélags Íslands annan, og viðkomandi hreppsnefnd hinn þriðja, en farist fyrir, að hún tilnefni manninn að sínum hlut, kveður sýslumaður kunnugan mann í hans stað. Síðan meta þeir búfjárítölur býla á landsvæðinu, og er skylt að hlíta því mati, þar til breyting er á því gerð.

Nú er land sameign tveggja eða fleiri hreppsfélaga eða notað af þeim í sameiningu, og skal þá meta búfjárítölu hreppsfélaganna, sem landið nota, af manni, er sýslumaður tilkveður, og stjórnar hann mati, öðrum, er Búnaðarfél. Ísl. kýs, og hinum þriðja, sem kosinn er á sameiginlegum hreppsnefndarfundi þeirra hreppa, er landsnytjar eiga eða nota í landinu. Eftir að þeir hafa metið búfjárítölu hvers hreppsfélags í landið, skal hreppsnefnd hvers hrepps skipta búfjártölunni milli bæja hreppsins, en náist ekki um það samkomulag, skal það gert af þrem mönnum, einum, er sýslumaður tilnefnir, einum, er Búnaðarfél. Íslands tilnefnir, og einum, er viðkomandi hreppsnefnd kýs. Afl atkvæða ræður úrslitum.

Mótum þessum má innan fjögurra vikna frá tilkynningu til hlutaðeiganda skjóta til yfirmats þriggja óvilhallra manna, er sýslumaður kveður, en þeir nefna sér oddamann úr sínum hópi. Kostnaður af mati greiðist úr ríkissjóði. Sá, er krefst yfirmats, greiði kostnað af því, nema matinu sé breytt honum í vil, en þá greiðist kostnaðurinn úr ríkissjóði. Verði ítala býlis það lág, að matsmenn telji það eigi lífvænlegt til ábúðar, getur eigandi krafizt, að ríkið taki það eignarnámi, ef samningar nást eigi.

Fer um mat á skaðabótum samkvæmt ákvæðum 2. gr. Nýs ítölumats má krefjast, ef land spillist, en ella á þriggja fardaga fresti, og fer um greiðslu kostnaðar af því sem áður segir. Ætíð skal gefa bændum á hlutaðeigandi bæjum, svo og oddvitum hreppa, kost á að vera viðstaddur mötin og bóka skýrslur og tillögur þeirra í gerðabækur nefndanna.

Sandgræðslustjóra og hreppstjóra skal skylt að hafa eftirlit með, að ákvæðum um ítölu búfjár í lönd, sem gerð eru samkvæmt þessari grein, sé hlýtt, og kynna sér nákvæmlega ásetning búfjár haust hvert á býlum þeim. er ítala nær til.

2. Úr fyrirsögninni falli orðið „Íslands“.

Alþingi, 21. apríl 1941.

Þorst. Þorsteinsson, form.	Páll Zóphóníasson, frsm.

Nd. 237. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 22. [Hækkun slysabóta og uppbót á ellilaun og örorkubætur].

Flm.: Ísleifur Högnason og Einar Olgeirsson.

A. Við 1. gr. c-liður orðist svo:
Lífeyrissjóður Íslands greiðir uppbót á ellilaun og örorkubætur samkv. 80. gr. l. nr. 74 frá 31. des. 1937, um alþýðutryggingar, er nemi 50% . Á þá upphæð, sem fæst, er þessum hundraðshluta hefur verið bætt við, skal svo greiða uppbót, er nemur sama hundraðshluta og vísitala kauplagsnefndar hækkar um, enda greiði hlutaðeigandi bæjar- og sveitarfélög tilsvarandi uppbót af sínum hluta. Til þeirra gamalmenna og öryrkja, sem njóta mánaðarlegrar greiðslu, greiðist uppbótin mánaðarlega.
B. d-liður falli niður.

Ed. 238. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 73 31. des. 1937, um gjaldeyrisverzlun o. fl., og lögum nr. 115 31. maí 1940, um breyting á þeim lögum.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

A. Fyrsti málsliður 1. gr. laga nr. 73 31. des. 1937 hljóði svo:
Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands h/f hafa einkarétt til þess að verzla með erlendan gjaldeyri, þar til öðruvísi kann að verða ákveðið; þó er póststjórninni heimiluð slík verzlun innan þeirra takmarka, sem ráðherra setur.
B. Aftan við 2. málsgr. 1. gr. laganna bætist: Enn fremur ákvæði um það, að allur annar erlendur gjaldeyrir, sem menn eiga eða eignast, renni til þeirra.

2. gr.

Aftan við 1. gr. laga nr. 115 31. maí 1940 bætist: Bankarnir greiða þó laun þeirra nefndarmanna, er skipaðir eru samkvæmt tillögum þeirra.

3. gr.

Aftan við 8. gr. laga nr. 73 31. des. 1937 bætist: svo og lög nr. 48 4. júní 1924, um gengisskráningu og gjaldeyrisverzlun, og lög nr. 9 27. maí 1925, um breyting á þeim lögum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þegar þau hafa hlotið staðfestingu, skulu þau, ásamt lögum nr. 115 31. maí 1940, færð inn í texta laga nr. 73 frá 31. des. 1937 og þau gefin út að nýju.

Nd. 239. Breytingartillaga

við frv. til laga um ábyrgð ríkisins og hlutafjárframlag til Vestfjarðabáts.

Frá Bergi Jónssyni.

Við fyrirsögn frv.: Í stað „Vestfjarðabáts“ komi: Ísafjarðardjúpsbáts.

Ed. 240. Nefndarálit

um frv. til l. um utanríkisráðuneyti Íslands og fulltrúa þess erlendis.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. eins og það nú liggur fyrir og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 22. apríl 1941.

Sigurjón Á. Ólafsson, form.	Ingvar Pálmason, fundaskr.	Magnús Gíslason, frsm.

Nd. 241. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarp þetta og leggur til, að það verði samþykkt með svo hljóðandi

BREYTINGU:

Síðari málsgr. 1. gr. orðist þannig:

Nú tekur veiðifélag aðeins til laxveiði, og getur ráðherra þá, eftir tillögum veiðimálanefndar og veiðimálastjóra, sett ákvæði um veiðiaðferðir og gerð þeirra veiðitækja, sem nota má til silungsveiði á félagssvæðinu.

Alþingi, 22. apríl 1941.

Bjarni Ásgeirsson, form.	Jón Pálmason, fundaskr., frsm.	Pétur Ottesen.
Steingr. Steinþórsson.	Ásg. Ásgeirsson.	

Nd. 242. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 95 23. júní 1936, um heimilisfang.

Flm.: Jón Pálmason, Skúli Guðmundsson, Stefán Stefánsson.

1. gr.

3. gr. laganna orðist þannig:

Prestar í kauptúnum og sveitum og lögreglustjórar í kaupstöðum skulu taka manntal einu sinni á ári, og sé því lokið fyrir lok janúarmánaðar. Heimilisfang sé gefið upp af húsráðanda, og telst sá húsráðandi í þessu sambandi, sem hefur til ábúðar jörð eða jarðarhluta, sem metinn er til dýrleika, eða sjálfstæða íbúð í kaupstað, kauptúni eða þorpi. Heimilisfang skal miðast við 1. janúar ár hvert, og gildir skýrsla prests eða lögreglustjóra undantekningarlaust um það til 1. júlí sama ár. Þeir, sem skipta um heimilisfang á árinu, skulu tilkynna það skriflega presti eða lögreglustjóra fyrir 1. júlí. Gengur breytingin í gildi þann dag og gildir til áramóta. Tilkynn-

ingunni skal fylgja yfirlýsing húsráðanda, ef sá, sem hana sendir, á ekki húsum að ráða. En húsráðanda er heimilt að senda í einu lagi tilkynningu um alla þá, sem heimili eiga á hans vegum í hinu nýja heimkynni.

2. gr.

4. gr. laganna orðist þannig:

Prestar og lögreglustjórar, sem manntal taka samkv. 3. gr., skulu senda manntalsskýrslur fyrir 10. febrúar ár hvert til hreppsnefndaroddvita hreppsins eða formanns niðurjöfnunarnefndar kaupstaðarins. Á sama hátt skulu þeir fyrir 10. júlí ár hvert senda sömu aðilum skýrslu um þær breytingar, sem orðið hafa á heimilisfangi í umdæminu 1. júlí.

3. gr.

Á eftir orðunum „sem gjaldandi á heimilisfang“ í 5. gr. laganna bætist: þegar gjald er lagt á.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögunum um heimilisfang frá 1936 var ætlazt til, að ráðin yrði bót á þeirri óreiðu, sem lengi hefur verið um heimilisfang fólks. Þetta hefur ekki tekizt, og mun það valda annars vegar, að lögin eru ekki svo nákvæm sem nauðsyn ber til, og að hinu leytinu það, að þau hafa ekki verið framkvæmd eins og vera ber af sumum þeim aðilum, sem það áttu að gera. Meðal annars er ekki kunnugt, að hreppstjórar og lögreglustjórar hafi nema að litlu leyti framkvæmt það, sem þeim er ætlað samkvæmt 3. og 4. gr. laganna. Að enginn efi leiki á um heimilisfang manna, hefur ákaflega mikla þýðingu, þar sem við heimilisfangið er bundin sveitfesti, gjaldskylda á opinberum gjöldum og kosningarréttur. Óreiðan, sem á þessu sviði er ríkjandi, er með öllu óþolandi, því að af henni stafa víða mjög miklar þrætur. Ber því nauðsyn til að setja um þetta efni gleggri ákvæði. Það, sem einna mestum efasemdum hefur valdið í þessu efni, er, að engin lagafyrirmæli eru til um það, við hvaða tíma heimilisfang miðast og hvað oft er hægt að skipta um löglegt heimili. Á því vilja flutningsmenn ráða bót með þessu frumvarpi. Þá breytingu gerir það einnig á gildandi lögum, að manntal presta og lögreglustjóra hafi réttargildi ákveðinn tíma, en það niður fellt, að hreppstjórar semji manntalsskýrslur og hafi sérstakt eftirlit með breytingum á heimilisfangi manna. Það atriði hefur líka óvíða komið til framkvæmda. Loks er með frumvarpinu skýrt ákveðið, að þar skuli gjöld til opinberra þarfa greiðast, sem hlutaðeigandi á heima, þegar gjaldið er lagt á.

Nánar í framsögu.

Nd. 243. Frumvarp til laga

um framræslusjóð.

Flm.: Stefán Stefánsson, Þorsteinn Briem.

1. gr.

Ríkissjóður leggur ár hvert í sérstakan sjóð það fé, er honum sparast við það, að núverandi lánum hans erlendis er breytt í vaxtalægri innanríkislán.

Auk þess leggur ríkissjóður sjóðnum til stofnframlag eftir því, sem veitt er í fjárlögum.

Nefnist sjóður þessi framræslusjóður.

2. gr.

Framræslusjóður skal vera sérstök deild í ræktunarsjóði Íslands og nýtur allra réttinda hans. Fer um stjórn hans og rekstur samkvæmt lögum þess sjóðs um þau atriði, er lög þessi taka eigi til.

Stofnun framræslusjóðs hindrar eigi, að veitt séu lán úr ræktunarsjóði til framræslu eftir almennum reglum sjóðsins um slík lán.

3. gr.

Sjóðurinn veitir lán til framræslu túna og þess lands, sem er vel fallið til túnræktar og matjurtaræktar eða engjaræktar, að dómi trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands, enda sé tilhögun framræslunnar samþykkt af honum.

Einstaklingar, er hafa jörð, grasbýli eða nýbýli til afnota, sitja fyrir framræslufélögum um lán úr sjóðnum.

Framræslufélög, er lán fá úr sjóðnum, skulu hafa sett sér samþykktir, er Búnaðarfélag Íslands staðfestir.

4. gr.

Lán úr framræslusjóði skulu veitt gegn 2% vöxtum. Mega þau vera afborgunarlaus fyrstu 5 árin, en greiðast síðan með jöfnum afborgunum á 10 árum.

Um tryggingar fyrir lánum, svo og um gjald til varasjóðs og kostnaðartillag fer eftir hliðstæðum ákvæðum laga um ræktunarsjóð Íslands.

5. gr.

Lán má veita úr sjóðnum allt að ⅔ framræslukostnaðar, eftir mati Búnaðarfélags Íslands.

Nú er framlag eða styrkur veittur af opinberu fé til framræslunnar, og má þá upphæð láns, að framlagi eða styrk meðtöldum, eigi fara fram úr ¾ framræslukostnaðar, eftir mati Búnaðarfélags Íslands.

6. gr.

Ráðherra sá, er fer með landbúnaðarmál, gefur út reglugerð fyrir sjóðinn, eftir tillögum Búnaðarbankans og Búnaðarfélags Íslands.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er alkunna, að ræktunarframkvæmdum vorum hefur um margt verið áfátt, ekki sízt framræslunni. Af þeim 35 þúsund ha., sem ræktaðir eru í landinu, er ekki nema tiltölulega lítill hluti, eða 7—8%, framræst land. Það verður að viðurkenna, því miður, að allmikill hluti töðunnar getur naumast talizt kúgæft afurðafóður, vegna ónógrar framræslu.

Orsakir þess, að framræslunni er og hefur verið svo ábótavant, eru meðal annars þær, að umbæturnar og ræktunin hafa verið gerðar með svo dýru lánsfé, að meira hefur verið á það horft að fá þegar nokkra eftirtekju heldur en það að verja lengri tíma og meiri vinnu til þess að landið fengi þá þurrkun, sem því var nauðsynleg.

Framræslan og fyrsta ræktun landsins er verk, sem vel þarf að vanda til, svo að það verði nothæft um langa framtíð. Verður að líta svo á, að ekki sé óréttmætt, að þjóðfélagið geri þeim mönnum, er þetta verk vinna, það kleift að standa straum af þeim kostnaði, er til þess þarf, að þessi nauðsynlegi undirbúningur ræktunarinnar verði svo fullkominn sem kostur er. Verður þessu bezt fyrir komið með hagstæðum lánskjörum. Hagstæðustu lán, sem bændur eiga nú völ á til framræslu, eru lán úr ræktunarsjóði, en þau eru þeim allt of dýr.

Samkvæmt þessu frumvarpi er gert ráð fyrir, að af lánum úr framræslusjóði verði

aðeins greiddir 2% vextir, að lánin verði afborgunarlaus fyrstu 5 árin, en greiðist síðan með jöfnum afborgunum á 10 árum.

Ekki verður með vissu sagt um, hversu miklu fé sjóðurinn kann að ráða yfir í framtíðinni. Fer það eftir því, hve mikið stofnframlag fæst greitt í fjárlögum, svo og því, hve miklu af ríkislánum vorum' erlendis verður hægt að breyta í vaxtalægri innanríkislán og hver vaxtamunur verður á lánunum.

Samkvæmt bráðabirgðalögum frá 16. janúar 1941 var ríkisstjórninni heimilað að taka 5 milljón króna innanríkislán til greiðslu á láni, er tekið var í Bretlandi 1930. Lög þessi hafa nú verið samþykkt af Alþingi, en lántökuheimildin hækkuð upp í 10 milljónir.

Af enska láninu þurfum við að greiða 5½% vexti, en af þeim 5 milljónum, er þegar hafa verið teknar að láni innanlands, eru vextir 4½%.

Verði nú enska lánið frá 1930 greitt að fullu á þessu ári, svo sem heimilt er, með 4½% innanríkisláni, þá verður um rúmlega 100 þúsund króna árlegan vaxtasparnað að ræða, og sé gert ráð fyrir, að öll innanríkislánin séu til 25 ára, fæst í sjóðinn um 2½ millj. króna.

Væntanlega tekst á næstu árum að breyta fleiri erlendum ríkislánum í vaxtalægri innanríkislán, og bætist þá framræslusjóðnum stöðugt nýtt fjármagn, enda þarf hann á miklu fé að halda.

Mestu varðar að tryggja fullan arð af þeirri ræktun, sem þegar er framkvæmd. Er því lagt til, að lánveitingar til framræslu ræktaðs lands séu látnar ganga fyrir öðrum lánveitingum.

Þessu næst á það að vera hlutverk sjóðsins að tryggja undirbúning nýrrar ræktunar. Ef vel á að vera, þarf þurrkun lands að fara fram alllöngum tíma áður ræktun er hafin, svo að jarðvegurinn geti tekið nauðsynlegum breytingum. Er það hvort tveggja, að jarðvinnslan verður þá auðveldari og jarðefnin notast þá gróðrinum betur en ella.

Nú hin síðustu ár hefur nýrækt verið 700—1000 ha. á ári, en áður voru á tímabili 1100—1600 ha. teknir til nýræktar ár hvert. Má telja víst, að menn hafi almennt fyrst tekið það land til ræktunar, er minnsta þurfti framræslu, og að ræsa þurfi fram mikinn hluta þess lands, sem tekið verður til nýræktar framvegis.

Að ræsa land svo það taki ræktun með fullum árangri er mjög kostnaðarsamt, og munu fáir bændur rísa undir þeim kostnaði, nema kostur verði hagstæðari lána en nú er völ á í ræktunarsjóði eða öðrum lánsstofnunum.

Þótt frumvarpið geri fyrst og fremst ráð fyrir lánum úr framræslusjóði til túnræktar og matjurtaræktar, þá er einnig heimilt að veita lán úr sjóðnum til engjaræktar, og hafa einstaklingar eigi átt þess kost fyrr að fá hagstæð lán til slíkra framkvæmda.

Engjar eru víða votlendar, þær skila rýrum eftirtekjum, og öflun heyja er þar erfið og kostnaðarsöm. Væri þetta land ræst fram, myndi heyfengur stórum batna og öflun hans verða auðveldari og ódýrari.

Áveitu- og flæðiengi munu nú vera um 30 þúsund ha. Framræsla á miklum hluta þessa lands er eigi nærri svo góð og fullkomin sem skyldi. Mundi land þetta verða stórum mun arðbærra, ef það fengi betri þurrkun.

Sums staðar hagar svo til í sveitum, að vart er kostur á nægu beitilandi fyrir nautgripi, nema úr verði bætt með framræslu á beitilandinu.

Það þykir rétt og sjálfsagt, að lán sé því aðeins veitt úr framræslusjóði, að fyrir liggi yfirlýsing trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands um, að landið sé vel fallið til ræktunar, enda hafi hann samþykkt tilhögun framræslunnar.

Hlutverk framræslusjóðs er mikið og nauðsynlegt. Með honum er lagður grundvöllur að bættri og aukinni ræktun landsins, og þá jafnframt að ódýrari og vaxandi framleiðslu. Þessu markmiði er sjóðnum ætlað að ná með því

1. Að styðja að því, að unnt verði að endurbæta framræslu á því landi, sem þegar er ræktað.

2. Að gera bændum kleift að ræsa fram væntanleg ræktunarlönd það löngum tíma áður ræktun er hafin, að áhrif framræslunnar á jarðveg og gróðurfar geti síðar tryggt ódýrari, varanlegri og eftirtekjumeiri ræktun heldur en unnt er að fá með því móti, að jarðvinnslan sé framkvæmd því nær samtímis framræslunni.
3. Að skapa bændum á einstökum býlum, eða fleirum í félagi, aðstöðu til þess að geta ræst fram engjalönd sín, og tekur það bæði til áveituengja og annarra engjalanda.

Jarðræktarlögin hafa haft mikla og víðtæka þýðingu fyrir ræktun landsins. Frumvarpi þessu er ætlað, ef að lögum verður, að tryggja enn betur árangur jarðræktarlaganna og gagn þeirra fyrir land og þjóð.

Ed. 244. Frumvarp til laga

um viðauka við lög nr. 3 9. jan. 1935, um verkamannabústaði.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Meðan vísitala kauplagsnefndar er 110 eða hærri, skulu framlög ríkissjóðs og bæjar- og sveitarsjóða til byggingarsjóðs samkvæmt 3. gr. laganna, tölulið 1 og 3, hækka til samræmis við vísitölu kauplagsnefndar 1. október það ár, sem framlagið ber að greiða.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar og taka til framlaga til sjóðsins á árinu 1941.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkv. beiðni félagsmálaráðherra, og fylgdu því svo hljóðandi skýringar:

Byggingarkostnaður hefur nú stórhækkað, og má gera ráð fyrir, að þess verði langt að bíða, að hann lækki. Byggingar hafa stöðvazt. Það er því meiri þörf aukinna framkvæmda að stríði loknu eða þegar skilyrði eru fyrir hendi til bygginga. Það minnsta, sem hægt er að gera, er að styrkja byggingarsjóðina og auka þau framlög, sem ríkissjóði og bæjar- og sveitarsjóðum ber að leggja fram, sem dýrtíðinni nemur. Kyrrstöðuna í byggingarmálum ber því að nota til þess að auka fjármagn sjóðsins í því augnamiði að bæta úr húsnæðisþörf verkafólks í mun stærri stíl en áður hefur verið unnt að koma í framkvæmd.

Nd. 245. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt á l. nr. 36 19. maí 1930, um vigt á síld.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv., og eru fjórir nefndarmanna sammála um, að samþykkt þess myndi ráða bót á því ósamræmi, sem nú ríkir í bræðslusíldarverzluninni. Einn nm. (SK) er frv. mótfallinn. Hinir fjórir (FJ, GG, JÍv og SEH) leggja til, að frv. verði samþykkt með þessari

BREYTINGU:

Aftan við 2. gr. frv. komi ný grein, er verði 3. gr., svo hljóðandi:
Lög þessi öðlast gildi 31. des. 1941.

Alþingi, 22. apríl 1941.

Finnur Jónsson, form., frsm. Sig. E. Hlíðar, fundaskr. Sigurður Kristjánsson.
Gísli Guðmundsson. Jón Ívarsson.

Nd. 246. Nefndarálit

um frv. til laga um gjaldeyrisvarasjóð og eftirlit með erlendum lántökum.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur eigi getað orðið ásátt um afgreiðslu frumvarpsins. Meiri hlutinn leggur til, að það verði samþykkt með lítilsháttar breytingu eða leiðréttingu, en minni hlutinn hefur lýst sig andvígan frumvarpinu í heild.

Í 8. gr. er ákvæði um það, að banna ýmsum stofnunum að taka lán, nema með samþykki ráðherra þess, er fer með gjaldeyrismál, að fengnum tillögum nefndar þeirrar, er skipuð verður samkv. frv., ef að lögum verður. Mun það eiga við erlendar lántökur eingöngu, og leggur meiri hlutinn því til, að frv. verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Við 8. gr. Aftan við orðin „að taka lán“ bætist: erlendis.

Alþingi, 17. apríl 1941.

Sveinbjörn Högnason, form., frsm. H. Guðmundsson. Skúli Guðmundsson.

Nd. 247. Frumvarp til laga

um viðauka við lög nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Meðan vísitala kauplagsnefndar er 110 eða hærri, skal:

a. slysatryggingardeild tryggingarstofnunar ríkisins greiða uppbætur á dagpeninga, dánarbætur og örorkubætur til slysatryggðra manna eða skylduliðs þeirra í samræmi við vísitölu kauplagsnefndar.
b. hámark framlags ríkissjóðs og sveitarsjóða til sjúkrasamlaga samkv. 1. málsgr. 35. gr. hækka í samræmi við vísitölu kauplagsnefndar í lok hvers ársfjórðungs.
c. lífeyrissjóður Íslands greiða 30% — þrjátíu af hundraði — af heildarupphæð ellilauna og örorkubóta samkv. 2. tölul. 80. gr. laganna.
d. innheimta iðgjöld til lífeyrissjóðs Íslands samkv. 1. tölul. 49. gr. með viðauka í samræmi við vísitölu kauplagsnefndar 1. apríl það ár, sem gjaldið er á lagt. Gjaldauki, sem nemur minnu en 50 aurum, skal niður felldur, en hækka í krónu, ef hann nemur 50 aurum eða meiru.

2. gr.

Ríkissjóður endurgreiði lífeyrissjóði Íslands þann hluta af framlagi sjóðsins samkvæmt c-lið 1. gr., sem er umfram ¾ hluta af tillagi lífeyrissjóðsins samkv. 79. gr. laganna.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 73 7. maí 1940.

Nd. 248. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 27 13. jan. 1938, um vátryggingarfélög fyrir vélbáta.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

a. Orðin „opna eða“ í 1. málsgr. 3. gr. laganna falli burt.
b. 3. málsgr. sömu lagagr. skal orða svo:
Heimilt er þó félögum þessum að taka skip til vátryggingar allt að 250 smál. brúttó að stærð (sbr. þó 5. gr.), en ávallt skal leita samþykkis Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum, áður en skip, sem er yfir 70 smál. brúttó að stærð, er tekið í tryggingu, og skal ákveða iðgjöld fyrir þau í samráði við Samábyrgðina.
c. Á eftir sömu lagagr. koma tvær nýjar málsgr.:
1. Heimilt er félögunum að taka opna vélbáta til vátryggingar, að fengnu samþykki Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum.
2. Einnig er félögunum heimilt að vátryggja afla og veiðarfæri, ef um algerðan skipstapa er að ræða.

2. gr.

Í stað orðanna „skal þá félag það ... og tekur um leið við áhættunni“ í 13. gr. laganna kemur: skal skipseigandi þá þegar í stað flytja trygginguna í félag þess umdæmis, er skipið flyzt í. Þegar flutningur tryggingarinnar hefur farið fram, ber félag það, er skipið flyzt frá, ekki áhættu vegna hins flutta skips, en er skylt að endurgreiða skipseiganda það vátryggingargjald, sem hann hefur ofgreitt, miðað við flutningsdag. Þó fellur endurgreiðsla niður, ef skipseigandi vanrækir flutning tryggingarinnar.

3. gr.

Aftan við 14. gr. laganna bætist ný málsgr., er hljóðar svo:

Tjónbætur greiðast samkvæmt mati á tjóninu, nema aðgerðarkostnaður verði lægri en matið. Þá skal greiða tjónið samkvæmt viðgerðarreikningi.

4. gr.

Stafliðir 15. gr. laganna verða 5, svo hljóðandi:

a.	6 rúmlesta eða minni	200 kr.
b.	6—12 rúmlesta	300 —
c.	12—20 rúmlesta	400 —
d.	20—30 rúmlesta	500 —
e.	yfir 30 rúmlesta	700 —

5. gr.

Aftan við 22. gr. laganna bætist ný málsgr., er hljóðar svo:

Ef skip er að staðaldri notað til einhvers, sem er óviðkomandi fiskveiðum, ei tjón, sem það veldur eða hlýtur, því aðeins bótaskylt, að vátryggjandi hafi samþykkt notkunina.

6. gr

a. Í stað „10%“ í niðurlagi fyrri málsgr. 23. gr. laganna kemur: 25%.
b. Á eftir orðunum „af stjórn hlutaðeigandi félags“ í síðari málsgr. sömu lagagr. kemur: ef bæði skipin eru tryggð hjá sama félagi, ella af stjórn Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum.

7. gr.

Aðra málsgr. 25. gr. laganna skal orða svo:

Bætur fyrir tjón á opnum vélbáti skal greiða samkvæmt sömu reglu sem um aðra vélbáta, ef báturinn ferst algerlega eða er dæmdur ónýtur eða óbætanlegur af skoðunarmönnum félagsins, en hálfar ella.

8. gr.

a. 3. málsgr. 31. gr. laganna orðist svo:

Vátryggingarfélag hefur lögveð í skipi fyrir skoðunarkostnaði og eins árs vátryggingariðgjaldi.

b. Aftan við sömu lagagr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Nú leikur vafi á, hvaða vátryggingarfélagi ber að vátryggja skip, og sker þá Samábyrgð Íslands á fiskiskipum úr þeim ágreiningi.

9. gr.

Þrjár fyrstu málsgr. 33. gr. laganna skal orða svo:

Ágreining milli félags og skipseiganda má leggja í gerð. Í gerðardóminn kveður hvor málsaðili einn mann, en héraðsdómari í því héraði, þar sem félagið á heima, eða fulltrúi hans, skal vera oddamaður, enda séu þeir á engan hátt við málið riðnir. Sé svo, skipar atvinnumálaráðherra oddamann.

Ágreining milli félaga, sem endurtryggja hjá Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, og milli félaganna og Samábyrgðarinnar, skal leggja í gerð á sama hátt, en þá skipar atvinnumálaráðherra oddamann gerðardómsins, og skal það vera einn af dómurum hæstaréttar.

Gerðardómur í ágreiningsmáli félags og skipseiganda skal háður þar, sem félagið á lögheimili, en sé ágreiningurinn milli tveggja félaga, eða milli félags og Samábyrgðarinnar, skal gerðardómurinn háður í Reykjavík.

10. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 34 12. júní 1939, um breyting á lögum nr. 27 13. jan. 1938, um vátryggingarfélög fyrir vélbáta, og lög nr. 82 7. maí 1940, um breyting á sömu lögum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Meðan núverandi ófriður helzt, mega félögin stríðstryggja skip þau, er þau hafa í sjóvátryggingu. Áhættan skal skiptast milli félaganna og Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum eftir sömu hlutföllum og áhættan við sjóvátryggingarnar. Að öðru leyti skulu tryggingar þessar fara eftir þeim reglum, sem Samábyrgðin setur.

Nd. 249. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 31 14. júní 1929, um Búnaðarbanka Íslands, og á lögum nr. 20 13. jan. 1938, um breyting á þeim lögum.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

1. Í stað orðanna „sparisjóðs- og rekstrarlánadeild“ í annarri málsgr. 3. gr. laga nr. 31 1929 komi: sparisjóðsdeild.
2. 2. tölul. 7. gr. sömu laga falli niður.
3. 11. gr. laganna orðist svo:
   Nú þykir sparisjóðsdeild ekki hafa nægilegt fjármagn til að fullnægja lánsþörf, og er þá ríkisstjórn heimilt að veita ábyrgð ríkissjóðs fyrir viðbótarláni allt að 3 millj. króna.
4. Aftan við 12. gr. laganna bætist: eða almennum bankalögum, ef sett kunna að verða.
5. Fyrirsögn II. kafla laganna verði: Sparisjóðsdeild.

2. gr.

I. Í stað VI. kafla sömu laga: „Lánadeild smábýla við kaupstaði og kauptún“, 54. til 61. gr., komi nýr kafli í 7 greinum, er verða 54.—60. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatalan á eftir samkv. því):
   a. (54. gr.) Ríkissjóður leggur fram 300 þús. krónur til lánadeildar smábýla á árunum 1942 til 1944, 100 þús. krónur á ári.
   b. (55. gr.). Ríkissstjórninni skal heimilt að taka lán, allt að 2 millj. króna, handa lánadeildinni til starfsemi hennar, og stendur deildin sjálf skil á afborgunum og vöxtum, eða veita ábyrgð ríkissjóðs fyrir allt að jafnhárri upphæð í vaxtabréfum, er deildin gefur út.
   c. (56. gr.). Lán úr deildinni má veita til smábýla í grennd við kaupstaði og kauptún og annars staðar þar, sem svo mikil atvinnuskilyrði eru fyrir hendi, að lífvænlegt geti talizt að styðjast við smábýlabúskap. Enn fremur til mannvirkja í sambandi við ræktunarlönd, þó lántakandi sé búsettur í kaupstað eða kauptúni.
      Það skal vera skilyrði fyrir láni úr deildinni, að ræktunarland það, er hverju býli fylgir, sé minnst einn ha. að stærð. Þó skal lánveiting heimil, þótt land sé ekki meira en hálfur ha., ef hægt er að sýna fram á, að lántaki hafi þrátt fyrir það verulegan stuðning af landbúnaði á því.
   d. (57. gr.). Lán úr deild þessari má veita gegn hverju því fasteignaveði, er bankastjórnin tekur gilt.
   e. (58. gr.). Lán mega nema allt að ⅗ af fasteignamatsverði húseigna, mannvirkja og lands.
   f. (59. gr.). Hámark lánsupphæðar má vera allt að 6 þús. krónum, lánstími allt að 40 árum og árlegir vextir allt að 6%.
   g. (60. gr.). Í reglugerð skal setja nánari ákvæði um starfsemi þessarar deildar.

II. Fyrirsögn kaflans verði: Lánadeild smábýla.

3. gr.

Meginmál 1. gr. laga nr. 20 13. jan. 1938 hljóði þannig:

Stjórn bankans skal skipuð einum bankastjóra og þriggja manna bankaráði. Bankaráð skipar bankastjórann.

Ráðherra sá, sem fer með landbúnaðarmál, hefur umsjón bankans. Hann skipar formann bankaráðsins. Skal formaður bankaráðs skipaður til 6 ára í senn. Hina 2 bankaráðsmennina kjósa sameinaðar landbúnaðarnefndir Alþingis með hlutfalls-

kosningu til 4 ára í senn og jafnmarga til vara. Ráðherra setur bankastjóra og bankaráði erindisbréf.

Bankastjóri hefur að árslaunum 12000 krónur, og auk þess dýrtíðaruppbót, sem ráðherra ákveður, þó svo, að hann hafi aldrei hærri laun og dýrtíðaruppbót samanlagt en bankastjórar Landsbanka Íslands.

Bankaráðsformaður hefur 3600 kr. árslaun, en hinir bankaráðsmennirnir 1800 kr. hvor, en auk þess greiðist þeim dýrtíðaruppbót, eins og öðrum opinberum starfsmönnum, eftir ákvörðun ráðherra.

Ráðherra getur veitt fráförnum bankastjóra eða ekkju hans eftirlaun af fé bankans. Eftirlaun mega þó aldrei fara fram úr 50% af launum bankastjóra og 25% af launum handa ekkju hans, en skulu að öðru leyti ákveðin eftir því, sem ástæður eru fyrir hendi í hvert skipti.

Ráðherra setur mann til að gegna bankastjóra- og bankaráðsformannsstarfi um stundarsakir, ef bankastjóri eða bankaráðsformaður forfallast eða sæti þeirra verður óskipað í bili.

4. gr.

a. Fyrir „gæzlustjóri“ í öðrum málslið 1. málsgr. 2. gr. sömu laga komi: formaður bankaráðs eða tveir bankaráðsmenn.
b. Fyrir „bankastjóra“ í upphafi 3. málsl. sömu málsgr. komi: bankastjórn.

5. gr.

Þá er lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella texta þeirra og I. kafla laga nr. 91 3. maí 1935 og laga nr. 20 13. jan. 1938 inn í meginmál búnaðarbankalaganna og birta þau í einu lagi þannig breytt.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 250. Breytingartillögur

við till. til þál. um skipun milliþinganefndar til undirbúnings löggjafar um lögverndað orlof verkamanna og sjómanna og ráðstöfunar til framkvæmda þeim málum.

Frá Héðni Valdimarssyni.

1. Í stað orðsins „verkamanna“ í fyrsta málslið fyrstu málsgreinar komi: verkafólks.
2. Annar málsliður fyrri málsgreinar orðist svo: Nefndin geri jafnframt tillögur um, á hvern hátt megi koma á hagkvæmu og ódýru skipulagi og samvinnu um ferðalög og dvalir verkafólks í orlofum þess, hvort heldur sem er að sumri til eða vetri.
3. Síðari málsgrein orðist þannig:
   Fyrir næsta Alþingi skal nefndin hafa lokið störfum sínum og leitað álits stéttarfélaganna í landinu um þetta mál. Nefndarmenn starfi kauplaust.
4. Við fyrirsögnina: Í stað orðsins „verkamanna“ komi: verkafólks.

Nd. 251. Breytingartillaga

við frv. til l. um greiðslu verðlagsuppbótar á styrk til héraðs- og gagnfræðaskóla.

Frá Eysteini Jónssyni.

Við 1. gr. Greinin orðist þannig:

Greiða skal verðlagsuppbót á styrk þann, sem greiða ber samkvæmt lögum nr. 33 1940, um héraðsskóla, lögum nr. 60 1938, um húsmæðrafræðslu í sveitum, og lögum nr. 48 1930, um gagnfræðaskóla.

Nd. 252. Breytingartillögur

við frv. til laga um landnám ríkisins.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkisstjórnin skal láta framkvæma landnám við þorp og kaupstaði í sveitum, eftir því sem nánar er fyrir mælt í lögum þessum, og greiðir ríkissjóður til þessara framkvæmda a. m. k. 250 þús. kr. á ári. Heimilt er og að verja í sama skyni allt að helmingi þeirrar fjárhæðar, sem árlega kann að verða ákveðin í fjárlögum ríkisins til framleiðslubóta og atvinnuaukningar.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Þar, sem landnám samkvæmt lögum þessum er hafið við þorp og kaupstaði, sé miðað við, að stærð ræktaðs lands fyrir hvert býli sé um 2 ha. auk nauðsynlegs beitilands, ef til er. Ríkið skal láta girða og fullrækta land þetta og leggja um það nauðsynlega vegi, vatns- og skólpæðar. Í sveitum sé miðað við, að tún hvers býlis geti orðið minnst 10 ha., auk nauðsynlegs beitilands. Ríkið skal kosta girðingar og framræslu landsins og einnig láta fullrækta a. m. k. 4 ha. af því. Enn fremur láta leggja nauðsynlega vegi um landið og sameiginlegar vatnsæðar, ef hagkvæmt þykir. Undirbúningur landnáms í sveitum samkv. lögum þessum skal því aðeins hafinn, að skilyrði séu þar fyrir 5 samliggjandi býli hið minnsta.
3. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Þegar lokið er framkvæmd ríkisins, sem um ræðir í 3. gr., skal fram fara fasteignamat á hverri einstakri jörð eða lóð. Lönd þessi skulu síðan leigð með erfðaleigu samkvæmt lögum nr. 8 frá 1. febr. 1936, um erfðaábúð og óðalsrétt. Þó skal gefa ábúanda eða notanda sveitabýlis kost á að kaupa það við fasteignamatsverði og sömu greiðsluskilmálum og ákveðnir voru í lögum um sölu þjóð- og kirkjujarða.
4. Við 5. gr. Í stað orðanna „Ábúendur á sjávarbýlum“ komi: Ábúendur á býlum við þorp eða kaupstaði.
5. Við 7. gr. Á undan orðinu „ábúð“ í síðari málsgr. greinarinnar komi: kaup eða.

Nd. 253. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 31 14. júní 1939, um Búnaðarbanka Íslands, og á l. nr. 20 13. jan. 1938, um breyt. á þeim lögum.

Frá Sigurði Kristjánssyni.

Við 3. gr.

Í stað orðanna „kjósa sameinaðar landbúnaðarnefndir Alþingis“ í 2. efnismálsgr. komi: kýs sameinað Alþingi.

Nd. 254. Frumvarp til laga

um læknisvitjanasjóði.

Flm.: Helgi Jónasson, Vilmundur Jónsson.

1. gr.

Ríkissjóður leggur árlega fram fé til læknisvitjanasjóða, er stofnaðir verða í læknishéruðum samkvæmt ákvæðum laga þessara, gegn þriðjungsframlagi annars staðar að. Framlag ríkissjóðs má ekki fara fram úr 1 kr. á hvern héraðsbúa, er heima á utan þess kaupstaðar eða kauptúns, þar sem læknir situr, og ekki yfir 1000 kr. til hvers læknisvitjanasjóðs.

2. gr.

Læknisvitjanasjóðir, er njóta hlunninda samkvæmt lögum þessum, skulu ná til heils læknishéraðs og hafa að markmiði að styrkja til læknisvitjana héraðsbúa, sem eiga erfiða læknissókn, eða létta þeim læknissóknina á annan hátt.

Í stjórn læknisvitjanasjóðs skulu vera bæjarfógeti, sýslumaður eða lögreglustjóri þess lögsagnarumdæmis, er meiri hluti hlutaðeigandi læknishéraðs heyrir undir, og tveir menn kosnir á sameiginlegum fundi oddvita allra hreppa læknishéraðsins. Formaður er reikningshaldari og gjaldkeri sjóðsins.

Stjórn læknishéraðasjóðs setur að öðru leyti reglur um starfsemi sjóðsins, er ráðherra staðfestir. Í reglum þessum skulu vera ákvæði til tryggingar hagsmunum íbúa mjög afskekktra staða. Þess skal og gætt, að samlagsmenn sjúkrasamlaga innan læknishéraðs séu eigi miður settir að því er tekur til aðstoðar sjóðsins en aðrir héraðsbúar.

3. gr.

Þegar læknisvitjanasjóður hefur verið stofnaður í læknishéraði og nýtur styrks samkvæmt lögum þessum, falla niður læknisvitjanastyrkir þeir, er héraðinu kunna sérstaklega að vera ætlaðir í fjárlögum.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1942.

Greinargerð.

Eins og 1. gr. frumv. ber með sér, er þar farið fram á, að ríkissjóður leggi fram fé til læknisvitjanasjóða, sem stofnaðir kunna að verða, gegn þriðjungsframlagi annars staðar að. Þó má framlag ríkissjóðs ekki fara fram úr 1 kr. á hvern héraðsbúa utan þess hrepps, er læknirinn situr í, og aldrei nema hærri upphæð á ári en 1000 kr. til hvers einstaks læknishéraðs. Eins og kunnugt er, hagar víða svo til í

dreifbýlinu hér á landi, að fjöldi fólks á mjög langt til læknis og læknisvitjanir því mjög kostnaðarsamar. Í sumum héruðum er það þannig, að um helmingur héraðsbúa býr í 40—50 km fjarlægð og þaðan af meiri frá lækni, og er því ferðakostnaðurinn, hvort sem notaðir eru bílar eða bátar, 60—80 kr. fyrir eina læknisferð. Og sjá allir, hvað það verður tilfinnanlegur útgjaldaliður fyrir marga, þegar mikil veikindi steðja að. Þetta hefur Alþingi líka áður viðurkennt með því að veita styrk til ýmsra hreppa, sem sérstaklega hafa verið illa í sveit settir hvað þetta snertir, en bæði er nú það, að ýmsar aðstæður hafa breytzt og breytast árlega með bættum og breyttum samgönguleiðum, svo að þeir hreppar, sem áttu öðrum fremur rétt á styrk fyrir nokkrum árum, eiga nú trauðlega rétt til slíkra hlunninda, samanborið við ýmsar aðrar sveitir í hinum ýmsu héruðum. Með frumv. þessu er öllum læknishéruðum gefinn kostur á, gegn framlagi úr læknishéruðunum, að mynda sjóð til úrbóta í þessu, sem verður undir stjórn þar til kjörinna manna úr læknishéraðinu sjálfu og eru því nákunnugir öllum aðstæðum.

Nd. 255. Frumvarp til laga

um breyting á hafnarlögum fyrir Ísafjörð, nr. 34 19. júní 1922.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Til hafnargerðar og hafnarumbóta á Ísafirði veitist úr ríkissjóði einn þriðji kostnaðar, eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefur samþykkt, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, þó ekki yfir 300000 — þrjú hundruð þúsund — krónur, gegn tvöföldu framlagi úr hafnarsjóði Ísafjarðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir beiðni þingmanns Ísafjarðarkaupstaðar, til þess að samræma hafnarlög Ísafjarðar við hafnarlög annarra kaupstaða, sem hafa ýmist lögbundið eða fengið þriðjungs framlag úr ríkissjóði til hafnarumbóta, en í gildandi hafnarlögum Ísafjarðar er einungis ákveðið ríkissjóðsframlag að ¼ hluta. Þá er í frv. hækkuð hámarksheimild til framlags úr ríkissjóði úr 150 þús. í 300 þús. kr., með nauðsynlegar hafnarumbætur Ísafjarðar fyrir augum.

Sþ. 256. Breytingartillögur

við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1942.

Frá fjárveitinganefnd.

1. Við 3. gr. A. Sundurliðun 2. II. a. (Notendasímar í sveitum).
   Fyrir „50000“ kemur 70000
2. — 10. — I. 2. (Utanferðir ráðherra).
   Liðurinn fellur niður.

3. Við 11. gr. 14. a. (Rekstrarhalli á Litla-Hrauni).
Fyrir „58000“ kemur 100000
4. — 12. — 9. (Kristneshæli. Frádráttur).
Liðurinn orðist svo:
Þar frá dragast þessar tekjur:
Daggjöld sjúklinga, 25440 sjúkradagar á kr. 6,80 173000
5. — 12. — 11. a. (Læknisbústaðir og sjúkraskýli).
Fyrir „13000“ kemur 13500
6. — 12. — 11. b. (Akureyrarspítali).
Liðurinn orðist svo:
Til Akureyrarspítala, lokagreiðsla 20000
7. — 12. — 11. n. Nýr liður:
Til áhaldakaupa handa ljóslækningastofu í Borgarnesi 400
8. — 13. — A. II. (Þjóðvegir).
a. Við a. (Nýir akvegir).
1. Fyrir framan 1. Nýr liður:
Garðskagavegur 4500
2. Við 2 (Hafnarfjallsvegur).
a. Fyrir „10000“ kemur 15000
b. Nýir liðir:
1. Lundarreykjadalsvegur 4000
2. Bæjarsveitarvegur 8000
3. Við 4 (Álftanesvegur).
Fyrir „10000“ kemur 12000
4. Við 5 (Hraunhreppsvegur).
Fyrir „3500“ kemur 5000
5. Við 8 (Ólafsvíkurvegur).
a. Fyrir „8000“ kemur 10000
b. Nýr liður:
Eyrarsveitarvegur 4000
6. Við 9 (Stykkishólmsvegur).
Fyrir „6000“ kemur 8000
7. Við 11 (Suðurdalavegur).
a. Fyrir „12000“ kemur 15000
b. Nýir liðir:
1. Salthólmavíkurvegur 4000
2. Klofningsvegur 5000
8. Við 14 (Kollabúðarvegur).
a. Fyrir „3000“ kemur 5000
b. Nýr liður:
Reykhólasveitarvegur frá Geiradal 2500
9. Við 15 (Barðastrandarvegur).
Fyrir „8000“ kemur 10000
10. Við 16 (Patreksfjarðarvegur til Bíldudals).
a. Fyrir „8000“ kemur 10000
b. Nýir liðir:
1. Tálknafjarðarvegur 2500
2. Rafnseyrarheiðarvegur 5000
11. Við 20 (Langadalsvegur).
a. Fyrir „7000“ kemur 10000
b. Nýr liður:
Súðavíkurvegur 6000
12. Við 21 (Kaldrananesvegur).
Fyrir „2500“ kemur 8000

13. Við 26 (Vestur-Húnavatnssýsluvegur).
Fyrir „7000“ kemur 8000
14. Við 27 (Vesturhópsvegur).
Fyrir „4000“ kemur 5000
15. Við 28. Nýr liður:
Vatnsdalsvegur 2000
16. Við 29. Nýr liður:
Þverárfjallsvegur 4000
17. Við 30. Nýr liður:
Gönguskarðsvegur 4000
18. Við 32 (Út-Blönduhlíðarvegur).
Fyrir „6000“ kemur 7000
19. Við 33 (Hofsósvegur).
a. Fyrir „10000“ kemur 15000
b. Nýr liður:
Hólavegur 4000
20. Við 34 (Fljótavegur).
Fyrir „6500“ kemur 8000
21. Við 37 (Ólafsfjarðarvegur).
a. Fyrir „7000“ kemur 9000
b. Nýr liður:
Svarfaðardalsvegur 3500
22. Við 38. Nýr liður:
Hörgárdalsvegur 2500
23. Við 39 (Svalbarðsstrandarvegur).
a. Fyrir „5000“ kemur 8000
b. Nýr liður:
Hvammsheiðarvegur 2500
24. Við 41 (Kinnarbraut).
a. Fyrir „7000“ kemur 10000
b. Nýir liðir:
1. Bárðardalsvegur 4000
2. Tjörnesvegur 3000
25. Við 44 (Öxarfjarðarheiðarvegur).
Fyrir „10000“ kemur 12000
26. Við 45 (Raufarhafnarvegur).
a. Fyrir „8000“ kemur 12000
b. Nýr liður:
Langanesvegur 3000
27. Við 46 (Brekknaheiðarvegur).
Fyrir „5000“ kemur 10000
28. Við 47 (Vopnafjarðarvegur).
Fyrir „4000“ kemur 6000
29. Við 49 (Hróarstunguvegur).
Fyrir „3000“ kemur 4000
30. Við 51 (Upphéraðsvegur).
Fyrir „2000“ kemur 3000
31. Við 58 (Fjarðarheiðarvegur).
Fyrir „8000“ kemur 15000
32. Við 60 (Lónsvegur og Almannaskarð).
Fyrir „2500“ kemur 4000
33. Við 62 (Mýravegur).
a. Liðurinn orðist svo:
Melatangavegur 3500

		b. Nýir liðir:	
		1. Innbyggðarvegur	1500
		2. Suðursveitarvegur	2000
		34. Við 63 (Öræfavegur).	
		Fyrir „2500“ kemur	3000
		35. Við 68. Nýir liðir:	
		a. Rangárvallavegur	5000
		b. Miðeyjarvegur	12000
		36. Við 70 (Hrunamannahreppsvegur).	
		Fyrir „10000“ kemur	12000
		37. Við 71 (Gnúpverjahreppsvegur).	
		a. Fyrir „8000“ kemur	12000
		b. Nýr liður:	
		Skálholtsvegur	2500
		b. Við c. (Til þjóðvega af benzínskatti).	
		Nýr liður á eftir 6:	
		Til Suðurlandsbrautar	65000
9.	Við 13. gr.	A. VIII. (Til ferjuhalds).	
		Fyrir „3100“ kemur	3300
10.	— 13. —	A. X. (Byggðarstyrkur og gistingar).	
		Fyrir „5500“ kemur	5800
11.	— 13. —	C. VIII. 2. (Til hafnargerða).	
		a. Skagaströnd. Fyrir „18000“ kemur	50000
		b. Stykkishólmur. Fyrir „12000“ kemur	20000
		c. Nýir liðir:	
		1. Á Akranesi	25000
		2. Í Hafnarfirði	50000
		3. Í Vestmannaeyjum	30000
		4. Á Siglufirði	30000
		5. Í Hornafirði	10000
12.	— 13. —	C. IX. 2. Nýir liðir:	
		a. Til Stokkseyrar	15000
		b. Til Kópaskers	2500
		c. Til Ólafsfjarðar	10000
		d. Til Ólafsvíkur	10000
13.	— 13. —	C. IX. Nýir rómv. liðir:	
		a. Til bryggjugerða og lendingarbóta, gegn jafnmiklu framlagi annars staðar að:	
		1. Til bryggjugerðar í Grunnavík	2500
		2. Til bryggjugerðar í Skarðsstöð	3500
		3. Til bryggjugerðar í Ögri	2000
		4. Til bryggjugerðar á Reykjanesi	3500
		5. Til bryggjugerðar á Bæjum á Snæfjallaströnd	1500
		6. Til bryggjugerðar í Vatnsfirði	5000
		7. Til bryggjugerðar í Þórkötlustaðahverfi í Grindavík	5000
		8. Til lendingarbóta í Kaldrananeshreppi	5000
		9. Til lendingarbóta á Sandi	5000
		10. Til lendingarbóta í Súðavík	5000
		b. Til hafnargerðar í Þorlákshöfn, gegn jafnmiklu framlagi annars staðar að	25000
		c. Til hafnargerðar við sunnanverðan Faxaflóa	250000
		d. Til hafnargerðar við Lónsfjörð	10000

Fjárveiting þessi er bundin því skilyrði, að vitamálastjóri álíti, að undangenginni rannsókn, að verkið komi að tilætluðum notum.

e. Til brimbrjótsins í Bolungavík 3000

14. Við 13. gr. D. (Flugmál).
a. Fyrir „30000“ kemur 35000
b. Nýr liður:
Til flugskýlis á Melatanga í Hornafirði, þó ekki yfir ⅔ kostnaðar, enda sé skýlið byggt eftir fyrirsögn flugmálaráðunauts.

15. — 14. — B. I. u. Nýr liður:
Til dr. Eiríks Albertssonar, til fyrirlestrahalds við guðfræðideild 2000

16. — 14. — B. X. 1. b. (Smíðakennsla o. fl. á Hólaskóla).
Fyrir „2500“ kemur 3000

17. — 14. — B. X. 2. (Hvanneyrarskóli).
a. Við a. Nýr stafliður:
Til smíða- og leikfimikennslu 1500
b. Við b. 2. (Kennsluáhöld).
Fyrir „500“ kemur 1000
c. Við b. 6. Nýr töluliður:
Til verkfærasafns 1000

18. — 14. — B. XII. (Verzlunarskólar o. fl.).
Liðurinn orðist svo:
1. Til Verzlunarskóla Íslands 5000
2. Til Samvinnuskólans 5000

19. — 14. — B. XIV. 6. (Fyrrv. barnakennarar).
Fyrir „3600“ kemur 4600

20. — 14. — B. XV. 1. c. 4. (Eiðaskóli). Nýr liður:
Til að endurbæta smíðastofu 5000

21. — 14. — B. XV. 5. (Snorragarður). Nýr liður:
Til Skallagrímsgarðs í Borgarnesi 1000

22. — 14. — B. XV. 7. (Gagnfræðaskóli Reykvíkinga).
Fyrir „2500“ kemur 5000

23. — 14. — B. XV. 8. Aths. skal orða svo:
Þar af til skóla Sigurðar Greipssonar í Haukadal 2500

24. — 14. — B. XV. 10. Nýr liður:
Til námsflokkastarfsemi, undir eftirliti fræðslumálastjórnarinnar 4000

25. — 14. — B. XVI. 4. (Árný Filippusdóttir).
Fyrir „2500“ kemur 3000

26. — 14. — B. XVI. 5. Liðurinn orðist svo:
Til húsmæðraskólans á Laugalandi:
a. Stofnkostnaður 3000
b. Til háspennustöðvar og rafmagnslínu til skólans 8000

27. — 14. — B. XIX. Nýr töluliður:
Laun Lárusar Rist 2000

28. — 15. — 22. (Bókmenntafélagið).
Fyrir „2800“ kemur 5000

29. — 15. — 24. (Fornleifafélagið).
Fyrir „800“ kemur 1200

30. Við 15. gr. 27. Nýr liður:
Til útgáfu á Heimskringlu 4000
31. — 15. — 29. (Dr. Jón Helgason).
a. Liðurinn orðist svo:
Til dr. Jóns Helgasonar fyrrv. biskups, til ritstarfa .. 1200
b. Nýr liður:
Til vísindafélags Íslendinga, til að gefa út rit á aldarfjórðungsafmæli sínu 2500
32. — 15. — 39. (Ágúst Sigurðsson):
Fyrir „1500“ kemur 2000
33. — 15. — 44. (Skáld, rithöfundar o. s. frv.).
Fyrir „80000“ kemur 90000
34. — 15. — 53. (Sigvaldi Kaldalóns).
Liðurinn fellur niður.
35. — 15. — 56. (Árni Pálsson).
Liðurinn fellur niður.
36. — 15. — 57. (Guðmundur Finnbogason).
Liðurinn fellur niður.
37. — 16. — 2. (Búnaðarfélag Íslands).
Fyrir „280000“ kemur 300000
38. — 16. — 5. (Sandgræðsla).
Fyrir „45000“ kemur 55000
39. — 16. — 14. (Garðyrkjufélagið).
a. Liðurinn orðist svo:
Til garðyrkjufélags Íslands 2000
b. Nýr liður:
Til Ragnars Ásgeirssonar, til leiðbeiningarstarfsemi .. 4000
40. — 16. — 15. (Til skógræktar).
a. Við b. (Skóggræðsla). Fyrir „50000“ kemur 65000
b. Við c. (Skógræktarfélög). Fyrir „10000“ kemur 15000
41. — 16. — 18. Nýir liðir:
1. Til fyrirhleðslu í Hjaltadalsá 5000
2. Til fyrirhleðslu í Norðfjarðará 4000
3. Til fyrirhleðslu Kaldaklifsár 3500
4. Til landþurrkunar og áveitu, þó ekki yfir ¼ kostnaðar:
a. Til áveitu og sandgræðslu í Meðallandi 3000
b. Til áveitufélags Þingbúa 4500
c. Til landþurrkunarfélags Safamýrar 4500
d. Til landþurrkunar á Staðarbyggðarmýrum 4500
42. — 16. — 22. (Rannsóknarstofa atvinnuveganna).
a. Við a. (Iðnaðardeild). Fyrir „46400“ kemur 53400
b. Við b. (Landbúnaðardeild). Fyrir „24600“ kemur 30000
c. Við c. (Fiskideild). Fyrir „30000“ kemur 41500
d. Við e. (Sameiginl. kostn.). Fyrir „25000“ kemur 26800
43. — 16. — 45. (Kvenfélagasamb. Íslands).
Fyrir „1000“ kemur 2000
44. — 16. — 46. (Samband norðlenzkra kvenna).
Fyrir „400“ kemur 1000
45. — 16. — 53. Nýr liður:
Til kvenfélagasambands Gullbringu- og Kjósarsýslu 400
46. — 16. — 54. (Samband sunnlenzkra kvenna).
Fyrir „2500“ kemur 3000
47. — 16. — 65. Nýr liður:
Til verkstjóranámskeiðs undir eftirliti vegamálastjóra 3000

48. Við 17. gr. 10. Nýr liður:
Til félagsins „Sjálfsbjargar“ 2000
49. — 18. — II. b. 9. (Cathinka Sigfússon).
Fyrir „600“ kemur 1000
50. — 18. — II. c. 6. (Helgi P. Hjálmarsson).
Liðurinn fellur niður.
51. — 18. — II. d. 18. (Guðrún Sigurðardóttir).
Liðurinn fellur niður.
52. — 18. — II. d. 28. Nýr liður:
María Elísabet Jónsdóttir 300
53. — 18. — II. e. 12. Nýr liður:
Lárus Bjarnason skólastjóri 3600
54. — 18. — II. f. 2. (Anína Arinbjarnardóttir).
Fyrir „200“ kemur 300
55. — 18. — II. f. 3. Liðurinn orðist svo:
Ásgeir Jónsson póstur 400
(Leiðrétting.)
56. — 18. — II. f. 13. Nýir liðir:
a. Guðjón Hermannsson póstur 300
b. Guðjónía Bjarnadóttir póstsekkja 300
57. — 18. — II. f. 31. Nýr liður:
Ólafía Finnbogadóttir póstsekkja 200
58. — 18. — II. f. 46. Nýr liður:
Þorlákur Þorláksson póstur 200
59. — 18. — II. f. 47. (Þórunn Sigurðardóttir).
Fyrir „200“ kemur 300
60. — 18. — II. j. 1. (Anna Pálsdóttir).
Fyrir „400“ kemur 600
61. — 18. — II. k. 20. Nýr liður:
Guðbrandur Þorsteinsson vitavörður 400
62. — 18. — II. k. 32. Nýr liður:
Guðrún Káradóttir ljósmóðir 200
63. — 18. — II. k. 45. Nýr liður:
Jónas Jónsson fyrrv. fiskimatsmaður 300
64. — 18. — II. k. 49. Nýr liður:
Kristján Ingimundarson fyrrv. fiskimatsmaður 300
65. — 18. — II. k. 67. Nýr liður:
Sigmundur Finnsson fyrrv. fiskimatsmaður 300
66. — 18. — II. k. 73. Nýr liður:
Sigurður Jónsson fyrrv. fiskimatsmaður, Hafnarfirði 400
67. — 18. — II. 75. Nýr liður:
Soffía Ásgeirsdóttir hjúkrunarkona 500
68. — 18. — II. k. 80. Nýir liðir:
a. Þorvaldur Þorvaldsson fyrrv. fiskimatsmaður 300
b. Þuríður Einarsdóttir ljósmóðir 200
69. — 19. — 1. (Dýrtíðaruppbót). Liðurinn orðist svo:
Verðlagsuppbót samkvæmt gildandi lögum 1941 1800000
70. — 20. — Út. III. (Nýir vitar).
Fyrir „65000“ kemur 100000
71. — 22. — IV. Nýr liður:
Að greiða Ólafi Magnússyni, fyrrverandi prófasti í Arnarbæli, 1400 kr. vegna vangoldinna þjónustulauna við Strandarkirkju í Selvogsþingum.

72. Við 22. gr. XIII. (Öldubrjótur í Hafnarfirði).
Liðurinn fellur niður.
73. — 22. — XIV. (Hafnargerð við sunnanverðan Faxaflóa).
Liðurinn fellur niður.
74. — 22. — XVIII. Nýir liðir:
a. Að kaupa hálfa jörðina Stóra-Hraun hjá Eyrarbakka til afnota fyrir vinnuhælið á Litla-Hrauni.
b. Að kaupa húseignina nr. 11 við Fríkirkjuveg í Reykjavík, ef viðunandi samningar takast um verð og greiðslumáta.
c. Að bæta menntamálaráði og stjórn Þjóðvinafélagsins upp með fjárframlagi þá verðhækkun, sem orðið hefur á árunum 1940—1941 og verða kann á árinu 1942 á bókaútgáfu þessara aðila, miðað við hliðstæðan kostnað 1939, enda haldist verð á bókum til áskrifenda óbreytt frá því, sem var í fyrstu.

Sþ. 257. Nefndarálit

um frumv. til fjárlaga fyrir árið 1942.

Frá fjárveitinganefnd.

Verkefni fjárveitinganefndar hefur verið tvíþætt að þessu sinni. Nefndin hóf starf sitt á því að taka fjárlög yfirstandandi árs til nýrrar meðferðar. Einkum og sér í lagi voru það fjárveitingar til verklegra framkvæmda, sem endurskoðun nefndarinnar beindist að. Vegamálastjóri gerði, eftir ósk nefndarinnar, útreikninga á því, hvað fjárframlög til vega og brúagerða þyrftu að hækka til þess að sömu afköst fengjust, miðað við núverandi kaupgjald og verðlag, eins og gert var ráð fyrir, þegar þessar fjárveitingar voru ákveðnar við afgreiðslu fjárlaganna á þinginu 1940.

Sams konar útreikningar og athuganir voru og gerðar um fjárframlög til ýmissa annarra verklegra framkvæmda, eins og t. d. hafnargerða og lendingarbóta, vitabygginga, húsabóta, sandgræðslu, skógræktar, fyrirhleðslna, landþurrkunar o. fl.

Allt eru þetta framkvæmdir, sem mjög mikils er um vert fyrir þjóðina, að hægt sé að hraða sem allra mest, en fjárveitingar til þeirra höfðu af eðlilegum ástæðum verið mjög skornar við neglur, þegar gengið var frá fjárlögum yfirstandandi árs.

Fjárveitinganefnd leit svo á, að sú stórfellda breyting, sem orðin var á hag og afkomu ríkissjóðsins á þessu tímabili, gæfi fullkomið tilefni til þess, að stuðlað yrði að því eftir megni, að þessar breyttu kringumstæður, stórum bættur fjárhagur ríkisins, gætu markað sem gleggst spor á sviði þessara þjóðnytjamála. Það getur ekki leikið á tveim tungum um það, að þegar ríkissjóður verður fyrir slíkum stórauknum skynditekjum eins og raun ber vitni um, að honum hefur fallið nú í skaut, þá er það tvennt, sem framar öllu öðru ber að keppa að, sem sé að létta á skuldabyrði ríkissjóðs, svo sem kostur er, og því næst að koma í framkvæmd ýmsum nauðsynlegum umbótum á sviði verklegra framkvæmda, sem létta og bæta aðstöðu þjóðarinnar til lífsbjargar bæði til sjávar og sveita.

Með þetta sjónarmið fyrir augum hefur nefndin samið sundurliðaðar tillögur um hækkanir á ýmsum fjárveitingum á þessu ári til verklegra framkvæmda, sem nema um 1,6 millj. króna, og hefur hún sent ríkisstjórninni þessar tillögur eftir að hafa átt samræður við hana um þetta mál. Það skal tekið fram, að í tillögum þessum gerir fjárveitinganefnd ráð fyrir því, að eins og nú er komið at-

vinnuháttum á landi hér, sé ekki annað líklegra en að svo fari, að á þessu ári verði engan veginn hægt að hrinda í framkvæmd þeim verkefnum, sem hér um ræðir, sökum skorts á vinnuafli, en þá hefur nefndin gert það að tillögu sinni, að fé, fjárveitingarnar í fjárlögunum, að viðbættum þeim upphæðum, sem í tillögunum greinir, verði lagt til hliðar og geymt, þar til betur byrjar um framkvæmd þessara verka.

Fjárveitinganefnd hafa enn ekki borizt svör ríkisstjórnar við þessum tillögum. Nefndin hefur ekki gert neinar tillögur um það til ríkisstjórnarinnar, hvaða tilhögun verði höfð á endanlegri afgreiðslu þessa máls. Að sjálfsögðu kemur það til kasta þingsins í heild að reka smiðshöggið á þetta, ef ríkisstjórnin sér sér fært, eins og nú er komið, að veita þessum tillögum brautargengi. Fjárveitinganefnd gengur út frá því, að tekin verði ákvörðun um þessar tillögur eigi síðar en einhvern tíma milli 2. og 3. umr. fjárlaganna.

Eins og getið var um í upphafi, hefur verkefni fjárveitinganefndar verið tvíþætt að þessu sinni. Hefur hér verið lýst fyrri þættinum í starfi nefndarinnar. Hinn þátturinn er sú venjulega fjárlagaafgreiðsla fyrir næsta fjárhagsár, í þessu tilfelli árið 1942.

Það ræður af líkum, með þeirri óvissu, sem nú ríkir um alla hluti, hve gersamlega ómögulegt það er að gera áætlun um fjárhagsafkomu ríkisins á næsta ári, sem nokkurt öryggi geti verið í, að fái staðizt. Allt er á hverfanda hveli. Það er ekki á færi nokkurs manns að gera sér til nokkurrar hlítar grein fyrir því, hvernig hag íslenzku þjóðarinnar kunni að verða komið á næsta ári.

Það ríkir nú óneitanlega mikil óvissa um framtíð og afkomu þjóðarinnar. Ofan á hernám landsins hefur það bætzt eigi alls fyrir löngu, að annar stríðsaðilinn hefur lýst hafnbanni á landið, með þeim afleiðingum, að allar siglingar íslenzkra skipa með fisk til Englands hafa stöðvazt. En þær siglingar voru mesta tekjulind landsins á s. l. ári og framan af þessu ári. Siglingar kaupskipa bæði til Englands og Ameríku — en til Ameríku höfum við sótt mest af lífsnauðsynjum okkar upp á síðkastið — hafa einnig stöðvazt, að minnsta kosti í bili. Allar líkur benda til, að landið sé í þann veginn að verða miðdepill hinna grimmu og vægðarlausu hernaðaraðgerða í norðanverðu Atlantshafi.

Þá bíða nú úrlausnar þings og þjóðar erfið og torleyst verkefni, sem eru afleiðingar þess, hve hernaðaraðgerðirnar hér á landi draga mikið til sín af vinnuaflinu í landinu. Af þessum sökum er vá fyrir dyrum hjá framleiðslunni bæði til sjávar og sveita, sem líf og afkoma allra Íslendinga hvílir á.

Þetta ástand allt krefst þess að sjálfsögðu, að allrar varfærni sé gætt, en umfram allt ríður þó mest á því, að þjóðin láti ekki bugast og bjóði erfiðleikunum og hættunum byrginn bæði á sjó og landi. Það verða allir að leggjast á eitt með það að bjarga því, sem bjargað verður.

Með hliðsjón af þessu hefur fjárveitinganefnd tekið þann kostinn að fylgja gefnu fordæmi ríkisstjórnarinnar í því með tillögum sínum að miða afgreiðslu fjárlaganna fyrir árið 1942 við sæmilega gott verzlunar- og atvinnuárferði. Fjárveitinganefnd hefur í tillögum sínum um fjárframlög til verklegra framkvæmda sýnt lit á að fylla í eyður í fjárlagafrv. að því er snertir fjárveitingar til nýrra hafnargerða og lendingarbóta, og enn fremur aukið nokkuð fjárveitingar til allra nauðsynlegustu verklegra framkvæmda.

Það er sízt fyrir að synja, að svo geti farið, að þarna verði sýnd veiði, en ekki gefin, að ástandið verði þannig, að ekki reynist mögulegt að inna þessar greiðslur af hendi, þegar til á að taka. Í frv. er sleginn varnagli við þessu að nokkru leyti, því í 22. gr. er heimild fyrir ríkisstjórnina til að lækka útgjöld ríkissjóðs, sem ekki eru bundin í öðrum lögum en fjárlögum, um 35%, ef tekjur ríkissjóðs lækka verulega. Ef í nauðirnar rekur, verður að sjálfsögðu að taka enn dýpra í árinni um niðurfærslu útgjalda.

3. gr.

Með því að eftirspurn er mikil eftir notendasímakerfum í sveitum, en hins vegar enn engin fjárveiting tekin til landssímalína, leggur nefndin til, að liðurinn hækki um 20 þús. kr.

10. gr.

Engar líkur benda til, að ráðherrar ferðist til útlanda, nema veruleg breyting verði á styrjöldinni. Nefndin leggur því til, að liðurinn falli niður, enda er auðvelt að fá samþykkta slíka fjárveitingu eftir á, ef þörf gerist.

11. gr.

Rekstrarreikningur Vinnuhælisins sýnir, að fjárhæð sú, sem ætluð er á fjárlagafrv., nægir ekki. Föngunum fjölgar og dýrtíð vex. 100 þús. kr. virðist nefndinni nærri líkum.

12. gr.

Breytingin snertandi Kristneshæli er aðeins gerð til samræmis við önnur sjúkrahús.

Ógreitt er til læknisbústaðarins í Grímsneshéraði 500 kr. Hækkun á 11. lið a. stafar af þessu.

Hækkun til Akureyrarspítala má skoða sem leiðréttingu.

Þá hefur n. orðið sammála um smáupphæð til ljóslækningastofu í Borgarnesi.

13. gr.

Fjárveitingar á þessari grein hafa hækkað verulega í meðförum nefndarinnar. Stafar þetta bæði af hafnarbótum og vegum. Hvað vegina snertir hefur nefndin tekið inn í till. sínar nýja vegi, sem komið var í þjóðvegatölu á síðasta Alþingi og n. leggur til, að veitt verði fé í á næsta ári, og einnig hækkanir á ýmsum vegum, sem í frv. eru. Nemur hækkunin á vegum, sem fyrir eru í frv., nál. 70 þús. kr., og til nýrra vega nál. 116 þús. kr. Vegir byggðir fyrir benzínfé eru ekki taldir hér með. Fjárveiting til Suðurlandsbrautar var felld niður, en nefndin tók upp 65 þús. kr.

Til hafnargerða og lendingarbóta nema hækkanir nefndarinnar 573500 kr. Þetta er mikil hækkun, en athuga ber, að ekki mun vera ágreiningur um það, að rétt sé og að mörgu leyti hagkvæmt að bæta aðstöðu til þess að sækja fiskimið sem allra víðast frá ströndum landsins. Oftast eru einnig þýðingarmiklar samgönguframfarir að hafnar- og lendingarbótum. Langmestri hækkun veldur sú upphæð, 250 þús., sem ætluð er til hafnargerðar við sunnanverðan Faxaflóa.

Þá má nefna smáhækkanir til ferjuhalds og gistingarstaða, samtals 500 kr.

Nefndin mælir með 5000 kr. til flugmála, sem námsstyrk til efnilegs flugmanns til framhaldsnáms erlendis, og 3000 kr. til flugskýlis í Hornafirði, með sama skilyrði og áður.

14. gr.

Hækkanir nefndarinnar á þessari gr. nema 37500 kr. Með því að brtt. skýra sig að mestu sjálfar, er ekki ástæða til að minnast á nema fáar þeirra. Dr. Eiríkur Albertsson lætur af prestskap vegna heilsubilunar. Guðfræðideild háskólans hefur mælt með umsókn dr. E. A. um fjárveitingu handa honum til þess að halda fyrirlestra við háskólann um guðfræðileg efni. Nefndin mælir með 2000 kr. í þessu skyni.

Þá mælir nefndin með 1000 kr. til að koma á verkfærasafni á Hvanneyri, 1000 kr. til að prýða kringum leiði Skallagríms í Borgarnesi, og 8000 kr. til að leggja rafmagnslínu frá Kristneshæli til húsmæðraskólans á Laugalandi.

Loks mælir nefndin með 2000 kr. til Lárusar Rist. Lárus er þjóðkunnur maður og hefur mjög lengi verið í opinberri þjónustu. Síðasta afrek hans er sundlaugar-

bygging í Hveragerði í Ölfusi, þar sem hann vinnur nú að víðtækri útbreiðslu sundíþróttarinnar.

Aðrir hækkunarliðir á þessari grein skýra sig sjálfir eða eru kunnir áður, en aðeins er um smáhækkanir að ræða.

15. gr.

Hækkunartill. nefndarinnar á þessari gr. nema 19600 kr. Aðeins fárra verður getið hér. 29. till. er til Vísindafélags Íslendinga, 2500 kr. Félag þetta var stofnað 1918 og á því aldarfjórðungsafmæli 1943. Félagið hyggst að gefa út rit á þessu afmæli. Fjárveitingin er hugsuð til styrktar útgáfunni.

Þá er rétt að láta þess getið, að n. leggur til, að felldir verði niður styrkir þriggja tilgreindra manna á 15. gr., en þeim verði greidd svipuð upphæð af fé því, sem menntamálaráð úthlutar.

Aðrar brtt. þessarar gr. munu ekki þarfnast skýringa.

16. gr.

Hækkunartill. nefndarinnar á þessari gr. nema 112200 kr. Hækkunartill. til Búnaðarfél. Íslands er samkvæmt rökstuðningi búnaðarmálastjóra óhjákvæmileg.

Árangur af sandgræðslu er svo augljós, að nefndin telur rétt að hækka fjárveitinguna nokkuð og mæta þannig þessu nauðsynjamáli.

Nefndin mælir með 2000 kr. til garðyrkjufél. Íslands og 4000 kr. til Ragnars Ásgeirssonar til leiðbeiningastarfsemi ýmiss konar, eftir nánari fyrirmælum Búnaðarfélags Íslands.

Þá mælir nefndin með nokkurri hækkun bæði til skóggræðslu og til skógræktarfélaga. Almennur áhugi er að vakna fyrir skógrækt, og vill nefndin, að Alþingi styðji þau störf með sæmilegum fjárstyrk.

Þá koma nokkrar till. um fjárframlög til fyrirhleðslu vatnsfalla og til áveitu- og landþurrkunarfélaga. Gerð verður nánari grein fyrir þessum till. í framsögu.

Hækkunartill. nefndarinnar til rannsóknarstofu atvinnuveganna eru allar samkvæmt áætlun.

Till. til kvenfélagasambanda þurfa engra skýringa við. Féð er allt notað í þágu húsmæðrafræðslu í einhverri mynd.

Nefndin varð við ósk um það að mæla með 3000 kr. fjárveitingu til verkstjóranámskeiðs. Sams konar námskeið hefur verið haldið áður og gefizt vel.

17. gr.

Félagið „Sjálfsbjörg“ vinnur að því að veita lömuðum sjúklingum aðstöðu til að starfa við þeirra hæfi. Mælir nefndin með 2000 kr. fjárveitingu til félagsins.

18. gr.

Breytingartill. við þessa grein þurfa engra skýringa. Þær eru ýmist leiðréttingar eða smávægilegar hækkanir, og auk þess eru nokkrir nýir menn teknir í gr.

19. gr.

Brtt. við þessa grein þarf engra skýringa.

20. gr.

N. leggur til að hækka til nýbyggingar vita um 35 þús. kr. Auk þeirrar almennu verðhækkunar er upplýst, að vitatæki (ljóstæki) fást keypt frá Englandi við mjög sæmilegu verði. Nefndinni er ljóst, hverja þýðingu það hefur, að vitastarfsemin sé í góðu lagi.

22. gr.

Heimild til greiðslu á vangoldnum þjónustulaunum séra Ólafs Magnússonar, sem samþ. var á heimildagrein fjárl. 1941 og ætlazt var til, að yrði árleg þóknun til hans meðan hann lifir, var ekki tekin í fjárlagafrv. Nefndin vill leiðrétta þetta.

Heimildin til að greiða 100 þús. kr. til hafnargerðar við sunnanverðan Faxaflóa er lagt til, að falli niður, þar sem nefndin hefur tekið upp í 13. gr. fjárveitingu til þessa fyrirhugaða verks. Sama gildir um öldubrjótinn í Hafnarfirði.

Þá leggur nefndin til, að menntamálaráði og stjórn Þjóðvinafélagsins verði bætt sú verðhækkun, sem orðið hefur á pappír og prentun. Þetta fjárframlag miðist við verðlag á pappír og prentun árið 1939 og greiðist fyrir árin 1940 og 1941, og einnig fyrir 1942, ef með þarf. Verðið á bókum útgáfunnar haldist óbreytt frá því, sem það var í fyrstu. Ekki hefur verið beðið um uppbót vegna stjórnarstarfa eða annarrar vinnu í þágu útgáfunnar.

Loks vill nefndin veita ríkisstj. heimild til að kaupa húseignina við Fríkirkjuveg 11 í Reykjavík, ef viðunandi samningar takast um verð og greiðsluskilmála. Enn fremur vill nefndin heimila ríkisstjórninni að kaupa hálfa jörðina Stóra-Hraun í Árnessýslu, til afnota fyrir Vinnuhælið.

Samkvæmt till. nefndarinnar nema hækkanir alls ..... 1679100 kr.,
en lækkanir aðeins ..... 9856 —
Hækkun umfram lækkun ..... 1669244 kr.

Þar af teljast til rekstrarreiknings 1634244 kr., til sjóðsyfirlits út 35 þús. kr. Gjöld á rekstrarreikningi verða því eftir till. nefndarinnar 22722388 kr. og rekstrarhalli þannig 137977 kr., og greiðslujöfnuður óhagstæður um 71757 kr.

Nefndin hefur tekjuliði fjárlagafrv. til athugunar, en hefur ekki tekið ákvarðanir enn þá og lætur það bíða þriðju umræðu.

Alþingi, 22. apríl 1941.

Pétur Ottesen, form.	Emil Jónsson, fundaskr.	Bjarni Bjarnason, frsm.
Jónas Jónsson.	Helgi Jónasson.	Páll Hermannsson.

Sigurður Kristjánsson,
með fyrirvara varðandi tillögur nefndarinnar um umframgreiðslur á árinu 1941.

Þorst. Þorsteinsson,
með fyrirvara varðandi tillögur nefndarinnar um umframgreiðslur á árinu 1941.

Sig. E. Hlíðar,
með fyrirvara varðandi tillögur nefndarinnar um umframgreiðslur á árinu 1941.

Nd. 258. Tillaga til þingsályktunar

um vegavinnu á næsta sumri.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Bergur Jónsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að haga svo vegavinnu á næsta sumri, að unnið verði fyrir og eftir slátt, en gert hlé á vegavinnunni, eftir því sem unnt er, meðan bændum er mest þörf vinnuafls til heyöflunar.

Greinargerð.

Það kemur sér yfirleitt illa í sveitum landsins, að unnið sé að vegagerð um háslátttinn. Sérstaklega á þetta þó við um vegarspotta í byggðum, þar sem héraðsmenn vinna að vegagerðinni. Nú í sumar verður þess þó ríkari þörf en nokkru sinni áður að gefa gaum að þessu atriði, því að fyrirsjáanlegt er, að búskapur allur verður í hættu vegna fólksfæðar. Er nú ýmislegt um það rætt, að gera þurfi ráðstafanir til

úrbóta, og sýnist það þá hendi næst að taka þar til, sem ríkisstjórnin þegar hefur vald á. Er áríðandi, að vegavinnan hefjist alls staðar jafnskjótt sem klaki er úr jörðu að mestu, og sé svo gengið út frá, að henni verði haldið áfram fram eftir hausti, svo lengi sem tíð leyfir. Til þess að losna við vegavinnuna um sláttinn þyrfti e. t. v. fleiri verkstjóra en áður, eða þá að sami verkstjóri færi milli nokkurra vinnuflokka, en flokksstjórar önnuðust daglega verkstjórn, og má það áreiðanlega vel takast, því að víða í sveitum eru menn nú vanir orðnir þessum störfum.

Ed. 259. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 60 11. júní 1938, um húsmæðrafræðslu í sveitum.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt málið. Einn nefndarmanna (JJ) vill samþykkja frv. óbreytt. Tveir nefndarmenn (ÁJ og SÁÓ) gera svofelldan fyrirvara:

Við getum ekki mælt með framgangi þessa máls fyrr en trygging er fengin fyrir því, að frumvarp til laga um húsmæðrafræðslu í kaupstöðum verði lögfest á þessu þingi.

Alþingi, 23. apríl 1941.

Jónas Jónsson,	Árni Jónsson,	Sigurjón Á. Ólafsson,
form., frsm.	fundaskr., með fyrirv.	með fyrirv.

Ed. 260. Nefndarálit

um frv. til l. um veiði, sölu og útflutning á kola.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin er samþykk frv. þessu, þar sem nauðsyn ber til að stöðva, ef unnt er, þá rányrkju á sviði fiskveiðanna, sem því er ætlað að vinna á móti.

Í frv. kemur það ekki skýrt í ljós, hvaða aðili eigi að greiða fiskimatsmönnum störf þeirra samkv. 2. gr., en nefndin telur, að það eigi fiskeigandi að gera, á sama hátt og er um annan fisk, sem fiskimatsmenn meta og flokka. Vegna þess vill nefndin leggja til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 2. gr.

Á eftir síðasta málslið komi nýr málsliður, svo hljóðandi:

Um þóknun fiskimatsmanna fyrir störf þeirra samkvæmt þessari grein fer eftir ákvæðum 5. gr. laga nr. 46 8. sept. 1931.

Alþingi, 23. apríl 1941.

Ingvar Pálmason,	Sigurjón Á. Ólafsson,	Jóhann Þ. Jósefsson,
form.	fundaskr.	frsm.

Nd. 261. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 32 14. júní 1929, um loftferðir.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Á eftir 21. gr. laga nr. 32 14. júní 1929 komi ný grein, svo hljóðandi:

Ríkisstjórninni er heimilt að taka eignarnámi vegna loftferða lóðir, lóðarréttindi og mannvirki.

Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að leyfa sveitarfélögum, sýslufélögum og þeim, sem gera út loftför, að taka eignarnámi eignir þær, sem um getur í 1. mgr., gegn hæfilegu endurgjaldi, ef samkomulag næst ekki um bætur.

Nánari fyrirmæli um framkvæmd skerðingar eigna vegna loftferða getur atvinnumálaráðuneytið sett með reglugerð.

Bætur fyrir eignarnám á landi og mannvirkjum til flugvallargerðar í Reykjavík skulu metnar af dómurum hæstaréttar ásamt tveimur mönnum, er hæstiréttur nefnir. Að öðru leyti skal fara eftir lögum nr. 61 14. nóv. 1917 um framkvæmd eignarnáms samkvæmt þessari grein.

2. gr.

38. gr. laga nr. 32 14. júní 1929 er úr gildi felld.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. 262. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 21 14. júní 1929, um hafnargerð á Skagaströnd.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 23. apríl 1941.

Finnur Jónsson, form.	Sig. E. Hlíðar, fundaskr.	Gísli Guðmundsson, frsm.
Sigurður Kristjánsson.		Jón Ívarsson.

Nd. 263. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 45 13. júní 1937, um dragnótaveiði í landhelgi.

Frá 1. minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin er klofin í þessu máli. Undirritaðir nefndarmenn leggja til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Tveir nefndarmenn (FJ, SEH) eru frv. andvígir, og einn nefndarmaður (SK) sat hjá við atkvæðagreiðslu í nefndinni.

Alþingi, 23. apríl 1941.

Gísli Guðmundsson, frsm. Jón Ívarsson.

Nd. 264. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 64 8. sept. 1931, um hafnargerð á Akranesi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarp þetta og orðið ásátt um að mæla með því, að það verði samþykkt með þessari

BREYTINGU.

Við 1. gr. Í stað „kr. 750000 — sjö hundruð og fimmtíu þúsund króna“ komi: kr. 720000 — sjö hundruð og tuttugu þúsund króna.

Alþingi, 23. apríl 1941.

Finnur Jónsson, form. Sig. E. Hlíðar, fundaskr. Jón Ívarsson, frsm.

Sigurður Kristjánsson. Gísli Guðmundsson.

Ed. 265. Lög

um fjarskipti.

(Afgreidd frá Ed. 23. apríl).

Samhljóða þskj. 137.

Nd. 266. Frumvarp til laga

um ábyrgð ríkisins og hlutafjárframlag til Ísafjarðardjúpsbáts.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Ef stofnað verður hlutafélag við Ísafjarðardjúp til þess að láta smíða skip til flutningaferða þar, eigi minna en 45—55 smálesta, heimilast ríkisstjórninni að ábyrgjast allt að 50 þúsund króna lán, sem félagið tekur í því skyni, enda sé lánið tryggt með 1. veðrétti í skipinu.

2. gr.

Til sama félags leggur ríkissjóður fram vegna kaupa á skipi eða smíði hlutafé, allt að helmingi stofnkostnaðar, sem greiðist í tveim jöfnum greiðslum, á fyrsta og öðru stofnári.

3. gr.

Ríkisstjórnin á rétt á að skipa einn mann í stjórn félagsins og annan endurskoðanda þess.

Á meðan ríkið er í ábyrgð fyrir félagið, má eigi greiða hluthöfum hærri arð en 5% og aldrei yfir ⅓ af hreinum ársarði félagsins.

Nd. 267. Nefndarálit

um frv. til l. um gjaldeyrisvarasjóð og eftirlit með erlendum lántökum.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefur eigi getað orðið sammála um afgreiðslu þessa frumvarps. Meiri hluti nefndarinnar vill samþykkja frumvarpið með þeirri einni breytingu, að eigi þurfi leyfi ráðherra til að taka lán innanlands, en minni hlutinn vill vísa því frá með rökstuddri dagskrá.

Aðalatriði þessa frumvarps eru fjögur:

1. Að Landsbanki Íslands taki frá af innieign sinni í Englandi sem svarar 12 milljónum íslenzkra króna og kaupi fyrir þær erlend verðbréf.
2. Að skipuð sé 7 manna nefnd, með viðskiptamálaráðherrann sem formann, til að stjórna þessum sjóði og hafa eftirlit með erlendum lántökum.
3. Að engar opinberar stofnanir megi taka lán nema eftir leyfi ráðherrans og tillögum nefndarinnar, og einstaklingar, sem skulda erlendis, verði að gefa hagstofunni skýrslur um skuldir sínar ársfjórðungslega.
4. Að ríkissjóður greiði árlega allt að 200 þús. kr., ef með þarf, í vaxtatap Landsbankans af þessum 12 milljóna sjóði.

Nú horfir þannig við, að um erlend verðbréf mun tæpast að ræða í þessu sambandi önnur en ensk, og verður eigi séð, hver aukin trygging liggur í því, að Landsbankinn taki þessa upphæð frá þeirri innieign, sem hann á nú í enskum bönkum. Um þessa nýju nefnd, sem virðist vera aðalatriði frumvarpsins, er það að segja, að nú eru til þessar nefndir og ráð, sem auk ríkisstjórnarinnar hafa afskipti af erlendum viðskiptum: 1. Yfirstjórn Landsbankans, bankastjórar, bankaráð og bankanefnd. 2. Gjaldeyris- og innflutningsnefnd. 3. Viðskiptanefnd.. 4. Útflutningsnefnd. 5. Biðpundanefnd. Auk þess heill hópur, sem neðar er í stiganum, svo sem: síldarútvegsnefnd, fiskimálanefnd, stjórn S. Í. F. o. fl.

Ætla mætti því, að annars væri meiri þörf en nýrrar stjórnarnefndar. Að banna erlendar lántökur opinberra stofnana nema með leyfi ráðherra er atriði, sem auðvelt er að setja inn í gjaldeyrislögin, ef á því er talin rík þörf. Loks er svo framlag ríkissjóðs, allt að 200 þús. krónum á ári, í vaxtatap Landsbankans vegna þessa sjóðs, og má um það segja, að í þá upphæð væri ekki horfandi, ef veruleg trygging fyrir gjaldeyrisverzlun landsins stæði til boða, en samkvæmt framansögðu virðist þetta frumvarp ekki líklegt til mikilla nytja í því efni. Minni hluti nefndarinnar leggur því til, að frumvarpið verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að þjóðbankinn (Landsbanki Íslands) geri sitt ýtrasta til, að utanríkisverzlun þjóðarinnar verði rekin svo gætilega sem kostur er á án þess að ný lög séu sett um skyldur hans í því efni, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 24. apríl 1941.

Jón Pálmason, frsm. Stefán Stefánsson.

Nd. 268. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 26 frá 13. jan. 1938, um bændaskóla.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin gat ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa frumvarps. Tveir nefndarmanna vilja samþykkja frv. óbreytt, en við, sem ritum undir þetta nefndarálit, teljum, að ekki sé rétt að samþykkja frumvarpið að svo stöddu.

Að vísu erum við sammála flutningsmanni frv. um það, að bændafræðsluna beri að efla og auka eftir því, sem þörf krefur. Það skal og viðurkennt, að hin mikla aðsókn að bændaskólunum síðustu árin bendir ótvírætt til þess, að full þörf sé á því að gefa fleiri kost á að njóta þeirrar fræðslu, sem bændaskólarnir veita, en nú er hægt. En að við teljum ekki rétt að samþykkja frumvarp um stofnun nýs bændaskóla nú, stafar af eftirfarandi ástæðum:

1. Enginn undirbúningur hefur enn farið fram um það, að ákveða slíkum skóla heimili. Teljum við heppilegast, að þeim undirbúningi verði lokið áður en löggjöf verður sett um skólann.
2. Nú er í ráði, að Alþingi skipi milliþinganefnd til þess að rannsaka kennslu- og uppeldismál þjóðarinnar. Verði slík nefnd skipuð, teljum við sjálfsagt, að hún athugi bændafræðsluna ásamt öðru, er snertir skólamál landsins, og þá meðal annars, hvort ekki sé hægt að samræma kennslu í héraðsskólum og bændaskólum á þann hátt, að einhverjir þættir bændafræðslunnar fari fram í héraðsskólunum.

Með tilvísun til þess, sem hér hefur verið fram tekið, leggur meiri hluti landbúnaðarnefndar til, að frumvarpið verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að Alþingi það, er nú situr, ákveði, að skipuð skuli milliþinganefnd til þess að rannsaka og gera tillögur um kennslu- og uppeldismál þjóðarinnar, og í trausti þess, að sú nefnd taki kennslustarfsemi bændaskólanna til athugunar, og þá meðal annars, hvort ekki megi koma bændafræðslunni að einhverju leyti í samband við héraðsskólana, telur deildin ekki tímabært að ákveða nú þegar að fjölga bændaskólunum, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 25. apríl 1941.

Bjarni Ásgeirsson, form.	Steingr. Steinþórsson, frsm.	Ásgeir Ásgeirsson.

Nd. 269. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Aftan við 1. málsgr. 68. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi (og breytist málsgreinatala samkv. því):

Nú tekur veiðifélag aðeins til laxveiði, og getur ráðherra þá, eftir tillögum veiðimálanefndar og veiðimálastjóra, sett ákvæði um veiðiaðferðir og gerð þeirra veiðitækja, sem nota má til silungsveiði á félagssvæðinu.

2. gr.

70. gr. laganna orðist svo:

1. Nú vill fiskræktarfélag taka upp félagsveiði, og er það heimilt, ef fullnægt er skilyrðum laga þessara um stofnun veiðifélags.

2. Nú vill veiðifélag stunda fiskrækt, og er það heimilt, en ekki nýtur félagið réttinda þeirra, er ræðir um í 79.—82. gr. laga þessara, nema ráðherra samþykki, að fengnum tillögum veiðimálanefndar.

3. gr.

95. gr. laganna falli burt.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 270. Lög

um breyting á bifreiðalögum, nr. 75 7. maí 1940.

(Afgreidd frá Nd. 25. apríl.)

Samhljóða þskj. 160.

Nd. 271. Lög

um breyting á umferðarlögum, nr. 110 30. maí 1940.

(Afgreidd frá Nd. 25. apríl.)

Samhljóða þskj. 161.

Ed. 272. Frumvarp til laga

um sandgræðslu og heftingu sandfoks.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Landbúnaðarráðherra hefur yfirumsjón sandgræðslumála, en forstjórn þeirra skal falin Búnaðarfélagi Íslands. Ráðherra skipar sandgræðslustjóra, með sérþekkingu á sandgræðslumálum, en hann skipar sandgræðslumenn og sandgræðsluverði eftir þörfum.

2. gr.

Heimilt er ráðherra, að fengnu áliti sandgræðslustjóra og Búnaðarfélags Íslands, að láta girða svæði, sem uppblástur getur stafað af, og vinna þar að sandgræðslu, til þess að koma í veg fyrir uppblástur og græða foksvæðin. Sandsvæðið skal tekið eignarnámi, samkvæmt lögum nr. 61 14. nóv. 1917, um framkvæmd eignarnáms. Meta skal fullar bætur fyrir afnotamissi og fyrir þá aðstöðuskerðingu til lífsbjargar, sem af slíkum ráðstöfunum stafar.

3. gr.

Úr landi jarða þeirra, er að sandgræðslusvæðum liggja, er heimilt að taka efni til afnota við sandgræðsluna, svo sem vatn, grjót, þara, þang, leir, fræ og annað, er við þykir þurfa. Þó má ekki taka efni þannig, að landspjöll verði að, nema brýna nauðsyn beri til. Eigandi lands eða notandi getur krafizt bóta eftir mati, ef samningar hafa ekki komizt á. Svo skal sandgræðslumönnum og heimil hagaganga fyrir hesta í beitilöndum, gegn sanngjörnu endurgjaldi.

4. gr.

Nú setur maður girðingar fast við sandgræðslugirðingu eða áfasta henni, og skulu þá hlið vera á þeim eigi fjær en 50 m, svo að vinna megi tálmunarlaust að sandgræðslugirðingunum og fara með þeim til eftirlits.

5. gr.

Sandgræðslugirðingar skulu vera sexþættar gaddavírsgirðingar, eða jafntryggar til vörzlu úr öðru efni, og að öðru leyti svo vandaðar að öllum frágangi, að þær séu vel fjárheldar að dómi Búnaðarfélags Íslands. Þeim skal vel við haldið og þess gætt, að undirhleðsla hafi ekki bilað. Rísi ágreiningur um það, hvort girðing uppfylli þessi skilyrði, sker hreppstjóri viðkomandi hrepps úr.

Sandgræðslugirðingar má ekki leggja yfir alfaraleið, nema önnur jafngóð sé fær, án þess bagalegur krókur verði að. Verði vegur eða alfaraleið að liggja gegnum sandgræðslugirðingu, skal hlið vera á girðingunni. Er skylt að loka þeim, enda sé þannig frá þeim gengið, að auðvelt sé að opna þau og loka. Ef hlið er skilið eftir opið, varðar það sektum allt að 50 kr. Að öðru leyti er umferð bönnuð um sandgræðslusvæði, nema með leyfi sandgræðslustjóra.

6. gr.

Ef girðing skaddast, skal sá, er þess verður var, skýra hreppstjóra tafarlaust frá skemmdunum, ef eftirlitsmanns nýtur eigi. Er hreppstjóra þá skylt að sjá um, að gert sé við girðinguna eins fljótt og unnt er. Verði hann þess var, að meðferð sandgræðslusvæðis sé ábótavant eða það skemmist af uppblæstri, skal hann gera sandgræðslustjóra aðvart svo fljótt sem verða má.

7. gr.

Nú selur ráðherra landsvæði það, sem tekið er eignarnámi, og skulu þá eigendur jarða þeirra, er land hefur áður fylgt, eiga forkaupsrétt á því. Noti einhver eigi forkaupsrétt sinn, skal við söluna fylgt ákvæðum laga nr. 55 15. júní 1926, um forkaupsrétt leiguliða.

8. gr.

Nú vill maður fá girt uppblásturssvæði í landareign sinni, og sendir hann þá Búnaðarfélagi Íslands beiðni um það og lætur fylgja ýtarlegar skýrslur um aðstæður allar. Lætur þá félagið sandgræðslustjóra athuga landið og gera tillögur um framkvæmd verksins, áætlun um kostnað og annað, sem að því lýtur, og tekur það síðan, að fram förnu mati á landsvæðinu, ákvörðun um málið. Kostnaður af girðingu, græðslu og viðhaldi svæðisins skal að ⅔ greiddur úr ríkissjóði, en ⅓ af landeiganda, og skal ábyrgð hrepps eða sýslunefndar fengin fyrir því, að landeigendur greiði sinn hluta kostnaðar. Arður af sandgræðslusvæðinu skal ganga upp í kostnað við sandgræðsluna, þar til afhending hefur farið fram samkvæmt 10. gr., enda hafi hvorki landeigandi né ábúandi umráðarétt eða afnota af landinu.

9. gr.

Falli niður greiðsla á gjaldi því, er landeiganda ber að greiða samkv. 8. gr., getur ráðherra látið taka foksvæðið eignarnámi samkvæmt 2. gr. fyrir matsverðið, að viðbættu því, er landeigandi hefur greitt til sandgræðslunnar.

10. gr.

Þegar sandfokið er heft og landið fullgróið, fær landeigandi umráð yfir því. Skylt er þó landeiganda að hlíta þeim reglum um notkun þess, sem settar verða til varnar því, að uppblástur byrji að nýju. Landeigandi eignast þá girðinguna, en er skyldur til þess að halda henni við á sinn kostnað, þangað til sandgræðslustjórnin gefur leyfi til að taka hana upp og fullvíst þykir, að algerlega sé tekið fyrir alla hættu af uppblæstri, allt samkvæmt samningi, er um það skal gerður.

11. gr.

Nú byrjar uppblástur að nýju, eftir að landeigandi hefur aftur fengið svæðið til umráða og afnota samkvæmt 10. gr., og er honum þá skylt að græða það aftur á sinn kostnað, nema hann sanni, að uppblásturinn sé ekki meðferð hans eða vanrækslu að kenna. Vanræki hann nauðsynlegar aðgerðir til varnar uppblæstri, hefur sandgræðslustjórnin rétt til þess að láta vinna verkið á hans kostnað, eða taka landið eignarnámi, ef þörf gerist.

12. gr.

Hvar þess, er því verður við komið, skal kappkostað að koma upp skógi og kjarri í sandgræðslulöndum eins fljótt og kostur er á, og fer um það samkv. áætlun, er Búnaðarfélag Íslands gerir í ársbyrjun, eftir að hafa leitað álits Skógræktar ríkisins, og að öðru leyti samkvæmt reglum, er landbúnaðarráðherra kann að setja.

13. gr.

Komist búfénaður inn á sandgræðslusvæði, sem afgirt er með fullgildri og ógallaðri sandgræðslugirðingu, skal sandgræðslustjóri tilkynna það eigendum fénaðarins. Komist sömu skepnur þrásinnis inn á svæðið og verði göllum á girðingu eigi um kennt, getur sandgræðslustjóri krafizt, að viðkomandi hreppstjóri láti lóga skepnunum og komi afurðum þeirra í verð, eftir því sem fært er. Sandgræðslan greiði síðan þann mismun, sem á kann að vanta, að eigandi fái fullt verð. Rísi ágreiningur, skal úr honum skorið með mati tveggja dómkvaddra manna.

14. gr.

Nú eyðist gróðurlendi býla eða afrétta, og skal þá sandgræðslustjóri athuga, af hverju skemmdirnar stafa. Álíti hann þær stafa frá ofbeit og örtröð fénaðar, gerir hann Búnaðarfélagi Íslands aðvart um það. Skal þá Búnaðarfélag Íslands tafarlaust láta kveðja til fundar eigendur og umráðamenn landsins, og skal á þeim fundi tekið fyrir, hvort gera skuli ítölu í landið eða aðrar ráðstafanir til úrbóta. Nú telur Búnaðarfélag Íslands þær ráðstafanir, sem fundurinn vill gera, ekki tryggilegar, og er því þá skylt að láta fara fram athugun að nýju, og ef hún leiðir í ljós, að nauðsynlegt sé að gera ítölu í landið, skal það gert.

15. gr.

Nú skal ítala gerð í land, og gerir þá búnaðarmálastjóri ráðstafanir til þess, að metið verði, hve margt búfé landið geti borið til þess að tryggt sé, að landið nái að gróa. Þegar land það, sem ítala skal gerð í, er eign eins hreppsfélags eða notað af íbúum eins hreppsfélags, tilnefnir sýslumaður einn mann, er stjórnar matinu og heldur gerðarbók, stjórn Búnaðarfélags Íslands annan, og viðkomandi hreppsnefnd hinn þriðja, en farist fyrir, að hún tilnefni manninn að sínum hlut, kveður sýslumaður kunnugan mann í hans stað. Síðan meta þeir búfjárítölur býla á landsvæðinu, og er skylt að hlíta því mati, þar til breyting er á því gerð.

Nú er land sameign tveggja eða fleiri hreppsfélaga eða notað af þeim í sameiningu, og skal þá meta búfjárítölu hreppsfélaganna, sem landið nota, af manni, er sýslumaður tilkveður, og stjórnar hann mati, öðrum, er Búnaðarfél. Ísl. kýs, og hinum þriðja, sem kosinn er á sameiginlegum hreppsnefndarfundi þeirra hreppa, er landsnytjar eiga eða nota í landinu. Eftir að þeir hafa metið búfjárítölu hvers hrepps-

félags í landið, skal hreppsnefnd hvers hrepps skipta búfjártölunni milli bæja hreppsins, en náist ekki um það samkomulag, skal það gert af þrem mönnum, einum, er sýslumaður tilnefnir, einum, er Búnaðarfél. Íslands tilnefnir, og einum, er viðkomandi hreppsnefnd kýs. Afl atkvæða ræður úrslitum.

Mötum þessum má innan fjögurra vikna frá tilkynningu til hlutaðeiganda skjóta til yfirmats þriggja óvilhallra manna, er sýslumaður kveður, en þeir nefna sér oddamann úr sínum hópi. Kostnaður af mati greiðist úr ríkissjóði. Sá, er krefst yfirmats greiði kostnað af því, nema matinu sé breytt honum í vil, en þá greiðist kostnaðurinn úr ríkissjóði. Verði ítala býlis það lág, að matsmenn telji það eigi lífvænlegt til ábúðar, getur eigandi krafizt, að ríkið taki það eignarnámi, ef samningar nást eigi.

Fer um mat á skaðabótum samkvæmt ákvæðum 2. gr. Nýs ítölumats má krefjast, ef land spillist, en ella á þriggja fardaga fresti, og fer um greiðslu kostnaðar af því sem áður segir. Ætíð skal gefa bændum á hlutaðeigandi bæjum, svo og oddvitum hreppa, kost á að vera viðstaddir mötin og bóka skýrslur og tillögur þeirra í gerðabækur nefndanna.

Sandgræðslustjóra og hreppstjóra skal skylt að hafa eftirlit með, að ákvæðum um ítölu búfjár í lönd, sem gerð eru samkvæmt þessari grein, sé hlýtt, og kynna sér nákvæmlega ásetning búfjár haust hvert á býlum þeim, er ítala nær til.

16. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum til ríkissjóðs, 50—1000 krónum, sbr. þó 5. gr., nema þyngri hegning liggi við að öðrum lögum. Með mál út af þeim skal farið sem almenn lögreglumál. Numin eru úr gildi lög nr. 45 20. júní 1923 og lög nr. 25 31. maí 1927.

Nd. 273. Nefndarálit

um frv. til laga um loftvarnaráðstafanir.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt með nokkrum breytingum. Miðast breytingartillögur nefndarinnar, er hér fara á eftir, fyrst og fremst við það, að ekki sé einhlítt að einskorða varnirnar við ráðstafanir gegn loftárásum, þó að þær hljóti að vísu að vera aðalatriðið, heldur verði að hafa í huga hernaðaraðgerðir yfirleitt, hvers eðlis sem eru. Í annan stað þykir nefndinni ekki verða komizt hjá að gera ráð fyrir þeim hörmungum, að fólk neyðist til að flýja heimili sín undan hernaði, ef til vill mjög skyndilega og hópum saman úr þéttbýli. Ef slíkt kemur fyrir, er auðsætt, að róttækra aðgerða getur orðið þörf þvíliku flóttafólki til fulltingis.

BREYTINGARTILLÖGUR.

I. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Bæjar- eða sveitarstjórnum er heimilt, í samráði við ríkisstjórnina, að gera hvers konar ráðstafanir til loftvarna og annarra varna gegn hættum af hernaðaraðgerðum og verja til þess nauðsynlegu fé, er greiðist að hálfu úr ríkissjóði og að hálfu úr hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóði.

II. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Lögreglustjórar hafa með höndum framkvæmdir loftvarna og annarra öryggisráðstafana samkv. lögum þessum, hver í sínu umdæmi, með aðstoð sérstakra nefnda (loftvarnanefnda), er skipaðar skulu vera 4 mönnum í Reykjavík og 2 mönnum annars staðar á landinu, auk lögreglustjóra. Bæjar- og sveitarstjórnir kjósa loftvarnanefndir, en lögreglustjórar skulu vera formenn þeirra.

III. Við 4. gr.

1. Fyrri málsliður orðist svo:

Það er almenn borgaraleg skylda að vinna án endurgjalds að undirbúningi loftvarna og annarra öryggisráðstafana samkvæmt lögum þessum eftir fyrirmælum lögreglustjóra og loftvarnanefnda, svo og að hlýða öllum fyrirmælum og reglum varðandi slíkar ráðstafanir, þar á meðal að taka þátt í fyrirskipuðum æfingum.

2. Aftan við greinina bætast tvær nýjar greinar, er verða 5. og 6. gr., svo hljóðandi:

a. (5. gr.) Ef brýna nauðsyn ber til, að fólk flýi hættusvæði og komi sér fyrir á öruggari stöðum, er ríkisstjórninni skylt að greiða fyrir flutningunum, og er í því skyni heimilt að taka leigunámi skip, bifreiðar og önnur farartæki, svo og lendur og hvers konar húsnæði, sem völ kann að vera á, flóttafólki til öryggis, skjóls og aðhlynningar. Um framkvæmd leigunáms samkvæmt þessari grein skal farið eftir ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917.

b. (6. gr.) Ríkisstjórninni er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

IV. Fyrirsögn frumvarpsins verði:

Frumvarp til laga um ráðstafanir til loftvarna og annarra varna gegn hættum af hernaðaraðgerðum.

Alþingi, 25. apríl 1941.

Bergur Jónsson, form.	Vilmundur Jónsson, fundaskr., frsm.	Garðar Þorsteinsson.
Gísli Guðmundsson.	Jóh. G. Möller.	

Sþ. 274. Breytingartillaga

við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1942.

Frá fjárveitinganefnd.

Við 13. gr. A. III. (Til brúargerða).

Fyrir „40000“ kemur	100000

Nd. 275. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Frá Þorsteini Briem.

Framan við frvgr. kemur nýr liður:

Á eftir B. 8. í 2. gr. laganna kemur nýr liður:

Haukadalsvegur: Frá vegamótum Vesturlandsvegar við Haukadalsá inn Haukadal að Krossi.

Nd. 276. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 31 14. júní 1929, um Búnaðarbanka Íslands, og á l. nr. 20 13. jan. 1938, um breyt. á þeim lögum.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 2. gr. I. f. Orðin „og árlegir vextir allt að 6%“ falli niður.
2. Við 3. gr. Í stað orðanna „Bankaráð skipar bankastjórann“ komi: Bankaráð skipar bankastjóra, bókara og gjaldkera.

Ed. 277. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á sveitarstjórnarlögum, nr. 12 31. maí 1927.

Frá fjárhagsnefnd.

Frv. þetta er ætlað til þess að ráða nokkra bót á launakjörum hreppsnefndaroddvita. Er nefndin sammála um, að þörf sé á þessu, en þar sem nefndinni er kunnugt um, að oddvitar í sumum hreppum hafa hærri innheimtulaun en 2%, og vill ekki binda hendur hreppsnefnda um það, þá leggur hún til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 1. gr. Á undan „2%“ komi: minnst.

Alþingi, 25. apríl 1941.

Magnús Jónsson, form.	Bernh. Stefánsson, fundaskr., frsm.	Sigurjón Á. Ólafsson.

Ed. 278. Nefndarálit

um frv. til laga um kauphing í Reykjavík.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd sendi Landsbanka Íslands mál þetta til umsagnar, og barst henni svolátandi svar:

„LANDSBANKI ÍSLANDS

Reykjavík, 22. apríl 1941.

Fjárhagsnefnd efri deildar Alþingis hefur með bréfi, dags. 7. þ. m., óskað eftir því, að Landsbankinn láti í té álit sitt á frumvarpi til laga um kauphing í Reykjavík, er milliþinganefnd í bankamálum hefur samið og sem nú hefur verið lagt fyrir Alþingi.

Vér höfum athugað frumvarpið, og enda þótt vér teljum æskilegt, að meiri afskipti séu höfð af verðbréfamarkaðinum en verið hefur, og sennilegt, að rétt sé að stefna að því að koma upp verðbréfakauphingi, þá er mjög vafasamt, að nú sé heppilegur tími til þessara framkvæmda. Til þess eru meðal annars þessar ástæður:

1. Mjög er óvíst, hvort verðbréfaviðskipti eru enn það mikil, að nægur grundvöllur sé fyrir eiginleg kauphingsviðskipti.

2. Ástandið er mjög óvanalegt í öllum fjárhagsmálum þjóðarinnar, og á það ekki sízt við verðbréfamarkaðinn. Ef mikið verðhrun yrði fljótlega eftir stofnun kauphingsins, gæti það haft alvarleg áhrif á hina nýbyrjuðu starfsemi.

3. Engin reynsla er fengin hér á landi með skipulagða verðbréfasölu.

Landsbankinn hefur ákveðið að gera tilraun með að koma á fót verðbréfaviðskiptum, með það fyrir augum, að fastari venjur skapist og grundvöllur fáist fyrir traustum framtíðarverðbréfamarkaði. Með slíkri starfsemi ætlast bankinn til, að sú reynsla fáist, sem úr geti skorið um, hvaða lagasetningar sé þörf.

Þangað til aflað hefur verið þessarar reynslu og aðrar ástæður eru þannig, að ekki stafi hætta af að leggja út á þá braut, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, teljum vér óráðlegt, að frumvarpið verði gert að lögum.

Vér leyfum oss því eindregið að leggja til, að hið háa Alþingi fresti að taka ákvörðun um frumvarp þetta að svo stöddu.

Virðingarfyllst.
LANDSBANKI ÍSLANDS

Magnús Sigurðsson. Vilhjálmur Þór.

Til fjárhagsnefndar efri deildar Alþingis.“

Með skírskotun til bréfs þessa, sérstaklega 2. töluliðs í ástæðum bankastjóranna, svo og þeirrar umsagnar, að Landsbankinn hafi nú ákveðið að koma á fót verðbréfaviðskiptum, er gætu bætt úr þeirri þörf, sem frv. er ætlað að ráða bót á (sbr. og 63. grein laga um Landsbanka Íslands, nr. 10 15. apríl 1928), og þar sem ég teldi heppilegra, að Landsbankinn tæki upp þessa starfsemi heldur en setja á stofn kauphing, sem mikil óvissa er um, legg ég til, að frv. verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að það er upplýst, að Landsbankinn hefur ákveðið að koma á fót verðbréfaviðskiptum, er ætla má, að geri svipað gagn og það, sem ætlazt er til í frumvarpi því, sem fyrir liggur, og með því að þessi tilraun Landsbankans mun veita þá reynslu, sem gæti orðið tryggari grundvöllur slíkrar löggjafar, ef hennar þætti síðar þörf, telur deildin ekki að svo stöddu ástæðu til þess að samþykkja frumvarpið, og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 25. apríl 1941.

Magnús Jónsson,
form.

Ed. 279. Nefndarálit

um frv. til laga um kauphing í Reykjavík.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur haft frv. þetta alllengi til athugunar, og að lokum klofnaði hún um málið. Vill formaður nefndarinnar (MJ) vísa því frá með rökstuddri dagskrá, en við 2 undirritaðir sjáum enga ástæðu til að hindra framgang þess.

Nefndin sendi frv. til stjórnar Landsbanka Íslands og bað um álit hennar um málið. Er svar hennar prentað sem fylgiskjal með áliti hv. minni hluta.

Í bréfi bankastjórnarinnar eru engar athugasemdir gerðar við einstök ákvæði

frv., en þó talið „óráðlegt, að frv. verði gert að lögum“. Fyrir því eru færðar þrjár ástæður:

Í fyrsta lagi segir svo í bréfinu: „Mjög er óvíst, hvort verðbréfaviðskipti eru enn það mikil, að nægur grundvöllur sé fyrir eiginleg kaupþingsviðskipti“.

Út af þessu er það að segja, að hér eiga sér stað töluverð verðbréfaviðskipti, en þar sem slík viðskipti eiga sér stað, jafnvel þó í smáum stíl sé, hlýtur að myndast eitthvert verð á bréfunum. Er öruggast, að það verð verði sem næst sannvirði, ef til er kaupþing, þar sem aðalviðskiptin fara fram og gengi bréfanna er opinberlega skráð. Slík opinber skráning er nauðsynleg fyrir verðbréfamarkaðinn, og hefur þráfaldlega verið kvartað um, að hið opinbera hafi ekki enn séð fyrir því, að skráning verðbréfa væri haldið uppi. Þessi nauðsyn gildir jafnt fyrir litinn verðbréfamarkað sem stóran, en vitanlega verður tilhögun kaupþingsins að fara eftir því, hvort það er í litlu landi eða stóru. Teljum við, að með frv. sé fullt tillit tekið til sérstöðu okkar og að kaupþingsstarfsemina megi samkv. frv. gera svo óbrotna og kostnaðarlitla, að fyllilega sé við hæfi þjóðarinnar og þeirrar eðlilegu þarfar, sem fyrir hendi er í þessu efni.

Í öðru lagi segir í bréfi landsbankastjórnarinnar: „Ástandið er mjög óvanalegt í öllum fjárhagsmálum þjóðarinnar, og á það ekki sízt við verðbréfamarkaðinn. Ef mikið verðhrun yrði fljótlega eftir stofnun kaupþings, gæti það haft alvarleg áhrif á hina nýbyrjuðu starfsemi.“

Meiri hluti fjárhagsnefndar tekur undir það, að nú er óvenjulegt ástand, og eitt af því óvenjulega við „ástandið“ er það, að verðbréfamarkaðurinn hefur aukizt stórlega frá því, sem verið hefur, og eru allar líkur til, að eftirspurn eftir verðbréfum aukist enn að miklum mun. Teljum við, að af þeim ástæðum hafi aldrei verið eins mikil þörf á skipulagi um verðbréfaverzlun eins og nú, og virðist Landsbankinn helzt vera á sömu skoðun, því síðar í bréfi hans segir á þessa leið: „Landsbankinn hefur ákveðið að gera tilraun með að koma á fót verðbréfaviðskiptum, með það fyrir augum, að fastari venjur skapist og grundvöllur fáist fyrir traustum framtíðarverðbréfamarkaði“. Virðist bankinn því í öðru veifinu ekki óttast, að það „gæti haft alvarleg áhrif á hina nýbyrjuðu starfsemi“, „ef mikið verðhrun yrði fljótlega“ eftir að hún er hafin, ef hún er rekin af honum einum. En þrátt fyrir fyllsta traust á Landsbankanum og stjórn hans verðum við að telja það sterkara til uppbyggingar á traustum verðbréfamarkaði, ef Landsbankinn starfar á kaupþingi með öðrum bönkum landsins, opinberum sjóðum og öðrum þeim, er slík viðskipti reka og gerast kaupþingsfélagar. Enda mundi það vera í fullu samræmi við starfsemi annarra seðlabanka á þessu sviði.

Í þriðja lagi segir í bréfi landsbankastjórnarinnar: „Engin reynsla er fengin hér á landi með skipulagða verðbréfasölu.“ Er það að vonum, þar sem verðbréfaviðskipti hér á landi hafa verið óskipulögð, en það virðist liggja í augum uppi, að þessi reynsla fæst aldrei, nema með því móti að byrja með einhverjum hætti á skipulögðum verðbréfaviðskiptum, en að því er einmitt stefnt í frv. því, sem fyrir liggur. Má í þessu efni, eins og mörgu fleira, byggja nokkuð á erlendri reynslu, en hafa lagaákvæði svo rúm (eins og reynt er að gera í frv.), að sjaldan þurfi aðrar breytingar en í reglugerðarákvæðum, þegar þörf krefur.

Hér hafa nokkuð verið raktar þær mótbárur, sem fram hafa komið gegn frv., og getur meiri hluti fjárhagsnefndar ekki fallizt á þær. Um ástæður fyrir frv. nægir að öðru leyti að vísa til greinargerðarinnar.

Meiri hlutinn sér ekki ástæðu til að bera nú fram neinar brtt. við frv., en gangi það til 3. umr., má vera, að brtt. verði fram bornar.

Samkv. ofanrituðu leggur meiri hlutinn til, að frv. verði samþ.

Alþingi, 26. apríl 1941.

Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr.	Bernh. Stefánsson, frsm. meiri hl.

Ed. 280. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 45 31. maí 1927, um heimild fyrir dómsmálaráðherra til þess að veita leyfi til veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar.

Flm.: Sigurjón Á. Ólafsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Dómsmálaráðherra er heimilt að veita „Hestamannafélaginu Fáki“ í Reykjavík og „Sjómannadagsráðinu“ í Reykjavík leyfi til þess að reka veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar og kappróður, með skilyrðum, er ákveðin verði í reglugerð.

Áskilja skal í reglugerðinni, að 10% af hagnaði félagsins „Fáks“ af starfsemi þessari skuli varið til reiðvegar Reykvíkinga, og 75% af hagnaði, er verður af kappróðri „Sjómannadagsráðsins“, renni til sjóminjasafns.

2. gr.

Við fyrirsögn laganna bætist: og kappróður.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt ósk sjómannadagsráðsins í Reykjavík.

Sjómannadagsráðið hefur beitt sér fyrir stofnun sjóminjasafns, sem þegar hefur hlotið góðar undirtektir þings og stjórnar. Nefnd starfar að söfnun muna víðsvegar um land. Formaður þeirrar nefndar er fornminjavörður Matth. Þórðarson, skipaður af ríkisstjórninni. Sökum þess að nefndin hefur takmarkað fé til umráða, þá hefur sjómannadagsráðinu hugkvæmzt sú leið til fjáröflunar, sem hér er farið fram á, og er ætlazt til, að væntanlegum ágóða yrði varið í því augnamiði að kaupa ýmsa muni, sem þegar er nauðsyn á, að verði eign safnsins.

Sjómannadagsráðið hefur undanfarin þrjú ár stofnað til hátíðahalda og í tvö skipti sýnt kappróður. Í framtíðinni eru líkur til, að kappróðurinn verði veigamikill liður á dagskrá sjómannadagsins, enda hefur þegar verið hafin smíði á kappróðrarbátum, sem eru eign þeirra samtaka, er að sjómannadagsráðinu standa. Má því ætla, að veðmálastarfsemi í sambandi við kappróður ætti að geta gefið nokkrar tekjur, sem yrði varið til starfsemi, sem á hylli landsmanna yfirleitt.

Ed. 281. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 23 4. des. 1886, um prentsmiðjur.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin fellst á efni frumvarps þessa, en þótti réttara að sameina í eina heild og samræma alla þá viðauka, sem gerðir hafa verið á prentsmiðjulögunum, en þeir eru eigi færri en 5 á undan þessu frv.

Leggur nefndin því til, að frv. verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinina skal orða svo:

2. gr. laganna skal orða svo:

Öllum þeim prentsmiðjum, sem nú eru á landi hér eða síðar kunna að verða settar á stofn, er skylt að láta eftirtöldum söfnum ókeypis í té prentað mál sem hér segir:

I. Landsbókasafni Íslands og hinni konunglegu bókhlöðu í Kaupmannahöfn hvoru um sig 2 eintök af hverju því, sem prentað er í prentsmiðjunum, stóru og smáu, svo og af endur- og sérprentunum úr blöðum, ritum og ritsöfnum, og skal annað eintakið jafnan prentað á skrifpappír.

II. Háskólabókasafninu í Reykjavík 1 eintak af hverju því prentmáli, er getur í I. lið, og skal pappírsgæðunum svo háttað, að eigi séu önnur eintök ritsins eða ritlingsins prentuð á betri pappír.

III. Eftirtöldum bókasöfnum 1 eintak hverju af þeim ritlingum, bókum og tímaritum, sem prentsmiðjurnar prenta og tveim örkum eru stærri:

Amtsbókasafni Norðlendingafjórðungs, amtsbókasafni Ausfirðingafjórðungs, amtsbókasafni Vestfirðingafjórðungs, bókasafni Ísafjarðarkaupstaðar, amtsbókasafni Færeyja, háskólabókasafninu í Winnipeg.

Undanskilið er allt það prentað mál, sem ekki er ætlað til sölu.

IV. Þjóðskjalasafninu 1 eintak af öllum þeim tímaritum og blöðum, sem prentsmiðjurnar prenta og út eru gefin einu sinni á mánuði eða oftar.

Hver prentsmiðja skal senda tvisvar á ári hverju, í janúar- og júlímánuðum, lögreglustjóra þess lögregluumdæmis, sem prentsmiðjan er í, allt það prentmál, sem henni ber að standa áðurnefndum söfnum skil á, ásamt skrá um það, sem prentað hefur verið, og annast lögreglustjóri sendingu á því til safnanna.

Vanskil á prentmáli varða sektum frá 25—2000 kr., ef eigi er bætt úr vanrækslu, þegar áminnt er um það.

Í lok hvers árs skulu allar prentsmiðjur landsins senda landsbókaverði skrá um allt það, smátt og stórt, sem prentað hefur verið í þeim á árinu.

2. Á eftir 1. gr. kemur ný grein, svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkv. því):

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 30 13. sept. 1901, lög nr. 80 22. nóv. 1907, lög nr. 43 30. júlí 1909, lög nr. 29 7. maí 1928 og lög nr. 18 12. júní 1939.

Alþingi, 26. apríl 1941.

Jónas Jónsson, form.	Árni Jónsson, fundaskr., frsm.	Sigurjón Á. Ólafsson.

Ed. 282. Frumvarp til laga

um veiði, sölu og útflutning á kola.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Bannað er að veiða, flytja á land eða selja, hvort heldur innan lands eða til útflutnings, eða kaupa skarkola (Pleuronectes platessa), þykkvalúru (Pleuronectes microcephalus), sandkola (Pleuronectes limanda) og langlúru (Pleuronectes cynoglossus), sem er smærri en 27 sentímetrar á lengd og 250 grömm að þyngd.

2. gr.

Nú eru kolategundir þær, er í 1. gr. getur, og stærri eða þyngri en þar greinir, ætlaðar til útflutnings, hvort heldur nýjar, ísvarðar, frystar, reyktar eða saltaðar, og

skulu þær þá metnar og flokkaðar af fiskimatsmanni. Skal fiskimatsmaðurinn gefa vottorð um gæði og flokkun fisksins og geta um merkingu umbúða á vottorðinu, en vigtarvottorð, ef fiskurinn er fluttur út án umbúða.

Undanþeginn mati er sá fiskur, sem veiðist á skip, sem aðeins flytja eiginn afla á erlendan markað.

Um þóknun fiskimatsmanna fyrir störf þeirra samkvæmt þessari grein fer eftir ákvæðum 5. gr. laga nr. 46 8. sept. 1931.

3. gr.

Yfirfiskimatsmenn skulu hafa eftirlit með því, hver í sínu umdæmi, að ákvæði 1. og 2. gr. laga þessara séu haldin. Enn fremur skulu þeir jafnframt hafa eftirlit með, að framfylgt sé lögum og reglugerðum, er gilda á hverjum tíma um möskvastærð veiðarfæra. Með samþykki ráðherra geta yfirfiskimatsmenn falið fiskimatsmönnum að annast eftirlitið í fjarveru sinni, og skal greiðsla fyrir starfið ákveðin af ráðherra. Kostnaður við eftirlitið greiðist úr ríkissjóði. Fiskideild Háskóla Íslands skal jafnan heimilt að rannsaka hinar ýmsu tegundir fiska hjá seljendum eða kaupendum fisks og kaupa fisk af eigendum til rannsóknanna við sannvirði, ef hún óskar þess.

4. gr.

Nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara skulu sett með reglugerð, og má í reglugerðinni setja ákvæði um sektir fyrir brot á henni.

5. gr.

Sá, sem gerist brotlegur við ákvæði 1. gr. með því að veiða, flytja á land, selja eða kaupa smærri kola en þar er leyft, skal sæta sektum svo sem hér greinir:

Fyrir fyrsta brot 500 krónur.

Fyrir hvert ítrekað brot 1000 krónur.

Auk þess má, ef miklar sakir eru, svipta skipstjóra skipstjórnarréttindum, sem orðið hefur brotlegur þrisvar eða oftar.

Fyrir brot gegn 2. gr. greiðist 300 króna sekt fyrir fyrsta brot og 500 krónur fyrir hvert brot þar eftir.

Sektirnar renna í ríkissjóð.

6. gr.

Mál, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal reka sem opinber lögreglumál.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 283. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 31 14. júní 1929, um Búnaðarbanka Íslands, og á l. nr. 20 13. jan. 1938, um breyt. á þeim lögum.

Frá Sigurði Kristjánssyni.

Við 2. gr. I. f. Í stað „6%“ komi: 4½%.

Ed. 284. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 31 14. júní 1929, um Búnaðarbanka Íslands, og á lögum nr. 20 13. jan. 1938, um breyting á þeim lögum.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

1. Í stað orðanna „sparisjóðs- og rekstrarlánadeild“ í annarri málsgr. 3. gr. laga nr. 31 1929 komi: sparisjóðsdeild.
2. 2. tölul. 7. gr. sömu laga falli niður.
3. 11. gr. laganna orðist svo:
   Nú þykir sparisjóðsdeild ekki hafa nægilegt fjármagn til að fullnægja lánsþörf, og er þá ríkisstjórn heimilt að veita ábyrgð ríkissjóðs fyrir viðbótarláni allt að 3 millj. króna.
4. Aftan við 12. gr. laganna bætist: eða almennum bankalögum, ef sett kunna að verða.
5. Fyrirsögn II. kafla laganna verði: Sparisjóðsdeild.

2. gr.

I. Í stað VI. kafla sömu laga: „Lánadeild smábýla við kaupstaði og kauptún“, 54. til 61. gr., komi nýr kafli í 7 greinum, er verða 54.—60. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatalan á eftir samkv. því):
   a. (54. gr.) Ríkissjóður leggur fram 300 þús. krónur til lánadeildar smábýla á árunum 1942 til 1944, 100 þús. krónur á ári.
   b. (55. gr.). Ríkisstjórninni skal heimilt að taka lán, allt að 2 millj. króna, handa lánadeildinni til starfsemi hennar, og stendur deildin sjálf skil á afborgunum og vöxtum, eða veita ábyrgð ríkissjóðs fyrir allt að jafnhárri upphæð í vaxtabréfum, er deildin gefur út.
   c. (56. gr.). Lán úr deildinni má veita til smábýla í grennd við kaupstaði og kauptún og annars staðar þar, sem svo mikil atvinnuskilyrði eru fyrir hendi, að lífvænlegt geti talizt að styðjast við smábýlabúskap. Enn fremur til mannvirkja í sambandi við ræktunarlönd, þó lántakandi sé búsettur í kaupstað eða kauptúni.
      Það skal vera skilyrði fyrir láni úr deildinni, að ræktunarland það, er hverju býli fylgir, sé minnst einn ha. að stærð. Þó skal lánveiting heimil, þótt land sé ekki meira en hálfur ha., ef hægt er að sýna fram á, að lántaki hafi þrátt fyrir það verulegan stuðning af landbúnaði á því.
   d. (57. gr.). Lán úr deild þessari má veita gegn hverju því fasteignaveði, er bankastjórnin tekur gilt.
   e. (58. gr.). Lán mega nema allt að ⅗ af fasteignamatsverði húseigna, mannvirkja og lands.
   f. (59. gr.). Hámark lánsupphæðar má vera allt að 6 þús. krónum og lánstími allt að 40 árum.
   g. (60. gr.). Í reglugerð skal setja nánari ákvæði um starfsemi þessarar deildar.

II. Fyrirsögn kaflans verði: Lánadeild smábýla.

3. gr.

Meginmál 1. gr. laga nr. 20 13. jan. 1938 hljóði þannig:

Stjórn bankans skal skipuð einum bankastjóra og þriggja manna bankaráði. Bankaráð skipar bankastjóra, bókara og gjaldkera.

Ráðherra sá, sem fer með landbúnaðarmál, hefur umsjón bankans. Hann skipar formann bankaráðsins. Skal formaður bankaráðs skipaður til 6 ára í senn. Hina 2 bankaráðsmennina kjósa sameinaðar landbúnaðarnefndir Alþingis með hlutfalls-

kosningu til 4 ára í senn og jafnmarga til vara. Ráðherra setur bankastjóra og bankaráði erindisbréf.

Bankastjóri hefur að árslaunum 12000 krónur, og auk þess dýrtíðaruppbót, sem ráðherra ákveður, þó svo, að hann hafi aldrei hærri laun og dýrtíðaruppbót samanlagt en bankastjórar Landsbanka Íslands.

Bankaráðsformaður hefur 3600 kr. árslaun, en hinir bankaráðsmennirnir 1800 kr. hvor, en auk þess greiðist þeim dýrtíðaruppbót, eins og öðrum opinberum starfsmönnum, eftir ákvörðun ráðherra.

Ráðherra getur veitt fráförnum bankastjóra eða ekkju hans eftirlaun af fé bankans. Eftirlaun mega þó aldrei fara fram úr 50% af launum bankastjóra og 25% af launum handa ekkju hans, en skulu að öðru leyti ákveðin eftir því, sem ástæður eru fyrir hendi í hvert skipti.

Ráðherra setur mann til að gegna bankastjóra- og bankaráðsformannsstarfi um stundarsakir, ef bankastjóri eða bankaráðsformaður forfallast eða sæti þeirra verður óskipað í bili.

4. gr.

a. Fyrir „gæzlustjóri“ í öðrum málslið 1. málsgr. 2. gr. sömu laga komi: formaður bankaráðs eða tveir bankaráðsmenn.
b. Fyrir „bankastjóra“ í upphafi 3. málsl. sömu málsgr. komi: bankastjórn.

5. gr.

Þá er lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella texta þeirra og I. kafla laga nr. 91 3. maí 1935 og laga nr. 20 13. jan. 1938 inn í meginmál búnaðarbankalaganna og birta þau í einu lagi þannig breytt.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 285. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 36 19. maí 1930, um vigt á síld.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

1. málsgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Hér eftir skal vega alla síld, sem seld er bræðsluverksmiðjum til vinnslu eða lögð er upp til vinnslu í bræðsluverksmiðjur.

2. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál. Brot gegn lögunum varða sektum, 200—5000 krónum.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 31. des. 1941.

Nd. 286. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að kaupa jörðina Vatnsleysu í Viðvíkursveit og gera að prestssetri.

Flm.: Steingrímur Steinþórsson, Pálmi Hannesson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að kaupa jörðina Vatnsleysu í Viðvíkursveit í Skagafirði og gera að prestssetursjörð í Viðvíkurprestakalli, í stað Viðvíkur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Viðvík, hið forna prestssetur Viðvíkurprestakalls, hefur ekki verið prestssetur nokkur undanfarin ár. Um nokkur ár var prestakallinu þjónað af nágrannaprestum, en á síðastliðnu vori var ungur prestur settur til þess að þjóna því.

Í Viðvík eru svo lélegar byggingar, að presturinn vildi ekki hafa heimili þar, Fékk hann til bráðabirgða húsnæði að Vatnsleysu í Viðvíkursveit, og hefur hann setið þar þetta ár. En húsnæði það, sem presturinn hefur, er svo þröngt, að til frambúðar er það honum algerlega ófullnægjandi.

Nú hyggst presturinn, séra Björn Björnsson, að sækja um Viðvíkurprestakall, en hefur sett það skilyrði, að Vatnsleysa yrði keypt og gerð að prestssetri prestakallsins. Viðvíkur- og Hofsstaðasóknir, innan prestakallsins, hafa eindregið óskað þess, að Vatnsleysa verði keypt og gerð að prestssetri. Vatnsleysa liggur betur við samgöngum en Viðvík. Þar er nýbyggt vandað íbúðarhús, sem mun fullnægja þeim kröfum, sem gerðar eru um bústaði presta. Loks má geta þess, að eigandi Vatnsleysu, Jósef J. Björnsson fyrrv. alþm., er fáanlegur til þess að selja jörðina.

Í tillögum prestakallaskipunarnefndar, sem liggja nú fyrir Alþingi, er svo til ætlazt, að Hólar í Hjaltadal verði gerðir að sérstöku prestakalli. Komist sú skipan á, liggur Vatnsleysa því nær mitt í milli þeirra þriggja kirkna, sem þá verða í Viðvíkurprestakalli, en það eru Viðvíkur-, Hofstaða- og Rípurkirkjur.

Við höfum leitað umsagnar biskups um frumvarpið. Mælir hann eindregið með því, að frv. verði samþykkt, eins og bréf hans sýnir, sem hér birtist.

Fylgiskjal.

„BISKUPINN YFIR ÍSLANDI

Reykjavík, 26. apríl 1941.

Þingmenn Skagfirðinga hafa sent mér til umsagnar meðfylgjandi „frumvarp til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að kaupa jörðina Vatnsleysu í Viðvíkursveit og gera að prestssetri".

Frá því er séra Guðbrandur próf. Björnsson fór frá Viðvík árið 1934, sótti enginn prestur um brauðið, þar til 1936, að séra Jón Skagan fékk veitingu fyrir embættinu. Kom þó ekki til þess, að hann starfaði þar nyrðra, og mun ástæðan aðallega hafa verið sú, að hann treysti sér ekki til þess að vera í þeim húsakynnum, sem þar voru, eins og heilsu hans var komið. Í fyrra sumar var settur prestur í prestakallið, en hann hefur ekki heldur treyst sér til að sitja í Viðvík, enda kemur öllum saman um, að húsakynnin séu óviðunandi og að engin leið sé fyrir prest að setjast þar að, án þess að byggt sé upp á staðnum. Um Viðvík sem prestssetur má að vísu ýmislegt gott segja. En eins og skipan sókna og kirkna er hugsuð í prófastsdæminu framvegis, þá er

enginn efi á því, að Vatnsleysa er mjög ákjósanleg sem prestssetur. Ef Hólar fá sérstakan prest, sem ég hygg, að flestum komi saman um, að sjálfsagt sé, þá er Vatnsleysa allra staða bezt sett sem prestssetursjörð og alveg í miðju prestakallinu. En auk þess er ýmislegt annað, sem sérstaklega mælir með því, að Vatnsleysa verði gerð að prestssetri. Íbúðarhúsið er ágætt og mun ekki vanta á staðinn aðrar byggingar en fjós. Túnið er einnig gott. Bifreiðarvegur liggur rétt fyrir ofan staðinn og símasamband. Hins vegar er ekki lagður vegur til Viðvíkur og enginn sími. Sóknarbúar munu yfirleitt óska þess, að þessi skipan verði gerð. Prestakallaskipunarnefnd, en hana skipa, sem kunnugt er, undirritaður, vígslubiskupinn á Akureyri og héraðsprófastur Skagafjarðarprófastsdæmis (hinn síðasti að því er til Skagafjarðarprófastsdæmis kemur), tók þetta atriði til yfirvegunar á síðastliðnum vetri og komst að þeirri niðurstöðu, að æskilegt væri, að Vatnsleysa yrði gerð að prestssetri.

Að öllu þessu athuguðu, leyfi ég mér að mæla með því, að hið háa Alþingi samþykki áðurnefnt frumvarp nú þegar á þessu þingi.

Biskupinn yfir Íslandi.

Sigurgeir Sigurðsson.

Til Alþingis.“

Nd. 287. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. í ábúðarlögum, nr. 87 19. júní 1933.

Flm.: Pétur Ottesen, Jón Pálmason.

Við 1. gr.

Orðin „en þó aldrei hærra“ í 1. málslið 1. gr. og til enda málsliðarins falla burt.

Nd. 288. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 9. jan. 1935, um eftirlit með sjóðum, er fengið hafa konungsstaðfestingu á skipulagsskrá.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 26. apríl 1941.

Bergur Jónsson, form.	Vilmundur Jónsson, fundaskr.	Gísli Guðmundsson, frsm.
Garðar Þorsteinsson.	Jóh. G. Möller.	

Nd. 289. Nefndarálit

um frv. til laga um bæjarstjórn á Akranesi.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta og leggur til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

I. Fyrir „stjórnarráðið“ alls staðar í frv. komi: ráðherra.
II. Við 13. gr. Á undan orðinu „skattar“ komi: útsvör.
III. Við 14. gr. síðasti málsl. greinarinnar orðist svo: Bæjarstjóri ávísar útgjöldum kaupstaðarins, samkvæmt reglum þeim, sem um það eru settar í samþykktinni um stjórn málefna kaupstaðarins.

Alþingi, 26. apríl 1941.

Bergur Jónsson, form., frsm. Vilmundur Jónsson, fundaskr. Garðar Þorsteinsson.
Gísli Guðmundsson. Jóh. G. Möller.

Nd. 290. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt með nokkrum breytingum, sem ekki raska efni þess í verulegum atriðum. Um tillögur nefndarinnar, sem fluttar eru á sérstöku þingskjali, skal tekið fram eftirfarandi:

Um brtt. 1. a. og b. og brtt. 2. b.

Rétt þykir að taka það skýrt fram, svo að vafalaust sé, að jafnskjótt sem félag nýtur hlunninda vegna framlags í varasjóð, er það háð fyrirmælum laganna um ráðstöfun á fé varasjóðs. Ráðstafi það einhverju af fé sínu á þann hátt, sem um ræðir í a—c-liðum 2. gr. frv., svo að það falli til skattgreiðslu eftir 9. málsgr. sömu greinar, skal miða við þá fjárhæð, sem var í varasjóði í lok skattársins, þ. e. a. s. eftir að búið er að greiða í varasjóð þá upphæð, sem til hans fellur af tekjum skattársins.

Um brtt. 2. a.

Þessi breyting er leiðrétting á frumvarpinu. Fyrirmæli 55. gr. um lækkun á hreinum tekjum eftir vísitölu gilda um þá einstaklinga, er hafa allt að 12 þús. kr. hreinar tekjur, eftir að þær hafa verið „umreiknaðar“. Er til þess ætlazt, að þeir einstaklingar, sem hafa hærri tekjur, fái jafnmikla lækkun á tekjuskattinum að krónutölu. Við ákvörðun skatts hjá þeim þarf því að reikna út, hverju ívilnunin hefur numið hjá skattgreiðendum, með sama persónufrádrátt og 12 þús. kr. „umreiknaðar“ tekjur, og dregst sú upphæð frá tekjuskattinum.

Um brtt. 2. c. og e.

Þessar tillögur eru um breytingar á orðalagi, en auk þess eru í niðurlagi c-liðs skýr fyrirmæli um það, að sé um tapsfrádrátt að ræða samkvæmt heimild í j-lið 4. gr. (64. gr.), skuli tapið dregið frá tekjunum, áður en tillag í varasjóð er ákveðið, þ. e. a. s. varasjóðshlunnindi eru aðeins veitt fyrir þann hluta af tekjunum, sem fer til varasjóðs, eftir að tapið hefur verið dregið frá. Til þess að skýra nánar fyrirmæli j-liðs 4. gr., um heimild til tapsfrádráttar, er sett eftirfarandi dæmi: Útgerðarfélag hefur 600 þús. kr. hreinar tekjur árið 1940. Tap þess, að frádregnum gróða, á árunum 1931—1939, samtals 200 þús. kr. samkvæmt rekstrarreikningum og skattaframtali fyrir þau ár, sbr. þó a-lið 64. gr. Þegar tapið er dregið frá tekjunum, eru eftir af þeim 400 þús. kr. Ef félagið leggur alla þá upphæð í varasjóð, er helmingur hennar undanþeginn tekjuskatti samkv. 7. málsgr. 8. gr. laganna, sbr. 57. gr., en skattur reiknast

af 200 þús. kr. Eftir ákvæðum e-liðs 64. gr. skal síðan tapsfrádrátturinn, 200 þús. kr., teljast til varasjóðs, auk þeirra 400 þús. kr., sem lagðar eru í sjóðinn samkvæmt framansögðu.

Um brtt. 2. d.

Nefndin telur rétt að veita þeim félögum, er ekki njóta tapsfrádráttar, nokkru rýmri heimild til að nota innstæðu á biðreikningi í sterlingspundum sem framlag í nýbyggingarsjóð. Er þetta byggt á því, að hjá þeim fyrirtækjum sé hlutfallslega meira af tekjunum bundið í nýbyggingarsjóði, og að minni líkur séu til, að þau geti notið þeirra tilslakana, sem unnt er að veita þeim fyrirtækjum, sem hafa notað mikið af tekjunum til skuldalúkningar.

Við athugun málsins í nefndinni kom það fram, að einstakir nefndarmenn hefðu kosið að gera breytingar á fleiri ákvæðum frumvarpsins, ef unnt hefði verið að ná samkomulagi um þær, og áskilja þeir sér rétt til að flytja tillögur um breytingar eða samþykkja breytingartillögur, sem fram kunna að koma. Að öðru leyti vilja einstakir nefndarmenn taka fram það, er hér fer á eftir.

Tveir nefndarmanna, þeir JPálm og StSt, telja það athugavert og óvenjulegt að láta afnám laga verka aftur fyrir sig, eins og með þessu frumvarpi er ætlazt til um afnám laganna frá 1938 um skattgreiðslur útgerðarfyrirtækja. Hins vegar telja þeir eðlilegt og sanngjarnt, eins og á stendur, að á útgerðarfyrirtækin sé lagður stríðsgróðaskattur, eins og ákveðið er í frumvarpi um það efni. En að öðru leyti telja þeir, að fyrir hagsmuni þjóðarinnar allrar sé þýðingarmest að binda sem mest af stríðsgróðanum í tryggingarsjóðum til öryggis fyrir rekstur framleiðslunnar, þegar kreppir að aftur.

Einn nefndarmaður, HG, er andvígur ákvæðum 4. gr. j. (64. gr.), um heimild útgerðarfyrirtækja til tapsfrádráttar, og telur, að þau séu í ósamræmi við ákvæði um skattgreiðslur allra annarra einstaklinga og fyrirtækja. Sé þessum fyrirtækjum heimilað að draga töp áranna 1931—1939 frá tekjum ársins 1940, án tillits til efnahags, er þeim, einum allra gjaldenda, tryggt, að þau fái aftur þær eignir, er þau kunna að hafa átt í ársbyrjun 1931 áður en nokkuð af tekjum þeirra árið 1940 kemur til skatts. Mun HG flytja breytingartillögu við þessa grein frv. um takmarkanir á þessum sérstöku fríðindum. Öðrum atriðum, sem HG er ósamþykkur, mun hann gera grein fyrir í umræðum.

Tveir af nefndarmönnum, þeir SvbH og SkG, taka fram, að þeir vilja gera þá breytingu á skattalögunum, að hætt sé að draga tekjuskatt og tekjuútsvar frá tekjunum við ákvörðun skattskyldra tekna, en tekjuskattstiginn verði lækkaður sem því svarar. Þessi regla, sem þeir vilja upp taka, gilti upphaflega hér á landi, þegar skattalögin voru sett, en var síðar breytt í það horf, sem nú er, að skattgreiðendum er leyft að draga frá tekjum sínum útsvör og skatta, sem þeir greiða á skattárinu, áður en skattur er á lagður. Af þeim tekjum, sem þá eru eftir, hefur síðan orðið að reikna skatta og útsvör eftir þeim mun hærri skatt- og útsvarsstigum.

Með þeirri reglu, sem nú gildir í þessu efni, verða þeir skattgreiðendur, sem hafa ójafnar tekjur, miklu harðar úti um skattgreiðslur en hinir, sem hafa svipaðar tekjur frá ári til árs. Séu tekjur manna ýmist háar eða lágar, veldur skattafrádrátturinn óeðlilega litilli lækkun á skattgreiðslunum. Verða því hlutfallslega þyngstir skattar á þeim, sem komast í háar tekjur einstök ár, og getur sá mismunur orðið mjög mikill.

Það liggur í augum uppi, að eins og atvinnulífi þjóðarinnar er háttað til lands og sjávar, er óeðlilegt að búa við skattalöggjöf, sem krefst þyngstra fórna til opinberra þarfa af þeim gjaldþegnum, sem hafa áhættusaman atvinnurekstur, óvissar og ójafnar tekjur frá ári til árs. Engin rök virðast liggja til þess, að menn með ójafnar og óvissar tekjur beri hlutfallslega stórum þyngri skatta en hinir, sem hafa jafnar og stöðugar tekjur. Þessi ójöfnuður hverfur úr sögunni, ef skattstiginn er miðaður við tekjur manna án þess að tekið sé tillit til goldinna skatta.

Við undirbúning frumvarpsins, sem hér liggur fyrir, kom í ljós, að ekki var hægt

að ná samkomulagi milli stjórnarflokkanna um að gera þá breytingu á lögunum, sem hér hefur verið nefnd, og mun því þýðingarlaust að flytja breytingartillögur um það að þessu sinni.

HG er því að vísu sammála, að óeðlilegt sé, að atvinnurekstur, sem hefur mismunandi tekjur frá ári til árs, sé látinn greiða þyngri skatta en annar, sem býr við jafnar tekjur. Hins vegar telur hann, að óheppilegt sé að gera þá breytingu að fella niður skattfrádráttinn og lækka skattstigann, eins og nú er ástatt.

Enn fremur vilja þeir SvbH, SkG og HG taka fram, að þeir telja, að átt hefði að setja í lögin meiri takmarkanir á varasjóðshlunnindum hlutafélaga, sem ekki hafa sjávarútveg. Það er einnig álit hinna nefndarmannanna, að lögin ættu að gera meiri mun á útgerðarfélögum og öðrum í þessu efni, vegna mismunandi áhættu við atvinnureksturinn, en hins vegar hefur ekki náðst samkomulag um breytingar á þeim ákvæðum frumvarpsins, sem um þetta fjalla.

Alþingi, 27. apríl 1941.

Sveinbjörn Högnason, form. Jón Pálmason, fundaskr. Skúli Guðmundsson, frsm.
Haraldur Guðmundsson. Stefán Stefánsson.

Nd. 291. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Við 2. gr.
   a. Síðasti málsl. 5. málsgr. orðist þannig: Það telst ráðstöfun á fé varasjóðs samkvæmt framansögðu, ef félag, sem nýtur eða notið hefur hlunninda vegna framlags í varasjóð, ver einhverju af eignum sínum með eftirgreindum hætti:
   b. Á eftir orðunum „nemur varasjóði“ í síðustu málsgr. komi: í lok skattársins.
2. Við 4. gr.
   a. Í stað „einhleypum gjaldendum“ í 5. málsgr. a-liðs (55. gr.) komi: gjaldendum með sama frádrátt eftir 12. gr.
   b. Upphaf b.-liðs (56. gr.) orðist þannig:
      Nú hefur félag, sem nýtur eða notið hefur hlunninda vegna framlags í varasjóð o. s. frv.
   c. c.-liður (57. gr.) orðist svo:
      Við ákvörðun skattskyldra tekna, sem skattur greiðist af árið 1941, skal félögum þeim, er um ræðir í 3. gr. a. og b., heimilt að draga frá tekjum sínum aðeins ⅖ þeirrar fjárhæðar, er þau leggja í varasjóð af tekjum ársins 1940. Þó er þeim af þessum félögum, er stunda sjávarútveg sem aðalatvinnurekstur, heimilt að draga frá tekjunum helming þeirrar upphæðar, er þau leggja í varasjóð af tekjum sínum á árinu 1940. Sé um tapsfrádrátt að ræða samkvæmt heimild 64. gr., skal tapið dregið frá tekjunum áður en varasjóðstillagið er ákveðið.
   d. 1. Upphaf 2. málsgr. d.-liðs (58. gr.) orðist svo:
      Af fé nýbyggingarsjóðs má ekki meira en ⅓ hluti hjá þeim fyrirtækjum, er njóta tapsfrádráttar samkv. 64. gr., og ⅗ hlutar hjá öðrum útgerðarfyrirtækjum vera innstæða á biðreikningi o. s. frv.
      2. Í stað „⅓ hluti sjóðsins“ síðar í sömu málsgrein komi: að ofan greinir.
   e. 1. málsgr. j.-liðs (64. gr.) orðist þannig: Útgerðarfyrirtækjum íslenzkra botnvörpuskipa, línubáta og vélbáta er heimilt að draga frá tekjum sínum árið 1940,

áður en skattur er á þær lagður, tap, sem orðið hefur á rekstri útgerðarinnar á tímabilinu frá 1. jan. 1931 til 31. des. 1939.

3. Við 5. gr.

Síðari málsliður orðist svo: Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 49 12. febr. 1940, um skattgreiðslu íslenzkra útgerðarfyrirtækja, og lög nr. 57 frá 28. jan. 1935, um hlunnindi fyrir ný iðn- og iðjufyrirtæki.

Nd. 292. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Haraldi Guðmundssyni.

Við 4. gr. j. (64. gr.). Upphaf greinarinnar orðist svo:

Útgerðarfyrirtækjum íslenzkra botnvörpuskipa, línubáta og vélbáta er heimilt að draga frá við ákvörðun skattskyldra tekna árið 1940 töp, sem orðið hafa á rekstri útgerðarinnar á tímabilinu frá 1. jan. 1931 til 31. des. 1939, samkv. eftirfarandi reglum: Tap, sem orðið hefur árin 1938 og 1939, má draga frá að fullu, en auk þess er útgerðarfélögunum heimilt að draga frá töp, sem orðið hafa á árunum 1931—1937, að báðum meðtöldum, þar til eigi hvíla hærri skuldir en svarar til 150000 kr. á hverjum togara og tilsvarandi fyrir önnur skip, samkv. nánari reglum, sem setja skal með reglugerð, og til matsverðs til eignarskatts samkv. 19. gr. laganna hvað snertir aðrar eignir fyrirtækjanna.

Ívilnun þessi er bundin eftirfarandi skilyrðum og takmörkunum:

Nd. 293. Nefndarálit

um frv. til laga um stríðsgróðaskatt.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 2. gr.

Í stað „25%“ í síðari málslið greinarinnar komi: 40%.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur um, að nokkur hluti skattsins renni til sýslufélaganna.

Alþingi, 27. apríl 1941.

Sveinbjörn Högnason, form.	Jón Pálmason, fundaskr.	Skúli Guðmundsson, frsm.
Stefán Stefánsson.	Haraldur Guðmundsson.	

Nd. 294. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Jóni Pálmasyni og Stefáni Stefánssyni.

1. Við 2. gr. Aftan við greinina bætist:
   Þó ná ákvæði a- og c-liðs ekki til þeirrar upphæðar, sem íslenzk útgerðarfélög áttu í varasjóði samkvæmt efnahagsreikningi 31. des. 1939, að því leyti, sem þau ganga lengra en takmarkanir um ráðstafanir á fé varasjóðs, sem giltu samkvæmt lögum nr. 6 9. jan. 1935 og lögum nr. 39 12. febrúar 1940.
2. Við 4. gr. i. (63. gr.). Á eftir orðunum „sjávarútveg sem aðalatvinnurekstur" bætist: þar með talin vinnsla sjávarafurða.

Nd. 295. Frumvarp til laga

um varnir gegn útbreiðslu nokkurra næmra sauðfjársjúkdóma og stuðning til bænda, er bíða tjón af þeim.

Frá landbúnaðarnefnd.

I. KAFLI
Um framkvæmdastjórn.

1. gr.

Landbúnaðarráðherra hefur yfirstjórn þeirra mála, er lög þessi fjalla um.

2. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar 5 manna framkvæmdanefnd (sauðfjársjúkdómanefnd), eftir tillögum landbúnaðarnefnda Alþingis, til þess að hafa á hendi stjórn þessara mála. Hann skipar framkvæmdastjóra eftir tillögum nefndarinnar.

3. gr.

Verkefni framkvæmdanefndar er:

1. Að hafa stjórn þeirra sóttvarnaráðstafana, er um ræðir í lögum þessum.
2. Að úthluta bótum eða styrktarfé, sem árlega er veitt í fjárlögum til þeirra bænda, er beðið hafa tjón af þessum sjúkdómum.
3. Að vinna að því, að bændur, sem hafa þá sauðfjársjúkdóma í fé sínu, er lög þessi ná til, komi sér upp hraustari fjárstofni með úrvali eða fjárskiptum.
4. Að hafa yfirumsjón með fjárskiptum, er landbúnaðarráðherra hefur samþykkt.
5. Að vera ráðunautur ríkisstjórnarinnar um þau mál, er sérstaklega standa í sambandi við þessa sauðfjársjúkdóma.

4. gr.

Framkvæmdanefndin hefur heimild til að kveðja sér menn til aðstoðar við framkvæmd laganna að fengnum tillögum framkvæmdastjóra.

II. KAFLI
Sjúkdómar, er lög þessi ná til.

5. gr.

Ákvæði laga þessara ná til eftirtalinna sjúkdóma:

1. Mæðiveiki.
2. Garnaveiki.

3. Þingeyskrar mæðiveiki.
4. Útbrotaveiki (kýlaveiki).

Ef aðrir næmir, áður óþekktir sauðfjársjúkdómar koma upp hér á landi, getur landbúnaðarráðherra ákveðið, að ákvæði laga þessara nái einnig til þeirra, eftir því sem við á.

III. KAFLI
Um varnir.

6. gr.

Framkvæmdastjóra er heimilt, í samráði við framkvæmdanefnd, að láta fara fram rannsókn á heilbrigði sauðfjár, eftir því sem hann telur þörf, til þess að afla upplýsinga um þá sjúkdóma, er lög þessi ná til.

7. gr.

Fjáreigendur, sem búsettir eru í byggðarlögum, sem talin eru ósýkt, eru skyldir til að gera viðkomandi hreppstjóra tafarlaust aðvart, ef þeir verða varir við grunsamleg veikindi í fé sínu eða annarra í því byggðarlagi. Hreppstjóra er skylt að bregða þegar við, er hann hefur fengið slíka tilkynningu, og rannsaka, hvernig veikinni er háttað. Nú telur hreppstjóri, að um einhvern af áður greindum sjúkdómum geti verið að ræða, og skal hann þá tafarlaust tilkynna það framkvæmdastjóra, sem ákveður, hvað gera skuli til þess að fá úr því skorið, hvort svo sé, og hvaða ráðstafanir skuli gera að öðru leyti.

Þyki hreppstjóra grunsamlegt, að um mæðiveiki eða þingeysku mæðiveikina geti verið að ræða, skal hann láta einangra það fé, sem hinar grunuðu kindur voru með, unz úrskurður um veikina er fenginn og framkvæmdastjóri hefur gert þær ráðstafanir, er hann telur nauðsynlegar. Kostnaður við þessa einangrun greiðist úr ríkissjóði.

8. gr.

Framkvæmdanefnd er heimilt, með samþykki landbúnaðarráðherra, að setja aðalvarðlínur til þess að hindra útbreiðslu framan talinna sauðfjársjúkdóma.

Þessar varðlínur skal treysta með girðingum og varðmönnum eftir því, sem þörf krefur og öruggast er talið á hverjum stað.

Aðalvarðlínur eru þær línur taldar, er liggja þannig, að réttmætt sé talið að hindra fjársamgöngur yfir þær, þótt þeirra verði ekki þörf til varnar gegn sjúkdómum þeim, er hér um ræðir. Skulu þær lagðar á kostnað ríkissjóðs.

9. gr.

Nú vilja bændur á takmörkuðum svæðum verjast fjársamgöngum með því að setja upp varnargirðingar. Telji framkvæmdanefnd það nauðsynlegt, er henni heimilt að setja upp slíka girðingu, gegn því að hlutaðeigandi bændur leggi fram eigi minna en flutning á öllu efni frá hafnarstað og ⅓ kostnaðar við uppsetningu girðingarinnar, en ríkissjóður kosti girðinguna að öðru leyti, enda sé hún eign ríkisins. Girðingar þær, er hér um ræðir, teljast aukavarðlínur.

Nú vilja bændur setja upp varnargirðingu fyrir eitt byggðarlag eða nokkra bæi og framkvæmdanefnd telur líklegt, að hún geti orðið til þess að stöðva útbreiðslu veikinnar í þessu byggðarlagi, og getur þá nefndin veitt styrk til slíkra girðinga, þó ekki yfir ⅓ af verði gaddavírsins, enda verði girðingin eign þeirra, er kosta hana að öðru leyti.

10. gr.

Nauðsynleg varzla, að dómi nefndarinnar, með varðlínum þeim, er um ræðir í 8. gr. og 9. gr. 1. málsgr., greiðist úr ríkissjóði, sömuleiðis viðhald girðinga, meðan þeirra er þörf til varnar útbreiðslu sjúkdóma, er lög þessi ná til.

Telji framkvæmdanefndin ekki þörf að viðhalda girðingu á aukavarðlínu, má hún því aðeins taka hana upp, að bændur í hlutaðeigandi byggðarlagi vilji ekki kaupa hana fyrir hæfilegt verð, að dómi nefndarinnar, eða eftir mati.

11. gr.

Framkvæmdanefnd er heimilt að setja upp einangrunargirðingar til þess að geyma í sjúkt og grunað fé í þeim héruðum, sem veikin er ekki mikið útbreidd, og sé það gert í samráði við hlutaðeigandi sýslunefnd. Sýslufélagið leggur til land undir girðingu og kostnað við uppsetningu, en girðingarefni og flutningur á næsta hafnarstað skal lagður fram sem annar kostnaður við varnirnar. Þessar girðingar eru eign ríkisins.

12. gr.

Heimilt er að leggja girðingar þær, er um ræðir í 8. og 9. gr., um lönd einstakra manna og afrétti eftir því, sem framkvæmdastjóri telur haganlegast.

Náist ekki samkomulag við landeiganda um land undir einangrunargirðingu samkvæmt 11 gr., er sýslunefnd heimilt, í samráði við framkvæmdastjóra, að taka land undir slíka girðingu leigunámi, og fer þá um leigunámið samkvæmt ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917, um framkvæmd eignarnáms.

Bætur fyrir landspjöll, átroðning, afnotamissi lands eða önnur óþægindi vegna girðinga, sem um getur í 8., 9. og 11. gr., koma ekki til greina nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi. Skulu þá dómkvaddir menn meta tjónið, er greiðist af hlutaðeigandi sveitarsjóði, enda séu varnirnar framkvæmdar að meira eða minna leyti í þágu þess sveitarfélags. Annars greiðir það hreppsfélag, er næst liggur og nýtur varnanna. Úrskurði matsmanna má áfrýja til yfirmats.

13. gr.

Skylt er vegfarendum, sem fara um hlið á varnargirðingum, að loka þeim tryggilega. Vanræksla í þessu efni, svo og skemmdir á hliðum og girðingum varða sektum eða fangelsi, allt að þrem mánuðum. Skemmdir skal auk þess bæta að fullu.

14. gr.

Varðmenn þeir, sem tekizt hafa á hendur vörzlu við varðlínur þær, sem um ræðir í 8. og 9. gr., eru sýslunarmenn ríkisins, meðan þeir gegna því starfi. Varðmaður, sem yfirgefur varðstöð sína á þeim tíma, sem honum ber að vera á verði, eða vanrækir starf sitt á annan hátt, skal sæta sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

15. gr.

Framkvæmdanefnd er heimilt að fyrirskipa litarmerkingar á sauðfé, þar sem henni þykir nauðsyn bera til. Enn fremur getur hún bannað hvers konar litarmerkingar á sauðfé á ákveðnum svæðum.

16. gr.

Flutningur sauðfjár yfir varðlínur, er um ræðir í 8., 9. og 11. gr., er bannaður, nema samþykki framkvæmdastjóra komi til. Kindum, sem leita mjög á að komast yfir varðlínu, má varðmaður slátra, en gera skal hann það verð úr, sem unnt er, ef eigandi getur ekki hirt það sjálfur. Heimilt er framkvæmdanefnd að banna flutning á fé bæja á milli og til dvalar, þar sem hún telur þess þörf.

17. gr.

Framkvæmdanefnd er heimilt að ráðstafa sauðfé á afrétti og í heimahögum, ef nauðsyn ber til vegna varnanna. Nefndinni er enn fremur heimilt að fyrirskipa slátrun á fé, sem kemur fyrir í útréttum, ef henni virðist það hafa þýðingu vegna

varnanna. Óskilafé og ómerkinga, sem koma fyrir í næstu byggðarlögum við aðalvarðlínur, má ekki selja til lífs, heldur skal hreppstjóri sjá um, að því fé sé lógað.

18. gr.

Nú kemur fé fyrir á svæði, sem er sýkt eða grunað af garnaveiki, og eigendur þess eða viðkomandi upprekstrarfélag hefur ekki gert ráðstafanir til að hirða það sérstaklega, og skal þá hreppstjóri láta slátra því, verði ekki öðrum fulltryggum ráðstöfunum við komið, en gera skal hann það verð úr, að fjáreiganda verði sem minnst tjón af.

19. gr.

Heimilt er framkvæmdanefnd og sveitarstjórn eða stjórnum upprekstrarfélaga, með samþykki framkvæmdanefndar, að fyrirskipa breytingu á fjallgöngum, smölun heimalanda og réttum, ef það telst nauðsynlegt til þess að hindra útbreiðslu þeirra sauðfjársjúkdóma, er hér um ræðir. Breytingar þessar skulu bornar undir hlutaðeigandi stjórnir upprekstrarfélaga, áður en þær eru fyrirskipaðar. Breyting þessi telst ekki brot á fjallskilareglugerð.

20. gr.

Hreppstjórar, gangnaforingjar (fjallkóngar) og réttarstjórar í þeim héruðum, sem talin eru lítið sýkt eða ósýkt, skulu hafa strangt eftirlit með því í öllum réttum og fjallgöngum, að allar veikar eða grunsamlegar kindur, sem þar koma fyrir, séu tafarlaust teknar úr fjársafni og einangraðar eða lógað. Sama skylda hvílir á bændum í þeim héruðum við smölun heimalanda. Sömuleiðis ber öllum þessum aðilum skylda til að taka allar kindur, sem sloppið hafa yfir varðlínur, strax og þeirra verður vart, en gera skulu þeir það verð úr, sem unnt er.

21. gr.

Fáist vissa fyrir, að einhver þeirra sjúkdóma, er lög þessi ná til, hafi borizt yfir varðlínu, skal framkvæmdastjóri, í samráði við framkvæmdanefnd, gera þær ráðstafanir til varnar útbreiðslu veikinnar, sem nefndin telur tryggilegastar, og er nefndinni heimilt að láta slátra hinu sjúka eða grunaða fé.

22. gr.

Leyni fjáreigandi veiki í fé sínu, skal hann sæta sektum, en verði það til þess, að veikin berist í ósýkt fé annarra, varðar það fangelsisvist.

23. gr.

Sauðfé á sýktu eða grunuðu svæði af garnaveiki má ekki reka í þröng girðingarhólf eða fjárhús á heimilum, þar sem veikin er ekki, eða önnur hús, þar sem heimafé er hýst.

Ekki má heldur reka fé, sem ætla má, að sé sýkt af veikinni, í slík girðingarhólf eða hús á heimilum, sem teljast grunuð eða sýkt. Bannað er að geyma sýkt eða grunað fé í girðingarhólfum með fé frá ósýktum heimilum.

24. gr.

Framkvæmdanefnd er heimilt, hvenær sem hún telur þess þörf, að láta fara fram rannsókn á öllu fé bænda, þar sem líkur eru til, að garnaveiki geti verið.

Við þessar rannsóknir skal ríkið leggja til lyf, tæki og einn rannsóknarmann í hverjum rannsóknarflokki. Sveitarfélagið leggur hverjum rannsóknarmanni til einn aðstoðarmann og greiðir honum kaup, og sé hann valinn í samráði við rannsóknarmanninn. Skylt er fjáreigendum að leggja til aðra aðstoð við rannsóknirnar, eftir því sem við þarf. Heimilt er framkvæmdanefnd að veita sveitarstjórn undanþágu frá því að kosta aðstoðarmann við garnaveikirannsóknir í þeim hreppum, sem mæðiveiki er einnig í fé bænda.

25. gr.

Heimilt er framkvæmdanefnd að láta slátra öllu því fé, sem talið er sjúkt eða grunað að lokinni garnaveikirannsókn.

26. gr.

Allur kostnaður við girðingar og vörzlur, sem um ræðir í 8.—11. grein, sem ekki greiðist af viðkomandi héruðum, greiðist að 3/5 hlutum úr ríkissjóði og þeim hluta bjargráðasjóðs, sem er sameign allra landsmanna, 1/10 af hvorum aðila, en 2/5 sé jafnað niður á alla sauðfjáreigendur á ósýktum svæðum. Landbúnaðarráðuneytið jafnar gjaldi þessu árlega niður eftir síðasta fjárframtali á þau sýslufélög eða hluta úr þeim, er þátt taka í greiðslunni, en þó ekki hærri fjárhæð á ári hverju en sem svarar 10 aur. á kind. Sýslumenn jafna gjaldinu milli hreppa eftir sömu reglu og innheimta það með sýslusjóðsgjöldum.

Nú lætur framkvæmdanefnd rannsaka sauðfé í öryggisskyni á svæði, er reynist ósýkt, og skulu bændur þar undanþegnir 10 aura gjaldi það ár, er rannsóknin fer fram, enda hafi sveitarstjórnin kostað mann við rannsóknirnar.

IV. KAFLI

Um stuðning til bænda og bætur.

27. gr.

Fé því, sem veitt er árlega í fjárlögum til stuðnings fjáreigendum, sem tjón hafa beðið af völdum þeirra sjúkdóma, er lög þessi ná til, skal varið sem hér segir:

1. Til greiðslu upp í vexti af lánum bænda og upp í jarðarafgjald leiguliða. Þau ein lán koma til greina, að þau séu stofnuð vegna búrekstrar viðkomandi manns. Tilgreina skal skuldaeigendur og vaxtakjör. Vaxta- og jarðaafgjaldsstyrk skal úthluta til bænda í hlutfalli við þann tekjumissi, er þeir hafa orðið fyrir af völdum sjúkdómanna, en jafnframt sé höfð hliðsjón af afkomumöguleikum þeirra að öðru leyti.
2. Til vega í viðkomandi héruðum án framlags úr sýslu- eða sveitarsjóði.
3. Til greiðslu á styrk til framræslu vegna tún- eða engjaræktar, endurræktunar í túni, túnasléttunar og til garðræktar, er nemi þrefaldri þeirri fjárhæð, sem nú er greidd á verkeiningu samkv. jarðræktarlögunum, ef ekki er um vélavinnu að ræða, annars tvöfaldur styrkur. Til túnauka má greiða allt að jafnháum styrk og jarðræktarstyrknum nemur. Auk þess greiðist lögmæltur jarðræktarstyrkur.

   Heimilt er að verja því styrktarfé, er fellur undir þennan lið, til vinnu við aðrar umbætur á jörðinni samkv. nánari ákvæðum í reglugerð, og að fengnu samþykki framkvæmdanefndar í hverju einstöku tilfelli.
4. Til styrktar nýjum fyrirtækjum, sem gera framleiðslu bænda verðmæta eða fjölbreytta, svo sem rjómabúum og gróðurhúsum.
5. Til þess að styrkja fjáreigendur að ala upp sauðfé í skarðið fyrir það fé, er þeir hafa misst af völdum þessara sjúkdóma, og vegna ráðstafana, er leiðir af framkvæmd laga þessara.

28. gr.

Framkvæmdanefnd skal láta safna skýrslum um tjón það, er hlotizt hefur, svo og um ásetning líflamba.

29. gr.

Hver hreppsnefnd velur einn mann til að safna skýrslum um fjártjón bænda í hreppnum af völdum sauðfjársjúkdóma þeirra, er um ræðir í lögum þessum, og öðrum upplýsingum, er framkvæmdanefndin telur nauðsynlegar vegna úthlutunarinnar. Hver sýslunefnd tilnefnir tvo menn til þess að taka á móti skýrslum úr einstökum hreppum í þeirri sýslu og færa þær til samræmis.

Skýrslur þessar skulu komnar til framkvæmdanefndar í síðasta lagi fyrir 15. marz það ár, er úthlutunin fer fram.

30. gr.

Nú hefur framkvæmdanefnd fengið skýrslu um tjón fjáreigenda af völdum sauðfjársjúkdómanna, og skal hún þá árlega skipta því fé, er fjárlög heimila til stuðnings bændum og um ræðir í 27. gr.

Framkvæmdanefnd tilkynnir aðilum, þegar hún hefur lokið úthlutun hvert sinn, hve mikils styrks þeir megi vænta það ár. Sýslunefnd ákveður síðan, að fengnum tillögum viðkomandi hreppsnefnda, í hvaða vegum skuli unnið.

31. gr.

Framkvæmdanefnd sér um greiðslur á vaxtatillagi og jarðarafgjöldum. Þeir, sem eiga ógreidda vexti, afborganir eða jarðarafgjöld, fá því aðeins tillag upp í vexti, að þeir greiði jafnframt það, sem vangoldið er, eða hafi náð samningum um það.

Nefndin ávísar vegafénu til vegamálastjóra og jarðræktarstyrknum til Búnaðarfélags Íslands, og skulu þessir aðilar hafa eftirlit með þessum framkvæmdum og annast útborgun samkv. því, sem unnið hefur verið og heimild er til.

32. gr.

Hreppssjóður greiðir allan kostnað við söfnun skýrslna og úthlutun styrktarfjárins innan hrepps. Sýslusjóður greiðir á sama hátt kostnað við störf sýslufulltrúa og skiptinguna milli hreppa.

33. gr.

Bændur þeir, sem lög þessi ná til, fá án þess að greiða dráttarvexti frest á greiðslu árgjalda í lánsstofnunum, þar til séð er, hvort og hve mikinn styrk þeir fái á því ári samkv. lögum þessum, og er óheimilt að segja upp lánum vegna þess dráttar. Dráttur á greiðslu jarðarafgjalda til sama tíma varðar ekki missi ábúðar.

34. gr.

Framkvæmdanefnd ákveður bætur fyrir fé, er hún lætur slátra vegna vörzlu og enn fremur til þess að hindra sýkingu af völdum fjárflutninga, svo og fyrir það fé, sem nefndin lætur slátra vegna þess, að það reynist sjúkt eða grunað við rannsóknir. Bæturnar skulu miðaðar við niðurlagsverð á haustdegi, en tekið tillit til fóðurkostnaðar, sem fallið hefur á féð frá síðustu haustnóttum, ef því er slátrað að vetrarlagi. Bætur þessar greiðast úr ríkissjóði.

V. KAFLI

Almenn ákvæði.

35. gr.

Framkvæmdanefnd er heimilt að láta árlega safna skýrslum eftir því, sem hún telur þörf á, um hvers konar vanhöld á sauðfé, sem alið er upp.

Nefndin getur ákveðið, hvort eða að hve miklu leyti kostnaðurinn við þessa skýrslusöfnun greiðist af ríkissjóði.

36. gr.

Nú virðist reynslan benda til, að vissir fjárstofnar séu lítt næmir eða minna næmir gagnvart einhverjum framangreindra sjúkdóma, og getur þá framkvæmdanefnd ákveðið í samráði við landbúnaðarráðherra, að lömbum af þeim fjárstofnum sé ekki slátrað. Fjáreigendum, sem hafa óhraustari fjárstofn, skal þá gefa kost á að fá þessi lömb til ásetnings.

Verðlag á þessum lömbum skal ákveðið af kjötverðlagsnefnd fyrir 1. sept. ár hvert, miðað við þunga þeirra á fæti, fyrst áætlað verð og síðar endanlegt verð, eftir

að sölu sláturafurða þess árs er lokið. Skal ávallt verðleggja lömbin þannig, að seljendur fái að lokum fullt niðurlagsverð fyrir þau.

Heimilt er nefndinni, telji hún þess þörf og samkomulag næst ekki um kaup á lömbunum á framangreindum grundvelli, að taka það af þeim eignarnámi, ef með þarf, sem eigandi þeirra þarf ekki sjálfur til ásetnings.

37. gr.

Nú hefur framkvæmdanefnd ákveðið að nota heimild þá, er um getur í 36. gr. Skal hún, eftir að hafa aflað sér upplýsinga um, hve mörgum lömbum fjáreigendur, sem hún óskar eftir að fá lömb frá, muni geta fargað til lífs, tilkynna þeim með hæfilegum fyrirvara fyrir hverja sláturtíð, hve mörg lömb nefndin óski eftir að fá og hvenær þau verði tekin. Á sama hátt skal nefndin tilkynna þeim fjáreigendum, sem lömb vilja fá, hversu mörg lömb þeir geti fengið og hvenær.

38. gr.

Ráðherra er heimilt, eftir tillögum framkvæmdanefndar, að gera hverja þá ráðstöfun, er hann álítur nauðsynlega til að hindra útbreiðslu veikinnar og útrýma henni.

39. gr.

Ráðherra setur reglugerð, er ákveður nánar um framkvæmd laga þessara. Framkvæmdanefnd hefur einnig heimild til að setja nánari fyrirmæli en ákvæði reglugerðar segja til um einstök framkvæmdaatriði, er kalla að í hvert sinn, ef hún telur þess þörf og landbúnaðarráðherra samþykkir.

40. gr.

Brot gegn lögum þessum, svo og reglugerð og fyrirmælum, er sett verða samkvæmt þeim, varða sektum, allt að 10000 kr. eða fangelsi, og skal með mál út af slíkum brotum farið sem almenn lögreglumál.

41. gr.

Með lögum þessum eru nú gildi numin lög nr. 45 27. maí 1938, lög nr. 14 15. maí 1939, lög nr. 39 12. júní 1939 og lög nr. 89 14. maí 1940.

42. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Landbúnaðarnefnd hefur orðið sammála um að flytja frumvarp þetta, sem samið er af fulltrúum frá mæðiveikinefnd í samráði við landbúnaðarnefndina. Eru hér felld saman í eina heild fyrri lög varðandi fjársýkir þær, sem geisað hafa í landinu, og bætt inn í nokkrum atriðum, sem reynslan hefur sýnt, að þörf er á. Mesta breytingin frá gildandi lagaákvæðum er sú, að upp í lögin eru tekin ákvæði um þingeysku mæðiveikina og útbrotaveiki (kýlapest), sem upp hefur komið á nokkrum stöðum. Um þær pestir voru engin lagaákvæði til. Úr gildandi lögum eru aftur á móti tekin með þessu frumvarpi ákvæði um varnargirðingar, þar sem þau koma fram nokkuð aukin í sérstöku frumvarpi, sem fyrir þinginu liggur, og eru í samræmi við afgreiðslu búnaðarþings.

Nánar í framsögu.

Sþ. 296. Nefndarálit

um till. til þál. um ráðstafanir til öryggis handrita- og skjalasöfnum ríkisins.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað þessa tillögu og orðið ásátt um að mæla með því, að hún verði samþykkt með þessari

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að koma hinum merkustu skjalasöfnum landsins og fornminjum á sem öruggasta geymslustaði og jafnframt hlutast til um, að þegar sé hafinn undirbúningur að því að byggja eld- og sprengjuhelda geymslu til varðveizlu safnanna í framtíðinni. Heimilast ríkisstjórninni nauðsynlegt fé úr ríkissjóði til þessara ráðstafana.

Alþingi, 26. apríl 1941.

Einar Árnason, form., frsm. Gísli Sveinsson, fundaskr. Finnur Jónsson.
Árni Jónsson. Páll Zóphóníasson. Jörundur Brynjólfsson.
Þorsteinn Briem.

Sþ. 297. Tillaga til þingsályktunar

um mótmæli gegn handtöku íslenzks alþingismanns.

Flm.: Haraldur Guðmundsson, Jörundur Brynjólfsson, Einar Árnason, Gísli Sveinsson.

Um leið og það er vitað, að ríkisstjórnin mótmæli við brezk stjórnarvöld hinni nýju handtöku íslenzkra þegna og banni á útkomu íslenzks dagblaðs, ályktar Alþingi að leggja fyrir ríkisstjórnina að bera fram sérstaklega eindregin mótmæli Alþingis gegn handtöku íslenzks alþingismanns og vitna í því efni til verndar þeirrar, er alþingismenn njóta samkvæmt stjórnarskránni.

Nd. 298. Breytingartillaga

við frv. til l. um stríðsgróðaskatt.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Á eftir 2. gr. komi ný grein, sem verði 3. gr., svo hljóðandi:

Ríkissjóður greiðir 6% — sex af hundraði — af stríðsgróðaskatti, sem innheimtur er eftir lögum þessum, til sýslufélaga og þeirra bæjarfélaga, er engan skatt fá samkvæmt 2. gr. Fé þessu skal skipt í hlutfalli við þann tekjuskatt, sem til fellur í viðkomandi sýslu- og bæjarfélögum.

Sþ. 299. Breytingartillaga

við till. til þál. um mótmæli gegn handtöku íslenzks alþingismanns.

Flm.: Haraldur Guðmundsson, Gísli Sveinsson.

Á eftir „handtöku“ á tveim stöðum í tillgr. komi: og brottflutningi.

Sþ. 300. Breytingartillögur

við till. til þál. um mótmæli gegn handtöku íslenzks alþingismanns.

Frá Bergi Jónssyni.

1. Tillgr. orðist svo:
   Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að mótmæla við brezk stjórnarvöld hinni nýju handtöku íslenzkra þegna, flutningi þeirra úr landi og banni gegn útkomu íslenzks dagblaðs.
   Sérstaklega leggur Alþingi áherzlu á, að mótmælin gegn handtöku íslenzks alþingismanns verði eindregin og vitnað verði í því efni til verndar þeirrar, sem alþingismenn njóta samkvæmt stjórnarskránni.
2. Fyrirsögn till. orðist svo:
   Till. til þál. um mótmæli gegn handtöku íslenzks alþingismanns, brottflutningi hans úr landi o. fl.

Sþ. 301. Þingsályktun

um mótmæli gegn handtöku íslenzks alþingismanns.

(Afgreidd frá Sþ. 28. apríl).

Um leið og það er vitað, að ríkisstjórnin mótmæli við brezk stjórnarvöld hinni nýju handtöku og brottflutningi íslenzkra þegna og banni á útkomu íslenzks dagblaðs, ályktar Alþingi að leggja fyrir ríkisstjórnina að bera fram sérstaklega eindregin mótmæli Alþingis gegn handtöku og brottflutningi íslenzks alþingismanns og vitna í því efni til verndar þeirrar, er alþingismenn njóta samkvæmt stjórnarskránni.

Ed. 302. Frumvarp til laga

um lögreglustjóra á Dalvík.

Flm.: Einar Árnason, Bernh. Stefánsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin skipar, að fengnum tillögum hreppsnefndar Svarfaðardalshrepps, lögfræðing til að hafa á hendi hreppstjórastörf í Svarfaðardalshreppi, innheimtu tolla og gjalda til ríkissjóðs, fógetavald, lögreglustjórn og dómsvald í lögreglumálum. Kallast hann lögreglustjóri.

2. gr.

Lögreglustjóranum er skylt, ef hreppsnefnd óskar þess, að gegna störfum hreppsnefndaroddvita og þá einnig innheimtu allra hreppsgjalda, enda sé hann sjálfkjörinn hreppsnefndarmaður með atkvæðisrétti um öll mál nefndarinnar.

3. gr.

Lögreglustjóri skal hafa að launum 2000 krónur á ári úr ríkissjóði. Hafi lögreglustjóri á hendi störf þau, sem í 2. gr. getur, fær hann auk þess greidd laun úr sveitarsjóði samkvæmt samningi milli hreppsnefndar og ríkisstjórnar.

4. gr.

Nánari ákvæði um starfssvið lögreglustjóra skulu sett í reglugerðum, er hlutaðeigandi ráðherrar setja, að fengnum tillögum hreppsnefndar Svarfaðardalshrepps og sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt ósk hreppsnefndar Svarfaðardalshrepps, og eru ástæðurnar teknar fram í bréfi oddvitans, sem hér með fylgir.

Fylgiskjal.

Dalvík, 8. apríl 1941.

Fyrir þrem árum kom fram tillaga á almennum hreppsfundi hér um, að brýna nauðsyn bæri til þess, að á næstunni yrði unnið að því, að lögreglustjóri fengist í Svarfaðardalshrepp til þess að taka við störfum þeim, er nú hvíldu á oddvita og hreppstjóra og væru þegar orðin svo umfangsmikil, að gætu ekki orðið unnin sem aukaverk af mönnum, sem þegar væru hlaðnir öðrum skyldustörfum. Eins og þá var ástatt, virtist hreppsnefndinni eftir upplýsingum, sem hún hafði aflað sér, að lögreglustjóri yrði of dýr fyrir Svarfaðardalshrepp. En eftir þeim upplýsingum, sem fengizt hafa um kostnað við lögreglustjóraembætti í Ólafsfjarðarhreppi (ef gera mætti ráð fyrir, að hann fengist með líkum kjörum hér), þá væri það nú hagfellt fyrir sveitarfélagið að skipa þannig málum sínum.

Oddvitalaun eru hér nú kr. 555.00 og gjaldkeralaun kr. 1580.00 (þ. e. innheimtulaun gjaldkera), samtals kr. 2135.00. Lögreglustjóri Ólafsfj. tekur engin innheimtulaun hjá hreppnum, en fær greiddar kr. 2000.00 úr sveitarsjóði. Samkvæmt ofangreindu verður Svarfaðardalshreppur því að greiða hærri upphæð til sveitarstjórnar en Ólafsfjarðarhr., eða um 135 kr., og þessi mismunur fer hækkandi, þar sem útsvör og aðrar tekjur hreppsins fara hækkandi með ári hverju. En þó er það ekki aðallega fjárspursmálið, sem hér er um að ræða, heldur hitt, að mjög fer að verða erfitt að fá menn til þess að taka þessi störf að sér, ekki sízt vegna þess, að stöðugt bætast við ný og ný störf, sem af eðlilegum ástæðum lenda einkum á oddvita og hreppstjóra. Er því alveg augljóst mál, að sveitarstjórnarstörfin fara að verða flaustursverk meir en æskilegt væri vegna hagsmuna og velferðar sveitarfélagsins. Er því fullkomin nauðsyn á að skipuleggja þessi mál nú þegar, þar eð ekki verður komizt hjá því á næstunni.

Það eru mörg störf utan við hin venjulegu sveitarstjórnarstörf, sem nú kalla að um leið og Dalvíkurþorp stækkar og krefst ýmsra umbóta og aðgerða. Slík störf hefur að þessu orðið að fela mönnum, sem hafa slæm skilyrði til þess að leysa þau eins vel af hendi og æskilegt væri, meðal annars vegna þess, að flestir þessir menn hafa ýmsum öðrum störfum að sinna. Ýmis áhugamál þorpsbúa verða þar af leiðandi að bíða sökum annríkis þeirra manna, sem með almenningsmál fara, og er það mjög bagalegt og beinlínis til mikils tjóns fyrir framtíðina, sérstaklega að því er skipulagsmál þorpsins snertir.

Það er því ekki að ástæðulausu, að við óskum eftir því að geta falið öll þessi mál einum og sama manni, sem ekki hefði öðru að sinna og gæti gefið sig óskiptan að áhuga- og hagmunamálum okkar og hefði um leið lögregluvald.

Með skírskotun til þess, sem að framan er sagt, þá vil ég hér með fyrir hönd Svarfaðardalshrepps skora á yður, alþingismenn kjördæmisins, að þér beitið yður fyrir því, að samþykkt verði lög á Alþingi um stofnun lögreglustjóraembættis í Svarfaðardalshreppi, og ekki síðar en árið 1942.

Virðingarfyllst

f. h. hreppsnefndar Svarfaðardalshrepps
Þorl. Jónsson.

Sþ. 303. Nefndarálit

um styrk til flóabátaferða.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

Samgöngumálanefndir beggja þingdeilda hafa eins og áður unnið saman að athugun á flóabátaferðum og ráðstöfunum á ríkissjóðsstyrk til uppihalds þeim. Hafa legið fyrir ýmis erindi úr hlutaðeigandi héruðum með upplýsingum um ferðirnar og umsóknum um aukin tillög, sem flestar hafa að áliti samvinnunefndarinnar við full rök að styðjast. Um öll þessi mál hefur nefndin á ýmsan hátt notið ráða forstjóra skipaútgerðar ríkisins og hlýtt á óskir og umsagnir þeirra fulltrúa héraðanna á þingi, er hér eiga hlut að máli. Hefur verið leitazt við að ráða fram úr þeim vanda, sem óneitanlega er nú meiri en verið hefur um þessar ferðir flestar og eigi mun þurfa að skýra sérstaklega. En það er hvort tveggja, að gæta verður réttlætis í tillögum um fjárstyrki og skilyrði þau, sem sett eru á móti, og einnig að nauðsynlegt samræmi sé í fjártillögunum, eftir því sem ástæður á hverjum stað geta gefið tilefni til. Þykist samvinnunefndin hafa að þessu sinni eins og á f. á. ráðið fram úr þessum málum á þann hátt, að allir landshlutar megi eftir atvikum vel við una, vitaskuld að því ógleymdu, að slík óvissa ríkir nú um allar samgöngur landsmanna og atvinnuhætti, að breytinga getur orðið þörf og nýrra ráðstafana á þessu sviði sem öðrum, jafnvel á næstu tímum.

Enda þótt samgöngumálanefndir Alþingis hafi í þessu efni það hlutverk aðallega að undirbúa aðstoð ríkisvaldsins við samgöngur héraðanna á sjó kringum land allt árið 1942, með tillögum sínum um fjárveiting til flóabátaferða í fjárlögum fyrir það ár, hefur það orðið algerlega óhjákvæmilegt, að fjárstyrkurinn á þessu ári, 1941, yrði einnig tekinn til endurnýjaðrar athugunar á mörgum stöðum. Hafa og öll erindi hnigið að því jöfnum höndum, sem er í fyllsta máta skiljanlegt, því að engum dylst, að mjög er nú umbreytt með allan tilkostnað frá því, er áætlun var gerð öndverðlega á síðasta ári. Hefur niðurstaðan af athugun samvinnunefndar um bæði árin, hækkun á styrk árið 1941 og áætlun fyrir 1942, orðið svo sem greint verður hér á eftir, — um leið og tekið skal fram, að allar skilorðsákvarðanir, sem áður hafa gilt fyrir hinum veittu styrkjum, haldast áfram undir eftirliti skipaútgerðar ríkisins fyrir hönd ríkisstjórnarinnar.

Nefndirnar leggja til, að fyrir árið 1941 hækki flóabátastyrkurinn, sem áætlaður var 93900 kr., um 29000 kr., eða upp í 122900 kr., og hefur háttv. fjárveitinganefnd þegar verið gefin tilkynning um þetta. Kemur hækkun þessi niður á öllum aðalstyrkjum til þessara ferða, en aðeins minnstu fjárstyrkirnir (báta- eða ferjustyrkir) haldast í sama fari og þeir voru áætlaðir (en gert er þar og ráð fyrir lítils háttar hækkun á næsta ári). Skal nú þetta skýrt nokkru nánar.

1. Vesturland.
   a. Breiðafjarðarsamgöngur. — Til þeirra hefur síðustu árin verið veitt ein fúlga, sem síðan hefur verið skipt, undir umsjón skipaútgerðarinnar og eftir líkum hlutföllum og áður, milli þeirra farkosta og flutningaferða, sem haldið hefur

verið úti um Breiðafjörð, bæði norðurhlutann („Flateyjarbátur“) og suðurhlutann („Stykkishólmsbátur“), ásamt smábátaferðum innan Dalasýslu, eftir því, sem þótt hefur henta. Þótt nefndirnar ætluðust til þess í hitteðfyrra, að þeir aðilar, sem hér standa að, reyndu með aðstoð ríkisvaldsins að koma upp viðunandi skipakosti fyrir allt þetta svæði, hefur það þó ekki tekizt, og situr við sama og áður, en Faxaflóabátur („Laxfoss“), sem fengið hefur sérstakan fjárstyrk úr ríkissjóði til þess að fara nokkrar ferðir á Breiðafjörð, er nú alveg genginn úr skaftinu með það, að því er virðist. Sá styrkur er þó áfram í Breiðafjarðarfúlgunni, til ráðstöfunar eftir því, sem nauðsyn krefur.

Til þessara ferða er ætlaður styrkur á þessu ári (1941) 20000 kr., sem samvinnunefndin leggur til, að hækki um 3000 kr., upp í 23000 kr. (Fyrir 1942 sjá síðar).

b. Vestfjarða- eða Djúpbátur. — Einn bátur hefur, sem kunnugt er, annazt þessar ferðir, og hefur að vonum gengið erfiðlega að fullnægja flutningaferðaþörfinni um Ísafjarðardjúp, hvað þá meira, þótt viðurkenna beri, að þar vestra hefur verið staðið að þessu með eigi litlum dugnaði. Hafa nú á þessu þingi legið fyrir samgöngumálanefndum áskoranir um enn meiri aðstoð en hinn árlegi rekstrarstyrkur úr ríkissjóði hefur veitt, sem sé um ríflegt tillag til nýs skips, sem komið yrði upp til þess að taka að sér samgöngur um Djúp (og jafnvel víðar um Vestfirði). Hefur eigi orðið undan því skorazt að sinna þessu, og er nú flutt í þinginu (af samgmn. Nd.) frumvarp um þetta efni, þótt eigi verði séð nú, hvort eða hvenær þetta komist í verk.

Árlegur styrkur til þessara ferða helzt að sjálfsögðu, en af óumflýjanlegri nauðsyn verður hann að hækka þegar á yfirstandandi ári frá því, sem ráð var fyrir gert. Til Djúpbáts eru nú ætlaðar 25000 kr., en samvinnunefndin leggur til, að hann hækki um 6000 kr., upp í 31000 kr.

Það tilheyrir loks Vestfjörðum, að nefndirnar hafa fallizt á að leggja til, að á þessu ári verði veittur úr ríkissjóði styrkur, í eitt skipti fyrir öll, til smíðis dráttarbáts (til ferjudráttar) á Dýrafirði, 2500 kr. Er það kaupfélag Dýrfirðinga, sem heldur ferjunni úti.

2. Norðurland.

a. Skagafjarðarferðir (til Siglufjarðar). — Þeim hefur á síðkastið verið ætlaður hærri styrkur en áður, með það fyrir augum, að eigi þyrfti þar að koma til nema einn aðili (er héldi úti „Sauðárkróksbát“). En óánægja hefur haldizt í Fljótum með ferðir þessar, og hafa bændur þar sótt fast að fá sérstakan styrk til þess að annast samgöngur þaðan við Siglufjörð. Enda þótt þessi reipdráttur orki að áliti nefndarinnar í heild nokkurs tvímælis, vill hún þó að þessu sinni gefa lát á dálitlum styrk í þessu skyni, um leið og hækkað er tillagið til Skagafjarðarbáts. Honum er ætlað í fjárlagastyrk þessa árs 7500 kr., sem lagt er til, að hækki um 3500 kr., upp í 11000 kr., en „Fljótabátur“ verði jafnframt styrktur með 1000 kr. tillagi, ef skipaútgerð ríkisins telur, að Fljótamenn séu þess umkomnir að fullnægja settum skilyrðum um farkost o. fl.

b. Norðurlandsbátur (Eyjafjarðar—Austurlands). Þessum ferðum hefur verið haldið uppi með skipi eða bátum, sumpart frá Akureyri til Siglufjarðar, sumpart (eða aðallega) austur, með viðkomu á öllum aðalstöðvum (þar á meðal Grímsey og Flatey á Skjálfanda) allt til Seyðisfjarðar. Þótt eigi hafi að öllu tekizt að fullnægja þeim kröfum, sem gerðar hafa verið til þessara samgangna, verður þó að játa, að þær hafa að ýmsu leyti heppnazt og komið að miklum notum. Er nú styrkur verður hækkaður til þeirra, sem eigi verður komizt hjá, verður það skilyrði sett, að Austurlandsferðirnar (til Seyðisfjarðar) verði fleiri en s.l. ár, eftir því sem samkomulag gæti náðst um milli bátsútgerðarinnar á Akureyri og skipaútgerðar ríkisins, en hin fyrrnefnda hefur nú þegar fallizt á, að Flateyjar—Grímseyjar-ferðir verði allt að ein

ferð hálfsmánaðarlega til jafnaðar, eða eigi færri en 20 samtals á árinu, ferðum til Raufarhafnar fjölgað o. s. frv.

Nefndin leggur til, að styrkur til Norðurlandsbátsins (Eyjafj.—Austfj.) hækki á þessu ári um 5000 kr., úr 16500 upp í 21500 kr.

3. Austurland. — Hér er aðallega (auk smábátanna) um að ræða Hornafjarðar—Austfjarðabát, sem styrkur úr ríkissjóði þ. á. er áætlaður 9000 kr. Hafa kvaðir á þessum ferðum aukizt allmjög, og er lagt til, að styrkurinn hækki nú um 3000 kr., eða upp í 12000 kr. (og enn meiri hækkun á n. á.).
4. Suðurland (með Vestmannaeyjum og Faxaflóa). — Utan flóabátafúlgunnar hefur í fjárlögum verið áætlað tillag til flutningaferða við suðurströndina, einkum Skaftafellssýslur, sem að sjálfsögðu heldur sér enn um hríð, eða þangað til séð verður fyrir nægilegum endurbótum á samgöngunum á landi, svo að sjóflutningastyrkurinn mætti að meira eða minna leyti falla burtu, eins og nokkrar ráðagerðir hafa verið um. En auk þess hefur verið áætlaður á vegum flóabáta nokkur fjárstyrkur til „Suðurlandsskips", sem Eimskipafél. hefur annazt um, en að öðru leyti notast til þess að létta undir þessa flutninga, eftir ráðstöfun ríkisstjórnarinnar. Er lagt til, að sú upphæð, 4000 kr., hækki aðeins um 1000 kr., upp í 5000 kr., og Austur-Skaftafellssýslustyrkurinn um 500 kr., úr 1500 kr. í 2000 kr.

Til ferða milli Vestmannaeyja og suðurstrandarinnar sérstaklega (þ. e. Stokkseyri) var áætlað fyrir þetta ár 1000 kr., eins og reyndar á f. á. (1940), en nefndin hefur fengið vitneskju um, að ríkisstjórnin hafi þegar greitt út til þessa 2000 kr. meira. Eru taldar liggja til þessa ófyrirséðar knýjandi ástæður, sem nefndin getur eigi vefengt eins og nú til hagar, þótt slíkar heimildarlausar greiðslur séu yfirleitt varasamar. En þörfin er eigi síður fyrir hendi í ár, enda liggja rökstuddar umsóknir fyrir um aukinn fjárstyrk til þeirra flutninga. Telur nefndin rétt að áætla nú 3000 kr. hækkun (1941) við hinn upphaflega styrk, sem þá verður alls 4000 kr.

Að síðustu skal þessa getið um Faxaflóaferðirnar:

Til „Laxfoss" (Borgarnesbátsins) hefur undanfarið verið áætlaður styrkur, bæði til samgangna á Faxaflóa (þó ekki í fjárl. fyrir 1940) og til sérstakra ferða á Breiðafjörð; heldur hinn síðarnefndi sér í þeirri fúlgu, en alls óvíst er um, hvort þörf verður þess styrkjar, sem áætlaður var fyrir 1941, 4500 kr., því að skipið mun hafa horfið frá þessum samgöngum og tekið að gefa sig við Vestmannaeyjaferðum, sem ríkisstjórnin mun hafa greitt sérstakan styrk til, sem hún væntanlega leitar samþykkis Alþingis fyrir eftir á. — En ef til þess kæmi, að þörf reyndist á að nota umræddan Faxaflóastyrk, þykir rétt að gera ráð fyrir lítils háttar hækkun þar, eða 500 kr., upp í 5000 kr. (Styrkurinn til Akranesbátsins heldur sér, en hann er veittur í notum sérstakra flutninga.)

Það, sem nú hefur verið tekið fram almennt og sérstaklega að því er snertir flóabátaferðirnar og ríkjandi ástand, gildir að sjálfsögðu eins og eigi síður um nauðsynlegar hækkanir á styrkjum til þeirra fyrir árið 1942, sem samgöngumálanefndunum ber að gera tillögur um og koma ætti í fjárlög fyrir það ár. Er nú lagt til, að flóabátastyrkurinn í heild 1942 verði ákvarðaður að upphæð 136300 kr., og skiptist hann þannig milli hlutaðeigandi aðila:

Djúpbátur	35000 kr.
Skagafjarðarbátur (til Siglufj.)	12000 —
Fljótabátur	1200 —
Norðurlandsbátur (Eyjafj. til Austfj.)	24000 —
Flateyjarbátur (á Skjálfanda)	600 —
Hornafjarðar—Austfjarðabátur	14000 —
Fjarðabátar:	
a. Við Loðmundarfjörð	600 —

b. Sunnan Seyðisfjarðar	1400 kr.
Suðurlandsskip	6000 —
Faxaflóabátur (Borgarnes)	6000 —
Akranesbátar (sbr. áður sett skilyrði)	1800 —
Til Breiðafjarðarsamgangna	25000 —
Til bátaferða innan Austur-Skaftafellssýslu (þar af 1200 kr. til Öræfinga)	2300 —
Milli Stokkseyrar og Vestmannaeyja	5000 —
Rangársandsbátur	800 —
Mýrabátur (á Faxaflóa)	600 —

Alþingi, 28. apríl 1941.

Gísli Sveinsson, form. Nd.-nefndar, frsm.	Páll Zóphóníasson, form. Ed.-nefndar, með fyrirvara.
Vilm. Jónsson, fundaskr. Nd.-nefndar.	Árni Jónsson, fundaskr. Ed.-nefndar.
Steingr. Steinþórsson.	Bernh. Stefánsson.
Sveinbjörn Högnason.	Eiríkur Einarsson.

Nd. 304. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 291 [Tekjuskattur og eignarskattur].

Frá Emil Jónssyni.

3. töluliður (við 5. gr.) orðist svo:

Síðari málsliður orðist svo: Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 49 12. febr. 1940, um skattgreiðslu íslenzkra útgerðarfyrirtækja.

Nd. 305. Frumvarp til laga

um heimild fyrir kaupstaði og hreppsfélög til að koma á þegnskylduvinnu.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Heimilt er bæjarstjórnum og hreppsnefndum, með samþykki atvinnumálaráðherra, að stofna til þegnskylduvinnu eftir þeim reglum, sem felast í lögum þessum.

2. gr.

Í kaupstöðum ákveður bæjarstjórn um þegnskylduvinnu.

Í hreppsfélögum skal taka ákvörðun um þegnskylduvinnu á almennum hreppsfundi.

Til funda í bæjarstjórnum og hreppsfunda um þegnskylduvinnu skal boða með hálfs mánaðar fyrirvara, og þarf ⅗ hluta atkvæða til samþykktar.

Fundarsamþykkt um þegnskylduvinnu öðlast gildi, þegar ráðherra staðfestir hana.

3. gr.

Þegnskylduvinna nær til allra heimilisfastra, vinnufærra karlmanna á aldrinum 16—25 ára, eftir því sem ákveðið er í reglugerð. Enginn er þó þegnskyldur lengur en þrjú ár samtals. Þegnskylduvinna má vara allt að hálfum mánuði fyrir hvern einstakling árlega, og eigi lengur samtals en 6 vikur.

4. gr.

Nú hefur hreppsfélag eða kaupstaður gert samþykkt um þegnskylduvinnu og ráðherra staðfest samþykktina, og skal þá skipuð þegnskylduvinnunefnd.

Í hreppsfélögum kýs hreppsnefnd einn mann í þegnskylduvinnunefnd, skólanefnd annan, en ráðherra skipar formann.

Í kaupstöðum skipar ráðherra formann þegnskylduvinnunefndar, en bæjarstjórn kýs aðra nefndarmenn.

Heimilt er, með samþykki ráðherra, að fela skólanefndum störf þegnskylduvinnunefnda.

Þegnskylduvinnunefnd skal gera frumvarp til reglugerðar um tilhögun og framkvæmd þegnskylduvinnunnar, sem ráðherra staðfestir. Nefndin úrskurðar og um það, hverjir skuli inna af hendi þegnskylduvinnu á hverju ári. Undanþágur eða frestir skulu veittir, ef um veikindi eða aðrar gildar ástæður er að ræða. Þegnskylduvinnunefnd ræður kennara og verkstjóra við þegnskylduvinnu.

5. gr.

Í þegnskylduvinnu má vinna að hverju því verkefni, sem til framfara horfir eða almenningsheilla, svo sem hvers konar jarðrækt, vegagerð, skógrækt, sundlauga- og leikvallagerð, skólahúsbyggingum o. fl.

Þegnskylduvinnunefnd ákveður verkefnin og hefur umsjón með framkvæmdum í samráði við þær stjórnardeildir, sem ráðherra felur yfirumsjónina.

6. gr.

Þegnskylduvinnunefnd skal árlega gera áætlun um kostnað af framkvæmd þegnskylduvinnu. Skal áætlunin lögð fyrir hreppsnefnd eða bæjarstjórn til staðfestingar og síðan send ráðherra.

Ríkissjóður greiðir hálfan kostnað af þegnskylduvinnu samkvæmt áætlun af því fé, sem árlega er veitt á fjárlögum í þeim tilgangi, en hreppssjóður eða bæjarsjóður hálfan kostnað og þann kostnað, er verða kann umfram áætlun.

Nú er útlit fyrir, að fjárveiting hrökkvi ekki fyrir eftirspurn eftir þegnskylduvinnustyrk, og skal þá ráðherra tilkynna svo fljótt sem auðið er um fjárhæð væntanlegs styrks.

7. gr.

Nú kemur þegnskyldur maður ekki til vinnu eftir fyrirlagi þegnskylduvinnunefndar, og sætir hann þá sektum, er nema tvöföldu dagkaupi við sams konar störf fyrir þau dagsverk, er tapast. Sektir renna í hreppssjóð.

Greinargerð.

Á síðasta Alþingi var gerð ályktun um að skora á ríkisstjórnina að undirbúa frumvarp um þegnskylduvinnu, sem síðar yrði borið undir þjóðaratkvæði. Landbúnaðarnefnd hefur borizt frá forsætisráðherra frv. um heimild fyrir kaupstaði, kauptún, sjávar- og sveitaþorp til þess að láta vinna að jarðrækt í almenningsþágu með þegnskylduvinnu. Frv. er hér birt sem fylgiskjal ásamt umsögn búnaðarþings. Þótti landbúnaðarnefnd fullskammt gengið í þessu frumvarpi, þar sem aðeins er miðað við jarðrækt, og þá eingöngu í kaupstöðum og þorpum. Hefur nefndin því gert nýtt frv., sem felur í sér aðalatriði þess frv., sem sent var nefndinni, en er þó víðtækara, svo

sem um verkefni við þegnskylduvinnu, og nær auk þess til sveitarfélaga. Fer frv. nefndarinnar um ýmsa hluti nær því, sem áður hefur verið hugsað um þegnskylduvinnu, og er þó ekki gert ráð fyrir neinni þvingun við hrepps- eða bæjarfélög. Telur nefndin líklegast, að þegnskylduvinna geti vaxið upp með þessum hætti neðan að, ef svo má segja, og er þá líklegt, að hún færist víðar um landið, ef vel gefst hjá brautryðjendum, þar til unnt væri að gera hana að föstum lið í uppeldiskerfi allrar þjóðarinnar.

Einstakir nefndarmenn hafa óbundið atkvæði um frv. og ákvæði þess.

Fylgiskjal.

Frumvarp til laga

um heimild fyrir kaupstaði, kauptún, sjávar- og sveitaþorp til þess að láta vinna að jarðrækt í almenningsþágu með þegnskylduvinnu.

1. gr.

Heimilt er bæjarstjórnum kaupstaða og hreppsnefndum kauptúna, sjávar- og sveitaþorpum, með samþykki landbúnaðarráðherra, að stofna til þegnskylduvinnu við jarðrækt í almenningsþágu innan sinna umdæma, á þeim grundvelli, er lög þessi mæla fyrir.

2. gr.

Nú telur nokkur hluti hreppsnefndar eða bæjarstjórnar, að nauðsyn beri til að koma á þegnskylduvinnu við jarðrækt, til þess að bæta atvinnuaðstöðu íbúanna, eða henni berast bréflegar áskoranir um málið frá minnst ½ hluta verkfærra karlmanna innan umdæmisins, og er henni þá skylt að kveðja til almenns fundar alla heimilisfasta, verkfæra karlmenn á aldrinum 18—60 ára og leggja undir atkvæði þeirra tillögu um, að þegnskylduvinnu verði komið á í þessum tilgangi. Fundur um þegnskylduvinnumálið sé boðaður með tveggja vikna fyrirvara, og sé verkefni fundarins auglýst í fundarboði. Ef minnst ⅔ hlutar þeirra manna, er vinnuskyldir eru, greiða atkvæði með tillögu um þegnskylduvinnu innan þeirra takmarka, er lög þessi heimila, er samþykktin orðin bindandi, enda veiti landbúnaðarráðherra henni samþykki sitt.

3. gr.

Þegnskylduvinna samkvæmt lögum þessum skal ná til allra heimilisfastra, verkfærra karlmanna á staðnum á aldrinum 18—60 ára. Má hún vara allt að 6 daga árlega, og getur fundarsamþykkt um málið gilt allt að 5 ár í senn. Bæjarstjórn eða hreppsnefnd getur leyft þeim, er þess æskja, að greiða skylduvinnudagsverkin með gildandi taxtakaupi á staðnum, og ber að sjálfsögðu að verja því til sameiginlegra ræktunarmála.

Um innheimtu þessara gjalda gilda sömu reglur og um útsvör, og er gjalddagi þeirra 1. desember ár hvert.

Heimilt er bæjarstjórn eða hreppsnefnd að veita einstökum mönnum undanþágu frá skylduvinnu, ef veikindi eða aðrar gildar ástæður eru fyrir hendi. Eigi gildir slík undanþága nema eitt ár í senn.

4. gr.

Nú er þorp eða kauptún aðeins hluti af hreppi, og nær þá vinnuskyldan samkvæmt lögum þessum aðeins til þeirra verkfærra karlmanna, sem búsettir eru innan kauptúnins eða þorpsins, eða þess svæðis, sem ræktunin á að gagna.

5. gr.

Nú hefur kaupstaður, kauptún, sjávar- eða sveitaþorp gert samþykkt um skylduvinnu samkvæmt lögum þessum, og er þá skylt að hagnýta vinnuna til sameiginlegrar jarðræktar í almenningsþágu. Á sama hátt skal varið styrk þeim af fram-

leiðslubótafé, er 6. gr. getur um. Jarðræktarframkvæmdir, sem unnið sé að, skulu einkum vera: Girðingar, framræsla, ræktunarvegir, jarðvinnsla og áburðargeymslur. Að loknum hinum sameiginlegu framkvæmdum, skal landinu skipt og það látið á erfðaleigu til íbúanna, sbr. þó 7. gr.

Um undirbúning ræktunarinnar og framkvæmd hennar, svo og um skiptingu landsins, skal í öllu farið eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands.

6. gr.

Nú er þegnskylduvinna framkvæmd á grundvelli laga þessara, og er þá ríkissjóði skylt að greiða af framleiðslubótafé til hinna sameiginlegu ræktunarmála allt að ⅔ hluta á móti ⅓ hlutum þeirrar fjárhæðar, sem hin framlögðu þegnskylduvinnudagsverk reiknast með taxtakaupi viðkomandi staðar, svo og á móti fé því, er viðkomandi kaupstaðir, kauptún eða þorp afla á annan hátt og verja til sameiginlegra ræktunarmála, enda sé það eigi tekið að láni. Framlag ríkissjóðs af framleiðslubótafé í þessu skyni má þó eigi fara yfir 100 þúsund krónur á ári.

7. gr.

Fé það, sem ríkið leggur fram samkvæmt 6. gr., svo og verðmæti þau, er þegnskylduframlögin skapa, skulu eigi metin sem gjaldstofn í matsfjárhæð þeirri, sem erfðaleigan reiknast af samkvæmt lögum nr. 101 23. júní 1936, V. kafla, 48. gr.

8. gr.

Bæjarstjórnir og hreppsnefndir skulu annast um stjórn þeirra framkvæmda, er lög þessi gera ráð fyrir. Heimilt er þeim þó að fela þetta nefnd manna, er þær velja, eða félagi ræktunarmanna á staðnum, enda hafi þær eftirlit með framkvæmdunum og ábyrgð á þeim.

9. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

10. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 100 til 500 krónur, nema þyngri refsingar liggi við samkvæmt öðrum lögum. Sektarfé renni í hrepps- eða bæjarsjóð, og sé því varið til sameiginlegra ræktunarframkvæmda.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Umsögn búnaðarþings.

JARÐRÆKTARNEFND

Frumvarp til laga um heimild fyrir kaupstaði, kauptún, sjávar- og sveitaþorp til þess að láta vinna að jarðrækt í almenningsþágu með þegnskylduvinnu

TILLAGA

Búnaðarþing mælir með því, að frumvarp til laga um heimild fyrir kaupstaði, kauptún, sjávar- og sveitaþorp til þess að láta vinna að jarðrækt í almenningsþágu með þegnskylduvinnu verði samþykkt á Alþingi, en leyfir sér að gera þá ábendingu. að það telur réttara, að heimildin nái einnig til hreppsfélaga í sveitum. Enn fremur leggur búnaðarþing til, að orðið þegnskylduvinna í nafni frumvarpsins breytist í skylduvinna, og breytist orðalag frumvarpsins eftir því.

Nd. 306. Frumvarp til laga

um innheimtu tekjuskatts og eignarskatts af vaxtafé verðbréfa og skuldabréfa.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

1. gr.

Frá 1. janúar 1942 skal tekju- og eignarskattur af vaxtaeignum og tekjum af þeim samkvæmt 2. gr. innheimtur á þann hátt, sem lög þessi ákveða, og kallast sá hluti skattsins, sem þannig er innheimtur, vaxtaskattur.

2. gr.

Til vaxtafjár samkvæmt lögum þessum telst:

a. Opinber verðbréf. Teljast þar til bankavaxtabréf, ríkisskuldabréf, skuldabréf bæjar- og sveitarsjóða og stofnana þeirra, og önnur slík verðbréf, útgefin af opinberum stofnunum eða fyrirtækjum.
b. Skuldabréf, víxlar og aðrar fjárkröfur, sem tryggðar eru með veði í fasteign að einhverju eða öllu leyti, eða með tryggingarbréfi í fasteign.

Um ákvörðun vaxtatekna af ofangreindum eignum fer eftir ákvæðum laga um tekjuskatt og eignarskatt.

3. gr.

Ákvæði þessara laga ná ekki til vaxtaeigna eða vaxtatekna þeirra aðila, sem eru undanþegnir slíkri skattskyldu samkvæmt lögum um tekju- og eignarskatt, og eigi heldur til þeirra vaxtaeigna, þar sem vaxtagreiðandi er erlendis heimilisfastur.

Stofnanir og félög, sem hafa gefið út opinber verðbréf, er um ræðir í 2. gr. b-lið, skulu halda skrá um þann hluta slíkra verðbréfa, sem er í eigu skattfrjálsra aðila á hverjum tíma, enda tilkynni þeir hlutaðeigandi stofnunum um verðbréfaeign sína, ella eru þeir eigi undanþegnir skattgreiðslu. Skal afrit af þeirri skrá afhent hlutaðeigandi skattanefnd (skattstjóra).

Fjármálaráðherra setur nánari ákvæði um það, hverra sannana skuli krefjast fyrir því, að um skattfrjálst vaxtafé sé að ræða.

4. gr.

Vaxtaskattur skal nema 25% af hinni skattskyldu vaxtahæð.

5. gr.

Gjalddagi vaxtaskatts af öllum vaxtabréfum er gjalddagi vaxta, eða þegar endanlegt vaxtauppgjör fer fram. Skattskyldar vaxtatekjur skal reikna frá síðasta gjalddaga skattsins, og í fyrsta sinn frá þeim tíma, sem síðasti gjalddagi hefði verið, ef lögin hefðu verið í gildi.

6. gr.

Vaxtagreiðandi skal halda eftir vaxtaskatti, sbr. þó síðustu málsgrein. Gildir þetta jafnt um allar lánsstofnanir og stofnanir, sem hafa gefið út opinber verðbréf, og útgefendur eða skuldara einstakra veðskuldabréfa eða umboðsmenn þeirra. Skal vaxtagreiðandi standa skil á skattinum af verðbréfum og skuldabréfum, sbr. b-lið 2. greinar, til viðkomandi skattheimtumanns samkvæmt 7. gr. innan eins mánaðar frá gjalddaga skattsins, og skal hann láta fylgja greinargerð um, hvernig skatturinn er reiknaður. Vaxtagreiðandi afhendir móttakanda vaxta kvittun fyrir skattgreiðslunni.

Vanræki vaxtagreiðandi að halda eftir vaxtaskatti, skal krefja vaxtamóttakanda um skattupphæðina, en vaxtagreiðandi er þó jafnframt ábyrgur fyrir skattinum, þar til hann er að fullu greiddur.

Lánsstofnanir, sem hafa á hendi innheimtu afborgana og vaxta af skuldabréfum þeirra aðila, sem skattskyldir eru, skulu halda eftir og standa skil á vaxtaskatti af umræddum bréfum í stað skuldunauta.

7. gr.

Lögreglustjórar — í Reykjavík tollstjóri — innheimta vaxtaskatt samkvæmt fyrirmælum 6. gr. Fylgir skattinum lögtaksréttur.

8. gr.

Kvittanir fyrir greiðslu vaxtaskatts hjá hverjum einstökum gjaldanda skulu afhentar þeim í tvíriti. Skulu skattgreiðendur láta kvittanasamritin fylgja skattframtölum sínum til skattanefndar (skattstjóra).

Skattanefndir — í Reykjavík skattstjóri — skulu jafnhliða skattskrá gera skrá yfir alla þá gjaldendur, sem eftir skattframtölunum fyrir undanfarið ár hafa haft vaxtatekjur samkvæmt 2. gr. þessara laga, og vaxtaskattgreiðslu þeirra samkvæmt framlögðum kvittunum, enda séu tekjurnar framtaldar. Þessi vaxtaskattskrá afhendist innheimtumanni tekju- og eignarskatts áður en innheimta hans er hafin, og vaxtaskattgreiðslur samkvæmt henni dragast frá þeim tekju- og eignarskatti, sem innheimta ber samkvæmt skattskrá. Nemi vaxtaskattsfjárhæð gjaldanda samkvæmt ofangreindu meiru en honum hefur verið gert að greiða í tekju- og eignarskatt, skal sá mismunur endurgreiddur.

9. gr.

Eftirlit með greiðslu vaxtaskatts hafa skattanefndir (skattstjóri). Skulu innheimtumenn láta skattanefndum í té skrá um greiðslu vaxtaskatts undanfarið ár, og skulu skránni fylgja greinargerðir skattgreiðenda, stofnana og annarra gjaldenda.

Um rannsóknar- og úrskurðarvald skattanefnda samkvæmt þessum lögum, kærur, kæruúrskurðun og viðurlög gilda ákvæði laga um tekjuskatt og eignarskatt, eftir því sem við á, sbr. þó bráðabirgðaákvæði hér á eftir.

10. gr.

Kostnaður við framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði.

Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessara laga og eftirlit með þeim.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Bráðabirgðaákvæði.

Á tveimur fyrstu árum eftir að lög þessi öðlast gildi skal eigi beita refsiákvæðum 47. gr. og 48. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt að því er snertir vaxtatekjur og vaxtaeignir, er greiða ber skatt af samkvæmt lögum þessum. Vaxtaskatt af undandregnum eignum eða tekjum er þó eigi heimilt að draga frá skattskyldum tekjum, þegar skattur er á lagður.

Greinargerð.

Frumvarp til laga um innheimtu tekju- og eignarskatts af vaxtafé kom fyrst fram á Alþingi árið 1939. Var það samið af milliþinganefnd í skatta- og tollamálum, en flutt af fjárhagsnefnd efri deildar. Til vaxtafjár var talið, samkvæmt frumvarpinu, innstæðufé hjá lánsstofnunum, opinber verðbréf og skuldabréf með veði í fasteign. Í greinargerð, sem fylgdi frumvarpinu frá milliþinganefndinni og prentuð er með frumvarpinu í þingtíðindum (Alþt. 1939, A. þingskj. 159), er þess m. a. getið, að nefndin hafi komizt að þeirri niðurstöðu, að allmikið af opinberum

verðbréfum og innstæðum væri dregið undan við skattaframtöl, og var það tilgangurinn með frumvarpinu að ná lögákveðnum skatti af þessum eignum og tekjum af þeim.

Neðri deild Alþingis gerði þá breytingu á frumvarpinu, að fyrirmæli þess skyldu aðeins gilda um innheimtu skatta af verðbréfum og skuldabréfum, en ekki innstæðufé í bönkum og öðrum lánsstofnunum. Var frumvarpið þannig breytt endursent Ed., en þar var það afgreitt með rökstuddri dagskrá.

Á næsta þingi, 1940, var málið flutt í neðri deild þingsins, en hlaut ekki afgreiðslu.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, er að mestu samhljóða því frv., er samþykkt var í neðri deild á þinginu 1939. Í því eru fyrirmæli um skattgreiðslur af verðbréfum og skuldabréfum. Verðbréfaeignir hafa aukizt mjög að undanförnu, og vextir af þeim eru nú allmiklu hærri en af innstæðum í sparisjóðsreikningum. Er því sérstök ástæða til að gera ráðstafanir til tryggingar því, að skattar verði greiddir af verðbréfaeignum og tekjum þeim, eigi síður en af öðrum fjármunum skattskyldra aðila. Hér er að engu leyti um nýja skattgreiðslu að ræða, heldur aðeins ráðstafanir til að ná lögákveðnum skatti af eignum og tekjum, sem undan hafa sloppið, án þess að það bitni í auknum skattgreiðslum á þeim, sem telja þær fram og án þess að rýra þá leynd, sem yfir þessum eignum hvílir.

Nd. 307. Frumvarp til laga

um breyting á jarðræktarlögum, nr. 101 frá 23. júní 1936.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

II.—V. lið 9. gr. laganna skal orða svo:

II.	a.	Skurðir, 1 m og grynnri	kr.	1.50	10 m³
	b.	Skurðir, dýpt 1—1,3 m.	—	1.80	— —
	c.	Skurðir, dýpt yfir 1,3 m.	—	2.50	— —
	d.	Lokuð grjótræsi, dýpt 1,1 m. og dýpri	—	2.25	10 m.
	e.	Viðarræsi, dýpt 1,1 m. og dýpri	—	1.50	— —
	f.	Hnausaræsi, dýpt 1,1 m. og dýpri	—	1.00	— —
	g.	Pípuræsi, dýpt 1,1 m. og dýpri	—	2.25	— —
III.	a.	Þaksléttur í nýrækt	—	2.00	100 m²
	b.	Græðisléttur í nýrækt	—	1.40	— —
	c.	Sáðsléttur í nýrækt	—	2.50	— —
	d.	Sáðsléttur í nýrækt, 1 árs forrækt	—	3.00	— —
	e.	Sáðsléttur í nýrækt, 2 ára forrækt	—	3.50	— —
	f.	Þaksléttur í túni	—	2.00	— —
	g.	Græðisléttur í túni	—	1.25	— —
	h.	Sáðsléttur í túni	—	2.00	— —
	i.	Matjurtagarðar	—	1.80	— —
	j.	Grjótnám úr ræktunarlandi, aldrei yfir 50 m³ á býli árlega	—	1.00	1 m³
IV.	a.	Girðingar um ræktað land, sem að vörn og varanleik jafngilda 5 strengja gaddavírsgirðingu	—	2.00	10 m.
	b.	Sama gerð, með steyptum horn- og hliðarstólpum og gegnumdreyptum stólpum eða öðrum jafngóðum	—	2.50	— —
V.	a.	Þurrheyshlöður, steyptar með járnþaki	—	1.00	1 m³
	b.	Þurrheyshlöður úr öðru efni, með járnþaki	—	0.50	— —

c. Votheyshlöður, steyptar með járnþaki, hringlaga ..... kr. 4.00 1 m³
d. Votheyshlöður af annarri lögun, steyptar með járnþaki .. — 3.50 — —

2. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður greiðir verðlagsuppbót á jarðræktarstyrk þann, sem talinn er í 9. og 11. gr., samkvæmt verðlagsvísitölu kauplagsnefndar næsta ár á undan. Af jarðabótastyrk þeim, sem talinn er í 9. og 11. gr., að viðlagðri verðlagsuppbót, renna 5% til hlutaðeigandi búnaðarfélags til sameiginlegra félagsþarfa. Styrkur sá, sem veittur er vegna verðlagsuppbótar, skal ekki talinn með við útreikning hámarksupphæða þeirra, sem um getur í 11., 13. og 16. gr.

3. gr.

11. gr. laganna orðist svo:

Búnaðarfélag Íslands skal halda spjaldskrá yfir jarðabótastyrk hvers býlis, og skal skrásetja það, er greitt hefur verið síðan jarðræktarlög, nr. 43 23. júní 1923, gengu í gildi. Skrásetning þessi tekur og til þjóð- og kirkjujarða, að því er snertir upphæðir þær, er farið hafa til afgjaldsgreiðslu býlanna, og skal telja aðeins þann hluta afgjaldsins, er nemur venjulegum jarðabótastyrk, miðað við þá dagsverkatölu, er jarðarafgjöldin voru reiknuð eftir.

Styrkur sá til jarðræktar og húsabóta, er 9. gr. ákveður, skal þessum breytingum háður:

a. Býlum, sem fengið hafa samtals minna en 2000 kr., greiðist 30% hærri styrkur.
b. Býlum, sem fengið hafa samtals 7000—10000 kr., skal greiða 50% minna fyrir hvert verk.

Býlum, sem fengið hafa samtals 2000—7000 kr., skal greiða styrk samkvæmt ákvæðum 9. gr. En býlum, sem fengið hafa fullar 10000 kr. til umbóta, greiðist enginn styrkur.

Ekki nær ákvæðið um heildarhámarksstyrk til þeirra búa, er bæjarfélög reka vegna þess, að ókleift er að flytja nauðsynlega neyzlumjólk til bæjarins handa íbúum, að dómi Búnaðarfélags Íslands.

Hækkunar á styrk þeim, er 9. gr. ákveður, njóta aðeins jarðir samkvæmt skilgreiningu 1. gr. ábúðarlaga, nr. 87 19. júní 1933, svo og nýbýli, sem rekinn er sjálfstæður búrekstur á sem aðalatvinna, að áliti Búnaðarfélags Íslands.

4. gr.

12. gr. laganna orðist svo:

Nú er býli skipt, og ef jarðarpartarnir verða í sjálfsábúð, erfðaábúð eða lífstíðarábúð, skiptist upphæð þess styrks, sem býlið hefur fengið, sbr. 11. gr., milli býlanna eftir mati trúnaðarmanna Búnaðarfélags Íslands. Frá styrkupphæðinni skal þó draga 25% áður en skipti fara fram milli býlanna. Þá upphæð, sem þannig er fengin, skal leggja til grundvallar við útreikning framhaldsstyrks fyrir umbætur á býlinu. Verði býli þessi aftur sameinuð, skal leggja saman jarðræktarstyrk þann, er þau hafa notið, og hækka þá tölu um 25%. Jarðræktarstyrk annarra býla, sem sameinuð kunna að verða, skal leggja saman án hækkunar.

5. gr.

13. gr. laganna orðist svo:

Hámarksstyrkur til hvers býlis má nema:

a. Til byggingar safngryfja og haughúsa, ... samtals kr. 1500.00
b. — — þurrheyshlaða ..... — 500.00
c. — — votheyshlaða ..... — 350.00
d. — jarðræktar á ári ..... — 600.00

6. gr.

Á eftir orðunum „sem ætla má“ í 14. gr. laganna komi: að dómi Búnaðarfélags Íslands

7. gr.

Í stað „5 þús. kr.“ í 16. gr. laganna komi: 10000 kr.

8. gr.

18. gr. laganna orðist svo:

Rétt eiga menn að stofna félag um:

a. Að útvega land og framkvæma á því félagsræktun til stofnunar nýbýla eða samvinnubyggða.
b. Að útvega íbúum kaupstaða, kauptúna og sveitaþorpa land til ræktunar og framkvæma félagsræktun á því, enda sé tryggt, að dómi hreppsnefndar eða bæjarstjórnar, að hver félagsmaður geti fengið sinn hluta af ræktunarlandinu til eignar eða erfðaleigu.
c. Að koma á sameiginlegum ræktunarframkvæmdum á landi tveggja eða fleiri lögbýla, þar sem aðstaða við framræslu lands eða jarðvinnslu gerir félagsræktun æskilega, að dómi Búnaðarfélags Íslands.
d. Jarðræktarfélög, sem ekki geta heyrt undir a-, b- eða c-lið þessarar greinar, skulu því aðeins njóta þess réttar, er 19. gr. áskilur þessum félögum:
   1. að þau hafi eignarumráð eða varanleg leiguliðanot á landi til ræktunar.
   2. að tilgangur ræktunarinnar sé aðeins framleiðsla jarðargróða.
   3. að í samþykkt sé ákveðin aðstaða hvers einstaks félagsmanns til ræktunarinnar.
   4. að Búnaðarfélag Íslands mæli með því, að félögum sé veittur sá réttur.

9. gr.

19. gr. laganna orðist svo:

Þau félög, sem stofnuð eru samkvæmt 18. gr. og fullnægja að öðru leyti skilyrðum laga þessara, skulu njóta styrks fyrir hvern félagsmann samkvæmt ákvæðum 9. gr.

Þegar byggt hefur verið yfir fólk og fénað á löndum félaga samkv. a-, b- og c-lið 18. gr., fá býlin styrk samkvæmt ákvæðum 9. og 11. gr.

10. gr.

20. gr. laganna orðist svo:

Þeir, sem hafa ákveðið að stofna félag samkvæmt 18. gr., skulu á stofnfundi setja því samþykkt. Í samþykkt skulu vera ákvæði um:

a. Nafn félagsins, heimili þess og varnarþing.
b. Markmið félagsins og fyrirhugaðar framkvæmdir.
c. Atkvæðisrétt á félagsfundum, vald og verksvið félagsfunda og skilyrði fyrir lögmæti þeirra.
d. Skipun félagsstjórnar, kosning hennar, kjörtímabil og vald hennar í félagsmálum.
e. Hverjar landareignir félagið hafi til umráða.
f. Hvernig fara skuli um greiðslu kostnaðar þess, sem félagsskapurinn hefur í för með sér.
g. Bókhald félagsins og endurskoðun.
h. Heimildir til lántöku og ábyrgð meðlima vegna skuldbindinga félagsins.
i. Breytingar samþykkta, félagsslit og hvernig eignum félagsins skuli ráðstafað.

Samþykkt skal vera staðfest af atvinnumálaráðuneytinu, að fenginni umsögn Búnaðarfélags Íslands. Ræktunarfélög, sem stofnuð eru samkvæmt ákvæðum þessa kafla, skulu skrásett.

11. gr.

21. gr. laganna orðist svo:

Nú þykir hreppsnefnd hætta á, að þau ræktunarlönd, er í 48. gr. getur, komist við eigendaskipti á fárra manna hendur, svo að þrengist um ræktunarlönd fyrir aðra hreppsbúa, og hefur hún þá fyrir hönd hreppsins forkaupsrétt á löndunum. Bæjarstjórnir í kaupstöðum hafa og sama rétt. Sbr. lög nr. 55 15. júní 1926.

12. gr.

24. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður skal árlega greiða 80000 krónur til verkfærakaupasjóðs.

Búnaðarfélag Íslands annast rekstur sjóðsins samkvæmt ákvæðum þessara laga.

13. gr.

25. gr. laganna orðist svo:

Tilgangur sjóðsins er að létta undir með bændum, einstökum eða fleirum í félagi, svo og búnaðarfélögum, til að eignast eftirtaldar vélar og verkfæri:

1. Hestverkfæri til jarðyrkju, forardælur, steingálga og verkfæri vegna garðyrkju og kornræktar.
2. Heyvinnuvélar, svo sem sláttuvélar, rakstrarvélar, snúningsvélar og heybindingsvélar.
3. Tóvinnuvélar til heimilisiðnaðar, svo sem handspunavélar, prjónavélar og vefstóla.
4. Dráttarvélar með tilheyrandi verkfærum og minni skurðgröfur.

Styrkurinn nemi allt að ⅓ af kaupverði þeirra verkfæra, sem talin eru í 1.—3. tölulið þessarar greinar, en allt að ¼ af kaupverði vélanna eða verkfæranna, sem talin eru í 4. tölulið. En aldrei skal þó styrkurinn fara yfir 700 krónur samtals til sama manns.

14. gr.

26. gr. laganna orðist svo:

Styrkur til kaupa á dráttarvélum og skurðgröfum veitist aðeins búnaðarsamböndum og búnaðarfélögum, einu eða fleirum í félagi. Er styrkurinn þessum skilyrðum bundinn:

1. Að kaupin hafi verið samþykkt á almennum fundi í hlutaðeigandi félagi eða félögum.
2. Að Búnaðarfélag Íslands telji áhöldin félögunum nauðsynleg.
3. Að félagið hafi hús yfir áhöldin, selji þau ekki nema með samþykki félagsfundar og Búnaðarfélags Íslands.

15. gr.

27. gr. laganna orðist svo:

Umsóknir um styrk úr sjóðnum skal senda stjórn hlutaðeigandi búnaðarfélags, sem innfærir þær ásamt áliti sínu í gerðabók félagsins og sendir þær svo ásamt umsögn sinni til Búnaðarfélags Íslands, sem fellir fullnaðarúrskurð um umsóknirnar og útvegar verkfærin.

16. gr.

28. gr. laganna orðist svo:

Innstæður, sem einstök búnaðarfélög eiga í sjóðnum, skulu áfram vera séreign þeirra. Skal þeim varið til að styrkja verkfærakaup viðkomandi félaga eða meðlima þeirra, og fá þessir aðilar ekki styrk úr sameiginlegum sjóði, fyrr en innstæða þeirra er eydd. Skuldir þær, sem safnazt hafa hjá einstökum búnaðarfélögum, skulu greiddar úr sameiginlegum sjóði á næstu tveim árum.

17. gr.

29. gr. laganna orðist svo:

Sjóðinn skal ávaxta í Búnaðarbanka Íslands. Reikningar hans skulu endurskoðaðir af endurskoðendum Búnaðarfélags Íslands.

18. gr.

30. gr. laganna orðist svo:

Eign vélasjóðs, sem nú er kr. 68969,93, verður stofnfé sjóðsins, og má ekki skerða það. Við stofnféð skal árlega leggja helming þess vaxtafjár, sem sjóðnum áskotnast, svo og ef afgangur verður af rekstrarfé sjóðsins.

Ríkissjóður skal árlega greiða sjóðnum 25000 krónur, sem verður ásamt helmingi vaxtanna rekstrarfé hans.

19. gr.

31. gr. laganna orðist svo:

Starfsemi sjóðsins skal vera tvískipt. Skal ⅔ af stofnfé hans varið til útlána vegna vélakaupa í þágu landbúnaðarins. Setur landbúnaðarráðuneytið reglur um lánastarfsemi sjóðsins, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

⅓ hluta af stofnfé sjóðsins skal nota til vélakaupa samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 20. gr. þessara laga.

20. gr.

32. gr. laganna orðist svo:

Vélasjóður kaupir og gerir tilraunir með vélknúðar jarðræktarvélar og minni skurðgröfur, sem ætla má, að hæfi hérlendum staðháttum. Vélar þær, er að dómi verkfæranefndar reynast nothæfar, skal búnaðarsamböndum, félögum eða einstaklingum gefinn kostur á að eignast með sanngjörnu verði.

21. gr.

33. gr. laganna orðist svo:

Kostnaður við tilraunir þær, er 20. gr. gerir ráð fyrir, þar með talinn rekstrarkostnaður vélanna meðan tilraunir standa yfir, greiðist úr vélasjóði.

22. gr.

34. gr. laganna orðist svo:

Ríkið kaupið stærri skurðgröfur til meiri háttar framræslu, áveituframkvæmda eða breytingar vatnsfarvega, enda liggi fyrir rökstutt álit Búnaðarfélags Íslands, að þeirra sé þörf.

Sé nauðsynlegt að gera tilraunir með skurðgröfur þessar, áður en þær eru teknar í notkun, greiðist sá kostnaður úr vélasjóði.

23. gr.

35. gr. laganna orðist svo:

Búnaðarfélag Íslands skal hafa umsjón og eftirlit með skurðgröfum ríkisins. En atvinnumálaráðuneytið setur reglur um rekstur þeirra, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

24. gr.

36. gr. laganna orðist svo:

Landþurrkunar- eða áveitufélag, sem stofnað er samkvæmt fyrirmælum vatnalaganna frá 1923, 4. og 8. kafla, hefur rétt til að fá eina eða fleiri af skurðgröfum ríkisins lánaðar, svo fljótt sem ástæður leyfa, enda hagi svo til, að hentugt sé að nota þar skurðgröfu.

Ríkið lánar skurðgröfurnar án endurgjalds, greiðir allan kostnað af flutningi þeirra milli vinnustaða og hefur umsjón með viðhaldi þeirra.

25. gr.

37. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður greiðir að ⅓ kostnað þann, er leiðir af starfsemi landþurrkunar- og áveitufélaga, sem um getur í 36. gr., svo sem rekstri skurðgrafnanna (þar með talið nauðsynlegt viðhald þeirra, varahlutir og vátrygging), öðrum skurðagrefti, byggingu flóðgátta og flóðgarða. ⅓ kostnaðar heimilast landþurrkunar- eða áveitufélögum að taka að láni, en ⅓ skulu landeigendur leggja fram sjálfir, um leið og verkið er framkvæmt.

Verk þau, sem styrkt eru af ríkinu á þennan hátt, geta ekki notið styrks samkvæmt II. kafla þessara laga.

26. gr.

38. gr. laganna orðist svo:

Búnaðarfélag Íslands hefur á hendi reikningshald vélasjóðs. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum Búnaðarfélags Íslands.

27. gr.

Aftan við 45. gr. laganna bætist:

Eru jarðabætur, sem unnar eru á slíku landi, því aðeins styrkhæfar, að fylgt sé tillögum þessum eða breytingum við þær, sem Búnaðarfélag Íslands hefur fallizt á.

28. gr.

Í stað bráðabirgðaákvæða laganna komi svo hljóðandi

Ákvæði til bráðabirgða.

Næstu 10 ár skal þúfnasléttun í túni styrkt með 400—500 kr. pr. ha., eftir tegund jarðabótarinnar, samkvæmt reglugerð, enda skal styrkurinn bundinn því skilyrði, að minnst ⅒ túnþýfisins sé sléttaður árlega, meðan þessi ákvæði gilda.

Ákvæði þetta skal miða að því að útrýma öllu túnþýfi á næstu 10 árum.

Búnaðarsamböndin skulu hvert á sínu svæði hafa mælt allt túnþýfi áður en fyrsta úttekt til styrkgreiðslu í þessu skyni fer fram á viðkomandi sambandssvæði.

Undir þessa mælingu heyrir aðeins það túnþýfi, sem eftir er ósléttað af hinu upprunalega túni, enda heyri ekki þar undir fitjar eða óhæfilega grýtt tún.

Búnaðarfélag Íslands gefur út nánari fyrirmæli til búnaðarsambandanna viðvíkjandi mælingu túnþýfis og úttekt til styrkgreiðslu á þessar jarðabætur.

Greinargerð.

Á búnaðarþingi 1939 skipaði þingið þriggja manna milliþinganefnd, sem skyldi taka til meðferðar ýmis vandamál landbúnaðarins. Eitt verkefni þessarar nefndar, en hana skipuðu þeir Hafsteinn bóndi Pétursson á Gunnsteinsstöðum, Jón bóndi Sigurðsson á Reynistað og Þorsteinn bóndi Sigurðsson á Vatnsleysu, var að endurskoða jarðræktarlögin.

Nefndin skilaði tillögum sínum fyrir búnaðarþing það, sem sat að störfum í febrúarmánuði s.l. Búnaðarþing hafði breytingartillögur milliþinganefndarinnar til rækilegrar yfirvegunar og samþykkti síðan frv. til laga um breyting á jarðræktarlögum.

Frumvarp þetta var sent landbúnaðarnefnd Nd. Hefur nefndin yfirfarið frv. rækilega og gert við það nokkrar breytingar. Þótt nefndin flytji frumvarpið og sé því samþykk í öllum aðalatriðum, hafa nefndarmenn samt óbundnar hendur um einstök atriði þess.

Hér skal stuttlega skýrt frá þeim helztu breytingum, sem frumvarp þetta gerir á gildandi jarðræktarlögum.

Um breytingar á II. kafla laganna (Um styrki til jarðræktar og húsabóta).

Styrkur til framræslu er hækkaður nokkuð frá því, sem verið hefur. Mun hækkunin nema nálægt 20%. Þó er það dálítið breytilegt eftir því, um hvaða tegund af skurðum og ræsum er að ræða. Framræslan hefur alltaf verið styrkt of lítið á móts við jarðvinnslu. Þess vegna hefur stundum verið vanrækt að þurrka nýræktarlandið nægilega. Er það álit vort, að eina ráðið til þess að bæta úr þessu sé, að styrkur verði sambærilegur við þann styrk, sem veittur er til jarðvinnslunnar.

Lagt er til, að styrkur til þaksléttna verði hækkaður lítils háttar. Þessi ræktunaraðferð er nú óvíða viðhöfð, og þá aðallega þar, sem jörð er svo grýtt, að hestaverkfærum verður ekki við komið. Þá er og lagt til, að hækkaður verði styrkur á sáðsléttur, sem eru þannig gerðar, að landið hefur verið ræktað í eitt eða tvö ár, áður en grasfræi var sáð.

Þá er og lagt til að hækka allverulega styrk til votheystófta. Er hin mesta nauðsyn að auka votheysgerð mjög frá því, sem er, þótt nokkuð hafi skipazt í því efni síðustu árin. Áhrifaríkast verður að hækka styrkinn eins og hér er lagt til.

Þá er gert ráð fyrir samkvæmt 2. gr. frumvarpsins, að verðlagsuppbót verði greidd á jarðræktarstyrkinn. Er ætlazt til, að verðlagsuppbót þessi miðist við meðalverðlagsvísitölu kauplagsnefndar næsta ár, áður en styrkurinn er greiddur. Eigi að halda áfram nokkrum jarðræktarframkvæmdum, meðan verðbólga sú ríkir, sem nú er, verður að greiða einhvers konar verðuppbætur, og þykir þá rétt og sjálfsagt að miða þær við þær uppbætur, sem greiddar eru á laun starfsmanna ríkisins og annarra launþega þjóðfélagsins.

Ákvæðum jarðræktarlaganna um hámarksstyrk til býla er allmikið breytt. Heildarhámarksstyrkur til hvers býlis er hækkaður úr 5 þús. krónum í 10 þúsund krónur, en jafnframt er ákveðið, að býli, sem fengið hafa yfir 7000 krónur í heildarstyrk, verði aðeins greiddur hálfur styrkur út á hvert verk, miðað við ákvæði 9. gr. laganna. Nefndarmenn hafa nokkuð skiptar skoðanir um, á hvern hátt eigi að koma þessu fyrir, en þetta er samkomulagstillaga, sem nefndin öll stendur að. Hins vegar er býlum, sem fengið hafa innan við 2000 krónur, veittur 30% hærri styrkur fyrir hvert verk heldur en 9. gr. ákveður. En áður var hér miðað við 1000 króna hámark til býlis og aðeins veitt 20% uppbót. Heildarhámarksstyrkur á votheyshlöður er ákveðinn 350 krónur, en áður var hámark á allar heyhlöður, þar með taldar votheyshlöður, 500 krónur, en þá upphæð er nú heimilt að veita til hvers býlis sem styrk á þurrheyshlöður. Hins vegar hefur hámarksstyrkur til jarðræktar til hvers býlis verið lækkaður úr 800 krónum í 600 krónur. Telur nefndin, að ástæðulaust sé að veita hærri upphæð árlega en hér er lagt til.

Til landbúnaðarnefndar hefur verið vísað frumvarpi frá Gísla Sveinssyni o. fl. um að fella niður 17. gr. jarðræktarlaganna. Nefndin hefur rætt þetta atriði allmikið, og er það vilji allra nefndarmanna að reyna að finna samkomulagsgrundvöll, svo að takast megi að leysa þetta gamla deiluefni, svo að báðir aðilar megi vel við una. Mun nefndin starfa að því undir meðferð frumvarpsins hér í deildinni.

Nokkrar smærri breytingartillögur leggur nefndin til, að gerðar verði við II. kafla jarðræktarlaganna, en telur ekki ástæðu til að skýra þær sérstaklega.

Um breytingar á III. kafla laganna (Um félagsræktun).

Þessum kafla jarðræktarlaganna hefur verið breytt í ýmsum atriðum og aukinn að miklum mun.

Nefndin taldi rétt að setja ýmis nánari ákvæði um markmið, formlega stofnun og starfsemi félaga, er rétt öðlast samkvæmt ákvæðum kaflans. Enn fremur er sett ákvæði um, að samþykktir félaganna skuli staðfestar af ráðuneyti því, er fer með landbúnaðarmál. Þá hefur og þótt rétt að setja ákvæði um íhlutunarrétt sveitar- og bæjarstjórna, er sérstaklega stendur á.

Um ákvæði hinna einstöku greina frv. skal sérstaklega tekið fram:

Um 8. gr. Félög, sem stofnuð eru samkvæmt a- og c-lið, er gert ráð fyrir, að hafi

sem markmið að undirbúa stofnun nýbýla og stuðla þar með að fjölgun sjálfstæðra lögbýla, er notendur geti haft fullt lífsframfæri af.

Félög, sem stofnuð eru samkvæmt b-lið, er ætlazt til, að hafi það verksvið að undirbúa og framkvæma félagsræktun á löndum, er félagar þeirra fá á erfðaleigu til framleiðslu búsafurða, er geti verið stuðningur í lífsframfæri þeirra, er aðalatvinnu stunda í kauptúnum og þorpum.

Sveitar- og bæjarstjórnir þykja vegna kunnugleika og annarrar aðstöðu sjálfsagður aðili um að gæta þess, að tryggður sé sá réttur einstakra félagsmanna, er í b-lið getur.

Rétt þykir, að í þessum kafla séu ákvæði, er taki til annarrar félagsræktunar, sem bundin er við sameiginleg eignar- eða leiguumráð á landi, meðal annars til að tryggja, að aðeins verði styrkt sú ræktun, er hefur að markmiði framleiðslu á hagnýtum jarðargróða, og að fyrirfram sé ákveðin aðstaða hvers einstaks félagsmanns til ræktunarinnar.

Um 10. gr. Rétt þykir að setja ákvæði um samþykktir ræktunarfélaga, og með ákvæðunum er í aðalatriðum sett skilyrði fyrir því, að samþykkt geti orðið staðfest, sem sjálfsagt þykir, að það ráðuneyti geri, er fer með landbúnaðarmál, að fenginni umsögn Búnaðarfélags Íslands. Vegna þeirra félaga, sem í miklar framkvæmdir ráðast, þykir rétt, að félögin séu skrásett.

Um 11. gr. Sveitar- og bæjarstjórnir eru sjálfkjörnir aðilar, ef hætta þykir á, að ræktunarlönd þau, er í 18. gr. getur, geti við eigendaskipti komizt á fárra manna hendur, svo að þrengist um ræktunarlönd fyrir aðra hrepps- eða bæjarbúa, og er því lagt til, að um þessi lönd gildi þau ákvæði, að þessir aðilar hafi forkaupsrétt.

Um breytingar á IV. kafla laganna (Um verkfærakaupasjóð).

Verkfærakaupasjóður hefur komið að stórmiklu gagni og stuðlað mjög að því, að efnalitlir bændur hafa getað keypt jarðvinnslu- og heyvinnuvélar. Við framkvæmd þeirra lagaákvæða hefur þó komið í ljós, að nauðsynlegt er að breyta skipulagi verkfærakaupasjóðsins allmikið frá því, sem nú er.

Höfuðbreyting sú, sem nefndin leggur til, að sé gerð á fyrirkomulagi sjóðsins, er, að hann verði gerður að óskiptum sameignarsjóði allra hreppabúnaðarfélaga í landinu, í stað þess að fé því, sem hann hefur haft til umráða, hefur verið skipt milli hreppabúnaðarfélaganna árlega og hlutdeild hvers félags því verið séreign þeirra.

Verkfærakaupasjóður hefur síðan 1928 verið starfræktur á þessum grundvelli. Það kom strax í ljós, meðan sjóðnum aðeins var ætlað að styrkja bændur til að kaupa hestaverkfæri, að mörg hreppabúnaðarfélögin höfðu ekki aðstöðu til að nota það fé á þann hátt, er lögin gerðu ráð fyrir, þar sem einstaklingum þótti henta betur, að tveir eða fleiri væru í samlögum um eign og notkun jarðvinnslutækjanna. Síðar var verksvið sjóðsins aukið, þegar upp var tekið að styrkja heyvinnuvélar og tóvinnuvélar til heimilisiðnaðar í sveitum.

Við þá breytingu notuðu fleiri félög innstæður sínar, en ljóst var þó strax, að þau félögin, sem mesta þörf höfðu fyrir jarðyrkjuverkfæri og mest höfðu keypt af þeim, keyptu einnig mest af heyvinnuvélum, en aðstaða þeirra til að styrkja þau kaup varð því erfiðari sem verksvið sjóðsins jókst. Þegar nýju jarðræktarlögin voru sett, var breytt þeim grundvelli, sem skipting fjárins milli félaga var byggð á. Skipting þessi hafði verið byggð á tölu jarðabótamanna, en var breytt á þann hátt, sem er í núgildandi lögum, að það reiknast eftir tölu félagsmanna að ⅓, en að ⅔ eftir tölu jarðabótamanna. Þetta gat þó ekki jafnað milli félaganna, því verkfæraþörfin er svo misjöfn eftir staðháttum. Heimildin til að lána upp á væntanlegar innstæður bætti nokkuð úr brýnustu þörf, en raunverulega aðeins fyrst eftir að breytingin var gerð.

Innstæður og skuldir félaga hafa verið þessar:

	Innstæða kr.	Skuldir kr.
1. jan. 1938	70168.70	16490.91
1. — 1939	70246.39	18449.82
1. — 1940	73075.65	15265.78
1. — 1941	74453.00	12220.13

Félög, sem eiga innstæður 1940, eru 149, en 146 árið 1941. Félög, sem skulda, eru árið 1940 68, en 1941 eru þau 74.

Þegar athugaður er rekstur sjóðsins, verður ljóst, að innstæður eru hjá mörgum félögum óhreyfðar, og nokkur félög hafa aldrei notfært sér fé sitt, vegna þeirrar einskorðunar, sem verður að vera um styrkveitingarnar.

Önnur félög hafa verið að reyna að skipta árlegum tekjum til styrks á keypt verkfæri félaga sinna, og hafa styrkfjárhæðirnar þannig orðið aðeins lítilfjörlegur hluti af verði vélanna, eða frá 20—50 krónur á vélar, er kosta 400—700 krónur.

Nefndin er sammála um, að betur náist sá tilgangur, sem sjóðnum er ætlað að hafa, með því að sjóðurinn sé óskiptur. Búnaðarfélögin dæmi um nauðsyn og verðleika félagsmanna til að njóta styrks, en Búnaðarfélag Íslands, sem hefur nákvæma spjaldskrá um allar styrkveitingar síðan 1928, felli fullnaðarúrskurð um, hve mikill og hverjum er veittur styrkur árlega.

Markmið sjóðsins er að sjá fyrir þörf bænda til að geta eignazt nauðsynlegustu vinnuvélar. Til þess að það geti orðið þarf að beina fénu til styrktar á þá staði, sem mesta hafa þörfina á hverjum tíma, og er það gert mögulegt með því fyrirkomulagi, sem hér er gert ráð fyrir.

Um hinar einstöku greinar frv. skal tekið fram:

Um 12. gr. Ástæðurnar fyrir breytingu hennar eru þegar teknar fram.

Um 13. gr. Þar er nokkru nánar skilgreint en áður, hver verkfæri eru styrkhæf. Hámark til hvers einstaklings er hækkað úr 400 í 700 kr., og er þá gengið út frá, að bóndinn geti eignazt hinar allra nauðsynlegustu vinnuvélar.

Um 14. gr. Þar eru sett nokkru ákveðnari skilyrði fyrir styrkveitingum til dráttarvéla og skurðgrafna.

Um 16. gr. Er afleiðing þeirrar efnisbreytingar, sem gerð er á lögunum. Félögin halda vitanlega þeirri séreign sinni, sem þegar er til orðin, en ætlazt er til, að skuldir félaganna við sjóðinn séu afborgaðar úr sjóðnum á tveim árum.

Um breytingar á V. kafla laganna (Um vélasjóð).

Þessi kafli jarðræktarlaganna hefur einkum komið að gagni til þess að gera hreppabúnaðarfélögum kleift að geta keypt dráttarvélar til jarðvinnslu. Meginhlutinn af fé sjóðsins hefur staðið í þess konar lánum. En þar sem mjög lítið hefur verið keypt af slíkum vélum síðustu árin, er meginhluti af fé sjóðsins, sem er fast við 70 þús. krónur, nú í sjóði.

Í gildandi lögum er svo fyrir mælt, að ríkissjóður skuli greiða vélasjóði 50 þús. krónur í eitt skipti fyrir öll. Af þessu stofnframlagi hafa verið greiddar 35 þús. kr. Með frumvarpi þessu er ætlazt til, að ríkissjóður greiði árlegt gjald til vélasjóðs, að upphæð 25 þús. krónur.

Er ætlazt til þess, að starfsemi vélasjóðs verði tvíþætt. Sumpart verði honum varið til útlána vegna vélakaupa í þágu landbúnaðarins, en sumpart til þess að gera tilraunir með nýjar tegundir vélknúinna jarðræktarverkfæra. Er hin mesta þörf á því, að í tilraunaskyni megi kaupa ýmsar nýjar vélar, svo sem jarðvinnsluvélar, minni skurðgröfur og fleiri þess konar vélknúin tæki, sem að gagni geta komið við ýmsar meiri háttar landbúnaðarframkvæmdir. Eins og nú er getur vélasjóður alls ekki sinnt þessu verkefni, en fengist árlegt framlag úr ríkissjóði til vélasjóðs, mundi hann geta sinnt því verkefni, og tvímælalaust til stórmikils gagns fyrir landbúnaðinn.

Um breytingar á VII. kafla laganna (Um erfðaleigulönd).

Við þennan kafla jarðræktarlaganna er aðeins gerð ein smávægileg breytingartillaga. Stefnir hún að því að gefa Búnaðarfélagi Íslands meira vald til eftirlits með þeim framkvæmdum, sem gerðar eru á erfðafestulöndum við kaupstaði og kauptún.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Bætur samkvæmt þessu frumvarpi verða aðeins greiddar fyrir tjón, sem orsakast af eiginlegum styrjaldarathöfnum ófriðaraðila hér á landi, svo sem vopnaviðskiptum, sprengjuárásum flugvéla o. s. frv., eða afleiðingum slíks athæfis, t. d. eldsvoða, sem hlýzt af flugvélaárásum. Aftur á móti greiðir tryggingin ekki bætur fyrir skemmdir eða annað óhagræði, sem menn kunna að verða fyrir vegna hérvistar brezka setuliðsins, enda hafa Bretar, svo sem kunnugt er, heitið því að bæta allt það tjón, sem þeir orsaka beinlínis.

Um einstök atriði frumvarpsins skal það tekið fram, sem hér fer á eftir.

Um I. kafla.

Kaflinn er um stofnun ófriðartrygginganna og gefur ekki tilefni til frekari athugasemda en þegar er drepið á hér að framan.

Um II. og III. kafla.

Eins og að framan segir, verður fyrirkomulag tryggínga samkvæmt þessum köflum líkt og á eldsvoðatryggingum. Landið verður samkv. 4. gr. eitt tryggingarsvæði, en vegna þess, hversu mismunandi ófriðartjónshættan hlýtur að vera á ýmsum stöðum í landinu, er ekki hægt að fara eftir venjulegum eldsvoðatryggingareglum um iðgjöld, heldur verður óhjákvæmilegt að miða þau við hættuna, sem ætla má að vofi yfir á hverjum stað, og skipta fasteignum og öðru tryggingarskyldu verðmæti í áhættuflokka með mismunandi iðgjöldum. Hins vegar má búast við því, ef til flugsprengjuárása eða herskipaárása kemur eða vopnaviðskipta á landi, að svo mikið tjón geti af hlotizt, að telja megi þjóðarógæfu, sem rétt sé, að allir landsmenn taki einhvern þátt í, og þykir því rétt, að allir eigendur tryggingarskyldra verðmæta samkvæmt II. og III. kafla taki þátt í iðgjaldagreiðslu, enda þótt tjónshættan megi sums staðar teljast mjög lítil eða hverfandi.

Mörg af verðmætum þeim, sem ætla má, að ráðuneytið mundi skv. 3. gr. ákveða að skyldi falla undir þessa kafla, sérstaklega II. kafla, eru eftir eðli sínu hvorki tryggingarskyld til brunabóta né tryggð gegn eldsvoða, svo sem steingirðingar, rafstöðvastíflur og hafnarmannvirki, og þarf því að meta þau til tryggingar samkvæmt frumvarpinu. Er gert ráð fyrir því í 5. gr.

Samkvæmt 9. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að bætur verði að jafnaði ekki greiddar fyrr en að ófriðinum loknum. Frá þessu eru þó gerðar undantekningar í 31. gr., þegar gerðar eru ráðstafanir tafarlaust til að endurbæta skemmdir á hinum tryggðu eignum og endurbótunum lokið innan tiltekins tíma. Þá getur tryggingarstjórnin ákveðið að bæta tjónið að nokkru leyti, þó að jafnaði ekki að meira en hálfu leyti. Er þetta gert með það fyrir augum, að það gætið orðið mörgum erfitt, eða jafnvel ókleift, að gera

við miklar skemmdir, ef þeir gætu ekki gert sér von um aðstoð tryggingarinnar til þess fyrr en eftir ófriðarlok, sem ekki er hægt að gizka á, hvenær muni verða. Önnur undantekning frá þessu felst í ákvæðum 2. mgr. 6. gr., þar sem ákveðið er, að áfallnar bætur ávaxtist með 5% á ári, sem fyrst og fremst gangi til þess að greiða með umsamda vexti af þinglesnum veðskuldum, með tryggingu í hinni skemmdu eða eyðilögðu eign. Er þetta gert til þess að draga nokkuð úr tjóni því, sem eigendur þessara verðmæta verða fyrir af því, að eignin sé arðlaus og ónothæf um langan tíma. Þá eru í sömu málsgr. ákvæði um það, að tryggingin greiði einnig umsamdar afborganir lána, sem á hinum skemmdu eða glötuðu verðmætum hafa hvílt, og er jafnframt gert ráð fyrir, að greiðslufrestur fáist, að nokkru leyti, á stuttum lánum. Hefur þótt nauðsynlegt að setja þessi ákvæði til þess að koma í veg fyrir það, að veðhafar geti gengið að veðinu eða væntanlegri bótafjárhæð vegna vanskila á lánum þeirra, meðan eigandi hefur ekki þær tekjur af eigninni, er geri honum kleift að standa í skilum með umsamdar afborganir.

Iðgjöld eru ekki ákveðin í frumvarpinu, en þó er í 7. gr. tiltekið hámark, sem þau geta ekki farið fram úr samtals, og er það 10% af upphæðum þeim, sem iðgjöldin reiknast af. Er hin sama hámarkshundraðstala ákveðin fyrir vélar og tæki í 15. gr. Árleg iðgjöld af fasteignatryggingunni mega samkvæmt 8. gr. ekki fara fram úr 1% af vátryggingarverði hinnar tryggðu eignar og samkv. 15. gr. í vélatryggingunni ekki fram úr 2% af vátryggingarverðinu. Hefur þótt nauðsyn bera til að gera þennan mun á árgjaldi fasteigna og véla, vegna þess að vélar eru yfirleitt endingarminni verðmæti en fasteignir. Annars er ætlazt til, að ráðuneytið ákveði iðgjöldin, þegar til kemur, eftir því sem þá standa efni til.

10. gr. ákveður um greiðslu bóta til veðhafa og eigenda, og eru ákvæðin sett til þess að tryggja rétt veðhafa.

Ákvæði 11. gr. eiga að tryggja mönnum áfram leigurétt í húsum, sem skemmast af hernaði, þegar gert hefur verið við þau.

Það er sjálfsagt mál, að menn tilkynni tryggingunni, svo fljótt sem auðið er, ófriðartjón, sem menn verða fyrir, til þess að tryggingin hafi jafnan sem gleggst yfirlit yfir ástandið. Nær ákvæði 12. gr. um þetta jafnt til tjóns samkv. II. sem III. kafla.

Samkvæmt 13. gr. er tryggingarskylda á vélum og tækjum, sem eru yfir 2000 kr. virði, og skal tryggingin miðast við brunabótaverð, nema annað sé til tekið af tryggingartaka og samþykkt af tryggingarstjórninni, sbr. 4. gr.

Samkvæmt 8. gr. er gert ráð fyrir, að innheimtumenn brunabótagjalda innheimti *jafnframt* ófriðartryggingariðgjöld af fasteignum, og samkvæmt 15. gr. eiga brunatryggingarfélög að innheimta iðgjöld af vélum og tækjum, og yrðu það að sjálfsögðu þau félög, sem vélarnar eru eldsvoðatryggðar hjá, þar sem þær eru yfirleitt tryggðar fyrir eldsvoða, en þau félög munar lítið um að innheimta einnig ófriðariðgjöldin jafnframt eldsvoðaiðgjöldunum. Ráðuneytið ákveður þóknun fyrir innheimtuna samkv. 16. gr. og fyrir aðra aðstoð, sem félögin veita.

Um IV. kafla.

Vörubirgða- og lausafjártryggingu þeirri, sem þessi kafli fjallar um, er fyrir komið á allt annan veg en tryggingunum samkvæmt II. og III. kafla, eins og að framan er sagt. Samkvæmt þessum kafla eru allir lausafjármunir í landinu, sem ekki eru eign erlendra manna eða stofnana, sem ekki eiga hér heimili og greiða skatta og gjöld sem aðrir landsmenn, tryggðir gegn ófriðartjóni að ¾ hlutum og að fullu að því er tryggingarverðmætið nemur meira en 20000 krónum, sbr. 20. gr. frv. Þar sem hér er um að ræða allt lausafé landsmanna, annað en vélar og tæki, sbr. III. kafla, og þess er vænzt, að aldrei geti orðið ófriðartjón nema á litlum hluta þess, hefur það þótt of umsvifamikið að heimta inn venjuleg iðgjöld, svo sem af tryggingu til brunabóta, af öllu fólki, sem eitthvert lausafé ætti, enda mundi sennilega aldrei nást til iðgjalda af öllu lausafé. Enda þótt iðgjaldaleiðin hefði verið í mestu samræmi við

það, sem tíðkast um tryggingar yfirleitt, varð því að fara aðra leið, og var valin sú leið að taka iðgjöldin með tolli af öllum innfluttum og útfluttum vörum. Það má að vísu segja, að þetta komi ekki jafnt niður á einstaklingana, miðað við verðmæti lausafjármuna þeirra, sem þeir eiga tryggða, og við skemmdahættu á þeim. Eigi að síður hefur ekki fundizt önnur fær leið í þessu efni en sú, sem farin er í frv. Stærstu verðmætin, sem tryggð eru samkvæmt IV. kafla, eru vörubirgðir, en farist þær, lendir — auk ¼ hluta verðmætisins, allt upp að 5000 kr. — á eigandanum iðgjaldið, tollurinn, sem má nema allt að 2%, auk almennrar þátttöku í iðgjaldagreiðslunni.

Við tryggingu sem þá, er hér ræðir um, er svo ástatt, að eigendur hinna tryggðu verðmæta geta engin áhrif haft á það, hvort tjón verður, eins og hugsanlegt er um eldsvoðatryggingar. Er því þannig bægt frá nokkru af þeirri hættu, sem eldsvoðatryggingu er samfara. Á hinn bóginn getur af hernaði hlotizt stórkostlegra tjón á verðmætum en gera þarf ráð fyrir af eldsvoða, t. d. ef kveikt er í bæ á mörgum stöðum í senn og ekki tök á að slökkva víða í einu. Getur þannig hlotizt af slíku þjóðarógæfa, sem sanngjarnt er, að allir borgarar þjóðfélagsins taki þátt í, hvort sem eignir þeirra eru í mikilli eða lítilli hættu af styrjaldarathöfnum. Er þar hið sama sjónarmið ráðandi og um fasteigna- og véltryggingarnar, en með skattfyrirkomulaginu er ekki hægt að miðla svo til iðgjaldagreiðslunni eftir áhættunni sem hægt er við hinar tryggingarnar, þar sem landinu má skipta í áhættusvæði með mismunandi iðgjöldum. Verður ekki við þessu gert, enda sjálfsagt, að allir taki a. m. k. þátt í vörutryggingunni, með því að greiða sama hundraðsgjald af þeim vörum, sem þeir nota, sem sé allt að 2% verðtoll. Vitanlega er áhættan mismunandi fyrir annað lausafé, sem tryggt er með þessum tolli, en það er þó allt tryggt, og hættan er hvergi með öllu útilokuð, þó að hún verði að teljast mjög lítil víða í landinu.

Með 18. gr. er ríkisstjórninni heimilað að láta umræddar tollgreiðslur koma til framkvæmda, ef til þess kemur, að tjón verði á vörubirgðum eða öðru lausafé.

Með 19. gr. er kveðið á um innheimtufyrirkomulag tollanna, sem verður hið sama og annars verðtolls og útflutningsgjalds.

Í 20. gr. er m. a. gert ráð fyrir, að mat á tjónbótum verði framkvæmt á sama hátt og um brunabótatjón, að því leyti sem við á, en það mun vera yfirleitt.

21. gr. svarar til 12. gr. um fasteigna- og vélatrygginguna, nema hvað frestirnir eru hér styttri, sem sjálfsagt er, þegar af þeirri ástæðu, að önnur ákvæði eru hér um útborgun bótanna, sbr. 22. gr., og erfiðara verður um útvegun allra upplýsinga, er frá líður.

Samkvæmt 22. gr., sem svarar til 9. gr., um fasteigna- og vélatryggingarnar, er ætlazt til, að tjón á öðrum lausafjármunum en vörubirgðum verði bætt að hálfu þegar er það hefur verið gert upp, en hinn helmingurinn af bótunum verði ekki greiddur fyrr en í ófriðarlok. Þetta er að vísu ríflegra en ákveðið er um fasteignir og vélar, en þetta hefur þótt nauðsynlegt til þess að hjálpa mönnum, sem misst hafa innanstokksmuni sína og fatnað, til að útvega sér hið bráðnauðsynlegasta þegar er tjónið hefur verið gert upp. Um ávöxtun þess bótafjár, sem ekki verður greitt fyrr en að styrjöldinni lokinni, eru hér hliðstæð ákvæði við það, sem samkvæmt 6. gr. gildir um ávöxtun bóta fyrir fasteignir og vélar, svo og um vexti og afborganir af lánum, sem kunna að vera tryggð með veðrétti í hinum glötuðu eða skemmdu lausafjármunum.

Um vörubirgðir er í 22. gr. gert ráð fyrir því, að bætur verði greiddar fyrir þær þegar eftir að ófriðartjón á þeim hefur verið gert upp. Þetta eru hinir einu fjármunir, sem gert er ráð fyrir að bæta þegar er tjónið er uppgert, og stafar það af því, að tryggingin yrði þeim, sem fyrir tjóninu verða, oft að litlu liði, ef ekki fengjust bætur fyrr en í ófriðarlok. Vörubirgðir eru annars eðlis en annað lausafé. Þeim er ætlað að seljast fljótt, til þess svo að nota andvirðið til nýrra vörukaupa eða annars atvinnurekstrar í sambandi við þær, og gæti það valdið eiganda, sem missti þær vegna ófriðareyðileggingar, hinum mestu vandræðum, eða jafnvel gjaldþroti, ef vörubirgðirnar fengjust ekki bættar fyrr en að ófriði loknum, a. m. k. ef um miklar birgðir væri að

ræða. Þar sem vörubirgðirnar þannig eru ætíð verulegur liður í atvinnu hlutaðeiganda, hefur ekki annað þótt fært en að bæta þær, svo sem gert verður, þegar í stað.

Um bætur fyrir tjón, sem er svo stórfellt, að ekki verður bætt svo sem 20. gr. mælir fyrir, eru ákvæði í 23. gr. hliðstæð því, sem í 7. gr. segir um tjónbætur fyrir fasteignir og vélar.

Um V. kafla.

Samkv. 1. gr. frumvarpsins verður Ófriðartryggingin ekki sett á stofn fyrr en ófriðartjón ber að höndum, og kemur því ekki fyrr til greina að skipa henni stjórn eða aðra starfsmenn nema tjón verði. En um þetta eru ákvæði í 24.—26. gr., og þarf um það engar frekari skýringar.

Um VI. kafla.

Í 27. gr. er brunatryggingafélögum gert að skyldu að aðstoða Ófriðartrygginguna með upplýsingum, sem þau geta veitt um lausafé, sem tryggt hefur verið hjá þeim, en farizt hefur eða skemmzt af hernaðarvöldum. Má vænta þess, að Ófriðartryggingunni geti með þessu sparazt margvíslegt vafs og oft fengizt áreiðanlegri upplýsingar um skaðann en ella væri kostur á.

Um matsgerðir á ófriðartjóni eru ákvæði í 28. gr., og er gert ráð fyrir sams konar meðferð yfirleitt að því leyti, sem tíðkast um eldsvoðatjón.

Í 29. gr. er skilgreining á því, hvað telja skuli ófriðartjón, sem falli undir tryggingasvið Ófriðartryggingarinnar.

Það er sjálfsagt mál, að Ófriðartryggingin eignist kröfur um bætur, sem hinn tryggði kann að hafa á hendur skaðabótaskyldum aðilum, að því leyti sem hún hefur bætt honum tjónið, enda þótt slíkar kröfur mundu yfirleitt reynast lítils virði. Er því rétt, að ákvæði sé um þetta, svo sem 30. gr. gerir ráð fyrir.

Stundum getur staðið svo á fyrir hinum tryggða, að það gæti haft í för með sér mikinn skaða fyrir hann að fá ekki bætur fyrr en að ófriðnum loknum, jafnvel þó að tryggingin standi straum af vöxtum og afborgunum lána samkv. 6. gr. frv. Er stjórn Ófriðartryggingarinnar því með 31. gr. veitt heimild til að bæta tjónið fyrr en ákveðið er í 6. og 9. gr., að meira eða minna leyti. Yrði þetta helzt gert, þegar gera þarf við skemmdir á húsum, til þess að þau verði nothæf, eða þegar húseigandi treystist til að endurreisa hús, sem eyðilagzt hefur, með því eina móti, að hann fái til þess meiri eða minni stuðning hjá tryggingunni.

Í þessari sömu grein er heimilað að taka lán til þess að geta staðið í skilum með vexti og afborganir eða bætur, ef svo færi, að iðgjöldin nægi ekki til þessa jafnóðum og þau falla í gjalddaga, sem vel getur komið fyrir, einkum á byrjunarstigi tryggingarinnar, ef allstórfellt tjón bæri að höndum snemma á tryggingatímanum.

Fari svo, að tjónið verði stórkostlegra en svo, að Ófriðartryggingin geti risið undir því með þeim iðgjöldum og tollum, sem henni eru ætluð til þess, verður að koma til kasta löggjafarvaldsins um niðurjöfnun á því og fjárveitingu úr ríkissjóði í því skyni, svo sem gert er ráð fyrir í 7. og 20. gr. frv.

Ef svo fer, að ekkert tjón verður, sem ætlazt er til að bætt verði samkvæmt lögum þessum, verður Ófriðartryggingin aldrei sett á stofn og því enginn kostnaður af henni. Verði tjónið svo óverulegt, að ríkisstjórninni þyki ekki taka því að setja allt það umstang af stað, sem tryggingin hlýtur að hafa í för með sér, skal Ófriðartryggingin ekki stofnuð, heldur greiðir ríkissjóður tjónið að styrjöldinni lokinni. Er ákvæði um þetta í 32. gr. Þar er einnig gert ráð fyrir, að hugsanlegur afgangur af verðtolli og útflutningsgjaldi samkv. IV. kafla falli til ríkissjóðs að öllu tjóni greiddu.

33.—36. gr. gefa ekki tilefni til athugasemda.

Nd. 328. Breytingartillaga

við frumv. til l. um breyt. á l. nr. 12 9. jan. 1935, um iðnlánasjóð.

Frá Jóni Ívarssyni og Skúla Guðmundssyni.

Við 1. gr. Greinina skal orða svo:
1. gr. laganna orðist svo:
Hlutverk iðnlánasjóðs er að styðja iðju og iðnað í landinu með hagkvæmum lánum, og leggur ríkissjóður fram til hans árlega 65000 kr.

Ed. 329. Frumvarp til laga

um afla- og útgerðarskýrslur.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Skylt er að gefa skýrslur um allan þann fisk, sem veiddur er hér við land af íslenzkum skipum, svo og afla erlendra skipa, sem lagður er á land. Vatnafiskar eru undanskildir. Sömuleiðis er skylt að gefa skýrslur um útgerð skipa, mannatölu og úthaldstíma og annað það, er að útgerð lýtur, svo sem beitubirgðir, birgðir af útflutningsvörum og annað þess háttar.

Fiskifélag Íslands skal sjá um söfnun skýrslnanna í fullu samráði við Hagstofu Íslands og hafa til þess umboðsmenn í öllum helztu veiðistöðvum landsins. Skal Fiskifélagið láta Hagstofu Íslands í té fengnar skýrslur eins oft og hagstofan álítur nauðsynlegt.

2. gr.

Fiskifélagið skal birta yfirlit yfir heildaraflann eins oft og þurfa þykir, en þó eigi sjaldnar en tvisvar á mánuði hverjum. Skal Fiskifélaginu skylt að svara fyrirspurnum frá einstökum mönnum eða félögum um fiski í landinu, nema öðruvísi sé ákveðið.

3. gr.

Eftirtaldir aðilar skulu skyldir til að gefa skýrslur: 1. Skipstjórar og formenn, 2. útgerðarmenn og félög, 3. fiskkaupmenn og fisksalar, 4. niðursuðuverksmiðjur og aðrar verksmiðjur, sem vinna úr fiski, 5. hraðfrystihús, 6. síldarverksmiðjur, 7. síldarútvegsnefnd, 8. síldarsaltendur, 9. fiskimálanefnd, 10. fiskútflytjendur, 11. fiskverkunarstöðvar. Atvinnumálaráðherra ákveður fyrirkomulag skýrslusöfnunarinnar með reglugerð, að fengnum tillögum Fiskifélagsins.

4. gr.

Fiskifélag Íslands sér fyrir eyðublöðum til skýrslusafnenda, hlutaðeigendum að kostnaðarlausu.

5. gr.

Vanræki einhver að gefa skýrslur þær, sem um ræðir í lögum þessum eða þeim reglugerðum, sem út verða gefnar samkvæmt þeim, sæti sá sektum, 25—100 kr. á dag frá þeim degi að telja, er skýrsla skal síðast gefin.

6. gr.

Með brot á lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 26 27. júní 1925, um aflaskýrslur.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt ósk Fiskifélags Íslands, og fylgdu því svo hljóðandi skýringar:

„Undanfarin 16 ár hefur Fiskifélag Íslands annazt söfnun aflaskýrslna samkv. lögum um aflaskýrslur frá 1925.

Ýmsir erfiðleikar hafa verið á því að fá nákvæmar skýrslur um afla og útgerð í landinu, og má slíkt ekki teljast vansalaust, að önnur eins fiskiveiðaþjóð og við Íslendingar erum skuli ekki hafa tæmandi skýrslur um afla og útgerð í landinu á hverjum tíma. Sérstaklega hafa erfiðleikarnir vaxið á síðustu árum vegna mjög breyttra veiði- og verkunaraðferða.

Lög þau um aflaskýrslur frá 1925, sem nú gilda, ná ekki tilgangi sínum lengur, og er því nauðsynlegt að fá sett ný lög um þetta efni.

Í núgildandi lögum um aflaskýrslur er fram tekið, hvaða aðilar skuli skyldir til að gefa skýrslur. Frá því lögin voru sett, hefur þetta breytzt mjög, þannig að með nýjum veiði- og verkunaraðferðum hefur skapazt það ástand, að ómögulegt er að safna nákvæmum skýrslum, ef einungis þeir, sem nefndir eru í lögunum, skyldu gefa þær.

Í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, eru í 4. gr. taldir upp þeir aðilar, sem skyldaðir skulu til skýrslugjafa, en þar sem bæði veiði- og verkunaraðferðir eru stöðugum breytingum undirorpnar, þykir hentugra, að atvinnumálaráðherra ákveði með reglugerðum, hvernig fyrirkomulag skýrslusöfnunarinnar skuli vera.

Það hefur orðið að samkomulagi milli Hagstofu Íslands og Fiskifélagsins, að framvegis annist Fiskifélagið eitt söfnun aflaskýrslnanna, en láti hagstofunni síðan í té fengnar skýrslur. Hefur hér verið um tvíverknað að ræða, sem hefur leitt af sér, að menn verða að gefa skýrslur tvisvar um sama efnið, og verður slíkt að teljast óeðlilegt og óþarft.

Til þess hins vegar, að unnt sé að framkvæma skýrslusöfnunina þannig, að full not verði af, er nauðsynlegt, að meðfylgjandi lagafrumvarp fáist samþykkt."

Ed. 330. Viðaukatillaga

við brtt. á þskj. 318 [Sveitarstjórnarlög].

Frá Páli Zóphóníassyni.

Aftan við till. bætist: en ella sá, sem innheimtuna annast.

Nd. 331. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 6 9. janúar 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Fyrsta og önnur málsgrein 6. gr. laganna hljóði þannig:

Skattgjald þeirra, sem um ræðir í 1. gr. og 2. gr. og í a- og c-lið 3. gr., reiknast þannig:

Ef hinn skattskyldi hluti teknanna er undir 1000 kr., greiðist af honum 1%.

Af	1000—	2000	kr.	greiðist	10	kr.	af	1000	kr.	og	2 %	af afganginum
—	2000—	3000	—	—	30	—	—	2000	—	—	4 —	—
—	3000—	4000	—	—	70	—	—	3000	—	—	7 —	—
—	4000—	5000	—	—	140	—	—	4000	—	—	9 —	—
—	5000—	6000	—	—	230	—	—	5000	—	—	11 —	—
—	6000—	7000	—	—	340	—	—	6000	—	—	12 —	—
—	7000—	8000	—	—	460	—	—	7000	—	—	13 —	—
—	8000—	9000	—	—	590	—	—	8000	—	—	15 —	—
—	9000—	10000	—	—	740	—	—	9000	—	—	20 —	—
—	10000—	11000	—	—	940	—	—	10000	—	—	28 —	—
—	11000—	12000	—	—	1220	—	—	11000	—	—	29 —	—
—	12000—	14000	—	—	1510	—	—	12000	—	—	30 —	—
—	14000—	16000	—	—	2110	—	—	14000	—	—	31 —	—
—	16000—	18000	—	—	2730	—	—	16000	—	—	32 —	—
—	18000—	20000	—	—	3370	—	—	18000	—	—	33 —	—
—	20000—	25000	—	—	4030	—	—	20000	—	—	34 —	—
—	25000—	30000	—	—	5730	—	—	25000	—	—	35 —	—
—	30000—	35000	—	—	7480	—	—	30000	—	—	36 —	—
—	35000—	40000	—	—	9280	—	—	35000	—	—	37 —	—
—	40000—	45000	—	—	11130	—	—	40000	—	—	38 —	—
—	45000—	50000	—	—	13030	—	—	45000	—	—	39 —	—
—	50000 og þar yfir		—		14980	—	—	50000	—	—	40 —	—

2. gr.

Í stað 6. og síðustu málsgr. 8. gr. laganna komi:

Félög þau og stofnanir, er um ræðir í 3. gr. a., svo og samvinnuútgerðarfélög og hlutarútgerðarfélög mega draga frá tekjum sínum 5% af innborguðu hlutafé eða stofnfé.

Ef nokkuð af ársarði þessara félaga er lagt í varasjóð, þá er helmingur þeirrar upphæðar undanþeginn tekjuskatti, og skal hann koma til frádráttar við ákvörðun skattskyldra tekna.

Arðjöfnunarsjóði, eftirlaunasjóði og aðra sjóði, sem ekki eru beinlínis ætlaðir til þess að tryggja rekstur fyrirtækisins sjálfs, má ekki telja sem varasjóð.

Ef nokkurri fjárhæð úr varasjóði er síðar varið til úthlutunar til hluthafa, ráðstafað til einkaþarfa þeirra á beinan eða óbeinan hátt, eða varið til annars en þess að mæta hreinum rekstrarhalla fyrirtækisins, skal telja ⅔ af þeirri upphæð til skattskyldra tekna á því ári. Það telst ráðstöfun á fé varasjóðs samkv. framansögðu, ef félag, sem nýtur eða notið hefur hlunninda vegna framlags í varasjóð, ver einhverju af eignum sínum með eftirgreindum hætti:

a. Veitir hluthöfum, stjórnendum félags eða öðrum lán í peningum eða öðrum verðmætum, sem ekki eru beinlínis viðkomandi rekstri félagsins.
b. Veitir hluthöfum, stjórnendum félagsins eða öðrum nokkur fríðindi, beint eða óbeint, umfram arðsúthlutun og venjulegar eða eðlilegar launagreiðslur.
c. Ver fé til einhvers annars, sem er óviðkomandi rekstrinum, t. d. kaupa á eignum, hvers eðlis sem eru, sem ekki geta talizt nauðsynlegar við rekstur félagsins. Undanskilin eru þó opinber verðbréf ríkis og bæjarfélaga, þar með talin skuldabréf með ríkisábyrgð, svo og eignir, sem félag hefur orðið að taka við í sambandi við reksturinn, án þess um bein eignakaup sé að ræða.

Nú hefur félag, sem myndað hefur varasjóð, ráðstafað fé á einhvern þann hátt, sem greinir í a—c-liðum, og fellur það þá til skattgreiðslu samkv. 9. málsgr. þessarar greinar, þó eigi hærri fjárhæð en nemur varasjóði í lok skattársins. Skal þá miða við þá lánsfjárupphæð, sem útistandandi er um áramót af lánum, er veitt voru á árinu, að viðbættu meðaltali þeirra lána, er veitt hafa verið og greidd á skattárinu samkv. a-lið,

heildarupphæð veittra hlunninda á skattárinu samkv. b-lið og kaupverð eigna samkv. c-lið. Þó ná ákvæði a- og c-liðar ekki til þeirrar upphæðar, sem íslenzk útgerðarfélög áttu í varasjóði samkvæmt efnahagsreikningi 31. des. 1939, að því leyti, sem þau ganga lengra en takmarkanir um ráðstafanir á fé varasjóðs, sem giltu samkvæmt lögum nr. 6 9. jan. 1935 og lögum nr. 39 12. febrúar 1940.

3. gr.

Í stað a—c-liða í 12. gr. laganna komi:

a. Í Reykjavík:

Fyrir einstakling	kr.	900.00
— hjón	—	1800.00
— hvert barn	—	700.00

b. Annars staðar á landinu:

Fyrir einstakling	kr.	800.00
— hjón	—	1600.00
— hvert barn	—	600.00

Frádráttur veitist fyrir þau börn, sem ekki eru fullra 16 ára í byrjun þess almanaksárs, þegar skattur er á lagður. Hér með teljast stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn, sem ekki er greitt meðlag með. Fyrir aðra skylduómaga, sem skattgreiðandi hefur á framfæri sínu, veitist sami frádráttur og fyrir börn. Hafi hinn framfærði tekjur, lækkar frádrátturinn sem þeim nemur og fellur burt, ef tekjuupphæðin nemur lögleyfðum ómagafrádrætti eða meiru.

4. gr.

Í stað 55. gr. í VI. kafla laganna komi 11 nýjar greinar, er verða 55.—65. gr., svo hljóðandi:

a. (55. gr.) Á meðan vísitala kauplagsnefndar er hærri en 110, miðað við grunntöluna 100 í jan.—marz 1939, skal tekjuskattur einstaklinga reiknaður þannig:

Hreinar tekjur gjaldanda skal margfalda með 100 og deila útkomunni með meðalmánaðarvísitölu skattársins. Við ákvörðun hreinna tekna skal tekjuhæðin deilanleg með 50, en því sleppt, sem er fram yfir. Meðalvísitala þessi skal jafnan vera heil tala, og er minni hluta en ½ sleppt, en ½ eða meira hækkað.

Frá þeirri tekjuupphæð, er þannig fæst, skal dreginn persónufrádráttur samkvæmt ákvæðum 12. gr.

Þegar upphæð tekjuskatts hefur verið fundin samkv. reglum 6. gr., skal margfalda hana með meðalvísitölunni og deila útkomunni með 100.

Ofangreind ákvæði gilda um þá einstaklinga, er hafa eigi hærri hreinar tekjur en kr. 12000.00, eftir að þær hafa verið lækkaðar á framangreindan hátt. Af hærri tekjum en hér greinir skal tekjuskattur reiknaður samkv. 6. gr. óbreyttri, en tekjuskatturinn síðan lækkaður um sömu fjárhæð og skattvilnunin hefur numið hjá þeim gjaldendum með sama frádrætti eftir 12. gr., er hafa í hreinar tekjur kr. 12000.00, eftir að þær hafa verið lækkaðar samkvæmt framangreindri reglu.

b. (56. gr.) Nú hefur félag, sem nýtur eða notið hefur hlunninda vegna framlags í varasjóð samkv. ákvæðum 8. gr., ráðstafað fé á árinu 1940 á þann hátt, sem um getur í a-lið og c-lið 8. gr., og skal þá skattanefnd miða skattgjald þeirra við það, að þær ráðstafanir hafi eigi verið gerðar, enda sanni hlutaðeigandi félag eigi síðar en 15. júlí 1941, að það hafi innheimt lán samkv. a-lið og selt eignir samkv. c-lið, en að öðrum kosti falla þær upphæðir til skattgreiðslu samkv. 9. málsgr. 8. gr.

c. (57. gr.) Við ákvörðun skattskyldra tekna, sem skattur greiðist af árið 1941, skal félögum þeim, er um ræðir í 3. gr. a. og b., heimilt að draga frá tekjum sínum aðeins ⅖ þeirrar fjárhæðar, er þau leggja í varasjóð af tekjum ársins 1940. Þó er þeim af þessum félögum, er stunda sjávarútveg sem aðalatvinnurekstur, heim-

ilt að draga frá tekjunum helming þeirrar upphæðar, er þau leggja í varasjóð af tekjum sínum á árinu 1940. Sé um tapsfrádrátt að ræða samkvæmt heimild 64. gr., skal tapið dregið frá tekjunum áður en varasjóðstillagið er ákveðið.

d. (58. gr.) Nú nýtur félag, er um getur í 3. gr. a. og b. og hefur sjávarútveg sem aðalatvinnurekstur, skattívilnunar þeirrar, er um ræðir í 57. gr., og skal þá 40% af því fé, sem það leggur í varasjóð af tekjum ársins 1940, ráðstafað á þann hátt, að það sé lagt á sérstakan reikning í banka eða keypt fyrir það opinber verðbréf og þau falin banka til geymslu. Nefnist sá hluti varasjóðsins nýbyggingarsjóður, og gilda um hann þær reglur, er greinir í 59.—62. gr. Félag skal tilkynna, eigi síðar en 14 dögum eftir gildistöku laga þessara, hversu mikið fé það leggur í varasjóð, og ákveðst þá skattgreiðsla þess á árinu 1941 samkv. því. Fyrir 15. júlí 1941 skal félagið sanna fyrir skattanefnd, að áskilinn hluti af varasjóðstillaginu hafi verið lagður í nýbyggingarsjóð, en séu vanefndir á því að einhverju eða öllu leyti, skal greiða í ríkissjóð 20% af þeirri fjárhæð, sem til vantar.

Af fé nýbyggingarsjóðs má ekki meira en ⅓ hluti vera innstæða á biðreikningi í sterlingspundum, sbr. bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 73 31. des. 1937, útg. 2⅘ 1941, nema með sérstöku leyfi nefndar þeirrar, er um getur í 61. gr. Getur nefndin veitt leyfi til þess, að meira en ⅓ hluti sjóðsins sé á biðreikningi, ef aðili sýnir fram á, að hann geti ekki lagt féð fram á annan hátt, vegna þess að fé varasjóðs hafi verið notað til að greiða skuldir fyrirtækisins.

e. (59. gr.) Útgerðarfélag ráðstafar sjálft því fé, er það hefur lagt í nýbyggingarsjóð, en því má eingöngu verja til aukningar og endurnýjunar á framleiðslutækjum á sviði útgerðar, annaðhvort með nýbyggingum innanlands eða með kaupum frá öðrum löndum. Þó er heimilt að verja fé nýbyggingarsjóðs til að greiða tap á útgerð, ef aðrar eignir hrökkva ekki til fyrir því, en áður en það er gert, skal það tilkynnt nefnd þeirri, er um ræðir í 61. gr., og lætur hún þá aðila vita, hvort hún telur slíka ráðstöfun í samræmi við lög þessi.

Sé fé nýbyggingarsjóðs veðsett eða því ráðstafað á einhvern annan hátt en að framan greinir, um lengri eða skemmri tíma, skal greiða af því tekjuskatt jafnháan þeim skatti, sem hefði orðið að greiða af fénu, þegar það var lagt fyrir, ef það hefði þá verið skattskylt.

f. (60. gr.) Útgerðarfélag lætur fylgja með skattframtali sínu yfirlýsingu frá hlutaðeigandi banka um það, hve mikið fé sé geymt þar í nýbyggingarsjóði, og yfirlit um þær breytingar, sem kunna að hafa orðið á innstæðu sjóðsins síðan hann var myndaður. Enn fremur vottorð um, að á fé þessu hvíli engar kvaðir.

g. (61. gr.) Ráðherra skipar þriggja manna nefnd, einn eftir tilnefningu Landssambands íslenzkra útvegsmanna, annan eftir tilnefningu Alþýðusambands Íslands, en hinn þriðja án tilnefningar, og er hann formaður nefndarinnar. Nefndin skal hafa eftirlit með því, að fylgt sé fyrirmælum laga þessara um ávöxtun og ráðstöfun á fé nýbyggingarsjóðs.

Skattanefndir skulu senda nefnd þeirri, er hér um ræðir, skýrslu um framlög í nýbyggingarsjóð og innstæðu hvers fyrirtækis, svo fljótt sem unnt er, eftir að upplýsingar um það bárust þeim í hendur. Um hver áramót skulu þau fyrirtæki, er fé eiga í nýbyggingarsjóði, senda nefndinni skýrslu um ráðstöfun þess fjár, er þau hafa tekið úr sjóðnum á liðnu ári. Nú telur nefndin vafa á því, að fé úr nýbyggingarsjóði hafi verið varið samkvæmt ákvæðum laga þessara, og skal hún þá tafarlaust tilkynna það stjórn viðkomandi útgerðarfélags. Nefndin skal síðan úrskurða um það, hvort greiða skuli skatt af fénu samkv. síðari málsgr. 59. gr., og tilkynna það skattanefnd og eiganda sjóðsins.

Úrskurðum nefndarinnar má skjóta til ríkisskattanefndar til fullnaðarúrskurðar, sbr. þó 2. málsgr. 41. gr. Sé ágreiningur innan nefndarinnar, getur minni hlutinn einnig skotið honum til úrskurðar ríkisskattanefndar.

Þóknun fyrir störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

h. (62. gr.) Nú hefur innstæða í nýbyggingarsjóði verið notuð samkvæmt fyrirmælum laga þessara, og telst þá sú eign til varasjóðs hjá viðkomandi félagi.

i. (63. gr.) Einstaklingar og sameignarfélög, er stunda sjávarútveg sem aðalatvinnurekstur, mega draga frá skattskyldum tekjum sínum 40% af því fé, er þau leggja í nýbyggingarsjóð af útgerðartekjum sínum árið 1940, enda sé tekjum af útgerðinni haldið greinilega aðskildum frá öðrum tekjum gjaldenda. Um ávöxtun og ráðstöfun þessa fjár gilda ákvæði þessara laga, eftir því sem við á.

j. (64. gr.) Útgerðarfyrirtækjum íslenzkra botnvörpuskipa, línubáta og vélbáta er heimilt að draga frá tekjum sínum árið 1940, áður en skattur er á þær lagður, tap, sem orðið hefur á rekstri útgerðarinnar á tímabilinu frá 1. jan. 1931 til 31. des. 1939.

Ívilnun þessi er bundin eftirfarandi skilyrðum og takmörkunum:

a. Að fullnægjandi grein hafi verið gerð fyrir tapinu á framtali til tekju- og eignarskatts fyrir það eða þau ár, sem tapið varð, og sé miðað við rekstrarhalla samkvæmt rekstrarreikningum, enda skal taka með útgjöldum fyrningu á eignum samkvæmt reglugerð um það efni, þó þannig, að togarar séu ekki færðir lengra niður en í kr. 150000.00, miðað við 31. des. 1939, og önnur skip hlutfallslega eftir því. Hafi orðið gróði á rekstri útgerðarfyrirtækjanna einstök ár á fyrrgreindu tímabili, skal hann dragast frá tapinu.

b. Að eigi sé úthlutað arði til hluthafa eða félagsmanna á meðan tapið er eigi að fullu jafnað, eða hluthöfum ívilnað á annan beinan eða óbeinan hátt, svo sem með hækkuðum kaupgreiðslum, umfram verðlagsuppbætur, eða auknum hlunnindum. Enn fremur er fjármálaráðherra heimilt að setja svipaðar takmarkanir, þegar um einkafyrirtæki er að ræða.

c. Að því leyti sem tapið, eða þær skuldir, sem mynduðust þess vegna, hefur verið gefið eftir fyrir ráðstöfun þess opinbera eða á annan hátt, kemur framangreind ívilnun ekki til greina, sbr. lög nr. 9 6. jan. 1938.

d. Að tekjum þeim, sem undanþegnar eru skattgreiðslu vegna tapsfrádráttar, sé eigi varið til annars en greiðslu á skuldum hlutaðeigandi fyrirtækis, þar til þær eru að fullu greiddar.

e. Að tekjur þær, sem undanþegnar eru skattgreiðslu vegna tapsfrádráttar, teljist til varasjóðs, og má nota þann hluta varasjóðsins til að mæta hreinum rekstrarhalla fyrirtækisins, að svo miklu leyti, sem aðrar eignir þess, þar með talin önnur eign í varasjóði, hrökkva ekki til þess að jafna rekstrarhallann. Sé nokkru af þessu fé varið til annars en að framan greinir, skal greiða tekjuskatt af 60% þeirrar fjárhæðar, er þannig er varið úr sjóðnum, jafnháan þeim skatti, sem hefði orðið að greiða af fénu, þegar það var lagt fyrir, ef það hefði þá verið skattskylt.

k. (65. gr.) Heimilt er ráðherra að breyta tímaákvörðunum og frestum þeim, er um ræðir í IV. kafla, eftir því sem þörf krefur, við álagningu skatts 1941.

Heimilt er að greiða skattanefndum á árinu 1941 allt að helmingi hærri þóknun en um ræðir í 30. gr.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1941. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 49 12. febr. 1940, um skattgreiðslu íslenzkra útgerðarfyrirtækja, og lög nr. 57 frá 28. jan. 1935, um hlunnindi fyrir ný iðn- og iðjufyrirtæki.

Nd. 332. Frumvarp til laga

um stríðsgróðaskatt.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Auk þess skattgjalds, sem ákveðið er í 6. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, skal leggja á og innheimta sérstakan stríðsgróðaskatt samkvæmt eftirfarandi reglum:

Ef skattskyldar tekjur nema 50000—75000 kr., greiðist 4% af því, sem er umfram 50000 kr.

Af	75000—100000 kr.	greiðist	1000 kr.	af	75000 kr.	og 10 %	af afganginum
—	100000—125000 —	—	3500 —	—	100000 —	— 15 —	—
—	125000—150000 —	—	7250 —	—	125000 —	— 20 —	—
—	150000—175000 —	—	12250 —	—	150000 —	— 25 —	—
—	175000—200000 —	—	18500 —	—	175000 —	— 30 —	—
—	200000 og þar yfir	—	26000 —	—	200000 —	— 35 —	—

2. gr.

Stríðsgróðaskattur skal lagður á og innheimtur um leið og tekju- og eignarskattur, og af sömu aðilum. Ríkissjóður greiðir hlutaðeigandi sveitarfélagi 40% af þeim stríðsgróðaskatti, sem þar er á lagður og innheimtur, þó aldrei hærri fjárhæð en nemur 40% af niðurjöfnuðum útsvörum í sveitarfélaginu á því ári.

3. gr.

Ríkissjóður greiðir 6% — sex af hundraði — af stríðsgróðaskatti, sem innheimtur er eftir lögum þessum, til sýslufélaga og þeirra bæjarfélaga, er engan skatt fá samkvæmt 2. gr. Fé þessu skal skipt í hlutfalli við þann tekjuskatt, sem til fellur í viðkomandi sýslu- og bæjarfélögum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu skatta á árinu 1941, miðað við tekjur ársins 1940.

Nd. 333. Frumvarp til laga

um gjaldeyrisvarasjóð og eftirlit með erlendum lántökum.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Stofna skal gjaldeyrisvarasjóð með þeim hætti, er nánar greinir í lögum þessum.

2. gr.

Landsbanki Íslands (seðlabankinn) skal leggja til hliðar í erlendum gjaldeyri upphæð, sem nemi jafngildi 12 milljóna íslenzkra króna, umfram það, sem bankinn skuldar erlendis á hverjum tíma. Þar með þó ekki talin þau lán, sem endurgreiðast eiga á lengri tíma en 5 árum.

3. gr.

Gjaldeyrisvarasjóður er eign Landsbanka Íslands, en þó er ráðstöfun hans háð þeim takmörkunum, er greinir í lögum þessum.

4. gr.

Fé gjaldeyrisvarasjóðs sé geymt á þann hátt, að til þess sé unnt að grípa án verulegs fyrirvara. Skal leita samþykkis ráðherra þess, er fer með gjaldeyrismál, fyrir því, á hvern hátt féð er geymt.

5. gr.

Reikna skal árlega, hverju nemur mismunur vaxta þeirra, er bankinn fær af fé gjaldeyrisvarasjóðs, og innlánsvaxta þeirra á sparisjóðsreikningum, sem bankinn greiðir á hverjum tíma. Skulu þrír fimmtu hlutar þessa mismunar greiddir bankanum úr ríkissjóði, þó aldrei yfir 200000 krónur.

Ríkisstjórnin getur þó með reglugerð ákveðið að innheimta sérstakt gjald af allri gjaldeyrisverzlun landsmanna, til þess að greiða mismun þann, er um ræðir í 1. málsgr. þessarar greinar. Til gjaldeyrisverzlunar yrði þá að telja ráðstöfun eigin gjaldeyris til eigin nota. Er heimilt að setja með reglugerð öll nauðsynleg ákvæði til tryggingar innheimtu gjalds þessa, svo og nánari ákvæði um það, til hvaða viðskipta það skuli ná, og má í reglugerðinni ákveða hegningu fyrir brot á henni.

6. gr.

Skipa skal 7 manna nefnd, er hafi með höndum verkefni það, sem tilgreint er í lögum þessum.

Ráðherra sá, er fer með gjaldeyrismál, skal vera formaður nefndarinnar. Sameinað Alþingi kýs 3 nefndarmenn hlutfallskosningu, Landsbanki Íslands tilnefnir 3. Nefndin skal vera ólaunuð.

7. gr.

Landsbanki Íslands (seðlabankinn) getur varið fé úr gjaldeyrisvarasjóði með sérstöku samþykki ráðherra þess, er fer með gjaldeyrismál, að fengnum tillögum nefndar þeirrar, er um getur í 6. gr. þessara laga.

Nú hefur verið seldur gjaldeyrir úr gjaldeyrisvarasjóði, og er þá skylt að leggja erlendan gjaldeyri til hliðar á ný, þannig að ákvæðum 1. gr. laga þessara sé fullnægt, svo fljótt sem unnt er að afla gjaldeyris til þess.

8. gr.

Óheimilt er bönkum landsins, svo og sparisjóðum, bæjar- og sveitarfélögum og opinberum stofnunum, að taka lán erlendis, nema með samþykki ráðherra þess, er fer með gjaldeyrismál, að fengnum tillögum nefndar þeirrar, er skipuð verður samkvæmt 6. gr. laga þessara.

Ákvæði greina þessara ná þó ekki til Landsbanka Íslands, sbr. 1. og 15. gr. landsbankalaganna frá 15. apríl 1928 og 2. gr. þessara laga.

9. gr.

Skylt er öllum þeim, er skulda fé í erlendum gjaldeyri, að gefa Hagstofu Íslands skýrslu um skuldir sínar ársfjórðungslega í því formi, er hún fyrirskipar.

Skal Hagstofa Íslands síðan ársfjórðungslega gefa nefnd þeirri, er um ræðir í 6. gr., yfirlitsskýrslu um erlendar skuldir landsmanna.

10. gr.

Nefnd sú, er skipuð verður samkvæmt 6. gr. þessara laga, skal halda fundi minnst einu sinni í mánuði, og sé þá lagt fyrir nefndina af ráðherra yfirlit um gjaldeyrisástæður landsins.

Nefndin skal á hverjum tíma kynna sér sem bezt allt það, er áhrif hefur á gjaldeyrisafkomu þjóðarinnar, og gera rökstuddar tillögur um þau mál, eftir því er hún telur ástæðu til.

11. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum allt að 10000 krónum, nema þyngri refsing liggi við. Enn fremur er ráðherra heimilt að leggja dagsektir allt að 100 kr. við

því, ef menn skila eigi skýrslum þeim, er getið er um í 9. gr., þrátt fyrir sérstaka kröfu Hagstofu Íslands um að gera slíka skýrslu.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 334. Breytingartillaga

við frv. til l. um gjaldeyrisvarasjóð og eftirlit með erlendum lántökum.

Frá Þorsteini Briem.

Við 2. gr. Í stað „erlendum“ komi: öruggum og frjálsum.

Ed. 335. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 99 11. júní 1938, um fiskveiðasjóð Íslands.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Tilgangur fiskveiðasjóðs Íslands er að styðja fiskveiðar Íslendinga, einkum báta-útveginn, með hagkvæmum stofnlánum til skipa, fiskverkunarstöðva og verksmiðja til vinnslu úr sjávarafurðum.

2. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

A. Stofnfé sjóðsins er:

1. Eignir fiskveiðasjóðs Íslands og skuldaskilasjóðs vélbátaeigenda, eins og þær eru nú.
2. Tillag úr ríkissjóði, ein milljón króna, samkvæmt lögum nr. 99 11. júní 1938.

B. Tekjur sjóðsins eru:

1. Hundraðsgjald af útfluttum sjávarafurðum samkv. lögum nr. 47 19. maí 1930, um fiskveiðasjóðsgjald.
2. Helmingur þess útflutningsgjalds, sem ríkissjóður tekur árlega af hvers konar sjávarafurðum.
3. Vextir.

3. gr.

Í stað orðanna „1½ milljón“ á tveim stöðum í 3. gr. laganna komi: 4 milljónum.

4. gr.

Í stað orðsins „fiskafurðir“ í lok 4. gr. laganna komi: sjávarafurðir.

5. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Út á ný skip með nýjum vélum má lána allt að helmingi virðingarverðs. Ef einnig er um aukatryggingar að ræða, sem sjóðsstjórnin metur gildar, má lána allt að ⅔ virðingarverðs, sé skipið smíðað hér á landi.

Um lán út á skip eldri en eins árs fer eftir ákvörðun sjóðsstjórnarinnar í hvert skipti.

Lengsti lánstími samkv. a-lið 4. gr. er 15 ár.

6. gr.

Upphaf 7. gr. laganna orðist svo:

Vextir af lánum fiskveiðasjóðs skulu vera 4½% — fjórir og hálfur af hundraði.

7. gr.

Fyrir „Ákvæði 12., 13. og 14. gr." í 15. gr. laganna komi: Ákvæði 11., 12., 13. og 14. gr.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og eru jafnframt úr gildi felld lög nr. 17 12. febr. 1940, um breytingar á lögum nr. 99 11. júní 1938, um fiskveiðasjóð Íslands.

9. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 99 11. júní 1938 og gefa þau út svo breytt sem lög um fiskveiðasjóð Íslands.

Sþ. 336. Tillaga til þingsályktunar

um heimild handa ríkisstjórninni til kaupa á hlutabréfum í Útvegsbanka Íslands h/f.

Flm.: Jóhann Þ. Jósefsson, Bergur Jónsson, Sigurður E. Hlíðar, Sigurjón Á. Ólafsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að hlutast til um það, að eigendum hlutabréfa þeirra í Útvegsbanka Íslands, sem keypt voru með hluta af sparisjóðs- og innlánsskírteinainnstæðum þeim, sem inni stóðu í Íslandsbanka þegar hann var lagður niður, verði gefinn kostur á að selja ríkissjóði þessi hlutabréf við hæfilegu verði.

Á s t æ ð u r.

Nauðsyn þykir bera til að gera ráðstafanir til þess, að það fólk, sem á sínum tíma lét af hendi mikinn hluta sparisjóðsfjár síns til viðreisnar banka þeim, sem um ræðir í tillögunni, fái nokkra réttingu mála sinna.

Margt af þessu fólki er nú komið á fullorðins ár og býr nú við mikla dýrtíð, eins og aðrir landsmenn. Er þess vegna full þörf á því, að eitthvað sé losað af því fé, sem það á bundið í hlutabréfum Útvegsbankans. — Nánar í framsögu.

Ed. 337. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 66 7. maí 1940, um stríðsslysatryggingu sjómanna.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

2. gr. laganna orðist þannig:

Atvinnurekendum og öðrum þeim, er bera ábyrgð á því, að þeir séu tryggðir, sem tryggingarskyldir eru samkvæmt lögum nr. 74 31. des. 1937, skal skylt, auk hinnar lögboðnu tryggingar samkvæmt áður nefndum lögum, að kaupa sérstaka stríðstryggingu fyrir skipshafnir þær, sem sigla á svæðum þeim, sem ákveðin hafa verið samkvæmt 1. gr.

Tryggingu þá, er um ræðir í 1. mgr., skal kaupa hjá Stríðstryggingarfélagi íslenzkra skipshafna, að svo miklu leyti sem það getur tekið hana að sér, að dómi stjórnar félagsins, annaðhvort á eigin ábyrgð eða með endurtryggingu, sé hún fáanleg. Nú er endurtrygging eigi fáanleg, og ábyrgist þá ríkissjóður bótagreiðslurnar.

2. gr.

Aftan við 3. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Auk þeirra trygginga, sem um ræðir í b- og c-lið 3. gr. laganna, er útgerðarmönnum farskipa skylt að tryggja alla skipverja fyrir jafnháum upphæðum og í téðri lagagrein segir, og skal þeim varið til kaupa á árlegum lífeyri hjá viðurkenndum tryggingarfélögum til tryggða sjálfs eða þeirra aðstandenda hans, sem bæturnar eiga að hljóta. Þessi lífeyrir skal ekki skerða önnur eftirlaun, er hlutaðeigandi kann að eiga rétt á.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir ósk félagsmálaráðherra og er fram komið til þess, að fullnægt verði ákvæðum í nýgerðum samningi á milli sjómannafélaganna og eigenda íslenzkra farskipa, en þar var samið um þá auknu stríðstryggingu sjómanna, er ræðir um í 2. gr. frv.

Breytingar þær, er felast í 1. gr. frv. á núgildandi lögum, eru fram komnar eftir ósk stjórnar Stríðstryggingarfélags íslenzkra skipshafna, og eru þær taldar nauðsynlegar vegna hinna auknu stríðstrygginga.

Að öðru leyti þarfnast frv. ekki frekari skýringa en þeirra, er fram kunna að koma í umræðum.

Nd. 338. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Sigurði Kristjánssyni og Garðari Þorsteinssyni.

Við 4. gr. stafl. d. (58. gr.). 2. málsgr. verði svo hljóðandi:

Fé nýbyggingarsjóðs má vera innstæða á biðreikningi í sterlingspundum.

Nd. 339. Frumvarp til laga

um ráðstafanir til loftvarna og annarra varna gegn hættum af hernaðaraðgerðum.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Bæjar- eða sveitarstjórnum er heimilt, í samráði við ríkisstjórnina, að gera hvers konar ráðstafanir til loftvarna og annarra varna gegn hættum af hernaðaraðgerðum og verja til þess nauðsynlegu fé, er greiðist að hálfu úr ríkissjóði og að hálfu úr hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóði.

2. gr.

Lögreglustjórar hafa með höndum framkvæmdir loftvarna og annarra öryggisráðstafana samkv. lögum þessum, hver í sínu umdæmi, með aðstoð sérstakra nefnda

(loftvarnanefnda), er skipaðar skulu vera 4 mönnum í Reykjavík og 2 mönnum annars staðar á landinu, auk lögreglustjóra. Bæjar- og sveitarstjórnir kjósa loftvarnanefndir, en lögreglustjórar skulu vera formenn þeirra.

3. gr.

Bæjar- og sveitarstjórnum skal skylt að aðstoða við framkvæmd þessara ráðstafana hverri á sínum stað, svo sem með því að ljá til þeirra hús sín og tæki, eftir því sem við verður komið og án sérstaks endurgjalds.

4. gr.

Það er almenn borgaraleg skylda að vinna án endurgjalds að undirbúningi loftvarna og annarra öryggisráðstafana samkvæmt lögum þessum eftir fyrirmælum lögreglustjóra og loftvarnanefnda, svo og að hlýða öllum fyrirmælum og reglum varðandi slíkar ráðstafanir, þar á meðal að taka þátt í fyrirskipuðum æfingum.

Lögreglustjórum og loftvarnanefndum er heimilt að taka kjallara og aðrar vistarverur einstakra manna, er nota má sem loftvarnabyrgi fyrir almenning og útbúa þau í því skyni, enda komi sanngjarnt verð fyrir eftir samkomulagi eða að mati dómkvaddra manna.

5. gr.

Ef brýna nauðsyn ber til, að fólk flýi hættusvæði og komi sér fyrir á öruggari stöðum, er ríkisstjórninni skylt að greiða fyrir flutningunum, og er í því skyni heimilt að taka leigunámi skip, bifreiðar og önnur farartæki, svo og lendur og hvers konar húsnæði, sem völ kann að vera á, flóttafólki til öryggis, skjóls og aðhlynningar. Um framkvæmd leigunáms samkvæmt þessari grein skal farið eftir ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917.

6. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

7. gr.

Brot gegn lögum þessum, svo og fyrirmælum og reglum lögreglustjóra og loftvarnanefnda samkvæmt þeim varða 50—10000 kr. sektum, nema þyngri refsing varði samkvæmt öðrum lögum.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. 340. Breytingartillaga

við frv. til l. um ráðstafanir til loftvarna og annarra varna gegn hættum af hernaðaraðgerðum.

Frá Þorsteini Briem.

Við 1. gr. og fyrirsögn frv.

Fyrir „hernaðaraðgerðum“ komi á báðum stöðum: hernaði.

Nd. 341. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. um Háskóla Íslands, nr. 21 1. febrúar 1936.

Frá Bergi Jónssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   1. gr. laganna orðist þannig:
   Í Háskóla Íslands eru þessar 6 deildir: guðfræðideild, læknadeild, lagadeild, viðskiptafræðideild, heimspekideild og atvinnudeild.
2. Á eftir 1. gr. komi ný grein, 2. gr., svo hljóðandi:
   Í stað „5“ í 4. gr. laganna komi: 6.
   Greinatala breytist samkvæmt því.
3. Við 2. gr. 2. og 3. efnismgr. falli burt.
4. Við 3. gr. Greinin falli burt.
5. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Próf í heimspekilegum forspjallsvísindum er öllum stúdentum heimilt að ganga undir eftir tveggja missira nám við háskólann, en skylt að hafa lokið því áður en þeir ganga undir fullnaðarpróf.
   Í reglugerð háskólans skulu sett ákvæði um próf, bæði undirbúningspróf og fullnaðarpróf, um námsgreinar þær, er prófa skal í, um einkunnagjafir og hversu háa einkunn þurfi til þess að standast próf, bæði í einstökum prófgreinum og í aðaleinkunn. Skipta má fullnaðarprófi í fleiri hluta.

Nd. 342. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Við 3. gr.
b-liður orðist svo:
Annars staðar á landinu:

Fyrir einstakling	kr.	900.00
— hjón	—	1800.00
— hvert barn	—	600.00

Nd. 343. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á sveitarstjórnarlögum, nr. 12 31. maí 1927.

Frá Skúla Guðmundssyni.

23. gr. laganna orðist svo:
Við 2. gr. Aftan við greinina bætist: og taka hreppsnefndaroddvitar laun samkvæmt þeim frá 1. jan. 1941.

Ed. 344. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 12 1. febr. 1936, um búreikningaskrifstofu ríkisins.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta, sem hefur verið samþykkt óbreytt í neðri deild. Verður ekki komizt hjá því að gera á því breytingar, vegna árekstrar 1. gr. frv., sem verður 2. gr. laganna, ef samþykkt verður, og 1. gr. laganna. Var nefndin sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinin orðist þannig:
   2. gr. laganna orðist þannig:
   Ríkissjóður skal endurgreiða Búnaðarfélagi Íslands kostnað við búreikningaskrifstofuna, þar á meðal til útgáfu búreikningaskýrslna og eyðublaða til innfærslu búreikninga, en þó má sá kostnaður ekki fara fram úr 5000 krónum á ári.
2. Við 2. gr. Greinin orðist þannig:
   Skólabúum bændaskólanna og öðrum ríkisstofnunum, er reka landbúnað, er skylt að færa búreikninga eftir fyrirmælum búreikningaskrifstofunnar og þeim fyrirmyndum, sem hún segir fyrir um. Búreikninga þessa með fylgiskjölum, eða afrit af þeim, skal senda búreikningaskrifstofunni til athugunar eftir lok hvers reikningsárs. Athugasemdir þær, er hún kann að gera við reikninga þessa, skal senda landbúnaðarráðuneytinu, sem gerir ráðstafanir til, að því verði þegar komið í lag, sem kann að reynast ábótavant samkvæmt þeim.

Einn nefndarmanna (ErlÞ) var fjarverandi vegna veikinda.

Alþingi, 2. maí 1941.

Þorst. Þorsteinsson, form., frsm. Páll Zóphóníasson.

Nd. 345. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Skúla Guðmundssyni.

Við 4. gr. Á eftir orðunum „tekjuskattur einstaklinga“ í upphafi a.-liðar (55. gr.) komi: heimilisfastra hér á landi.

Ed. 346. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 6 9. janúar 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Fyrsta og önnur málsgrein 6. gr. laganna hljóði þannig:

Skattgjald þeirra, sem um ræðir í 1. gr. og 2. gr. og í a- og c-lið 3. gr., reiknast þannig:

Ef hinn skattskyldi hluti teknanna er undir 1000 kr., greiðist af honum 1 %.

Af	1000—	2000	kr.	greiðist	10	kr.	af	1000	kr.	og	2 %	af afganginum
—	2000—	3000	—	—	30	—	—	2000	—	—	4 —	—
—	3000—	4000	—	—	70	—	—	3000	—	—	7 —	—
—	4000—	5000	—	—	140	—	—	4000	—	—	9 —	—
—	5000—	6000	—	—	230	—	—	5000	—	—	11 —	—
—	6000—	7000	—	—	340	—	—	6000	—	—	12 —	—
—	7000—	8000	—	—	460	—	—	7000	—	—	13 —	—
—	8000—	9000	—	—	590	—	—	8000	—	—	15 —	—
—	9000—	10000	—	—	740	—	—	9000	—	—	20 —	—
—	10000—	11000	—	—	940	—	—	10000	—	—	28 —	—
—	11000—	12000	—	—	1220	—	—	11000	—	—	29 —	—
—	12000—	14000	—	—	1510	—	—	12000	—	—	30 —	—
—	14000—	16000	—	—	2110	—	—	14000	—	—	31 —	—
—	16000—	18000	—	—	2730	—	—	16000	—	—	32 —	—
—	18000—	20000	—	—	3370	—	—	18000	—	—	33 —	—
—	20000—	25000	—	—	4030	—	—	20000	—	—	34 —	—
—	25000—	30000	—	—	5730	—	—	25000	—	—	35 —	—
—	30000—	35000	—	—	7480	—	—	30000	—	—	36 —	—
—	35000—	40000	—	—	9280	—	—	35000	—	—	37 —	—
—	40000—	45000	—	—	11130	—	—	40000	—	—	38 —	—
—	45000—	50000	—	—	13030	—	—	45000	—	—	39 —	—
—	50000	og þar yfir	—		14980	—	—	50000	—	—	40 —	—

2. gr.

Í stað 6. og síðustu málsgr. 8. gr. laganna komi:

Félög þau og stofnanir, er um ræðir í 3. gr. a., svo og samvinnuútgerðarfélög og hlutarútgerðarfélög mega draga frá tekjum sínum 5% af innborguðu hlutafé eða stofnfé.

Ef nokkuð af ársarði þessara félaga er lagt í varasjóð, þá er helmingur þeirrar upphæðar undanþeginn tekjuskatti, og skal hann koma til frádráttar við ákvörðun skattskyldra tekna.

Arðjöfnunarsjóði, eftirlaunasjóði og aðra sjóði, sem ekki eru beinlínis ætlaðir til þess að tryggja rekstur fyrirtækisins sjálfs, má ekki telja sem varasjóð.

Ef nokkurri fjárhæð úr varasjóði er síðar varið til úthlutunar til hluthafa, ráðstafað til einkaþarfa þeirra á beinan eða óbeinan hátt, eða varið til annars en þess að mæta hreinum rekstrarhalla fyrirtækisins, skal telja ⅗ af þeirri upphæð til skattskyldra tekna á því ári. Það telst ráðstöfun á fé varasjóðs samkvæmt framansögðu, ef félag, sem nýtur eða notið hefur hlunninda vegna framlags í varasjóð, ver einhverju af eignum sínum með eftirgreindum hætti:

a. Veitir hluthöfum, stjórnendum félags eða öðrum lán í peningum eða öðrum verðmætum, sem ekki eru beinlínis viðkomandi rekstri félagsins.
b. Veitir hluthöfum, stjórnendum félagsins eða öðrum nokkur fríðindi, beint eða óbeint, umfram arðsúthlutun og venjulegar eða eðlilegar launagreiðslur.

c. Ver fé til einhvers annars, sem er óviðkomandi rekstrinum, t. d. kaupa á eignum, hvers eðlis sem eru, sem ekki geta talizt nauðsynlegar við rekstur félagsins. Undanskilin eru þó opinber verðbréf ríkis og bæjarfélaga, þar með talin skuldabréf með ríkisábyrgð, svo og eignir, sem félag hefur orðið að taka við í sambandi við reksturinn, án þess um bein eignakaup sé að ræða.

Nú hefur félag, sem myndað hefur varasjóð, ráðstafað fé á einhvern þann hátt, sem greinir í a—c-liðum, og fellur það þá til skattgreiðslu samkv. 9. málsgr. þessarar greinar, þó eigi hærri fjárhæð en nemur varasjóði í lok skattársins. Skal þá miða við þá lánsfjárupphæð, sem útistandandi er um áramót af lánum, er veitt voru á árinu, að viðbættu meðaltali þeirra lána, er veitt hafa verið og greidd á skattárinu samkv. a-lið, heildarupphæð veittra hlunninda á skattárinu samkv. b-lið og kaupverð eigna samkv. c-lið. Þó ná ákvæði a- og c-liðar ekki til þeirrar upphæðar, sem íslenzk útgerðarfélög áttu í varasjóði samkvæmt efnahagsreikningi 31. des. 1939, að því leyti, sem þau ganga lengra en takmarkanir um ráðstafanir á fé varasjóðs, sem giltu samkvæmt lögum nr. 6 9. jan. 1935 og lögum nr. 39 12. febrúar 1940.

3. gr.

Í stað a—c-liða í 12. gr. laganna komi:

a. Í Reykjavík:

Fyrir einstakling	kr.	900.00
— hjón	—	1800.00
— hvert barn	—	700.00

b. Annars staðar á landinu:

Fyrir einstakling	—	900.00
— hjón	—	1800.00
— hvert barn	—	600.00

Frádráttur veitist fyrir þau börn, sem ekki eru fullra 16 ára í byrjun þess almanaksárs, þegar skattur er á lagður. Hér með teljast stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn, sem ekki er greitt meðlag með. Fyrir aðra skylduómaga, sem skattgreiðandi hefur á framfæri sínu, veitist sami frádráttur og fyrir börn. Hafi hinn framfærði tekjur, lækkar frádrátturinn sem þeim nemur og fellur burt, ef tekjuupphæðin nemur lögleyfðum ómagafrádrætti eða meiru.

4. gr.

Í stað 55. gr. í VI. kafla laganna komi 11 nýjar greinar, er verða 55.—65. gr., svo hljóðandi:

a. (55. gr.) Á meðan vísitala kauplagsnefndar er hærri en 110, miðað við grunntöluna 100 í jan.—marz 1939, skal tekjuskattur einstaklinga, heimilisfastra hér á landi, reiknaður þannig:

Hreinar tekjur gjaldanda skal margfalda með 100 og deila útkomunni með meðalmánaðarvísitölu skattársins. Við ákvörðun hreinna tekna skal tekjuhæðin deilanleg með 50, en því sleppt, sem er fram yfir. Meðalvísitala þessi skal jafnan vera heil tala, og er minni hluta en ½ sleppt, en ½ eða meira hækkað.

Frá þeirri tekjuupphæð, er þannig fæst, skal dreginn persónufrádráttur samkvæmt ákvæðum 12. gr.

Þegar upphæð tekjuskatts hefur verið fundin samkv. reglum 6. gr., skal margfalda hana með meðalvísitölunni og deila útkomunni með 100.

Ofangreind ákvæði gilda um þá einstaklinga, er hafa eigi hærri hreinar tekjur en kr. 12000.00, eftir að þær hafa verið lækkaðar á framangreindan hátt. Af hærri tekjum en hér greinir skal tekjuskattur reiknaður samkv. 6. gr. óbreyttri, en tekjuskatturinn síðan lækkaður um sömu fjárhæð og skattvilnunin hefur numið hjá þeim gjaldendum með sama frádrætti eftir 12. gr., er hafa í hreinar tekjur kr. 12000.00, eftir að þær hafa verið lækkaðar samkvæmt framangreindri reglu.

b. (56. gr.) Nú hefur félag, sem nýtur eða notið hefur hlunninda vegna framlags í varasjóð samkv. ákvæðum 8. gr., ráðstafað fé á árinu 1940 á þann hátt, sem um getur í a-lið og c-lið 8. gr., og skal þá skattanefnd miða skattgjald þeirra við það, að þær ráðstafanir hafi eigi verið gerðar, enda sanni hlutaðeigandi félag eigi síðar en 15. júlí 1941, að það hafi innheimt lán samkv. a-lið og selt eignir samkv. c-lið, en að öðrum kosti falla þær upphæðir til skattgreiðslu samkv. 9. málsgr. 8. gr.

c. (57. gr.) Við ákvörðun skattskyldra tekna, sem skattur greiðist af árið 1941, skal félögum þeim, er um ræðir í 3. gr. a. og b., heimilt að draga frá tekjum sínum aðeins ⅖ þeirrar fjárhæðar, er þau leggja í varasjóð af tekjum ársins 1940. Þó er þeim af þessum félögum, er stunda sjávarútveg sem aðalatvinnurekstur, heimilt að draga frá tekjunum helming þeirrar upphæðar, er þau leggja í varasjóð af tekjum sínum á árinu 1940. Sé um tapsfrádrátt að ræða samkvæmt heimild 64. gr., skal tapið dregið frá tekjunum áður en varasjóðstillagið er ákveðið.

d. (58. gr.) Nú nýtur félag, er um getur í 3. gr. a. og b. og hefur sjávarútveg sem aðalatvinnurekstur, skattívilnunar þeirrar, er um ræðir í 57. gr., og skal þá 40% af því fé, sem það leggur í varasjóð af tekjum ársins 1940, ráðstafað á þann hátt, að það sé lagt á sérstakan reikning í banka eða keypt fyrir það opinber verðbréf og þau falin banka til geymslu. Nefnist sá hluti varasjóðsins nýbyggingarsjóður, og gilda um hann þær reglur, er greinir í 59.—62. gr. Félag skal tilkynna, eigi síðar en 14 dögum eftir gildistöku laga þessara, hversu mikið fé það leggur í varasjóð, og ákveðst þá skattgreiðsla þess á árinu 1941 samkv. því. Fyrir 15. júlí 1941 skal félagið sanna fyrir skattanefnd, að áskilinn hluti af varasjóðstillaginu hafi verið lagður í nýbyggingarsjóð, en séu vanefndir á því að einhverju eða öllu leyti, skal greiða í ríkissjóð 20% af þeirri fjárhæð, sem til vantar.

Af fé nýbyggingarsjóðs má ekki meira en ⅗ hlutar vera innstæða á biðreikningi í sterlingspundum, sbr. bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 73 31. des. 1937, útg. 2⅘ 1941, nema með sérstöku leyfi nefndar þeirrar, er um getur í 61. gr. Getur nefndin veitt leyfi til þess, að meira en að ofan greinir sé á biðreikningi, ef aðili sýnir fram á, að hann geti ekki lagt féð fram á annan hátt, vegna þess að fé varasjóðs hafi verið notað til að greiða skuldir fyrirtækisins.

e. (59. gr.) Útgerðarfélag ráðstafar sjálft því fé, er það hefur lagt í nýbyggingarsjóð, en því má eingöngu verja til aukningar og endurnýjunar á framleiðslutækjum á sviði útgerðar, annaðhvort með nýbyggingum innanlands eða með kaupum frá öðrum löndum. Þó er heimilt að verja fé nýbyggingarsjóðs til að greiða tap á útgerð, ef aðrar eignir hrökkva ekki til fyrir því, en áður en það er gert, skal það tilkynnt nefnd þeirri, er um ræðir í 61. gr., og lætur hún þá aðila vita, hvort hún telur slíka ráðstöfun í samræmi við lög þessi.

Sé fé nýbyggingarsjóðs veðsett eða því ráðstafað á einhvern annan hátt en að framan greinir, um lengri eða skemmri tíma, skal greiða af því tekjuskatt jafnháan þeim skatti, sem hefði orðið að greiða af fénu, þegar það var lagt fyrir, ef það hefði þá verið skattskylt.

f. (60. gr.) Útgerðarfélag lætur fylgja með skattframtali sínu yfirlýsingu frá hlutaðeigandi banka um það, hve mikið fé sé geymt þar í nýbyggingarsjóði, og yfirlit um þær breytingar, sem kunna að hafa orðið á innstæðu sjóðsins síðan hann var myndaður. Enn fremur vottorð um, að á fé þessu hvíli engar kvaðir.

g. (61. gr.) Ráðherra skipar þriggja manna nefnd, einn eftir tilnefningu Landssambands íslenzkra útvegsmanna, annan eftir tilnefningu Alþýðusambands Íslands, en hinn þriðja án tilnefningar, og er hann formaður nefndarinnar. Nefndin skal hafa eftirlit með því, að fylgt sé fyrirmælum laga þessara um ávöxtun og ráðstöfun á fé nýbyggingarsjóðs.

Skattanefndir skulu senda nefnd þeirri, er hér um ræðir, skýrslu um framlög í nýbyggingarsjóð og innstæðu hvers fyrirtækis, svo fljótt sem unnt er, eftir að upplýsingar um það bárust þeim í hendur. Um hver áramót skulu þau fyrir-

tæki, er fé eiga í nýbyggingarsjóði, senda nefndinni skýrslu um ráðstöfun þess fjár, er þau hafa tekið úr sjóðnum á liðnu ári. Nú telur nefndin vafa á því, að fé úr nýbyggingarsjóði hafi verið varið samkvæmt ákvæðum laga þessara, og skal hún þá tafarlaust tilkynna það stjórn viðkomandi útgerðarfélags. Nefndin skal síðan úrskurða um það, hvort greiða skuli skatt af fénu samkv. síðari málsgr. 59. gr., og tilkynna það skattanefnd og eiganda sjóðsins.

Úrskurðum nefndarinnar má skjóta til ríkisskattanefndar til fullnaðarúrskurðar, sbr. þó 2. málsgr. 41. gr. Sé ágreiningur innan nefndarinnar, getur minni hlutinn einnig skotið honum til úrskurðar ríkisskattanefndar.

Þóknun fyrir störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

h. (62. gr.) Nú hefur innstæða í nýbyggingarsjóði verið notuð samkvæmt fyrirmælum laga þessara, og telst þá sú eign til varasjóðs hjá viðkomandi félagi.

i. (63. gr.) Einstaklingar og sameignarfélög, er stunda sjávarútveg sem aðalatvinnurekstur, mega draga frá skattskyldum tekjum sínum 40% af því fé, er þau leggja í nýbyggingarsjóð af útgerðartekjum sínum árið 1940, enda sé tekjum af útgerðinni haldið greinilega aðskildum frá öðrum tekjum gjaldenda. Um ávöxtun og ráðstöfun þessa fjár gilda ákvæði þessara laga, eftir því sem við á.

j. (64. gr.) Útgerðarfyrirtækjum íslenzkra botnvörpuskipa, línubáta og vélbáta er heimilt að draga frá tekjum sínum árið 1940, áður en skattur er á þær lagður, tap, sem orðið hefur á rekstri útgerðarinnar á tímabilinu frá 1. jan. 1931 til 31. des. 1939.

Ívilnun þessi er bundin eftirfarandi skilyrðum og takmörkunum:

a. Að fullnægjandi grein hafi verið gerð fyrir tapinu á framtali til tekju- og eignarskatts fyrir það eða þau ár, sem tapið varð, og sé miðað við rekstrarhalla samkvæmt rekstrarreikningum, enda skal taka með útgjöldum fyrningu á eignum samkvæmt reglugerð um það efni, þó þannig, að togarar séu ekki færðir lengra niður en í kr. 150000.00, miðað við 31. des. 1939, og önnur skip hlutfallslega eftir því. Hafi orðið gróði á rekstri útgerðarfyrirtækjanna einstök ár á fyrrgreindu tímabili, skal hann dragast frá tapinu.

b. Að eigi sé úthlutað arði til hluthafa eða félagsmanna á meðan tapið er eigi að fullu jafnað, eða hluthöfum ívilnað á annan beinan eða óbeinan hátt, svo sem með hækkuðum kaupgreiðslum, umfram verðlagsuppbætur, eða auknum hlunnindum. Enn fremur er fjármálaráðherra heimilt að setja svipaðar takmarkanir, þegar um einkafyrirtæki er að ræða.

c. Að því leyti sem tapið, eða þær skuldir, sem mynduðust þess vegna, hefur verið gefið eftir fyrir ráðstöfun þess opinbera eða á annan hátt, kemur framangreind ívilnun ekki til greina, sbr. lög nr. 9 6. jan. 1938.

d. Að tekjum þeim, sem undanþegnar eru skattgreiðslu vegna tapsfrádráttar, sé eigi varið til annars en greiðslu á skuldum hlutaðeigandi fyrirtækis, þar til þær eru að fullu greiddar.

e. Að tekjur þær, sem undanþegnar eru skattgreiðslu vegna tapsfrádráttar, teljist til varasjóðs, og má nota þann hluta varasjóðsins til að mæta hreinum rekstrarhalla fyrirtækisins, að svo miklu leyti, sem aðrar eignir þess, þar með talin önnur eign í varasjóði, hrökkva ekki til þess að jafna rekstrarhallann. Sé nokkru af þessu fé varið til annars en að framan greinir, skal greiða tekjuskatt af 60% þeirrar fjárhæðar, er þannig er varið úr sjóðnum, jafnháan þeim skatti, sem hefði orðið að greiða af fénu, þegar það var lagt fyrir, ef það hefði þá verið skattskylt.

k. (65. gr.) Heimilt er ráðherra að breyta tímaákvörðunum og frestum þeim, er um ræðir í IV. kafla, eftir því sem þörf krefur, við álagningu skatts 1941.

Heimilt er að greiða skattanefndum á árinu 1941 allt að helmingi hærri þóknun en um ræðir í 30. gr.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1941. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 49 12. febr. 1940, um skattgreiðslu islenzkra útgerðarfyrirtækja, og lög nr. 57 frá 28. jan. 1935, um hlunnindi fyrir ný iðn- og iðjufyrirtæki.

Nd. 347. Nefndarálit

um frv. til l. um tannlæknakennslu við læknadeild háskólans.

Frá allsherjarnefnd.

Áður en allsherjarnefnd tók afstöðu til málsins, sendi hún menntamálanefnd deildarinnar frv. til umsagnar. Gerði menntamálanefndin þá ályktun í málinu, að hún viðurkenndi, að þörfin fyrir fjölgun tannlækna væri brýn, jafnframt því sem meiri hl. hennar mælti með fyrirliggjandi frv. um tannlæknakennslu við háskólann. Allsherjarnefnd tók síðan frv. til athugunar og mælir með því, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 3. maí 1941.

Bergur Jónsson, form. Vilmundur Jónsson, fundaskr., frsm. Gísli Guðmundsson.
Garðar Þorsteinsson. Jóh. G. Möller.

Nd. 348. Nefndarálit

um frv. til l. um læknisvitjanasjóði.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með því, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 3. maí 1941.

Bergur Jónsson, form. Vilmundur Jónsson, fundaskr., frsm. Gísli Guðmundsson.
Garðar Þorsteinsson. Jóh. G. Möller.

Ed. 349. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 32 14. júlí 1929, um loftferðir.

Frá allsherjarnefnd.

Í frv. eins og það var lagt fyrir Alþingi var gert ráð fyrir, að ríkisstjórninni yrði heimilað að skerða eða taka eignarnámi vegna loftferða lóðir og mannvirki, og jafnframt að ríkisstjórnin mætti leyfa sveitar- og sýslufélögum og þeim, sem gera út loftför, hið sama.

Nú hefur Nd. fellt úr frv. ákvæðin um skerðing eignarréttarins, en hins vegar er haldið óbreyttu því ákvæði, að nánari fyrirmæli um framkvæmd skerðingar eignarréttarins skuli sett með reglugerð. Það ákvæði á nú ekki lengur við, eftir að felld hefur verið niður heimildin til skerðingar, og þykir því rétt að fella það niður.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 1. gr. Þriðja efnismálsgrein („Nánari fyrirmæli ... með reglugerð") falli burt.

Alþingi, 3. maí 1941.

Sigurjón Á. Ólafsson, form.	Ingvar Pálmason, fundaskr.	Magnús Gíslason, frsm.

Ed. 350. Nefndarálit

um frv. til laga um sölu kirkjujarðarinnar Hvanneyrar í Siglufirði.

Frá allsherjarnefnd.

Frumvarp þetta hefur verið sent ríkisstjórninni til umsagnar. Hefur nefndinni nú borizt svar, þar sem tekið er fram, að ríkisstjórnin mæli með frv. Nefndin fellst á að veita ríkisstjórninni heimild til að selja Siglufjarðarkaupstað umrædda jörð, en þar sem lög nr. 50 frá 16. nóv. 1907, um sölu kirkjujarða, eru úr gildi felld, þykir nefndinni ekki hlýða að vitna til þeirra um greiðslu kaupverðs, og þar sem ríkisstjórnin að sjálfsögðu ákveður kaupverð, virðist nefndinni eðlilegast, að svo verði einnig um greiðsluskilmála.

Leggur nefndin því til, að frv. verði samþ. með þessari

BREYTINGU:

Við 2. gr. Greinin falli niður.

Alþingi, 3. maí 1941.

Sigurjón Á. Ólafsson, form.	Ingvar Pálmason, fundaskr., frsm.	Magnús Gíslason.

Nd. 351. Nefndarálit

um frv. til landskiptalaga.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur yfirfarið frumvarp þetta allrækilega. Eru landskiptalögin frá 1927 umsamin að fullu, og eru í þessu frumvarpi nokkur nýmæli. Ráðunautar Búnaðarfélags Íslands, sem mest hafa um þau mál, er heyra undir landskiptalögin, að fjalla, hafa samið frumvarp þetta og stuðzt þar við margra ára reynslu sína varðandi landskipti.

Landbúnaðarnefnd telur, að breytingar þær, er frv. gerir á eldri lagaákvæðum, séu yfirleitt til bóta, og beri þess vegna að samþykkja frumvarpið. Nefndin hefur

gert nokkrar breytingartillögur við frumvarpið, en það eru mestmegnis orðabreytingar, en raska ekki efni þess.

Landbúnaðarnefnd mælir með samþykkt frumvarpsins, en leggur til, að eftirfarandi breytingartillögur verði samþykktar.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 1. gr.
   a. Upphaf 1. töluliðs orðist svo:
      Ef lögfest skipti hafa eigi áður farið fram, getur hver — o. s. frv.
   b. 3. tölul. orðist svo:
      Ef reynslan hefur leitt í ljós, að dómi matsmanna, að lögfest skipti séu mjög óhagkvæm einum aðila eða fleirum, getur hver einstakur aðili krafizt endurskipta. Eigi skulu matsmenn taka slíka kröfu til greina, nema þeir telji, að úr megi bæta öðrum aðilum að skaðlausu.
2. Við 10. gr. Síðasta málsgr. orðist svo:
   Nú hefur einhver unnið hefð á landi samkvæmt lögum nr. 46 10. nóv. 1905, og má þá hefðarréttur eigi standa fyrir skipulegri landskiptingu samkvæmt lögum þessum, enda fái sá, er hefðarrétt hefur unnið sér, jafngildi lands á öðrum stað, og skal bæta honum við skiptin umbætur hans á landi því, er hann kann að missa.

Alþingi, 3. maí 1941.

Bjarni Ásgeirsson, form.	Jón Pálmason, fundaskr.	Steingr. Steinþórsson, frsm.

Pétur Ottesen. Ásg. Ásgeirsson.

Ed. 352. Frumvarp til laga

um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Veðdeild Landsbankans skal vera heimilt að gefa út bankavaxtabréf, allt að 18 milljónum króna. Vaxtabréfunum má skipta í flokka, og nefnist sá þeirra, er fyrst kemur til framkvæmda, 13. flokkur veðdeildarinnar, og hinir í áframhaldandi töluröð þar á eftir. Fjármálaráðherra ákveður, hvenær hverjum flokki skuli lokið, er stjórn Landsbankans hefur gert tillögur um það. Heimilt er, með samþykki fjármálaráðherra, að hafa 2 flokka með mismunandi vöxtum starfandi í senn. En eigi má hver flokkur vera stærri en 6 milljónir króna.

2. gr.

Veðdeildin gefur út skuldabréf, er hljóða á handhafa (bankavaxtabréf), en nafnskrá má þau í bókum bankans. Stjórn Landsbankans kveður á um lögun, útlit og fjárhæð bankavaxtabréfanna. Fjármálaráðherra og bankastjórar Landsbankans undirskrifa bankavaxtabréfin.

Aldrei má gefa meira út af bankavaxtabréfum en nemur fjárhæð þeirri, er veðdeildin á í veðskuldabréfum.

3. gr.

Auk veðskuldabréfa þeirra, sem veðdeildin fær frá lántakendum, skal trygging fyrir vaxtabréfum þessara flokka vera:

1. Varasjóður hvers flokks.
2. Sameiginleg ábyrgð lántakenda, er nemi allt að 10%, sbr. 8. gr.
3. Ábyrgð ríkissjóðs.

Ef taka þarf til trygginganna 1—3, skal gera það í þeirri röð, sem að ofan er greint.

4. gr.

Í reglugerð fyrir hvern flokk, er bankastjórnin semur og ráðherra staðfestir, skal ákveðið, hversu háum vöxtum skuli svarað af bankavaxtabréfunum og hvar þeir skuli greiðast, svo og hvernig haga skuli auglýsingum um greiðslu þeirra.

Vaxtamiðar, sem komnir eru í gjalddaga, skulu gjaldgengir til lúkningar sköttum og öðrum gjöldum ríkissjóðs, og skulu gjaldheimtumenn ríkissjóðs innleysa þá, ef þeir hafa fé fyrir hendi, er greiðast á í ríkissjóð.

5. gr.

Veðdeildin er undanþegin öllum tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum. Svo á hún rétt til að fá ókeypis eigna- og veðbókarvottorð, til afnota fyrir sjálfa sig.

6. gr.

Fé veðdeildarflokkanna má lána gegn veði í jarðeignum, erfðafestulöndum og húseignum með lóð, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð, en gegn veði í húseignum því aðeins, að þær séu vátryggðar í vátryggingarstofnun, er bankastjórnin telur góða og gilda.

Lánsupphæð má ekki fara fram úr ⅔ af virðingarverði fasteignarinnar.

7. gr.

Eignir þær, sem veðdeildarflokkarnir taka að veði, skal á kostnað lánþega virða á þann hátt, er nánar verður tiltekið í reglugerð fyrir flokkana. Í reglugerðinni má meðal annars ákveða, að stjórn Landsbankans megi nefna til þá menn, er virða skuli veðin, og að hreppsnefnd eða bæjarstjórn sú, er í hlut á, samþykki virðinguna. Svo skal lántakandi, að minnsta kosti á hverjum fimm ára fresti, meðan lánið stendur, sýna skírteini, sem bankastjórnin tekur gild, fyrir því, að veðið hafi eigi rýrnað í verði, svo að veðdeildarflokknum geti verið nein hætta búin. Láti lántakandi farast fyrir að senda bankastjórn Landsbankans þetta skírteini, má stjórn bankans láta skoðunargerð af innanhéraðsmönnum fram fara á kostnað lántakanda.

8. gr.

Lántakendur veðdeildarflokkanna skulu, auk þess að bera ábyrgð á sínum eigin skuldum, ábyrgjast sameiginlega (in solidum) skuldbindingar hvers flokksins, þó eigi meira en 10% af því, sem lán þeirra námu á síðasta gjalddaga, áður en taka þurfti til ábyrgðarinnar. Skal í reglugerð deildarinnar ákveða, hvenær grípa skuli til þessarar sameiginlegu ábyrgðar og hvernig henni að öðru leyti skuli vera fyrir komið.

9. gr.

Eigi má lána nema gegn 1. veðrétti. Minnsta lán skal vera 300 kr., og skulu lán jafnan standa á hundraði króna.

Lánstíminn má vera allt að 40 árum, sé veðið jarðeign eða vandað steinsteypuhús eða steinhús, og allt að 30 árum, sé veðið vandað timburhús.

10. gr.

Lán þau, sem veðdeildin veitir, má hún greiða í bankavaxtabréfum sínum eftir ákvæðisverði þeirra, en lánþegi hefur rétt til að heimta, að bankastjórnin annist um að koma bankavaxtabréfunum í gjaldgenga peninga, ef þess er kostur, en borga verður hann kostnað þann, sem af því leiðir, og verðfall.

Veðdeildin hefur þó jafnan rétt til að greiða lánin í peningum með þeirri upphæð, sem hún getur fengið fyrir þau, að frádregnum öllum kostnaði. Semja má um sölu bankavaxtabréfa þessara flokka fyrir fram í einu eða fleiru lagi, enda samþykki fjármálaráðherra söluverðið.

11. gr.

Hver lántakandi skal greiða 1% af lánsupphæðinni í varasjóð flokksins um leið og hann tekur lánið.

Þó er heimilt að ákveða í reglugerð, að lántökugjaldið greiðist í tvennu eða fernu lagi.

Heimilt er veðdeildinni við hver eigendaskipti að heimta lánið borgað aftur að öllu eða nokkru leyti.

Verði eigendaskipti að fasteign, sem veðsett er veðdeildinni, skal kaupandi þegar um leið og kaupin gerast tilkynna veðdeildinni eigendaskiptin.

12. gr.

Vilji nýr kaupandi taka að sér greiðslu á láni úr þessum flokkum, skal hann leita samþykkis landsbankastjórnarinnar um það. Samþykki hún, að hinn nýi kaupandi taki lánið að sér, skal hann innan sex mánaða frá kaupdegi sanna eignarrétt sinn fyrir bankastjórninni og taka lánið að sér. Slík yfirtaka er ekki stimpilskyld.

13. gr.

Lánum þeim, sem veðdeildin veitir, má hún ekki segja upp, meðan lánþegi gegnir að öllu leyti skyldum þeim, sem hann hefur undirgengizt. En ef ákvæðisgjöld hans verða ekki greidd á réttum gjalddaga, eða veðið gengur svo úr sér, að það er eigi lengur svo tryggjandi sem vera skal, eða haldi skuldunautur ekki vátryggðum húseignum, er að veði eru og talin eru með í matinu, eða falli á veðið eftirstöðvar af sköttum eður afgjöldum, er ganga fyrir kröfum veðdeildarinnar, eða nýr kaupandi vanrækir að taka lán að sér, er bankastjórninni heimilt að telja eftirstöðvar lánsins komnar í gjalddaga undir eins án uppsagnar.

14. gr.

Skuldunautar veðdeildarinnar skulu greiða vexti, afborganir og tillög til að borga kostnað við þessa flokka og til varasjóðs í einu lagi með jafnri upphæð samtals hvern gjalddaga. Árlegt tillag til að borga kostnað við flokkana og til varasjóðs er ½% á ári af upphæð lánsins eins og það var fyrir hvern gjalddaga. Á ákveðnum gjalddögum má hver lántakandi, án undangenginnar uppsagnar, greiða aukaafborganir af skuld sinni, þó svo, að ávallt standi á 100 krónum, eða endurborga hana að öllu leyti. Gjald þetta má hann greiða með bankavaxtabréfum hlutaðeigandi flokks, eftir ákvæðisverði þeirra. Á öðrum tíma árs má og borga lán að fullu, ef bankastjórnin samþykkir, þó því aðeins, að það sé veðdeildarflokknum að skaðlausu.

15. gr.

Heimilt er í reglugerð að ákveða dráttarvexti á fborgunum og vöxtum, sem ekki greiðast á gjalddaga.

16. gr.

Afborgunum þeim og endurborgunum, er greiddar eru í peningum á hverjum gjalddaga, skal varið til að innleysa skuldabréf þau, er hlutaðeigandi veðdeildarflokkur hefur gefið út, eftir hlutkesti, sem notarius publicus hefur umsjón með og fram fer í viðurvist tveggja manna; annan kveður ráðherra til þess, hinn bankastjórnin. Þá er hlutkesti hefur fram farið, skal auglýsa með níu mánaða fyrirvara tölurnar á bankavaxtabréfum þeim, er upp hafa komið til innlausnar, og á hverjum gjalddaga þau verði útborguð. Nánari ákvæði um auglýsingar þessar skal setja í

reglugerð veðdeildarflokkanna. Bankinn má og á þann hátt og með þeim fyrirvara, er áður segir, innleysa bankavaxtabréf í stærri stil.

17. gr.

Eigendur bankavaxtabréfa þeirra, er innleysa skal, geta, gegn því að afhenda þau með vaxtamiðum, er þeim fylgja, fengið útborgaðan höfuðstól þeirra á ákveðnum gjalddaga, og er eigi skylt að greiða vexti af höfuðstólnum upp frá því. Sama rétt hafa handhafar bréfanna, þótt eigi séu eigendur.

18. gr.

Höfuðstóll og vaxtafé, sem komið er í gjalddaga til útborgunar, rennur í varasjóð hlutaðeigandi veðdeildarflokks, sé þess eigi vitjað innan 20 ára frá gjalddaga.

19. gr.

Nú glatast bankavaxtabréf, sem nafnskráð er í bókum veðdeildarinnar, og getur þá bankastjórnin innkallað handhafa bréfsins með 12 mánaða fyrirvara, með auglýsingu, er birt sé þrisvar sinnum samfleytt í blaði því á Íslandi, er flytur opinberar auglýsingar, og í samsvarandi auglýsingablöðum erlendis, þar sem ætla má, að bréfin séu í umferð. Ef enginn gefur sig fram með bréfið í tæka tíð, getur bankastjórnin útgefið handa hinum skráða eiganda þess nýtt bankavaxtabréf með sömu upphæð sem það, er glataðist, án þess nokkur annar, er bankavaxtabréfið kann að hafa verið afsalað, geti þar fyrir búið kröfu á hendur veðdeildinni. — Um ógilding annarra bankavaxtabréfa fer eftir almennum lögum.

20. gr.

Bankavaxtabréf þau, er innleyst hafa verið með hlutkesti, eða hafa verið notuð til að borga eða afborga lán, má eigi framar setja í veltu, heldur skal ónýta þau undir eins ásamt vaxtamiðum og stofnum þeirra, á þann hátt, að þau með því verði ógild, og leggja þau til geymslu í fjárhirzlu deildarinnar, og svo skal við lok næsta reikningsárs eyðileggja þau í viðurvist endurskoðenda ásamt vaxtamiðum þeim, er innleystir hafa verið það reikningsár.

21. gr.

Vaxtamiða og vaxtabréf, sem komin eru í gjalddaga, skal borga út í veðdeildinni í Reykjavík.

Í reglugerð veðdeildarflokkanna skal ákveða, á hvern hátt borga skuli út erlendis vaxtamiða og bankavaxtabréf, sem komin eru í gjalddaga.

22. gr.

Þegar lán er komið í gjalddaga (sbr. 13. gr.), hefur veðdeildin heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarandi dóms, sáttar eða fjárnáms, samkvæmt ákvæðum í tilskipun um fjárforráð ómyndugra, 18. febr. 1847, 10. gr., eða láta leggja það veðdeildinni út til eignar, ef þörf er á. — Veðdeildin þarf ekki að láta neinn vera fyrir sína hönd við uppboðið, og skal þar ekki taka mótmæli skuldunauts til greina, nema þau séu auðsjáanlega á rökum byggð, og eigi er heldur hægt að stöðva eða ónýta uppboðið með neins konar dómskoti.

Veðdeildin hefur aftur á móti ábyrgð á því, að skuldin sé rétt og komin í gjalddaga, og skuldunaut er frjálst að höfða mál til endurgjalds á öllu því, er hann hefur skaðazt á uppboðinu, og öllum málskostnaði að skaðlausu. Veðdeildin getur löglega samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum fasteignum megi fram fara í skrifstofu uppboðshaldara.

23. gr.

Fé ómyndugra manna og opinberra stofnana og sjóða má verja til að kaupa bankavaxtabréf þessara veðdeildarflokka.

24. gr.

Þá er lokið er skuldbindingum hvers þeirra veðdeildarflokka, er stofnaðir verða samkvæmt lögum þessum, rennur varasjóður hans til næsta flokks, og svo áfram. Þegar lokið er skuldbindingum síðasta flokksins, rennur varasjóðurinn til þess eða þeirra veðdeildarflokka eða veðlánsstofnana, sem stofnsettar verða til að halda áfram veðlánastarfseminni eftir að lokið er síðasta flokki samkvæmt þessum lögum. Verði slíkum nýjum flokkum eða veðlánastofnunum fengin aðgreind starfssvið, skiptist varasjóðurinn milli þeirra, svo að hvert starfssvið njóti réttrar ítölu þeirrar, er varasjóðnum hefur þaðan aflazt.

25. gr.

Veðdeildinni skal stjórnað af stjórn Landsbankans, og reikningar hennar endurskoðaðir af endurskoðendum þess banka.

26. gr.

Lög þessi ganga í gildi nú þegar.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt beiðni viðskiptamálaráðherra. Einstakir nefndarmenn hafa óbundið atkvæði um frv.

Frumvarpið er samið af stjórn Landsbankans og er að mestu leyti samhljóða lögum nr. 122 27. des. 1935. Smávegis breytingar eru gerðar á 1., 10., 12., 20. og 23. gr. nefndra laga, og virðast þær ekki þarfnast skýringa.

Nd. 353. Lög

um breyting á lögum nr. 31 14. júní 1929, um Búnaðarbanka Íslands, og á lögum nr. 20 13. jan. 1938, um breyting á þeim lögum.

(Afgreidd frá Nd. 3. maí.)

Samhljóða þskj. 323.

Nd. 354. Lög

um sandgræðslu og heftingu sandfoks.

(Afgreidd frá Nd. 3. maí.)

Samhljóða þskj. 272.

Nd. 355. Lög

um veiði, sölu og útflutning á kola.

(Afgreidd frá Nd. 3. maí.)

Samhljóða þskj. 282.

Nd. 356. Nefndarálit

um frv. til l. um greiðslu verðlagsuppbótar á styrk til héraðs- og gagnfræðaskóla.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin mælir með því, að frv. verði samþykkt með breytingu þeirri, sem flutt er á þingskjali 251, þannig að verðlagsuppbótin greiðist einnig til húsmæðrafræðslunnar. Og breytist þá fyrirsögn frv. samkv. því.

Þá vill nefndin taka fram, að hún telur eðlilegt, að greidd verði verðlagsuppbót á þessa styrki einnig fyrir árið 1940, eins og hún var ákveðin samkv. lögum það ár á laun opinberra starfsmanna.

Alþingi, 3. maí 1941.

Sveinbjörn Högnason, form., frsm. Jón Pálmason, fundaskr. H. Guðmundsson.
St. Stefánsson. Skúli Guðmundsson.

Ed. 357. Frumvarp til laga

um viðauka við lög nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Meðan vísitala kauplagsnefndar er 110 eða hærri, skal:

a. slysatryggingardeild tryggingarstofnunar ríkisins greiða uppbætur á dagpeninga, dánarbætur og örorkubætur til slysatryggðra manna eða skylduliðs þeirra í samræmi við vísitölu kauplagsnefndar.
b. hámark framlags ríkissjóðs og sveitarsjóða til sjúkrasamlaga samkv. 1. málsgr. 35. gr. hækka í samræmi við vísitölu kauplagsnefndar í lok hvers ársfjórðungs.
c. lífeyrissjóður Íslands greiða 30% — þrjátíu af hundraði — af heildarupphæð ellilauna og örorkubóta samkv. 2. tölul. 80. gr. laganna.
d. innheimta iðgjöld til lífeyrissjóðs Íslands samkv. 1. tölul. 49. gr. með viðauka í samræmi við vísitölu kauplagsnefndar 1. apríl það ár, sem gjaldið er á lagt. Gjaldauki, sem nemur minnu en 50 aurum, skal niður felldur, en hækka í krónu, ef hann nemur 50 aurum eða meiru.
e. tekjuhámark það, sem samkv. 1. málsgr. 24. gr. er skilyrði fyrir að njóta sjúkrasamlagshlunninda gegn greiðslu á einföldu iðgjaldi, miðast við umreiknaðar hreinar tekjur, að frádregnum persónufrádrætti.

2. gr.

Ríkissjóður endurgreiði lífeyrissjóði Íslands þann hluta af framlagi sjóðsins samkvæmt c-lið 1. gr., sem er umfram ¾ hluta af tillagi lífeyrissjóðsins samkv. 79. gr. laganna.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 73 7. maí 1940.

Nd. 358. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 316 [Húsmæðrafræðsla].

Frá Ásgeiri Ásgeirssyni.

Við 2.

a. Fyrir „heimavistargjald“ komi: húsaleiga.
b. Fyrir „45 kr.“ komi: 40 kr.

Ed. 359. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 45 31. maí 1927, um heimild fyrir dómsmálaráðherra til þess að veita leyfi til veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og er samþykk þeirri breytingu, sem þar er farið fram á. Hún telur þó rétt að kveða skýrt á um það, að veðmálastarfsemin sé bundin við ákveðinn dag, þegar um kappróður er að ræða, svo ekki myndist árekstur milli annarra, sem veðmálastarfsemi hafa að lögum í sambandi við kappróður.

Nefndin mælir því með frumvarpinu með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 1. gr. Á eftir „Sjómannadagsráðsins“ í síðari efnismálsgr. bætist: er fari fram á sjómannadaginn.

Alþingi, 3. maí 1941.

Sigurjón Á. Ólafsson, form., frsm.	Ingvar Pálmason, fundaskr.	Magnús Gíslason.

Ed. 360. Lög

um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Afgreidd frá Ed. 3. maí.)

Samhljóða þskj. 346.

Ed. 361. Lög

um stríðsgróðaskatt.

(Afgreidd frá Ed. 3. maí.)

Samhljóða þskj. 332.

Nd. 362. Breytingartillögur

við frv. til l. um húsmæðrafræðslu í kaupstöðum.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 8. gr. Þriðji málsliður greinarinnar orðist svo: Ríkissjóður greiðir árlega kr. 6750.00 fyrir fyrstu 15 nemendur, kr. 400 fyrir hvern næstu 15 og kr. 300 fyrir hvern nemanda þar fram yfir.
2. Við 9. gr. Í stað niðurlags greinarinnar („Fræðslumálastjórnin ...“ og út) komi: Húsaleiga má þó aldrei vera hærri yfir skólaárið en 40 kr. á nemanda.

Nd. 363. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 64 23. júní 1932, um kirkjugarða.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

16. gr. laganna orðist svo:

Nú nota tveir eða fleiri söfnuðir, sem hafa 1000 eða fleiri gjaldskylda meðlimi hver, sama kirkjugarð, og skulu þá sóknarnefndir þjóðkirkjusafnaða og stjórnir utanþjóðkirkjusafnaða þeirra, sem hlut eiga að máli, kjósa hver úr sínum hópi fulltrúa í sameiginlega kirkjugarðsstjórn, til 6 ára í senn, og jafnmarga varamenn.

Í kirkjugarðsstjórninni eiga sæti 5 menn, ef söfnuðir eru ekki fleiri en 5, en ella 7 menn. Setur dóms- og kirkjumálaráðherra reglur um kosningu þeirra, ef þurfa þykir.

Varamaður kemur í stað aðalmanns, ef hann getur ekki sinnt störfum um stundarsakir. Fari annar hvor þeirra úr sóknarnefnd eða safnaðarstjórn, er hann um leið úr kirkjugarðsstjórn, og skal þá kosið í hans stað fyrir þann tíma, sem eftir er af kjörtímabili hans.

Kirkjugarðsstjórn hefur á hendi allar skyldur og ábyrgð sóknarnefnda að því er tekur til kirkjugarða.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir beiðni dóms- og kirkjumálaráðherra, og fylgdu því eftirfarandi athugasemdir:

Í kirkjugarðalögunum frá 1932 er hvergi gert ráð fyrir, hvernig skipa skuli kirkjugarðsstjórn, þar sem fleiri en 2 söfnuðir nota sama kirkjugarð, eins og nú er í Reykjavík. Virðist því brýn nauðsyn til að setja lagaákvæði þar að lútandi og gera þá jafnframt ráð fyrir þeirri safnaðafjölgun, sem verða kann, að minnsta kosti í Reykjavík, innan fárra ára.

Álitamál kann að vera, hvernig bezt sé að haga skipun kirkjugarðsstjórnar, þegar söfnuðir verði fleiri en 7 um sama garð, og er ráðherra falið að setja reglur þar að lútandi. En óhjákvæmilegt er talið að ákveða kjörtímabil kirkjugarðsstjórnar og ætla henni varamenn, svo að enginn söfnuður verði þar fulltrúalaus, þótt aðalmaður sé veikur eða fjarverandi um stundarsakir.

Nd. 364. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 36 16. nóv. 1907, um skipun sóknarnefnda og héraðsnefnda.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

Á eftir fyrstu málsgr. 3. gr. laganna bætist: Í kaupstöðum og öðru þéttbýli má þó boða fundinn með þriggja daga fyrirvara.

2. gr.

a. Fyrsta málsgr. 4. gr. laganna orðist svo:
Aðalsafnaðarfund skal jafnan halda á tímabilinu frá 1. apríl til 1. júní ár hvert.

b. Aftan við sömu lagagr. bætist:
Heimilt skal að kjósa jafnmarga varamenn í sóknarnefndir, og gilda sömu reglur um kosningu þeirra, kjörgengi og kjörtímabil sem um aðalmenn. Varamenn taka sæti aðalmanna, sem ekki geta sinnt nefndarstörfum um stundarsakir, eftir þeirri röð, sem þeir eru kosnir í. Heimilt skal sóknarnefnd að kveðja varamenn sér til aðstoðar, þegar hún telur ástæður til.

3. gr.

a. Byrjun síðustu málsgr. 16. gr. laganna orðist svo:
Safnaðarfulltrúar hafa 7 kr. fyrir hvern dag, sem þeir eru utan heimilis vegna héraðsfunda.

b. Við sömu lagagr. bætist ný málsgr.:
Heimilt er að kjósa varasafnaðarfulltrúa. Um kosningu hans, kjörgengi og kjörtímabil gilda sömu reglur og um safnaðarfulltrúa. Þegar safnaðarfulltrúi getur ekki sótt héraðsfund, kemur varafulltrúi í hans stað.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir beiðni dóms- og kirkjumálaráðherra, og hefur menntamálanefnd gert á því nokkrar smábreytingar, er henni þóttu betur fara.

Um 1. gr. Fundir ætlaðir kaupstaðabúum eru ekki að jafnaði auglýstir með hálfs mánaðar fyrirvara, af því að allir vita, að það væri ekki annað en óþarfur kostnaður. Virðist ekki ástæða til að lögbjóða kaupstaðasöfnuðum að taka á sig þann aukakostnað, þar sem jafnnauðsynlegt er að auglýsa safnaðarfundina næstu daga á undan þeim, hve rækilega sem þeir hafa verið auglýstir „með hálfs mánaðar fyrirvara“.

Um 2. gr. a. Aprílmánuður þykir hentugri fundatími í kaupstöðum en maímánuður, og er fundartími því færður fram frá því, sem nú er.

b. Í fjölmennum söfnuðum eru störf sóknarnefnda svo mörg og mikilvæg, að full ástæða er til, að þær hafi varamenn engu síður en ýmsar aðrar lögboðnar stjórnarnefndir. En með því hér er ekki farið fram á annað en heimildarlög, geta aðalsafnaðarfundir sleppt að kjósa þessa varamenn, þar sem fátt er um verkefni sóknarnefnda.

Um 3. gr. Lagt er til, að þóknun til safnaðarfulltrúa verði hin sama sem til sýslunefndarmanna, eða 7 kr. fyrir hvern dag, sem þeir eru að heiman vegna fundarhalds. Um varamenn safnaðarfulltrúa er hér lagt til að lögfesta venju, sem sums staðar hefur komizt á.

Nd. 365. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 40 30. júlí 1909, um sóknargjöld.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

1.—4. gr. laganna falli úr gildi frá 1. júní 1942.

2. gr.

Síðari hluti annarrar málsgr. 7. gr. laganna orðist svo: enda nemi framlög þau, er söfnuðurinn greiðir árlega til kirkju, eigi minna en sem svarar því, er meðlimum hans ella hefði borið að greiða til þjóðkirkjunnar. Undanþegið þessu gjaldi er sömuleiðis allt rúmfast fólk 67 ára eða eldra.

3. gr.

Tveir fyrstu málsliðir 9. gr. laganna falli niður, en í þeirra stað komi:

Kirkjugjald skal miða við almanaksár og greiðist þeirri kirkju eða söfnuði, þar sem gjaldandi á lögheimili í ársbyrjun, og er eindagi þess 31. marz ár hvert fyrir það ár, sem er að líða.

Á næsta ári eftir að lög þessi öðlast gildi skal jafnframt innheimta hálft ársgjald fyrir þann helming fardagaársins, sem liðinn er.

4. gr.

Síðasti málsliður 10. gr. laganna orðist svo: Fyrir gjaldskylda styrkþega greiðir hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóður sóknargjöld.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir beiðni dóms- og kirkjumálaráðherra, og hefur nefndin gert á því nokkrar breytingar.

Frv. fylgdi eftirfarandi bréf til biskups frá fulltrúum allra sóknarnefnda Reykjavíkur:

„Á sameiginlegum fundi sóknarnefnda, safnaðarfulltrúa og presta þjóðkirkjusafnaðanna í Reykjavík 3. marz voru meðal annars ræddar breytingartillögur, sem menn töldu æskilegar, viðvíkjandi ýmsum lögum, er snerta verksvið sóknarnefnda.

Að þeim umræðum loknum var oss undirrituðum falið að semja frumvörp til laga viðvíkjandi þessum breytingum.

Því verki er nú lokið, og leyfum vér oss að senda herra biskupnum þessi frumvörp vor í þeirri von, að hann telji þau til bóta og mæli með þeim við ríkisstjórn og Alþingi, svo að ríkisstjórnin sjái sér fært að hlutast til um, að þau verði flutt og samþykkt, a. m. k. í aðalatriðum, á því Alþingi, sem nú situr við störf.

Þess skal sérstaklega getið, að vér mundum telja það mjög vel ráðið, að kirkjustjórnin léti flytja á þessu Alþingi frumvarp um að fella alveg niður prestsgjaldið, sem um er rætt í I. kafla laganna nr. 40 um sóknargjöld frá 30. júlí 1909.“

Svo nefnt „prestsgjald“ er í reyndinni ekki orðið annað en gjald til ríkissjóðs. Þykir ekki ástæða til að afla ríkissjóði þessara tekna með „nefskatti“ fremur en nefskatti vegna launa sýslumanna og lækna, eða þingfararkaups. Fjármálaráðuneytið telur og tekjur ríkissjóðs af gjaldi þessu tæplega í hlutfalli við þá fyrirhöfn, sem innheimtunni er samfara. Er því lagt til, að 1.—4. gr. laganna verði úr gildi felldar.

Rétt þykir að miða kirkju- og safnaðargjöld við almanaksár, og hentast að gjalddagi þeirra sé í marzlok. Með „lögheimili í ársbyrjun“ er átt við það heimili, er gjaldandi hefur verið skráður á við manntal fyrir árslok næstu á undan, ef gjaldandi eigi sannar, að hann hafi hinn 1. janúar átt lögheimili annars staðar og greitt þar gjöld sín.

Eigi þykir rétt að skylda forsjármenn karlægra gamalmenna til að greiða gjald þetta þeirra vegna, og eru aldurstakmörkin sett hin sömu sem um niðurfellingu líferyrissjóðsgjalds fyrir aldurs sakir.

Ástæða þykir að geta þess sérstaklega, hvar gjaldendur eru gjaldskyldir, með því að fólk flyzt víða ört milli sókna og safnaða. Orðin „kirkju eða söfnuði“ eru sett vegna þess, að sums staðar, t. d. í Reykjavík, eru söfnuðir kirkjulausir um hríð, en þurfa þó engu síður á þessu gjaldi að halda.

Sþ. 366. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1942 og við brtt. á þskj. 256.

I. Frá *Brynjólfi Bjarnasyni* og *Ísleifi Högnasyni*.
1. Við 11. gr. A. 14. Nýr stafliður:
c. Kostnaður við ráðstafanir til að koma á þrifnaði og betri aðbúð fyrir fangana 5000
2. Við 13. gr. A. II. a. Fyrir framan 1 komi nýr liður:
Sogsvegur 50000
3. Við 13. gr. A. II. a. 35 (Siglufjarðarskarð).
Fyrir „25000“ kemur 200000
4. Við 13. gr. A. II. a. 38 (Öxnadals- og Öxnadalsheiðarvegur).
Fyrir „30000“ kemur 100000
5. Við 13. gr. A. II. a. 58 (Fjarðarheiðarvegur).
Fyrir „8000“ kemur 30000

II. Frá *Gísla Sveinssyni*.
1. Við 13. gr. A. II. a. 64. Nýr liður:
Meðallandsvegur 5000
2. Við 13. gr. A. II. a. 65. (Síðuvegur).
Fyrir „8000“ kemur 10000
3. Við 13. gr. A. II. a. 66. (Mýrdalsvegur).
Fyrir „12000“ kemur 14000

III. Frá *Brynjólfi Bjarnasyni* og *Ísleifi Högnasyni*.
1. Við 13. gr. A. II. b. (Viðhald og endurbætur).
Fyrir „1000000“ kemur 1500000
2. Við 13. gr. A. III. (Brúargerðir). Liðurinn orðist svo:
Til brúargerða 150000
Þar af til brúar á Jökulsá á Dal við Hjarðarhaga 45000 kr.

IV. Frá *samvinnunefnd samgöngumála*.
Við 13. gr. B. 2. (Flóabátaferðir).
Fyrir „93900“ kemur 136300

V. Frá *Sigurði Kristjánssyni* og *Jónasi Jónssyni*.
Við 13. gr. B. 2. Nýr töluliður:
Byggingarstyrkur til Djúpbátsins í Norður-Ísafjarðarsýslu, fyrri greiðsla af framlagi ríkissjóðs, 150 þús. kr., þó ekki yfir 3/5 byggingarkostnaðar 75000

Stjórn fyrirtækisins skal kosin að meiri hluta af sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu og bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar, ef kaupstaðurinn leggur fram fé til byggingar bátsins. Ella skal meiri hluti stjórnarinnar kosinn af sýslunefnd einni.

VI. Frá *Brynjólfi Bjarnasyni* og *Ísleifi Högnasyni*.

1. Við 13. gr. C. VIII. 2. (Hafnargerð á Skagaströnd).
   Fyrir „18000“ kemur 100000
2. Við 13. gr. C. VIII. 5. (Hafnargerð á Dalvík).
   Fyrir „18000“ kemur 30000
3. Við brtt. 256, 12. c. (Við 13. gr. C. IX. 2. Ólafsfjörður).
   Fyrir „10000“ kemur 30000
4. Við 15. gr. 1. d. (Bókakaup og handrita).
   Fyrir „24000“ kemur 150000
5. Við 15. gr. 7. a.—h. (Aukastyrkur til átta bókasafna).
   Allir stafliðirnir hækki um 100%.
6. Við 15. gr. 44. (Skáldastyrkur o. s. frv.). Liðurinn orðist svo:
   Styrkur til skálda, rithöfunda, vísindamanna og listamanna, samkvæmt ákvörðun Bandalags íslenzkra listamanna, og háskólaráðs að því er vísindamenn snertir 250000
7. Við 16. gr. 1. (Framleiðslubætur).
   Fyrir „500000“ kemur 1000000
8. Við 16. gr. 13. (Byggingarsjóðir kaupstaða og kauptúna).
   Fyrir „120000“ kemur 500000
9. Við 17. gr. 8. Liðurinn orðist svo:
   Til mæðrastyrksnefndarinnar, til sumarheimila mæðra 10000
10. Við 17. gr. 9. (Barnaheimili og barnavernd).
    Fyrir „20000“ kemur 50000
11. Við 17. gr. 12. (Slysavarnir).
    Fyrir „8000“ kemur 100000
12. Við 17. gr. 31. (Samb. ísl. berklasjúklinga).
    Fyrir „2000“ kemur 5000
13. Við 22. gr. XVIII. Liðurinn orðist svo:
    Að hækka útgjöld ríkissjóðs til verklegra framkvæmda eftir jöfnum hlutföllum um allt að 35%, ef ríkisstjórnin telur sýnilegt, að áhrif hertökunnar verði þess valdandi, að kostnaður við framkvæmdirnar verði meiri en áætlað var.

Nd. 367. Breytingartillaga

við frv. til l. um varnir gegn útbreiðslu nokkurra næmra sauðfjársjúkdóma og stuðning til bænda, er bíða tjón af þeim.

Frá Stefáni Stefánssyni og Garðari Þorsteinssyni.

Við 5. gr. Á eftir 4. tölulið greinarinnar (Útbrotaveiki (kýlaveiki)) komi nýr töluliður: 5. Riðuveiki.

Ed. 368. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 27 13. jan. 1938, um vátryggingarfélög fyrir vélbáta.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Í frv. þetta eru teknar þær breytingar, sem gerðar voru á tilvitnuðum lögum á þingunum 1939 og 1940, og lagt til, að þau verði numin úr gildi sem sérstök lög. Er það til bóta að færa allar breytingarnar í eitt. Auk þess eru í frv. allmargar breytingar, sem ekki hafa komið fram fyrr. Telur nefndin þær flestar til bóta og sumar nauðsynlegar. Þó lítur nefndin svo á, að breyting sú, er stafliður a í 6. gr. frv. gerir ráð fyrir, gangi of langt í því að færa bótaskyldu fyrir veitta aðstoð yfir á skipseiganda, en þar sem Nd. hefur ekki séð sér fært að lækka breytingartillögu þessa meira en um helming, fellst nefndin á að láta við það sitja. Fyrir þinginu liggur einnig annað frv. til breytinga á þessum lögum, og þar sem Ed. hefur fallizt á það frv., telur nefndin rétt að taka efni þess upp í þetta frv., og getur þá hitt frv. fallið niður.

Leggur nefndin til, að frv. þetta verði samþykkt með þessari

BREYTINGU:

Á eftir 9. gr. komi ný gr., svo hljóðandi:
Fyrir „3 ár“ í ákvæði til bráðabirgða komi: 6 ár.

Alþingi, 5. maí 1941.

Ingvar Pálmason, form., frsm.	Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr.	Jóhann Þ. Jósefsson.

Ed. 369. Frumvarp til laga

um breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 12 31. maí 1927.

(Eftir eina umr. í Nd.).

1. gr.

23. gr. laganna orðist svo:
Oddviti skal hafa að launum um árið 10 kr. fyrir hvern fullan tug hreppsbúa, og auk þess minnst 2% — tvo af hundraði — af innheimtum útsvörum. Þóknun þessi greiðist úr sveitarsjóði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og taka hreppsnefndaroddvitar laun samkvæmt þeim frá 1. jan. 1941.

Ed. 370. Tillaga til þingsályktunar

um bætta aðstöðu til að vernda uppgötvanir íslenzkra borgara.

Flm.: Jónas Jónsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að nota betur en verið hefur þekkingu íslenzkra kunnáttumanna, sem starfa í þjónustu ríkisins, til að meta gildi uppgötvana, sem gerðar eru af íslenzkum hugvitsmönnum og snerta íslenzkt atvinnulíf.

Greinargerð.

Það hefur komið í ljós, í sambandi við hina merkilegu uppgötvun Guðjóns Samúelssonar húsameistara varðandi steining múrflata, að íslenzka stjórnin hefur fram að þessu haft afar erfiða aðstöðu til að meta réttilega verk íslenzkra hugvitsmanna, þó að þau snerti eingöngu íslenzkt atvinnulíf. Hygg ég, að úr þessu megi bæta til verulegra muna frá því, sem nú er.

Þegar húsameistari ríkisins var að gera þjóðleikhúsbygginguna fokhelda eftir 1930, byrjaði hann þær merkilegu tilraunir, sem leiða til þess, að nú er það að verða algeng venja á Íslandi að klæða hina gráu, dauðu steinsteypu með litríkum íslenzkum bergtegundum. Hann snýr sér með þessa uppgötvun til ríkisstjórnarinnar, og eftir gömlum sið, frá tímum danskrar yfirdrottnunar, sendir stjórnin málið til úrskurðar hjá dönsku einkalyfastjórninni. Sú virðulega stofnun telur uppgötvunina ekki þess virði, að höfundi hennar sé veitt einkaleyfi. Íslenzka ríkisstjórnin byggir á þessu og treystir sér ekki til að svara beiðninni játandi, þó að þjóðleikhúsið talaði sínu máli inni í miðjum bænum. Nokkru síðar sendir húsameistari beiðni til Danmerkur og Englands um einkaleyfi á uppgötvun þessari í báðum þessum löndum. Þá kemur annað hljóð í strokkinn. Einkaleyfisstjórnir beggja þessara landa veita húsameistara einkaleyfi í Danmörku og Englandi. Nú snýr húsameistari sér enn til ríkisstjórnarinnar íslenzku. Tók hún vel í málið. En þá rísa upp nokkrir iðnaðarmenn í Reykjavík og hefja mikinn, en gersamlega órökstuddan áróður gegn því, að þessi íslenzka uppgötvun yrði viðurkennd á Íslandi. Fæstir listamenn eru gefnir fyrir baráttu eins og þá, sem hér er um að ræða, og taldi húsameistari sér hentast að þola fremur órétt af löndum sínum heldur en halda málinu til streitu. Mér var nokkuð kunnugt um gang málsins og þótti það minnkun fyrir íslenzku þjóðina, ef hún kynni miður en útlendir menn að meta það, sem vel er gert og frumlega hér á landi. Bauð ég húsameistara aðstoð mína að sækja málið á íslenzkum vettvangi, og þáði hann það. Voru nú lögð að nýju fram gögn í málinu, og lauk því svo, að núverandi iðnmálaráðherra veitti leyfið. Átti hann flestum mönnum hægra með að dæma rétt þessa uppgötvun, þar sem hann hefur frá byrjun átt sæti í stjórn þjóðleikhússins og var vel kunnugt um, hve mikla þýðingu uppgötvun húsameistara hafði haft fyrir þá byggingu.

Ég álít, að saga þessa máls megi helzt ekki falla í gleymsku, heldur eigi hún að verða til þess, að íslenzkum hugvitsmönnum veitist auðveldara en áður að njóta á eðlilegan hátt réttarverndar í sínu eigin landi.

Fylgiskjal I.

Ég undirritaður leyfi mér hér með að sækja til hins háa atvinnumálaráðuneytis um, að það veiti mér einkaleyfi á aðferð til utanhúðunar á húsum og öðrum mannvirkjum úr steinsteypu, sem ég hef fundið upp. Ég hef ekki sótt um einkaleyfi erlendis.

Hér með fylgir:
Tvírituð lýsing á uppgötvuninni á íslenzku.
Yfirlýsing um varnarþing.
95 kr. í peningum.
Birting umsóknarinnar óskast frestað.

Reykjavík, 16. nóv. 1934.

Allra virðingarfyllst

Guðj. Samúelsson.

Til atvinnumálaráðuneytisins.

Fylgiskjal II.

Aðferð til utanhúðunar á steinsteypu.

Frá því að farið var að nota steinsteypu til húsbygginga og annarra mannvirkja, hefur það alltaf valdið miklum erfiðleikum að fá fallega, sterka og tiltölulega ódýra húðun á steypufletina að utan.

Ýmsar húðunaraðferðir hafa verið notaðar, og hafa þær reynzt misjafnlega.

Ein aðalaðferðin til utanhúðunar er að nota alls konar muldar bergtegundir í misjafnlega stórum kornum, og að blanda þeim í ýmis efni, sem hafa fengið einkaleyfi.

Hér á Íslandi hafa verið notaðar ýmsar af þessum blöndunaraðferðum, en allar hafa reynzt ófullkomnar, enda er veðurfar hér mjög hart. Húðin vill springa frá húðunarfletinum af því, að bindiefnið í húðuninni er annað en í steypunni.

Bergtegundir þær, sem notaðar eru í húðunina, eru, eins og fyrr er sagt, af margs konar gerð, en brotflöturinn á þeim flestum eða öllum verður ósléttur og safnast því ryk og óhreinindi í húðunina smám saman, og verður hún, þegar frá líða stundir, ekki til þeirrar prýði, sem til var ætlazt.

Með húðunaraðferð minni hef ég reynt að komast hjá ýmsum göllum á þeim húðunaraðferðum, sem hér hafa verið notaðar, skal þar til nefna, að bindiefnið sjálft er úr vanalegu sementi, og álít ég það tryggasta bindiefnið, ef vel er með farið, bæði hvað blöndunarhlutföllum og þykkt húðarinnar viðvíkur, þessa gæti ekki hvað sízt, ef um harða veðráttu er að ræða. Aðferðin með hugmynd minni er mjög auðlærð, og er hverjum góðum múrara vorkunnarlaust að nota hana tilsagnarlaust, ef hann er nógu vandvirkur. Gert er ráð fyrir því, að notaðar séu sérstaklega harðar bergtegundir, t. d. hrafntinna og kvarz, vegna þess að þær standast mjög vel alls konar veður. Auk þess endurspeglast hrafntinnan vel, og mylsna og saggi nær ekki að festast á henni. Bergtegundirnar skal mylja í vélum, og er það ódýrast, þó má mylja þær með handafli, ef um lítið er að ræða. Verkfærin, sem nota þarf, eru mjög óbrotin. Aðalverkfærið er spaði, sem þrýstir kornunum í húðunarlagið, en í stað þessa spaða mætti jafnvel nota góða múrsleif, sérstaklega ef hún væri dálítið þynnt fram í oddinn.

Einkaleyfiskrafa.

1. Utan á steinsteypuna sé sett grófgerð húðun, og skal þess gætt, sérstaklega kringum glugga og önnur op, að húðunin sé bein og hafi rétt horn, eins og venja er til um grófhúðun. Blandan sé 1 : 2½ (1 sement og 2½ sterkur skarpur sandur).

2. Þegar þessi húðun er orðin þurr, er sett annað húðunarlag utan á, og er seinni húðunin á þykkt 4 mm, en blandan er 1:2. Þessi seinni húðun er sett í einu á ekki stærra svæði en svo, að nægilegur tími vinnist til þess að setja steinkorn í hana áður en hún þornar. Húðunarfletirnir skulu settir þannig, að samskeytin milli þeirra myndi lóðrétta línu inn að undirhúðuninni.

3. Steinkornin séu að stærð frá 3 mm og allt að 30 mm, eftir því sem hver óskar, en 5 mm stærð er heppilegust. Ef stærri korn eru notuð, skal gera yfirhúðunina þykkari að sama hlutfalli, en slíkt veldur erfiðleikum, þar eð hætta er á, að hún renni til á veggnum, nema húðunarflöturinn sé mjög lítill.

4. Kornin séu gerð úr mjög hörðum steintegundum, einkum þeim, er brotna í flísum. Má nota mismunandi steintegundir saman í ýmsum litum til þess að auka tilbreytni í útliti, t. d. hrafntinnu, kvarz og kalkstein, en einkum þó hrafntinnu, þar eð hún hefur bezt ljósbrot af öllum steintegundum, nema silfurbergi.

5. Kornin séu sett í steypuna á þann hátt, að þeim skal fyrst stráð á handfjöl og þess gætt, ef fleiri tegundir eru notaðar, að þeim sé vel blandað saman í réttum hlutföllum áður en þær eru settar á handfjölina. Skiptir litlu, þótt nokkur misbrigði verði á blönduninni, þar eð útlit veggflatar nýtur sín engu síður þrátt fyrir það. Handfjölin sé úr járni og eigi stærri en vanaleg múrsleif, og sé handfjölin mjög beygjanleg, svo hún rífi ekki upp korn úr steypunni. Þegar búið er að setja stein-

kornin á handfjölina, skulu þau dregin hægt eftir húðuninni og jafnframt þrýst inn í húðunina með hinum beygjanlega hluta handfjalarinnar.

6. Þegar steinkornin eru orðin föst í steypunni eftir nokkra daga, er húðunin öll þvegin vatni og jafnharðan á eftir þvegin saltsýrublöndu í hlutfalli 1 : 5, en þegar saltsýrublandan er komin á, skal húðunin enn að lokum þvegin vatni.

Guðj. Samúelsson.

Fylgiskjal III.

ATVINNU- OG SAMGÖNGUMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík, 16. maí 1935.

Eftir móttöku bréfs yðar, herra húsameistari, dags. 16. nóvember f. á., þar sem þér sækið um einkaleyfi á aðferð til utanhúðunar á húsum og öðrum mannvirkjum úr steinsteypu, hefur ráðuneytið leitað umsagnar Direktoratet for Patent- og Varemærkevæsenet m. v. um beiðni yðar, og fylgir hér með útdráttur úr bréfi þess, dags. 23. f. m., þar að lútandi.

Skal jafnframt tekið fram, að ráðuneytið sér ekki að svo stöddu ástæðu til að veita hið umbeðna einkaleyfi.

H. Guðmundsson.

Páll Pálmason.

Til hr. húsameistara Guðjóns Samúelssonar.

Fylgiskjal IV.

GUÐJÓN SAMÚELSSON
húsameistari.

Reykjavík, 15. sept. 1939.

Leyfi mér virðingarfyllst að endursækja til hins háa ráðuneytis um einkaleyfi, dags. 16. nóv. 1934, á utanhúðun, samhljóða meðfylgjandi einkaleyfisbréfi mínu frá Danmörku um fyrrnefnda húðun.

Til frekari skýringar skal ég geta þess, að ég hef einnig sótt um einkaleyfi í Englandi á fyrrnefndri húðun, og nú fyrir tæpum mánuði fengið svar frá einkaleyfisstofnuninni þar, að mér væri veitt einkaleyfið þar, aðeins þyrfti ég lítillega að breyta orðalaginu á umsókninni, og hef ég nú endursent umsóknina með orðabreytingunni.

Ég hef einnig sent sams konar umsóknarbeiðni til Noregs og fengið svar frá einkaleyfisstofnuninni þar, að umsókn mín skyldi bráðlega athuguð.

Virðingarfyllst

Guðjón Samúelsson.

Atvinnumálaráðuneytið.

Fylgiskjal V.

Statsarkitekt, Professor GUÐJÓN SAMÚELSSON,
Reykjavik, Island.

Fremgangsmaade til Behandling af Yderfladerne af Bygninger og andre Bygningsværker, navnlig af Beton.

Patet udstedt den 31. Juli 1939. Patenttiden löber fra den 19. Juni 1937.

Ved Bygninger af Beton har det været foreslaaet for at opnaa et mere livligt Udseende af Bygningens Yderflade at behandla det udvendige Pudslag paa forskellige Maader. Man har f. Eks. fundet paa at tilvejebringe Granulering ved i det endu friske

Mørtellag med stor Kraft at indskyde tørre Smaasten ved Hjælp af Trykluft eller paa anden Maade. Herved svulmer Dele af den endu friske Mørtel ud over Overfladen af Mørtellaget og danner Granuleringer, medens Smaastenene selv med deres naturlige Farve til Dels bliver synlige i Pudset.

Det har endvidere været benyttet paa en Bygnings Yderflader at paaføre en Blanding af Smaasten og Cementmørtel, hvorved Smaastenene bliver fastholdt ved Hjælp af Mørtelen, men ved denne Fremgangsmaade vil det ligesom ved den ovenfor omtalte være saaledes, at største Parten af de benyttede Smaasten er dækket med et Lag af Mørtel, saa at det, dersom man ønsker, at alle Stenene skal træde rent frem, vil være nødvendigt at foretage Efterrensning ved Hjælp af Sandblæsning, Rensning med Saltsyre o. s. v.

Endelig har det været foreslaaet at opføre Bygninger ved Hjælp af Betonblokke eller Betonplader, der støbes, og som efter selve Støbningen dækkes med et Lag af Cementmørtel, i hvilket der indsættes Sten, enten større Sten, der anbringes enkeltvis, eller mindre Sten, der kan paaføres maskinelt.

Den foreliggende Opfindelse angaar en Fremgangsmaade til Behandling af Yderfladerne af Bygninger og andre Bygningsværker, navnlig af Beton, og gaar ud paa at tilvejebringe et Overfladelag, der dels giver Bygningens Yderflade et meget smukt Udseende, dels gør den modstandsdygtig over for kraftige klimatiske Paavirkninger, samtidig med at Fremgangsmaaden lader sig udføre let og med ringe Omkostninger, saa at den bliver praktisk anvendelig i stor Udstrækning.

Fremgangsmaaden ifølge Opfindelsen kendetegnes ved, at der paa den Flade, der skal behandles, anlægges et tyndt Pudslag paa et begrænset Areal ad Gangen, hvorefter der i det endnu plastiske Pudslag ved Hjælp af en tynd, elastisk Murske, et Haandbræt eller et lignende Redskab paaføres et Lag af Smaasten eller knuste Stenmaterialer af en Størrelse, Diameter, der er en Del større end Pudslagets Tykkelse, idet Stenene anbringes paa den vandret holdte Murske eller lignende, hvorefter denne med et hurtigt Tag føres imod Pudslaget til Indtrykning af Stenene i dette.

Ved de kendte Fremgangsmaader, hvor Smaasten slynges ind i Mørtellaget ad maskinel Vej, f. Eks. ved Hjælp af Trykluft, maa Mørtellaget være temmelig tykt for at kunne fastholde Stenene, og Mørtelen blæses under Indslyngningen af disse op af Lufttrykket, saa at ikke alle Stenene vil blive fastholdt paa tilfredsstillende Maade, og desuden bliver Overfladen ru. Som Følge af, at der anvendes et tykt Mørtellag, bliver Pudsen uholdbar over for Vejrligets Indvirkninger, navnlig store Temperatursvingninger.

Ved Anvendelsen ifølge Opfindelsen af et tyndt Pudslag, f. Eks. af 2—5 mm's Tykkelse, opnaas det, at de som Følge af Vejrliget, navnlig stærke Temperatursvingninger, opstaaende Spændinger i Pudslaget kan holdes paa en passende lav Størrelse, saa at de ikke giver Anledning til skadelige Revnedannelser. Ved et saadant tyndt Pudslag vilde Paaføring af Smaasten ad maskinel Vej paa den i og for sig kendte Maade, d. v. s. ved Indskydning med stor Kraft ved Hjælp af Trykluft eller paa anden Maade, ikke være hensigtsmæssig, idet Mørtelen i det tynde Lag derved vilde tvinges udad, saa at Underlaget delvis vilde blive blottet, og i større eller mindre Grad dække de indskudte Smaasten, ligesom det i det hele taget vilde være vanskeligt at faa Stenene placeret paa tilfredsstillende, passende jævnt fordelt Maade i det tynde Pudslag. Ifølge Opfindelsen paaføres Stenene derimod paa mere lempelig Maade ved Indtrykning med et Haandværktøj, der er saaledes beskaffent, f. Eks. ved af være i Form af en tynd og meget elastisk Murske, at de ved Paaføringen af en Portion Smaasten kan give efter paa en saadan Maade, at Værktøjets Kant ikke gnider paa og ødelægger nærliggende, forud med Smaasten forsynede Dele af Pudslaget, saaledes som det vilde risikeres ved Anvendelse af en almindelig, stiv Murske.

Behandling af et begrænset Areal ad Gangen sker, for at Pudsen ikke skal kunne naa at hærdne for meget, inden Indtrykningen af Stenene finder Sted. For at sikre sig en god Fastholdelse af Stenene i det tynde Pudslag ogsaa ved Yderkanterne af

det paagældende Areal bør man afskære eller afslutte dette ved Snit, der gaar vinkelret paa den underliggende Flade. Herved undgaar man, at et frisk Lag Puds kan komme til at dække allerede delvis hærdnet Puds, nemlig ved de skraa Flader, der ellers normalt fremkommer ved Yderkanterne af et pudset Areal, hvorved Indtrykning og Fastholdelse af Stenene paa de paagældende Steder vilde vanskeliggøres eller hindres.

Fremgangsmaaden kan i øvrigt bringes til Udførelse paa følgende Maade.

Uden paa Betonen anlægges der først en almindelig grov Afpudsning, hvorved det nøje bør paases, at alle Kanter, specielt ved Vinduer og andre Aabninger, er lige og vinkelrette. Blandingsforholdet før Mørtelen kan passende være 1 : 2½.

Naar denne grove Puds er blevet tør, anlægges der med et sædvanligt Haandbræt endnu et Pudslag, hensigtsmæssigt af Cementmørtel i Blandingsforholdet ca. 1 : 2, og dette Pudslag gives en Tykkelse af f. Eks. 2—5 mm. Dette Pudslag anlægges som nævnt paa smaa Flader ad Gangen, og hver ny Flade skæres ved Afslutningen vinkelret ned til Grovpudslaget. Før hvert Pudslag faar Lejlighed til at blive haardt i nogen nævneværdig Grad, trykkes Smaasten eller smaatknuste Stenskærver af f. Eks. 3—8 mm's gennemsnitlig Diameter, afhængigt af Pudslagets Tykkelse, ind i Pudsen. Størrelsen eller Diametren af Stenene bør være en Del større end Pudslagets Tykkelse, men dog ikke mere end ca. 1½ Gang denne, saa at altsaa ca. ⅔ af dem eller noget mere befinder sig inden for Pudslaget.

Smaastenene kan tilvejebringes ved Knusning og paafølgende Sigtning af Stenarter, der kan vælges efter Smag og Behag, hvorved dog forskelligt farvede Stenarter er at foretrække, for at Overfladen kan faa et livligere Udseende. De knuste Sten blandes i en Beholder i det ønskede Forhold med Hensyn til Farverne, hvorefter den Arbejder, der skal trykke Stenene ind i Pudsen, tager en Haandfuld af dem og strøer dem paa en tynd og elastisk Murske, som holdes vandret. Derpaa vendes Murskeen hurtigt i Haanden, og Stenene trykkes ind i Cementpudsen, hvori de derefter sidder fast.

Behandlingen kan herefter i og for sig betragtes som afsluttet, men dersom man ønsker Overfladen særlig fin og ren, kan man efter nogle Dages Forløb vaske hele Overfladen med en tynd Saltsyreopløsning, f. Eks. 1 : 5, og sluttelig efterskylle med Vand.

Som det fremgaar af det ovenfor anførte, er Fremgangsmaaden overordentlig let og derfor ogsaa billig at udføre, og foretagne Udførelser af Fremgangsmaaden har tillige vist, at det er muligt at opnaa en Overflade, der ikke blot er overordentlig smuk, men som desuden er meget holdbar, selv i meget barskt Klima.

Fremgangsmaaden er som nævnt navnlig beregnet til Bygninger af Beton, men kan ogsaa finde Anvendelse ved af andre Materialer opførte Bygninger, der udvendig afsluttes af et Pudslag.

Patentkrav.

1. Fremgangsmaade til Behandling af Yderfladerne af Bygninger og andre Bygningsværker, navnlig af Beton, ved at et Pudslag, hensigtsmæssigt af Cementmørtel, forsynes med Smaasten, der med deres naturlige Farve bliver synlige i Pudsen, k e n d e t e g n e t ved, at der paa den Flade, der skal behandles, anlægges et tyndt Pudslag, f. Eks. paa 2—5 mm's Tykkelse, paa et begrænset Areal ad Gangen, hvorefter der i det endnu plastiske Pudslag ved Hjælp af en tynd, elastisk Murske, et Haandbræt eller et lignende Redskab paaføres et Lag af Smaasten eller knuste Stenmaterialer af en Størrelse, Diameter, der er en Del større end Pudslagets Tykkelse, idet Stenene anbringes paa den vandret holdte Murske eller lignende, hvorefter denne med et hurtigt Tag føres imod Pudslaget til Indtrykning af Stenene i dette.

2. Fremgangsmaade som den i Krav 1 angivne, k e n d e t e g n e t ved, að det paa et begrænset Areal anlagte Pudslag ved Arealets Begrænsningslinier afskæres eller afsluttes ved vinkelret paa den underliggende Flade gaaende Snit.

Fylgiskjal VI.

ATVINNU- OG SAMGÖNGUMÁLARÁÐUNEYTIÐ

27. janúar 1940.

Út af umsókn yðar, herra húsameistari, dags. 16. nóvember 1934, þar sem þér sækið um, að yður verði veitt einkaleyfi á aðferð til utanhúðunar á húsum og öðrum mannvirkjum úr steinsteypu, er yður hér með sent til umsagnar afrit af bréfi Murarameistarafélags Reykjavíkur, dags. 11. f. m., þar sem færð eru fram mótmæli gegn því, að yður verði veitt umbeðið einkaleyfi.

Þriðja hefti Tímarits iðnaðarmanna 1939 fylgir hér með, og óskast það endursent ráðuneytinu með svarinu.

F. h. r.
E. u.

Til hr. húsameistara Guðjóns Samúelssonar.

Fylgiskjal VII.

MÚRARAMEISTARAFÉLAG REYKJAVÍKUR

Reykjavík, 11. des. 1939.

Þann 13. október síðastliðinn var auglýst í Lögbirtingablaðinu umsókn nr. 73 frá Guðjóni Samúelssyni húsameistara ríkisins, um að honum verði veitt einkaleyfi á aðferð til utanhúðunar á húsum og öðrum mannvirkjum úr steinsteypu.

Múrarameistarafélag Reykjavíkur telur, að veiting einkaleyfis, svo sem um er beðið, kæmi í bága við lög nr. 12 20. júní 1923, um einkaleyfi, og leyfir sér því virðingarfyllst að mótmæla því, að hið háa ráðuneyti veiti umsækjanda umrætt einkaleyfi, og eru mótmæli vor rökstudd með eftirfylgjandi:

Í 2. mgr. 4. gr. 4. tölulið fyrrnefndra einkaleyfislaga segir, að enginn megi fá einkaleyfi fyrir:

„... uppgötvunum, sem lýst hefur verið í riti, er almenningur hefur átt kost á að kynna sér, eða þær hafa verið hafðar um hönd hér á landi, sýndar á sýningu eða á annan hátt hafðar til sýnis almenningi, og eru þær uppgötvanir svo kunnar orðnar með þessum hætti, að þeir menn, sem vit hafa á, geta fært sér þær í nyt."

Hér er því skýrt tekið fram, að ef aðferð eða uppgötvun sé orðin svo kunn vegna þess að henni hafi verið:

1. Lýst í riti,
2. hafðar opinberlega um hönd,
3. sýndar á sýningu eða
4. á annan hátt hafðar almenningi til sýnis, þannig að þeir, sem vit hafa á, geti notfært sér hana, skuli ekki veita einkaleyfi.

Ofannefnd fjögur atriði skulu nú tekin til meðferðar í sambandi við fyrrnefnda einkaleyfisumsókn.

Lýst í riti. Ekki mun mjög mikið hafa verið ritað um aðferð þessa, enda gerist þess ekki þörf, þar sem hún verður fljótt alkunn. Það síðasta, sem birzt hefur opinberlega á prenti um aðferð þessa, er grein í 3. hefti árgangs 1939 af Tímariti iðnaðarmanna, rituð af Kornelíus Sigmundssyni múrarameistara, og fylgir eitt eintak af þessu hefti hér með.

Hafðar opinberlega um hönd. Aðferð sú, sem hér um ræðir, hefur verið notuð af múrarameisturum í Reykjavík og víðar allt síðan fyrst var farið að nota hana hér fyrir 6—7 árum. Múrarar kynntust aðferð þessari ekki fyrst og

fremst af skrifum, heldur barst hún út milli þeirra þegar eftir að hún var tekin í notkun, enda er aðferðin svo auðveld og einföld, að hver múrari getur fyrirhafnarlaust tileinkað sér hana. Það má því vel segja, að þegar er fyrsta húsið hafði verið húðað utan á þennan hátt, hafi aðferðin verið á vitorði allra þeirra, sem við múraravinnu fást í bænum. Enda hefur fjöldi húsa í Reykjavík og víðar verið húðuð utan með aðferð þessari, og hafa langflestir þeirra, sem við múraraiðn fást, notað hana og sumir við byggingu margra húsa, og þarf ekki annað en ganga um götur Reykjavíkurbæjar til að sjá, að hér er farið með rétt mál. Slíkur er fjöldi þeirra húsa, sem húðuð hafa verið utan á þann hátt, sem nú er beiðzt einkaleyfis á.

Sýnd á sýningu. Ekki er kunnugt um, að aðferð þessi hafi verið sýnd opinberlega á sérstakri sýningu.

Höfð til sýnis á annan hátt. Aðferð þessi hefur ekki verið höfð til sýnis á annan hátt en þann, að aðferðin hefur verið höfð um hönd svo árum skiptir af mörgum mönnum og engin launung á henni, og vísast um þetta mál til þess, sem að framan er sagt.

Af því, sem hér hefur verið fært fram, ætti að vera fullljóst, að ekki kemur til mála að veita Guðjóni Samúelssyni húsameistara einkaleyfi það, sem hann fer fram á skv. auglýsingunni í Lögbirtingablaðinu dags. 13. okt. sl.

En Múrarameistarafélagið vill einnig benda á, að auk þess, sem veitingin væri óheimil að lögum skv. þess áliti, þá mundi hún einnig hafa skaðleg áhrif á byggingar í bænum. Veiting einkaleyfis á þessari útbreiddu aðferð mundi auka byggingarkostnað og ef til vill verða til þess að minnka notkun innlends efnis.

Einnig er ekki úr vegi að benda á, hver aðdragandi þess var, að aðferð þessi var tekin upp, eins og oss hefur verið skýrt frá því máli.

Þegar búið var að reisa þjóðleikhúsið, en eftir var að húða það að utan, kom fram uppástunga um að flytja inn erlent efni (kvarzmulning) til þess að nota á húsið. Út af þessu sneri Þorsteinn Briem, sem þá var ráðherra, sér til Sigurðar Guðmundssonar húsameistara, sem þá nýlega hafði reist tvö hús, sem kvarz hafði verið notað á, og baðst álits hans um, hvort nauðsynlegt væri að húða þjóðleikhúsið utan á annan hátt en almennt var tíðkað þá um hús í Reykjavík. Svaraði húsameistarinn því, að hann teldi það nauðsynlegt, en með því að mikið kostaði að flytja inn erlent efni til að húða utan svo stórt hús sem þjóðleikhúsið, þá væri reynandi að gera tilraunir með, hvort ekki væri hægt að notast við innlent efni með góðum árangri. Var það síðan gert, svo sem kunnugt er. Árangurinn af þessari uppástungu Sigurðar Guðmundsson er svo sá, að innlent efni hefur verið notað til húðunar á fjölda húsa í Reykjavík og víðar á landinu. Hefur það orðið til að gera húsin fegurri, og hægt hefur verið að spara nokkuð erlent efni. Þessi verkaðferð er nú orðin almenningseign í landinu, og á að halda áfram að vera það.

Leyfum vér oss fyrir hönd Múrarameistarafélags Reykjavíkur, með skírskotun til þess, sem að framan er skráð, að ítreka kröfuna um, að fyrrnefnd einkaleyfisbeiðni verði ekki tekin til greina.

Virðingarfyllst.

Í stjórn Múrarameistarafélags Reykjavíkur.

Jón Bergsteinsson, formaður. Gísli Þorleifsson, ritari. Einar Jóhannsson.

Bergsteinn Jóhannesson.

Til atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

Fylgiskjal VIII.

Í bréfi hins háa ráðuneytis, dags. 27. jan. þ. á., er ég beðinn umsagnar um bréf Múrarameistarafélags Reykjavíkur, dags. 11. des. f. á., þar sem mótmælt er einkaleyfisbeiðni minni um aðferð á húðun utanhúss, og gef ég hér með umsögn og athugasemdir um fyrrnefnt bréf.

Svo sem kunnugt er, hef ég fyrir nokkrum árum gert byggingarfræðilega uppgötvun, sem verður jafnan talin mjög þýðingarmikill viðburður í byggingarsögu landsmanna.

Fram yfir síðustu aldamót var almennt álitið, að á Íslandi væri ekki til neitt byggingarefni nema grjót og torf. Hér voru ekki skógar, sem mátti nota til húsagerðar. Hér var ekki fundinn hentugur leir, sem nota mátti í brennda steina. Hér var ekki steinlím, hér var ekki járn, svo að notað væri.

Ísland virtist vera snauðast allra landa af byggingarefnum. Að lokum kom svo þekkingin á nútíma steinsteypu frá útlöndum. Þjóðin greip hana fegins hendi. En öll steinsteypa er dauðagrá að lit. Hverfi af slíkum húsum eru frábærilega ólistræn. Í stað gömlu torfbæjanna, sem sómdu sér vel í landslaginu, þó að þeir væru endingarlitlir og með marga aðra galla, var nú að koma húsagerð, sem virtist ætla að þrýsta byggingum landsins niður í þunglyndislega einhæfni. Til þess að bæta úr þessum göllum steinsteypunnar reyndu sumir húseigendur að mála hús sín. En það bætti lítið úr skák. Málningin var dýr, endingarlítil og þrátt fyrir allt mjög ólistræn.

Þannig stóðu málin 1933, þegar ég gerði þá uppgötvun að steina þjóðleikhúsið með litsterkum, fögrum og haldgóðum íslenzkum steintegundum. Síðan hef ég fengið þá nauðsynlegu reynslu, sem með þurfti um varanleik þessarar aðferðar. Nú er sú sönnun fengin. Og tvær elztu menningarþjóðir álfunnar, Danir og Englendingar, hafa veitt mér einkaleyfi fyrir þessa uppgötvun í þessum tveim ríkjum. Frá Noregi hef ég fengið bréf í þá átt, að leyfið muni líka verða veitt þar.

Nú gerast þau undur, að nokkrir múrarar hér í Reykjavík telja sig þess umkomna að fella eins konar dómsúrskurð um það, að mér skuli ekki veitt einkaleyfi í mínu eigin landi, fyrir uppgötvun, sem er fullkomlega viðurkennd í Danmörku og Englandi, en hefur margfalt meiri jákvæða þýðingu hér á landi vegna fábreytni byggingarefnanna, og að nokkru leyti fyrir hugkvæmdarleysi og vankunnáttu margra þeirra manna, sem fást við framkvæmd byggingarmála í landinu. Það er nú alls ekki deilt um gildi uppgötvunar minnar hér á landi. Strax og ég hafði steint þjóðleikhúsið, vakti fegurð þess almenna og að ég hygg óskipta aðdáun. Síðan þá hef ég notað þessa aðferð með nýjum endurbótum við ýmsar opinberar byggingar. Auk þess hafa einstöku menn reynt að nota aðferðina, sumpart á ný steinhús, sumpart á gömul steinhús, og sumpart reynt að steina gömul timburhús. Langoftast hefur þessari iðju verið ábótavant, þegar menn notuðu aðferð mína í leyfisleysi og án minnar tilsagnar. En þrátt fyrir alla þessa galla hefur aðferðin að steina hús gerbreytt blænum á höfuðstað landsins og gefið von um, að Reykjavík geti með tímanum orðið fallegri bær með listrænni tilbreytni í útliti húsanna.

Næst húseigendum græddi múrarastéttin mest á uppgötvun minni. Sú stétt hefur á undangengnum missirum fengið stórfé fyrir vinnu sína við að steina hús samkvæmt uppgötvun minni. Ef mér væri neitað um einkaleyfi á uppgötvun minni á Íslandi, sem ég veit að ekki verður, þá væri meiningin, að húseigendur, verkamenn og múrarar skyldu fá peningalega bætta aðstöðu fyrir skapandi hugsun mína, þekkingu mína og giftu við að leysa stórmál, sem þjóðin mun njóta góðs af á löngum ókomnum tíma, en ég engin laun eða viðurkenningu nema lúalegar árásir af hálfu manna, sem verma sig við þann eld, sem aðrir hafa tendrað og lagt að eldsneytið.

Aðalárásin á mig kemur ekki frá mönnum, sem hafa sérstaka fræðilega þekkingu um þessi efni, heldur kunna aðeins að vinna með aðferðum, sem aðrir hafa skapað. Það er stjórn Múrarameistarafélagsins í Reykjavík, sem segir ríkisstjórninni, að hún eigi nú að neita ósk minni um einkaleyfi á Íslandi.

Ég vil koma fram með þá einu afsökun, sem unnt er að bera fram fyrir þessa menn, að þeir hafa fyrst og fremst enga fræðilega þekkingu á einkaleyfisveitingum og hafa sennilega ekki vitað, er þeir rituðu bréf sitt, að einkaleyfisstjórnir Danmerkur og Englands voru búnar skjallega að viðurkenna uppgötvun mína. Ég vil ekki gera ráð fyrir því, að stjórn múrarameistarafélags í Reykjavík búist við, að hún geti um þessi málefni orðið hærra dómstig en einkaleyfisstjórn Dana og Breta.

Erfiðleikar múrarameistaranna í Reykjavík byrja með því, að sá grundvöllur, sem ríkisstjórn Íslands byggði á synjun við málaleitun minni 16. nóv. 1934, er nú algerlega burtu fallinn. Erindi mitt var þá sent til einkaleyfisstofnunarinnar í Kaupmannahöfn, og hún lagði á móti erindi mínu. Ríkisstjórnin byggði á þessu frestandi svar til mín.

Ef ríkisstjórnin hefði treyst á hæfileika múrarameistarafélagsins í Reykjavík, þá mundi hún hafa sent málið til þeirra og byggt á áliti þeirra. Ríkisstjórninni datt þetta ekki í hug. Hún vissi, að stjórn þessa félags hafði enga aðstöðu til að dæma um þetta mál og hún stendur ekki einu hænufeti nær að dæma um þetta nú heldur en þá.

Svo sem vonlegt er treystir stjórn múrarameistarafélagsins ekki svo mikið á þekkingu sína í þessu máli, að hún vilji láta órökstuddar umþenkingar sínar verða höfuðröksemd. Hún býr þess vegna til tvær viðbótarröksemdir. Ég á að hafa fengið uppgötvun mína að steina hús með íslenzkum bergtegundum annaðhvort beina stjórnarleið frá Þorsteini Briem fræðslumálaráðherra, eða sem eins konar boðsending frá öðrum húsameistara, hr. Sigurði Guðmundssyni, fyrir milligöngu þessa ráðherra.

Mér finnst það ofur ljóst, að ef stjórn múrarameistarafélagsins, Þorsteinn Briem ráðherra, eða Sigurður Guðmundsson hefðu raunverulega fundið upp þá aðferð til að steina hús, sem ég notaði á þjóðleikhúsið 1933, þá hefðu þeir sýnt það í verki. En enginn þeirra reyndi neitt í þessa átt. Stjórn hins virðulega múrarameistarafélags dreymdi ekki um slíka uppgötvun. Þorsteinn Briem hefur í myndarlegu bréfi, sem ég geri að fylgiskjali með þessu erindi, gert glögga og skilmerkilega grein fyrir sinni aðstöðu og gerir enga tilraun til að auglýsa sig sem byggingarfræðing eða að hann hafi fengizt við uppgötvanir um, hversu mætti steina múrhús á Íslandi. Um Sigurð Guðmundsson húsameistara má segja, að hann hafi hreinsað sig af framslætti múrarameistaranna engu síður heldur en sr. Þorsteinn Briem.

Litlu áður en ég gerði umræddu uppgötvun við að steina þjóðleikhúsið hafði Sigurður Guðmundsson staðið fyrir byggingu fjölda húsa. Hann fann, eins og eðlilegt er, hve fátæklegt og kalt var að hafa steinsteypuveggina gráa og dauðalega útlits. Hann vissi vitaskuld vel, að það að mála slík hús yrði dýrt, endingarlítið og ekki skemmtilegt álita. Hann vantaði fallega steinhúð á hús. Ef hann hefði þekkt hæfileg íslenzk efni, myndi hann vitaskuld hafa notað þau. En hann þekkti engin slík efni, fremur en stjórn múrarameistarafélagsins. Þess vegna tók hann það ráð að flytja nú mjög dýrt efni frá útlöndum til að gefa múrflötum 3ja húsa, er hann reisti, líf. Húsin urðu lagleg í fyrstu, en húðin entist illa, og mun fáa langa til að fá hús höfuðstaðarins með sama blæ og fyrrnefnd hús.

Ef Sigurður Guðmundsson hefði fundið upp þá steiningu, sem ég setti á þjóðleikhúsið, og gert mér orð um leyndardóminn, þá mundi hann hafa notað þessa þekkingu við sínar byggingar.

Þegar ég var að reisa þjóðleikhúsið, vann ég í kyrrþey að tilraunum, sem leiddu til uppgötvunar minnar. En þessar tilraunir voru gerðar í smáum stíl,

hvergi á heilan vegg, enn síður heilu húsi. Ég gat ekki látið frost og misjafna veðráttu mæða á sýnishornum mínum, eins og reynslan er með fullgerðar byggingar. Ég taldi ógætilegt að gera á eigin ábyrgð fyrstu tilraunina með uppgötvun mína á stærsta húsi, sem til þessa hefur verið reist á Íslandi. Þegar Jón heitinn Þorláksson hafði sýnt þann myndarskap að tryggja þjóðleikhúsinu nægilegt fé til að gera það fokhelt, slétta veggina utan áður en fastar tekjur hússins voru teknar til annarra þarfa, gekk ég á fund fræðslumálaráðherra og spurði, hvort leyfilegt væri að kaupa tilbúið útlent efni utan á leikhúsið. Ráðherrann neitaði um þetta leyfi sökum gjaldeyriserfiðleika. Hliðstætt leyfi hafði Sig. Guðmundsson áður fengið vegna fyrrnefndra húsa. Með þessa neitun að baki taldi ég mér fært að nota uppgötvun mína á þjóðleikhúsinu. Ég gerði það. Þjóðin dæmdi þá, og sá dómur stendur enn í dag, að sú uppgötvun, sem þar kom í dagsljósið, muni verða þjóðinni happadrýgri heldur en allar ritgerðir um byggingarfræðilegar umþenkingar, sem stjórn Múrarameistarafélags Reykjavíkur hefur látið í té til þessa dags.

Þannig er hin almenna aðstaða í þessu máli: Ég geri uppgötvun mína 1933. Ég sæki um einkaleyfi rúmlega ári síðar. Ríkisstjórnin neitar eftir ráðum sérleyfisstjórnar Dana. Síðan sæki ég beint til þessarar sömu nefndar í Danmörku. Þá svarar hún mér beint og veitir leyfið fyrir Danmörku. Litlu síðar veitir sams konar nefnd í Englandi mér einkaleyfi þar í landi.

Nú þótti mér einsætt að leita viðurkenningar hjá ríkisstjórn míns eigin lands. Reynslan hefur sýnt, að aðferð mín var bæði listræn og varanleg. Íslenzka stjórnin hafði ekki talið sig hafa sérfróða ráðunauta hér á landi til að dæma um þessa nýjung. Hinir erlendu ráðunautar höfðu í fyrstu ráðið til að neita, og á þeim úrskurði veitti stjórn Íslands frestandi svar 1934. Nú hefur danska einkaleyfisstjórnin við nánari athugun séð, að ég hafði á réttu að standa, og veitt hið umbeðna leyfi fyrir Danmörku. Úr því ísl. stjórnin gat byggt frestun á skoðun dönsku nefndarinnar, þá þykist ég þess fullviss, að hún byggi nú játandi svar á játun sinna gömlu ráðunauta í Danmörku.

Stjórn múrarameistarafélagsins gerir mikið úr því, að ekki megi veita mér einkaleyfi á uppgötvuninni af því að henni hafi ekki verið haldið leyndri, og meira að segja lýst á prenti. Mér er nú spurn: Á ég að gjalda þess, að ráðunautar ísl. stjórnarinnar ráða til að veita ekki einkaleyfi 1934, ári eftir að ég legg fram gögn mín hér á landi á veggjum leikhússins, þó að þessi sama nefnd viðurkenni síðan, að hún hafi gert mér rangt til og viðurkenni uppgötvun mína? Telur stjórn múrameistaranna, að ég eigi að gjalda þess, að ég er fyrst og fremst að hugsa um alþjóðargagn, í stað þess að pukra árum saman með uppgötvun mína svo að segja innan veggja, eingöngu til að tryggja það, að enginn geti haft gagn af nýsköpun minni, fyrr en ég hefði samningslega tryggðan rétt? Mér kom aldrei til hugar að fara þannig að. Ég leit miklu stærra á málið. Ég taldi ekki fulla vissu fyrir uppgötvun minni fyrr en múrveggir, steindir með aðferð minni, hefðu sýnt í verki, að þeir þyldu allar breytingar íslenzkrar veðráttu. Að þessu sinni hef ég notað tímann, sem danska einkaleyfisstjórnin þurfti til að komast að réttri niðurstöðu á fræðilegan hátt um gildi aðferðarinnar, til að sýna í verki á mörgum stöðum hér á landi, að hin nýja steining væri ekki aðeins fögur og listræn, heldur líka varanleg. Þess vegna er nú svo komið, að mál mitt er stutt jöfnum höndum af dómi vel menntaðra sérfræðinga í tveim löndum og nokkurra ára reynslu minni í viðureign við íslenzkt veðurfar.

Stjórn múrarameistarafélagsins hefur ekki gáð að þessu, þegar hún vitnaði í fyrstu grein einkaleyfislaganna frá 1923, að þar er í síðustu málsgr. glögglega sýndur vilji löggjafans. Þær skýringar, sem hugvitsmaðurinn verður að gera eða láta gera í landi sínu eða utanlands til að sanna gildi uppgötvunar sinnar, eiga ekki að teljast til almennra lýsinga á móti leyfisbeiðanda. Löggjöfin tekur beinlínis fram, að hlutaðeigandi ríkisstjórn geti ákveðið, að slíkar lýsingar, þótt gefnar hafi verið, megi teljast almenningi óheimilar fyrr en eftir tiltekið tímabil.

Stjórn múrarameistarafélagsins telur, að ritgerð eftir Kornelíus Sigmundsson um aðferð mína eigi að vera hindrun fyrir því, að ég fái uppgötvun mína viðurkennda á Íslandi.

Athugum nú þessa ritgerð. Hún er samfelld viðurkenning á uppgötvun minni: Og þessi viðurkenning kemur frá þeim manni, sem stýrði verki undir minni umsjá við hina fyrstu tilraun, sem gerð var á Íslandi til að steina múrbyggingu með íslenzkum efnum. Í ofannefndri grein lýsir hr. Kornelíus Sigmundsson, hversu ég hafi ákveðið að gera þetta verk snemma árið 1933, hversu efnið var sótt í Þingeyjarsýslur og austan úr Landmannaafrétt, upp í Mosfellssveit, í Esjuna og austur í Hornafjörð. Síðan tekur höfundurinn fram, að við verkið hafi í öllu verið farið eftir fyrirsögn minni. Að lokum segir höfundurinn:

„Húsameistari ríkisins á miklar þakkir skilið fyrir að hafa riðið á vaðið með þessa íslenzku utanhússhúðun. Hans er heiðurinn."

Það þarf furðanlegt vitsmunaleysi til að ætla að nota vitnisburð Kornelíusar Sigmundssonar í umræddri ritgerð á móti mér á þann hátt, sem stjórn múrarameistaranna hugðist að gera. Þvert á móti sýnir vitnisburður þessa manns, sem hefur meiri reynslu og þekkingu í þessu efni heldur en aðrir múrarameistarar hér á landi, hversu vítaverða framkomu stjórnarnefndarmenn í stéttarfélagi hans sýna í þessu máli.

En þó að hr. Kornelíus Sigmundsson sé í þessu efni færastur og fróðastur allra stéttarbræðra sinna hér á landi um uppgötvun mína, þykir mér rétt að benda á, að í hinni velviljuðu og vingjarnlegu lýsingu hans á aðferð minni í Tímariti iðnaðarmanna vantar mörg veruleg atriði. Vil ég þess vegna í stuttu máli, vegna ríkisstjórnarinnar, sem nú á að fella lokaúrskurðinn um einkaleyfisbeiðni mína, gefa fáorða lýsingu af aðferð minni.

Þegar flötur sá, er húða skal, er afréttur með vanalegri undirhúðun og nægilega þurr, skal dregin upp á hann sementsblanda: 1 sement og 2 sandur. Þykkt þessa lags skal ætíð vera nokkuð þynnra en þvermál steinkornanna, sem nota skal. Á þann hátt fæst hrönglingslaus húðun og allir molarnir koma hreint fram úr húðfletinum. Þessa hefur aldrei verið nægilega gætt við húðun þeirra húsa, sem aðferð mín hefur verið notuð á, og hefur húðunin því oft verið hrönglótt og áferðarljót.

Múrskeið sú eða áhald, sem notuð er til að þrýsta mulningnum inn í sementslagið, skal vera mjög þunn og fjaðrandi, því ella er hætt við, að mulningurinn losni í húðuninni. Þetta tvennt er aðalatriðið í aðferð minni og undirstaðan til þess, að húðunaraðferð mín komi að fullu gagni. Ekkert af þessu getur Kornelíus Sigmundsson um í fyrrnefndri grein sinni.

Ég þykist nú hafa svarað nægilega bréfi hins háa ráðuneytis, þar sem það sendir mér til umsagnar bréf múrarameistaranna. Ég hef rakið allan gang málsins frá byrjun. Ég vona, að hæstvirt ríkisstjórn muni geta verið mér samdóma um, að bréf múrarameistaranna ber ekki vott um mikla þekkingu eða viðsýni. Heldur ekki mikla umhyggju fyrir þýðingarmiklum umbótum, sem snert geta verk þeirra, ef litið er á það, hversu þeir vilja, að snúizt sé af stjórnarvöldunum við annarri eins nýjung og þeirri, sem hér er um að ræða.

Mér finnst í sjálfu sér lítill þjóðarmetnaður í því, að þjóð, sem vill fórna miklu til að slíta sem flest og ef til vill öll hin formlegu laga- og stjórnmálabönd, sem tengt hafa landið við Danmörku, skuli ótilneydd af lögum og samningum biðja um, að Danir hafi einræðisvald í máli eins og því, sem hér um ræðir. Ég hygg, að hér á landi verði bráðlega unnt fyrir ríkisstjórnina að styðjast við nægilega mikla sérkunnáttu hjá sínu eigin starfsliði til að geta dæmt um réttmæti einkaleyfa til handa íslenzkum mönnum. Verður þess vonandi ekki langt að bíða, að slík skipun komi á þessi mál. En meðan sá háttur er tekinn upp að spyrja Dani til ráða, áður en svarað er erindi eins og leyfisbeiðni minni, þá vænti ég, að ríkisstjórnin virði mér ekki til ávirðingar þann drátt, sem orðið hefur hjá ráðunautum íslenzkra stjórnarvalda í þessu efni.

Auk þess geta íslenzk stjórnarvöld verið fullviss um það, að dönsk og ensk einka-

leyfisvöld veita ekki jákvæð svör nema eftir að hafa sannprófað málið og fundið að um nýsköpun er að ræða. Til viðbótar má nefna dóm almennings á Íslandi um málið sjálft. Þegar gangpallar voru teknir frá veggjum þjóðleikhússins 1933, eftir að húsið var steint að utan, var hverjum sæmilega viti bornum manni í bænum ljóst, að þar var verið að gera uppgötvun, sem mælti með sér sjálf á eftirminnilegan hátt.

Nú er svo komið, að dómur erlendra sérfræðinga og dómur almennings í landinu fer saman um aðferð mína. Eina undantekningin eru nokkrir menn í Múrarameistarafélagi Reykjavíkur. Þeir hafa lagt gögn sín á borðið. Þau hafa verið krufin til mergjar. Hæstvirt ríkisstjórn hefur nú alla aðstöðu til að meta framkomu og framkvæmd mína í samanburði við framkomu hinna tilgreindu handverksmanna, sem tilefnislaust hafa blandað sér í mál, sem þeim kom ekki við, og sem þeir höfðu enga aðstöðu til að dæma um á nokkurn hátt.

Ég þykist þess fullviss, að hæstvirt ríkisstjórn muni nú sjá sér fært að unna mér ekki minni réttar á Íslandi um uppgötvun mína heldur en yfirvöld í Danmörku og Englandi hafa sýnt, eins og meðfylgjandi skírteini sýna.

Hér með fylgir bréf frá prófasti Þorsteini Briem.

Virðingarfyllst

Reykjavík, 27. maí 1940.

Guðjón Samúelsson.

Til atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

Fylgiskjal IX.

Herra prófessor Guðjón Samúelsson, húsameistari ríkisins, hefur sýnt mér bréf stjórnar Múrarameistarafélags Reykjavíkur, dags. 11. des. f. á., og leitað umsagnar minnar um þau atriði, sem mín er við getið í niðurlagi bréfsins.

Út af því óska ég að taka fram eftirfarandi:

Þegar rætt var um múrhúðun þjóðleikhússins, neitaði ég um fé úr ríkissjóði til kaupa á erlendu efni í svonefnda „Mineral-Pudsning“ á húsið, og sagði ég húsameistara ríkisins, að hann yrði að reyna að gera múrhúðun þessa úr einhverju því innlendu efni, er honum litist bezt á, með því að hann taldi ekki fært að húða húsið á venjulegan hátt. Áttum við húsameistari oft tal um tilraunir þær, er hann gerði í þessu efni, og hvatti ég hann til þess að gefast ekki upp, en tilraunir hans tóku nokkurn tíma. Árangur tilrauna þessara varð svo múrhúðun sú, er sett var á þjóðleikhúsið og fleiri hús síðar.

Snemma á stigi málsins átti ég einnig tal um múrhúðun þjóðleikhússins við Sigurð Guðmundsson húsameistara og spurði hann, hvort hann teldi fært að setja venjulega hraunhúðun á leikhúsið, og taldi hann það ekki fært, en hins vegar taldi hann rétt, að gerðar væru tilraunir með múrhúðanir úr innlendum efnum. En ekki minnist ég þess, að hann benti á neinar sérstakar aðferðir í því efni.

Mér er ekki kunnugt um, að aðrir menn en prófessor Guðjón Samúelsson hafi haft þessar tilraunir með höndum eða gefið ráð um, hvernig þeim skyldi haga, og hef ég því talið múrhúðun þessa hans verk.

Reykjavík, 14. marz 1940.

Þorsteinn Briem.

Fylgiskjal X.

ATVINNU- OG SAMGÖNGUMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík, 7. desember 1940.

Út af beiðni yðar, herra húsameistari, um að yður verði veitt einkaleyfi á aðferð til utanhúðunar á húsum og öðrum mannvirkjum úr steinsteypu, er yður hér

með sent til umsagnar afrit af bréfi Múrarameistarafélags Reykjavíkur, dags. 3. þ. m., þar sem félagið á ný mótmælir því, að yður verði veitt umbeðið einkaleyfi. Einnig fylgir afrit af yfirlýsingu þeirra Gísla Þorleifssonar, Ólafs Pálssonar og Marís Guðmundssonar, dags. 17. f. m., varðandi utanhúðun þjóðleikhússins, sem vísað er til í bréfi múrarameistarafélagsins.

F. h. r.
Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.

Til hr. húsameistara Guðjóns Samúelssonar.

Fylgiskjal XI.

Til atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

Hið háa ráðuneyti hefur með bréfi, dags. 12. september s.l., sent oss til umsagnar bréf Guðjóns Samúelssonar húsameistara ríkisins út af einkaleyfisbeiðni hans, dags. 27. maí þ. á., og viljum vér taka fram eftirfarandi í því sambandi:

Í nefndu bréfi húsameistarans er ekkert, sem hrekur þá skoðun vora, sem kom fram í fyrra bréfi voru til ráðuneytisins, að samkvæmt lögum um einkaleyfi, nr. 12 20. júní 1923, sé ekki unnt að veita húsameistaranum umbeðið einkaleyfi.

Vér leyfum oss að vísa til þess bréfs að því er þetta varðar.

Þar sem það er alveg ljóst af lögunum um einkaleyfi, að ekki kemur til mála að veita húsameistaranum umbeðið einkaleyfi, getum vér að öðru leyti komizt hjá löngum athugasemdum við bréf húsameistarans, dags. 27. maí s.l., en þó skal þetta tekið fram:

Í upphafi bréfsins telur húsameistarinn sig hafa gert byggingarfræðilega uppgötvun, og á hann þar við utanhúðun þjóðleikhússins, sem hann byggir einkaleyfisbeiðni sína á. Vér leyfum oss hér með að senda hinu háa ráðuneyti yfirlýsingu múraranna Gísla Þorleifssonar, Ólafs Pálssonar og Marís Guðmundssonar út af utanhúðun þjóðleikhússins. Þessir menn unnu allir að utanhúðun hússins og eru því kunnugastir, hvernig aðferð sú, sem notuð var og húsameistarinn beiðist einkaleyfis á, varð til. Eins og yfirlýsingin ber með sér, fann húsameistarinn ekki upp þá aðferð, sem notuð var, heldur prófuðu múrarar þeir, sem við verkið unnu, sig áfram með, hvernig nota ætti hið innlenda efni, sem þeim var lagt upp í hendur. Höfðu þeir nokkra hliðsjón af utanhúðun úr erlendu efni, sem þeir höfðu unnið að áður.

Sannleikurinn um utanhúðun þjóðleikhússins er því sá, að húsameistarinn lagði til innlent efni, vegna þess að erlent efni fékkst ekki flutt inn, en iðnaðarmenn þeir, sem um húðunina áttu að sjá, fundu upp aðferð þá, sem notuð var og hefur síðan tekið framförum í höndum þeirra mörgu múrara, sem húðað hafa hús úr innlendu efni.

Í bréfi sínu segir húsameistarinn, að utanhúðun húsa í Reykjavík hafi langoftast verið ábótavant, þegar hans tilsagnar naut ekki við. Hver einasti iðnaðarmaður í Reykjavík, sem fengizt hefur við húsabyggingar, veit, að þetta er rangt.

Þá telur húsameistarinn, að stjórn múrarameistarafélagsins hafi enga sérfræðilega þekkingu á utanhúðun húsa. Það segir sig raunar sjálft, að iðnaðarmenn, sem unnið hafa við slík störf í ár eða áratugi, hljóta að þekkja þau vel og raunar ekki verr en húsameistari, sem aldrei snertir á neinum störfum sjálfur, sem lúta að múrverki.

Húsameistarinn telur sig hafa gert tilraunir í kyrrþey og hafi það leitt til þess, að farið var að nota þá aðferð, sem nú er almennt notuð við utanhúðun húsa úr íslenzku efni. Um þetta vísast til áðurnefndrar yfirlýsingar, sem hér fylgir með. Þeir þrír múrarar, sem undirrita þá yfirlýsingu og unnu að utanhúðun þjóðleikhússins, segja: „Hann (þ. e. húsameistarinn) virðist ekki hafa sjálfur neina ákveðna hugmynd um, hvernig verkið skyldi unnið ....“ Húsameistarinn ruglar því saman

að útvega innlent efni til utanhúðunar og finna aðferð til að nota það. Hann sækir aðeins um einkaleyfi á aðferð við að nota slíkt efni til utanhúðunar, og þarf því ekki að rökræða um það, hver hafi átt uppástungu að því að útvega hið innlenda efni.

Húsameistarinn kvartar undan því, að nokkrir menn úr Múrarameistarafélagi Reykjavíkur séu sér andstæðir og hann hafi engin laun né viðurkenningu hlotið nema lúalegar árásir.

Múrarameistarafélag Reykjavíkur vill á engan hátt rýra þann heiður, sem húsameistaranum ber af störfum hans í þágu þess opinbera, og á það skal bent, að húsameistarinn hefur bæði fengið laun og viðurkenningu fyrir störf sín, og er það svo alkunnugt, að ekki er þörf á að ræða það nánar. En stjórn Múrarameistarafélags Reykjavíkur telur, að það beri ekki að veita húsameistaranum aðstöðu til þess að hagnast fjárhagslega á utanhúðun húsa úr innlendu efni með því að veita honum einkaleyfi á aðferðinni við að nota hið innlenda efni. Það verður að teljast óviðkunnanlegt, að starfsmaður þess opinbera fengi aðstöðu til að leggja gjald á hvert hús, sem húðað er að utan úr innlendu efni, jafnvel þó svo væri, að hann hefði í starfi sínu fyrir hið opinbera fundið upp aðferð til að nota hið innlenda efni. Á það skal bent, að kostnaður á normaltíma við að húða hús utan með hinum ýmsu efnum og aðferðum, sem við það eru notaðar, er sem hér segir:

Venjuleg slétt utanhúðun	kr. 4.50 á ferm.
Hraunhúðun	— 3.50 – —
Íslenzk húðun (tinna etc.)	— 9.00 – —
Skel	— 6.50 – —

Það sést því, að hin íslenzka húðun er mun dýrari en húðun úr sementi. Verði enn bætt ofan á þennan kostnað með því að veita einstökum manni einkaleyfi við aðferð á húðun úr ísl. efnum og þar með tækifæri til að leggja gjald á hvern fermetra, sem húðaður er á þann hátt, þá má búast við, að utanhúðun húsa úr innlendum efnum minnki stórlega. Í bréfi sínu segir húsameistarinn, að hann „hafi fyrst og fremst verið að hugsa um alþjóðagagn". Ef svo er, hvers vegna er þá húsameistarinn að leita eftir einkaleyfi? Eins og áður er tekið fram, hefur húsameistarinn í margnefndu bréfi sínu, dags. 27. maí s. l., ekki á nokkurn hátt hrakið röksemdir í fyrra bréfi voru til hins háa ráðuneytis fyrir því, að neita beri um veitingu umrædds einkaleyfis á grundvelli 1. gr. 2. mgr. 4. lið laga nr. 12 20. júní 1923, um einkaleyfi. Var sérstaklega á það bent í nefndu bréfi voru, að aðferð sú, sem beiðzt er einkaleyfis á, hafi verið höfð svo mjög um hönd í langan tíma, að ekki sé hægt að veita umbeðið einkaleyfi. Þetta fær nú nýja staðfestingu í bréfi húsameistarans, því þar segir hann, að aðferð þessi hafi „gerbreytt blænum á höfuðstað landsins". Það nær auðvitað engri átt að veita einkaleyfi nú á aðferð, sem svo er mikið notuð, að hún hefur þegar „gerbreytt blænum á höfuðstað landsins".

Múrarameistarafélag Reykjavíkur heldur fast við þessar tvær höfuðröksemdir gegn veitingu hins umbeðna einkaleyfis:

að Guðjón Samúelsson húsameistari hafi ekki fundið upp þá aðferð, sem einkaleyfis er beiðzt á, og

að þó svo væri, að hann hefði fundið aðferðina upp, þá sé ekki unnt að veita honum einkaleyfi vegna fyrrnefndra ákvæða laganna um einkaleyfi.

Leyfum vér oss fyrir hönd Múrarameistarafélags Reykjavíkur með skírskotun til framanritaðs og þess, sem áður er komið fram af vorri hálfu, að ítreka kröfuna um, að fyrrnefnd einkaleyfisbeiðni verði ekki tekið til greina.

Virðingarfyllst.

Reykjavík, 3. des. 1940.

Í stjórn Múrarameistarafélags Reykjavíkur

Jón Bergsteinsson. Gísli Þorleifsson. Þorkell Ingibergsson.

Til atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

Fylgiskjal XII.

Við undirritaðir Gísli Þorleifsson og Ólafur Pálsson og Marís Guðmundsson múrarar viljum taka fram eftirfarandi út af utanhúðun þjóðleikhússins.

Við unnum við utanhúðun nefnds húss, og kom Guðjón Samúelsson húsameistari með steintegundir þær, sem notaðar voru, kvarts, hrafntinnu, kalkstein og silfurberg, og bað hann okkur að finna aðferð til þess að húða húsið utan með þessum efnum, og gerðum við allar tilraunir með það á eigin spýtur.

Fyrst notuðum við sömu aðferð og viðhöfð var þegar hús voru húðuð að utan með útlendu efni, til dæmis eins og gert var við húsið Tryggvagötu 28 og fleiri hús á þessu tímabili, en aðferð þessi var falin í því, að við blönduðum saman litlu af sandi og sementi og drógum það á vegginn og þvoðum síðan með svampi upp úr veikri saltsýru, þegar lögunin var lítilsháttar farin að harðna. Svo var reynt að kasta mulningnum af hinum íslenzku efnum í lögunina og draga hann upp í hana án þess að mulningnum væri þrýst inn í. Þessa aðferð taldi Guðjón Samúelsson ágæta og vildi, að hún væri notuð, enda var hún notuð í fyrstu eða á turn hússins og þakbyggingu. Þegar komið var að því að gera stuðla þá, sem eru á frambrún hússins og turni, fundum við, að ekki var nægilegt að draga mulninginn upp í lögunina, án þess að þrýsta honum inn á eftir, og tókum við til þess ráðs að þrýsta mulningnum inn í lögunina. Var þá hætt við þá aðferð, sem Guðjón Samúelsson hafði talið góða, en þessi notuð.

Húsið var því húðað með tveim aðferðum, og er turninn og þakbyggingin með þeirri, sem fyrr var lýst hér á undan, en stuðlar og mestur hluti veggja með hinni síðari.

Blöndunin var alltaf 1 sement og 1 sandur, og er sú blöndun almennast notuð enn þá, enda má hún tæpast vera veikari. Notuð var alveg venjuleg múrskeið, enda er engin þörf á að nota þynnri múrskeið en almennt er notuð.

Ekki var okkur kunnugt um, að Guðjón Samúelsson gerði neinar tilraunir með það, hvernig húðunin úr hinum íslenzku efnum yrði bezt gerð. Hann virtist, eins og áður er sagt, ekki hafa sjálfur neina ákveðna hugmynd um, hvernig verkið skyldi unnið, og fól okkur að prófa okkur áfram. Aðferð sú, sem nú er notuð, er þannig raunverulega orðin til við vinnu okkar, og höfðum við hliðsjón af því, hvernig hús voru húðuð áður úr erlendu efni.

Síðan hefur aðferðin mótazt í höndum þeirra mörgu múrara, sem hana hafa notað, og getur hún ekki talizt fundin upp af neinum einstökum manni.

Eins og kunnugt er, er utanhúðun þjóðleikhússins nú mjög skemmd, og þó einkum á turni og þaki, þar sem sú aðferðin var notuð, sem Guðjón Samúelsson taldi góða og gilda og vildi að notuð væri.

Reykjavík, 17/11 1940.

Gísli Þorleifsson. Ólafur Pálsson. Marís Guðmundsson.

Fylgiskjal XIII.

GUÐJÓN SAMÚELSSON
Húsameistari.
M. A. A.

Reykjavík, 28. des. 1940.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið hefur sent mér bréf frá stjórn Múrarameistarafélags Reykjavíkur og vottorð þriggja múrara, sem unnu að því að steina þjóðleikhúsið. Eiga þessi skilríki að vera mótrök gegn því, að ríkisstjórn Íslands veiti mér sömu viðurkenningu fyrir uppgötvun mína að steina múrbyggingar með litsterkum ísl. bergtegundum eins og mér hefur verið veitt í Danmörku og Englandi.

Áður en ég vík að síðara bréfi múraranna og meðfylgjandi skjali vil ég rifja upp nokkur atriði um gang málsins.

Ég rita ósk mína til ríkisstjórnarinnar um einkaleyfi til að húða steinhús og önnur mannvirki 16. nóv. 1934. Var þá svo skammt frá því liðið, að ég hafði gert uppgötvun mína í sambandi við að steina þjóðleikhúsið, að engin sanngirni mælir með því, að ég sendi umsókn mína fyrri. Lá þar, meðal annars, til grundvallar eðlileg varfærni mín að sjá þess nokkurn vott, hversu hin nýja aðferð þyldi breytilega veðuráttu.

Ráðherrann, sem hér átti hlut að máli, Haraldur Guðmundsson, sendi einkaleyfisbeiðni mína til patentstofnunar Dana til að fá þar sérfræðileg ráð. Stofnunin taldi sér ekki fært að mæla með beiðni minni í það skipti. Ráðherrann byggði svar sitt 16. maí 1935 eingöngu á tillögum dönsku patentstofnunarinnar, og sér ekki ástæðu til að veita leyfið „að svo stöddu". Íslenzka ríkisstjórnin byggir á sérfræðilegri þekkingu forrráðamanna hinnar dönsku stofnunar. Hún neitar ekki beiðni minni, heldur tekur sér frest. Bréf ráðherrans er í raun og veru bein yfirlýsing um, að ef jákvæðar upplýsingar komi í málinu, þá verði beiðninni líka játað. Ef ríkisstjórnin hefði talið einsætt, að málið væri með öllu óréttmætt, mundi hún hafa neitað án þess að taka sér frest.

Allir sjá, að ekki er hægt að ætlast til, að ég kæmi fyrr fram með einkaleyfisbeiðnina heldur en haustið 1934. Enginn getur áfellt mig fyrir drátt þann, sem varð á málinu veturinn 1934—35, meðan ríkisstjórnin sjálf var að rannsaka málið. Ekki er heldur hægt að áfella mig fyrir það, að ráðunautur ísl. ríkisstjórnarinnar í Danmörku lætur líða nokkur missiri frá því hann gefur Haraldi Guðmundssyni ástæðu til að fresta leyfisveitingu og þar til sami aðili veitir mér einkaleyfi á aðferð minni í Danmörku. Eftir að Danir og Englendingar höfðu fyllilega viðurkennt uppgötvun mína, sendi ég íslenzku ríkisstjórninni nýtt bréf með fylgiskjölum frá „patentskrifstofu" Dana og Englendinga. Ríkisstjórnin hefur síðan þá verið að athuga málið, m. a. gefið múrarafélaginu tækifæri til að skrifa um það tvö bréf. Það leiðir af sjálfu sér, að ég get ekki heldur talizt ábyrgur fyrir þeim drætti í málinu, sem leiðir af því, að ríkisstjórnin er að athuga málið og fá gagnrýni frá stjórn múrarameistarafélagsins.

En af þessu yfirliti er það augljóst, að það kemur af ókunnugleika og þekkingarleysi stjórnar múrarameistarafélagsins, er þeir telja uppgötvun mína of gamla til að veita einkaleyfi. Ég hef lagt málið fram í nóvember 1934, og síðan þá hefur málið verið til athugunar hjá ríkisstjórninni, og endanlegt svar ekki fengið fyrr, en ég vænti þess nú, og það sem fyrst. Ef ásökun múrarafélagsins um drátt á afgreiðslunni á við nokkurn aðila, þá er það hæstvirt ríkisstjórn og ráðunautar hennar, bæði danskir og íslenzkir.

Í hinu fyrra bréfi múrarameistarafélagsins var því haldið fram, að uppgötvun mín væri komin frá fyrrv. ráðh. Þorsteini Briem og til hans frá Sigurði Guðmundssyni húsameistara. Vottorð frá sr. Þorsteini Briem sannar, að hann telur sig ekki hafa gert neina byggingarfræðilega uppgötvun, og þá ekki heldur þessa. Um Sig. Guðmundsson gat enn síður verið að ræða, þar sem hann notaði á þessum árum dýrt útlent efni til að húða með hús í Reykjavík og hefur aldrei notað íslenzk efni á þann hátt, sem hér er um að ræða.

Stjórn múrarameistarafélagsins var nú hrakin úr báðum fyrstu varnarlínum sínum. Það var sannað, að þessi stjórn hafði sagt ósatt um, að drátturinn á einkaleyfisveitingu hér á landi væri mér að kenna. Í öðru lagi hafði ég sýnt fram á það, að það væru tvímælalaus ósannindi, að sr. Þorsteinn Briem eða Sig. Guðmundsson hefðu fundið upp þá aðferð til að steina hús, sem ég hef beðið um einkaleyfi fyrir.

Þegar stjórn múrarafélagsins þurfti að rita ríkisstjórninni í annað sinn, varð hún að grípa til nýrra úrræða. Hún kemur þá með vottorð frá þrem verkamönnum, sem unnu að því að steina þjóðleikhúsið. Þykjast þessir menn hafa gert uppgötvunina og kennt mér leyndardóminn.

Ef hinir þrír múrsveinar segðu satt, hafa yfirmenn þeirra í múrarameistarafélaginu leikið þá grátt, með því að ræna af þeim frægðinni og halda því fram í skjali

til ríkisstjórnarinnar, að uppgötvun sú, sem þeir nú telji, að múrsveinar hafi gert, væri verk Þorst. Briem og Sigurðar Guðmundssonar. Þetta athæfi múrarameistarastjórnarinnar er sérstaklega vítavert og óafsakanlegt, þar sem þeim ætti að vera allra manna kunnugast um afrek viðvaninga í stétt sinni.

En nú vill svo illa til fyrir múrsveinana þrjá, að húsbóndi þeirra Kornelíus Sigmundsson lýsir yfir skýrt og skorinort, að þeir hafi alls engar uppgötvanir gert. Þeir hafi aðeins framkvæmt fyrirskipanir sínar um þetta efni, og innihald þeirra allt hafi hann fengið frá mér. Eina uppgötvunin, sem hr. Kornelíus Sigmundsson virðist gefa múrsveinunum „kredit" fyrir, er að hafa framkvæmt á miður vandvirknislegan hátt nokkurn hluta þess verks, sem þeir áttu að vinna. Þriðja varnarlína múrarameistarastjórnarinnar er þess vegna fallin líka, bæði af því, að þau ósannindi, sem þar eru borin fram, stangast við önnur eldri ósannindi stjórnar múrarameistarafélagsins, og af því, sem vottorð hr. Kornelíusar Sigmundssonar skilur ekkert eftir í gildi af framburði hinna þriggja múrarasveina.

Stjórn múrarameistarafélagsins hefur auðsýnilega fundið, að hinar ýmsu tegundir af ósannindum, sem þeir höfðu borið fram í málinu, var ekki nægilega öruggur grundvöllur í málsvörn þeirra. Þess vegna bæta þeir við í síðara bréfi sínu mjög frumlegri kenningu, sem er líkleg til að halda nöfnum þeirra á lofti lengur en nokkur annar þáttur í skrifum þeirra.

Lokaröksemd stjórnar múrarameistarafélagsins, eftir að öll önnur rök eru að engu orðin, er sú staðhæfing, að ekki megi veita mér einkaleyfi á uppgötvun minni, af því að hún kunni að leiða til þess, að ég fái einhver laun fyrir uppgötvun mína, og það geti gert byggingar dýrari.

Nú er þess að geta, að ég bið ekki um leyfi til að knýja fólk til að nota uppgötvun mína. Mér hefur verið veitt einkaleyfi á aðferðinni í Danmörku og Englandi, en enginn mun þar nota aðferðina nema hann telji sér hag af því. Sama er hér á landi. Múrarafélagið getur haft allar þær aðferðir, sem það kann, áður en ég gerði uppgötvun mína, án þess að nokkur hindri félagsmenn að fara þá leið. Uppgötvun mína, eins og aðrar uppgötvanir, notar enginn maður, nema hann telji sér hag að því að notfæra sér þessa sérstöku þekkingu.

Stjórn múrarameistarafélagsins biður því um það eitt, að það megi nota sér uppgötvun mína fyrir ekki neitt. Þannig hugsar betlarinn. Hann vill fá lífsframfæri sitt frá öðrum og af annarra vinnu, án þess að beita sinni eigin orku.

Stjórn múrarameistarafélagsins er væntanlega á því þekkingarstigi að vita ekki, að einkaleyfi eru veitt til að verðlauna og knýja fram andlega vinnu. Samkvæmt hugsunarhætti stjórnar múrarafélagsins ætti aldrei að veita nein einkaleyfi, af því að öll einkaleyfi hafa fólginn í sér möguleika til þess að endurborga lítinn hlut þeirrar andlegu vinnu, sem lögð er í hverja uppgötvun. Stundum tekst að svíkja um laun fyrir andlega vinnu af þessu tagi. Maðurinn, sem fann upp aðferðina til að frysta kjöt, var látinn deyja úr hungri. En milljónir manna hafa nú fyrir löngu stórlega bætt fjárhag sinn vegna þessarar uppgötvunar og margir í þeim hóp grætt milljónir á skapandi hugsun manns, sem var á áberandi hátt svikinn um réttmæt laun fyrir andlega vinnu.

Í öllu braski múrarameistarafélagsins er þessi röksemd þeirra bezt fallin til að sanna, að þá skorti algerlega þá þekkingu og æfingu í störfum menntaðra manna, sem þarf til að tala um málefni, sem þeir hafa blandað sér í að þessu sinni. Það er slæmt að hafa fært uppgötvun mína frá prófastinum á Akranesi til húsameistara, sem aldrei notar íslenzka steiningu á hús, og þaðan á þrjá undirmenn hjá Kornelíusi Sigmundssyni. En hitt er þó sýnu verra, þegar þessir menn ætla að byrja að endurbæta veröldina á þann hátt, að hætt yrði að viðurkenna skapandi andlega vinnu, eins og nú er gert með einkaleyfisveitingum hjá öllum menntuðum þjóðum.

En í ofanálag er það misskilningur stjórnar múrarameistarafélagsins, sem hefur haldið því fram, að ef ég fengi einkaleyfi á uppgötvun minni, myndi það

gera steining húsa hér miklu dýrari. Þvert á móti myndi ég geta gert steininguna ódýrari en tíðkazt hefur hingað til í höndum múrarameistarafélagsins. Í framkvæmdinni hafa notendur yfirleitt borgað fyrir tonnið af mulningskornunum (kvarz, hrafntinnu o. fl.), sem notuð eru í steininguna, kr. 550.00, eða á ferm. kr. 3.57. En fyrir sama efni, sem ég hef notað í steiningu á opinberar byggingar, t. d. háskólabygginguna, borgaði ég fyrir tonnið kr. 300.00 eða á ferm. kr. 1.95, og sparast þá á ferm. kr. 1.62. Borgun fyrir einkaleyfi mitt mundi aldrei verða nema hluti af sparnaðarupphæðinni, og mega þá allir vel við una.

Mér þykir sennilegt, að hæstvirt ríkisstjórn sjái sér nú fært að svara endanlega bréfi mínu frá 16. nóv. 1934 á þann eina veg, sem unnt er að svara erindi mínu. Allur dráttur á málinu er að kenna ríkisstjórninni og ráðunautum hennar. Sá ráðunautur, sem íslenzka ríkisstjórnin byggði á hið frestaða svar vorið 1935, hefur nú fyrir alllöngu játað fyrri villu sína og veitt mér einkaleyfið í Danmörku. Síðan hefur einkaleyfisstjórn Englands fylgt í kjölfar Dana. En hér heima á Íslandi eru menn eins og stjórn múrarameistarafélagsins látnir tefja fyrir réttlátu og eðlilegu svari, þó að þessi aðili sé orðinn margsaga í framburði sínum og hafi beitt nýjum og nýjum ósannindum, þegar sannað var, að hinar eldri skröksögur gátu ekki staðizt.

Einn aðila sýnist mér að vel mætti spyrja, áður en svarað er, úr því svo langur dráttur er orðinn á svari við beiðni minni frá 1934, og það er iðnaðarnefnd Alþingis. Þetta mál er hvort sem er orðið það umfangsmikið, að það er engan veginn óeðlilegt, að gögn þessi verði lögð fyrir þá fulltrúa þjóðarinnar, sem hafa gert þá löggjöf, sem byggt er á í þessu efni.

Hér með fylgir bréf Kornelíusar Sigmundssonar múrarameistara.

Til atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

Fylgiskjal XIV.

Út af bréfi Gísla Þorleifssonar, Ólafs Pálssonar og Marís Guðmundssonar, dags. 17. nóv. 1940, viðvíkjandi utanhúðun þjóðleikhússins í tilefni af einkaleyfisbeiðni Guðjóns Samúelssonar húsameistara ríkisins á húðunaraðferð á utanhúðun þjóðleikhússins, vil ég sem verktaki og verkstjóri við fyrrnefnda húðun taka eftirfarandi fram.

Húsameistari ríkisins bað mig um að framkvæma fyrir sig nýja húðunaraðferð, sem hann hafði hugsað sér að gera á þjóðleikhúsinu að utan. Allt verkið var framkvæmt eftir hans fyrirsögn. Hann átti eingöngu tal um þetta atriði við mig, og er mér því kunnara en öðrum, hver fann upp aðferðina. Það, sem húsameistari ríkisins var ákveðinn í, var, að húðunarlagið, sem steinmulningurinn var límdur í, ætti alltaf að vera þynnra en steinkornastærðin, svo steinkornin stæðu ætíð út úr laginu. Á þessum grundvelli var tilraunin gerð.

Gerð voru nokkur sýnishorn eftir ósk húsameistara ríkisins með mismunandi kornastærðum, og eins mismunandi blöndun á steintegundum til að fá ýms litbrigði. Ég lét menn mína gera tilraunirnar samkvæmt ósk húsameistara ríkisins. Það er tekið fram í fyrrnefndu bréfi Gísla Þorleifssonar o. fl., að húsameistari hafi beðið bréfritarana að finna aðferð til þess að húða húsið að utan. Það er ekki sannleikanum samkvæmt, því þeir menn, sem vinna hjá mér, vinna eingöngu eftir minni skipun og fyrirsögn.

Þar sem bréfritarar halda því fram, að þeir hafi kastað mulningnum í sementshúðina án þess að þrýsta honum inn í hana, verð ég að halda, að þeir hafi ekki gert eftir beiðni minni og leyst verkið óvandvirknislega af hendi og alls ekki gert eins og húsameistari ríkisins hafði lagt fyrir mig, að gera skyldi.

Þar sem fyrrnefndir bréfundirritarar halda því fram, að húðunin væri gerð með

tveim aðferðum, það er að þrýsta og ekki þrýsta steinkornunum inn í lögunina, þá tel ég það af misskilningi gert af fyrrnefndum mönnum, því húsameistari ríkisins var ákveðinn í, áður en byrjað var á húðuninni, að kornunum væri þrýst í sementslagið.

Ég tel það einkennilega framkomu af bréfriturum að fara með slík ummæli, sem standa í bréfinu, þar sem þeir og allur almenningur veit, að ég byggði það, sem komið er af þjóðleikhúsinu, en ekki þeir, og ég einn hef ráðið öllu því verki, sem þar hefur verið framkvæmt, í samráði við húsameistara ríkisins.

Reykjavík, 12. desember 1940.

Kornelíus Sigmundsson,
múrarameistari,
Bárugötu 11.

Fylgiskjal XV.

ATVINNU- OG SAMGÖNGUMÁLARÁÐUNEYTIÐ

18. febrúar 1941.

Ráðuneytið hefur samkvæmt beiðni yðar, herra húsameistari, gefið út í dag einkaleyfi nr. 133 yður til handa á aðferð til meðhöndlunar á útveggjum húsa og annarra mannvirkja, sérstaklega úr steinsteypu.

Ber yður að vitja leyfisbréfsins hingað og greiða lögboðin gjöld.

F. h. r.
E. u.
Páll Pálmason.

Til hr. húsameistara Guðjóns Samúelssonar.

Nd. 371. Lög

um breyting á lögum nr. 29 9. jan. 1935, um eftirlit með sjóðum, er fengið hafa konungsstaðfestingu á skipulagsskrá.

(Afgreidd frá Nd. 5. maí).

Samhljóða þskj. 163.

Nd. 372. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 45 13. júní 1937, um dragnótaveiði í landhelgi.

Frá Sigurði E. Hlíðar.

Á eftir orðunum „til 31. desember“ í 1. málsgr. 1. gr. bætist: Nær bann þetta þó eigi til báta, sem eru 5 smálestir og minni, mánuðina september til nóvember.

Nd. 373. Breytingartillaga

við frv. til l. um húsmæðrafræðslu í kaupstöðum.

Frá Finni Jónssyni og Jóh. G. Möller.

Við 8. gr. 1. málsgr. Fyrir „helming“ komi: ¾.

Ed.

374. Frumvarp til laga

um húsmæðrafræðslu í kaupstöðum.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Stofna skal húsmæðraskóla í kaupstöðum, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum og úr viðkomandi bæjarsjóði og þeim skilyrðum fullnægt, sem sett eru í lögum þessum.

2. gr.

Tilgangur húsmæðraskóla er að veita stúlkum þá fræðslu og tækni, sem nauðsynleg er til að inna af hendi venjuleg heimilisstörf og stjórna heimili.

3. gr.

Nemendur skulu ekki vera yngri en 16 ára. Skólanefnd er þó heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði, þegar sérstakar ástæður liggja til.

4. gr.

Námstími skal vera eitt eða tvö skólaár, eða minnst 3 mánaða námskeið. Skólaár miðast við minnst 7 mánaða kennslu.

Halda má skemmri námskeið í verklegum greinum, en styrkhæf eru þau þó því aðeins, að þau standi a. m. k. í fjórar vikur.

5. gr.

Aðalnámsgreinar skulu vera: Íslenzka, búreikningur, uppeldisfræði, matreiðsla, handiðnir og heimilisstörf. Enn fremur skal leiðbeina nokkuð um heilsufræði, hjúkrun, meðferð ungbarna og garðrækt.

6. gr.

Fimm manna nefnd skal hafa yfirstjórn húsmæðraskóla. Skipar kennslumálaráðherra formann skólanefndar, en aðrir nefndarmenn skulu kosnir af bæjarstjórn.

Bæjarstjórnum er heimilt að fela kvenfélögum eða kvenfélagasamböndum tilnefning skólanefndarmanna. Nú leggja kvenfélög eða kvenfélagasambönd fram fé til stofnkostnaðar, og er þá skylt að fela þeim tilnefning svo margra skólanefndarmanna sem ráðherra úrskurðar.

Skólanefnd skal kosin til 4 ára í senn.

7. gr.

Forstöðukona og fastir kennarar húsmæðraskóla skulu skipaðir af ráðherra, að fengnum tillögum skólanefndar. Aðra kennara og starfsmenn ræður forstöðukona með samþykki skólanefndar.

Skólanefnd getur sagt forstöðukonu og föstum kennurum upp störfum með 6 mánaða fyrirvara, en þeir eiga rétt til að skjóta málinu til úrskurðar ráðherra.

8. gr.

Ríkissjóður leggur fram ¾ stofnkostnaðar húsmæðraskólanna.

Árlegan ríkisstyrk skal miða við 7 mánaða kennslu, og hækkar hann hlutfallslega, ef lengur er kennt.

Ríkissjóður greiðir árlega kr. 6750.00 fyrir fyrstu 15 nemendur, kr. 400 fyrir hvern næstu 15 og kr. 300 fyrir hvern nemanda þar fram yfir.

Ríkissjóðsstyrkur fyrir 3 mánaða námskeið eða lengri greiðist eftir sömu reglu, í hlutfalli við tímalengd.

Nú eru haldin skemmri námskeið, er standi þó a. m. k. í 4 vikur, og greiðir ríkissjóður frá 10 kr. vegna vikukennslu hvers nemanda.

Bæjarsjóður ber ábyrgð á rekstrarkostnaði húsmæðraskóla. Óheimilt er að taka kennslugjald.

9. gr.

Nú er stofnun húsmæðraskóla ráðin, og skal þá bæjarstjórn skipa byggingarnefnd, sem undirbýr uppdrætti að skólahúsi og gerir tillögu um skólastað. Bæjarstjórn úrskurðar um skólastað og leggur ókeypis lóð og ræktunarland til skólans. Fræðslumálastjórnin úrskurðar um skólahústeikningu.

Húsmæðraskóli skal eiga öll nauðsynlegustu tæki til verklegrar kennslu, og telst kostnaðarverð þeirra til stofnkostnaðar. Húsmæðraskóli skal og hafa til umráða landrými til nokkurrar garðræktar og annars smábúskapar.

Ef henta þykir, má koma á heimavist fyrir ákveðna tölu nemenda. Húsaleiga má þó aldrei vera hærri yfir skólaárið en 40 kr. á nemanda.

10. gr.

Nú er húsmæðraskóli rekinn í leiguhúsnæði, og greiðir ríkissjóður þá árlega hálfa húsaleigu, enda samþykki fræðslumálastjórnin húsnæði og leigumála.

Heimilt er skólanefnd, með samþykki bæjarstjórnar og ráðherra, að kaupa eldra húsnæði til húsmæðraskólahalds.

11. gr.

Heimilt er að setja á stofn húsmæðrakennaradeild í sambandi við húsmæðraskóla Reykjavíkur eða sem sjálfstæða stofnun. Stofnkostnaður og árlegur rekstrarkostnaður kennaradeildarinnar greiðist úr ríkissjóði. Fræðslumálastjórnin sér um framkvæmd þessarar heimildar, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum.

Tilgangur húsmæðrakennaradeildar er að veita hæfilega menntun húsmæðrakennslukonum, matreiðslukennurum við barnaskóla, ráðskonum sjúkrahúsa og heimavista o. s. frv.

Skal heimild þessi framkvæmd í sambandi við heimild um stofnun húsmæðrakennaraskóla í 13. gr. laga nr. 60 1938, um húsmæðrafræðslu í sveitum, þannig að samstarf um fræðsluna verði sem mest og kostnaður sem minnstur á báðum stöðum.

12. gr.

Fræðslumálastjórnin setur, að fengnum tillögum viðkomandi skólanefndar, reglugerð um skólahaldið, og skal þar nánar ákveðið um kennslutilhögun, námsgreinar, kennslutæki, heimilishætti og annað það, sem þurfa þykir.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 375. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 12 9. jan. 1935, um iðnlánasjóð.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Hlutverk iðnlánasjóðs er að styðja iðju og iðnað í landinu með hagkvæmum lánum, og leggur ríkissjóður fram til hans árlega 65000 kr.

2. gr.

Iðnlánasjóði er heimilt að gefa út handhafavaxtabréf, og má hann jafnan hafa í umferð bréf, er nema að nafnverði allt að tvöföldum þeim höfuðstól, sem hann hefur á hverjum tíma. Bréf þessi skulu tryggð með höfuðstól sjóðsins og ábyrgð ríkissjóðs.

3. gr.

Síðasta málsgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Um allar lánbeiðnir úr sjóðnum skal leita umsagnar þriggja manna nefndar, sem ráðherra skipar til þriggja ára í senn. Skal einn nefndarmanna skipaður eftir tilnefningu stjórnar Landssambands iðnaðarmanna og annar eftir tilnefningu stjórnar Félags íslenzkra iðnrekenda.

4. gr.

Úr fyrstu málsgr. 3. gr. laganna fellur orðið „smærri" burt.

5. gr.

Fyrsta málsgr. 5. gr. laganna falli burt, en í hennar stað komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Beiðnir um lán úr iðnlánasjóði skulu vera skriflegar og fylgi þeim.

6. gr.

Úr 6. gr. laganna falli burt orðin „Ekkert lán má þó fara fram úr 5000 kr.", en í þeirra stað komi: Ekkert lán má þó vera hærra en sem nemur ⅕ — einum fimmta hluta — nettótekna sjóðsins árið áður.

7. gr.

Orðin „úr ríkissjóði" í 9. gr. laganna falli burt, en í þeirra stað komi: af tekjum sjóðsins.

8. gr.

Á eftir „iðnaðarmanna" í 10. gr. laganna komi: stjórn Félags íslenzkra iðnrekenda.

9. gr.

Í stað „ráðherra" í 13. gr. laganna komi: sjóðsstjórnin.

10. gr.

Í stað orðanna „af yfirskoðunarmönnum landsreikninga" í 14. gr. laganna komi: af tveimur mönnum, er ráðherra skipar.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 376. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1942 og við brtt. á þskj. 256.

I. Frá *Bjarna Ásgeirssyni.*

1. Við brtt. 256,8.a.3. (Við 13. gr. A. II. a. 4. Álftaneshreppsvegur).
   Fyrir „12000" kemur 15000
2. Við brtt. 256,8.a.4. (Við 13. gr. A. II. a. 5. Hraunhreppsvegur).
   Fyrir „5000" kemur 6000

II. Frá *forsætisráðherra.*

Við 22. gr. XVIII. Nýr liður:

Að kaupa læknisbústaðinn á Kleppjárnsreykjum, ásamt jörðinni, ef aðgengilegir samningar takast um verð og skilmála.

Nd. 377. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 351 (Landskiptalög).

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 1. b. Liðurinn orðist svo:
3. tölul. orðist svo:
Nú þykir einum eða fleirum aðilum, að lögfest skipti séu óhagkvæm, og getur þá hver einstakur aðili krafizt endurskipta. Eigi skulu matsmenn taka slíka kröfu til greina nema þeir telji, að úr megi bæta öðrum aðilum að skaðlausu.

Sþ. 378. Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um innflutning á efni í skipasmíðastöð og fiskiskip.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og leggur til, að hún verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Tillgr. orðist svo:
   Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að greiða eftir mætti fyrir innflutningi efnis til skipasmíða, enn fremur að láta hið allra fyrsta fara fram ýtarlega athugun á, hver kostur sé þess að reisa skipasmíðastöð hér á landi, þar sem smíðaðir verði togarar eða stærri skip. Heimilast ríkisstjórninni nauðsynlegt fé úr ríkissjóði til þessarar athugunar.
2. Fyrirsögn tillögunnar hljóði svo:
   Tillaga til þingsályktunar um innflutning á efni til skipasmíða og um skipasmíðastöð.

Alþingi, 5. maí 1941.

Einar Árnason, form.	Gísli Sveinsson, fundaskr.	Finnur Jónsson, frsm.
Páll Zóphóníasson.	Árni Jónsson.	Jörundur Brynjólfsson.
	Þorsteinn Briem.	

Sþ. 379. Breytingartillögur

við frumv. til fjárlaga fyrir árið 1942 og við brtt. á þskj. 366 og 376.

I. Frá *Finni Jónssyni.*
Við brtt. 366, V. (Við 13. gr. B. 2. Nýr tölul.).
Aths. orðist svo:
Stjórn fyrirtækisins skal kosin að meiri hluta af sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu og bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar, enda leggi báðir þessir aðilar fram fé til byggingar bátsins.

II. Frá *Gísla Guðmundssyni.*
1. Við 13. gr. C. IX. Nýr rómv. liður:
Til að koma í veg fyrir eyðileggingu brimbrjótsins á Skálum á Langanesi 5000
Til vara 3000
2. Við 16. gr. 15. c. Nýr stafl.:
Til vegabóta í Ásbyrgi 800

III. Frá *Pétri Ottesen.*
Við brtt. 376, II. (Við 22. gr. XVIII. Nýr liður).
Við till. bætist: Undanskilið kaupunum er þó hæfilegt land undir nýjan læknisbústað ásamt hitanotum til þess bústaðar, og enn fremur til gróðurhúss, er læknir kynni að vilja reisa.

Nd. 380. Breytingartillögur

við frv. til l. um girðingar til varnar útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og heimild til samþykkta um fjárskipti.

Frá landbúnaðarnefnd.

Á eftir 32. gr. komi ný grein svo hljóðandi:
Ákvæði I. kafla laga þessara ganga þegar í gildi og koma til framkvæmda jafnóðum og framkvæmdanefnd telur nauðsynlegt og fé er fyrir hendi.
Ákvæði II.—V. kafla um fjárskipti vegna mæðiveiki koma fyrst til framkvæmda á svæðum þeim, sem eru á jöðrum hinna sýktu héraða á hverjum tíma.

Ed. 381. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 23 27. júní 1921, um vátryggingarfélag fyrir fiskiskip.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin mælir með, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 6. maí 1941.

Ingvar Pálmason, form., frsm.	Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr.	Jóhann Þ. Jósefsson.

Ed. 382. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á sjómannalögum, nr. 41 19. maí 1930.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frumvarp þetta miðar að því að lögfesta loftskeytamenn sem yfirmenn á skipi, og að þeir njóti þeirra réttinda, sem í lögunum felast handa yfirmönnum.
Nefndin hafði frv. þetta til athugunar á síðasta þingi og mælti með því í því formi,

sem það er nú. Málið náði þá ekki afgreiðslu neðri deildar og er nú flutt af sjávarútvegsnefnd þeirrar deildar.

Nefndin mælir því með frv. óbreyttu.

Alþingi, 6. maí 1941.

Ingvar Pálmason, form.	Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr., frsm.	Jóhann Þ. Jósefsson.

Nd. 383. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 76 11. júní 1938, um byggingar- og landnámssjóð.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og borið það saman við lögin. Mælir hún með, að frumvarpið verði samþykkt með eftirgreindum

BREYTINGUM.

1. Við 3. gr. Fyrir „8000 krónur“ í endi greinarinnar komi: 9000 krónur.
2. Við 17. gr. Greinin orðist þannig:
   Lög þessi öðlast þegar gildi, og þegar þau hafa verið staðfest, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 76 frá 1938 og gefa þau út svo breytt.

Alþingi, 5. maí 1941.

Bjarni Ásgeirsson, form.	Jón Pálmason, fundaskr., frsm.	Pétur Ottesen, með fyrirv. um 5. gr.
Ásgeir Ásgeirsson.	Steingr. Steinþórsson.	

Ed. 384. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 1 5. jan. 1938, um síldarverksmiðjur ríkisins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frv. þetta fer í þá átt að afnema íhlutun ríkisvaldsins um byggingu á síldarverksmiðjum þeim, er einstaklingar eða félög vilja ráðast í að koma upp. Enn fremur er breytt hlutfallinu milli útsvarsbyrðar þeirrar, sem leggja má á síldarverksmiðjur, og heildarútsvarsupphæðar hlutaðeigandi hreppsfélags.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 6. maí 1941.

Ingvar Pálmason, form., með fyrirv.	Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr.	Jóhann Þ. Jósefsson, frsm.

Nd. 385. Nefndarálit

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að kaupa jörðina Vatnsleysu í Viðvíkursveit og gera að prestssetri.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og kynnt sér allar aðstæður, og leggur hún til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 5. maí 1941.

Bergur Jónsson, form. Vilmundur Jónsson, fundaskr. Jóhann G. Möller, frsm.

Gísli Guðmundsson. Garðar Þorsteinsson.

Ed. 386. Frumvarp til laga

um afnám laga nr. 44 frá 26. maí 1938, um bráðabirgðatekjuöflun fyrir Hafnarfjarðarkaupstað, og laga nr. 106 14. maí 1940, um breyting á þeim lögum.

Flm.: Páll Zóphóníasson.

1. gr.

Lög nr. 44 frá 26. maí 1938, um bráðabirgðatekjuöflun fyrir Hafnarfjarðarkaupstað, og lög nr. 106 frá 14. maí 1940, um breyting á þeim lögum, eru úr gildi numin.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögum þeim, sem hér er lagt til að nema úr gildi, var ríkisstjórninni heimilað að leyfa Hafnarfjarðarkaupstað að leggja allt að 50% á farþegagjöld milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur, og skyldi sú upphæð, er þannig fengist, renna í bæjarsjóð Hafnarfjarðar og koma á móti þeim tekjumissi, er bærinn varð fyrir við að mega ekki leggja útsvör á útgerðarfyrirtæki botnvörpuskipa.

Þegar er þessi lög voru sett, taldi ég þau ranglát, og óréttmætt að afla bæjarsjóði tekna á þennan hátt. Nú hefur verið samþykkt breyting á tekju- og eignarskattslögunum, og hefur Hafnarfjarðarkaupstaður því hér eftir fullt leyfi og fulla skyldu til að leggja á útgerðarfyrirtæki botnvörpuskipa útsvar, eins og aðra gjaldendur, og er því sú tylliástæða, sem á sínum tíma var talin orsök til þess, að þetta frumvarp var samþykkt á Alþingi, fallin úr gildi og forsendur fyrir þörf laganna því ekki lengur til. Í ár munu einstök útgerðarfyrirtæki botnvörpuskipa líka greiða hærra útsvar í bæjarsjóð hvert fyrir sig en nemur samlögðum þeim aurum, er bænum hafa hlotnazt af fargjöldunum frá þeim, er þurft hafa að ferðast milli kaupstaðanna og ekki haft efni á að ferðast í „privatbílum“.

Ed. 387. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 12 1. febr. 1936, um búreikningaskrifstofu ríkisins.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

2. gr. laganna orðist þannig:

Ríkissjóður skal endurgreiða Búnaðarfélagi Íslands kostnað við búreikningaskrifstofuna, þar á meðal til útgáfu búreikningaskýrslna og eyðublaða til innfærslu búreikninga, en þó má sá kostnaður ekki fara fram úr 5000 krónum á ári.

2. gr.

4. gr. laganna orðist þannig:

Skólabúum bændaskólanna og öðrum ríkisstofnunum, er reka landbúnað, er skylt að færa búreikninga eftir fyrirmælum búreikningaskrifstofunnar og þeim fyrirmyndum, sem hún segir fyrir um. Búreikninga þessa með fylgiskjölum, eða afrit af þeim, skal senda búreikningaskrifstofunni til athugunar eftir lok hvers reikningsárs. Athugasemdir þær, er hún kann að gera við reikninga þessa, skal senda landbúnaðarráðuneytinu, sem gerir ráðstafanir til, að því verði þegar komið í lag, sem kann að reynast ábótavant samkvæmt þeim.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 388. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 32 14. *júní* 1929, um loftferðir.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Á eftir 21. gr. laga nr. 32 14. júní 1929 komi ný grein, svo hljóðandi:

Ríkisstjórninni er heimilt að taka eignarnámi vegna loftferða lóðir, lóðarréttindi og mannvirki.

Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að leyfa sveitarfélögum, sýslufélögum og þeim, sem gera út loftför, að taka eignarnámi eignir þær, sem um getur í 1. mgr., gegn hæfilegu endurgjaldi, ef samkomulag næst ekki um bætur.

Bætur fyrir eignarnám á landi og mannvirkjum til flugvallargerðar í Reykjavík skulu metnar af dómurum hæstaréttar ásamt tveimur mönnum, er hæstiréttur nefnir. Að öðru leyti skal fara eftir lögum nr. 61 14. nóv. 1917 um framkvæmd eignarnáms samkvæmt þessari grein.

2. gr.

38. gr. laga nr. 32 14. *júní* 1929 er úr gildi felld.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ed. 389. Frumvarp til laga

um sölu kirkjujarðarinnar Hvanneyrar í Siglufirði.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Siglufjarðarkaupstað kirkjujörðina Hvanneyri frá 1. janúar 1942 að telja.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 390 Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 45 31. maí 1927, um heimild fyrir dómsmálaráðherra til þess að veita leyfi til veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Dómsmálaráðherra er heimilt að veita „Hestamannafélaginu Fáki" í Reykjavík og „Sjómannadagsráðinu" í Reykjavík leyfi til þess að reka veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar og kappróður, með skilyrðum, er ákveðin verði í reglugerð.

Áskilja skal í reglugerðinni, að 10% af hagnaði félagsins „Fáks" af starfsemi þessari skuli varið til reiðvegar Reykvíkinga, og 75% af hagnaði, er verður af kappróðri „Sjómannadagsráðsins", er fari fram á sjómannadaginn, renni til sjóminjasafns.

2. gr.

Við fyrirsögn laganna bætist: og kappróður.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 391. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 45 31. maí 1927, um heimild fyrir dómsmálaráðherra til þess að veita leyfi til veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 2. gr. Greinin fellur niður.
2. Á eftir 3. gr., sem verður 2. gr., kemur ný grein (3. gr.), svolátandi:

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 45 1927 og gefa þau út svo breytt með svofellri viðbót við fyrirsögn: og kappróður.

Nd. 392. Frumvarp til landskiptalaga.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Eftir lögum þessum geta komið til skipta eða endurskipta að nokkru eða öllu leyti heimalönd sveitajarða og afréttarlönd, sem jöfnum höndum eru notuð til vetrarbeitar, tún, sáðreitir, engi, landsnytjar aðrar og hlunnindi, svo og mannvirki, sem tvö eða fleiri býli hafa eða hafa áður haft til samnota:

1. Ef lögfest skipti hafa eigi áður farið fram, og getur þá hver einstakur eigandi eða umráðamaður jarðar, jarðarparts eða landsnytja krafizt skiptanna.
2. Ef allir hlutaðeigandi eigendur beiðast skipta, þótt lögfest skipti hafi áður átt sér stað.
3. Nú þykir einum eða fleirum aðilum, að lögfest skipti séu óhagkvæm, og getur þá hver einstakur aðili krafizt endurskipta. Eigi skulu matsmenn taka slíka kröfu til greina nema þeir telji, að úr megi bæta öðrum aðilum að skaðlausu.

2. gr.

Skipta skal eftir jarðamati frá árinu 1861, þar sem því verður við komið.

Nú eru í því jarðamati tvær eða fleiri jarðir (hjáleigur) metnar í einu lagi til dýrleika, en aðgreint mat þeirra er að finna í jarðatali Johnsens frá 1847, og skal það þá notað.

Verði hvorugu þessu mati við komið, skal farið eftir fasteignabók frá 1922 eða síðari fasteignabókum, þó þannig, að ávallt verði notað hið elzta jarðamat, sem við verður komið.

Nú hafa gilt manna á meðal í 20 ár eða lengur önnur eignahlutföll en jarðamatsbækur gefa upp, og allir eigendur samþykkja, að þau eignahlutföll skuli haldast, og er þá heimilt að skipta eftir þeim, en sýslumaður skal tilkynna fasteignamatsnefnd þess konar skipti.

3. gr.

Við skiptin skal ekki aðeins farið eftir flatarmáli lands, heldur og gæðum þess og verðmæti á hverjum stað. Eigi má staðbundin skipti gera á námarétti, þar með talið mótak, veiði í vötnum eða sjó, selveiði, fuglaveiði með háf eða skotum, reka, vergögnum, lóðagjöldum, beitutekjum, þörungum föstum og lausum og fjörubeit, nema skiptin séu það hagkvæm, að á engan eiganda sé hallað, eða samþykki allra eigenda komi til.

Nú hafa eignahlutföll á sameignarjörð breytzt við jarðamat (endurmat), fyrir misjafna ræktun eða aðrar verklegar framkvæmdir eiganda eða ábúanda, og breytast þá eigi fyrir það eignahlutföll óskipts lands eða landsnytja.

Nú er ágreiningur um eignahlutföll óskipts lands eða landsnytja, og næst ekki samkomulag. Verður þá eigi úr því skorið nema með dómi. Um umráð og notkun vatns og fallvatna, svo og um girðingar, fer eftir almennum lögum.

4. gr.

Úttektarmenn skulu vera matsmenn og gera skiptin hver í sínu umdæmi. Ef úttektarmaður er hindraður, við málið riðinn eða nákominn aðilum, kveður sýslumaður annan í hans stað. Sýslumaður skal og kveðja oddamann til skiptagerða. Skal hann vera formaður matsmanna, stýra skiptum og annast bókun skiptagerðar. Meiri hluti atkvæða ræður úrslitum.

Matsmenn fá þóknun fyrir skiptin eftir gildandi kauptaxta í vegavinnu ríkisins í viðkomandi umdæmi, og reiknast þeim kaup á meðan þeir eru fjarverandi heimili sínu, enda tefji þeir ekki ferð sína eða störf meir en nauðsyn krefur. Oddamaður

fær þriðjungi hærri þóknun en hinir. Ferðakostnaður greiðist þannig, að fargjöld með bifreiðum greiðast eftir gildandi taxta, en fyrir hesta greiðist eftir gildandi vegavinnutaxta.

5. gr.

Þegar skipta skal landi eða landsnytjum, skal bjóða öllum eigendum og öðrum þeim, er notkunarrétt hafa á því, er til skipta getur komið, að vera við skiptin og gefinn kostur á að upplýsa málið fyrir matsmönnum, en gætt skal þess, að matsstörfin dragist ekki fyrir það lengur en nauðsyn krefur. Hið sama gildir og við yfirmat, en ekki skulu þeir þó viðstaddir, er matsmenn eða yfirmatsmenn ræða milli sín úrslit skiptanna eða ráða þeim til lykta. Hver sá eigandi, sem er óánægður með skiptin, getur heimtað yfirmat innan 6 mánaða frá þeim degi, er skiptin fóru fram.

6. gr.

Sýslumaður skal dómkveðja 4 menn óvilhalla til að framkvæma yfirmat, en sjálfur skal hann vera formaður þeirra og stýra matinu. Heimilt er honum þó að kveðja annan í sinn stað. Yfirmatsmenn fá sama kaup og matsmenn og ferðakostnað eftir reikningi. Úrskurðar sýslumaður reikninga yfirmatsmanna; þó má skjóta úrskurði hans undir fullnaðarúrskurð dómsmálaráðuneytisins, er úrskurðar reikninga hans sjálfs.

Kostnað við skipti greiði sá, er þeirra beiðist, ef skiptatilraun verður árangurslaus sökum vanheimilda, svo og við yfirmat, ef engin breyting er gerð á skiptum, ella skiptist allur kostnaður á eigendur að tiltölu við eignahlutföll þess, er skiptin ná til. Ef skipt er samkvæmt 3. tölulið 1. gr., skulu þeir einir greiða fyrir skipti, er verða leiðréttingar aðnjótandi eða fá bætta aðstöðu.

7. gr.

Nú eru landskipti sérstaklega vandasöm, land sérstaklega verðmætt eða aðstaða þannig, að sýslumaður telji nauðsynlegt, að fagmaður fjalli um skiptin, og er honum þá heimilt að kveðja slíkan mann, einn eða fleiri, til skiptanna. — Sýslumaður semur um þóknun til fagmanna, en aldrei má kaup þeirra yfirstíga lágmarkskauptaxta samkvæmt gjaldskrá Verkfræðingafélags Íslands.

8. gr.

Ef land það, er skipta á, er tún, góðar engjar eða annað sérstaklega verðmætt land, geta eigendur hver um sig krafizt þess, að skipt sé eftir uppdrætti. Enn fremur ef landið er mjög óreglulegt eða aðstaða þannig, að torvelt sé að skipta, getur sérhver eigandi eða matsnefnd krafizt uppdráttar. Nú er uppdráttur ekki til af landinu, og skal þá sýslumaður fá mann til að gera uppdráttinn, og telst kostnaður við það til skiptakostnaðar. Á uppdráttinn skal draga greinilega með teiknibleki allar landamerkjalínur, og afhendist hann síðan sýslumanni til geymslu.

9. gr.

Áður en skipti byrja, skulu úttektarmenn eða matsmenn rannsaka, hvort land það, er skipta skal, sé með löglegum landamerkjum aðgreint frá landi nærliggjandi jarða. Séu landamerki krókótt og óhagkvæm, skulu úttektarmenn reyna með samkomulagi að fá rétting þeirra. Leita skulu þeir og upplýsinga um réttindi þau og skyldur, er sameignarlandinu fylgja eða nokkrum hluta þess. Nú er ágreiningur um aðliggjandi landamerki, og skulu matsmenn þá leita eftir samkomulagi, en náist það ekki, skal matsnefnd gera sýslumanni þegar í stað aðvart, og tekur hann þá málið fyrir samkv. lögum nr. 41 28. nóv. 1919, um landamerki.

10. gr.

Skipta skal landi þannig, að land hverrar jarðar eða jarðarparts verði sem mest í samhengi og sé sem skipulegast.

Skipta skal með beinum línum, eins fáum og verða má, svo horn verði sem fæst. Boglínur í landamerkjum mega því aðeins eiga sér stað, að illa verði hjá þeim komizt, svo sem þegar vegur eða opinn vatnsfarvegur verður að ráða mörkum. — Nú hefur einhver unnið hefð á landi samkvæmt lögum nr. 46 10. nóv. 1905, og má þá hefðarréttur eigi standa fyrir skipulegri landskiptingu samkvæmt lögum þessum, enda fái sá, er hefðarrétt hefur unnið sér, jafngildi lands á öðrum stað, og skal bæta honum við skiptin umbætur hans á landi því, er hann kann að missa.

11. gr.

Nú hefur eigandi ræktað hluta úr óskiptu sameignarlandi, áður en lög þessi gengu í gildi, og skal hann við skiptin halda þessu landi, gegn því að hinir sameigendurnir fái hver um sig að tiltölu samsvarandi hluta af óræktuðu landi í sameigninni, ef skiptin mega þannig vel fara. En verði landið úthlutað öðrum, án þess ræktað land komi í staðinn, skal honum heimilt að nytja það sem sína eign, þar til sá, sem landið var úthlutað, hefur ræktað honum jafnstóran blett og ekki lakari í hans landi.

Verði ágreiningur við samanburð ræktunarlandanna eða hvar land skuli ræktað til endurgreiðslu, eftir að landskiptum er lokið, skal hlíta úrskurði viðkomandi trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands.

Ef ekki er völ á ræktunarhæfu landi til skipta á móti því, sem ræktað hefur verið, skal, ef þess er krafizt, nema svo mikið af hinu ræktaða landi, að rétt skiptahlutföll fáist, og skal þá sá, er ræktunarlandið fékk, greiða þeim, er landið lét, ræktunarkostnaðinn eftir mati skiptanefndar.

12. gr.

Nú kemur í ljós við skiptin, að flytja þarf til hús, girðingar eða önnur færanleg mannvirki, og kveður skiptanefnd á um, innan hvers tíma flutt skuli og hver skuli kosta flutninginn eða hvernig flutningskostnaði skuli skipt niður.

Nú liggja tún- eða engjavegir yfir landið, eða nauðsynlegt þykir, að slíkir vegir verði þar lagðir, og skal þá í skiptagerðinni ákveðið um notkunarrétt hvers einstaks landeiganda á þeim, um viðhalds- og vegagerðarkostnað, svo og hvar nýir vegir skuli liggja.

13. gr.

Nú er land að einhverju leyti undirorpið hættu af vatnságangi, skriðufalli, sandfoki eða uppblæstri, og skal þá við skiptin taka sérstakt tillit til slíkrar hættu, og um leið, ef unnt er, koma á samningum um það, hver vera skuli aðstaða eigendanna innbyrðis um varnir gegn þessari hættu, eða aðgerðir á slíkum skemmdum, er fyrir koma, eftir að landinu er skipt.

Á sama hátt skal gera ráðstafanir gagnvart væntanlegum landvinningum, svo sem ef land grær upp úr vatni eða sandauðnum, þannig, að eftir föngum sé haldið opinni leið til hagkvæmra framhaldsskipta eða endurskipta.

14. gr.

Skiptagerðir eftir lögum þessum skal rita í bók, er sýslumaður löggildir, og greiðist verð bókarinnar úr ríkissjóði.

15. gr.

Þegar landi hefur verið skipt samkvæmt lögum þessum, skulu úttektarmenn eða matsmenn láta setja glögg merki fyrir skiptunum. Eru landeigendur skyldir að gera þau tafarlaust. Í skiptagerðum skal lýsa merkjum þessum og afstöðu þeirra svo greinilega, að ekki verði um villzt. Þegar greinilegir skurðir, garðar, vegir eða girðingar eru í mörkum, þarf ekki um að bæta, en ef engin slík merki eru í markabeygjum, og ekki heldur glögg náttúrueinkenni, sem ekki verður á villzt, skal hlaða vörð-

ur úr torfi eða grjóti, nema hlutaðeigendur kjósi varanlegri merki, svo sem steinsteypustaur, skurð eða annað, sem skiptanefnd tekur gilt. Ef vörður eru hlaðnar, skulu þær vera keilumyndaðar, eigi minni en 1½ m í þvermál að neðan og dragast saman með fláa 1 : 1. Landeigendum er skylt að halda landamerkjum glöggum.

Ef skráð landamerki eru færð til af mannavöldum, eða önnur lík merki sett upp, er valdið geta ruglingi, varðar það sektum allt að 1000 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum hegningarlögum.

16. gr.

Landeigendum er frjálst að skipta sjálfir landi milli sín, ef þeim kemur saman um það öllum og leiguliðar og aðrir, er nokkurn rétt hafa á landinu og skiptin snerta hagsmunalega, gefa samþykki sitt til þess. Þó skal landeigendum skylt að fá hreppstjóra, úttektarmann eða trúnaðarmann Búnaðarfélags Íslands — eða fagmann, ef skiptin eru sérstaklega vandasöm — til aðstoðar, enda sé hann leiðbeinandi um það, að skiptin verði sem skipulegust og réttlátust.

Frá landamerkjum skal gengið eins og segir í 15. gr. Um slík skipti skal skrá greinilega skiptagerð. Skal í henni nákvæmlega lýst afstöðu lands þess, er hver um sig hlýtur við skiptin, takmörkum þess og réttindum öllum, er því fylgja. Geta skal og þess, hver áhrif skiptin hafa á leiguliðaafnot af landi því, er skipt var. Skiptagerð þessari skal þinglýsa. — Sé ekki skipt að tiltölu réttri, en einhver eiganda hafi látið af hendi meira verðmæti í landeign eða réttindum innan sameignarinnar en hann fékk á móti, skal líta á það sem afsal eða selt, og breytist þá skattskylda jarðanna eða jarðapartanna samkvæmt því.

17. gr.

Meðan skógarhögg og mótak er í sameign í óskiptu landi, má enginn eigenda, án samþykkis allra hinna, nota skóg eða mótak nema til heimilisnota fyrir sjálfan sig.

18. gr.

Þar, sem tveir eða fleiri menn hafa sambeit í óskiptu landi, má enginn þeirra nota beitina, nema eftir ítölu á móts við sameigendur sína, er metin sé af úttektarmönnum. Ítölu skal meta eftir jarðardýrleika og jarðarstærð, og skal sá vera grundvöllur matsins, hve mikinn fénað má í högum hafa án þess örtröð verði. — Nú hefur einhver sambeitareigenda minni fénað í högum en svarar ítölu hans, en aðrir hafa meira en þeim ber, og skulu þeir þá hafa forgangsrétt til, gegn endurgjaldi, að nota ítölurétt þess, sem of fátt hefur, meðan hann notar eigi sjálfur.

19. gr.

Enginn má, eftir gildistöku þessara laga, taka land til ræktunar, setja upp varanlega girðingu, gera skurð, byggja hús eða önnur varanleg mannvirki í óskiptu sameignarlandi, þó samþykki allra annarra hlutaðeigenda liggi fyrir. Brot gegn þessu ákvæði varðar sekt, allt að 1000 kr., er renni í viðkomandi sveitarsjóð.

20. gr.

Með lögum þessum falla úr gildi landskiptalög, nr. 57 31. maí 1927. Þá eru og öll önnur eldri lagafyrirmæli úr gildi felld, er brjóta í bág við lög þessi.

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 393. Lög

um breyting á lögum nr. 23 4. des. 1886, um prentsmiðjur.

(Afgreidd frá Nd. 6. maí).

Samhljóða þskj. 324.

Nd. 394. Frumvarp til laga

um greiðslu verðlagsuppbótar á styrk til héraðs- og gagnfræðaskóla.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Greiða skal verðlagsuppbót á styrk þann, sem greiða ber samkvæmt lögum nr. 33 1940, um héraðsskóla, lögum nr. 60 1938, um húsmæðrafræðslu í sveitum og lögum nr. 48 1930, um gagnfræðaskóla.

2. gr.

Ríkissjóður og hlutaðeigandi bæjarsjóður greiða hvor um sig sömu verðlagsuppbót á þann styrk, er þeim ber að greiða viðkomandi skóla, og greidd er á sama tíma og skólarnir starfa á laun embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins og ríkisstofnana, þó með þeirri undantekningu, að ekki gildi ákvæðin um hámarkstölu þá, er um getur í 3. gr. téðra laga.

3. gr.

Ákvæði þessara laga gilda frá 1. janúar 1941.

Nd. 395. Breytingartillaga

við frv. til l. um greiðslu verðlagsuppbótar á styrk til héraðs- og gagnfræðaskóla.

Frá Eysteini Jónssyni.

Við fyrirsögn frv.: Fyrir „héraðs- og gagnfræðaskóla“ kemur: héraðs-, gagnfræða- og húsmæðraskóla.

Nd. 396. Þingsályktun

um framkvæmd laga nr. 54 24. júní 1925, um mannanöfn o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 6. maí).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að kanna, hversu framfylgt er ákvæðum laga nr. 54 24. júní 1925, um mannanöfn, í þeim tilgangi, að ráðin verði bót á því, sem áfátt mun vera í því efni, einkanlega að því er tekur til 4. og 6. gr. laganna.

Jafnframt ályktar deildin að skora á ríkisstjórnina að veita þeim mönnum, er óhæf nöfn bera, ókeypis leyfi til nafnbreytingar.

Ed. 397. Frumvarp til laga

um bygging sjómannaskóla.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Byggja skal á árunum 1941 til 1943 sjómannaskóla í Reykjavík eða nágrenni.

2. gr.

Forstaða skólabyggingarinnar skal falin sjö manna nefnd. Atvinnumálaráðherra skipar nefndina og tilnefnir formann hennar, en tveir nefndarmenn skulu skipaðir eftir tilnefningu Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, einn eftir tilnefningu Sjómannafélags Reykjavíkur og einn eftir tilnefningu Stýrimannafélags Íslands. Enn fremur eiga sæti í nefndinni: skólastjóri stýrimannaskólans, vélstjóraskólans og forstöðumaður loftskeytaskólans.

3. gr.

Byggingarnefnd skal þegar láta gera uppdrætti að skólahúsi. Jafnframt skal hún gera tillögur um skólastað, og sé sérstakt tillit tekið til þess, að nægilgt landrými verði fyrir framtíðarþarfir skólans. Athuga skal nefndin möguleika um heimavist í byggingunni fyrir hæfilegan nemendafjölda og í því sambandi kennslu fyrir matsveina. Atvinnumálaráðherra staðfestir teikningu, úrskurðar skólastað og önnur fyrirkomulagsatriði, ef ágreiningur verður innan nefndarinnar. Undirbúningi samkvæmt þessari grein skal vera lokið fyrir 1. sept. 1941.

4. gr.

Ríkissjóður ber allan kostnað af byggingu skólans, og skulu veittar í fjárlögum minnst 300 þús. kr. á ári, þar til byggingarkostnaði er að fullu lokið. Heimilt er byggingarnefnd, með samþykki fjármálaráðherra, að taka bráðabirgðalán eða selja skuldabréf til að greiða byggingarkostnað, eftir því, sem árleg fjárveiting hrekkur ekki til. Ríkissjóður ábyrgist slík lán og stenzt kostnað af þeim.

5. gr.

Byggingarnefnd og síðar skólastjórn skal veita viðtöku gjöfum til sjómannaskólans, en gjafafé skal ekki verja til greiðslu á venjulegum stofnkostnaði skóla, heldur til sérstakra umbóta vegna kennslu og skólalífs, sem annars mundi verða bið á að fá.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 398. Frumvarp til laga

um landnám ríkisins.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkisstjórnin skal láta framkvæma landnám við þorp og kaupstaði og í sveitum, eftir því sem nánar er fyrir mælt í lögum þessum, og greiðir ríkissjóður til þessara framkvæmda a. m. k. 250 þús. kr. á ári. Heimilt er og að verja í sama skyni allt að helmingi þeirrar fjárhæðar, sem árlega kann að verða ákveðin í fjárlögum ríkisins til framleiðslubóta og atvinnuaukningar.

2. gr.

Landnám þetta sé í því fólgið, að ríkið lætur á sinn kostnað undirbúa til ræktunar og rækta land þar, sem skilyrði eru góð til samfelldrar ræktunar og góðrar lífsafkomu. Landnámið skal fara fram á því landi, sem ríkið er eigandi að. Heimilt er og að kaupa land í þessu skyni, ef það telst nauðsynlegt.

3. gr.

Þar, sem landnám samkvæmt lögum þessum er hafið við þorp og kaupstaði, sé miðað við, að stærð ræktast lands fyrir hvert býli sé um 2 ha. auk nauðsynlegs beitilands, ef til er. Ríkið skal láta girða og fullrækta land þetta og leggja um það nauðsynlega vegi, vatns og skólpæðar. Í sveitum sé miðað við, að tún hvers býlis geti orðið minnst 10 ha., auk nauðsynlegs beitilands. Ríkið skal kosta girðingar og framræslu landsins og einnig láta fullrækta a. m. k. 4 ha. af því. Enn fremur láta leggja nauðsynlega vegi um landið og sameiginlegar vatnsæðar, ef hagkvæmt þykir. Undirbúningur landnáms í sveitum samkv. lögum þessum skal því aðeins hafinn, að skilyrði séu þar fyrir 5 samliggjandi býli hið minnsta.

4. gr.

Þegar lokið er framkvæmd ríkisins, sem um ræðir í 3. gr., skal fram fara fasteignamat á hverri einstakri jörð eða lóð. Lönd þessi skulu síðan leigð með erfðaleigu samkvæmt lögum nr. 8 frá 1. febr. 1936, um erfðaábúð og óðalsrétt. Þó skal gefa ábúanda eða notanda sveitabýlis kost á að kaupa það við fasteignamatsverði og sömu greiðsluskilmálum og ákveðnir voru í lögum um sölu þjóð- og kirkjujarða.

5. gr.

Um nauðsynlega framhaldsræktun og byggingar á hinum einstöku býlum, sem reist verða samkvæmt lögum þessum, njóta ábúendur fjárhagslegrar aðstoðar eftir því, sem hér segir:

a. Ábúendur á býlum við þorp eða kaupstaði njóta lánskjara samkvæmt VI. kafla laga nr. 31 14. júní 1929, um Búnaðarbanka Íslands.
b. Ábúendur á sveitabýlum njóta láns og styrks samkvæmt 34. og 36. gr. laga nr. 76 11. júní 1938, um byggingar- og landnámssjóð.

Um rétt ábúanda til að veðsetja landið vegna lántöku fer eftir 9. gr. laga nr. 8 frá 1. febr. 1936, um erfðaábúð og óðalsrétt.

6. gr.

Nýbýlastjórn hefur á hendi framkvæmd laga þessara og nýtur um það aðstoðar og ráðuneytis Búnaðarfélags Íslands og skipulagsnefndar kauptúna.

Teiknistofa landbúnaðarins hefur á hendi aðstoð og eftirlit með byggingaframkvæmdum á býlum þeim, sem reist verða samkvæmt lögum þessum, á sama hátt og fyrir er mælt í V. kafla laga nr. 76 11. júní 1938, um byggingar- og landnámssjóð.

7. gr.

Heimilt er nýbýlastjórn, með samþykki landbúnaðarráðherra, að reisa í tilraunaskyni nokkur býli í sveit, þar sem ríkið framkvæmir ræktun og byggingar að fullu. Einnig er henni heimilt að láta þá menn ganga fyrir um kaup eða ábúð á býlum þessum, sem leggja vilja fram ókeypis vinnu við landnámið, enda fái þeir þá vinnu sína endurgoldna með hæfilegri eign í mannvirkjum býlisins, þegar það er fullgert til ábúðar.

8. gr.

Áður en landnámssvæði er ákveðið, skal nýbýlastjórn í hvert skipti leita umsagnar og tillagna sveitarstjórnar í hreppi þeim, er land það liggur, sem ætlað er til landnámsins. Ber hreppsnefnd að gera rökstudda grein fyrir því, hver áhrif hið fyrir-

hugaða landnám muni hafa á afkomuöryggi bújarða þeirra, sem fyrir eru í sveitinni, eða hreppsins í heild. Verði ágreiningur um fyrirætlanir nýbýlastjórnar annars vegar og tillögur og óskir sveitarstjórnar hins vegar, sker stjórn Búnaðarfélags Íslands úr, en ákvörðun þeirri má skjóta til fullnaðarúrskurðar landbúnaðarráðherra.

9. gr.

Við ákvörðun ábúenda á hinum nýju landnámsjörðum skal nýbýlastjórn og hlutaðeigandi heppsnefnd vera í samráðum, enda er óheimilt að byggja nýbýlisjörð manni, er hreppsnefnd getur ekki fallizt á.

10. gr.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð ákvæði, er nauðsynleg þykja um framkvæmd laga þessara.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 399. Breytingartillaga

við frv. til l. um girðingar til varnar útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og heimild til samþykkta um fjárskipti.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 13. gr. þriðju málsgr. Fyrir „⅔“ komi: „¾“ og fyrir „⅗“ komi: ⅔.

Nd. 400. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á 88. og 95. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 frá 12. febr. 1940.

Frá allsherjarnefnd.

Frv. þetta er samhljóða bráðabirgðalögum, sem út voru gefin 29. jan. 1941. Samkvæmt frv. eru ákvæði 88. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 1940, fyllri og nákvæmari og ákvæðum 95. gr. sömu laga breytt þannig, að nú skal skilyrðislaust höfða opinbert mál gegn þeim, sem gera sig seka um þau þjóðhættulegu brot, sem greinin nær yfir. Nefndin telur rétt að lögfesta breytingar þessar.

Alþingi, 6. maí 1941.

Bergur Jónsson, form., frsm.	Vilmundur Jónsson, fundaskr.	Gísli Guðmundsson.
Jóhann G. Möller.	Garðar Þorsteinsson.	

Nd. 401. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 39 28. jan. 1935, um breyt. á l. nr. 46 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv., og mæla allir nefndarmenn með því, að frv. verði samþykkt með breytingartillögum þeim, sem greinir hér á eftir, nema einn nefndarmanna (GÞ), sem aðeins er samþykkur síðari brtt.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 1. gr. Aftan við greinina bætist ný grein, er verði 2. gr., svo hljóðandi:
   Greiða skal frá ársbyrjun 1941 verðlagsuppbót á barnsmeðlög, úrskurðuð samkvæmt lögum þessum. Skal hún nema fullri hækkun vísitölu þeirrar, er verðlagsuppbót á laun embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins og ríkisstofnana miðast við.
2. Við 2. gr. Síðari málsgrein greinarinnar falli burt.

Alþingi, 2. maí 1941.

Bergur Jónsson, form., frsm. Vilmundur Jónsson, fundaskr. Gísli Guðmundsson.
Jóhann G. Möller. Garðar Þorsteinsson.

Nd. 402. Breytingartillaga

við frumv. til l. um girðingar til varnar útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og heimild til samþykkta um fjárskipti.

Frá Jörundi Brynjólfssyni og Bjarna Bjarnasyni.

Við 2. gr. 22. tölul. Töluliðinn skal orða svo:
Milli Hofsjökuls og Langjökuls, þar sem girðingin nú er.

Ed. 403. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 7. maí 1940, um stríðsslysatryggingu sjómanna.

Frá allsherjarnefnd.

Við 2. gr. Aftan við greinina kemur ný málsgr., svo hljóðandi:
Sama skylda hvílir og á útgerðarmönnum annarra skipa en farskipa, ef þau sigla til útlanda, enda fer um trygginguna að öðru leyti á sama hátt sem um farskip væri að ræða.

Nd. 404. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 45 31. maí 1927, um heimild fyrir dómsmálaráðherra til þess að veita leyfi til veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Dómsmálaráðherra er heimilt að veita „Hestamannafélaginu Fáki“ í Reykjavík og „Sjómannadagsráðinu“ í Reykjavík leyfi til þess að reka veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar og kappróður, með skilyrðum, er ákveðin verði í reglugerð.

Áskilja skal í reglugerðinni, að 10% af hagnaði félagsins „Fáks“ af starfsemi þessari skuli varið til reiðvegar Reykvíkinga, og 75% af hagnaði, er verður af kappróðri „Sjómannadagsráðsins“, er fari fram á sjómannadaginn, renni til sjóminjasafns.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

3. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 45 1927 og gefa þau út svo breytt með svofelldri viðbót við fyrirsögn: og kappróður.

Ed. 405. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 66 7. maí 1940, um stríðsslysatryggingu sjómanna.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

2. gr. laganna orðist þannig:

Atvinnurekendum og öðrum þeim, er bera ábyrgð á því, að þeir séu tryggðir, sem tryggingarskyldir eru samkvæmt lögum nr. 74 31. des. 1937, skal skylt, auk hinnar lögboðnu tryggingar samkvæmt áður nefndum lögum, að kaupa sérstaka stríðstryggingu fyrir skipshafnir þær, sem sigla á svæðum þeim, sem ákveðin hafa verið samkvæmt 1. gr.

Tryggingu þá, er um ræðir í 1. mgr., skal kaupa hjá Stríðstryggingarfélagi íslenzkra skipshafna, að svo miklu leyti sem það getur tekið hana að sér, að dómi stjórnar félagsins, annað hvort á eigin ábyrgð eða með endurtryggingu, sé hún fáanleg. Nú er endurtrygging eigi fáanleg, og ábyrgist þá ríkissjóður bótagreiðslurnar.

2. gr.

Aftan við 3. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Auk þeirra trygginga, sem um ræðir í b- og c-lið 3. gr. laganna, er útgerðarmönnum farskipa skylt að tryggja alla skipverja fyrir jafnháum upphæðum og í téðri lagagrein segir, og skal þeim varið til kaupa á árlegum lífeyri hjá viðurkenndum tryggingarfélögum til tryggða sjálfs eða þeirra aðstandenda hans, sem bæturnar eiga að hljóta. Þessi lífeyrir skal ekki skerða önnur eftirlaun, er hlutaðeigandi kann að eiga rétt á.

Sama skylda hvílir og á útgerðarmönnum annarra skipa en farskipa, ef þau sigla til útlanda, enda fer um trygginguna að öðru leyti á sama hátt sem um farskip væri að ræða.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 406. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 27 13. jan. 1938, um vátryggingarfélög fyrir vélbáta.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

a. Orðin „opna eða“ í 1. málsgr. 3. gr. laganna falli burt.
b. 3. málsgr. sömu lagagr. skal orða svo:
Heimilt er þó félögum þessum að taka skip til vátryggingar allt að 250 smál. brúttó að stærð (sbr. þó 5. gr.), en ávallt skal leita samþykkis Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum, áður en skip, sem er yfir 70 smál. brúttó að stærð, er tekið í tryggingu, og skal ákveða iðgjöld fyrir þau í samráði við Samábyrgðina.
c. Á eftir sömu lagagr. koma tvær nýjar málsgr.:
1. Heimilt er félögunum að taka opna vélbáta til vátryggingar, að fengnu samþykki Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum.
2. Einnig er félögunum heimilt að vátryggja afla og veiðarfæri, ef um algerðan skipstapa er að ræða.

2. gr.

Í stað orðanna „skal þá félag það ... og tekur um leið við áhættunni“ í 13. gr. laganna kemur: skal skipseigandi þá þegar í stað flytja trygginguna í félag þess umdæmis, er skipið flyzt í. Þegar flutningur tryggingarinnar hefur farið fram, ber félag það, er skipið flyzt frá, ekki áhættu vegna hins flutta skips, en er skylt að endurgreiða skipseiganda það vátryggingargjald, sem hann hefur ofgreitt, miðað við flutningsdag. Þó fellur endurgreiðsla niður, ef skipseigandi vanrækir flutning tryggingarinnar.

3. gr.

Aftan við 14. gr. laganna bætist ný málsgr., er hljóðar svo:
Tjónbætur greiðast samkvæmt mati á tjóninu, nema aðgerðarkostnaður verði lægri en matið. Þá skal greiða tjónið samkvæmt viðgerðarreikningi.

4. gr.

Stafliðir 15. gr. laganna verða 5, svo hljóðandi:

a.	6 rúmlesta eða minni	200 kr.
b.	6—12 rúmlesta	300 —
c.	12—20 rúmlesta	400 —
d.	20—30 rúmlesta	500 —
e.	yfir 30 rúmlesta	700 —

5. gr.

Aftan við 22. gr. laganna bætist ný málsgr., er hljóðar svo:
Ef skip er að staðaldri notað til einhvers, sem er óviðkomandi fiskveiðum, ei tjón, sem það veldur eða hlýtur, því aðeins bótaskylt, að vátryggjandi hafi samþykkt notkunina.

6. gr

a. Í stað „10%“ í niðurlagi fyrri málsgr. 23. gr. laganna kemur: 25%.
b. Á eftir orðunum „af stjórn hlutaðeigandi félags“ í síðari málsgr. sömu lagagr. kemur: ef bæði skipin eru tryggð hjá sama félagi, ella af stjórn Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum.

7. gr.

Aðra málsgr. 25. gr. laganna skal orða svo:

Bætur fyrir tjón á opnum vélbáti skal greiða samkvæmt sömu reglu sem um aðra vélbáta, ef báturinn ferst algerlega eða er dæmdur ónýtur eða óbætanlegur af skoðunarmönnum félagsins, en hálfar ella.

8. gr.

a. 3. málsgr. 31. gr. laganna orðist svo:

Vátryggingarfélag hefur lögveð í skipi fyrir skoðunarkostnaði og eins árs vátryggingariðgjaldi.

b. Aftan við sömu lagagr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Nú leikur vafi á, hvaða vátryggingarfélagi ber að vátryggja skip, og sker þá Samábyrgð Íslands á fiskiskipum úr þeim ágreiningi.

9. gr.

Þrjár fyrstu málsgr. 33. gr. laganna skal orða svo:

Ágreining milli félags og skipseiganda má leggja í gerð. Í gerðardóminn kveður hvor málsaðili einn mann, en héraðsdómari í því héraði, þar sem félagið á heima, eða fulltrúi hans, skal vera oddamaður, enda séu þeir á engan hátt við málið riðnir. Sé svo, skipar atvinnumálaráðherra oddamann.

Ágreining milli félaga, sem endurtryggja hjá Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, og milli félaganna og Samábyrgðarinnar, skal leggja í gerð á sama hátt, en þá skipar atvinnumálaráðherra oddamann gerðardómsins, og skal það vera einn af dómurum hæstaréttar.

Gerðardómur í ágreiningsmáli félags og skipseiganda skal háður þar, sem félagið á lögheimili, en sé ágreiningurinn milli tveggja félaga, eða milli félags og Samábyrgðarinnar, skal gerðardómurinn háður í Reykjavík.

10. gr.

Fyrir „3 ár“ í ákvæði til bráðabirgða komi: 6 ár.

11. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 34 12. júní 1939, um breyting á lögum nr. 27 13. jan. 1938, um vátryggingarfélög fyrir vélbáta, og lög nr. 82 7. maí 1940, um breyting á sömu lögum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Meðan núverandi ófriður helzt, mega félögin stríðstryggja skip þau, er þau hafa í sjóvátryggingu. Áhættan skal skiptast milli félaganna og Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum eftir sömu hlutföllum og áhættan við sjóvátryggingarnar. Að öðru leyti skulu tryggingar þessar fara eftir þeim reglum, sem Samábyrgðin setur.

Nd. 407. Breytingartillögur

við frv. til l. um raforkuveitusjóð.

Frá Haraldi Guðmundssyni.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkissjóður leggur sjóðnum til vaxtalaust stofnfé, eigi minna en 2 millj. króna. Fjárhæð þessi greiðist með a. m. k. 200 þús. kr. árlega næstu 10 ár.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Raforkuveitusjóði er heimilt að gefa út handhafavaxtabréf, og má hann jafnan hafa í umferð bréf, er nema að nafnverði allt að tvöföldum þeim höfuðstól, sem sjóðurinn hefur á hverjum tíma. Bréf þessi skulu tryggð með eignum sjóðsins og ábyrgð ríkissjóðs.
   Ráðherra setur reglur um gerð bréfanna, vexti, innlausn og annað, er að útgáfu þeirra lýtur.
3. Við 5. gr. Aftan við greinina bætist:
   Sjóðurinn veitir eigi lán til að byggja einkaraforkuver á þeim stöðum, sem áætlað er, að félagsvirkjun eða félagsrafveitur nái til, ef ætla má, að bygging slíkra raforkuvera verði til að tefja eða koma í veg fyrir þessar félagsframkvæmdir.

Nd. 408. Breytingartillaga

við frumv. til l. um breyt. á l. nr. 76 11. júní 1938, um byggingar- og landnámssjóð.

Frá fjármálaráðherra.

1. gr. skal orða svo:
Í stað „200 þúsund krónur“ í 2. tölul. 3. gr. laganna komi: 250 þúsund krónur, en jafnframt fellur niður tillag til sjóðsins samkv. 14. gr. laga nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki.

Nd. 409. Nefndarálit

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Lækjardal í Öxarfirði.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin mælir með, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 8. maí 1941.

Bjarni Ásgeirsson, form. Jón Pálmason, fundaskr. Steingr. Steinþórsson, frsm.
Pétur Ottesen. Ásgeir Ásgeirsson.

Ed. 410. Nefndarálit

um frv. til laga um viðauka við lög nr. 73 31. des. 1937, um gjaldeyrisverzlun o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 7. maí 1941.

Magnús Jónsson, form.	Bernh. Stefánsson, fundaskr., frsm.	Sigurjón Á. Ólafsson.

Nd. 411. Nefndarálit

um frv. til l. um framlenging á gildi l. nr. 66 11. júní 1938, um vörugjald fyrir Vestmannaeyjakaupstað.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Minni hlutinn leggur til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt, þar eð engin ástæða virðist til að neita um framlengingu á þeirri heimild, sem í lögunum felst.

Alþingi, 7. maí 1941.

Jón Pálmason, frsm.	Stefán Stefánsson.

Ed. 412. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 12 9. jan. 1935, um iðnlánasjóð.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og borið það saman við núgildandi lög. Leggur nefndin til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Einn nefndarmanna (Erl. Þorsteinsson) var fjarverandi vegna veikinda.

Alþingi, 7. maí 1941.

Bjarni Snæbjörnsson, form., frsm.	Páll Hermannsson.

Nd. 413. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 45 13. júní 1937, um dragnótaveiði í landhelgi.

Frá 2. minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur klofnað um málið. Tveir nefndarmenn (GG og JÍv) leggja til, að það verði samþykkt, einn nefndarmanna (SK) sat hjá við atkvgr. í nefndinni. Leitað hefur verið álits fiskideildar atvinnudeildar háskólans um málið og enn fremur álits fiskimálanefndar, eru hvor tveggja prentuð hér á eftir sem fylgiskjöl. Umsögn

fiskimálanefndar ber með sér, að 37 hraðfrystihús eru nú starfandi í landinu, og hafa þau kostað um 7½ milljón króna. Við hraðfrystihúsin vinna um 1500 manns, sem að mestu yrðu sviptir atvinnu 3 mánuði ársins, ef frv. þetta næði fram að ganga. Útflutningur hraðfrystihúsanna var s. l. ár um 12 milljónir króna virði, og er verulegur hluti þessa útflutnings veiddur í dragnót, einmitt haustmánuðina eða þann tíma, sem flm. frv. vilja banna dragnótaveiðar. Vinna við hraðfrystihúsin hefur komið í staðinn fyrir vinnu við saltfisksverkun, sem hefur stórum minnkað og virðist jafnvel muni leggjast niður á þessu ári, og er hún að miklu leyti stunduð af kvenfólki og öðrum, sem erfitt eða ómögulegt ættu með að leita sér atvinnu utan heimilis síns. Þá ber þess og að gæta, að dragnótaveiðar eru arðsömustu veiðar, sem þekkjast fyrir sjómenn og útgerðarmenn að haustinu, og ekki völ á að stunda aðra veiði svo nokkru nemi. Þar eð samþykkt frv. þessa þannig myndi valda landsmönnum stórtjóni, leggjum við undirritaðir eindregið til, að það verði fellt. (SEH hefur til vara lagt fram brtt. á þskj. 372.)

Alþingi, 7. maí 1941.

Finnur Jónsson, form., frsm. Sig. E. Hlíðar.

Fylgiskjal I.

ATVINNUDEILD HÁSKÓLANS

Reykjavík, 2. maí 1941.

Sem svar við heiðruðu bréfi yðar, dagsettu í dag, þar sem þér biðjið um umsögn mína um 116. frumvarp til laga, um breytingu á lögum nr. 45 13. júní 1937, um dragnótaveiði í landhelgi, skal ég taka þetta fram:

1. Aðalnytjafiskar landsins eru, eins og kunnugt er, þorskur og síld, en bæði þorsk- og síldveiðin eru að langmestu leyti „sæsonveiði". Eitt af viðfangsefnum útgerðarinnar er að fylla upp með annarri veiði eyðurnar á milli þorsk- og síldveiðanna, og hefur dragnótin þar komið í góðar þarfir. Þess vegna er óheppilegt að leyfa dragnótaveiðar í landhelgi einungis um síldveiðitímann, júní—ág., eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

2. Öll landhelgin við Ísland er sameiginleg eign allra landsmanna, og ætti því sýslunefndum eða bæjarstjórnum að vera óheimilt að banna dragnótaveiði á ákveðnum svæðum. Af sömu ástæðu ætti að stilla í hóf takmörkun á stærð skipa, sem heimilt er að nota dragnót, og helzt afnema slíka takmörkun, en ganga á hinn bóginn ríkt eftir því, að fyrirmælum um gerð dragnóta sé framfylgt. Stærri skipin eru einnig fær um að fiska á dýpra vatni en þau smærri, þar á meðal utan landhelgi. Þróun útgerðarinnar á að ganga í þá átt að auka „aktionsradius" flotans: Sem flest veiðarfæri og sem stærst og bezt skip, innan þeirra marka, sem reynslan setur.

3. Mér er ekki kunnugt um, að neitt það hafi komið fram, sem bendi í þá átt, að dragnótaveiðar hafi áhrif á göngur fiska.

4. Það er kunnugt, m. a. hér við land frá því um aldamót, að mikil brögð eru að ýsugengd á þau mið, þar sem dragnót hefur verið beitt skömmu áður, og hefur verið reynt að skýra þetta þannig, að dragnótin græfi upp ýmis dýr, skeljar, orma o. s. frv., sem lifi í leirnum eða sandinum, svo að þau yrðu aðgengilegri fyrir fiskana. Á hinn bóginn tekur dragnótin að sjálfsögðu sinn stað í sjónum, en um hana gilda að sjálfsögðu sömu reglur og um önnur veiðarfæri: Að hún verður að víkja þar, sem önnur veiðarfæri (t. d. lóð) eru fyrir, og að önnur veiðarfæri verða að víkja fyrir henni, þar sem hún er fyrir.

5. Það eru aðallega þrír af nytjafiskum vorum, sem gengið hafa til þurrðar síðari áratugi: Ýsa, skarkoli og lúða. Af öllum þessum tegundum veiðum við Íslendingar minna hér við land en útlendingar. Af allri ýsu, sem veiddist við Ísland 1937, veiddum við Íslendingar tæpl. ⅙ hluta, af skarkolanum ca. ¾₁₁, en af lúðunni

tæpl. 1/10. Þegar þess er gætt, að í þessari hlutdeild okkar Íslendinga hefur dragnótin aðeins átt lítinn þátt, er það ljóst, að enda þótt dragnótin væri bönnuð, myndi sú friðun, sem ávynnist með því handa þessum tegundum, algerlega missa marks. Það er einkum skarkolastofninn, sem stafar hætta af dragnótinni, en löngu áður en dragnótin kom hér til sögunnar mátti rekja, hvernig honum hrörnaði vegna botnvörpuveiðanna, svo að ekki sé minnzt á afdrif skarkolastofnsins í norðlægari höfum, t. d. í Berentshafinu, vegna botnvörpuveiðanna. Að mínum dómi miðar því of mikil takmörkun á dragnótaveiði frekar að því að ræna útveginn verðmætum en að hinu, að skapa honum framtíðarhag, með tilgangslausri friðun, sem dragnótin ein verður að bera. Á hinn bóginn er það lífsnauðsyn útveginum í Norðurhöfum, að samkomulag náist milli allra aðila um víðtæka friðun (t. d. lokun Faxaflóa), og er þá sjálfsagt, að þær ráðstafanir, sem þá verða gerðar, nái jafnt til dragnótarinnar og annarra dráttarveiðarfæra.

6. Eins og nú standa sakir, eru fáir togarar hér að veiðum vegna stríðsins. Þá eru markaðshorfur þannig, að mest kapp er lagt á að fá eins mikið magn og unnt er. Af þessu tvennu leiðir, að a. m. k. skarkola og lúðu skapast ósjálfráð vernd fyrir togurunum meðan á stríðinu stendur, enda eru líkur til, vegna markaðarins, að þeir leggi nú aðalkappið á að veiða „kvantitets-fisk", þ. e. þorsk etc. Aukið bann við dragnótaveiði, þ. e. styttri veiðitími, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir, myndi því, á meðan svona stendur á, koma að hlutfallslega miklum notum, og væri það ótvírætt til bóta fyrir ekki sízt skarkolastofninn að takmarka dragnótaveiðar á meðan á stríðinu stendur. Verði síldveiðar minna stundaðar í sumar en vanalega, myndi veiðitíminn júní—ág. einnig notast betur en í „normal" ári. Þá eru líkindi til þess, að við Íslendingar verðum á komandi árum að beita okkur fyrir almennari friðun nytjafiska vorra en nú er, á alþjóðavettvangi, og stæðum við þá betur að vígi, ef við hefðum gripið tækifærið til þess að friða skarkolastofninn fyrir dragnót, þegar við gátum gert okkur vonir um árangur. Um hitt skal ekkert sagt, hvort sú friðun kemur að notum, það fer eingöngu eftir því, hve lengi núverandi „ástand" helzt.

Með sérstakri virðingu

Árni Friðriksson.

Til form. sjávarútvegsnefndar neðri deildar Alþingis.

Fylgiskjal II.

FISKIMÁLANEFND

Reykjavík, 7. maí 1941.

Í tilefni af heiðruðu bréfi yðar, dags. 2. þ. m., þar sem þér óskið umsagnar Fiskimálanefndar um lagafrumvarp um breytingu á lögum um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi, ásamt upplýsingum sérstaklega varðandi hraðfrystihúsin á landinu o. s. frv., hefur Fiskimálanefndin á fundi sínum 6. þ. m. samþykkt svo hljóðandi ályktun:

A) „Að fengnu nær einróma áliti frystihúsanna ákveður Fiskimálanefndin að leggja á móti, að svo stöddu, samþykkt frumvarps þess, er fyrir liggur um breytingu á gildandi lögum um dragnótaveiðar í landhelgi, þar eð ákvæði frumvarpsins, ef að lögum yrðu, myndu verða til þess að skerða stórlega afkomumöguleika frystihúsanna og rýra atvinnuskilyrði íbúanna á viðkomandi stöðum.

B) Hins vegar telur nefndin nauðsynlegt, að friðuð verði, í samráði við fiskifræðinga landsins, nánar til tekin svæði innan landhelginnar, til uppeldis og viðhalds fiskstofnsins, og enn fremur að framfylgt verði betur en verið hefur settum ákvæðum um veiðar ungfiskjarins."

Vér sendum yður hér með skrá yfir 37 hraðfrystihús, sem nú eru starfandi á landinu. Höfum vér átt tal við eigendur þeirra viðvíkjandi verðmæti því, er þeir teldu bundið í húsum og tækjum, svo og viðvíkjandi fjölda þess starfsfólks, er atvinnu hefur við frystinguna. Hafa þeir látið oss í té tölur þær, er meðfylgjandi skrá tilgreinir. Samkvæmt því verður samanlagt verðmæti þessara 37 hraðfrystihúsa kr. 7425000.00 og fjöldi starfsfólks kringum 1500 menn og konur.

Virðingarfyllst

f. h. Fiskimálanefndar

G. Albertsson.

Til form. sjávarútvegsnefndar Nd. Alþingis, Reykjavík.

Skrá yfir starfandi hraðfrystihús á landinu 1. maí 1941.

Nafn og heimili	Veðmæti kr.	Starfsfólk konur	karlar
Ísbjörninn, Reykjavík	35000.00	30	10
Sláturfélag Suðurlands, Reykjavík	35000.00	30	10
Snæfell, Reykjavík	15000.00	15	5
Sænsk-íslenzka frystihúsið, Reykjavík	1250000.00	(140	manns)
Hraðfrystistöð Vestmannaeyja, Vestmannaeyjum	700000.00	90	70
H.f. Fiskur & Ís, Vestmannaeyjum	225000.00	35	10
Ísfélag Vestmannaeyja, Vestmannaeyjum	100000.00		
H. Böðvarsson & Co., Sandgerði	150000.00	16	6
H.f. Jökull, Keflavík	100000.00	40	8
H.f. Keflavík, Keflavík	200000.00	20	5
Frystihúsið í Innri-Njarðvík (E. Jónsson)	125000.00	40	10
Frystihúsið í Hafnarfirði (I. Flygenring)	150000.00	25	8
H. Böðvarsson & Co., Akranesi	200000.00	33	7
Sigurður Hallbjarnarson, Akranesi	180000.00	15	4
Hraðfrystihús Ólafsvíkur h.f., Ólafsvík	200000.00	40	10
Kaupfélag Stykkishólms, Stykkishólmi	100000.00	18	10
Ó. Jóhannesson & Co., Patreksfirði	250000.00	40	10
Hraðfrystihús Suðurfjarðahrepps, Bíldudal	300000.00	40	10
Hraðfrystihús Flateyrar h.f., Flateyri	300000.00	40	10
H.f. Dofri, Þingeyri	150000.00	30	10
Íshúsfélag Súgfirðinga, Súgandafirði	130000.00	20	10
Íshúsfélag Bolungavíkur, Bolungavík	200000.00	25	6
Íshúsfélag Ísfirðinga h.f., Ísafirði	350000.00	45	14
Kaupfélag Skagstrendinga, Skagaströnd	100000.00	30	6
Kaupfélag Skagfirðinga, Sauðárkróki	200000.00	20	5
Kaupfélag Austur-Skagfirðinga, Hofsósi	120000.00	30	5
Hraðfrystihúsið h.f., Siglufirði	100000.00	30	7
H.f. Hrímnir, Siglufirði	200000.00	30	10
Íshúsfélag Ólafsfjarðar, Ólafsfirði	150000.00	25	5
Kaupfélag Eyfirðinga, Ólafsfirði, Dalvík, Hrísey og Akureyri	400000.00	75	40
Kaupfélag Þingeyinga, Húsavík	250000.00	30	5
Kaupfélag Langnesinga, Þórshöfn	100000.00	20	5
Íshúsfélag Norðfirðinga, Norðfirði	200000.00	30	5
Síldarbræðslan h.f., Seyðisfirði	125000.00	20	4
Samtals	7425000.00		

Ed. 414. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 64 8. sept. 1931, um hafnargerð á Akranesi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin fellst á ástæður þær, sem færðar eru fyrir frv. í greinargerð þess, og mælir með, að það verði samþykkt.

Alþingi, 8. maí 1941.

Ingvar Pálmason, form., frsm.	Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr.	Jóhann Þ. Jósefsson.

Ed. 415. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 21 14. júní 1929, um hafnargerð á Skagaströnd.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin er sammála um að mæla með, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 8. maí 1941.

Ingvar Pálmason, form., frsm.	Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr.	Jóhann Þ. Jósefsson.

Ed. 416. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á hafnarlögum fyrir Ísafjörð, nr. 34 19. júní 1922.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frv. þetta fer fram á að samræma framlag úr ríkissjóði til hafnargerðar á Ísafirði við framlög til hafnargerða annars staðar á landinu. Leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 8. maí 1941.

Ingvar Pálmason, form., frsm.	Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr.	Jóhann Þ. Jósefsson.

Sþ. **417. Frumvarp til fjárlaga**

fyrir árið 1942.

(Eftir 2. umr.)

I. KAFLI

Tekjur:

1. gr.

Árið 1942 er ætlazt til, að tekjur ríkisins verði svo sem talið er í 2.—5. gr., og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr

Áætlað er, að þessir skattar og tollar nemi:

	kr.	kr.
1. Fasteignaskattur	500000	
2. Tekjuskattur og eignarskattur	3000000	
3. Lestagjald af skipum	65000	
		3565000
4. Aukatekjur	500000	
5. Erfðafjárskattur	60000	
6. Vitagjald	250000	
7. Leyfisbréfagjöld	30000	
8. Stimpilgjald	600000	
9. Bifreiðaskattur	400000	
10. Benzínskattur	300000	
		2140000
11. Útflutningsgjald	850000	
12. Vörumagnstollur	6000000	
13. Verðtollur	5500000	
		12350000
14. Gjald af innlendum tollvörum		600000
15. Skemmtanaskattur		150000
16. Veitingaskattur		100000
Samtals ...	. . .	18905000

3. gr

Tekjur af rekstri ríkisstofnana eru áætlaðar:

		kr.	kr.
	A.		
1.	Rekstrarhagnaður landssímans	532000	
2.	— áfengisverzlunar	1472000	
3.	— tóbakseinkasölu	900000	
4.	— ríkisútvarps	92000	
5.	— ríkisprentsmiðju	70000	
6.	— landssmiðju	20000	
7.	— bifreiðaeinkasölu	57750	
		3143750	
	÷ Tap á rekstri póstsjóðs	55000	
			3088750
	Samtals ...	. . .	3088750
	Sundurliðun.		
	1. Póstsjóður.		
I.	Tekjur		985000
II.	Gjöld:		
1.	Póststjórnarkostnaður	89000	
2.	Pósthúsið í Reykjavík	331000	
3.	Önnur pósthús	235000	
4.	Póstflutningar	294000	
5.	Önnur gjöld	86000	
6.	Fyrning	5000	
			1040000
	Mismunur (Halli) ...	. . .	55000
	2. Landssíminn.		
I.	Tekjur		3500000
II.	Gjöld:		
a.	Til notendasíma í sveitum	70000	
b.	Til starfrækslu landssímanna m. m.:		
1.	Kostnaður af aðalskrifstofu landssímans	140000	
2.	Ritsímastöðin í Reykjavík	335000	
3.	Loftskeytastöðin í Reykjavík	60000	
4.	Stuttbylgjustöð í Reykjavík	95000	
5.	Bæjarsíminn í Reykjavík og Hafnarfirði	800000	
6.	Áhaldahúsið	45000	
7.	Ritsímastöðin á Akureyri	100000	
8.	Ritsímastöðin á Seyðisfirði	90000	
9.	Ritsímastöðin á Ísafirði	57000	
	Flyt ...	1722000	70000 3500000

		kr.	kr.
Flutt ...	1722000	70000	3500000
10. Símastöðin á Borðeyri	30000		
11. Símastöðin í Vestmannaeyjum	48000		
12. Símastöðin á Siglufirði	60000		
13. Til annarra símastöðva og eftirlitsstöðva	195000		
		2055000	
Uppbót á laun greiðist eftir sömu reglum og 1940, enda færist þær greiðslur á framangreinda liði viðkomandi stöðva.			
c. Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m.		100000	
d. Viðbót og viðhald stöðva		140000	
e. Kostnaður af ferðalögum etc.		12000	
f. Viðhald landssímanna		450000	
g. Framhaldsgjald		55000	
h. Til kennslu handa símamönnum		4000	
i. Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Berne		6000	
j. Ýmis gjöld		15000	
Þar af 1000 krónur til fyrrv. símaverkstjóra, eftir tillögum símamálastjóra.			
k. Fyrning á húsum og áhöldum		52000	
l. Burðargjald		9000	
			2968000
Fært á 3. gr. A. 1		. . .	532000
Eignabreytingar.			
Út.			
I. Afborgun af lánum L. M. Ericsson, Marconi o. fl. ...			150000
II. Til viðauka símakerfa, smærri efnis- og áhaldakaupa			60000
III. Til talstöðva í báta og skip			130000
IV. Til loftskeytastöðva í skip			30000
Fært á 20. gr. Út I. 2. og II. 1		. . .	370000
3. Áfengisverzlun ríkisins.			
I. Tekjur (brúttó hagnaður)			1900000
II. Gjöld			
a. Laun starfsmanna og vinnulaun		218000	
b. Útsvar		80000	
c. Framlag til Menningarsjóðs		40000	
d. Annar kostnaður		80000	
e. Fyrning á fasteign og áhöldum		10000	
			428000
Fært á 3. gr. A. 2		. . .	1472000

		kr.	kr.
4. Tóbakseinkasalan.			
I. Tekjur (brúttó hagnaður)			1200000
II. Gjöld:			
a. Laun		115000	
b. Annar kostnaður		120000	
c. Útsvar, áætlað tap á skuldum o. fl.		65000	
			300000
Fært á 3. gr. A. 3		. . .	900000
5. Ríkisútvarpið.			
I. Tekjur:			
a. Afnotagjöld		530000	
b. Aðrar tekjur		80000	
			610000
II. Gjöld:			
a. Starfræksla:			
1. Starfsmannalaun	145000		
2. Útvarpsefni (þar með talin laun hljóðfæraleikara)	90000		
3. Til málfegrunar eftir fyrirmælum kennslumálastjórnarinnar	1000		
4. Skrifstofukostnaður	65000		
5. Húsaleiga, ljós og hiti	35000		
6. Til útvarpsstöðva	150000		
7. Til hleðslu- og viðgerðarstofu og til að greiða fyrir útvarpsnotum	20000		
8. Óviss gjöld	15000		
		521000	
b. Vextir		27000	
c. Fyrning á húsi og vélum		50000	
			598000
Hagnaður		. . .	12000
III. Rekstur viðtækjaverzlunar:			
a. Tekjur		172500	
b. Gjöld:			
1. Laun starfsmanna	56000		
2. Annar kostnaður	36500		
		92500	
			80000
Fært á 3. gr. A. 4		. . .	92000
Eignabreytingar:			
Afborgun af láni til stækkunar (sjá 20. gr. Út l. 2. b.) ..		. . .	89500

		kr.	kr.
6. Ríkisprentsmiðjan.			
I. Tekjur (prentvinna)			760000
II. Gjöld:			
1. a. Laun starfsmanna	40000		
b. Vinnulaun og aðkeypt vinna	400000		
		440000	
2. Efnivörur		160000	
3. Vélarekstur og viðhald		21000	
4. Vextir		6500	
5. Annar kostnaður		42500	
6. Fyrning		20000	
			690000
Fært á 3. gr. A. 5		. . .	70000
7. Landssmiðjan.			
I. Tekjur:			
1. Ágóði á vörum		20000	
2. — á járnsmíðadeild		102500	
3. — á trésmíðadeild		10000	
4. — á málmsteypu		4000	
			136500
II. Gjöld:			
1. Laun starfsmanna		45000	
2. Vextir		10000	
3. Afsláttur og skuldatöp		7000	
4. Annar kostnaður		42500	
5. Fyrning		12000	
			116500
Fært á 3. gr. A. 6		. . .	20000
8. Bifreiðaeinkasala.			
I. Tekjur		145000	
II. Gjöld:			
1. Laun starfsmanna	15500		
2. Húsaleiga, hiti o. fl.	7000		
3. Vextir	20000		
4. Annar kostnaður	20000		
		62500	
			82500
Frá dregst hluti bæjar- og sýslufélaga 30%			24750
Fært á 3. gr. A. 7		. . .	57750

		kr.	kr.
	B.		
Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru taldar:			
1. Tekjur af jarðeignum á Stokkseyri og Eyrarbakka o. fl.			8000
2. Arnarhvoll:			
a. Tekjur		65000	
b. Gjöld:			
1. Vextir	20137		
2. Ýmiss konar rekstrarkostnaður	40289		
3. Fyrning hússins (sjá 20. gr.)	3649		
		64075	
			925
Samtals ...		. . .	8925

4. gr.

Tekjur af bönkum og vaxtatekjur eru áætlaðar:

	kr.	kr.
1. Vextir af bankavaxtabréfum, jarðræktarbréfum og kreppulánasjóðsbréfum		20000
2. Vextir af stofnfé Landsbankans, 6% af 3000000		180000
3. Vextir af veðd.bréfum Búnaðarbankans, 6% af 1200000		72000
4. Aðrir vextir		239736
Samtals ...	. . .	511736

5. gr

Óvissar tekjur eru taldar 50000 kr.

II. KAFLI

Gjöld:

6. gr.

Árið 1942 eru veittar til gjalda fjárhæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.—19. gr.

7. gr.

Vextir af lánum ríkissjóðs eru taldir:

	kr.	kr.
1. Innlend lán		829900
2. Lán í dönskum krónum		64779
3. Lán í sterlingspundum		549778
4. Lán í dollurum		68986
5. Lausaskuldir		100000
Samtals ...	. . .	1613443

8. gr.

	kr.	kr.
Kostnaður við æðstu stjórn landsins		75000

9. gr.

Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkisreikninga er veitt:

	kr.	kr.
1. Til alþingiskostnaðar		350000
2. Til yfirskoðunar ríkisreikninga		5250
3. Fyrning á alþingishúsi (sjá 20. gr.)		2170
Samtals ...	. . .	357420

10. gr.

Til ríkisstjórnarinnar er veitt:

		kr.	kr.
I. Stjórnarráðið, ríkisféhirðir, ríkisbókhald o. fl.			
1. Til ráðherra:			
a. Laun	50000		
b. Til risnu	6000		
		56000	
2. Stjórnarráðið:			
a. Laun:			
1. Atvinnumálaráðuneytið	31200		
2. Dómsmálaráðuneytið	41254		
3. Fjármálaráðuneytið	64960		
4. Félagsmálaráðuneytið	4950		
5. Viðskiptamálaráðuneytið	17650		
6. Utanríkismálaráðuneytið	46700		
7. Aðrir starfsmenn	23820		
	230534		
b. Annar kostnaður	80000		
		310534	
3. Ríkisféhirzla og bókhald:			
a. Laun	44600		
b. Annar kostnaður	9000		
		53600	
4. Pappír, prentun og hefting ríkisreikninga		7500	
5. Til þess að gefa út stjórnartíðindi:			
a. Þóknun fyrir ritstjórn tíðindanna o. fl.	700		
b. Til pappírs og prentunar	31000		
c. Til kostnaðar af sendingu með póstum	3500		
		35200	
6. Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum og til hitunar og lýsingar		15000	
7. Fyrning á stjórnarráðshúsi og ráðherrabústað (sjá 20. gr.)		2046	
			479880
II. Hagstofan:			
1. Laun og aðstoð		54150	
2. Pappír, prentun og hefting hagskýrslna		25000	
3. Prentun eyðublaða		2500	
4. Húsaleiga, hiti og ljós m. m.		8000	
5. Annar kostnaður		3000	
			92650
III. Utanríkismál o. fl.			
1. Til sendiráðs í Kaupmannahöfn:			
a. Laun sendifulltrúa	8000		
b. Húsaleiga	8500		
c. Kostnaður við embættið	7500		
d. Til skrifstofuhalds	22000		
		46000	
Flyt ...		46000	572530

		kr.	kr.
	Flutt ...	46000	572530
2. Til sendiráðsins í Stokkhólmi:			
a. Laun sendifulltrúa	8000		
b. Húsaleiga og kostnaður	24000		
c. Til skrifstofuhalds	17000		
		49000	
3. Til sendiráðsins í London:			
a. Laun sendifulltrúa	8000		
b. Húsaleiga og kostnaður	23000		
c. Til skrifstofuhalds	30000		
		61000	
4. Til aðalræðismannsskrifst. í New-York:			
a. Laun aðalræðismanns	8000		
b. Húsaleiga og kostnaður	35000		
c. Til skrifstofuhalds	34000		
		77000	
			233000
5. Kostnaður vegna samninga við erlend ríki			60000
	Samtals ...	. . .	865530

11. gr.

Til dómgæzlu, lögreglustjórnar o. fl. er veitt:

	kr.	kr.
A.		
Dómgæzla og lögreglustjórn.		
1. Hæstiréttur:		
a. Laun	32000	
b. Annar kostnaður	22000	
		54000
2. Laun bæjarfógeta, sýslumanna og lögreglustjóra		133000
3. Laun hreppstjóra		45000
4. Skrifstofukostnaður lögmannsins í Reykjavík:		
a. Laun	36800	
b. Húsaleiga, hiti, ljós og ræsting	6000	
c. Ýmis gjöld	6500	
		49300
5. Skrifstofukostnaður tollstjórans í Reykjavík:		
a. Laun og aðstoð	150000	
b. Húsaleiga, ljós og hiti	19400	
c. Ýmis gjöld	28000	
		197400
Flyt ...	. . .	478700

		kr.	kr.
	Flutt	. . .	478700
6.	Skrifstofukostnaður lögreglustjórans í Reykjavík:		
	a. Laun	21000	
	b. Ljós, hiti og ræsting	17200	
	c. Ýmis gjöld	12200	
			50400
7.	Skrifstofukostnaður sakadómarans í Reykjavík:		
	a. Laun	39600	
	b. Annar kostnaður	11500	
	c. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	13700	
			64800
8.	Toll- og löggæzla:		
	a. Í Reykjavík:		
	1. Laun og aðstoð 99400		
	2. Annar kostnaður 90000		
		189400	
	b. Utan Reykjavíkur:		
	1. Laun 50000		
	2. Annar kostnaður 24000		
		74000	
	c. Eftirlit á vegum:		
	1. Laun 5400		
	2. Annar kostnaður 10000		
		15400	
			278800
9.	Bifreiðaeftirlit:		
	a. Laun 14000		
	b. Annar kostnaður 20000		
		34000	
	÷ Prófgjöld og skoðunargjöld	19000	
			15000
10.	Hluti ríkissjóðs af lögreglukostnaði		160000
11.	Skrifstofukostnaður sýslumanna, bæjarfógeta og lögreglustjóra		170000
12.	Til landhelgisgæzlu		400000
13.	Til hegningarhússins í Reykjavík og viðhaldskostnaðar fangahúsa		24100
	(Þar af fyrning 1770 kr., sjá 20. gr.).		
14.	Til vinnuhælisins á Litla-Hrauni:		
	a. Rekstrarhalli	100000	
	(Þar af fyrning 5300, sjá 20. gr.).		
	b. Kostnaður við verklegar framkvæmdir fyrir ríkið ..	10000	
			110000
15.	Kostnaður við sakamál og lögreglumál		70000
16.	Borgun til sjódómsmanna		2000
17.	Til setu- og varadómara		8000
	Flutt	. . .	1831800

	kr.	kr.
Flutt ...	. . .	1831800
18. Löggildingarstofan:		
a. Laun 17500		
b. Annar kostnaður 7500		
c. Til áhaldakaupa 1000		
	26000	
÷ Tekjur	14000	
		12000
19. Kostnaður við sáttatilraunir í vinnudeilum		4000
20. Kostnaður við félagsdóm		17600
Samtals A. ...	. . .	1865400
B.		
Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur.		
1. Burðareyrir og embættisskeyti:		
a. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbréf	65000	
b. Fyrir embættisskeyti	130000	
		195000
2. Brunaábyrgðar- og fasteignagjald nokkurra ríkisfasteigna		3000
3. Til embættiseftirlitsferða		6000
4. Gjöld til skattanefnda, yfirskattanefnda, skattstofu Reykjavíkur og fyrir skattvirðingar:		
a. Skattstofan í Reykjavík 81000		
÷ hluti bæjarsjóðs, ⅓ af 75000 kr. 25000		
	56000	
b. Skattanefndir	50000	
c. Fasteignamat	40000	
		146000
5. Til ríkisskattanefndar		18000
6. Eyðublöð, bókband, auglýsingar o. fl.		65000
Samtals B ...	. . .	433000

12. gr.

Til læknaskipunar og heilbrigðimála er veitt:

	kr.	kr.
1. Laun		225300
2. Til skrifstofukostnaðar landlæknis, eftir reikningi		8000
3. Styrkur til læknisvitjana handa sveitum, sem eiga sérstaklega erfiða læknissókn, eftir reikningum		12950
Flyt ...	. . .	246250

		kr.	kr.
	Flutt ...	...	246250
Í Borgarneshéraði:			
Kolbeinsstaðahreppur	200		
Eyjahreppur	200		
Í Ólafsvíkurhéraði:			
Staðarsveit	200		
Breiðavíkurhreppur	300		
Neshreppur utan Ennis	300		
Í Stykkishólmshéraði:			
Eyrarsveit	500		
Miklaholtshreppur	200		
Skógarstrandarhreppur	250		
Í Dalahéraði:			
Skarðs- og Klofningshreppur, 150 kr. til hvors	300		
Fellsstrandarhreppur	200		
Saurbæjarhreppur	200		
Í Reykhólahéraði:			
Gufudalssveit	250		
Í Flateyjarhéraði:			
Múlahreppur	250		
Í Patreksfjarðarhéraði:			
Rauðasandshreppur	150		
Barðastrandarhreppur	150		
Í Flateyrarhéraði:			
Suðureyrarhreppur	300		
Í Ögurhéraði:			
Reykjarfjarðarhreppur, Nauteyrarhreppur og Snæfjallahreppur	750		
Styrkurinn skiptist milli nefndra hreppa í hlutfalli við kostnað þeirra við læknisvitjanir.			
Í Hesteyrarhéraði:			
Grunnavíkurhreppur	300		
Sléttuhreppur	300		
Í Reykjarfjarðarhéraði:			
Árneshreppur (sé héraðið læknislaust)	600		
Í Hólmavíkurhéraði:			
Óspakseyrarhreppur	200		
Í Miðfjarðarhéraði:			
Bæjarhreppur	300		
Í Blönduóshéraði:			
Vindhælishreppur fyrir norðan Björg	200		
Í Sauðárkrókshéraði:			
Skefilsstaðahreppur	200		
Í Hofsóshéraði:			
Haganeshreppur	150		
Holtshreppur	150		
Í Húsavíkurhéraði			
Flateyjarhreppur	200		
Flyt ...	7300	...	246250

		kr.	kr.
Flutt ...	7300	. . .	246250
Grímseyjarhreppur	400		
Í Öxarfjarðarhéraði:			
Fjallahreppur	200		
Presthólahreppur, til læknisvitjana af Austur-Sléttu	300		
Styrkur til þess að hafa lækni á Raufarhöfn um síldveiðitímann	1000		
Í Þistilfjarðarhéraði:			
Sauðaneshreppur, vegna læknisvitjana frá Skálum og nágrenni þeirra	200		
Skeggjastaðahreppur	200		
Í Hróarstunguhéraði:			
Borgarfjarðarhreppur	300		
Í Fljótsdalshéraði:			
Jökuld.hr. (vegna byggðar í Möðrudalsheiði)	200		
Í Seyðisfjarðarhéraði:			
Loðmundarfjarðarhreppur	150		
Í Norðfjarðarhéraði:			
Mjóifjörður	300		
Í Fáskrúðsfjarðarhéraði:			
Stöðvarhreppur	300		
Í Berufjarðarhérði:			
Breiðdalshreppur	300		
Í Hornafjarðarhéraði:			
Hofshreppur	400		
Í Síðuhéraði:			
Skaftártunguhreppur	300		
Álftavershreppur	250		
Í Mýrdalshéraði:			
Austur-Eyjafjallahreppur	200		
Í Rangárhéraði:			
Vestur-Eyjafjallahreppur	200		
Í Eyrarbakkahéraði:			
Selvogshreppur og Hliðarbæir í Ölfusi	250		
Í Grímsneshéraði:			
Þingvallahreppur	200		
Samtals ...	12950		
4. Til augnlækningaferða samkv. l. nr. 12 1934			2400
5. Styrkur til háls-, nef- og eyrnalæknis Ólafs Þorsteinssonar í Reykjavík			800
Styrkur Ólafs læknis Þorsteinssonar er bundinn því skilyrði, að hann segi stúdentum í læknadeild háskólans til í sinni sérfræði og veiti fátæku fólki ókeypis læknishjálp á tilteknum stað, ekki sjaldnar en 4 sinnum á mánuði, og gefi skýrslu um það.			
Flyt		. . .	249450

		kr.	kr.
	Flutt ...	. . .	249450
6. Landsspítalinn:			
A. Rekstrarkostnaður sundurliðast þannig:			
1. Laun	173500		
2. Matvæli	198000		
3. Lyf og sáraumbúðir	37000		
4. Ljós og eldsneyti	46000		
5. Þvottur og hreinlætisvara	70000		
6. Viðhald fasteigna	30000		
7. — lausra muna (þar með fatnaðar)	24000		
8. Fatnaður og vefnaðarvara	20000		
9. Skattar og tryggingar	5000		
10. Sími og skrifstofa	8500		
11. Röntgenfilmur og röntgenáhöld	42000		
12. Til kaupa á röntgentækjum (endurveiting)	20000		
13. Ýmis gjöld	7700		
14. Fyrning	25000		
		706700	
Þar frá dregst:			
1. Daggjöld sjúklinga	374000		
2. Geislalækn. (tekjur af röntgendeild)	60000		
3. Fæðingarstofugjald o. fl.	6000		
		440000	
	Rekstrarhalli ...	266700	
B. Til ljósmæðra- og hjúkrunarkvennaskólans, þar í fæði ljósmæðranema		14000	
			280700
7. Geðveikrahælið á Kleppi:			
Rekstrarkostnaður sundurliðast þannig:			
1. Laun	120500		
2. Matvæli	216000		
3. Lyf og umbúðir	18000		
4. Ljós og hiti	75000		
5. Þvottur og hreinlætisvara	28000		
6. Viðhald fasteigna	24000		
7. Viðhald lausra muna	8000		
8. Sími og skrifstofa	7000		
9. Flutningskostnaður	5000		
10. Skattar og tryggingar	3000		
11. Fatnaður og vefnaðarvörur	24000		
12. Ýmis gjöld	8000		
13. Fyrning	10000		
		546500	
Tekjur:			
Daggjöld sjúklinga:			
80000 sjúkradagar á kr. 6.80		544000	
	Rekstrarhalli ...		2500
	Flyt ...	. . .	532650

		kr.	kr.
	Flutt ...	. . .	532650
8.	Heilsuhælið á Vífilsstöðum:		
	Rekstrarkostnaður sundurliðast þannig:		
	1. Laun 84500		
	2. Matvæli 235000		
	3. Lyf og hjúkrunargögn 20000		
	4. Ljós og eldsneyti 60000		
	5. Þvottur og hreinlætisvörur 37000		
	6. Viðhald fasteigna 24000		
	7. Viðhald lausra muna 15000		
	8. Fatnaður og vefnaðarvörur 9000		
	9. Sími og skrifstofa 7000		
	10. Flutningskostnaður 5000		
	11. Röntgenfilmur og áhöld 3000		
	12. Ýmis gjöld 8000		
	13. Fyrning 10000		
		517500	
	Þar frá dragast þessar tekjur:		
	Daggjöld sjúklinga, 69000 sjúkradagar á kr. 6.80	469200	
	Rekstrarhalli ...		48300
9.	Heilsuhælið í Kristnesi:		
	Rekstrarkostnaður sundurliðast þannig:		
	1. Laun 41600		
	2. Fæði 78000		
	3. Lyf og hjúkrunargögn 8000		
	4. Ljós og hiti 20000		
	5. Þvottur og hreinlætisvara 6000		
	6. Viðhald fasteigna 15000		
	7. Viðhald lausra muna 10000		
	8. Fatnaður og vefnaðarvörur 2500		
	9. Sími og skrifstofa 2000		
	10. Skattar og tryggingar 1000		
	11. Flutningskostnaður 5000		
	12. Ýmis gjöld 4000		
	13. Fyrning 7500		
		200600	
	Þar frá dragast þessar tekjur:		
	Daggjöld sjúklinga, 25440 sjúkradagar á kr. 6.80	173000	
	Rekstrarhalli		27600
10.	Holdsveikraspítalinn í Kópavogi:		
	Rekstrarkostnaður sundurliðast þannig:		
	1. Laun 18600		
	2. Matvörur 17500		
	3. Lyf 2500		
	4. Ljós og eldsneyti 7000		
	5. Þvottur og hreinlætisvörur 1800		
	6. Viðhald fasteigna 1500		
	7. Viðhald lausra muna 1700		
	8. Fatnaður og vefnaðarvörur 2000		
	Flyt ... 52600	. . .	608550

		kr.	kr.
	Flutt ...	52600	. . . 608550
9.	Sími og skrifstofa	1000	
10.	Flutningskostnaður	800	
11.	Ýmis gjöld	2000	
12.	Fyrning	2000	
			58400
			58400
11.	Önnur gjöld:		
a.	Styrkur til að reisa læknisbústaði og sjúkraskýli ..		13500
b.	Til Akureyrarspítala, lokagreiðsla		20000
c.	Til greiðslu vaxta af skuldum vegna læknisbústaða, í Reykhólahéraði 1200 kr., í Ögurhéraði, Dalahéraði og Hesteyrarhéraði 900 kr. til hvers		3900
d.	Bólusetningarkostnaður		2000
e.	Gjöld samkv. lögum nr. 66 19. júní 1933, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma		15000
f.	Gjöld samkv. lögum nr. 65 19. júní 1933, um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands ..		2000
g.	Til kynsjúkdómalæknis		5400
h.	Kostnaður við heilbrigðieftirlit lækna með alþýðuskólum		5000
i.	Til annarra heilbrigðiráðstafana		2000
j.	Styrkur til heilsuverndarstöðva í kaupstöðum, gegn tvöföldu framlagi annars staðar að ..... Heilsuverndarstöð, sem styrks vill verða aðnjótandi, skal reka berklavarnarstarfsemi undir yfirstjórn og eftirliti berklayfirlæknis ríkisins og haga störfum sínum öllum eftir reglum, er heilbrigðistjórnin samþykkir.		30000
k.	Styrkur til Súgfirðinga til að hafa lærða hjúkrunarkonu		1000
l.	Viðbótarlaun yfirsetukonu í Grímsey, gegn jafnmikilli launabót annars staðar að		300
m.	Til Halldórs Arnórssonar umbúðasmiðs		3000
n.	Til ýmissa sjúklinga, eftir úthlutun landlæknis		7500
o.	Til áhaldakaupa handa ljóslækningastofu í Borgarnesi		400
			111000
12.	Hluti ríkissjóðs af launum ljósmæðra		65000
	Samtals ...		. . . 842950

13. gr.

Til samgöngumála er veitt:

		kr.	kr.
	A.		
	Vegamál.		
I.	Stjórn og undirbúningur vegagerða:		
	1. Laun vegamálastjóra ..... enda sé hann ráðunautur stjórnarinnar í vatnamálum.	7200	
	2. Laun aðstoðarverkfræðings	7200	
	3. Laun skrifstofustjóra	6750	
	4. Ferðakostnaður þeirra og fæðispeningar, eftir reikningi	9000	
	5. Til aðstoðarmanna og mælinga	50000	
	6. Skrifstofukostnaður	18000	
			98150
II.	Þjóðvegir.		
	a. Til nýrra akvega:		
	1. Garðskagavegur	4500	
	2. Kjósarvegur	6000	
	3. Hafnarfjallsvegur	15000	
	4. Lundarreykjadalsvegur	4000	
	5. Bæjarsveitarvegur	8000	
	6. Hálsasveitarvegur	4000	
	7. Álftaneshreppsvegur	12000	
	8. Hraunhreppsvegur	5000	
	9. Útnesvegur	5000	
	10. Hellissandsvegur	5000	
	11. Ólafsvíkurvegur	10000	
	12. Eyrarsveitarvegur	4000	
	13. Stykkishólmsvegur	8000	
	14. Skógarstrandarvegur	2000	
	15. Suðurdalavegur	15000	
	16. Salthólmavíkurvegur	4000	
	17. Klofningsvegur	5000	
	18. Laxárdalsvegur	4500	
	19. Vesturdalavegur	5000	
	20. Kollabúðaheiðarvegur	5000	
	21. Reykahólasveitarvegur frá Geiradal .	2500	
	22. Barðastrandarvegur	10000	
	23. Patreksfjarðarvegur til Bíldudals ...	10000	
	24. Tálknafjarðarvegur	2500	
	25. Rafnseyrarheiðarvegur	5000	
	26. Hjarðardalsvegur	3000	
	27. Botnsheiðarvegur	8000	
	28. Bolungavíkurvegur og Hnífsdalsvegur	9000	
	29. Langadalsvegur	10000	
	30. Súðavíkurvegur	6000	
	31. Kaldrananesvegur	8000	
	32. Strandavegur	5000	
	33. Kollafjarðarvegur	3500	
	Flyt ...	213500	. . . 98150

		kr.	kr.
	Flutt ...	213500	. . . 98150
34.	Bitruvegur	5000	
35.	Borðeyrarvegur	3000	
36.	Vestur-Húnavatnssýsluvegur	8000	
37.	Vesturhópsvegur	5000	
38.	Húnvetningabraut	4000	
39.	Vatnsdalsvegur	2000	
40.	Skagastrandarvegur	12000	
41.	Þverárfjallsvegur	4000	
42.	Vatnsskarðsvegur	25000	
43.	Gönguskarðsvegur	4000	
44.	Blönduhlíðarvegur	6000	
45.	Út-Blönduhlíðarvegur	7000	
46.	Hofsósvegur	15000	
47.	Hólavegur	4000	
48.	Fljótavegur	8000	
49.	Siglufjarðarskarð, 2. greiðsla af 6 ..	25000	
50.	Stífluvegur	5000	
51.	Ólafsfjarðarvegur	9000	
52.	Svarfaðardalsvegur	3500	
53.	Öxnadals- og Öxnadalsheiðarvegur .	30000	
54.	Hörgárdalsvegur	2500	
55.	Svalbarðsstrandarvegur	8000	
56.	Hvammsheiðarvegur	2500	
57.	Ljósavatnsskarðsvegur	5000	
58.	Kinnarbraut	10000	
59.	Bárðardalsvegur	4000	
60.	Tjörnesvegur	3000	
61.	Kelduhverfisvegur	6000	
62.	Kópaskersvegur	6000	
63.	Öxarfjarðarheiðarvegur	12000	
64.	Raufarhafnarvegur	12000	
65.	Langanesvegur	3000	
66.	Brekknaheiðarvegur	10000	
67.	Vopnafjarðarvegur	6000	
68.	Jökulsárhlíðarvegur	2000	
69.	Hróarstunguvegur	4000	
70.	Bakkafjarðarvegur	3000	
71.	Upphéraðsvegur	3000	
72.	Úthéraðsvegur	8500	
73.	Borgarfjarðarvegur	2000	
74.	Fáskrúðsfjarðarvegur	10000	
75.	Breiðdalsvegur	4500	
76.	Berunesvegur	3500	
77.	Geithellnahreppsvegur	4000	
78.	Fjarðarheiðarvegur	15000	
79.	Eskifjarðarvegur	5000	
80.	Lónsvegur og Almannaskarð	4000	
	Flyt ...	556500	. . . 98150

		kr.	kr.
Flutt ...	556500	. . .	98150
81. Inn-Nesjavegur austan Hornafjarðarfljóta	2500		
82. Melatangavegur	3500		
83. Innbyggðarvegur	1500		
84. Suðursveitarvegur	2000		
85. Öræfavegur	3000		
86. Skaftártunguvegur	10000		
87. Síðuvegur	8000		
88. Mýrdalsvegur	12000		
89. Eyjafjallavegur	8000		
90. Hvolhreppsvegur	8000		
91. Rangárvallavegur	5000		
92. Miðeyjarvegur	12000		
93. Landvegur	9000		
94. Hrunamannahreppsvegur	12000		
95. Gnúpverjahreppsvegur	12000		
96. Skálholtsvegur	2500		
		667500	
b. Viðhald og endurbætur		1000000	
c. Til þjóðvega af benzínskatti:			
1. Til Hafnarfjallsvegar	20000		
2. — Stykkishólmsvegar	10000		
3. — Vesturlandsvegar	9000		
4. — Húnvetningabrautar	7000		
5. — Fljótavegar	6500		
6. — Svalbarðsstrandarvegar	8000		
7. — Suðurlandsbrautar	65000		
8. — Sogsvegar	25000		
9. — vega í Vestmannaeyjum	3000		
10. — Vatnsskarðsvegar	65000		
11. — Austurlandsvegar	20000		
12. — vega út frá Akureyri	13500		
13. — Ljósavatnsskarðsvegar	14000		
14. — Steingrímsfjarðarheiðarvegar	12000		
15. — Kollabúðaheiðarvegar	10000		
16. — Siglufjarðarskarðs	15000		
17. — Öxnadalsvegar	60000		
18. — öryggisaðgerða á vegum	5000		
		368000	
			2035500
III. Til brúargerða			100000
IV. Fjallvegir			35000
V. 1. Til áhalda		45000	
2. Til bókasafns verkamanna		750	
			45750
VI. Til sýsluvega:			
1. Tillög til akfærra sýsluvega, allt að ..... gegn að minnsta kosti jafnmiklu tillagi annars		20000	
Flyt ...		20000	2314400

	kr.	kr.
Flutt ...	20000	2314400
staðar að og öðrum þeim skilyrðum, sem atvinnumálaráðherra setur.		
2. Til akfærra sýsluvega af bifreiðaskatti	30000	
3. Til sýsluvegasjóða eftir lögum nr. 10 1923	85000	
		135000
VII. Til malbikunar á vegum í kaupstöðum og verzlunarstöðum af bifreiðaskatti		30000
VIII. Til ferjuhalds, eftir úthlutun vegamálastjóra		3300
IX. Styrkur til þess að halda uppi vetrarflutningum:		
a. Hellisheiði	10000	
b. Holtavörðuheiði	1000	
		11000
X. Styrkur til þess að halda uppi byggð og gistingu handa ferðamönnum		5800
Atvinnumálaráðuneytið veitir styrkinn ábúendum á afskekktum bæjum í þjóðbraut.		
XI. Til fyrrverandi vegaverkstjóra, eftir tillögum vegamálastjóra		1800
Þar af 300 kr. til Daníels Hjálmssonar.		
XII. Iðgjöld til slysatryggingarinnar		20000
XIII. Fyrning áhaldahússins (sjá 20. gr.)		552
Samtals A. ...	. . .	2521852
B.		
Samgöngur á sjó.		
1. Til strandferða:		
a. Ríkissjóðs	255000	
(Þar af fyrning kr. 105000, sjá 20. gr.).		
b. Eimskipafélags Íslands	82000	
enda haldi félagið uppi siglingum í sama horfi sem áður og með eigi minna skipastól, ef efnahagur þess leyfir.		
c. Til vöruflutninga í Skaftafellssýslu	10000	
		347000
2. Til bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum		136300
Skipaútgerð ríkisins hefur yfirumsjón með ferðum flóabáta, sem fara eftir fastri áætlun. Skilyrði fyrir greiðslu styrksins er, að fyrir liggi efnahags- og rekstrarreikningur 1941 frá útgerð þessara báta, ef styrkupphæð til þeirra það ár hefur numið yfir 1000 kr. Ferðaáætlun 1942 og flutningsgjaldskrá sé samþykkt af póst- og símamálastjórninni og skipaútgerð ríkisins og reikningar ársins sendir henni, enda athugi hún, hversu ríkt sé þörf á ferðum hvers þess báts, er styrks nýtur úr ríkissjóði. Skip og bátar, sem njóta styrks úr ríkissjóði, eru skyldir til að flytja póst endurgjaldslaust, sé þess krafizt.		
Flyt ...	. . .	483300

	kr.	kr.
Flutt ...	. . .	483300
3. Byggingarstyrkur til Djúpbátsins í Norður-Ísafjarðarsýslu, fyrri greiðsla af framlagi ríkissjóðs, 150 þús. kr., þó ekki yfir ⅗ byggingarkostnaðar		75000
Stjórn fyrirtækisins skal kosin að meiri hluta af sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu og bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar, enda leggi báðir þessir aðilar fram fé til byggingar bátsins.		
Samtals B. ...	. . .	558300
C.		
Vitamál og hafnargerðir.		
I. Stjórn og undirbúningur vita- og hafnarmála:		
1. Laun vitamálastjóra	7200	
Þar af 1200 kr. persónuleg launaviðbót.		
Hann sé umsjónarmaður vitamála og hafnargerða og ókeypis ráðunautur landsstjórnar, héraðsstjórna og bæja í öllu því, er varðar vitamál og hafna.		
2. Laun aðstoðarverkfræðings	7200	
3. Húsaleiga, ljós og hiti	8000	
4. Til skrifstofuhalds, eftir reikningi	15000	
5. Ferðakostnaður og fæðispeningar, eftir reikningi	5000	
6. Til aðstoðarmanna og mælinga	18000	
		60400
II. Laun vitavarða, þar af uppbót á laun vitavarðar á Gróttu 300 kr.		34000
III. Rekstrarkostnaður vitanna		210000
IV. Viðhald og endurbætur		30000
V. Sjómerki, þar með talið viðhald sæluhúsa		12000
VI. Til áhaldakaupa		15000
VII. Ýmislegt		25000
VIII. Til hafnargerða:		
1. Á Húsavík	18000	
2. — Skagaströnd, lokagreiðsla	50000	
3. — Sauðárkróki, 8. greiðsla af 12, þó ekki alls yfir ⅔ kostnaðar	25000	
4. — Raufarhöfn, til dýpkunar, 2. greiðsla af 9	10000	
5. — Dalvík	18000	
6. Í Stykkishólmi	20000	
7. Á Akranesi	25000	
8. Í Hafnarfirði	50000	
9. — Vestmannaeyjum	30000	
10. Á Siglufirði	30000	
11. Í Hornafirði	10000	
		286000
IX. Til bryggjugerða og lendingarbóta, gegn ⅔ annars staðar að:		
1. Til Hofsóss, 7. greiðsla af 8, allt að	8000	
Flyt ...	8000	672400

	kr.	kr.
Flutt ...	8000	672400
2. Til Blönduóss, lokagreiðsla	10000	
3. Til Stokkseyrar	15000	
4. Til Kópaskers	2500	
5. Til Ólafsfjarðar	10000	
6. Til Ólafsvíkur	10000	
Ríkissjóðstillagið er bundið því skilyrði, að framlag sé tryggt á móti, ráðherra samþykki áætlun verksins og vitamálastjóri hafi eftirlit með framkvæmd þess.		
		55500
X. Til bryggjugerða og lendingarbóta, gegn jafnmiklu framlagi annars staðar að:		
1. Til bryggjugerðar í Grunnavík	2500	
2. Til bryggjugerðar í Skarðsstöð	3500	
3. Til bryggjugerðar í Ögri	2000	
4. Til bryggjugerðar á Reykjanesi	3500	
5. Til bryggjugerðar á Bæjum á Snæfjallaströnd	1500	
6. Til bryggjugerðar í Vatnsfirði	5000	
7. Til bryggjugerðar í Þórkötlustaðahverfi í Grindav.	5000	
8. Til lendingarbóta í Kaldrananeshreppi	5000	
9. Til lendingarbóta á Sandi	5000	
10. Til lendingarbóta í Súðavík	5000	
		38000
XI. Til hafnargerðar í Þorlákshöfn, gegn jafnmiklu framlagi annars staðar að		25000
XII. Til hafnargerðar við sunnanverðan Faxaflóa		250000
XIII. Til hafnargerðar við Lónsfjörð		10000
Fjárveiting þessi er bundin því skilyrði, að vitamálastjóri áliti, að undangenginni rannsókn, að verkið komi að tilætluðum notum.		
XIV. Til brimbrjótsins í Bolungavík		3000
XV. Til sjómælinga		10000
XVI. Fyrning (sjá 20. gr.)		80000
Samtals C. ...	. . .	1143900
D.		
1. Til flugmála		35000
2. Til flugskýlis á Melatanga í Hornafirði, þó ekki yfir ⅔ kostnaðar, enda sé skýlið byggt eftir fyrirsögn flugmálaráðunauts		3000
Samtals D. ...	. . .	38000

14. gr.

Til kirkju- og kennslumála er veitt:

	kr.	kr.
A. Kirkjumál.		
a. Biskupsdæmið:		
54.	Kristjana Benediktsdóttir	400,00		
55.	Kristmann Tómasson, fv. yfirfiskimatsmaður	400,00		
56.	Kristólína Kragh	300,00		
57.	Lára Bjarnadóttir	400,00		
58.	Magnús Magnússon, fv. fiskimatsm. ..	400,00		
	Flyt ...	28350,00	157608,00	101334,42

		kr.	kr.
	Flutt ...	28350,00	157608,00	101334,42
59.	Margrét Jónsdóttir vitavarðarekkja ..	300,00		
60.	Margrét Vigfúsdóttir vitavarðarekkja .	300,00		
61.	Marta Þórarinsdóttir símamannsekkja	500,00		
62.	Matthías Ólafsson, fyrrv. alþm.	600,00		
63.	Níelsína Ólafsdóttir, ekkja Daníels Daníelssonar	600,00		
64.	Ólafur Guðmundsson, fyrrv. ferjum. ..	600,00		
65.	Ólafur Ísleifsson, Þjórsártúni	1000,00		
66.	Ólafur Jóelsson, fyrrv. fiskimatsmaður	400,00		
67.	Ólöf Steingrímsdóttir, ekkja Páls Erlingssonar	500,00		
68.	Petrea Jónsdóttir	300,00		
69.	Ragnheiður Erlendsdóttir	300,00		
70.	Rósa Jónsdóttir vitavarðarekkja	200,00		
71.	Runólfur Magnússon, fv. fiskimatsm. .	300,00		
72.	Sigmundur Finnsson fv. fiskimatsm. ..	300,00		
73.	Sigríður Gísladóttir 300 kr., og 100 kr. með hverju barni hennar til 16 ára aldurs	900,00		
74.	Sigríður Magnúsdóttir hjúkrunarkona	500,00		
75.	Sigríður Sveinsdóttir, ekkja Jakobs Björnssonar síldarmatsmanns	300,00		
76.	Sigurður Jóakimsson, fv. fiskimatsm.	300,00		
77.	Sigurður Jónasson, fyrrv. fiskimatsm.	300,00		
78.	Sigurður Jónsson, fyrrv. fiskimatsm. ..	400,00		
79.	Sigurður Jónsson fyrrv. fiskimatsmaður, Hafnarfirði	400,00		
80.	Sigurður Pétursson, fyrrv. fangav. ..	1000,00		
81.	Sigurjón Björnsson, fv. fiskimatsm. ..	400,00		
82.	Soffía Ásgeirsdóttir hjúkrunarkona ..	500,00		
83.	Stefanía Friðriksdóttir, ekkja Grímúlfs Ólafssonar	600,00		
84.	Tómas Gunnarsson, fv. fiskimatsm. ..	300,00		
85.	Valgerður Steinsson, fv. spítalaráðsk.	500,00		
86.	Vigfús Sigurðsson, fyrrv. vitavörður	300,00		
87.	Þorsteinn Gíslason fiskimatsmaður ..	300,00		
88.	Þorvaldur Þorvaldsson fyrrv. fiskimatsmaður	300,00		
89.	Þuríður Einarsdóttir ljósmóðir	200,00		
			42050,00	
	Á styrkveitingar í II. a.—k. greiðist dýrtíðaruppbót eftir sömu reglum sem á laun embættismanna.			
l.	Lífeyrir hjónanna á Staðarfelli		3000,00	
m.	Dr. Páll E. Ólason, enda semji hann ókeypis æfisögur Íslendinga fyrir bókmenntafélagið		7200,00	
				192208,00
III.	Dýrtíðaruppbót			67959,58
	Samtals ...		. . .	361502,00

19. gr.

Til óvissra útgjalda er veitt:

	kr.	kr.
1. Verðlagsuppbót samkvæmt gildandi lögum 1941	1800000	
2. Til annarra útgjalda	100000	
		1900000
Samtals ...	. . .	1900000

III. KAFLI
Eignahreyfingar.

20. gr.

	kr.	kr.
Inn:		
I. Fyrningar:		
1. Samkvæmt 3. gr. A.	149000	
2. — 3. — B.	3649	
3. — 9. —	2170	
4. — 10. —	2046	
5. — 11. —	7070	
6. — 12. —	54500	
7. — 13. —	185552	
8. — 14. —	16166	
9. — 15. —	4350	
		424503
II. Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum og veðdeildarbréfum		50000
III. Endurgreiddar fyrirframgreiðslur		10000
IV. Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna		70000
Samtals ...	. . .	554503
Út:		
I. Afborganir lána ríkissjóðs og ríkisstofnana:		
1. Ríkissjóðslán:		
a. Innlend lán 396813		
b. Lán í dönskum krónum 301574		
Flyt ... 698387	. . .	

		kr.	kr.
	Flutt	698387	. . .
c. Lán í sterlingspundum		485979	
d. Lán í dollurum		230684	
			1415050
2. Lán ríkisstofnana:			
a. Landssíminn (sjá 3. gr. A. 1.)		150000	
b. Ríkisútvarpið (sjá 3. gr. A. 4.)		89500	
			239500
II. Til eignaaukningar ríkisstofnana:			1654550
Landssíminn (ný símakerfi o. fl.)			220000
III. Til að gera nýja vita			100000
IV. Til lögboðinna fyrirframgreiðslna			10000
	Samtals ...		. . . 1984550

21. gr.
I. Rekstrar-

		kr.	kr.
	Tekjur:		
2. gr.	Skattar og tollar		18905000
3. gr. A.	Tekjur af rekstri ríkisstofnana	3088750	
— B.	Tekjur af fasteignum ríkissjóðs	8925	
			3097675
4. gr.	Tekjur af bönkum og vaxtatekjur		511736
5. gr.	Óvissar tekjur		50000
	Rekstrarhalli		313737
	Samtals ...	. . .	22878148

II. Sjóð

		kr.
	Inn:	
2.—5. gr.	Rekstrartekjur samkvæmt rekstraryfirliti	22564411
	Aðrar innborganir og fyrningar[1]):	
20. gr. I.	Fyrningar	424503
— II.	Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum	50000
— III.	Endurgreiddar fyrirframgreiðslur	10000
— IV.	Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna	70000
	Greiðslujöfnuður	1743784
	Samtals ...	24862698

1) Fyrningar eru færðar hér til jafnaðar sömu fjárhæð, sem talin er í rekstrarútgjöldum.

Yfirlit.
yfirlit.

		kr.	kr.
	Gjöld:		
7. gr.	Vextir		1613443
8. gr.	Kostnaður við æðstu stjórn landsins		75000
9. gr.	Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkisreikninga		357420
10. gr.	Til ríkisstjórnarinnar		865530
11. gr. A.	Til dómgæzlu og lögreglustjórnar	1865400	
— B.	Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur	433000	
			2298400
12. gr.	Til læknaskipunar og heilbrigðimála		842950
13. gr. A.	Vegamál	2521852	
— B.	Samgöngur á sjó	558300	
— C.	Vitamál og hafnargerðir	1143900	
— D.	Flugmál	38000	
			4262052
14. gr. A.	Kirkjumál	439100	
— B.	Kennslumál	2268391	
			2707491
15. gr.	Til vísinda, bókmennta og lista		347110
16. gr.	Til verklegra fyrirtækja		4157500
17. gr.	Til almennrar styrktarstarfsemi		3089750
18. gr.	Til eftirlauna og styrktarfjár		361502
19. gr.	Óviss útgjöld		1900000
	Samtals ...	...	22878148

yfirlit.

		kr.
	Út:	
7.—19. gr.	Rekstrarútgjöld samkvæmt rekstraryfirliti	22878148
	Aðrar útborganir:	
20. gr. I.	Afborganir lána	1654550
— II.	Til eignaaukningar ríkisstofnana	220000
— III.	Til að gera nýja vita	100000
— IV.	Lögboðnar fyrirframgreiðslur	10000
	Samtals ...	24862698

22. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt:

I. Að verja fé úr ríkissjóði til launagreiðslu tveggja dómara í hæstarétti, ef dómurum verður fjölgað á árinu 1942, samkvæmt lögum um hæstarétt, nr. 112 14. maí 1935.

II. Að greiða Ingibjörgu H. Bjarnason 2000 kr. eftirlaun, þegar hún lætur af starfi.

III. Að greiða Páli Sveinssyni, fyrrverandi yfirkennara, full laun, enda vinni hann að því að fullgera hina frakknesk-íslenzku orðabók sína.

IV. Að greiða Jakobi Smára ¾ adjunktslauna fyrir skólaárið 1941—1942, ef hann lætur af embætti og fær eigi lífvænlegt starf við sitt hæfi fyrir þann tíma.

V. Að greiða Ólafi Magnússyni, fyrrverandi prófasti í Arnarbæli, 1400 kr. vegna vangoldinna þjónustulauna við Strandarkirkju í Selvogsþingum.

VI. Að greiða Sigvalda S. Kaldalóns, héraðslækni í Keflavíkurhéraði, er hann lætur af embætti, þær uppbætur á eftirlaun hans og lífeyri, að hann haldi óbreyttum launakjörum.

VII. Að láta þeim ráðherra, sem fer með utanríkismál, sé hann ekki jafnframt forsætisráðherra, í té leigulausa íbúð, eða að öðrum kosti greiða honum úr ríkissjóði allt að 3000 kr. til húsaleigu.

VIII. Að greiða á árinu 1942 dýrtíðaruppbót á laun embættismanna, eftir sömu reglum sem á árinu 1941.

IX. Að láta Blindravinafélag Íslands fá að láni allt að 10 útvarpstæki til afnota fyrir blinda menn, og sé kostnaður, er af þessu leiðir, færður á fjárhagsáætlun viðtækjaverzlunar ríkisins. Enn fremur að lána allt að þremur tækjum til sjúklinga, sem liggja rúmfastir árum saman í heimahúsum.

X. Að endurgreiða skemmtanaskatt af fé því, sem aflað er með samkomum og rennur til eflingar slysavörnum hér við land.

XI. Að ábyrgjast fyrir Tunnuverksmiðju Siglufjarðar allt að 150 þús. kr. rekstrarlán, enda sé lánið greitt fyrir áramót.

XII. Að ábyrgjast fyrir Akureyrarkaupstað allt að 200 þús. kr. lán til rekstrar tunnuverksmiðju þar, enda greiðist lánið fyrir áramót.

XIII. Að ábyrgjast fyrir Suðureyrarhrepp 36 þús. kr. lán til Botnsheiðarvegar.

XIV. Að ábyrgjast fyrir Siglufjarðarkaupstað 100 þús. kr. lán til vegagerðar á Siglufjarðarskarði.

XV. Að krefjast þeirra trygginga, sem stjórnin metur gildar, fyrir hverri ábyrgð, sem hún gengur í fyrir hönd ríkissjóðs, enda séu allar slíkar lántökur framkvæmdar af ráðuneytinu, eða Landsbanka Íslands eða Útvegsbanka Íslands í samráði við ráðuneytið. Þó getur ráðuneytið falið einstökum mönnum útvegun lánanna.

XVI. Að greiða Kvenfélagi Grindavíkur 1000 kr. fyrir afnot húseignar félagsins fyrir skólahald o. fl.

XVII. Að kaupa læknisbústaðinn á Kleppjárnsreykjum, ásamt jörðinni, ef aðgengilegir samningar takast um verð og skilmála. Undanskilið kaupunum er þó hæfilegt land undir nýjan læknisbústað ásamt hitanotum til þess bústaðar, og enn fremur til gróðurhúss, er læknir kynni að vilja reisa.

XVIII. Að kaupa hálfa jörðina Stóra-Hraun hjá Eyrarbakka til afnota fyrir vinnuhæli á Litla-Hrauni.

XIX. Að kaupa húseignina nr. 11 við Fríkirkjuveg í Reykjavík, ef viðunandi samningar takast um verð og greiðslumáta.

XX. Að bæta menntamálaráði og stjórn Þjóðvinafélagsins upp með fjárframlagi þá verðhækkun, sem orðið hefur á árunum 1940—1941 og verða kann

á árinu 1942 á bókaútgáfu þessara aðila, miðað við hliðstæðan kostnað 1939, enda haldist verð á bókum til áskrifenda óbreytt frá því, sem var í fyrstu.

XXI. Að lækka útgjöld ríkissjóðs, sem ekki eru bundin í öðrum lögum en fjárlögum, eftir jöfnum hlutföllum, um allt að 35%, ef ríkisstjórnin telur sýnilegt, að áhrif styrjaldarinnar verði þess valdandi, að tekjur ríkissjóðs *lækki verulega.*

23. gr.

Stjórn Landsbankans veitist heimild til að greiða Steinunni Kristjánsdóttur, ekkju Alberts Þórðarsonar bankabókara, 500 kr. 1942, svo og uppbót á þá fjárhæð, eftir sömu reglum sem bankinn veitir hana á laun starfsmanna sinna.

Stjórninni er heimilt að greiða Þóru Beck, ekkju Þórólfs Becks skipstjóra, eftirlaun eftir svipuðum reglum sem Eimskipafélag Íslands greiðir ekkjum skipstjóra sinna, og færist fjárhæðin á rekstrarreikning skipaútgerðar ríkisins.

Stjórn Búnaðarbankans veitist heimild til þess að greiða frú Önnu Klemensdóttur, ekkju Tryggva Þórhallssonar bankastjóra, 25% af launum manns hennar sem aðalbankastjóra Búnaðarbankans, og dýrtíðaruppbót að auk.

Stjórn sama banka veitist heimild til þess að greiða frú Aðalbjörgu Albertsdóttur, ekkju Þorsteins Sigurgeirssonar bankagjaldkera, 1000 kr., og til tveggja barna hennar innan 16 ára aldurs, 300 kr. til hvors.

Stjórn sama banka veitist heimild til að greiða Ólafíu Bjarnadóttur, ekkju Þórðar Sveinssonar bókara, 1800 kr.

Stjórninni er heimilt að greiða Sigurði Hjálmarssyni stýrimanni 600 kr., og færist fjárhæðin á rekstrarreikning skipaútgerðar ríkisins.

Stjórn Fiskifélags Íslands veitist heimild til að greiða Kristjáni Bergssyni fyrrverandi forseta félagsins 3000 kr. eftirlaun árið 1942.

24. gr.

Ef lög verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1941 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Nd. 418. Nefndarálit

um frv. til l. um framlenging á gildi laga nr. 66 11. júní 1938, um vörugjald fyrir Vestmannaeyjakaupstað.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Á undanförnum árum hefur Vestmannaeyjakaupstaður haft heimild til að afla fjár í bæjarsjóðinn með sérstöku vörugjaldi, og er lagt til í þessu frv., að sú heimild verði framlengd til ársloka 1944.

Fjárhagsnefnd hefur athugað frv., en nefndarmenn eru ósammála um afgreiðslu þess. Undirritaðir telja, að þótt Vestmannaeyjakaupstað hafi verið veitt sérstök heimild til að afla tekna með þessum hætti að undanförnu, séu ástæður nú svo breyttar, að kaupstaðurinn geti komizt af án þessa tekjustofns, eigi síður en önnur bæjar- og sveitarfélög. Tekjur manna í Vestmannaeyjum eru nú miklu hærri en á undanförnum árum, og því auðvelt fyrir bæjarstjórnina að ná tekjum í bæjarsjóð á venjulegan hátt,

með álagningu útsvara, enda munu niðurjöfnuð útsvör í kaupstaðnum nú miklu hærri en áður.

Meiri hluti nefndarinnar getur því ekki fallizt á, að kaupstaðurinn hafi, eins og nú er ástatt, þörf fyrir þessa sérstöku heimild til tekjuöflunar, og leggur til, að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 8. maí 1941.

Sveinbjörn Högnason, form.	Skúli Guðmundsson, frsm.	Haraldur Guðmundsson.

Nd. 419. Nefndarálit

um frv. til l. um innheimtu tekjuskatts og eignarskatts af vaxtafé verðbréfa og skuldabréfa.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefur haft frumvarpið til athugunar, en samkomulag hefur ekki náðst um afgreiðslu þess. Tveir nefndarmenn, JPálm og StSt eru því mótfallnir og munu skila sérstöku nefndaráliti. Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 8. maí 1941.

Sveinbjörn Högnason, form.	Skúli Guðmundsson, frsm.	Haraldur Guðmundsson.

Nd. 420. Nefndarálit

um frv. til l. um sparisjóði.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, borið það saman við gildandi lög um sparisjóði, og leggur hún til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Í stað orðsins „bankaeftirlitsmaður“ kemur alls staðar í frumvarpinu (í viðeigandi föllum) nema í 18. og 23. gr.: sparisjóðseftirlitið.
2. Við 10. gr. Greinin falli niður, og greinatalan breytist samkvæmt því.
3. Við 16. gr. Fyrsta málsgrein orðist svo:
   Aldrei má sparisjóður lána einum viðskiptamanni eða fleiri viðskiptamönnum, sem eru fjárhagslega tengdir, meira en sem svarar 50% af eigin fé og ábyrgðarfé sínu.
4. Við 18. gr. Þriðja málsgr. orðist svo:
   Ráðherra skipar einn mann í stjórn tryggingarsjóðs, og skal hann vera formaður stjórnarinnar. Auk þess eiga sæti í henni skrifstofustjórinn í ráðuneyti því, er fer með bankamál, og hagstofustjóri.
5. Við 23. gr. Í stað orðanna „að fengnu samþykki bankaeftirlitsmanns“ í síðustu málsgrein komi: að fengnu samþykki ráðuneytisins.
6. Við 28. gr. Á eftir ~~or~~ðinu „tekjuskatti“ komi: eignarskatti.
7. Við 32. gr. Í stað „lög nr. 13 26. apríl 1935“ komi: lög nr. 83 26. apríl 1935.
8. Síðari málsgr. ákvæðis til bráðabirgða orðist þannig:

Ráðherra sá, er fer með bankamál, og þeir aðstoðarmenn, er hann kveður til þess, fara með þau störf, sem sparisjóðseftirlitinu eru ætluð í lögum þessum, þar til lög verða sett um sérstakt eftirlit með sparisjóðum.

Alþingi, 8. maí 1941.

Sveinbjörn Högnason, form. Jón Pálmason, fundaskr. Stefán Stefánsson, frsm.
Skúli Guðmundsson. Haraldur Guðmundsson.

Ed. 421. Lög

um breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 12 31. maí 1927.

(Afgreidd frá Ed. 8. maí).

Samhljóða þskj. 369.

Nd. 422. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 76 11. júní 1938, um byggingar- og landnámssjóð.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Í stað „200 þúsund krónur“ í 2. tölulið 3. gr. laganna komi: 250 þúsund krónur.

2. gr.

11. gr. laganna orðist þannig:

Ríkissjóður leggur árlega fram 250 þúsund krónur til þess að styrkja endurbyggingu íbúðarhúsa í sveitum. Verði um eitt eða fleiri ár ekki reist það mörg íbúðarhús, að allt framlagið þurfi til byggingarstyrkja, skal sá hluti þess, sem afgangs verður á hverju ári, leggjast í sjóð og ávaxtast, þar til styrkþörfin verður meiri en svo, að hið árlega framlag geti fullnægt henni. Styrkurinn sé óafturkræft framlag.

3. gr.

a. Á eftir orðunum „500—1500 krónur“ í næstsíðustu mgr. 12. gr. laganna bætist: að viðbættum þeim hundraðshluta, er byggingarkostnaður íveruhúsa hefur, þegar húsið er reist, hækkað frá árinu 1939, samkvæmt vísitölu hagstofunnar.
b. Í stað „6000 krónur“ í sömu lagagr. komi: 9000 krónur.

4. gr.

22. gr. laganna fellur niður, og breytist greinatalan samkvæmt því.

5. gr.

23. gr. laganna, sem verður 22. gr., orðist þannig:

Nýbýlastjórn skal skipuð þremur mönnum, formanni, er landbúnaðarráðherra skipar til fjögurra ára í senn, og tveimur meðstjórnendum, er landbúnaðarnefndir Alþingis kjósa hlutfallskosningu til jafnlangs tíma. Skulu tveir varamenn kosnir á sama hátt. Formaður er framkvæmdarstjóri nýbýlastjórnar og annast dagleg störf hennar.

Nýbýlastjórnin ákveður styrk til nýbýla og hefur aðrar framkvæmdir í nýbýlamálum.

Landbúnaðarráðherra ákveður laun nýbýlastjórnar, og takast þau ásamt kostnaði við skrifstofuhald af fé því, sem árlega er veitt til nýbýla.

6. gr.

Í stað „nýbýlastjóra í störfum hans“ í 24. gr. laganna komi: nýbýlastjórn í störfum hennar.

7. gr.

a. Í stað orðanna „nýbýlanefnd og undir eftirliti nýbýlastjóra“ í a-lið 26. gr. laganna komi: nýbýlastjórn og undir eftirliti hennar.
b. Í stað „nýbýlastjóri“ á tveim stöðum í b-lið sömu lagagr. komi: formaður nýbýlastjórnar.
c. Í stað „nýbýlastjóri“ í c-lið 2. í sömu lagagr. komi: formaður nýbýlastjórnar.
d. Í stað „Nýbýlastjóri og nýbýlanefnd ákveða“ í c-lið 4. sömu lagagr. komi: Nýbýlastjórn ákveður.
e. Í stað „Nýbýlanefnd og nýbýlastjóri ákveða“ í c-lið 5. sömu lagagr. komi: Nýbýlastjórn ákveður.

8. gr.

Í stað „nýbýlanefndar“ í niðurlagi fyrri málsgr. 28. gr. laganna komi: nýbýlastjórnar.

9. gr.

a. Í stað „nýbýlanefndar“ í 2. tölul. 30. gr. laganna komi: nýbýlastjórnar.
b. Í stað „nýbýlanefndar“ í 3. tölul. sömu lagagr. komi: nýbýlastjórnar.

10. gr.

Í stað „nýbýlastjóra“ í 1. tölul. 31. gr. laganna komi: nýbýlastjórn — og í stað „nýbýlanefnd“ komi: hún.

11. gr.

Í stað „nýbýlanefndar“ í 33. gr. laganna komi: nýbýlastjórnar.

12. gr.

a. Í stað „3500“ í 34. gr. laganna komi: 4500.
b. Í stað „nýbýlanefndar“ í sömu lagagr. komi: nýbýlastjórnar.

13. gr.

Í stað „3500“ á tveim stöðum í 36. gr. laganna komi: 4500.

14. gr.

37. gr. laganna orðist svo:

Í fjárlögum fyrir hvert ár skal ákveðið, hve miklu fé skal verja til nýbýla. Nýbýlastjórn ákveður, hverjir umsækjenda skuli fá styrk og hversu háan hver. Á sama hátt gerir hún tillögur til stjórnar Búnaðarbankans um, hverjir skuli fá lán úr nýbýlasjóði og hversu háa upphæð hver. Verði ágreiningur millum stjórna þessara um lánveitingar úr nýbýlasjóði, skal honum skotið til landbúnaðarráðherra, og ræður þá hans atkvæði í málinu.

15. gr.

Í stað „nýbýlastjóra“ í síðustu málsgr. 38. gr. laganna komi: nýbýlastjórnar.

16. gr.

Í stað „nýbýlastjóri“ á 3 stöðum í 39. gr. laganna komi: nýbýlastjórn.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og þegar þau hafa verið staðfest, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 76 frá 1938, og gefa þau út svo breytt.

Nd. 423. Nefndarálit

um frv. til l. um þjóðfána Íslendinga.

Frá allsherjarnefnd.

Frv. þetta er stjórnarfrumvarp. Í 1.—3. gr. frv. eru tekin upp gildandi fyrirmæli um gerð íslenzks þjóðfána, en þau þá jafnframt niður felld samkv. 15. gr. Í 4.—14. gr. eru ákvæði um meðferð þjóðfánans, svo og ákvæði um viðurlög. Er frv. lagt fram vegna ályktunar efri deildar Alþingis 1940 um „rétta notkun þjóðfánans".

Nefndin fellst á, að rétt sé að sameina í einn lagabálk ákvæðin um gerð þjóðfánans og notkun hans.

Gerð þjóðfánans íslenzka var, svo sem mörgum mun vera kunnugt, ákveðin samkvæmt tillögum 5 manna milliþinganefndar, er skipuð var 30. des. 1913 til að „koma fram með tillögur til stjórnarinnar um lögun og lit fánans". Í nefnd þessari voru Guðmundur Björnsson landlæknir (formaður), Jón Aðils sagnfræðingur, Matthías Þórðarson fornminjavörður, Ólafur Björnsson ritstjóri og Þórarinn Þorláksson listmálari.

En hugmyndin um þrílitan (hvítan, rauðan, bláan) þjóðfána til handa Íslendingum er raunar miklu eldri, eða um 55 ára gömul að minnsta kosti. Árið 1885 flutti stjórnskipunarnefnd neðri deildar Alþingis frumvarp um þjóðfána fyrir Ísland, en formaður þeirrar nefndar var Jón Sigurðsson á Gautlöndum, og hafði hann orð fyrir frumvarpinu. Var þetta í fyrsta sinn, að frumvarp um íslenzkan þjóðfána var lagt fyrir Alþingi, og er það því upphaf fánamálsins á þeim vettvangi. Samkvæmt þessu frv. skyldi fáninn vera, eins og nú, blár með rauðum og hvítum krossi („með rauðum krossi hvítjöðruðum"), en mynd af fálka í þrem hornum og danska fánanum sem sambandsmerki í einu. Hafði Benedikt Gröndal málað fánann eftir uppástungu nefndarinnar, og voru þær myndir lagðar fram til sýnis í lestrarsal Alþingis. Í nefndinni voru auk Jóns á Gautlöndum: Benedikt Sveinsson, Þórarinn Böðvarsson, Þorvaldur Kjerulf, Þórður Magnússon og Jón Jónsson (síðar á Stafafelli). Þessar sögulegu fánamyndir eru enn til hér á þjóðminjasafninu, og hefur nefndinni þótt hlýða að láta þær fylgja nefndarálitinu prentaðar í réttum litum ásamt fánafrv. stjórnskipunarnefndarinnar frá 1885.

Þegar þjóðfáninn var endanlega ákveðinn um 30 árum síðar, voru niður felldar fálkamyndirnar og sambandsmerkið og hlutföllum lítils háttar breytt. En uppruna þjóðfánans má þó í aðalatriðum rekja til frumvarpsins 1885, enda er greinilega að því vikið í áliti fánanefndarinnar 1914.

Á þeim greinum frv., sem fjalla um gerð þjóðfánans, telur nefndin ekki koma til mála að gera neinar efnisbreytingar. Hins vegar telur hún rétt, að ákvæðin um verndun þjóðfánans séu gerð nokkru fyllri. Að því lúta brtt. við 12. gr.


Aðrar brtt. nefndarinnar eru aðallega orðalagsbreytingar. Telur nefndin rétt, að vandað sé til orðfæris í fánalögum Íslendinga, meir en gert hefur verið í fyrirmælum þeim, er gilt hafa og tekin eru inn í frv.

Samkvæmt þessu leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Hinn almenni þjóðfáni Íslendinga er heiðblár (ultramarineblár) með mjallhvítum krossi og eldrauðum (hárauðum) krossi innan í hvíta krossinum. Armar



Íslenzkur þjóðfáni samkvæmt uppástungu Jóns Sigurðssonar frá Gautlöndum, Benedikts Sveinssonar o. fl. árið 1885. Myndirnar gerði Benedikt skáld Gröndal.

8. Við 8. gr. Greinin orðist svo:
   Nú rís ágreiningur um rétta notkun þjóðfánans, og sker þá dómsmálaráðuneytið úr.
9. Við 9. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
   Sýnishorn af réttum litum þjóðfánans skal vera til á vissum stöðum o. s. frv.
10. Við 11. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
    Lög þessi ná til allra þjóðfána, sem notaðir eru á venjulegan hátt, svo að almenningur eigi kost á að sjá þá o. s. frv.
11. Við 12. gr.
    a. Upphaf greinarinnar orðist svo:
       Enginn má óvirða þjóðfánann, hvorki í orði né verki.
       Óheimilt er að nota þjóðfánann sem einkamerki einstaklinga, félaga eða stofnana eða auðkennismerki á aðgöngumiðum, samskotamerkjum eða öðru þess háttar.
       Óheimilt er einstökum stjórnmálaflokkum að nota þjóðfánann í áróðursskyni við kosningaundirbúning eða kosningar.
       Óheimilt er að nota fánann í firmamerki, vörumerki o. s. frv.
    b. Upphaf síðustu málsgr. greinarinnar orðist svo:
       Nú setur maður þjóðfánann á söluvarning o. s. frv.

Alþingi, 8. maí 1941.

Bergur Jónsson, form.	Vilmundur Jónsson, fundaskr.	Gísli Guðmundsson, frsm.

Jóhann G. Möller. Garðar Þorsteinsson.

Fylgiskjal.

Upphaf fánamálsins á Alþingi 1885.

Nd. **161. Frumvarp**

til laga um þjóðfána fyrir Ísland. — Frá stjórnarskipunarlaganefndinni.

Flutningsm.: Jón Sigurðsson.

1. gr. Ísland skal hafa sérstakan fána.

2. gr. Verzlunarfána Íslands skal skipt í 4 ferhyrnda reiti, er séu greindir með rauðum krossi hvítjöðruðum. Skulu 3 reitirnir vera bláir og á hvern þeirra markaður hvítur fálki. Fjórði reiturinn skal vera auður með hvítum krossi eftir sömu hlutföllum sem í meginfánanum, og skal það vera sá reitur, sem næstur er stönginni að ofan, þegar fáninn er hafinn.

Breidd krossins skal vera ⅓ af breidd alls fánans. Báðir eftri reitirnir næst stönginni skulu vera rétthyrndir og jafnhliða. Lengd beggja fremri reitanna skal standa í sama hlutfalli við lengd eftri reitanna, sem 6 á móti 4.

3. gr. Öll íslenzk skip skulu hafa hinn íslenzka verzlunarfána sem þjóðernismerki. Íslenzk skip eru þau skip, sem eru íslenzk eign, og þau skip önnur, sem eru í þjónustu landsins.

4. gr. Stjórninni og umboðsmönnum hennar skal heimilt að hafa tvítyngdan fána, og skal hann hafa sömu gerð sem hinn almenni verzlunarfáni, að öðru en því, að lengd beggja fremri reitanna skal standa í sama hlutfalli við lengd eftri reitanna, sem 5 á móti 4, og skulu þá tungurnar hvor um sig vera að lengd ⅓ af lengd meginfánans. Heimilt er og að hafa fangamark konungs í þessum fána.

5. gr. Landstjórnin skal gera þær ráðstafanir, sem með þarf, lögum þessum til framkvæmdar.

6. gr. Allar eldri ákvarðanir, sem koma í bága við þessi lög, eru hér með úr lögum numdar.

Nd. 424. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyting á 88. og 95. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 frá 12. febr. 1940.

Frá allsherjarnefnd.

Við 3. gr. Greinin orðist þannig:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 425. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 1 5. jan. 1938, um síldarverksmiðjur ríkisins.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Í stað orðanna „þó ekki yfir 25% af útsvörum viðkomandi bæjar- eða sveitarfélags það ár“ í 14. gr. laganna komi: þó má gjald þetta ekki nema hærri upphæð en sem svarar samanlögðum útsvörum annarra gjaldenda í viðkomandi bæjar- eða sveitarfélagi það ár.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 426. Breytingartillögur

við frv. til l. um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Við 1. gr.
   a. Í stað „fjármálaráðherra“ á tveim stöðum kemur: ráðherra.
   b. Í stað „2“ kemur: 3.
2. Við 2. gr. Í stað „fjármálaráðherra“ kemur: ráðherra.
3. Við 10. gr. Í stað „fjármálaráðherra“ kemur: ráðherra.

Nd. 427. Breytingartillaga

við frv. til l. um girðingar til varnar útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og heimild til samþykkta um fjárskipti.

Frá Gísla Guðmundssyni.

Við 2. gr. 17. Í stað „norðan Hólsfjalla“ komi: sunnan Hólsfjalla.

Nd. 428. Nefndarálit

um frv. til laga um breyt. á l. nr. 37 frá 19. maí 1930, um skráning skipa.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með, að það verði samþykkt óbreytt. Einn nefndarmanna (GG) var fjarverandi vegna veikinda.

Alþingi, 8. maí 1941.

Bergur Jónsson, form. Vilm. Jónsson, fundaskr. Garðar Þorsteinsson, frsm.
Jóh. G. Möller.

Nd. 429. Nefndarálit

um frv. til laga um eyðingu svartbaks.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með því, að það verði samþykkt. Þó hafa nefndarmenn óbundin atkvæði um ákvæði frv. um eitrun.

Alþingi, 8. maí 1941.

Bergur Jónsson, form., frsm. Vilm. Jónsson, fundaskr. Garðar Þorsteinsson. Jóh. G. Möller.
Gísli Guðmundsson.

Nd. 430. Nefndarálit

um frv. til laga um friðun æðarfugla.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Í stað „æðarfugla“ í fyrirsögn frv. komi: æðarfugls.

Alþingi, 8. maí 1941.

Bergur Jónsson, form., frsm. Vilm. Jónsson, fundaskr. Garðar Þorsteinsson. Jóh. G. Möller.
Gísli Guðmundsson.

Ed. 431. Nefndarálit

um frv. til laga um tannlæknakennslu við læknadeild háskólans.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta og leggur til, að það verði samþ. eins og það liggur fyrir.

Alþingi, 9. maí 1941.

Sigurjón Á. Ólafsson, form.	Ingvar Pálmason, fundaskr., frsm.	Magnús Gíslason.

Ed. 432. Nefndarálit

um frv. til l. um viðauka við l. nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og fellst á þær breytingar á gildandi lögum, sem frv. gerir ráð fyrir, og vill taka skýrt fram, að lögin gildi fyrir yfirstandandi ár.
Nefndin mælir því með frv. með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 3. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda fyrir allt árið 1941.

Alþingi, 9. maí 1941.

Sigurjón Á. Ólafsson, form., frsm.	Ingvar Pálmason, fundaskr.	Magnús Gíslason.

Nd. 433. Frumvarp til laga

um söngmálastjóra þjóðkirkjunnar.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

Skipa skal söngmálastjóra fyrir hina íslenzku þjóðkirkju. Skal hann vera söngfróður maður og vanur að kenna söngflokkum. Heldur hann námskeið með kirkjuorganistum, leiðbeinir þeim um söngkennslu og söngstjórn, aðstoðar þá við stofnun safnaðarsöngflokka, heldur almenn námskeið í safnaðarsöng og vinnur á annan hátt að því, með prestum og organistum, að íslenzkur safnaðarsöngur verði sem almennastur og fegurstur.

Jafnframt leiðbeinir hann prestum, eftir því sem við verður komið, um tón og rétta beiting raddar.

Biskup setur söngmálastjóra erindisbréf. Laun hans greiðast úr ríkissjóði.

2. gr.

Dóms- og kirkjumálaráðherra skipar söngmálastjóra í samráði við biskup. Ráðherra ákveður laun söngmálastjóra og ferðakostnað hans.

3. gr.

Nánari reglur um starfssvið söngmálastjóra setur biskup í erindisbréfi og starfsáætlun fyrir hvert ár.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Menntamálanefnd flytur frv. þetta samkvæmt ósk biskups og þjóðkirkjuráðs, og fylgdu því svolátandi skýringar:

Góður söngur lyftir hug og hjarta, innan kirkju og utan. Söngurinn er því mikilvægur þáttur guðsþjónustunnar. Hið opinbera hefur enn sem komið er lítið til þess gert að efla kirkjusönginn í landinu og auka áhuga fyrir honum. Hefur honum mestmegnis verið haldið uppi af sjálfboðaliðum og áhugamönnum, sem margir hverjir hafa á því sviði unnið mikið og fórnfúst starf. Kirkjuorganistar fá margir ekki nema nokkra tugi króna á ári fyrir allmikið starf í þágu söngsins og ferðalög, og sumir ekkert. Er þess ekki að vænta, að þeir geti miklu kostað sér til undirbúnings undir það starf, sem svo er launað. Og verður þá því tilfinnanlegra, að þeir skuli ekki eiga kost neinna leiðbeininga, eftir að þeir hafa tekið við starfinu. Komið hefur í ljós, að erfiðleikar í söngmálum safnaðanna fara vaxandi með hverju ári, sem líður. Er þetta víða orðið hið mesta áhyggjuefni og sums staðar hefur það komið fyrir oftar en einu sinni, að guðsþjónustur hafa fallið niður vegna þessara erfiðleika.

Hér þarf að hefja nýtt viðreisnarstarf. Jafnframt því, sem það styður að því að fólk ræki kirkju sína, að safnaðarsöngur sé í góðu lagi, er hér um mikið menningaratriði að ræða. Hér er svo mikið verkefni, að óhugsandi er, að þessum málum verði komið í horf án þess að sérstökum manni sé falið að hafa forystu í þessu viðreisnarstarfi í söfnuðum landsins. En ef kirkjan fær söngmálastjóra, væntir biskup og kirkjuráð þess, að fá megi honum, með aðstoð prestakallasjóðs, góða aðstoðarmenn til þess að halda söngnámskeið og koma kirkjusöng í betra horf, þar sem söngmálastjóri nær eigi þegar sjálfur til.

Á safnaðarfundum og héraðsfundum hafa mál þessi oft verið rædd, og á síðustu prestastefnu var svo látandi tillaga samþykkt í einu hljóði:

„Prestastefnan felur biskupi að vinna að því, að stofnað verði með sérstökum lögum söngmálastjóraembætti fyrir íslenzku þjóðkirkjuna“.

Sþ. 434. Þingsályktun

um ráðstafanir til öryggis handrita- og skjalasöfnum ríkisins.

(Afgreidd frá Sþ. 9. maí).

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að koma hinum merkustu skjalasöfnum landsins og fornminjum á sem öruggasta geymslustaði og jafnframt hlutast til um, að þegar sé hafinn undirbúningur að því að byggja eld- og sprengjuhelda geymslu til varðveizlu safnanna í framtíðinni. Heimilast ríkisstjórninni nauðsynlegt fé úr ríkissjóði til þessara ráðstafana.

Sþ. 435. Þingsályktun

um innflutning á efni til skipasmíða og um skipasmíðastöð.

(Afgreidd frá Sþ. 9. maí).

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að greiða eftir mætti fyrir innflutningi efnis til skipasmíða, enn fremur að láta hið allra fyrsta fara fram ýtarlega athugun á, hver kostur sé þess að reisa skipasmíðastöð hér á landi, þar sem smíðaðir verði togarar eða stærri skip. Heimilast ríkisstjórninni nauðsynlegt fé úr ríkissjóði til þessarar athugunar.

Ed. 436. Nefndarálit

um frv. til laga um bæjarstjórn á Akranesi.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta og orðið sammála um að leggja til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 9. maí 1941.

Sigurjón Á. Ólafsson, form.	Ingvar Pálmason, fundaskr.	Magnús Gíslason, frsm.

Ed. 437. Nefndarálit

um frv. til l. um læknisvitjanasjóði.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt eins og það liggur fyrir.

Alþingi, 9. maí 1941.

Sigurjón Á. Ólafsson, form., frsm.	Ingvar Pálmason, fundaskr.	Magnús Gíslason.

Nd. 438. Frumvarp til laga

um afnám laga nr. 99 19. júní 1933, um veitingaskatt.

(Lagt fyrir Alþingi 1941.)

1. gr.

Lög nr. 99 19. júní 1933, um veitingaskatt, skulu úr gildi numin.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Tekjur af veitingaskatti hafa verið litlar undanfarin ár,

árið 1939	kr.	102610.91
— 1938	—	95905.01
— 1937	—	82572.79

en fyrirhöfn gjaldenda hans vegna og fyrirhöfn og kostnaður við innheimtu hans tiltölulega mikil. Vitanlegt er, að nokkuð er ábótavant innheimtu skattsins, og verður þar varla innheimtumönnum ríkissjóðs um kennt, með því að nægilegt eftirlit með því, að rétt sé fram talið til skattsins, mun kosta meiri vinnu og meira fé en krafizt verður af þeim.

Vegna hækkunar verðlags frá því er styrjöldin hófst hafa ýmis ákvæði veitingaskattslaganna gengið úr skorðum, t. d. ákvæði 2. gr. og 3. gr.

Fjármálaráðherra telur því rétt, að hætt sé að innheimta veitingaskatt, en í þess stað sé innheimt 5 aurum hærra innlent tollvörugjald á lítra af gosdrykkjum og öli. Sú hækkun mundi ekki hafa í för með sér neina hækkun á kostnaði við innheimtu tollvörugjaldsins, en tekjur af henni mundu nema allt að þeirri fjárhæð, sem ríkissjóður missti vegna afnáms veitingaskattsins.

Loks er þess að geta, að það munu að mestu vera sömu gjaldendurnir, sem verða fyrir því að greiða hækkunina á innlenda tollvörugjaldinu, og þeir, sem njóta hagsmuna af því, að veitingaskatturinn er felldur niður.

Ed. 439. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýms gjöld 1942 með viðauka.

(Lagt fyrir Alþingi 1941.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt til ársloka 1942 að innheimta með 40% viðauka vitagjald, þær aukatekjur ríkissjóðs, sem eru taldar í lögum nr. 27 27. júní 1921, I.—VI. kafla, og stimpilgjald samkvæmt lögum nr. 75 27. júní 1921.

2. gr.

Viðaukann skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um 40%, en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

Rísi ágreiningur um það, hvort reikna skuli gjald með 40% viðauka eða ekki, sker fjármálaráðuneytið úr.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1942.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Í frumvarpi þessu eru framlengd fyrir árið 1942 ákvæði 2. gr. laga nr. 74 1940, um 25% viðauka við ýmis gjöld í ríkissjóð, og laga nr. 96 1940, um 12% gjaldauka við þau gjöld, og námu þessir viðaukar á árinu 1941 40%.

Ed. 440. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 60 30. des. 1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum.

(Lagt fyrir Alþingi 1941.)

1. gr.

	Tolleining	Vörumagnstollur Aurar
1. liður 4. kafla gjaldskrárinnar í 2. grein orðist svo:		
Gosdrykkir alls konar	1 l	20
3. liður í sama kafla orðist svo:		
Annað öl	1 l	25

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Hér vísast til greinargerðar fyrir frumvarpi til laga um afnám laga nr. 99 1933, um veitingaskatt.

Þess skal getið, að aðflutningsgjöld á þessum vörum eru svo há, að þessi hækkun dregur ekkert úr tollvernd þeirri, sem framleiðsla þeirra hér á landi hefur.

Ed. 441. Nefndarálit

um frumv. til landskiptalaga.

Frá landbúnaðarnefnd.

Landbúnaðarnefnd hefur athugað frumvarpið, borið það saman við gildandi lög og leggur til við háttvirta deild, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 8. maí 1941.

Þorsteinn Þorsteinsson, form. Páll Zóphóníasson, frsm.

Nd. 442. Nefndarálit

um frv. til l. um viðauka við l. nr. 3 9. jan. 1935, um verkamannabústaði.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og orðið sammála um að leggja til, að það verði samþykkt með breytingum þeim, er felast í eftirfarandi breytingartillögum. Þess skal sérstaklega getið, að tillagan um að fella niður greiðslur tóbakseinkasölunnar til byggingarsjóðsins og hækka í þess stað beint framlag ríkissjóðs er borin fram í samráði við fjármálaráðherra.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 1. gr. Í stað greinarinnar komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi:
   a. (1. gr.) 2. liður 3. gr. laganna orðist svo:
      Ríkissjóður leggur árlega í sjóðinn kr. 150000.00, en jafnframt fellur niður tillag til sjóðsins samkv. 14. gr. laga nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki.
      Við sömu lagagrein bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
      Meðan vísitala kauplagsnefndar er 110 eða hærri, skulu framlög ríkissjóðs og bæjar- og sveitarsjóða til byggingarsjóðs samkv. 1. og 3. tölulið hækka til samræmis við vísitölu kauplagsnefndar 1. október það ár, sem framlagið ber að greiða.
   b. (2. gr.) Aftan við 3. tölulið 6. gr. laganna bætist:
      Meðan vísitala kauplagsnefndar er 110 eða hærri, skal þó miða við upphæðir þessar hækkaðar í samræmi við meðalvísitölu næsta árs á undan.
2. Fyrirsögn frv. verði:
   Frv. til l. um breyt. á l. nr. 3 9. jan. 1935, um verkamannabústaði, og l. nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki.

Alþingi, 9. maí 1941.

Bergur Jónsson, form. Vilmundur Jónsson, fundaskr., frsm. Jóhann G. Möller.
Gísli Guðmundsson. Garðar Þorsteinsson.

Ed. 443. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Á undan 1. gr. frumvarpsins komi 4 nýjar greinar, svo hljóðandi:
   a. (1. gr.) Fyrir „eitt ár“ í 2. málsl. 1. málsgr. 4. gr. laganna komi: fimm ár.
   b. (2. gr.) Aftan við 3. málsgr. 13. gr. laganna bætist nýr málsliður, svo hljóðandi:
      Ráðherra setur, eftir tillögum veiðimálastjóra og með samþykki veiðimálanefndar, reglur um þau veiðitæki, sem nota má við slíka veiði.
   c. (3. gr.) Aftan við 3. málsgr. 16. gr. laganna bætist orðin: og stöng.
   d. (4. gr.) Á eftir 31. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:
      1. Við stangarveiði má aðeins nota agn, lifandi eða dautt, sem fiskurinn eltir og tekur, en aldrei má við slíka veiði nota krók né neitt annað, er festir í fiskinum, að honum óvörum og án þess að hann elti það.
      2. Nú á maður, sem stangarveiði stundar, eigi rétt til veiði nema öðrum megin í á, og er honum þá aðeins heimilt að standa að veiðinni þeim megin árinnar, en rétt er honum þó að bjarga fiski að hinu landinu, ef hentara er.
      3. Ráðherra getur, með samþykki veiðimálastjóra og veiðimálanefndar, sett reglur um stangarveiði, og má þar ákveða, hversu margar stengur hafa megi í senn í veiðivatni og veiðitíma þeirra á sólarhring hverjum, enda teljist slík takmörkun nauðsynleg til verndar fiskistofni vatnsins.

4. Nú rís ágreiningur um skiptingu veiðitíma, veiðistaði eða leigu eftir veiði milli notenda veiðiréttar í vatni slíku, er ræðir um í 3. málsgr., og er þá þeim, er telur sig vanhaldinn, rétt að krefjast úrskurðar með matsgerð, samkv. 83. gr. laga þessara.

2. Á eftir 2. gr. frumvarpsins, sem verður 6. gr., komi ný grein, svo hljóðandi:
   a. 1. málsgr. 83. greinar laganna orðist sem hér segir:
   Nú greinir menn á um takmörk fiskihverfis, vatns eða hluta vatns, svo sem óss, leiru, áls, kvíslar, foss, lagnar eða veiðistaðar, um það, hvar aðalstraumlína ár sé, hvað teljast skuli kvísl eða áll eða um önnur slík ákvæði laga þessara, og skal þá skera úr þeim ágreiningi með matsgerð.
   b. 3. málsgr. sömu greinar orðist svo:
   Mati má skjóta til yfirmats innan 6 vikna frá birtingu matsgerðar.
   Í yfirmati eiga sæti 3 menn, er ráðherra skipar til 5 ára í senn, og skal einn þeirra valinn meðal dómara hæstaréttar, en annar eftir tilnefningu veiðimálanefndar.

3. Enn bætist við ný grein, sem verður 7. gr. frv., svo hljóðandi:
   90. gr. laganna orðist þannig:
   Brot þau, er ræðir um í a—b-liðum 87. gr. og 88. gr., teljast fullframin jafnskjótt og veiðarfærin eru komin að veiðistað, nema sannað sé, að þau hafi verið flutt þangað í lögmætum tilgangi.

Fjarverandi var einn nefndarmanna (ErlÞ) vegna veikinda.

Alþingi, 9. maí 1941.

Þorsteinn Þorsteinsson, form. — Páll Zóphóníasson, frsm.

Nd. 444. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 7. maí 1940, um stríðsslysatryggingu sjómanna.

Frá félagsmálaráðherra.

Framan við frv. bætist ný grein, er verði 1. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatala frv. samkv. því):

Fyrri málsl. 1. gr. laganna orðist þannig:

Skylt skal að tryggja skipshafnir á öllum íslenzkum skipum, öðrum en opnum bátum, fyrir slysum af völdum ófriðar.

Ed. 445. Frumvarp til laga

um breyting á 88. og 95. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 frá 12. febrúar 1940.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

88. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 frá 12. febrúar 1940, orðist þannig: Hver, sem opinberlega í ræðu eða riti mælir með því eða stuðlar að því, að erlent ríki byrji á fjandsamlegum tiltækjum við íslenzka ríkið eða hlutist til um málefni þess, svo og hver sá, er veldur hættu á slíkri íhlutun með móðgunum, líkamsárásum, eignaspjöllum og öðrum athöfnum, sem líklegar eru til að valda slíkri hættu, skal sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 6 árum. Ef brot þykir mjög smávægilegt, má beita sektahegningu.

2. gr.

95. gr. almennra hegningarlaga orðist þannig:

Hver, sem opinberlega smánar erlenda þjóð eða erlent ríki, æðsta ráðamann þjóðhöfðingja þess, fána þess eða annað viðurkennt þjóðarmerki, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 árum.

Sömu refsingu skal hver sá sæta, sem smánar opinberlega eða hefur annars í frammi skammaryrði, aðrar móðganir í orðum eða athöfnum, eða ærumeiðandi aðdróttanir við aðra starfsmenn erlends ríkis, sem staddir eru hér á landi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 446. Frumvarp til laga

um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Veðdeild Landsbankans skal vera heimilt að gefa út bankavaxtabréf, allt að 18 milljónum króna. Vaxtabréfunum má skipta í flokka, og nefnist sá þeirra, er fyrst kemur til framkvæmda, 13. flokkur veðdeildarinnar, og hinir í áframhaldandi töluröð þar á eftir. Ráðherra ákveður, hvenær hverjum flokki skuli lokið, er stjórn Landsbankans hefur gert tillögur um það. Heimilt er, með samþykki ráðherra, að hafa 3 flokka með mismunandi vöxtum starfandi í senn. En eigi má hver flokkur vera stærri en 6 milljónir króna.

2. gr.

Veðdeildin gefur út skuldabréf, er hljóða á handhafa (bankavaxtabréf), en nafnskrá má þau í bókum bankans. Stjórn Landsbankans kveður á um lögun, útlit og fjárhæð bankavaxtabréfanna. Ráðherra og bankastjórar Landsbankans undirskrifa bankavaxtabréfin.

Aldrei má gefa meira út af bankavaxtabréfum en nemur fjárhæð þeirri, er veðdeildin á í veðskuldabréfum.

3. gr.

Auk veðskuldabréfa þeirra, sem veðdeildin fær frá lántakendum, skal trygging fyrir vaxtabréfum þessara flokka vera:

1. Varasjóður hvers flokks.
2. Sameiginleg ábyrgð lántakenda, er nemi allt að 10%, sbr. 8. gr.
3. Ábyrgð ríkissjóðs.

Ef taka þarf til tryggginganna 1—3, skal gera það í þeirri röð, sem að ofan er greint.

4. gr.

Í reglugerð fyrir hvern flokk, er bankastjórnin semur og ráðherra staðfestir, skal ákveðið, hversu háum vöxtum skuli svarað af bankavaxtabréfunum og hvar þeir skuli greiðast, svo og hvernig haga skuli auglýsingum um greiðslu þeirra.

Vaxtamiðar, sem komnir eru í gjalddaga, skulu gjaldgengir til lúkningar sköttum og öðrum gjöldum ríkissjóðs, og skulu gjaldheimtumenn ríkissjóðs innleysa þá, ef þeir hafa fé fyrir hendi, er greiðast á í ríkissjóð.

5. gr.

Veðdeildin er undanþegin öllum tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum. Svo á hún rétt til að fá ókeypis eigna- og veðbókarvottorð, til afnota fyrir sjálfa sig.

6. gr.

Fé veðdeildarflokkanna má lána gegn veði í jarðeignum, erfðafestulöndum og húseignum með lóð, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð, en gegn veði í húseignum því aðeins, að þær séu vátryggðar í vátryggingarstofnun, er bankastjórnin telur góða og gilda.

Lánsupphæð má ekki fara fram úr ⅔ af virðingarverði fasteignarinnar.

7. gr.

Eignir þær, sem veðdeildarflokkarnir taka að veði, skal á kostnað lánþega virða á þann hátt, er nánar verður tiltekið í reglugerð fyrir flokkana. Í reglugerðinni má meðal annars ákveða, að stjórn Landsbankans megi nefna til þá menn, er virða skuli veðin, og að hreppsnefnd eða bæjarstjórn sú, er í hlut á, samþykki virðinguna. Svo skal lántakandi, að minnsta kosti á hverjum fimm ára fresti, meðan lánið stendur, sýna skírteini, sem bankastjórnin tekur gild, fyrir því, að veðið hafi eigi rýrnað í verði, svo að veðdeildarflokknum geti verið nein hætta búin. Láti lántakandi farast fyrir að senda bankastjórn Landsbankans þetta skírteini, má stjórn bankans láta skoðunargerð af innanhéraðsmönnum fram fara á kostnað lántakanda.

8. gr.

Lántakendur veðdeildarflokkanna skulu, auk þess að bera ábyrgð á sínum eigin skuldum, ábyrgjast sameiginlega (in solidum) skuldbindingar hvers flokksins, þó eigi meira en 10% af því, sem lán þeirra námu á síðasta gjalddaga, áður en taka þurfti til ábyrgðarinnar. Skal í reglugerð deildarinnar ákveða, hvenær grípa skuli til þessarar sameiginlegu ábyrgðar og hvernig henni að öðru leyti skuli vera fyrir komið.

9. gr.

Eigi má lána nema gegn 1. veðrétti. Minnsta lán skal vera 300 kr., og skulu lán jafnan standa á hundraði króna.

Lánstíminn má vera allt að 40 árum, sé veðið jarðeign eða vandað steinsteypuhús eða steinhús, og allt að 30 árum, sé veðið vandað timburhús.

10. gr.

Lán þau, sem veðdeildin veitir, má hún greiða í bankavaxtabréfum sínum eftir ákvæðisverði þeirra, en lánþegi hefur rétt til að heimta, að bankastjórnin annist um að koma bankavaxtabréfunum í gjaldgenga peninga, ef þess er kostur, en borga verður hann kostnað þann, sem af því leiðir, og verðfall.

Veðdeildin hefur þó jafnan rétt til að greiða lánin í peningum með þeirri upphæð, sem hún getur fengið fyrir þau, að frádregnum öllum kostnaði. Semja má um sölu bankavaxtabréfa þessara flokka fyrir fram í einu eða fleiru lagi, enda samþykki ráðherra söluverðið.

11. gr.

Hver lántakandi skal greiða 1% af lánsupphæðinni í varasjóð flokksins um leið og hann tekur lánið.

Þó er heimilt að ákveða í reglugerð, að lántökugjaldið greiðist í tvennu eða fernu lagi.

Heimilt er veðdeildinni við hver eigendaskipti að heimta lánið borgað aftur að öllu eða nokkru leyti.

Verði eigendaskipti að fasteign, sem veðsett er veðdeildinni, skal kaupandi þegar um leið og kaupin gerast tilkynna veðdeildinni eigendaskiptin.

12. gr.

Vilji nýr kaupandi taka að sér greiðslu á láni úr þessum flokkum, skal hann leita samþykkis landsbankastjórnarinnar um það. Samþykki hún, að hinn nýi kaupandi taki lánið að sér, skal hann innan sex mánaða frá kaupdegi sanna eignarrétt sinn fyrir bankastjórninni og taka lánið að sér. Slík yfirtaka er ekki stimpilskyld.

13. gr.

Lánum þeim, sem veðdeildin veitir, má hún ekki segja upp, meðan lánþegi gegnir að öllu leyti skyldum þeim, sem hann hefur undirgengizt. En ef ákvæðisgjöld hans verða ekki greidd á réttum gjalddaga, eða veðið gengur svo úr sér, að það er eigi lengur svo tryggjandi sem vera skal, eða haldi skuldunautur ekki vátryggðum húseignum, er að veði eru og talin eru með í matinu, eða falli á veðið eftirstöðvar af sköttum eður afgjöldum, er ganga fyrir kröfum veðdeildarinnar, eða nýr kaupandi vanrækir að taka lán að sér, er bankastjórninni heimilt að telja eftirstöðvar lánsins komnar í gjalddaga undir eins án uppsagnar.

14. gr.

Skuldunautar veðdeildarinnar skulu greiða vexti, afborganir og tillög til að borga kostnað við þessa flokka og til varasjóðs í einu lagi með jafnri upphæð samtals hvern gjalddaga. Árlegt tillag til að borga kostnað við flokkana og til varasjóðs er ½% á ári af upphæð lánsins eins og það var fyrir hvern gjalddaga. Á ákveðnum gjalddögum má hver lántakandi, án undangenginnar uppsagnar, greiða aukaafborganir af skuld sinni, þó svo, að ávallt standi á 100 krónum, eða endurborga hana að öllu leyti. Gjald þetta má hann greiða með bankavaxtabréfum hlutaðeigandi flokks, eftir ákvæðisverði þeirra. Á öðrum tíma árs má og borga lán að fullu, ef bankastjórnin samþykkir, þó því aðeins, að það sé veðdeildarflokknum að skaðlausu.

15. gr.

Heimilt er í reglugerð að ákveða dráttarvaxti á afborgunum og vöxtum, sem ekki greiðast á gjalddaga.

16. gr.

Afborgunum þeim og endurborgunum, er greiddar eru í peningum á hverjum gjalddaga, skal varið til að innleysa skuldabréf þau, er hlutaðeigandi veðdeildarflokkur hefur gefið út, eftir hlutkesti, sem notarius publicus hefur umsjón með og fram fer í viðurvist tveggja manna; annan kveður ráðherra til þess, hinn bankastjórnin. Þá er hlutkesti hefur fram farið, skal auglýsa með níu mánaða fyrirvara tölurnar á bankavaxtabréfum þeim, er upp hafa komið til innlausnar, og á hverjum gjalddaga þau verði útborguð. Nánari ákvæði um auglýsingar þessar skal setja í reglugerð veðdeildarflokkanna. Bankinn má og á þann hátt og með þeim fyrirvara, er áður segir, innleysa bankavaxtabréf í stærri stíl.

17. gr.

Eigendur bankavaxtabréfa þeirra, er innleysa skal, geta, gegn því að afhenda þau með vaxtamiðum, er þeim fylgja, fengið útborgaðan höfuðstól þeirra á ákveðnum gjalddaga, og er eigi skylt að greiða vexti af höfuðstólnum upp frá því. Sama rétt hafa handhafar bréfanna, þótt eigi séu eigendur.

18. gr.

Höfuðstóll og vaxtafé, sem komið er í gjalddaga til útborgunar, rennur í varasjóð hlutaðeigandi veðdeildarflokks, sé þess eigi vitjað innan 20 ára frá gjalddaga.

19. gr.

Nú glatast bankavaxtabréf, sem nafnskráð er í bókum veðdeildarinnar, og getur þá bankastjórnin innkallað handhafa bréfsins með 12 mánaða fyrirvara, með aug-

lýsingu, er birt sé þrisvar sinnum samfleytt í blaði því á Íslandi, er flytur opinberar auglýsingar, og í samsvarandi auglýsingablöðum erlendis, þar sem ætla má, að bréfin séu í umferð. Ef enginn gefur sig fram með bréfið í tæka tíð, getur bankastjórnin útgefið handa hinum skráða eiganda þess nýtt bankavaxtabréf með sömu upphæð sem það, er glataðist, án þess nokkur annar, er bankavaxtabréfið kann að hafa verið afsalað, geti þar fyrir búið kröfu á hendur veðdeildinni. — Um ógilding annarra bankavaxtabréfa fer eftir almennum lögum

20. gr.

Bankavaxtabréf þau, er innleyst hafa verið með hlutkesti, eða hafa verið notuð til að borga eða afborga lán, má eigi framar setja í veltu, heldur skal ónýta þau undir eins ásamt vaxtamiðum og stofnum þeirra, á þann hátt, að þau með því verði ógild, og leggja þau til geymslu í fjárhirzlu deildarinnar, og svo skal við lok næsta reikningsárs eyðileggja þau í viðurvist endurskoðenda ásamt vaxtamiðum þeim, er innleystir hafa verið það reikningsár.

21. gr.

Vaxtamiða og vaxtabréf, sem komin eru í gjalddaga, skal borga út í veðdeildinni í Reykjavík.

Í reglugerð veðdeildarflokkanna skal ákveða, á hvern hátt borga skuli út erlendis vaxtamiða og bankavaxtabréf, sem komin eru í gjalddaga.

22. gr.

Þegar lán er komið í gjalddaga (sbr. 13. gr.), hefur veðdeildin heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarandi dóms, sáttar eða fjárnáms, samkvæmt ákvæðum í tilskipun um fjárforráð ómyndugra, 18. febr. 1847, 10. gr., eða láta leggja það veðdeildinni út til eignar, ef þörf er á. — Veðdeildin þarf ekki að láta neinn vera fyrir sína hönd við uppboðið, og skal þar ekki taka mótmæli skuldunauts til greina, nema þau séu auðsjáanlega á rökum byggð, og eigi er heldur hægt að stöðva eða ónýta uppboðið með neins konar dómskoti.

Veðdeildin hefur aftur á móti ábyrgð á því, að skuldin sé rétt og komin í gjalddaga, og skuldunaut er frjálst að höfða mál til endurgjalds á öllu því, er hann hefur skaðazt á uppboðinu, og öllum málskostnaði að skaðlausu. Veðdeildin getur löglega samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum fasteignum megi fram fara í skrifstofu uppboðshaldara.

23. gr.

Fé ómyndugra manna og opinberra stofnana og sjóða má verja til að kaupa bankavaxtabréf þessara veðdeildarflokka.

24. gr.

Þá er lokið er skuldbindingum hvers þeirra veðdeildarflokka, er stofnaðir verða samkvæmt lögum þessum, rennur varasjóður hans til næsta flokks, og svo áfram. Þegar lokið er skuldbindingum síðasta flokksins, rennur varasjóðurinn til þess eða þeirra veðdeildarflokka eða veðlánsstofnana, sem stofnsettar verða til að halda áfram veðlánastarfseminni eftir að lokið er síðasta flokki samkvæmt þessum lögum. Verði slíkum nýjum flokkum eða veðlánastofnunum fengin aðgreind starfssvið, skiptist varasjóðurinn milli þeirra, svo að hvert starfssvið njóti réttrar ítölu þeirrar, er varasjóðnum hefur þaðan aflazt.

25. gr.

Veðdeildinni skal stjórnað af stjórn Landsbankans, og reikningar hennar endurskoðaðir af endurskoðendum þess banka.

26. gr.

Lög þessi ganga í gildi nú þegar.

Nd. # 447. Frumvarp til laga

um friðun æðarfugls.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Enginn má drepa æðarfugl af ásettu ráði. Sé það gert, varðar það 100 kr. sekt fyrir hvern fugl, sem drepinn er. Sektin tvöfaldast við hverja ítrekun brotsins, allt að 1000 kr. Sé fuglinn drepinn með byssuskoti, er byssan upptæk, og rennur andvirði hennar í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið.

2. gr.

Enginn má kaupa eða selja æðaregg, eða á nokkurn hátt af hendi láta, nema eggskurn til vísindalegra þarfa. Þó má greiða þeim mönnum, er varp hirða, borgun fyrir starf sitt í eggjum, ef þeir óska. Eigi má hirða eða á nokkurn hátt nýta dauða æðarfugla eða hluta af þeim.

Brot gegn þessum ákvæðum varða sektum frá 50—1000 kr.

3. gr.

Frá 15. apríl til 15. júlí eru öll skot bönnuð nær friðlýstu æðarvarpi en 2 km, nema brýna nauðsyn beri til.

4. gr.

Frá 15. apríl til 15. júní má enginn, án leyfis varpeiganda, leggja hrognkelsanet eða önnur net nær friðlýstu varplandi hans en ¼ km. frá stórstraumsfjörumáli.

5. gr.

Hvergi á Íslandi má leggja æðarfuglanet.

Brot gegn ákvæðum 3., 4. og 5. gr. varða sektum frá 50—1000 kr., auk sekta samkv. 1. gr. fyrir fugla þá, sem drepnir eru með netunum eða skotunum. Netin skulu upptæk, og rennur andvirði þeirra í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið.

6. gr.

Sýslumenn skulu ár hvert á manntalsþingum, ótilkvaddir og ókeypis, friðlýsa öllum æðarvörpum í lögsagnarumdæminu og brýna fyrir mönnum að hlýða lögum þessum.

Nú vill einhver koma á fót nýju æðarvarpi í landareign ábúðarjarðar sinnar, og skal hann þá senda sýslumanni skriflega yfirlýsingu um það. Skal þar skýrt frá legu varplandsins, afstöðu þess, ummerkjum og umbúnaði. Skýrslu þessari fylgi vottorð tveggja áreiðanlegra manna um, að hún sé rétt og að þeir telji landið vænlegt til æðarvarps. Síðan friðlýsir sýslumaður varplandinu ókeypis á næsta manntalsþingi.

7. gr.

Lögreglustjórar, hreppstjórar og hafnsögumenn skulu sérstaklega leiða athygli erlendra skipstjóra að lögum þessum, og skulu þau vera til útbýtingar hjá lögreglustjórum landsins á íslenzku, ensku, þýzku, frakknesku og dönsku.

8. gr.

Sektir þær, sem ákveðnar eru í lögum þessum, renna að ⅓ í sveitarsjóð, en að ⅔ til uppljóstrarmanns.

Mál, sem rísa út af brotum á lögum þessum, skal farið með sem opinber lögreglumál.

9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 58 10. nóv. 1913, um friðun æðarfugla.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 448. Lög

um breyting á lögum nr. 12 1. febr. 1936, um búreikningaskrifstofu ríkisins.

(Afgreidd frá Nd. 10. maí.)

Samhljóða þskj. 387.

Nd. 449. Lög

um breyting á lögum nr. 32 14. júní 1929, um loftferðir.

(Afgreidd frá Nd. 10. maí.)

Samhljóða þskj. 388.

Ed. 450. Lög

um breyting á sjómannalögum, nr. 41 19. maí 1930.

(Afgreidd frá Ed. 10. maí.)

Samhljóða þskj. 174.

Ed. 451. Lög

um breyting á lögum nr. 23 27. júní 1921, um vátryggingarfélag fyrir fiskiskip.

(Afgreidd frá Ed. 10. maí.)

Samhljóða þskj. 209.

Nd. 452. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 76 11. júní 1938, um byggingar- og landnámssjóð.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Í stað „200 þúsund kr.“ í 2. tölulið 3. gr. laganna komi: 300 þúsund krónur, en jafnframt fellur niður tillag til sjóðsins samkvæmt 14. gr. laga nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki.
2. Við fyrirsögn frv. bætist: og lögum nr. 58 8. spt. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki.

Nd. 453. Breytingartillaga

við frv. til laga um raforkuveitusjóð.

Frá Sigurði Kristjánssyni.

Varatillaga við tölul. 1 á þskj. 407.
2. tölul. 2. gr. orðist svo:
Árlegt gjald frá rafveitum, sem reistar hafa verið og reistar verða og hafa vatnsafl til orkuframleiðslu, hafa vélasamstæður stærri en 150 kw. og skulda ekki yfir 40% stofnkostnaðar.
Gjald þetta skal vera 6 krónur á ári fyrir hvert kw. í málraun rafals í hverri vélasamstæðu.

Nd. 454. Nefndarálit

um frv. til l. um jarðakaup ríkisins vegna kauptúna og sjávarþorpa.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fallizt á að mæla með því, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Síðasti málsliður b-liðs 6. gr. orðist svo: Þurfi að taka land eignarnámi, sem liggur í öðru hreppsfélagi, skal það gert með sérstökum lögum.

Einn nefndarmanna (ÁÁ) var fjarverandi, er málið var afgreitt.

Alþingi, 10. maí 1941.

Bjarni Ásgeirsson, form., frsm.	Jón Pálmason, fundaskr.	Steingr. Steinþórsson.
	Pétur Ottesen, með fyrirvara.	

Ed. 455. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin mælir með því, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 10. maí 1941.

Magnús Jónsson, form., frsm.	Bernharð Stefánsson, fundaskr.	Sigurjón Á. Ólafsson.

Nd. 456. Nefndarálit

um frv. til l. um viðauka við l. nr. 91 14. maí 1940, um húsaleigu.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd hefur tekið mál þetta til ýtarlegrar athugunar. Stjórn fasteignaeigendafélags Reykjavíkur hefur sent nefndinni frv. til laga um breyting á húsaleigulögunum, og er frv. hennar, ásamt bréfi stjórnarinnar, prentað sem fylgiskjal hér á eftir. Nefndin sendi frv. til húsaleigunefndar til umsagnar, og er svar þeirrar nefndar einnig prentað hér á eftir.

Allsherjarnefnd getur ekki fallizt á að leyfa hækkun á húsaleigu almennt, enda má gera ráð fyrir, að hækkun húsaleigunnar yrði þá óhæfilega ör, a. m. k. í Reykjavík, bæði vegna mikils aðflutnings fólks til bæjarins og eins vegna þess, hve fá ný íbúðarhús eru nú byggð. Hins vegar getur nefndin fallizt á, að eðlilegt sé að leyfa hindrunarlaust hækkun húsaleigunnar í samræmi við hækkun viðhaldskostnaðar almennt. Nefndin hefur fengið upplýsingar um það, að viðhaldskostnaður muni hafa hækkað um allt að 100% frá því fyrir stríð. Er eðlilegt, að húseigendur fái hækkun húsaleigu sem svarar hækkun þessa viðhaldskostnaðar. Þar eð jafnframt er vitað, að viðhaldskostnaður húsa er breytilegur og fylgir ekki almennri vísitölu, telur nefndin rétt, að kauplagsnefnd, með aðstoð hagstofunnar, reikni út, hve mikið viðhaldskostnaður húsa nú almennt er hærri en fyrir stríð, og gefi út vísitölu tvisvar á ári, 14. maí og 1. okt., og sé húseigendum heimilt að hækka húsaleigu í samræmi við það. Ógerlegt væri að reikna út viðhaldskostnað hvers einstaks húss. Er því eðlilegast, að lögð sé til grundvallar almenn jafnaðarvísitala, og sé hækkun húsaleigu bundin við hana, jafnt fyrir alla. Er þá gengið út frá, að kauplagsnefnd leggi til grundvallar almennan viðhaldskostnað eins og hann var 4. apríl 1939.

Húseigendur og leigutakar eiga réttmæta kröfu til þess að fá úrlausn þeirra mála, er þeir leggja fyrir húsaleigunefnd, án tafar eða án óþarfa dráttar. Vill nefndin því mæla með því, að sett séu ákvæði um það, að húsaleigunefnd sé skyld til að afgreiða mál þau, er fyrir hana koma, innan 14 daga frá því hún fékk málið til afgreiðslu eða það var lagt undir úrskurð.

Nefndin vill, í samræmi við framanritað, mæla með því, að frv., sem er samhlj. bráðabirgðal., er út hafa verið gefin, verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr.
   a. Á undan greininni komi ný grein, er verður 1. gr., svo hljóðandi:
      1. gr. laganna orðist þannig:
      Óheimilt er að hækka húsaleigu eftir húsnæði frá því, sem goldið og umsamið var hinn 14. maí 1940, nema sem svarar auknum almennum viðhaldskostnaði, og þá samkvæmt vísitölu, er kauplagsnefnd ákveður með aðstoð hagstofunnar. Vísitalan, miðuð við almennan viðhaldskostnað eins og hann var 4. apríl 1939, skal reiknuð út tvisvar á ári, 14. maí og 1. okt., og gildir til næsta flutningsdags.
      Enn fremur er heimilt að hækka eftir mati leigu eftir húsnæði sökum verðhækkunar á eldsneyti, sem innifalið er í leigunni, vaxta- og skattahækkunar af fasteignum og annars þess háttar, svo og húsnæði, sem af sérstökum ástæðum hefur verið leigt lægra en sambærilegt húsnæði á þeim stað (kaupstað, kauptúni eða sveit). Verði hækkun metin á leigu, kemur hún til framkvæmda 14. maí eða 1. október.
      Lög þessi taka ekki til leigu á einstökum herbergjum, sem leigutaki eða húseigandi leigir einhleypum út frá íbúð sinni.

b. Á eftir greininni, sem verður 2. gr., komi ný grein, sem verður 3. gr., svo hljóðandi:

Við 3. gr. laganna, sem verður 5. gr., bætist ný málsgr.:

Skylt skal nefndinni, að viðlögðum dagsektum, að hafa lokið við afgreiðslu eða kveðið upp úrskurð um ágreiningsatriði, sem til nefndarinnar er skotið, innan 14 daga frá því málið var afhent nefndinni til afgreiðslu eða það lagt undir úrskurð hennar.

2. Fyrirsögn frv. verði:

Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 91 frá 14. maí 1940, um húsaleigu.

Alþingi, 10. maí 1941.

Bergur Jónsson, form.	Vilm. Jónsson, fundaskr.	Garðar Þorsteinsson, frsm.
Jóh. G. Möller.	Gísli Guðmundsson.	

Fylgiskjal I.

FASTEIGNAEIGENDAFÉLAG REYKJAVÍKUR

Reykjavík, 18. febrúar 1941.

Hjálagt leyfum við okkur að senda háttvirtri allsherjarnefnd neðri deildar Alþingis drög að frumvarpi til breytingar á núgildandi húsaleigulögum, ásamt stuttri greinargerð félagsstjórnarinnar til rökstuðnings þar greindum breytingartillögum, — hvort tveggja tvíritað, — með tilmælum um, að nefndin beri fram nefnt frumvarp á yfirstandandi Alþingi og stuðli að framgangi þess þar.

Jafnframt óskar stjórnin þess að fá að ræða við nefndina hið allra fyrsta til að kynna henni frekar sjónarmið félagsstjórnarinnar í nefndu máli.

Virðingarfyllst

Gunnar Þorsteinsson, p. t. form.	Sv. Sæmundsson, p. t. ritari.

Til allsherjarnefndar neðri deildar Alþingis.

Fylgiskjal II.

Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 90 frá 1940, um húsaleigu.

1. gr.

Í stað 1. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Óheimilt er að hækka leigu eftir leiguíbúðir frá því, sem goldið og umsamið var 4. apríl 1939, nema gert hafi verið eða sé samkvæmt heimild húsaleigunefndar, eða heimilað sé í lögum þessum.

Hagstofu Íslands skal falið að semja svo nefnda húsaleiguvísitölu, þar sem tekið sé tillit til þeirrar hækkunar, sem orðið hefur og verður frá gildistöku gengislaganna 4. apríl 1939 á venjulegum viðhaldskostnaði, hækkun á opinberum sköttum, bankaútlánsvöxtum og almennri vísitölu. Sé vísitala þessi reiknuð út tvisvar á ári, í marz og ágúst, og hækki húsaleiga samkv. henni 14. maí og 1. okt. ár hvert, í fyrsta skipti 14. maí 1941.

Nú reynist húsaleiguvísitalan lægri en þriðjungur af vísitölu kauplagsnefndar, og skal þó heimilt að hækka húsaleiguna um þann hundraðshluta, sem nemur þriðjungi af vísitölu kauplagsnefndar.

Hafi leiguíbúð verið leigð lægra 4. apríl 1939 en sambærileg íbúð á þeim stað

(kaupstað, kauptúni eða sveit), skal húsaleigunefnd heimilt að meta hæfilega hækkun á grunnleigunni.

Lög þessi taka ekki til leigu á einstökum herbergjum, sem húseigandi leigir út, eða leigutaki frá íbúð sinni.

2. gr.

Á eftir orðunum „tveir skipaðir af ríkisstjórninni“ í fyrri málsgr. 3. gr. laganna komi: annar samkv. tilnefningu Alþýðusambands Íslands, en hinn samkv. tilnefningu Fasteignaeigendafélags Reykjavíkur.

Á eftir setningunni, sem endar á orðunum „upplýsinga um ágreiningsatriði“ komi ný setning, svo hljóðandi:

Skylt skal nefndinni að hafa lokið við afgreiðslu eða úrskurðun ágreiningsatriða, sem til nefndarinnar er skotið, innan 14 daga. Dragist afgreiðsla eða úrskurður ágreiningsatriða, sem til nefndarinnar er skotið, fram yfir þann tíma, skal nefndinni skylt að réttlæta þann drátt.

Við lok greinarinnar komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Í Reykjavík skal skipa yfirhúsaleigunefnd. Skulu eiga sæti í nefndinni 5 menn, fjórir skipaðir af ríkisstjórninni, 2 samkv. tilnefningu Alþýðusambands Íslands, en 2 samkv. tilnefningu Fasteignaeigendafélags Reykjavíkur. Loks skipar hæstiréttur þann fimmta, og er hann formaður nefndarinnar.

Til yfirhúsaleigunefndar má áfrýja öllum álitsgerðum og úrskurðum húsaleigunefndar Reykjavíkur og þeirra nefnda utan Reykjavíkur, sem gegna þeim störfum, sem með húsaleigulögunum eru lögð undir húsaleigunefnd Reykjavíkur. Skal nefndin ljúka afgreiðslu eða úrskurðun þeirra mála, sem til hennar verður skotið, svo fljótt sem frekustu föng eru á, og eigi síðar en þrem vikum eftir að nefndinni barst málið í hendur, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi, enda sé þeirra getið í úrskurðum, til réttlætingar drættinum.

Greinargerð

fyrir frumvarpi til breytingar á lögum nr. 90 frá 1940, um húsaleigu.

Við 1. gr. Fyrirhuguð breyting á 1. gr. núgildandi húsaleigulaga er mjög smávægileg. Fyrsta breytingin er sú, að leigugjaldi fyrir íbúðir aðeins eru settar sérstakar skorður í lögunum. Hins vegar er gert ráð fyrir, að leigusalar að öðru húsnæði, svo sem skrifstofuplássi, verzlunar- og geymsluplássi, haldi áfram óskertu samningsfrelsi um leigugjald fyrir slíkt húsnæði. Sá var og háttur hafður á um þess konar húsnæði eftir eldri húsaleigulögum (l. nr. 14 frá 14. maí 1917), og mun ætlunin ekki hafa verið sú, að núgildandi húsaleigulög væru í þessu tilliti víðtækari en hin illræmdu lög frá 1917, þó að samkv. orðanna hljóðan lögin hins vegar nái til hvers konar húsnæðis. Aðaltilgangur laganna og grundvöllur að setningu þeirra var sagður vera sá, að varna óhæfilegri hækkun á leigugjaldi eftir íbúðir. Verður ekki séð, að sá tilgangur laganna raskist að neinu leyti, þó að leigusölum sé heimilað samningsfrelsi um leigugjald fyrir allt annað húsnæði en íbúðir, svo sem var eftir eldri húsaleigulögunum frá 1917, eins og áður hefur verið bent á.

Eins og kunnugt er, var húsaleiguhækkun fyrst bönnuð með setningu gengislaganna frá 4. apríl 1939, en við gildistöku þeirra laga hækkaði þegar nokkuð verðlag á byggingarefni og von bráðar einnig á vinnu. Þó varð hækkun, jafnt á flestum vörum sem vinnu, fyrst veruleg eftir upphaf yfirstandandi ófriðar og vitanlega því meiri sem lengra leið á hann. Nú mun og svo komið, að viðhaldskostnaður húsa hefur hækkað um minnst 100% frá gildistöku gengislaganna til þessa tíma. Þá er það og kunnara en frá þurfi að skýra, að allt verðlag hefur farið stórhækkandi á síðustu tímum. Þar með hefur að sjálfsögðu allur framfærslukostnaður stórhækkað. Það sýnir gleggst vísitala kauplagsnefndar, sem mun nú vera orðin 46%. Þegar tekið er tillit til þess, að mjög margir húseigendur hafa engar aðrar tekjur en húsaleigutekjur, sér og sínum til framfærslu, og að vel flestir þeirra verða að byggja afkomu sína og

sinna að meira eða minna leyti á húsaleigutekjum, virðist ekki aðeins sanngjarnt og réttlátt, heldur beinlínis nauðsynlegt, jafnt frá sjónarmiði einstaklingsins sem og ekki síður frá sjónarmiði þjóðarheildarinnar, að heimila húseigendum að hækka húsaleigu samkvæmt eða í hlutfalli við vaxandi dýrtíð. Má í því sambandi benda á, að t. d. viðhaldskostnaður húsa, sem mun nema um 15% af leigutekjum, hefur hækkað um minnst 100% frá gildistöku gengislaganna.

Það er fyrirsjáanlegt, að verði ekki heimiluð a. m. k. 15% hækkun á núgildandi húsaleigu, hlýtur húseigendur almennt að skorta fjárhagslega getu til nauðsynlegs viðhalds á húsum sínum. Nauðsyn fullnægju þessarar kröfu, þ. e. hæfilegs árlegs viðhalds, er ekki aðeins réttlætt með hagsmuni húseigandans fyrir augum, heldur og með tilliti til og með hagsmuni fjölmargra annarra aðila fyrir augum. Leigutakinn krefst hæfilegs viðhalds á leiguíbúð sinni, enda er honum það í sumum tilfellum nauðsynlegt af ýmsum ástæðum. Iðnaðarmaðurinn þarfnast vinnunnar, sem af viðhaldinu leiðir (sem skiptir hundruðum þúsunda króna árlega á venjulegum tímum aðeins). Loks er það hagsmunamál alþjóðar, að húseignum sé haldið hæfilega við, svo að þær sem þjóðarverðmæti rýrni ekki um skör fram vegna viðhaldsskorts.

Hitt sjónarmiðið virðist ekki síður eðlilegt og sjálfsagt, að húsaleigan, sem í mörgum tilfellum er eini framfærslueyrir húseigandans og í öllum tilfellum hluti af honum, hækki samkv. eða í hlutfalli við vaxandi dýrtíð. Það er deginum ljósara, að húseigendur geta ekki — einir allra þegna þjóðfélagsins —, verið afskiptir þeim sjálfsagða rétti í lýðfrjálsu landi að mega notfæra sér eignir sínar til eðlilegrar og sanngjarnrar afrakstursháttkunar. Bóndinn má hækka afurðir sínar, svo sem sjálfsagt er og nauðsynlegt vegna verðbólgunnar. Sjómaðurinn má af sömu ástæðu hækka aflafeng sinn. Verkamaðurinn fær fulla verðuppbót á kaup sitt, svo sem verðugt er. Skrifstofumaðurinn og yfirleitt allir aðrir launþegar fá sama rétt. Hvaða réttlæti er í því að meina húseigendum um sama rétt og allir aðrir þegnar landsins hafa?

Í þessu sambandi er rétt að benda á það, að bann gegn hækkun húsaleigunnar er lögfest, samtímis því að húseigendur eru sviptir ráðstöfunarrétti yfir eignum sínum.

Þá má benda á, að yfirleitt virðast allir, einnig fjölmargir leigutakar, vera á einu máli um það, að ósanngjarnt sé og óréttlætanlegt, að húseigendum sé ekki heimilt að hækka húsaleiguna.

Að lokum má benda á það, að bannið gegn húsaleiguhækkuninni var á sínum tíma réttlætt með því, að leigutökum væri vegna atvinnuleysis og illrar afkomu yfirleitt um megn að greiða hærri leigu en þá væri greidd, og einnig var á það bent jafnframt, að rammar skorður yrðu reistar við hvers konar verðhækkun, eftir því sem frekustu föng yrðu á, einkum yrði þess gætt, að framleiðsluvörur landsmanna hækkuðu ekki, eða mjög óverulega, í verði. Nú er raunin ólýgnust um þessi atriði, og getur hver og einn dæmt hér um.

Við 2. gr. Hér er farið fram á þá breyting á 3. gr. laganna, að hagsmunafélag húseigenda fái að tilnefna einn mann af þremur í húsaleigunefnd Reykjavíkur. Með tilliti til þess, að til nefndarinnar fara oft mjög mikilsverð mál varðandi réttindi og verðmæti húseigenda, er það eðlileg sanngirniskrafa af hálfu húseigenda, að þeir fái að tilnefna einn mann í nefndina. Húseigendum er yfirleitt torskilin ástæðan fyrir eða réttlæting á því að fá ekki fulltrúa í nefndina til þess að fylgjast með starfi hennar og taka þátt í afgreiðslu og úrskurðun þeirra mála, sem til nefndarinnar er skotið, og yfirleitt að gæta hagsmuna húseigenda í hvívetna, eftir því sem ástæður leyfa og rök standa til hverju sinni. Myndi slík skipulagsbreyting vafalaust verða til stórbóta og báðum aðilum — húseigendum og húsaleigunefnd — til farsældar.

Mjög hefur þótt við brenna, að dráttur væri á afgreiðslu allri hjá nefndinni. Hefur jafnvel komið fyrir, að afgreiðsla á aðkallandi máli hefur dregizt í 3 mánuði. Er slíkur dráttur mjög bagalegur húseigendum og getur valdið þeim fjárhagslegu tjóni. Er því einsýnt, að úr verður að bæta, og þá með því að setja nefndinni ákveð-

inn tíma til að hafa lokið þessum störfum. Teljum við ófært, að lengur dregist en 3 vikur að afgreiða þau mál, sem skotið er til nefndarinnar.

Nokkur brögð hafa orðið að því, að húseigendur telja sig ekki hafa náð rétti sínum með úrskurðum nefndarinnar. Eina leiðin til að bæta úr þessu er að opna húseigendum (og leigutökum) heimild til að skjóta úrskurðum nefndarinnar til æðra úrskurðarvalds, nokkurs konar yfirhúsaleigunefndar. Það ræður af líkindum, að áfrýjunarmöguleikinn einn hlýtur að skapa deiluatriðunum aukið öryggi um réttlátari úrlausn deilumálsins. Það virðist bæði óverjandi og óviðunandi, að úrskurður húsaleigunefndar — en á honum getur beinlínis oltið fjárhagsleg tilvera húseigenda — skuli vera fullnaðarúrskurður í öllum deilumálum húseigenda og leigutaka.

Þegar þess er gætt, að í öllum almennum deilumálum — hversu lítilfjörleg sem þau eru — er þegnunum heimilaður aðgangur að 2 eða 3 dómstigum, er sú takmörkun á rétti húseigenda, sem felst í ákvæðum núgildandi húsaleigulaga í þessu efni, of augljóst misrétti til þess að ekki ætti að fást auðveldlega lagfæring þar á.

Reykjavík, 18. febrúar 1941.

Virðingarfyllst

F. h. stjórnar Fasteignaeigendafélags Reykjavíkur

Gunnar Þorsteinsson, p. t. formaður. Sv. Sæmundsson, p. t. ritari.

Til allsherjarnefndar neðri deildar Alþingis.

Fylgiskjal III.

HÚSALEIGUNEFNDIN

Reykjavík, 9. maí 1941.

Með bréfi, dags. 18. f. m., hafið þér sent Húsaleigunefnd til umsagnar drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 91 frá 14. maí 1940, um húsaleigu, er yður hefur borizt frá Fasteignaeigendafélagi Reykjavíkur.

Vegna mikilla anna um þessar mundir hefur nefndinni eigi unnizt tími til að svara bréfi yðar fyrr en nú.

Er ákvæðið um bann við hækkun húsaleigu var upphaflega sett í lögin um gengisskráningu o. fl. frá 4. apríl 1939, var það einn liður í þeim ráðstöfunum, er þá samtímis voru gerðar í því skyni, að gengisbreytingin hefði tilætluð áhrif. Var þá engin húsnæðisekla hér í bænum. Nú er viðhorfið mjög breytt að þessu leyti. Hér er orðin mjög alvarleg húsnæðisekla, og sennilega ekki enn komið í mesta öngþveitið í þessum efnum. Ástæðurnar til þessa eru þær, að svo að segja ekkert hefur verið byggt síðustu 2 árin, en fólkinu í bænum hefur fjölgað mjög ört. Þá hefur brezka setuliðið tekið mikið af húsnæði til afnota.

Að þessu athuguðu telur Húsaleigunefnd ekki tiltækilegt að breyta húsaleigulögunum á nokkurn þann hátt, er stuðla kynni að því, að fjölskylduíbúðir yrðu teknar til annars konar notkunar. Virðast Húsaleigunefnd tvær breytingartillögur í frumvarpi Fasteignaeigendafélags Reykjavíkur frá núgildandi lagaákvæðum ganga í þessa átt. Önnur er sú, að lögin skuli aðeins ná til „leiguíbúða“, í stað „húsnæðis“, og hin, að undanþegin verði lögunum „einstök herbergi, er húseigandi leigir út“, í stað „einstök herbergi, er húseigandi leigir einhleypum út frá íbúð sinni“. Virðist einsætt, að hvorar tveggja þessar breytingar, ef á kæmust, mundu hafa það í för með sér, að ásókn yrði um það að breyta um notkun húsnæðis, þann veg, að það félli ekki undir húsaleigulögin. Þetta mundi hafa í för með sér, að leiguíbúðum fækkaði frá því, sem nú er, en mestur hörgull er einmitt á þess konar húsnæði.

Húsaleigunefnd telur sanngjarnt og vill mæla með því, að leyft sé að hækka án sérstaks mats í hvert skipti húsaleigu þá, sem goldin og umsamin var 4. apríl 1939, eftir sérstakri vísitölu, er reiknuð sé út af Hagstofu Íslands eða öðrum þar til bærum aðila, og sé vísitalan miðuð við þá hækkun, er orðið hefur frá þeim tíma, eða verða kann, á viðhaldskostnaði húseigna, opinberum sköttum, vöxtum og öðrum kostnaði við rekstur húseigna. En meiri hluti nefndarinnar álítur, að nauðsyn beri til að setja í lögin ákvæði um það, að leiguhækkun sé óheimil, nema skriflegir samningar séu gerðir og þeir lagðir fyrir Húsaleigunefnd til samþykktar, ásamt sönnunum fyrir því, hver leigan hafi verið 4. apríl 1939, svo að hægt sé að fylgjast með því, hverju hækkunin nemur á hverjum tíma. Eftir núgildandi ákvæðum er eingöngu heimil húsaleiguhækkun eftir mati Húsaleigunefndar, en henni mundi vera ókleift, nema með mjög auknu starfsliði og kostnaði, að komast yfir að meta leiguhúsnæði, ef til vill svo þúsundum skiptir, en til slíks gæti komið, ef almennar hækkunarkröfur kæmu fram.

Nefndin telur sig ekki geta mælt með því, að tillit skuli tekið til almennrar dýrtíðarvísitölu við útreikning húsaleiguvísitölunnar. Ef svo væri gert, yrði niðurstaðan hringekja milli hækkunar á húsaleigu og almennrar verðhækkunar.

Þá telur nefndin, að breyting sú, sem frumvarpið gerir ráð fyrir á því, hvernig Húsaleigunefnd skuli skipuð, muni ekki til bóta. Fyrst ber á það að líta, að hér í bænum er enginn félagsskapur leigutaka, hliðstæður Fasteignaeigendafélagi Reykjavíkur. Enn fremur verður að telja, að nokkur trygging sé fyrir því, eins og skipun nefndarinnar er nú fyrir komið, að einstakir nefndarmenn telji sig ekki málsvara annars hvors aðila, heldur að þeim beri að líta hlutlaust á málin.

Um önnur ákvæði frumvarpsins telur nefndin ekki ástæðu til að láta uppi álit sitt.

Annað eintak frumvarpsins ásamt greinargerð fyrir því, er bréfi yðar fylgdu, endursendast hér með.

Virðingarfyllst

Ísleifur Árnason.

Til allsherjarnefndar neðri deildar Alþingis.

Ed. 457. Nefndarálit

um frv. til l. um landnám ríkisins.

Frá landbúnaðarnefnd.

Landbúnaðarnefnd hefur athugað frumvarpið og fellst í öllum höfuðatriðum á efni þess. Þó þykir nefndinni réttara að láta frumvarpið vera í heimildarformi, og leggur því til, að deildin samþykki frumvarpið með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 1. gr. Í stað orðanna „Ríkisstjórnin skal láta“ í upphafi greinarinnar komi: Heimilt er ríkisstjórninni að láta.

Erlendur Þorsteinsson hefur verið veikur og ekki tekið þátt í afgreiðslu nefndarinnar um þetta mál.

Alþingi, 10. maí 1941.

Þorst. Þorsteinsson, form.	Páll Zóphóníasson, frsm.

Ed. 458. Nefndarálit

um frv. til l. um gjaldeyrisvarasjóð og eftirlit með erlendum lántökum.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og er samþykk efni þess.

Nefndin telur, að 2 atriði í frv. séu tæplega nógu skýr: 1) Í fyrri málsgr. 5. gr. er talað um mismun „vaxta þeirra, er bankinn fær af fé gjaldeyrisvarasjóðs, og innlánsvaxta þeirra á sparisjóðsreikningum, sem bankinn greiðir á hverjum tíma". Hér telur nefndin sjálfsagt, að átt sé við hæstu innlánsvexti, þegar svo stendur á eins og nú er, að innlánsvextir á sparisjóðsreikningum eru misjafnir. 2) Í síðari málsgr. 8. gr. er vísað til landsbankalaganna frá 15. apríl 1928, án þess að tilgreina númer þeirra, en réttara hefði verið að tilgreina nr., einkum þar sem tvenn lög um Landsbankann eru frá þessum sama degi. Í frv. er sjáanlega átt við landsbankalög nr. 10 frá 15. apríl 1928. Nefndin telur þó nægilegt að benda á þessi atriði í nefndaráliti og að ekki sé þörf á að bera fram brtt. út af þeim. Leggur hún því til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 10. maí 1941.

Magnús Jónsson, form.	Bernh. Stefánsson, fundaskr., frsm.	Sigurjón Á. Ólafsson.

Nd. 459. Breytingartillaga

við frv. til laga um girðingar til varnar útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og heimild til samþykkta um fjárskipti.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 2. gr. 22. lið. Liðurinn orðist þannig:

Milli Langjökuls og Hofsjökuls nálægt Hvannavallakvísl norðan Hveravalla og Kjalhrauns milli Rjúpnafells og Dúfunefsfells.

Nd. 460. Nefndarálit

um frumv. til l. um breyt. á l. nr. 32 8. sept. 1931, um búfjárrækt.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frumvarp þetta, er gerir dálitlar breytingar á þeim köflum búfjárræktarlaganna, sem fjalla um nautgriparækt og hrossarækt, er í fyrstu samið af búnaðarþingi. Það hefur síðan gengið í gegnum efri deild og tók þar nokkrum breytingum. Helztu breytingar, sem frv. gerir við búfjárræktarlögin, eru þessar:

1. Nautgriparæktarfélögum er heimilað að stofna með sér sambönd, enda standi ekki færri félög en 6 að sambandsstofnuninni með ekki færri en 1000 kýr. Gegn ákveðnum skilyrðum fá sambönd þessi styrk úr ríkissjóði, er nemur 1 kr. á hverja árskú. Þetta getur aldrei orðið nema óverulegur útgjaldaauki fyrir ríkissjóð, en mundi efla nautgriparæktina, ef vel yrði á haldið.
2. Ætlazt er til, að ríkið setji á stofn uppeldis- og kynbótastöð fyrir stóðhesta, þar sem aldir væru upp úrvals kynbótagripir. Ráðgert er, að uppeldisstöð þessi verði í sambandi við væntanlegt tilraunabú atvinnudeildarinnar, og yrði það þá einn þáttur þeirrar starfsemi.

3. Þá er nokkuð breytt til um fyrirkomulag hrossasýninganna. Að undanförnu hefur einungis verið um héraðssýningar að ræða. En með breytingum þessum er lagt til, að teknar verði upp sérstakar sveitasýningar, sem yrðu þá nokkurs konar undirbúningur héraðssýninganna. Kostnaðarauki frá því, sem verið hefur, fyrir ríkissjóð mundi aðeins nema nokkrum hundruðum króna árlega.
4. Þá er það nýmæli tekið upp í frv. þetta, að leyfa búnaðarsamböndum að reka veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar og þolprófun hrossa. Áhættulaust virðist að heimila ráðherra að veita slíkt leyfi, en nokkurn fjárhagslegan stuðning gætu samböndin af þeim haft í vissum tilfellum.
5. Þá er loks lagt til, að verðlagsuppbót verði greidd á styrki, sem greiddir eru samkvæmt búfjárræktarlögunum. Þetta er eðlileg krafa, þar sem styrkir þessir eru því nær eingöngu notaðir til kaupgreiðslna.

Að öllu athuguðu leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGARTILLÖGU:

Við 2. gr. Greinin orðist svo:

36. gr. laganna, sem verður 38. gr., orðist svo:

Heimilt er ráðuneytinu að setja á stofn uppeldisstöð fyrir stóðhesta og starfrækja undir umsjón og eftirliti Búnaðarfélags Íslands.

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, um starfrækslu uppeldisstöðvarinnar.

Alþingi, 12. maí 1941.

Bjarni Ásgeirsson, form. Jón Pálmason, fundaskr. Steingr. Steinþórsson, frsm.

Ásg. Ásgeirsson. Pétur Ottesen.

Ed. 461. Breytingartillögur

við frv. til l. um viðauka við lög nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar.

Frá félagsmálaráðherra.

1. Á eftir 2. gr. frv. komi ný grein, er verði 3. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatala frv. samkv. því):

   Í 2. mgr. 12. gr. laganna falli burtu orðin „en slíkar breytingar koma ekki til framkvæmda fyrr en með byrjun næsta almanaksárs á eftir.
2. Fyrirsögn frv. verði: Frumvarp til laga um viðauka og breytingar á lögum nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar.

Nd. 462. Lög

um breyting á lögum nr. 27 13. jan. 1938, um vátryggingarfélög fyrir vélbáta.

(Afgreidd frá Nd. 12. maí.)

Samhljóða þskj. 406.

Ed. 463. Lög

um breyting á lögum nr. 12 9. jan. 1935, um iðnlánasjóð.

(Afgreidd frá Ed. 12. maí.)

Samhljóða þskj. 375.

Nd. 464. Breytingartillaga

við frv. til l. um eyðingu svartbaks.

Frá Garðari Þorsteinssyni og Jóh. G. Möller.

1. 2. og 3. gr. falli burt.
2. Síðari málsgr. 5. gr. falli burt.

Nd. 465. Breytingartillaga

við frv. til l. um eyðingu svartbaks.

Frá Pétri Ottesen.

Aftan við 4. gr. bætist: og skiptist sú upphæð milli ríkissjóðs, sýslu og hrepps í réttu hlutfalli við þátttöku þessara aðila í kostnaðinum.

Ed. 466. Frumvarp til laga

um eyðingu svartbaks.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Næstu tvö ár (24 almanaksmánuði) eftir gildistöku laga þessara skal greiða tvær krónur fyrir dráp hvers svartbaks (veiðibjöllu) eða fleygs svartbaksunga, annarra en þeirra, sem drepnir eru með eitri.

Sá, er drepið hefur svartbak eða fleygan svartbaksunga, skal sanna það fyrir lögreglustjóra eða hreppstjóra með því að afhenda hægri væng fuglsins, vilji hann hljóta verðlaun fyrir samkvæmt ákvæðum greinar þessarar.

2. gr.

Umráðendur æðarvarps skulu á vorin eitra fyrir svartbak í varplöndunum, eftir nánari fyrirmælum, sem dómsmálaráðuneytið setur með reglugerð.

3. gr.

Bannað er að hagnýta á nokkurn hátt svartbaka, sem finnast dauðir eða vitanlegt er, að hafa drepizt af eitri, og skulu þeir grafnir tafarlaust þar sem þeir finnast.

Brot gegn ákvæðum 2. og 3. gr. varða 100—1000 kr. sektum.

4. gr.

Ríkissjóður greiðir laun þau, er 1. gr. ákveður, en sýsla og hreppur, sem svartbakur eða fleygur svartbaksungi er drepinn í, skulu endurgjalda ríkissjóði hluta af launanum: sýslan 25% en hreppurinn 20%. Auk þess skulu þeir, er æðardúnstekju hafa, greiða ríkissjóði eina krónu fyrir hvert hreinsað kg æðardúns, er þeim fellur næstu fimm ár eftir gildistöku laga þessara, og skiptist sú upphæð milli ríkissjóðs, sýslu og hrepps í réttu hlutfalli við þátttöku þessara aðila í kostnaðinum.

5. gr.

Sá, er með skotum vill eyða svartbaki eða fleygum svartbaksungum, má gera það hvar sem er. Þó eigi í friðlýstum varplöndum eða innan tveggja km frá þeim.

Eigi heldur nálægt friðlýstum selalátrum eða á friðlýstum höfnum, nema leyft sé af þeim, er þar á að ráða.

Ef menn ætla að drepa svartbak eða fleyga svartbaksunga í ábýlislandi annars manns, skal ábúanda tilkynnt það, og honum gefinn kostur á að fylgjast með veiðinni.

6. gr.

Skylt er hverjum búanda að eyða öllum eggjum svartbaks eða ófleygum svartbaksungum í ábýlislandi sínu, og öðrum þeim löndum, er hann ræður yfir, ef þess er kostur. Vanræki ábúandi þessa skyldu sína, varðar það sektum frá 50—1000 kr. Sektir renna í sjóð sveitar þeirrar, er hlut á að máli.

7. gr.

Meðan lög þessi gilda, frestast framkvæmd laga nr. 66 23. júní 1936.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 467. Frumvarp til laga

um raforkusjóð.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist raforkusjóður. Tilgangur sjóðsins er að veita lán til að gera raforkuver og raforkuveitur á þeim stöðum, sem ekki hafa rafmagn frá vatnsaflsstöðvum, þegar lög þessi öðlast gildi.

2. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Framlög frá ríkissjóði, a. m. k. 100 þús. kr. árlega á næstu 10 árum.
2. Árlegt gjald frá rafveitum, sem reistar hafa verið og reistar verða og hafa vatnsafl til orkuframleiðslu. Skulu rafveiturnar greiða til sjóðsins eftir þessum reglum:
   a. Fyrstu 3 árin eftir að stöð er reist er hún gjaldfrjáls.
   b. Næstu 5 árin greiðist 2 kr. á ári fyrir hvert kilowatt í málraun rafals í hverri vélasamstæðu.
   c. Önnur 5 árin greiðist 4 kr. á ári á sama hátt, og úr því 6 kr. á ári.

   Gjald þetta greiðist þó ekki af vélasamstæðum, sem hafa minna afl en 150 kw.
3. Vextir af sjóðnum, er leggjast við höfuðstólinn.

3. gr.

Gjöld þau, er um getur í 2. lið 2. gr., skulu greiðast raforkusjóði 31. des. ár hvert, og fylgir þeim lögtaksréttur.

4. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán, allt að 5 millj. króna, handa raforkusjóði, til stuðnings þeirri starfsemi, sem honum er ætluð samkvæmt lögum þessum.

5. gr.

Búnaðarbanki Íslands hefur á hendi ákvarðanir um lán úr raforkusjóði, að fengnum tillögum trúnaðarmanna ríkisstjórnarinnar um rafveitumál, og ann-

ast stjórn hans og rekstur fyrir þóknun, er ráðherra ákveður með samkomulagi við stjórn bankans. Þóknunin greiðist úr sjóðnum.

6. gr.

Lán úr raforkusjóði mega nema allt að 4/5 stofnkostnaðar orkuvers eða orkuveitu, og má lánstíminn vera allt að 23 ár. Lán mega vera afborgunarlaus fyrstu 3 ár lánstímans, og skulu vextir vera 3% — þrír af hundraði — á ári.

7. gr.

Til tryggingar fyrir lánum úr raforkusjóði skal vera:

1. Orkuverið og orkuveitan, sem lán er veitt til, með öllum réttindum.
2. Aðrar þær tryggingar, er stjórn sjóðsins metur gildar.

8. gr.

Raforkusjóður er undanþeginn tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum til ríkis, sveitar- og bæjarfélaga.

9. gr.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um sjóðinn og rekstur hans.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 468. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Fyrir „eitt ár“ í 2. málsl. 1. málsgr. 4. gr. laganna komi: fimm ár.

2. gr.

Aftan við 3. málsgr. 13. gr. laganna bætist nýr málsliður, svo hljóðandi: Ráðherra setur, eftir tillögum veiðimálastjóra og með samþykki veiðimálanefndar, reglur um þau veiðitæki, sem nota má við slíka veiði.

3. gr.

Aftan við 3. málsgr. 16. gr. laganna bætist orðin: og stöng.

4. gr.

Á eftir 31. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

1. Við stangarveiði má aðeins nota agn, lifandi eða dautt, sem fiskurinn eltir og tekur, en aldrei má við slíka veiði nota krók né neitt annað, er festir í fiskinum að honum óvörum og án þess að hann elti það.

2. Nú á maður, sem stangarveiði stundar, eigi rétt til veiði nema öðrum megin í á, og er honum þá aðeins heimilt að standa að veiðinni þeim megin árinnar, en rétt er honum þó að bjarga fiski að hinu landinu, ef hentara er.

3. Ráðherra getur, með samþykki veiðimálastjóra og veiðimálanefndar, sett reglur um stangarveiði, og má þar ákveða, hversu margar stengur hafa megi í senn í veiðivatni og veiðitíma þeirra á sólarhring hverjum, enda teljist slík takmörkun nauðsynleg til verndar fiskistofni vatnsins.

4. Nú rís ágreiningur um skiptingu veiðitíma, veiðistaði eða leigu eftir veiði milli notenda veiðiréttar í vatni slíku, er ræðir um í 3. málsgr., og er þá þeim, er telur sig vanhaldinn, rétt að krefjast úrskurðar með matsgerð, samkv. 83. gr. laga þessara.

5. gr.

Aftan við 1. málsgr. 68. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi (og breytist málsgreinatala samkv. því):

2. Nú tekur veiðifélag aðeins til laxveiði, og getur ráðherra þá, eftir tillögum veiðimálanefndar og veiðimálastjóra, sett ákvæði um veiðiaðferðir og gerð þeirra veiðitækja, sem nota má til silungsveiði á félagssvæðinu.

6. gr.

70. gr. laganna orðist svo:

1. Nú vill fiskræktarfélag taka upp félagsveiði, og er það heimilt, ef fullnægt er skilyrðum laga þessara um stofnun veiðifélags.

2. Nú vill veiðifélag stunda fiskrækt, og er það heimilt, en ekki nýtur félagið réttinda þeirra, er ræðir um í 79.—82. gr. laga þessara, nema ráðherra samþykki, að fengnum tillögum veiðimálanefndar.

7. gr.

a. 1. málsgr. 83. greinar laganna orðist sem hér segir:

1. Nú greinir menn á um takmörk fiskihverfis, vatns eða hluta vatns, svo sem óss, leiru, áls, kvíslar, foss, lagnar eða veiðistaðar, um það, hvar aðalstraumlína ár sé, hvað teljast skuli kvísl eða áll eða um önnur slík ákvæði laga þessara, og skal þá skera úr þeim ágreiningi með matsgerð.

b. 3. málsgr. sömu greinar orðist svo:

3. Mati má skjóta til yfirmats innan 6 vikna frá birtingu matsgerðar. Í yfirmati eiga sæti 3 menn, er ráðherra skipar til 5 ára í senn, og skal einn þeirra valinn meðal dómara hæstaréttar, en annar eftir tilnefningu veiðimálanefndar.

8. gr.

90. gr. laganna orðist þannig:

Brot þau, er ræðir um í a—b-liðum 87. gr. og 88. gr., teljast fullframin jafnskjótt og veiðarfærin eru komin að veiðistað, nema sannað sé, að þau hafi verið flutt þangað í lögmætum tilgangi.

9. gr.

95. gr. laganna falli burt.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 469. Nefndarálit

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýms gjöld 1942 með viðauka.

Frá fjárhagsnefnd.

Hér er ekki um annað að ræða en framlengingu á gjaldi, sem gilt hefur undanfarin ár, og mælir nefndin með því, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 12. maí 1941.

Magnús Jónsson, form., frsm.	Bernharð Stefánsson, fundaskr.	Sigurjón Á. Ólafsson.

Ed. 470. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Við 3. gr. Aftan við greinina kemur ný grein, er verður 4. gr., svo hljóðandi:
Við „Ákvæði um stundarsakir" bætast eftirfarandi stafliðir:

d. Til ársloka 1942 skulu eftirfarandi vörur tollskrárinnar vera tollfrjálsar:
Nr. 11 í 7. kafla: Baunir, ertur og linsur.
Nr. 1—7 í 10. kafla: Hveiti, rúgur, ris með hýði eða án hýðis, bygg, hafrar, maís og annað ómalað korn.
Nr. 1—12 í 11. kafla: **Mjöl:** úr hveiti, úr rúgi, úr ris, úr byggi, úr höfrum, úr maís, annað, ót. a. **Grjón:** úr hveiti, úr byggi, úr höfrum, úr ris, önnur, ót. a.

e. Til sama tíma skulu eftirfarandi vörur tollast með helmingi þeirra tolla, er í tollskránni greinir (N, 1 kg., 10 a. vörumagnstollur og 5% verðtollur):
Nr. 1—6 í 17. kafla: **Sykur:** strásykur, höggvinn sykur (molasykur), sallasykur (flórsykur), púðursykur, steinsykur (kandís) og toppasykur.

Nd. 471. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 3 9. jan. 1935, um verkamannabústaði, og lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

2. liður 3. gr. laganna orðist svo:
Ríkissjóður leggur árlega í sjóðinn kr. 150000.00, en jafnframt fellur niður tillag til sjóðsins samkv. 14. gr. l. nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki.
Við sömu lagagrein bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
Meðan vísitala kauplagsnefndar er 110 eða hærri, skulu framlög ríkissjóðs og bæjar- og sveitarsjóða til byggingarsjóðs samkv. 1. og 3. tölulið hækka til samræmis við vísitölu kauplagsnefndar 1. október það ár, sem framlagið ber að greiða.

2. gr.

Aftan við 3. tölulið 6. gr. laganna bætist:
Meðan vísitala kauplagsnefndar er 110 eða hærri, skal þó miða við upphæðir þessar hækkaðar í samræmi við meðalvísitölu næsta árs á undan.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar og taka til framlaga til sjóðsins á árinu 1941.

Nd. 472. Lög

um breyting á lögum nr. 37 frá 19. maí 1930, um skráning skipa.

(Afgreidd frá Nd. 12. maí.)

Samhljóða þskj. 227.

Nd. 473. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 39 28. jan. 1935, um breyting á lögum nr. 46 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Annar málsliður 1. mgr. 1. gr. laganna orðist svo:

En upphæð meðalmeðgjafa með óskilgetnum börnum ákveður félagsmálaráðuneytið, að fengnum tillögum sýslunefnda og bæjarstjórna, fyrir hvert sveitarfélag um eitt ár í senn, og skal miða meðalmeðgjöf við aldur barna hinn sama á öllu landinu. Meðlagsárið er frá 1. ágúst ár hvert til 31. júlí næsta ár á eftir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 474. Frumvarp til laga

um greiðslu verðlagsuppbótar á styrk til héraðs-, gagnfræða- og húsmæðraskóla.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Greiða skal verðlagsuppbót á styrk þann, sem greiða ber samkvæmt lögum nr. 33 1940, um héraðsskóla, lögum nr. 60 1938, um húsmæðrafræðslu í sveitum, og lögum nr. 48 1930, um gagnfræðaskóla.

2. gr.

Ríkissjóður og hlutaðeigandi bæjarsjóður greiða hvor um sig sömu verðlagsuppbót á þann styrk, er þeim ber að greiða viðkomandi skóla, og greidd er á sama tíma og skólarnir starfa á laun embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins og ríkisstofnana, þó með þeirri undantekningu, að ekki gildi ákvæðin um hámarkstölu þá, er um getur í 3. gr. téðra laga.

3. gr.

Ákvæði þessara laga gilda frá 1. janúar 1941.

Nd. 475. Breytingartillaga

við frv. til l. um girðingar til varnar útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og heimild til samþykkta um fjárskipti.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 4. gr.

1. málsl. greinarinnar orðist svo:

Meðan þörf er girðinga þeirra, er um ræðir í 2. gr., til varnar gegn fjársamgöngum í því skyni að hefta útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma, skal viðhald og endurbygging girðinganna greitt að ⅔ úr ríkissjóði og ⅓ úr hlutaðeigandi sýslusjóðum.

Ed. 476. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 1 5. jan. 1938, um síldarverksmiðjur ríkisins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist: Skal verksmiðjugjaldið áætlað í fjárhagsáætluninni áður en útsvör eru ákveðin.

Nd. 477. Breytingartillaga

við frv. til l. um jarðakaup ríkisins vegna kauptúna og sjávarþorpa.

Frá Skúla Guðmundssyni og Haraldi Guðmundssyni.

Við 6. gr. Aftan við b-lið bætist:
Skal þá sá hreppur, er landið fær, bæta hinum hreppnum tekjurýrnunina, eftir mati dómkvaddra manna, nema samkomulag náist.

Nd. 478. Frumvarp til laga

um veiting ríkisborgararéttar.

(Lagt fyrir Alþingi 1941.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Andersen, Victor Strange, verkstjóri í Reykjavík, fæddur í Danmörku.
2. Bremnes, Johan Jörgensen, bóndi að Búlandsnesi í S.-Múlasýslu, fæddur í Noregi.
3. Eiríkur Guðmundsson, námsmaður í Reykjavík, fæddur í Englandi.
4. Hansen, Einar Kristofferson, sjómaður í Hólmavík, fæddur í Noregi.
5. Hansen, Hans Thorvald Henry, veitingaþjónn í Reykjavík, fæddur í Danmörku.
6. Hobbs, Helga Phyllis, skrifstofustúlka í Reykjavík, fædd í Englandi.
7. Malmberg, Ejnar Oluf, kaupmaður í Reykjavík, fæddur í Danmörku.
8. Nielsen, Olaf Peder, rafvirkjameistari í Reykjavík, fæddur í Danmörku.
9. Petersen, Martin, námsmaður í Reykjavík, fæddur á Íslandi.
10. Rasmussen, Ivan Hugo, rennismiður í Reykjavík, fæddur í Kaupmannahöfn.
11. Rokstad, Emil Johan Hansen, kaupmaður í Reykjavík, fæddur í Noregi.
12. Schwinn, Liselotte Elisabeth, skrifstofustúlka í Reykjavík, fædd í Þýzkalandi.
13. Tromberg, Grímur, námsmaður í Reykjavík, fæddur í Kanada.
14. Tromberg, Kristján, verkamaður í Reykjavík, fæddur í Kanada.
15. Zebitz, Frederik Wilhelm Henry, rafvirki í Reykjavík, fæddur í Danmörku.
16. Þórarinn Jónsson, hárskeri á Seyðisfirði, fæddur á Íslandi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Allir þeir, sem öðlast íslenzkan ríkisborgararétt samkvæmt frumvarpi þessu, hafa dvalið hér á landi meir en 10 undanfarin ár, nema Þórarinn Jónsson, sem dvalið hefur hér rúm 7 ár, en hann er fæddur af íslenzkum foreldrum.

Þá Þórarinn Jónsson, Joh. Bremnes, Ejnar Malmberg, Henry Tr. Hansen, Ivan H. Rasmussen, Einar Hansen, Victor S. Andersen og E. J. H. Rokstad vantar hegningarvottorð frá útlöndum, en þar sem menn þessir hafa allir, nema Þórarinn Jónsson, dvalið hér meir en 10 ár og hegðað sér vel þann tíma, og nú er mjög örðugt og í sumum tilfellum ómögulegt að fá hegningarvottorð frá útlöndum vegna ófriðarins, þá þykir ekki rétt að gera það að skilyrði í þetta skipti.

Þess skal getið, að Martin Petersen er aðeins 15 ára, en móðir hans hefur samþykkt að hann verði íslenzkur ríkisborgari. Faðir hans er dáinn.

Ed. 479. Nefndarálit

um frv. til laga um kirkjuþing íslenzku þjóðkirkjunnar.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Frv. þetta gerir ráð fyrir föstu þingi, sem kostað sé af ríkisfé, vegna þjóðkirkjunnar. Fram að þessu hafa hinar ýmsu stéttir haldið landssamkomur hver fyrir sig og fulltrúarnir greitt sjálfir kostnaðinn. Ef ein stétt tæki að halda þing með þessum hætti, myndu sennilega allar launastéttir landsins fylgja í kjölfarið. Myndi af slíkri tilbreytni verða allmikill kostnaður.

Mér sýnist þessi leið varhugaverð, bæði sökum fordæmis og tilkostnaðar. Þó hygg ég hitt öllu varhugaverðara, að skipta þjóðfélaginu í ótal stéttarþing. Myndi þá lítið eftir af verkum Alþingis nema að samþykkja kröfur hinna mörgu ábyrgðarlausu stéttarfunda.

Lýðræðisþjóðfélög nútímans eiga engan hættulegri óvin heldur en stéttaskiptinguna. Þar sem svo er komið, að hver einstök stétt er svo mjög önnum kafin við sín eigin mál og sína eigin hagsmuni, verður eftir lítil orka til að styðja þjóðfélagið, sem er þó hin sameiginlega bygging allra þegnanna.

Kirkjan á Íslandi þarf aukna andlega orku frá forráðamönnum sínum og leiðtogum, en ekki stéttarþing. Er þess skemmst að minnast, að við guðfræðideild háskólans starfaði mikill kennimaður, sem hafði vekjandi áhrif á mikinn hluta þjóðarinnar. Svo þarf enn að vera. Guðfræðideild háskólans, biskup landsins og prestastétt hafa mikil andleg verkefni að vinna, án þess að breyta skipulagi kirkjunnar.

Alþingi, 12. maí 1941.

Jónas Jónsson.

Ed. 480 Nefndarálit

um frv. til l. um kirkjuþing íslenzku þjóðkirkjunnar.

Frá meiri hluta menntamálanefndar.

Nefndin hefur ekki orðið ásátt um mál þetta. Tveir undirritaðir nefndarmenn (ÁJ og SÁÓ) vilja samþykkja frv. Þriðji nefndarmaður (JJ) er andvígur frv.

Alþingi, 13. maí 1941.

Árni Jónsson, fundaskr., frsm. Sigurjón Á. Ólafsson.

Ed. 481. Frumvarp til laga

um heimild til að innheimta skemmtanaskatt í þjóðleikhússjóð með viðauka.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

Skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 31. maí 1927 er frá og með 1. janúar 1942 heimilt að innheimta af kvikmyndasýningum með 80% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi. Þó skulu leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álagningunni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkvæmt ósk kennslumálaráðherra, og fylgdu því svo felldar athugasemdir:

Ríkisstjórnin mun ekki leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um, að tekjur eftir lögum nr. 56 31. maí 1927 renni í ríkissjóð. Ef slíkt frumvarp verður ekki lagt fram, hverfa þessar tekjur á árinu 1942 aftur til þjóðleikhússjóðs og umsjá laganna um skemmtanaskatt og þjóðleikhús undir dóms- og kirkjumálaráðuneytið.

Nd. 482. Frumvarp til laga

um sparisjóði.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Sparisjóðir hafa það markmið að taka við innlánsfé og geyma það og ávaxta á sem tryggastan hátt, svo sem nánar er fyrir mælt í lögum þessum, án þess stofnendur eða aðrir eigendur og ábyrgðarmenn hafi rétt til ágóða af rekstrarafgangi starfseminnar.

Sparisjóði má ekki nefna aðrar stofnanir eða sjóði en þá, sem fullnægja ákvæðum laga þessara, og mega engar aðrar stofnanir reka nein sparisjóðsstörf án sérstakrar lagaheimildar.

2. gr.

Ekki má stofna sparisjóði nema með leyfi ráðherra þess, er fer með bankamál, enda hafi umsagnar sparisjóðseftirlitsins áður verið leitað. Stofnendur geta verið félag einstakra manna, bæjarfélag, sýslufélag og hreppsfélag, að fengnu leyfi sýslunefndar.

3. gr.

Þegar stofna á nýjan sparisjóð, ber að senda ráðuneyti því, er fer með bankamál, samþykktir sjóðsins til staðfestingar, og má sjóðurinn ekki taka til starfa fyrr en staðfesting er fengin.

Í samþykktum sparisjóðs skulu meðal annars vera ákvæði:

a. Um stofnfé, tryggingarfé og ábyrgðir.
b. Um stjórn sjóðsins og starfrækslu.
c. Um móttöku sparifjár, þar á meðal hámark innstæðu einstakra viðskiptamanna, hámark útborgana á sparifé og hvaða fresti sjóðurinn áskilur sér um uppsögn og greiðslu á því.

d. Um vaxtagreiðslu af sparifé.
e. Um lán úr sjóðnum.
f. Um ágóða sjóðsins og varasjóð.
g. Um endurskoðun og úrskurð á reikningum sjóðsins.
h. Um hvernig samþykktum sjóðsins geti orðið breytt svo að löglegt sé.

4. gr.

   b. útvega sýningarstað fyrir héraðssýningar, og skal staðurinn valinn og útbúinn fyrir sýninguna í samráði við hrossaræktarráðunaut Búnaðarfélags Íslands.
   c. tilnefna sýningarstjórn á héraðssýningar, sem sé skipuð þrem mönnum. Hún sér um, að sýningin fari skipulega fram, aðstoðar dómnefndir og annast um aðra þátttöku sambandsins í sýningunni.
3. Sýslunefndir, er kjósa tvo menn í dómnefnd á héraðssýningar innan sinna vébanda.
4. Hrossaræktarfélög, eða þar, sem þau eru ekki, hreppabúnaðarfélög, sem útvega sýningarstaði fyrir sveitasýningar, eftir fyrirmælum búnaðarsambandanna, og tilnefna tvo menn í dómnefnd á þær.

Ríkissjóður veitir búnaðarsamböndunum styrk til að standast kostnað af sveitasýningunum, er nemur kr. 0.50 á hvert sýnt hross.

Til verðlauna á hverja héraðssýningu leggur ríkissjóður 10 aura fyrir hvert framtalið hross í sýningarumdæminu, en þó aldrei minna en kr. 250.00 til hverrar sýningar, enda séu þær ekki fleiri en ein í hverri sýslu, gegn jöfnu framlagi frá hlutaðeigandi sýslusjóði eða sýslusjóðum. Auk þess greiðir ríkissjóður kr. 20.00 til viðbótar hverju I. verðlauna hrossi. Sú kvöð fylgir I. verðlaunum á stóðhesta, að þeir skuli notaðir til undaneldis næstu 3 ár eftir að verðlaunin voru greidd. Heimilt er að verja allt að kr. 200.00 af ríkissjóðsfé til hverrar héraðssýningar, til verðlauna á hrossin, er fram úr skara við þolprófun. Dómnefndarmönnum greiðist þóknun fyrir starf sitt úr sýslusjóði. Búnaðarfélag Íslands setur nánari reglur um framkvæmd þessara sýninga.

4. gr.

Á eftir 38. gr. laganna komi ný grein, sem verður 41. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatalan eftir því):

Landbúnaðarráðherra er heimilt að veita búnaðarsamböndum leyfi til að reka veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar og þolprófun sýndra hrossa á héraðssýningum, með skilyrðum, er ákveðin verði í reglugerð, sem ráðherra setur. Áskilja skal í reglugerðinni, að ⅓ hlutar veðfjárins skuli endurgreiðast vinnendum, en ⅓ þess skal varið til verðlauna á þeim hrossum, sem standa sig bezt í keppninni. ⅓ fjárins fær búnaðarsambandið til að standast kostnað af sýningunum, og verði afgangur af því fé, skal honum varið til hrossaræktarstarfsemi sambandsins.

5. gr.

Á eftir VI. kafla laganna komi nýr kafli, sem verður VII. kafli og orðist svo:

Ákvæði til bráðabirgða.

93. gr.

Meðan greidd er verðstuðulsuppbót á laun starfsmanna ríkisins, skal greiða verðstuðulsuppbót á allar greiðslur samkvæmt þessum lögum, aðrar en verðlaunaveitingar á sýningum. Skal verðstuðulsuppbótin reiknuð eftir þeirri vísitölu, sem notuð er við ákvörðun verðstuðulsuppbótar til starfsmanna ríkisins á hverjum tíma.

Nd. 510. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Fyrir „eitt ár“ í 2. málsl. 1. málsgr. 4. gr. laganna komi: fimm ár.

2. gr.

Aftan við 3. málsgr. 13. gr. laganna bætist nýr málsliður, svo hljóðandi: Ráðherra setur, eftir tillögum veiðimálastjóra og með samþykki veiðimálanefndar, reglur um þau veiðitæki, sem nota má við slíka veiði.

3. gr.

Aftan við 3. málsgr. 16. gr. laganna bætist orðin: og stöng.

4. gr.

Á eftir 31. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

1. Við stangarveiði má aðeins nota agn, lifandi eða dautt, sem fiskurinn eltir og tekur, en aldrei má við slíka veiði nota krók né neitt annað, er festir í fiskinum, að honum óvörum og án þess að hann elti það.

2. Nú á maður, sem stangarveiði stundar, eigi rétt til veiði nema öðrum megin í á, og er honum þá aðeins heimilt að standa að veiðinni þeim megin árinnar, en rétt er honum þó að bjarga fiski að hinu landinu, ef hentara er.

3. Ráðherra getur, með samþykki veiðimálastjóra og veiðimálanefndar, sett reglur um stangarveiði, og má þar ákveða, hversu margar stengur hafa megi í senn í veiðivatni og veiðitíma þeirra á sólarhring hverjum, enda teljist slík takmörkun nauðsynleg til verndar fiskistofni vatnsins.

4. Nú rís ágreiningur um skiptingu veiðitíma, veiðistaði eða leigu eftir veiði milli notenda veiðiréttar í vatni slíku, er ræðir um í 3. málsgr., og er þá þeim, er telur sig vanhaldinn, rétt að krefjast úrskurðar með matsgerð samkv. 83. gr. laga þessara.

5. gr.

Aftan við 1. málsgr. 68. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi (og breytist málsgreinatala samkv. því):

2. Nú tekur veiðifélag aðeins til laxveiði, og getur ráðherra þá, eftir tillögum veiðimálanefndar og veiðimálastjóra, sett ákvæði um veiðiaðferðir og gerð þeirra veiðitækja, sem nota má til silungsveiði á félagssvæðinu.

6. gr.

70. gr. laganna orðist svo:

1. Nú vill fiskræktarfélag taka upp félagsveiði, og er það heimilt, ef fullnægt er skilyrðum laga þessara um stofnun veiðifélags.

2. Nú vill veiðifélag stunda fiskrækt, og er það heimilt, en ekki nýtur félagið rétt-

inda þeirra, er ræðir um í 79.—82. gr. laga þessara, nema ráðherra samþykki, að fengnum tillögum veiðimálanefndar.

7. gr.

a. 1. málsgr. 83. greinar laganna orðist sem hér segir:

1. Nú greinir menn á um takmörk fiskihverfis, vatns eða hluta vatns, svo sem óss, leiru, áls, kvíslar, foss, lagnar eða veiðistaðar, um það, hvar aðalstraumlína ár sé, hvað teljast skuli kvísl eða áll eða um önnur slík ákvæði laga þessara, og skal þá skera úr þeim ágreiningi með matsgerð.

b. 3. málsgr. sömu greinar orðist svo:

3. Mati má skjóta til yfirmats innan 6 vikna frá birtingu matsgerðar. Í yfirmati eiga sæti 3 menn, er ráðherra skipar til 5 ára í senn, og skal einn þeirra valinn meðal dómara hæstaréttar, en annar eftir tilnefningu veiðimálanefndar.

8. gr.

90. gr. laganna orðist þannig:

Brot þau, er ræðir um í a—b-liðum 87. gr. og 88. gr., teljast fullframin jafnskjótt og veiðarfærin eru komin að veiðistað, nema sannað sé, að þau hafi verið flutt þangað í lögmætum tilgangi.

9. gr.

95. gr. laganna falli burt.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

11. gr.

Þá er lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra, ásamt meginmáli laga nr. 79 23. júní 1936, laga nr. 28 13. jan. 1938, laga nr. 50 11. júní s. á., laga nr. 23 12. júní 1939 og laga nr. 62 7. maí 1940 inn í lög nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði, og gefa þau út svo breytt.

Nd. 511. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 1 5. jan. 1938, um síldarverksmiðjur ríkisins.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Í stað orðanna „þó ekki yfir 25% af útsvörum viðkomandi bæjar- eða sveitarfélags það ár“ í 14. gr. laganna komi: þó má gjald þetta ekki nema hærri upphæð en sem svarar samanlögðum útsvörum annarra gjaldenda í viðkomandi bæjar- eða sveitarfélagi það ár. Skal verksmiðjugjaldið áætlað í fjárhagsáætluninni áður en útsvör eru ákveðin.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 512. Lög

um breyting á 88. og 95. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 frá 12. febr. 1940.

(Afgreidd frá Ed. 14. maí.)

Samhljóða þskj. 445.

Ed. **513. Lög**

um bæjarstjórn á Akranesi.

(Afgreidd frá Ed. 14. maí.)

Samhljóða þskj. 325.

Ed. **514. Landskiptalög.**

(Afgreidd frá Ed. 14. maí.)

Samhljóða þskj. 392.

Ed. **515. Lög**

um læknisvitjanasjóði.

(Afgreidd frá Ed. 14. maí.)

Samhljóða þskj. 254.

Nd. **516. Þingsályktun**

um vegavinnu í sumar.

(Afgreidd frá Nd. 14. maí.)

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að haga svo vegavinnu í sumar, að unnið verði fyrir og eftir slátt, en gert hlé á vegavinnunni, eftir því sem unnt er, meðan bændum er mest þörf vinnuafls til heyöflunar.

Nd. **517. Frumvarp til laga**

um varnir gegn útbreiðslu nokkurra næmra sauðfjársjúkdóma og stuðning til bænda er bíða tjón af þeim.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

Samhljóða þskj. 295 með þessari breytingu:

26. gr. hljóðar svo:

Allur kostnaður við girðingar og vörzlur, sem um ræðir í 8.—11. grein, sem ekki greiðist af viðkomandi héruðum, greiðist að $^3/_5$ hlutum úr ríkissjóði, en $^2/_5$ sé jafnað niður á alla sauðfjáreigendur á ósýktum svæðum. Landbúnaðarráðuneytið jafnar gjaldi þessu árlega niður eftir síðasta fjárframtali á þau sýslufélög eða hluta úr þeim, er þátt taka í greiðslunni, en þó ekki hærri fjárhæð á ári hverju en sem svarar 10 aur. á kind. Sýslumenn jafna gjaldinu milli hreppa eftir sömu reglu og innheimta það með sýslusjóðsgjöldum.

Nú lætur framkvæmdanefnd rannsaka sauðfé í öryggisskyni á svæði, er reynist ósýkt, og skulu bændur þar undanþegnir 10 aura gjaldi það ár, er rannsóknin fer fram, enda hafi sveitarstjórnin kostað mann við rannsóknirnar.

Nd. 518. Nefndarálit

um frumvarp til laga um afla- og útgerðarskýrslur.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frumvarp þetta, sem var flutt í efri deild að tilhlutan Fiskifél. Íslands, miðar að því, að söfnun skýrslna um fiskafla o. fl. geti gengið greiðara en verið hefur, jafnhliða því að þær fáist sem nákvæmastar og áreiðanlegastar. Nefndin telur nauðsynlegt, að skýrslugerð þessi verði svo fullkomin sem kostur er á, og mælir því með, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 14. maí 1941.

Finnur Jónsson, form. Sig. E. Hlíðar, fundaskr. Jón Ívarsson, frsm.
Sigurður Kristjánsson. Gísli Guðmundsson.

Nd. 519. Tillaga til þingsályktunar

um undirbúning kirkjubygginga í Skálholti og á Þingvöllum.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson, Sveinbjörn Högnason, Bjarni Bjarnason.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara, í samráði við biskup landsins, undirbúning til endurreisnar kirkjunum í Skálholti og á Þingvöllum.

Skal við undirbúning þennan sérstaklega taka tillit til þarfa safnaðanna og söguhelgi staðanna.

Skulu gerðir uppdrættir og kostnaðaráætlanir að framkvæmdum þessum, og verði þeim lokið fyrir næsta Alþingi.

Greinargerð.

Tveir merkustu staðir íslenzkrar kristni eru vafalítið Skálholt og Þingvellir, en um leið eru þeir einnig merkustu sögustaðir þjóðarinnar allrar. Það lætur því að líkum, að marga fýsir að sjá staði þessa, bæði innlenda menn og erlenda, sem unna sögulegum minjum þjóðarinnar. Enda er ferðamannastraumurinn mikill ár hvert, sem stefnir til þessara staða. — En það er skemmst frá að segja, að hvað Skálholti viðvíkur, þá er það einn órækasti vottur um hirðuleysi og skeytingarleysi þjóðarinnar við sögulegar minjar sínar, bæði hvað sögu og kristni landsins viðvíkur. Fátt sem ekkert hefur þar verið gert til að vernda söguhelgi staðarins, og þar er nú ein af óásjálegustu sveitakirkjum þessa lands, altaristöflulaus og rúin öllu skrauti og dýrgripum. Þarna stóð áður veglegasta kirkja landsins og höfuðból íslenzkrar kristni um margar aldir. Engin þjóð, sem virðingu ber fyrir sjálfri sér og sögu sinni, myndi þola slíkt hirðuleysi stundinni lengur. Enda segir það sig sjálft, að fátt telja erlendir menn, sem til þessa þekkja, fremur lýsa hirðuleysi þjóðarinnar og ræktarleysi.

Um Þingvelli gegnir nokkuð öðru máli. Þar hefur þegar mikið verið gert til verndar staðnum og helgi hans. En hvað kirkjuna áhrærir má svipað segja og um Skálholt. Hún er hrörleg mjög og í slæmu ástandi og bendir lítt til þess, að þarna hafi ein merkilegasta kristnitaka veraldarinnar farið fram og þjóðin öll sam-

þykkt að hlíta kristnum sið, svo að ein lög og einn siður urðu í landinu. Á Þingvöllum hefur nú verið ákveðinn grafreitur merkustu manna þjóðarinnar, og gerir það auknar kröfur um sæmilegt kirkjuhald staðarins.

Af því, sem hér er sagt, má það ljóst vera, að endurreisa verður kirkjurnar í Skálholti og á Þingvöllum svo fljótt sem kostur er. Hins vegar ætlast flutningsmenn þessarar tillögu eigi til þess, að þessar kirkjur verði endurreistar þannig, að þær verði minnismerki ein, sem eytt er til of fjár, en séu svo utan tengsla hins lifaða lífs, heldur sé miðað við kirkjuþörf staðanna, hvors um sig, eins og hún er nú eða líklegt er, að hún verði í framtíðinni, en þess um leið gætt, að öll gerð þeirra og frágangur sé þannig, að þær veki fornar minningar og séu helgi staðanna samboðnar.

Nd. 520. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 33 9. jan. 1935.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Því greiðari sem er aðgangurinn að áfengum drykkjum og því fleiri tegundir þeirra sem um er að velja, því meiri og almennari verður drykkjuskapurinn, og að sama skapi eykst hvers konar siðleysi, böl og óhamingja, sem af áfenginu leiðir. Hver hinna þriggja höfuðtegunda áfengra drykkja, öl, vín og brenndir drykkir, á sinn söfnuð, ölið: unglinga (jafnvel börn) og erfiðismenn, vínið: konur og annað tízkufólk og veizlulýð, brenndu drykkirnir: drykkjusjúkt fólk að eðlisfari, svo og þá, sem orðnir eru óhófsmenn og meiri og minni rónar fyrir vanadrykkju, sem að jafnaði hefst á hinum veikari tegundum. Það er fánýt kenning, að veikar áfengistegundir komi í staðinn fyrir sterku drykkina og útrými þeim. Þær vísa miklu fremur leiðina út í ófæruna og gera margan manninn að drykkjumanni, sem aldrei hefði farið flatt á sterkum drykkjum. Það væri jafnvel vafasamur ávinningur, þó að unnt væri að útrýma með öllu brenndu drykkjunum og láta öl og veik vín koma í þeirra stað. Hið verkandi eitur er hið sama í öllum tegundum áfengis, aðeins í mismunandi þynningum. Nú er það kunnugt, að menn hænast að áfengi eitursins vegna, og norrænar þjóðir einkum vegna *sterkra* áhrifa þess. Erum vér Íslendingar þar sízt eftirbátar og drekkum yfirleitt til þess að verða ölvaðir og vel drukknir. En því fer fjarri, að hollara sé að iðka þvílíkan drykkjuskap með því að neyta fremur veikra áfengistegunda en sterkra. Ofdrykkja öls er ein hin óhollasta áfengisnautn, með því að þar koma ekki einungis til greina beinar verkanir áfengiseitursins á taugakerfið, heldur ofreynsla nýrna og blóðrásarfæra, er leiðir til ömurlegs orkutjóns og illkynjaðs heilsuleysis.

Vér Íslendingar eigum nú um sáran að binda vegna almenns og siðlauss drykkjuskapar, sem er því varhugaverðari fyrir það, að nú lifum vér þá tíma, að oss hefur aldrei riðið meira á að vera algáðir. Síðan byrjað var að slaka á hinu algera áfengisbanni, hefur í áfengismálunum verið hopað úr hverju víginu eftir annað og ætíð með þeim augljósu afleiðingum, að drykkjuskapur og hvers konar lausung hefur magnazt og orðið erfiðari viðureignar. Má nú heita, að aðeins eitt vígi sé eftir: bannið við bruggun og sölu áfengs öls í landinu. Meðan varizt er í því, er ekki hægt að segja, að vér gerum sérstakar ráðstafanir til að ginna börn og unglinga til áfengisnautnar eða svíkjum áfengi ofan í erfiðismenn við vinnu þeirra með lokkandi svaladrykk. Bráðabirgðalög þau um breytingar á áfengislögunum, sem hér er farið fram á, að Alþingi staðfesti, eru fyrsta skrefið til þess, að hörfað verði nú einnig úr þessu síðasta vígi. Það má telja illa farið og ríkisstjórninni og öðrum þeim, er að því hafa stuðlað, vansæmandi að hafa ekki látið hið brezka

setulið eitt um að brugga ofan í sig stríðsöl það, er það telur til nauðsynlegra hernaðaraðgerða sinna hér á landi. Með því að nú eru þeir tímar, að margt má fremur telja til lífsnauðsynja á Íslandi en brezk sterlingspund, vekur eftirsóknin eftir því, að ölbruggun þessi sé í höndum Íslendinga, þá tortryggni mína og margra annarra, að það sé gert í vísu trausti þess, að áframhald verði á þeirri starfsemi, eftir að núverandi viðskiptavinum sleppir. Dregur einn nefndarmanna (JGM) raunar ekki dul á, að hann telji of skammt gengið með frv. þessu, og vill hann helzt þegar gera sölu hins áfenga öls frjálsa, bæði út úr landinu og innan lands. Uggir mig, að fleiri mikilsráðandi menn í ýmsum flokkum séu sama sinnis, þó að hagkvæmt þyki að láta hægt um fyrst í stað. Næsta skrefið er að helga einhvern hluta ágóðans af ölbrugguninni vísindastörfum eða verja honum á annan hátt til guðsþakka, en slík góðgerðastarfsemi er stjóri, sem djöfullinn hefur fundið upp til að leggja siðleysinu við svo örugglega, að ekki hreki.

Ég ætla því, að það séu síðustu forvöð að stinga hér við fæti og fella þetta frv. Heiti ég á háttv. deildarmenn að minnast við atkvæðagreiðsluna þess æskulýðs, sem nú vex upp í landinu og gera má ráð fyrir, að verði að lokinni styrjöldinni andlega sundurtættur og margvíslega reikull í ráði. Vissulega verður hann fyrir allt annað fremur þurfandi en gerðar séu sérstakar ráðstafanir til að eitra fyrir hann á þann hátt, sem telja má, að hér sé stefnt að.

Alþingi, 14. maí 1941.

Vilm. Jónsson.

Nd. 521. Frumvarp til laga

um girðingar til varnar gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og heimild til samþykkta um fjárskipti.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

I. KAFLI
Um varnarlínur.

1. gr.

Skipta skal öllu landinu í sóttvarnarsvæði með fjárheldum girðingum, þar sem þess gerist þörf, til varnar gegn fjársamgöngum og útbreiðslu næmra búfjársjúkdóma milli héraða eða landshluta.

Girðingar þessar skulu enn fremur lagðar með hliðsjón af heppilegum ráðstöfunum til útrýmingar búfjársjúkdómum, ef til kemur. Varnarlínurnar afmarka sóttvarnarsvæðin.

2. gr.

Varnarlínur skulu vera þessar:

1. Við Þjórsá.
2. Við Ölfusá, Hvítá og Jökulfallið.
3. Yfir Reykjanesið hjá Straumi til Herdísarvíkur.
4. Frá Hvalfirði í Langjökul.
5. Við Hvítá í Borgarfirði upp í Stafholtstungur og þaðan milli Hvítár og Norðurár norður í varnarlínu nr. 11.
6. Yfir Snæfellsnes milli Skógarness og Álftafjarðar.
7. Úr Hvammsfirði í Hrútafjörð.
8. Úr Gilsfirði í Bitrufjörð.

9. Úr Kollafirði í Ísafjörð.
10. Úr Þorskafirði í Steingrímsfjörð.
11. Úr Hrútafjarðar—Hvammsfjarðargirðingu í Langjökul.
12. Með Blöndu í Kjalargirðingu eða Hofsjökul.
13. Með Héraðsvötnum og Jökulsá eystri í Hofsjökul.
14. Með Skjálfandafljóti.
15. Með Jökulsá á Fjöllum.
16. Frá sjó við Kópasker í Loka við Þistilfjörð.
17. Úr Jökulsá í Miðfjörð.
18. Með Jökulsá á Brú.
19. Frá Eskifirði um Eskifjarðarheiði með Eyvindará í Lagarfljót við brúna, og úr botni Lagarfljóts með Gilsá um Fossárdal í Berufjörð.
20. Úr Hornafjarðarfljóti í Vatnajökul.
21. Með Jökulsá á Breiðamerkursandi.
22. Milli Langjökuls og Hofsjökuls nálægt Hvannavallakvísl norðan Hveravalla og Kjalhrauns milli Rjúpnafells og Dúfunefsfells.
23. Úr girðingu undir tölulið 19, sem næst sýslumörkum milli Austur-Skaftafellssýslu og Suður- og Norður-Múlasýslu til jökla.

Girðingar þær, sem hér um ræðir og ekki eru þegar fullgerðar, skulu kostaðar af ríkinu og lagðar þegar mæðiveikinefnd telur það nauðsynlegt. Mæðiveikinefnd skal leita um það samþykkis landbúnaðarráðherra í hvert skipti.

3. gr.

Girðingarstæði skulu valin þar, sem bezt skilyrði eru til varnar af náttúrunnar hendi, eftir því sem við verður komið án þess að svipta upprekstrarfélög eða einstakar jarðir aðgangi að afréttarlöndum þeirra eða heimahögum, nema brýn nauðsyn krefji.

Skulu þau nánar ákveðin í samráði við fulltrúa, er hlutaðeigandi sýslunefndir velja til þess.

Nú kemur í ljós, að viðunandi girðingarstæði fæst ekki án þess að skerða lönd jarða eða upprekstrarfélaga, og skal þá leitazt við að bæta það á þann hátt að eftirláta þeim tilsvarandi lönd í skiptum, ef unnt er.

Komi aðilar sér eigi saman um landskipti, skulu þeir tilnefna sinn manninn hvor, en sýslumaður oddamann, ef aðilar eru innan sýslu. En ef ágreiningur um landskiptin er milli sýslna, skal landbúnaðarráðherra tilnefna oddamann, og skal gerð þeirra vera fullnaðarúrskurður um málið.

Bætur þær, sem þeir ákveða, greiðast af þeim, sem landið fá, eftir notagildi þess. Nægi það ekki, greiðir ríkissjóður og hlutaðeigandi sýslusjóður það, sem á vantar, að hálfu hvor.

4. gr.

Meðan þörf er girðinga þeirra, er um ræðir í 2. gr., til varnar gegn fjársamgöngum í því skyni að hefta útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma, skal viðhald og endurbygging girðinganna greitt að $\frac{2}{3}$ úr ríkissjóði og $\frac{1}{3}$ úr hlutaðeigandi sýslusjóðum. Heimilt er sýslunefndum að leggja sérstakt gjald á búfjáreigendur, miðað við fénaðartölu þeirra, til þess að standast þennan kostnað.

Landbúnaðarráðherra ákveður með reglugerð, að fengnum tillögum mæðiveikinefndar, hverjir skuli bera kostnaðinn af hverri einstakri varnarlínu og í hvaða hlutföllum, ef um fleiri en eitt sýslufélag er að ræða.

Sýslunefndir skulu kjósa einn eða fleiri menn hver til þess að vera í ráðum með framkvæmdarstjóra um framkvæmd verksins.

Ákvæði þessarar greinar um skyldu sýslufélaga til að halda við varnarlínum kemur til framkvæmda jafnóðum og varnarlínur þær, er um ræðir í 2. gr., hætta að vera aðalvarnarlínur gegn þeim fjárpestum, sem nú geisa.

Ákveður landbúnaðarráðherra, eftir tillögu mæðiveikinefndar, hverjar línur skuli vera aðalvarnarlínur á hverjum tíma.

5. gr.

Bannað er að flytja sauðfé yfir varnarlínur nema eftir tillögum sauðfjárræktarráðunautar og með leyfi mæðiveikinefndar, eða þeirra, er síðar kunna að taka við störfum hennar.

Kindur, sem sleppa yfir varnarlínur, má ekki reka aftur yfir þær, en skulu teknar til slátrunar, þar sem þær koma fyrir, en eigendum skal gera það verð úr, sem unnt er.

Landbúnaðarráðherra getur ákveðið, að bann það, sem hér um ræðir, nái einnig til annars búpenings, ef alvarlegur smitandi sjúkdómur kemur upp í honum.

Nú kemur upp alvarlegur smitandi búfjársjúkdómur, sem ekki er í næstu héruðum, og skal þá setja varðmenn til frekara öryggis meðfram þeim varnarlínum, sem nauðsynlegt er að tryggja til þess að hindra útbreiðslu veikinnar.

Landbúnaðarráðherra getur enn fremur, að fengnum tillögum mæðiveikinefndar, eða þeirra stofnana, er síðar færu með þessi mál, fyrirskipað niðurskurð búfjár á takmörkuðum svæðum til útrýmingar og varnar útbreiðslu næmra sjúkdóma.

Kostnaður við vörzluna greiðist úr ríkissjóði, en útrýmingarkostnaður greiðist samkvæmt almennri bótaskyldu eða eftir sérstökum lögum, sem sett kunna að verða um það efni.

6. gr.

Framkvæmdastjóri mæðiveikivarnanna skal hafa á hendi allar framkvæmdir og eftirlit með, að ákvæðum þessara laga sé fylgt, undir stjórn mæðiveikinefndar og landbúnaðarráðherra.

Nú hættir mæðiveikinefnd störfum, og skal þá landbúnaðarráðherra ráðstafa störfum framkvæmdastjóra og mæðiveikinefndar, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

II. KAFLI

Um samþykktir til útrýmingar smitandi búfjársjúkdómum.

7. gr.

Heimilt er fjáreigendum, sem búsettir eru á sama sóttvarnarsvæði, eða einstökum héruðum, ef þau eru einangruð frá öðrum sveitum, eða auðvelt að einangra þau frá öllum fjársamgöngum við þær, að gera samþykkt um útrýmingu á smitandi búfjársjúkdómum, með fjárskiptum eða á annan hátt.

8. gr.

Nú þykir fjáreigendum innan ákveðins sóttvarnarsvæðis, eða á einhverjum hluta þess, er uppfyllir skilyrði 7. gr. um einangrun, ástæða til, að gerð sé samþykkt um útrýmingu búfjársjúkdóms, og skulu þeir þá, eftir að hafa leitað álits mæðiveikinefndar, snúa sér til allra hreppsnefnda á viðkomandi svæði með áskorun um, að þær, hver í sínum hreppi, boði á venjulegan hátt til fundar meðal fjáreigenda, til að ræða málið og kjósa með hlutbundnum kosningum þrjá fulltrúa til að mæta á sameiginlegum fundi fyrir sóttvarnarsvæðið. Á sama hátt og eftir sömu reglum getur mæðiveikinefnd haft frumkvæði um málið.

Fulltrúafundur er lögmætur, ef mættir eru fulltrúar frá ⅔ af þeim hreppum eða hreppshlutum, sem eru á því svæði, er útrýmingunni er ætlað að ná til. Mæðiveikinefnd ber að láta fulltrúa fyrir sína hönd mæta á fundinum. Nú fallast ¾ mættra fulltrúa á, að komið sé á samþykkt um áðurgreint efni, og skulu þeir þá gera frumvarp til slíkrar samþykktar.

9. gr.

Í frumvarpi til samþykktar skal þetta tekið fram:

1. Hreppar eða hreppshlutar, er samþykktinni er ætlað að ná til.
2. Hvenær útrýmingin skuli fram fara í fyrsta lagi.
3. Um skipun fulltrúaráðs og um kosningu framkvæmdanefndar, er skipuð sé minnst 3 mönnum.
4. Ákvæði um helztu verkefni framkvæmdanefndar.
5. Önnur ákvæði, er málið varða.

Mæðiveikinefnd skal gefa út fyrirmynd að samþykktum þeim, er hér um ræðir.

10. gr.

Nú samþykkir fundurinn frumvarp með ¾ atkvæða mættra fulltrúa, og skal hann þá kjósa kjörstjórn, er hafi á hendi undirbúning atkvæðagreiðslunnar og talningu atkvæða. Kjörstjórnin velur sér sjálf formann, hún ákveður, hvenær atkvæðagreiðslu skuli lokið í hreppnum og fyrir hvaða tíma atkvæðaseðlar og fundargerð skuli komið til kjörstjórnar og hvenær talning atkvæða skuli fara fram.

11. gr.

Nú hefur frumvarp til samþykktar verið samþykkt á fulltrúafundi með ¾ atkvæða allra mættra fulltrúa, og skal það því næst sent öllum hreppsnefndum í þeim hreppum, sem samþykktinni er ætlað að ná til.

Hreppsnefndum skal þá skylt að boða til fundar í hreppnum með hæfilegum fyrirvara, og skal taka fram í fundarboði, að frumvarp til samþykktar um útrýming liggi fyrir til atkvæðagreiðslu.

Atkvæðisrétt um samþykktina hafa allir framteljendur búsettir í hreppnum, ef þeir hafa átt 25 kindur eða fleiri við síðasta skattframtal.

Skrá yfir atkvæðisbæra menn skal láta fylgja fundarboðinu.

Atkvæðagreiðslan skal vera leynileg og framkvæmd á sama hátt og tíðkast við kosningar í sveitamálefnum.

12. gr.

Hreppsnefndaroddviti hvers hrepps, eða varamaður hans, stjórnar atkvæðagreiðslu á hreppsfundi þeim, er um ræðir í 11. gr.

Hann tilnefnir 2 ritara, er tvírita fundargerðina. Hann skal og kynna fundarmönnum rækilega frumvarp það til samþykktar, er fyrir liggur, og ákvæði laga, er að því lúta.

Að því loknu skal fara fram atkvæðagreiðsla um samþykktina, og greiða þar atkvæði allir atkvæðisbærir menn, sem mættir eru á fundinum.

Atkvæðagreiðsla má ekki standa skemur en 2 klst., nema allir atkvæðisbærir menn hafi neytt atkvæðisréttar síns. Ekki er skylt, að hún standi lengur en 5 klst. Atkvæðagreiðslu má ekki slíta fyrr en hálfri klukkustund eftir að síðasta atkvæði var greitt.

Að lokinni atkvæðagreiðslu innsiglar fundarstjóri umbúðir atkvæðaseðlanna ásamt samriti af fundargerð, kjörskrá og ónotuðum og ógildum atkvæðaseðlum. Sendir hann það síðan til kjörstjórnarinnar.

13. gr.

Kjörstjórnin skal koma saman þann dag, er ákveðið hefur verið, samanber 10. gr., til þess að rannsaka fundargerðirnar og telja atkvæðin.

Formaður kjörstjórnar stjórnar talningunni og lætur rita kjörfundargerð, er beri með sér, úr hvaða hreppum eða hreppshlutum kjörstjórninni hafa borizt fundargerðir, og tölu atkvæðaseðla. Síðan telur hún atkvæðin og skrásetur niðurstöðu þeirra. Tvö samrit skal gera af fundargerðinni, er skulu undirrituð af allri kjörstjórninni.

Nú hefur atkvæðagreiðslan fallið þannig, að samþykktin hefur hlotið ¾ greiddra

atkvæða, og sé það jafnframt að minnsta kosti ⅔ fjáreigenda samkvæmt kjörskrám, og telst hún þá samþykkt. Samþykktin skal þá send mæðiveikinefnd ásamt öðru samriti fundargerðarinnar. Afhendir nefndin hana ásamt umsögn sinni til landbúnaðarráðuneytisins, og fái hún staðfestingu, gengur samþykktin þegar í gildi.

III. KAFLI

Um ráðstafanir vegna útrýmingar búfjársjúkdóma og fjárskipti.

14. gr.

Nú hefur landbúnaðarráðherra ákveðið, að útrýming og fjárskipti skuli fram fara í einstöku héraði samkvæmt ósk lögmæts meiri hluta fjáreigenda á því svæði, og mæðiveikinefnd telur öruggt, að hægt verði að útvega hæfilega margt af ósýktu fé til fjárskiptanna, og skal hún þá tilkynna framkvæmdastjórn fjárskiptanna, hvenær fjárskipti skuli fram fara. Mæðiveikinefnd undirbýr útrýminguna og fjárskipti í samráði við framkvæmdastjórn fjárskiptanefndar í hlutaðeigandi héraði.

Nú hafa fleiri héruð samþykkt fjárskipti, og skal þá mæðiveikinefnd ákveða, í hvaða röð þau skuli fram fara.

15. gr.

Fjáreigendur utan varnarlínu, er hafa heilbrigt sauðfé, eru skyldir til að selja öll þau gimbrarlömb, er þeir hafa til förgunar, til þeirra fjáreigenda, sem verða að lóga öllu fé sínu, ef krafa kemur fram um það frá mæðiveikinefnd.

Nefndin getur enn fremur ákveðið, með samþykki landbúnaðarráðherra, að áðurgreindir fjáreigendur séu skyldir til að selja öll sín gimbrarlömb. Slíka ráðstöfun má þó ekki gera gagnvart byggðarlagi oftar en þriðja hvert ár.

16. gr.

Kjötverðlagsnefnd skal reikna út og ákveða verð lamba eftir lifandi þunga, miðað við kjöt- og gæruverðlag þess árs. Skulu fjáreigendur þeir, er um ræðir í 15. gr., skyldir að selja bændum þar, sem fjárskipti hafa verið ákveðin, líflömb fyrir það verð.

Nú reynist verð sláturlamba hærra en kjötverðlagsnefnd hefur ákveðið, og skal þá greiða seljendum uppbót á líflömbin samkvæmt tillögum kjötverðlagsnefndar. Uppbætur þessar greiðast af ríkisstyrk bænda samkvæmt 24. gr. laga þessara.

17. gr.

Nú fara fjárskipti fram í einhverju héraði, og skal kjötverðlagsnefnd þá hlutast til um:

a. Að verðlag á kjöti, að minnsta kosti af yngra fé, verði sem hagkvæmast fyrir þá bændur, er fjárskipti hafa.
b. Að frystihús á þeim stöðum, þar sem fjárskipti fara fram, gangi fyrir um sölu, og að kjötið verði flutt burt til geymslu eins ört og með þarf, svo að fjárförgun tefjist ekki vegna rúmleysis í frystihúsum.

18. gr.

Mæðiveikinefnd er heimilt, í samráði við framkvæmdastjórn fjárskiptanefndar, að selja ungar ær, sem annars yrði lógað, í önnur héruð, þar sem mæðiveikinefnd og framkvæmdanefnd fjárskipta á viðkomandi svæði eru sammála um, að tryggt sé, að ekki stafi hætta af.

Verð á þessum ám skal vera sem næst ¾ verðs pr. kg. í lifandi þunga móts við áætlunarverð kjötverðlagsnefndar á lömbum, og háð sömu verðlagsbreytingum og að framan greinir um lambaverð.

Mæðiveikinefnd ákveður á hverjum tíma, að hve miklu leyti hið opinbera tekur þátt í flutningskostnaði þessa fjár til viðtakenda.

19. gr.

Mæðiveikinefnd hefur yfirumsjón með útrýmingu og fjárskiptum, sem ákveðin eru samkvæmt lögum þessum, og framkvæmdum, sem standa í sambandi við þau, svo sem:

a. Að fullvissa sig um, áður en fjárskipti fara fram, að héraðið sé tryggt gegn samgöngum sauðfjár frá sýktum héruðum.
b. Að láta rannsaka heilsufar fjár í þeim héruðum, þar sem ráðgert er að fá líflömb.
c. Að ákveða í samráði við framkvæmdanefnd, hvenær slátrun skuli hefjast og hvenær henni skuli lokið.
d. Að hlutast til um, að öll lönd á fjárskiptasvæðinu séu smöluð sauðlaus, og getur nefndin ákveðið, að fjallgöngur og réttir fari fyrr fram en fjallskilareglugerð mælir fyrir, og að fram fari almennar fjárleitir á afréttum og heimalöndum, eftir að slátrun er lokið, og ekki verr mannaðar en í fyrstu göngum, og auk þess eftirleitir eftir þörfum. Fjallskilum þessum skal jafna niður eins og öðrum fjallskilum.
e. Hún ákveður, hvaða líflömb skuli tekin, og tilkynnir það viðkomandi sýslumönnum með nægum fyrirvara, áður en slátrun hefst, en þeir skulu aftur tilkynna það fjáreigendum, og skal þá fresta slátrun gimbrarlamba, þar til kaup hafa farið fram.
f. Nefndin hefur umsjón með kaupum, flutningi og merkingu líffjár, í samvinnu og samráði við framkvæmdastjórn viðkomandi fjárskiptasvæðis.

20. gr.

Líffé, sem keypt hefur verið, skal hver fjáreigandi hafa í strangri gæzlu fyrsta missirið eftir að það hefur verið flutt. Nú hefur sýkt eða grunuð kind komizt saman við líflömb, og skal þá eigandi lambanna, eða sá, er verður kindarinnar fyrst var, þegar í stað gera næsta hreppstjóra aðvart. Ber honum að bregða samstundis við og einangra féð og tilkynna það framkvæmdastjóra mæðiveikinefndar, sem ákveður, hvort lóga skuli fénu eða ráðstafa því á annan hátt. Eiganda skulu greiddar fullar bætur fyrir fjármissi og óþægindi af þessum sökum.

21. gr.

Veturinn eftir að fjárskipti hafa farið fram skal mæðiveikinefnd velja þar til hæfa menn til að rannsaka fé bænda og framkvæma leit á heimilum, ef ástæða þykir til, í þeim sveitum, svo ugglaust megi telja, að hvergi sé sýktu eða grunuðu fé leynt.

Nú kemur í ljós, að fé hefur verið haldið á laun, og skal það þá tekið ásamt öllu fé, sem það hefur komið saman við, og lógað eða ráðstafað á annan hátt á kostnað þess, er leyndi.

Sá, sem leynir fé, skal sæta ábyrgð samkvæmt ákvæðum hegningarlaganna.

Verði brot þess, er leyndi, orsök þess, að lóga verði fé annarra manna, skal hann skyldur að bæta þeim tjón þeirra og óþægindi, er af því hljótast.

IV. KAFLI

Um bætur frá ríkissjóði vegna fjárskipta.

22. gr.

Nú hafa fjárskipti verið ákveðin, og skal þá ríkissjóður kosta flutning líffjárins með bifreiðum eða á skipum, svo og umsjón og eftirlit með fjárkaupunum og flutningi fjárins.

23. gr.

Fjáreiganda skal bæta allt sauðfé, sem slátrað er, samkvæmt fjártölu hans við skattaframtal um síðustu áramót áður en fjárskipti fóru fram, að frádregnum 10%

fjártölunnar. Leggja skal sauðfé í ærgildi, þannig að veturgömul gimbur sé talin sem ær, 3 sauðir veturgamlir og eldri sem ein ær, og veturgamall hrútur og eldri sem tvær ær. Geitfé skal bætt eftir sömu reglum og sauðfé.

24. gr.

Ríkissjóður skal greiða fjáreigendum bætur vegna fjárskipta sem hér segir:

1. Haustið eftir að fjárskipti fara fram skal ríkissjóður greiða fjáreiganda sem svarar hálfu lambsverði samkvæmt mati kjötverðlagsnefndar (sbr. 16. gr.) fyrir hvert bótaskylt ærgildi.
2. Á öðru hausti frá fjárskiptum skal greiða fjáreiganda sem svarar hálfu lambsverði á hvert bótaskylt ærgildi, er fjáreigandi hefur ekki fengið lamb fyrir, þegar fjárskipti fóru fram, þó aldrei yfir einn þriðja af bótaskyldri fjártölu, enda hafi hann átt kost á að fá keypt lömb, sem svaraði tveim þriðju af bótaskyldri fjártölu haustið, sem fjárskipti voru framkvæmd.
3. Þeir fjáreigendur, sem hafa orðið fyrir fjárfækkun af völdum þeirra sjúkdóma, er útrýma skal, þegar niðurskurður fer fram, fá í næstu fjögur ár á eftir uppeldisstyrk og vaxtastyrk vegna þeirrar fjárfækkunar, eftir þeim reglum, er mæðiveikinefnd setur. Reglur þessar skulu birtar fjáreigendum áður en til atkvæðagreiðslu kemur um fjárskipti.

25. gr.

Reynist óumflýjanleg nauðsyn að hafa einhver svæði sauðlaus árlangt eftir að niðurskurður hefur farið fram, skal ríkissjóður greiða fjáreigendum hálft lambsverð fyrir hvert bótaskylt ærgildi það ár, sem svæðið er sauðlaust. Að öðru leyti skal bótum hagað eins og sagt er fyrir í 24. gr.

26. gr.

Fjáreigendur, sem fjárskipti hafa samkvæmt lögum þessum, eru næstu 3 ár á eftir undanþegnir að greiða afborganir af lánum, og lengist þá lánstíminn sem því svarar.

Mæðiveikinefnd sendir lánsstofnunum skrá yfir þá menn, sem falla undir þessi ákvæði.

27. gr.

Réttur til bóta úr ríkissjóði getur aðeins færzt yfir til erfingja, ef þeir halda áfram sauðfjáreign á svæðinu, þar sem skorið var niður. Nú er bú selt eða eigandi flytur burt af svæðinu, og fellur þá niður réttur til bóta.

28. gr.

Teljist nauðsynlegt að framkvæma útrýmingu fjár á sýktu svæði, án þess að samþykki fjáreigenda fáist til þess, fyrir þær bætur, sem ákveðnar eru í lögum þessum, skal greiða bæturnar samkvæmt mati, eftir gildandi lögum um eignarnám.

V. KAFLI

Almenn ákvæði.

29. gr.

Nú hefur verið ákveðið að útrýma næmum sauðfjársjúkdómi, og skulu þá gilda, þar sem ákvæði laga þessara ná ekki til og eftir því sem við á, ákvæði I. kafla laga nr. 45 frá 27. maí 1938, um varnir gegn útbreiðslu mæðiveikinnar og stuðning til bænda, er beðið hafa tjón af henni.

30. gr.

Ráðherra er heimilt, eftir tillögum mæðiveikinefndar, að gera hverjar þær ráðstafanir, er hann álítur nauðsynlegar til þess að hindra útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýma þeim.

31. gr.
Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

32. gr.
Brot gegn lögum þessum varða sektum, allt að 10000 kr., eða fangelsi, og skal með mál út af slíkum brotum farið sem almenn lögreglumál.

33. gr.
Ákvæði I. kafla laga þessara ganga þegar í gildi, og koma til framkvæmda jafnóðum og framkvæmdanefnd telur nauðsynlegt og fé er fyrir hendi.
Ákvæði II.—V. kafla um fjárskipti vegna mæðiveiki koma fyrst til framkvæmda á svæðum þeim, sem eru á jöðrum hinna sýktu héraða á hverjum tíma.

Ed. 522. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 76 11. júní 1938, um byggingar- og landnámssjóð, og l. nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 1. og 2. gr. Fyrir „laganna“ kemur: laga nr. 76 11. júní 1938.
2. Við 3.—16. gr. Fyrir „laganna“ kemur hvarvetna: sömu laga.

Ed. 523. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 3 9. jan. 1935, um verkamannabústaði, og l. nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. og 2. gr. Fyrir „laganna“ kemur: laga nr. 3 9. jan. 1935.

Nd. 524. Breytingartillaga

við frumvarp til laga um varnir gegn útbreiðslu nokkurra næmra sauðfjársjúkdóma og stuðning til bænda, er bíða tjón af þeim.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 5. gr. 4. tölul. fellur niður.

Nd. 525. Nefndarálit

um frv. til l. um viðauka við lög nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr.
   a. Í stað orðanna „að telja“ í lok 1. málsgr. komi: til ársloka 1943.
   b. Við 2. málsgr. bætist: Að öðru leyti gilda ákvæði nefndra laga nr. 84 6. júlí 1932 um innheimtu og endurgreiðslu innflutningsgjalds af benzíni samkv. 1. málsgr. þessarar greinar.
2. Á eftir 1. gr. komi ný grein, er verður 2. gr., svo hljóðandi:
   Þeim tekjum, sem fást samkvæmt ákvæðum laga þessara, skal varið að $\frac{4}{5}$ hlutum til að greiða kostnað við lagningu akvega og malbikun þjóðvega, eftir því sem ákveðið er í fjárlögum, en $\frac{1}{5}$ til brúargerða, og skal fyrst byggja brú á Jökulsá á Fjöllum.
   Nú þykir ekki fært að flytja inn efni til brúargerða á árunum 1942 og 1943, og skal þá geyma það fé, er til brúargerða skal varið eftir ákvæði þessu, þar til kleift verður að flytja inn byggingarefni.
   Það, sem $\frac{4}{5}$ hlutar teknanna samkv. lögum þessum kunna að fara fram úr þeirri fjárhæð, sem sérstaklega er ráðstafað í fjárlögum, leggist í sérstakan sjóð, er verði ráðstafað til lagningar Suðurlandsbrautar á árunum 1943 og 1944.
3. 2. gr. verði 3. gr.

Einn nefndarmanna (JPálm) vill samþykkja frumv. óbreytt.

Alþingi, 15. maí 1941.

Sveinbjörn Högnason, form.	Jón Pálmason, fundaskr.	Skúli Guðmundsson, frsm.
Haraldur Guðmundsson.	Stefán Stefánsson.	

Ed. 526. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 91 frá 14. maí 1940, um húsaleigu.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist þannig:

Óheimilt er að hækka húsaleigu eftir húsnæði frá því, sem goldið og umsamið var hinn 14. maí 1940, nema sem svarar auknum almennum viðhaldskostnaði, og þá samkvæmt vísitölu, er kauplagsnefnd ákveður með aðstoð hagstofunnar, enda sé leigumálinn staðfestur af húsaleigunefnd. Vísitalan, miðuð við almennan viðhaldskostnað eins og hann var 4. apríl 1939, skal reiknuð út tvisvar á ári, 14. maí og 1. okt., og gildir til næsta flutningsdags.

Enn fremur er heimilt að hækka eftir mati leigu eftir húsnæði sökum verðhækkunar á eldsneyti, sem innifalið er í leigunni, vaxta- og skattahækkunar af fasteignum og annars þess háttar, svo og húsnæði, sem af sérstökum ástæðum hefur verið leigt lægra en sambærilegt húsnæði á þeim stað (kaupstað, kauptúni eða sveit). Verði hækkun metin á leigu, kemur hún til framkvæmda 14. maí eða 1. október.

Lög þessi taka ekki til leigu á einstökum herbergjum, sem leigutaki eða húseigandi leigir einhleypum út frá íbúð sinni.

2. gr.

Aftan við 2. gr. laganna komi tvær nýjar greinar, er verði 3. og 4. gr. (og breytist greinatala laganna samkvæmt því):

a. (3. gr.) Íbúðarherbergi má ekki taka til annarrar notkunar en íbúðar og íbúðarhús má ekki rífa, nema heilbrigðisnefnd banni að nota þau til íbúðar. Húsaleigu-

nefnd (fasteignamatsnefnd) getur þó veitt sérstakt leyfi til þessa og sett það skilyrði, að húseigandi sjái um jafnmikla aukningu á húsnæði til íbúðar annars staðar í hlutaðeigandi kaupstað, kauptúni eða sveit.

b. (4. gr.) Húsaleigunefnd (fasteignamatsnefnd) skal heimilt að taka til umráða auðar íbúðir og ráðstafa þeim til afnota handa húsnæðislausu fólki, enda komi fullt endurgjald fyrir. Áður en nefndin tekur íbúð til umráða, skal hún setja húseiganda hæfilegan frest til að ráðstafa íbúðinni til afnota handa húsnæðislausum innanhéraðsmanni. Geri hann þetta ekki, skal nefndin rannsaka málið og síðan úrskurða, hvort íbúðin skuli tekin og ákveða leiguupphæð, leigutíma og annað, sem þörf þykir að taka ákvörðun um og málsaðilum kemur ekki saman um. Úrskurður húsaleigunefndar er fullnaðarúrskurður.

Á sama hátt og segir í 1. mgr. er húsaleigunefnd heimilt að taka til sinna umráða annað ónotað húsnæði og útbúa það til íbúðar.

3. gr.

Við 3. gr. laganna, sem verður 5. gr., bætist ný málsgr.:

Skylt skal nefndinni, að viðlögðum dagsektum, að hafa lokið við afgreiðslu eða kveðið upp úrskurð um ágreiningsatriði, sem til nefndarinnar er skotið, innan 14 daga frá því málið var afhent nefndinni til afgreiðslu eða það lagt undir úrskurð hennar.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

5. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

Vísitala samkv. 1. gr. skal í fyrsta sinn reiknuð út þegar eftir gildistöku þessara laga og gildir frá 14. maí til 1. okt. 1941.

6. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 91 frá 14. maí 1940, um húsaleigu, og gefa þau út svo breytt.

Nd. 527. Breytingartillaga

við frv. til l. um girðingar til varnar gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og heimild til samþykkta um fjárskipti.

Frá Helga Jónassyni og Gísla Sveinssyni.

4. gr. frv. falli niður, og breytist greinatala frv. samkvæmt því.

Nd. 528. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði.

Frá Bjarna Ásgeirssyni og Pétri Ottesen.

Við 2. gr. Greinin falli burtu.

Nd. 529. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 1 5. jan. 1938, um síldarverksmiðjur ríkisins.

Frá Sigurði Kristjánssyni.

Á undan 1. gr. frumvarpsins komi ný grein, svo hljóðandi:
1. gr. laganna fellur niður.

Nd. 530. Frumvarp til laga

um landnám ríkisins.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að láta framkvæma landnám við þorp og kaupstaði og í sveitum, eftir því sem nánar er fyrir mælt í lögum þessum, og greiðir ríkissjóður til þessara framkvæmda a. m. k. 250 þús. kr. á ári. Heimilt er og að verja í sama skyni allt að helmingi þeirrar fjárhæðar, sem árlega kann að verða ákveðin í fjárlögum ríkisins til framleiðslubóta og atvinnuaukningar.

2. gr.

Landnám þetta sé í því fólgið, að ríkið lætur á sinn kostnað undirbúa til ræktunar og rækta land þar, sem skilyrði eru góð til samfelldrar ræktunar og góðrar lífsafkomu. Landnámið skal fara fram á því landi, sem ríkið er eigandi að. Heimilt er og að kaupa land í þessu skyni, ef það telst nauðsynlegt.

3. gr.

Þar, sem landnám samkvæmt lögum þessum er hafið við þorp og kaupstaði, sé miðað við, að stærð ræktaðs lands fyrir hvert býli sé um 2 ha. auk nauðsynlegs beitilands, ef til er. Ríkið skal láta girða og fullrækta land þetta og leggja um það nauðsynlega vegi, vatns- og skólpæðar. Í sveitum sé miðað við, að tún hvers býlis geti orðið minnst 10 ha., auk nauðsynlegs beitilands. Ríkið skal kosta girðingar og framræslu landsins og einnig láta fullrækta a. m. k. 4 ha. af því. Enn fremur láta leggja nauðsynlega vegi um landið og sameiginlegar vatnsæðar, ef hagkvæmt þykir. Undirbúningur landnáms í sveitum samkv. lögum þessum skal því aðeins hafinn, að skilyrði séu þar fyrir 5 samliggjandi býli hið minnsta.

4. gr.

Þegar lokið er framkvæmd ríkisins, sem um ræðir í 3. gr., skal fram fara fasteignamat á hverri einstakri jörð eða lóð. Lönd þessi skulu síðan leigð með erfðaleigu samkvæmt lögum nr. 8 frá 1. febr. 1936, um erfðaábúð og óðalsrétt. Þó skal gefa ábúanda eða notanda sveitabýlis kost á að kaupa það við fasteignamatsverði og sömu greiðsluskilmálum og ákveðnir voru í lögum um sölu þjóð- og kirkjujarða.

5. gr.

Um nauðsynlega framhaldsræktun og byggingar á hinum einstöku býlum, sem reist verða samkvæmt lögum þessum, njóta ábúendur fjárhagslegrar aðstoðar eftir því, sem hér segir:

a. Ábúendur á býlum við þorp eða kaupstaði njóta lánskjara samkvæmt VI. kafla laga nr. 31 14. júní 1929, um Búnaðarbanka Íslands.

b. Ábúendur á sveitabýlum njóta láns og styrks samkvæmt 34. og 36. gr. laga nr. 76 11. júní 1938, um byggingar- og landnámssjóð.

Um rétt ábúanda til að veðsetja landið vegna lántöku fer eftir 9. gr. laga nr. 8 frá 1. febr. 1936, um erfðaábúð og óðalsrétt.

6. gr.

Nýbýlastjórn hefur á hendi framkvæmd laga þessara og nýtur um það aðstoðar og ráðuneytis Búnaðarfélags Íslands og skipulagsnefndar kauptúna.

Teiknistofa landbúnaðarins hefur á hendi aðstoð og eftirlit með byggingaframkvæmdum á býlum þeim, sem reist verða samkvæmt lögum þessum, á sama hátt og fyrir er mælt í V. kafla laga nr. 76 11. júní 1938, um byggingar- og landnámssjóð.

7. gr.

Heimilt er nýbýlastjórn, með samþykki landbúnaðarráðherra, að reisa í tilraunaskyni nokkur býli í sveit, þar sem ríkið framkvæmir ræktun og byggingar að fullu. Einnig er henni heimilt að láta þá menn ganga fyrir um kaup eða ábúð á býlum þessum, sem leggja vilja fram ókeypis vinnu við landnámið, enda fái þeir þá vinnu sína endurgoldna með hæfilegri eign í mannvirkjum býlisins, þegar það er fullgert til ábúðar.

8. gr.

Áður en landnámssvæði er ákveðið, skal nýbýlastjórn í hvert skipti leita umsagnar og tillagna sveitarstjórnar í hreppi þeim, er land það liggur, sem ætlað er til landnámsins. Ber hreppsnefnd að gera rökstudda grein fyrir því, hver áhrif hið fyrirhugaða landnám muni hafa á afkomuöryggi bújarða þeirra, sem fyrir eru í sveitinni, eða hreppsins í heild. Verði ágreiningur um fyrirætlanir nýbýlastjórnar annars vegar og tillögur og óskir sveitarstjórnar hins vegar, sker stjórn Búnaðarfélags Íslands úr, en ákvörðun þeirri má skjóta til fullnaðarúrskurðar landbúnaðarráðherra.

9. gr.

Við ákvörðun ábúenda á hinum nýju landnámsjörðum skal nýbýlastjórn og hlutaðeigandi hreppsnefnd vera í samráðum. Verði um það ágreiningur, sker ráðuneytið úr.

10. gr.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð ákvæði, er nauðsynleg þykja um framkvæmd laga þessara.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 531. Frumvarp til laga

um viðauka við og breytingar á lögum nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Meðan vísitala kauplagsnefndar er 110 eða hærri, skal:

a. slysatryggingardeild tryggingarstofnunar ríkisins greiða uppbætur á dagpeninga, dánarbætur og örorkubætur til slysatryggðra manna eða skylduliðs þeirra í samræmi við vísitölu kauplagsnefndar.
b. hámark framlags ríkissjóðs og sveitarsjóða til sjúkrasamlaga samkv. 1. málsgr. 35. gr. hækka í samræmi við vísitölu kauplagsnefndar í lok hvers ársfjórðungs.

c. lífeyrissjóður Íslands greiða 30% — þrjátíu af hundraði — af heildarupphæð ellilauna og örorkubóta samkv. 2. tölul. 80. gr. laganna.
d. innheimta iðgjöld til lífeyrissjóðs Íslands samkv. 1. tölul. 49. gr. með viðauka í samræmi við vísitölu kauplagsnefndar 1. apríl það ár, sem gjaldið er á lagt. Gjaldauki, sem nemur minnu en 50 aurum, skal niður felldur, en hækka í krónu, ef hann nemur 50 aurum eða meiru.
e. tekjuhámark það, sem samkv. 1. málsgr. 24. gr. er skilyrði fyrir að njóta sjúkrasamlagshlunninda gegn greiðslu á einföldu iðgjaldi, miðast við umreiknaðar hreinar tekjur, að frádregnum persónufrádrætti, sbr. 2. málsgr. a-liðar (55. gr.) 4. gr. laga um breyting á lögum um tekju- og eignarskatt.

2. gr.

Í 2. mgr. 12. gr. laganna falli burtu orðin „en slíkar breytingar koma ekki til framkvæmda fyrr en með byrjun næsta almanaksárs á eftir.

3. gr.

Lífeyrissjóðsgjald samkv. 2. tölul. 49. gr. skal miðast við hreinar tekjur, að frádregnum persónufrádrætti.

4. gr.

Ríkissjóður endurgreiði lífeyrissjóði Íslands þann hluta af framlagi sjóðsins samkvæmt c-lið 1. gr., sem er umfram ¾ hluta af tillagi lífeyrissjóðsins samkv. 79. gr. laganna.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda fyrir allt árið 1941. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 73 7. maí 1940.

Nd. 532. Nefndarálit

um frv. til laga um veiting ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

I. Við 1. gr. 15. tölul. Nýr liður:
Törnberg, Ejner, garðyrkjumaður, Reykjum, Mosfellssveit, fæddur í Danmörku.
II. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi. Að því er Martin Petersen snertir þó eigi fyrr en 9. júlí 1941.

Alþingi, 15. maí 1941.

Bergur Jónsson, form., frsm. Vilmundur Jónsson, fundaskr. Gísli Guðmundsson.
Garðar Þorsteinsson. Jóh. G. Möller.

Ed. 533. Lög

um breyting á lögum nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

(Afgreidd frá Ed. 15. maí).

Samhljóða þskj. 6.

Ed. 534. Þingsályktun

um bætta aðstöðu til að vernda uppgötvanir íslenzkra borgara.

(Afgreidd frá Ed. 15. maí).

Samhljóða þskj. 370.

Ed. 535. Nefndarálit

um frv. til laga um greiðslu verðlagsuppbótar á styrk til héraðs, gagnfræða- og húsmæðraskóla.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess eins og það nú liggur fyrir.

Alþingi, 15. maí 1941.

Magnús Jónsson, form.	Bernh. Stefánsson, fundaskr.	Sigurjón Á. Ólafsson, frsm.

Sþ. 536. Tillaga til þingsályktunar

um frestun almennra alþingiskosninga.

Frá ríkisstjórninni.

Vegna þess að Ísland hefur verið hernumið af öðrum aðila styrjaldarinnar og lýst á hernaðarsvæði af hinum og vegna þess ástands, sem af þeim sökum hefur þegar skapazt í landinu, og fullkominnar óvissu um það, sem í vændum kann að vera, telur Alþingi, að almennar kosningar geti ekki að svo komnu farið fram með eðlilegum hætti eða í samræmi við tilgang stjórnarskrárinnar og anda lýðræðisins.

Alþingi ákveður því, að almennum kosningum til Alþingis skuli frestað fyrst um sinn, þar til ástæður breytast þannig, að fært þyki að láta kosningar fara fram, þó ekki lengur en 4 ár, og framlengist núverandi kjörtímabil í samræmi við það.

Ed. 537. Nefndarálit

um frv. til l. um ófriðartryggingar.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd hefur flutt þetta frumvarp eftir beiðni atvinnumálaráðherra. Hefur nefndin athugað frv. allýtarlega og haft tal af þeim tryggingarfróðum mönnum, sem unnið hafa að undirbúningi málsins. Er það einróma álit nefndarinnar, að eigi sé annað ráðlegt eins og horfir um styrjöld þá, er nú geisar í Norðurálfu, en að setja með lögum ákvæði um tryggingar á eignum landsmanna fyrir tjóni af völdum hernaðarins. Eftir hernám landsins varð það ljóst, að svo gæti farið, að Ísland sogaðist inn í hringiðu ófriðarins fyrr eða síðar, og nú, er ófriðurinn hefur færzt í það horf, að meginátökin virðast snúast um yfirráð styrjaldaraðilanna yfir Atlantshafi, hefur þessi hætta stórum aukizt. Ef til hernaðaráataka kæmi hér á landi, gæti af því leitt meira og minna tjón á eigum landsmanna. Slíkt tjón gæti orðið svo stórfellt, að réttmætt sé, að allir landsmenn séu samtaka um að draga úr afleiðingum þess, eftir því sem tök eru á. Fyrir því telur nefndin þá meginhugsun, sem í frv. felst, rétta, og hefur orðið sammála um að leggja til, að það verði samþykkt, þó með þeim breytingum, sem hér fara á eftir. Sumar þessar breytingar eru aðeins orðabreytingar, sem ekki raska efni frv. Aðrar breytingar miða að því að færa til betra forms ýmis ákvæði í frv. almenns eðlis, sem voru á víð og dreif í frv., en rétt þykir að samræma og sameina í 6. kafla frv. um almenn ákvæði. Loks eru tvær breytingar á frv., sem raska allverulega efni þess, eins og nú skal getið. Í frv. er gert ráð fyrir, að vörubirgðir og annað lausafé verði ekki bætt að fullu, heldur verði dreginn ¼ hluti frá matsverði bótanna, þó aldrei yfir 5000 kr. Nefndin vill láta þessa reglu haldast að því er snertir annað lausafé en vörubirgðir, vegna þess hve erfitt getur orðið að fá rétt mat á tjóni á húsmunum manna og öðru sambærilegu lausafé. Hins vegar þótti nefndinni viðurhlutamikið að draga svo mikið af bótunum fyrir vörubirgðir, þar sem það gæti orðið mjög tilfinnanlegt tjón fyrir smærri verzlunarfyrirtæki í landinu, ef skylt væri að draga frá ¼ hluta verðs, allt upp í 20000 kr., samfara því, sem það væri fullkomið misrétti að bæta að fullu allt, sem er yfir 20000 kr. virði, en allt, sem þar væri undir, eingöngu að ¾ hlutum. Nefndin hefur því lagt til, að annar mælikvarði sé hafður á bótum fyrir vörubirgðir en annað lausafé, þannig að frádráttur á matstjóni vörubirgða verði aðeins 5%, en það nái hins vegar til alls hins tryggða verðmætis.

Hin breytingin er í því fólgin, að í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að vörubirgðir verði bættar að fullu þegar er tjónið er gert upp, og mun það hafa vakað fyrir þeim, er sömdu frumvarpið, að oft mundi erfitt eða jafnvel ókleift að fá nýjar birgðir í staðinn frá útlöndum, nema tjónið væri strax bætt að fullu. Á hinn bóginn er það augljóst, þar sem þetta tjón á að bæta með nýju, almennu gjaldi á allri innfluttri og útfluttri vöru, sem ekki verður byrjað að innheimta fyrr en tjón hefur orðið, að Ófriðartryggingin getur í byrjun að minnsta kosti haft mjög lítið eða jafnvel ekkert handbært fé upp í bætur, og ef stórfellt tjón verður þegar í byrjun, getur svo farið, að erfitt verði að fá nægilegt lán, svo sem gert er ráð fyrir í 31. gr. frv. Þetta ákvæði frv. gæti því orðið óframkvæmanlegt, en auk þess má gera ráð fyrir, að ýmsir þeir, sem fyrir tjóni kunna að verða, séu svo efnum búnir, að ekki sé nauðsyn á að bæta nema helming tjónsins þegar í stað, en hitt að ófriðnum loknum. Nefndin hefur því viljað draga úr þeirri skyldu, sem lögð er Ófriðartryggingunni á herðar með frv., að bæta tjón á vörubirgðum við tjónsuppgerð, en vill gera það að aðalreglu, að tjón á vörubirgðum jafnt og lausafé sé bætt að hálfu að lokinni tjónsuppgerð, en hinn helmingurinn greiðist að ófriðnum loknum. Færi hins vegar eigandi glataðra eða skemmdra vörubirgða sönnur á, að hann biði verulegan fjárhagslegan hnekki við að fá ekki þegar í stað meiri bætur, þá sé Ófriðartryggingunni heimilt að greiða

frekari bætur, og jafnvel bæta tjónið að fullu, sérstaklega ef hætta er á, að ekki verði á annan hátt tök á að ná til landsins nýjum vörubirgðum í stað þeirra, sem farizt hafa.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að bera fram frekari breytingartillögur við frv. og að hafa óbundnar hendur um afstöðu til þeirra breytingartillagna, sem fram kynnu að koma, en eru sammála um að leggja til, að á frv. verði gerðar eftirfarandi

BREYTINGAR.

1. Við 6. gr. 1. mgr. falli niður.
2. Við 7. gr. Á eftir orðinu „bætur“ í upphafi 1. mgr. komi: þar með talið.
3. Við 9. gr. Á eftir orðunum „Ráðuneytið ákveður“ í upphafi 2. mgr. komi: að fengnum tillögum tryggingarstjórnarinnar.
4. Við 10. gr. Í stað orðanna „eða fullnægjandi ... kröfum“ komi: enda sé réttur veðhafa að fullu tryggður.
5. Við 12. gr. Greinin falli niður. Greinatalan breytist samkvæmt því.
6. Fyrirsögn IV. kafla verði: Lausafjártryggingin.
7. Við 18. gr., sem verður 17. gr.
   a. Í stað orðanna „telst til véla og tækja“ komi: er tryggð.
   b. Í stað „aukaverðtoll“ komi: aukagjald.
8. Við 20. gr., sem verður 19. gr.
   a. 2. mgr. falli niður.
   b. 3. mgr. orðist svo:

   Frá matsupphæð tjónsins dregst, þegar um lausafé, annað en vörubirgðir, er að ræða, ¼ hluti, þó svo, að frádrátturinn nemi eigi hærri upphæð en 5000 krónum hjá sama manni eða fyrirtæki, og greiðast bætur fyrir tjónið með þeim frádrætti.

   Frá matsupphæð vörubirgða skal draga ½₀ hl., og greiðast bætur fyrir tjónið með þeim frádrætti.
9. Við 21. gr. Greinin falli niður.
10. Við 22. gr., sem verður 20. gr. Greinin orðist svo:

    Tjón það, sem um ræðir í þessum kafla, skal að jafnaði ekki bætt nema að hálfu samkvæmt 19. gr. þegar er það hefur verið gert upp. Hinn helmingur tjónsins greiðist að styrjöldinni lokinni.

    Nú færir eigandi glataðra eða skemmdra vörubirgða sönnur á, að hann muni bíða stórfelldan fjárhagslegan hnekki, ef hann fær ekki útborgaðar frekari bætur en að framan greinir, og er þá stjórn Ófriðartryggingarinnar heimilt að greiða meiri bætur og jafnvel bæta tjónið að fullu, sérstaklega ef ætla má, að ekki sé unnt með öðru móti að afla nýrra birgða nógu fljótt.

    Sá hluti bótanna, sem ekki greiðist fyrr en að styrjöldinni lokinni, ávaxtast með 5% á ári til greiðsludags, og fer um greiðslu vaxta og afborgana af lánum, sem tryggð kunna að vera með handveði eða þinglýstu sjálfsvörzluveði í hinum skemmdu eða glötuðu munum, á sama hátt og segir í 6. gr. um fasteignaveðslán, eftir því sem við getur átt.
11. Á eftir 27. gr. frv., sem verður 25. gr., komi ný gr. er verður 26. gr., svo hljóðandi:

    Tjón skal tilkynna Ófriðartryggingunni áður en vika er liðin frá því er það varð. Fjárkröfur eru fyrndar, ef eigandi eða umráðamaður hinna skemmdu eða glötuðu eigna hefur ekki fært sönnur á réttmæti þeirra, áður en þrír mánuðir eru liðnir frá því, er hann tilkynnti tjónið og bar fram kröfu um bætur.

Alþingi, 15. maí 1941.

Sigurjón Á. Ólafsson, form.	Ingvar Pálmason, fundaskr.	Magnús Gíslason, frsm.

Nd. 538. Breytingartillaga

við frv. til l. um jarðakaup ríkisins vegna kauptúna og sjávarþorpa.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 6. gr. Í stað síðasta málsliðar b-liðar kemur:
Land, sem liggur í öðru hreppsfélagi, má því aðeins taka eignarnámi, að landið liggi að hreppsmörkum. Skal þá jafnframt, ef óskir koma fram um það, leitað samninga um, að hið tekna land verði lagt undir þann hrepp, er það notar, og ákveður atvinnumálaráðherra, að svo skuli gert, ef hreppsnefndir þær, er hlut eiga að máli, verða ásáttar um skilmála og sýslunefnd mælir með. Að öðrum kosti verður hreppamörkunum ekki breytt nema með lögum.

Sþ. 539. Þingsályktun

um frestun almennra alþingiskosninga.

(Afgreidd frá Sþ. 15. maí.)

Samhljóða þskj. 536.

Ed. 540. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 3 9. jan. 1935, um verkamannabústaði, og l. nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr. Fyrir „sömu lagagrein“ kemur: 3. gr. fyrrnefndra laga nr. 3 1935.

Ed. 541. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 3 9. jan. 1935, um verkamannabústaði, og l. nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki.

Frá Páli Zóphóníassyni og Þorsteini Þorsteinssyni.

1. Við 1. gr. Önnur og þriðja málsgr. falli niður. („Við sömu lagagrein“ til enda greinarinnar.)
2. Við 2. gr. Greinin falli niður.
3. Við 3. gr. Orðin „og taka til framlaga til sjóðsins á árinu 1941“ falli niður.

Ed. 542. Lög

um gjaldeyrisvarasjóð og eftirlit með erlendum lántökum.

(Afgreidd frá Ed. 16. maí.)

Samhljóða þskj. 333.

Ed. 543. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 99 11. júní 1938, um fiskveiðasjóð Íslands.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin er á einu máli um, að efla beri fiskveiðasjóð Íslands svo, að hann verði sem fyrst megnugur þess að fullnægja stofnlánaþörf sjávarútvegsins. Þá er nefndin einnig sammála um, að þessu marki beri að ná með því bæði að auka stofnfé sjóðsins með árlegum tekjum og með aukinni lántökuheimild, svo sem frv. gerir ráð fyrir. Um hitt eru skiptar skoðanir, hvaða leiðir eigi að nota til þess að auka stofnféð. Einn nefndarm. (IngP) telur, að tryggari og að öllu leyti sanngjörn væri sú leið, að auka að nokkru hundraðsgjald það, sem sjóðurinn nú fær samkv. lögum nr. 47 19. maí 1930, um fiskveiðasjóðsgjald, heldur en að ákveða, eins og nú stendur í frv., að til sjóðsins renni helmingur hins almenna útflutningsgjalds af sjávarafurðum, sem á er lagt beint til tekna fyrir ríkissjóðinn. Þó að menn hafi nú um stund verið bjartsýnir um tekjur ríkissjóðs, er allt útlit fyrir, að þarfirnar aukist jafnvel nokkru örar en hingað til hefur ljóst verið, og gæti þá svo farið, að ríkisstjórnin yrði að grípa til þess ráðs að fresta framkvæmd þessa ákvæðis, þó í lögum standi, og eru kunn nokkur hliðstæð dæmi. Gæti þá svo farið, að sjóðnum yrði ekki mikill tekjuauki að þessu ákvæði. Þar sem frv. hefur inni að halda mjög mörg ákvæði önnur til hagsbóta bæði fyrir sjóðinn og lántakendur, vill hinn áður nefndi nefndarm. þó ekki gera þetta atriði að svo miklu kappsmáli að þessu sinni, að það verði til þess að hindra framgang frv. Það hefur því orðið að samkomulagi innan nefndarinnar að lækka að nokkru þann hundraðshluta, sem sjóðnum er ákveðinn í 2. lið B 2. gr. Er tekjuvon sjóðsins þó sæmileg, ef það ákvæði fær að standa nokkur ár.

Þá vill nefndin hækka allverulega hámark þeirra lána, sem veita má til iðjufyrirtækja, er vinna að hagnýtingu sjávarafurða.

Leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 2. gr. B. 2. Í stað „Helmingur“ komi: Einn fjórði hluti.
2. Á eftir 5. gr. komi ný grein, sem verður 6. gr., svo hljóðandi:
   Í stað orðanna „35 þúsund“ í niðurlagi 6. gr. laganna komi: 75 þúsund.

Alþingi, 16. maí 1941.

Ingvar Pálmason, form., frsm.	Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr.	Jóhann P. Jósefsson.

Ed. 544. Nefndarálit

um frv. til l. um heimild fyrir kaupstaði og hreppsfélög til að koma á þegnskylduvinnu.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frumvarp þetta er flutt af landbúnaðarnefnd neðri deildar og hefur verið samþykkt óbreytt í þeirri deild eins og það kom frá nefndinni. Landbn. efri deildar hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr. Greinin hljóði svo:
   Nú vill hreppsnefnd eða bæjarstjórn öll eða meiri hluti þeirra stofna til þegnskylduvinnu samkvæmt lögum þessum, eða þeim berast bréflegar áskoranir

um það frá minnst ⅕ hluta kjósenda innan umdæmisins, og er henni þá skylt að láta atkvæðagreiðslu fara fram um málið á venjulegan hátt, en áður skal halda almennan fund um það, verði því við komið. Fundur eða atkvæðagreiðsla um málið sé boðað með hálfs mánaðar fyrirvara, og sé þá að jafnaði auglýst, hvaða verkefni eigi að leysa með þegnskylduvinnunni, hve mörg ár samþykktin eigi að gilda, og hve lengi vinnan skuli vara fyrir hvern þegnskyldan mann. Ef minnst ⅗ hlutar kosningarbærra manna í sveitamálefnum, sem atkvæði greiddu, hafa goldið jákvæði tillögunni um þegnskylduvinnu, enda hafi að minnsta kosti helmingur kjósenda tekið þátt í atkvæðagreiðslunni, er samþykktin orðin bindandi, að fenginni staðfestingu atvinnumálaráðherra.

2. Við 3. gr. Við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
   Þeir, sem þegnskyldu inna af hendi, skulu fá þóknun, er nægi þeim til greiðslu fæðis og dvalarkostnaðar meðan vinnan stendur yfir. Teljast útgjöld þessi með kostnaði við framkvæmd þegnskylduvinnunnar.
3. Við 4. gr.
   a. Við 1. málsgr. bætist: til 4 ára í senn.
   b. Í stað orðanna „sem ráðherra staðfestir“ í 1. málsl. 5. málsgr. komi: er ráðherra staðfestir þá þegar, eða að gerðum þeim breytingum, er hann telur nauðsynlegar.

Einn nefndarmanna (ErlÞ) var fjarstaddur sökum veikinda.

Alþingi, 16. maí 1941.

Þorsteinn Þorsteinsson, form., frsm. Páll Zóphóníasson.

Nd. 545. Lög

um breyting á lögum nr. 1 5. jan. 1938, um síldarverksmiðjur ríkisins.

(Afgreidd frá Nd. 16. maí.)

Samhljóða þskj. 511.

Nd. 546. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 45 13. júní 1937, um dragnótaveiði í landhelgi.

Frá Bergi Jónssyni.

Við 1. gr. Í stað orðanna „frá 1. janúar til 1. júní og frá 1. sept. til 31. desember“ komi: frá 1. janúar til 1. júlí og frá 1. til 31. desember.

Sþ. 547. Tillaga til þingsályktunar

um sjálfstæðismálið.

Frá ríkisstjórninni.

Alþingi ályktar að lýsa yfir því:

að það telur Ísland hafa öðlazt rétt til fullra sambandsslita við Danmörku, þar sem Ísland hefur þegar orðið að taka í sínar hendur meðferð allra sinna mála, enda

hefur Danmörk ekki getað farið með þau mál, sem hún tók að sér að fara með í umboði Íslands með sambandssamningi Íslands og Danmerkur frá 1918.

að af Íslands hálfu verði ekki um að ræða endurnýjun á sambandslagasáttmálanum við Danmörku, þótt ekki þyki að svo stöddu tímabært, vegna ríkjandi ástands, að ganga frá formlegum sambandsslitum og endanlegri stjórnarskipun ríkisins, enda verði því ekki frestað lengur en til styrjaldarloka.

Sþ. 548. Tillaga til þingsályktunar

um æðsta vald í málefnum ríkisins.

Frá ríkisstjórninni.

Alþingi ályktar að kjósa ríkisstjóra til eins árs í senn, sem fari með það vald, er ráðuneyti Íslands var falið með ályktun Alþingis hinn 10. apríl 1940, um æðsta vald í málefnum ríkisins.

Sþ. 549. Tillaga til þingsályktunar

um stjórnskipulag Íslands.

Frá ríkisstjórninni.

Alþingi ályktar að lýsa yfir þeim vilja sínum, að lýðveldi verði stofnað á Íslandi jafnskjótt og sambandinu við Danmörku verður formlega slitið.

Ed. 550. Frumvarp til laga

um varnir gegn útbreiðslu nokkurra næmra sauðfjársjúkdóma og stuðning til bænda, er bíða tjón af þeim.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

I. KAFLI
Um framkvæmdastjórn.

1. gr.

Landbúnaðarráðherra hefur yfirstjórn þeirra mála, er lög þessi fjalla um.

2. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar 5 manna framkvæmdanefnd (sauðfjársjúkdómanefnd), eftir tillögum landbúnaðarnefnda Alþingis, til þess að hafa á hendi stjórn þessara mála. Hann skipar framkvæmdastjóra eftir tillögum nefndarinnar.

3. gr.

Verkefni framkvæmdanefndar er:

1. Að hafa stjórn þeirra sóttvarnaráðstafana, er um ræðir í lögum þessum.
2. Að úthluta bótum eða styrktarfé, sem árlega er veitt í fjárlögum, til þeirra bænda, er beðið hafa tjón af þessum sjúkdómum.

3. Að vinna að því, að bændur, sem hafa þá sauðfjársjúkdóma í fé sínu, er lög þessi ná til, komi sér upp hraustari fjárstofni með úrvali eða fjárskiptum.
4. Að hafa yfirumsjón með fjárskiptum, er landbúnaðarráðherra hefur samþykkt.
5. Að vera ráðunautur ríkisstjórnarinnar um þau mál, er sérstaklega standa í sambandi við þessa sauðfjársjúkdóma.

4. gr.

Framkvæmdanefndin hefur heimild til að kveðja sér menn til aðstoðar við framkvæmd laganna, að fengnum tillögum framkvæmdastjóra.

II. KAFLI
Sjúkdómar, er lög þessi ná til.

5. gr.

Ákvæði laga þessara ná til eftirtalinna sjúkdóma:
1. Mæðiveiki.
2. Garnaveiki.
3. Þingeyskrar mæðiveiki.

Ef aðrir næmir, áður óþekktir sauðfjársjúkdómar koma upp hér á landi, getur landbúnaðarráðherra ákveðið, að ákvæði laga þessara nái einnig til þeirra, eftir því sem við á.

III. KAFLI
Um varnir.

6. gr.

Framkvæmdastjóra er heimilt, í samráði við framkvæmdanefnd, að láta fara fram rannsókn á heilbrigði sauðfjár, eftir því sem hann telur þörf, til þess að afla upplýsinga um þá sjúkdóma, er lög þessi ná til.

7. gr.

Fjáreigendur, sem búsettir eru í byggðarlögum, sem talin eru ósýkt, eru skyldir til að gera viðkomandi hreppstjóra tafarlaust aðvart, ef þeir verða varir við grunsamleg veikindi í fé sínu eða annarra í því byggðarlagi. Hreppstjóra er skylt að bregða þegar við, er hann hefur fengið slíka tilkynningu, og rannsaka, hvernig veikinni er háttað. Nú telur hreppstjóri, að um einhvern af áður greindum sjúkdómum geti verið að ræða, og skal hann þá tafarlaust tilkynna það framkvæmdastjóra, sem ákveður, hvað gera skuli til þess að fá úr því skorið, hvort svo sé, og hvaða ráðstafanir skuli gera að öðru leyti.

Þyki hreppstjóra grunsamlegt, að um mæðiveiki eða þingeysku mæðiveikina geti verið að ræða, skal hann láta einangra það fé, sem hinar grunuðu kindur voru með, unz úrskurður um veikina er fenginn og framkvæmdastjóri hefur gert þær ráðstafanir, er hann telur nauðsynlegar. Kostnaður við þessa einangrun greiðist úr ríkissjóði.

8. gr.

Framkvæmdanefnd er heimilt, með samþykki landbúnaðarráðherra, að setja aðalvarðlínur til þess að hindra útbreiðslu framan talinna sauðfjársjúkdóma.

Þessar varðlínur skal treysta með girðingum og varðmönnum eftir því, sem þörf krefur og öruggast er talið á hverjum stað.

Aðalvarðlínur eru þær línur taldar, er liggja þannig, að réttmætt sé talið að hindra fjársamgöngur yfir þær, þótt þeirra verði ekki þörf til varnar gegn sjúkdómum þeim, er hér um ræðir. Skulu þær lagðar á kostnað ríkissjóðs.

9. gr.

Nú vilja bændur á takmörkuðum svæðum verjast fjársamgöngum með því að setja upp varnargirðingar. Telji framkvæmdanefnd það nauðsynlegt, er henni heimilt að setja upp slíka girðingu, gegn því að hlutaðeigandi bændur leggi fram eigi minna en flutning á öllu efni frá hafnarstað og ⅓ kostnaðar við uppsetningu girðingarinnar, en ríkissjóður kosti girðinguna að öðru leyti, enda sé hún eign ríkisins. Girðingar þær, er hér um ræðir, teljast aukavarðlínur.

Nú vilja bændur setja upp varnargirðingu fyrir eitt byggðarlag eða nokkra bæi og framkvæmdanefnd telur líklegt, að hún geti orðið til þess að stöðva útbreiðslu veikinnar í þessu byggðarlagi, og getur þá nefndin veitt styrk til slíkra girðinga, þó ekki yfir ⅓ af verði gaddavírsins, enda verði girðingin eign þeirra, er kosta hana að öðru leyti.

10. gr.

Nauðsynleg varzla, að dómi nefndarinnar, með varðlínum þeim, er um ræðir í 8. gr. og 9. gr. 1. málsgr., greiðist úr ríkissjóði, sömuleiðis viðhald girðinga, meðan þeirra er þörf til varnar útbreiðslu sjúkdóma, er lög þessi ná til.

Telji framkvæmdanefndin ekki þörf að viðhalda girðingu á aukavarðlínu, má hún því aðeins taka hana upp, að bændur í hlutaðeigandi byggðarlagi vilji ekki kaupa hana fyrir hæfilegt verð, að dómi nefndarinnar, eða eftir mati.

11. gr.

Framkvæmdanefnd er heimilt að setja upp einangrunargirðingar til þess að geyma í sjúkt og grunað fé í þeim héruðum, sem veikin er ekki mikið útbreidd, og sé það gert í samráði við hlutaðeigandi sýslunefnd. Sýslufélagið leggur til land undir girðingu og kostnað við uppsetningu, en girðingarefni og flutningur á næsta hafnarstað skal lagður fram sem annar kostnaður við varnirnar. Þessar girðingar eru eign ríkisins.

12. gr.

Heimilt er að leggja girðingar þær, er um ræðir í 8. og 9. gr., um lönd einstakra manna og afrétti eftir því, sem framkvæmdastjóri telur haganlegast.

Náist ekki samkomulag við landeiganda um land undir einangrunargirðingu samkvæmt 11. gr., er sýslunefnd heimilt, í samráði við framkvæmdastjóra, að taka land undir slíka girðingu leigunámi, og fer þá um leigunámið samkvæmt ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917, um framkvæmd eignarnáms.

Bætur fyrir landspjöll, átroðning, afnotamissi lands eða önnur óþægindi vegna girðinga, sem um getur í 8., 9. og 11. gr., koma ekki til greina nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi. Skulu þá dómkvaddir menn meta tjónið, er greiðist af hlutaðeigandi sveitarsjóði, enda séu varnirnar framkvæmdar að meira eða minna leyti í þágu þess sveitarfélags. Annars greiðir það hreppsfélag, er næst liggur og nýtur varnanna. Úrskurði matsmanna má áfrýja til yfirmats.

13. gr.

Skylt er vegfarendum, sem fara um hlið á varnargirðingum, að loka þeim tryggilega. Vanræksla í þessu efni, svo og skemmdir á hliðum og girðingum varða sektum eða fangelsi, allt að þrem mánuðum. Skemmdir skal auk þess bæta að fullu.

14. gr.

Varðmenn þeir, sem tekizt hafa á hendur vörzlu við varðlínur þær, sem um ræðir í 8. og 9. gr., eru sýslunarmenn ríkisins, meðan þeir gegna því starfi. Varðmaður, sem yfirgefur varðstöð sína á þeim tíma, sem honum ber að vera á verði, eða vanrækir starf sitt á annan hátt, skal sæta sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

15. gr.

Framkvæmdanefnd er heimilt að fyrirskipa litarmerkingar á sauðfé, þar sem henni þykir nauðsyn bera til. Enn fremur getur hún bannað hvers konar litarmerkingar á sauðfé á ákveðnum svæðum.

16. gr.

Flutningur sauðfjár yfir varðlínur, er um ræðir í 8., 9. og 11. gr., er bannaður, nema samþykki framkvæmdastjóra komi til. Kindum, sem leita mjög á að komast yfir varðlínu, má varðmaður slátra, en gera skal hann það verð úr, sem unnt er, ef eigandi getur ekki hirt það sjálfur. Heimilt er framkvæmdanefnd að banna flutning á fé bæja á milli og til dvalar, þar sem hún telur þess þörf.

17. gr.

Framkvæmdanefnd er heimilt að ráðstafa sauðfé á afrétti og í heimahögum, ef nauðsyn ber til vegna varnanna. Nefndinni er enn fremur heimilt að fyrirskipa slátrun á fé, sem kemur fyrir í útréttum, ef henni virðist það hafa þýðingu vegna varnanna. Óskilafé og ómerkinga, sem koma fyrir í næstu byggðarlögum við aðalvarðlínur, má ekki selja til lífs, heldur skal hreppstjóri sjá um, að því fé sé lógað.

18. gr.

Nú kemur fé fyrir á svæði, sem er sýkt eða grunað af garnaveiki, og eigendur þess eða viðkomandi upprekstrarfélag hefur ekki gert ráðstafanir til að hirða það sérstaklega, og skal þá hreppstjóri láta slátra því, verði ekki öðrum fulltryggum ráðstöfunum við komið, en gera skal hann það verð úr, að fjáreiganda verði sem minnst tjón af.

19. gr.

Heimilt er framkvæmdanefnd og sveitarstjórn eða stjórnum upprekstrarfélaga, með samþykki framkvæmdanefndar, að fyrirskipa breytingu á fjallgöngum, smölun heimalanda og réttum, ef það telst nauðsynlegt til þess að hindra útbreiðslu þeirra sauðfjársjúkdóma, er hér um ræðir. Breytingar þessar skulu bornar undir hlutaðeigandi stjórnir upprekstrarfélaga, áður en þær eru fyrirskipaðar. Breyting þessi telst ekki brot á fjallskilareglugerð.

20. gr.

Hreppstjórar, gangnaforingjar (fjallkóngar) og réttarstjórar í þeim héruðum, sem talin eru lítið sýkt eða ósýkt, skulu hafa strangt eftirlit með því í öllum réttum og fjallgöngum, að allar veikar eða grunsamlegar kindur, sem þar koma fyrir, séu tafarlaust teknar úr fjársafni og einangraðar eða lógað. Sama skylda hvílir á bændum í þeim héruðum við smölun heimalanda. Sömuleiðis ber öllum þessum aðilum skylda til að taka allar kindur, sem sloppið hafa yfir varðlínur, strax og þeirra verður vart, en gera skulu þeir það verð úr, sem unnt er.

21. gr.

Fáist vissa fyrir, að einhver þeirra sjúkdóma, er lög þessi ná til, hafi borizt yfir varðlínu, skal framkvæmdastjóri, í samráði við framkvæmdanefnd, gera þær ráðstafanir til varnar útbreiðslu veikinnar, sem nefndin telur tryggilegastar, og er nefndinni heimilt að láta slátra hinu sjúka eða grunaða fé.

22. gr.

Leyni fjáreigandi veiki í fé sínu, skal hann sæta sektum, en verði það til þess, að veikin berist í ósýkt fé annarra, varðar það fangelsisvist.

23. gr.

Sauðfé á sýktu eða grunuðu svæði af garnaveiki má ekki reka í þröng girðingarhólf eða fjárhús á heimilum, þar sem veikin er ekki, eða önnur hús, þar sem heimafé er hýst.

Ekki má heldur reka fé, sem ætla má, að sé sýkt af veikinni, í slík girðingarhólf eða hús á heimilum, sem teljast grunuð eða sýkt. Bannað er að geyma sýkt eða grunað fé í girðingarhólfum með fé frá ósýktum heimilum.

24. gr.

Framkvæmdanefnd er heimilt, hvenær sem hún telur þess þörf, að láta fara fram rannsókn á öllu fé bænda, þar sem líkur eru til, að garnaveiki geti verið.

Við þessar rannsóknir skal ríkið leggja til lyf, tæki og einn rannsóknarmann í hverjum rannsóknarflokki. Sveitarfélagið leggur hverjum rannsóknarmanni til einn aðstoðarmann og greiðir honum kaup, og sé hann valinn í samráði við rannsóknarmanninn. Skylt er fjáreigendum að leggja til aðra aðstoð við rannsóknirnar, eftir því sem við þarf. Heimilt er framkvæmdanefnd að veita sveitarstjórn undanþágu frá því að kosta aðstoðarmann við garnaveikirannsóknir í þeim hreppum, sem mæðiveiki er einnig í fé bænda.

25. gr.

Heimilt er framkvæmdanefnd að láta slátra öllu því fé, sem talið er sjúkt eða grunað að lokinni garnaveikirannsókn.

26. gr.

Allur kostnaður við girðingar og vörzlur, sem um ræðir í 8.—11. grein, sem ekki greiðist af viðkomandi héruðum, greiðist að ⅗ hlutum úr ríkissjóði, en ⅖ sé jafnað niður á alla sauðfjáreigendur á ósýktum svæðum. Landbúnaðarráðuneytið jafnar gjaldi þessu árlega niður eftir síðasta fjárframtali á þau sýslufélög eða hluta úr þeim, er þátt taka í greiðslunni, en þó ekki hærri fjárhæð á ári hverju en sem svarar 10 aur. á kind. Sýslumenn jafna gjaldinu milli hreppa eftir sömu reglu og innheimta það með sýslusjóðsgjöldum.

Nú lætur framkvæmdanefnd rannsaka sauðfé í öryggisskyni á svæði, er reynist ósýkt, og skulu bændur þar undanþegnir 10 aura gjaldi það ár, er rannsóknin fer fram, enda hafi sveitarstjórnin kostað mann við rannsóknirnar.

IV. KAFLI

Um stuðning til bænda og bætur.

27. gr.

Fé því, sem veitt er árlega í fjárlögum til stuðnings fjáreigendum, sem tjón hafa beðið af völdum þeirra sjúkdóma, er lög þessi ná til, skal varið sem hér segir:

1. Til greiðslu upp í vexti af lánum bænda og upp í jarðarafgjald leiguliða. Þau ein lán koma til greina, að þau séu stofnuð vegna búrekstrar viðkomandi manns. Tilgreina skal skuldaeigendur og vaxtakjör. Vaxta- og jarðaafgjaldsstyrk skal úthluta til bænda í hlutfalli við þann tekjumissi, er þeir hafa orðið fyrir af völdum sjúkdómanna, en jafnframt sé höfð hliðsjón af afkomumöguleikum þeirra að öðru leyti.
2. Til vega í viðkomandi héruðum án framlags úr sýslu- eða sveitarsjóði.
3. Til greiðslu á styrk til framræslu vegna tún- eða engjaræktar, endurræktunar í túni, túnasléttunar og til garðræktar, er nemi þrefaldri þeirri fjárhæð, sem nú er greidd á verkeiningu samkv. jarðræktarlögunum, ef ekki er um vélavinnu að ræða, annars tvöfaldur styrkur. Til túnauka má greiða allt að jafnháum styrk og jarðræktarstyrknum nemur. Auk þess greiðist lögmæltur jarðræktarstyrkur.

   Heimilt er að verja því styrktarfé, er fellur undir þennan lið, til vinnu við aðrar umbætur á jörðinni samkv. nánari ákvæðum í reglugerð, og að fengnu samþykki framkvæmdanefndar í hverju einstöku tilfelli.
4. Til styrktar nýjum fyrirtækjum, sem gera framleiðslu bænda verðmæta eða fjölbreytta, svo sem rjómabúum og gróðurhúsum.

5. Til þess að styrkja fjáreigendur að ala upp sauðfé í skarðið fyrir það fé, er þeir hafa misst af völdum þessara sjúkdóma, og vegna ráðstafana, er leiðir af framkvæmd laga þessara.

28. gr.

Framkvæmdanefnd skal láta safna skýrslum um tjón það, er hlotizt hefur, svo og um ásetning líflamba.

29. gr.

Hver hreppsnefnd velur einn mann til að safna skýrslum um fjártjón bænda í hreppnum af völdum sauðfjársjúkdóma þeirra, er um ræðir í lögum þessum, og öðrum upplýsingum, er framkvæmdanefndin telur nauðsynlegar vegna úthlutunarinnar. Hver sýslunefnd tilnefnir tvo menn til þess að taka á móti skýrslum úr einstökum hreppum í þeirri sýslu og færa þær til samræmis.

Skýrslur þessar skulu komnar til framkvæmdanefndar í síðasta lagi fyrir 15. marz það ár, er úthlutunin fer fram.

30. gr.

Nú hefur framkvæmdanefnd fengið skýrslu um tjón fjáreigenda af völdum sauðfjársjúkdómanna, og skal hún þá árlega skipta því fé, er fjárlög heimila til stuðnings bændum og um ræðir í 27. gr.

Framkvæmdanefnd tilkynnir aðilum, þegar hún hefur lokið úthlutun hvert sinn, hve mikils styrks þeir megi vænta það ár. Sýslunefnd ákveður síðan, að fengnum tillögum viðkomandi hreppsnefnda, í hvaða vegum skuli unnið.

31. gr.

Framkvæmdanefnd sér um greiðslur á vaxtatillagi og jarðarafgjöldum. Þeir, sem eiga ógreidda vexti, afborganir eða jarðarafgjöld, fá því aðeins tillag upp í vexti, að þeir greiði jafnframt það, sem vangoldið er, eða hafi náð samningum um það.

Nefndin ávísar vegafénu til vegamálastjóra og jarðræktarstyrknum til Búnaðarfélags Íslands, og skulu þessir aðilar hafa eftirlit með þessum framkvæmdum og annast útborgun samkv. því, sem unnið hefur verið og heimild er til.

32. gr.

Hreppssjóður greiðir allan kostnað við söfnun skýrslna og úthlutun styrktarfjárins innan hrepps. Sýslusjóður greiðir á sama hátt kostnað við störf sýslufulltrúa og skiptinguna milli hreppa.

33. gr.

Bændur þeir, sem lög þessi ná til, fá án þess að greiða dráttarvexti frest á greiðslu árgjalda í lánsstofnunum, þar til séð er, hvort og hve mikinn styrk þeir fái á því ári samkv. lögum þessum, og er óheimilt að segja upp lánum vegna þess dráttar. Dráttur á greiðslu jarðarafgjalda til sama tíma varðar ekki missi ábúðar.

34. gr.

Framkvæmdanefnd ákveður bætur fyrir fé, er hún lætur slátra vegna vörzlu og enn fremur til þess að hindra sýkingu af völdum fjárflutninga, svo og fyrir það fé, sem nefndin lætur slátra vegna þess, að það reynist sjúkt eða grunað við rannsóknir. Bæturnar skulu miðaðar við niðurlagsverð á haustdegi, en tekið tillit til fóðurkostnaðar, sem fallið hefur á féð frá síðustu haustnóttum, ef því er slátrað að vetrarlagi. Bætur þessar greiðast úr ríkissjóði.

V. KAFLI
Almenn ákvæði.

35. gr.

Framkvæmdanefnd er heimilt að láta árlega safna skýrslum eftir því, sem hún telur þörf á, um hvers konar vanhöld á sauðfé, sem alið er upp.

Nefndin getur ákveðið, hvort eða að hve miklu leyti kostnaðurinn við þessa skýrslusöfnun greiðist af ríkissjóði.

36. gr.

Nú virðist reynslan benda til, að vissir fjárstofnar séu lítt næmir eða minna næmir gagnvart einhverjum framangreindra sjúkdóma, og getur þá framkvæmdanefnd ákveðið í samráði við landbúnaðarráðherra, að lömbum af þeim fjárstofnum sé ekki slátrað. Fjáreigendum, sem hafa óhraustari fjárstofn, skal þá gefa kost á að fá þessi lömb til ásetnings.

Verðlag á þessum lömbum skal ákveðið af kjötverðlagsnefnd fyrir 1. sept. ár hvert, miðað við þunga þeirra á fæti, fyrst áætlað verð og síðar endanlegt verð, eftir að sölu sláturafurða þess árs er lokið. Skal ávallt verðleggja lömbin þannig, að seljendur fái að lokum fullt niðurlagsverð fyrir þau.

Heimilt er nefndinni, telji hún þess þörf og samkomulag næst ekki um kaup á lömbunum á framangreindum grundvelli, að taka það af þeim eignarnámi, ef með þarf, sem eigandi þeirra þarf ekki sjálfur til ásetnings.

37. gr.

Nú hefur framkvæmdanefnd ákveðið að nota heimild þá, er um getur í 36. gr. Skal hún, eftir að hafa aflað sér upplýsinga um, hve mörgum lömbum fjáreigendur, sem hún óskar eftir að fá lömb frá, muni geta fargað til lífs, tilkynna þeim með hæfilegum fyrirvara fyrir hverja sláturtíð, hve mörg lömb nefndin óski eftir að fá og hvenær þau verði tekin. Á sama hátt skal nefndin tilkynna þeim fjáreigendum, sem lömb vilja fá, hversu mörg lömb þeir geti fengið og hvenær.

38. gr.

Ráðherra er heimilt, eftir tillögum framkvæmdanefndar, að gera hverja þá ráðstöfun, er hann álítur nauðsynlega til að hindra útbreiðslu veikinnar og útrýma henni.

39. gr.

Ráðherra setur reglugerð, er ákveður nánar um framkvæmd laga þessara. Framkvæmdanefnd hefur einnig heimild til að setja nánari fyrirmæli en ákvæði reglugerðar segja til um einstök framkvæmdaatriði, er kalla að í hvert sinn, ef hún telur þess þörf og landbúnaðarráðherra samþykkir.

40. gr.

Brot gegn lögum þessum, svo og reglugerð og fyrirmælum, er sett verða samkvæmt þeim, varða sektum, allt að 10000 kr., eða fangelsi, og skal með mál út af slíkum brotum farið sem almenn lögreglumál.

41. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 45 27. maí 1938, lög nr. 14 15. maí 1939, lög nr. 39 12. júní 1939 og lög nr. 89 14. maí 1940.

42. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 551. Breytingartillaga

við frv. til laga um bygging sjómannaskóla.

Frá Gísla Guðmundssyni.

Við 1. gr. Í stað orðanna „í Reykjavík eða nágrenni“ komi: á þeim stað utan Reykjavíkur, er nánar verður ákveðinn samkvæmt 3. gr.

Ed. 552. Nefndarálit

um frv. til laga um húsmæðrafræðslu í kaupstöðum.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað mál þetta og meðal annars rætt það við nokkrar af konum þeim, sem gengizt hafa fyrir stofnun húsmæðraskóla í Reykjavík. Óskuðu þær, að frv. gengi fram óbreytt og fengi sem greiðasta afgreiðslu í deildinni. Tveir nefndarmanna (ÁJ og SÁÓ) fylgja frumvarpinu eins og það liggur fyrir. Þriðji nefndarmaðurinn (JJ) lýsir sig fylgjandi frv. í aðalatriðum, en kveðst munu bera fram nokkrar breytingartillögur við það.

Á fund nefndarinnar í dag vantaði JJ, en ákveðið hafði verið að afgreiða málið á þeim fundi.

Telja undirritaðir nefndarmenn óverjandi að draga afgreiðslu málsins lengur, þar sem mjög er liðið á þingtímann.

Alþingi, 16. maí 1941.

Árni Jónsson, fundaskr.	Sigurjón Á. Ólafsson, frsm.

Sþ. 553. Breytingartillaga

við till. til þál. um sjálfstæðismálið.

Frá Héðni Valdimarssyni.

Við 2. málslið:

1. Á eftir orðinu „Danmörku“ komi: og sé sambandinu að fullu slitið.
2. Í stað orðanna „frá formlegum“ komi: formlega frá.

Sþ. 554. Breytingartillaga

við till. til þál. um stjórnskipulag Íslands.

Frá Héðni Valdimarssyni.

Tillögugr. orðist svo:

Alþingi ályktar að lýsa yfir þeim vilja sínum, að lýðveldi verði formlega stofnað á Íslandi, jafnskjótt og gengið verður frá endanlegri stjórnskipun ríkisins.

Sþ. 555. Þingsályktun

um sjálfstæðismálið.

(Afgreidd frá Sþ. 17. maí).

Samhljóða þskj. 547.

Sþ. 556. Þingsályktun

um æðsta vald í málefnum ríkisins.

(Afgreidd frá Sþ. 17. maí).

Samhljóða þskj. 548.

Sþ. 557. Þingsályktun

um stjórnskipulag Íslands.

(Afgreidd frá Sþ. 17. maí).

Samhljóða þskj. 549.

Ed. 558. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 76 11. júní 1938, um byggingar- og landnámssjóð, og l. nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki.

Frá Þorsteini Þorsteinssyni og Páli Zóphóníassyni.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist:

Meðan vísitala kauplagsnefndar er 110 eða hærri, skal framlag ríkissjóðs hækka til samræmis við vísitölu Hagstofu Íslands um byggingu íveruhúsa, miðað við sömu vísitölu 1939. Hækkunin reiknast þó ekki af hærri höfuðstóli en 200000 kr.

Ed. 559. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 39 28. jan. 1935, um breyt. á l. nr. 46 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr.

Aftan við greinina bætist: Þó skal við ákvörðun meðalmeðgjafa meðlagsárið 1. ágúst 1941—31. júlí 1942 auk þess tekið tillit til þess, að eigi voru greiddar verðlagsuppbætur á meðlög næsta meðlagsár á undan.

Ed. 560. Nefndarálit

um frv. til laga um húsmæðrafræðslu í kaupstöðum.

Frá minni hluta menntamálanefndar.

Nefndin hefur ekki átt samleið um málið. Meiri hlutinn hefur lagt áherzlu á að gera ekki á málinu nokkra breytingu, til að tryggja sem skjótastan framgang þess, jafnvel ekki laga ósamræmi, sem komið hefur við það, að frv. var breytt í Nd. við þriðju umræðu með skriflegri breytingartillögu, en ekki gætt að breyta öðrum greinum til samræmis.

Ég vil að vísu láta málið ná fram að ganga á þessu þingi, sérstaklega vegna vaknandi áhuga og framkvæmda í Reykjavík. En ég vil gera á frv. allmargar nauðsynlegar breytingar, þannig að húsmæðrafræðsla í bæjunum verði eðlilegur liður í skólakerfi landsins.

Tveir meginágallar eru á frv. eins og það liggur nú fyrir. Annars vegar að gert er ráð fyrir og heimilað að gera húsmæðraskóla kaupstaðanna að heimavistarskólum, þar með og alveg sérstaklega fyrir stúlkur, sem heima eiga í hlutaðeigandi bæjum. Sömuleiðis er allt of mikið af stofnkostnaði og rekstrarkostnaði þessara skóla samkvæmt frv. lagt á ríkissjóð og óeðlilega lítið á bæjarfélögin sjálf. Menn mega ekki láta það villa sér sýn, að um nokkra undangengna mánuði hefur ríkissjóður fengið óvenjulega miklar tekjur. Í hugum sumra þingmanna er nú sem stendur allmikið bjartsýni um fjármálagetu þjóðarinnar. Þannig var líka ástatt á Alþingi 1919, rétt áður en hrunið kom. Alþingi veitti þá nýútskrifuðum hagfræðikandidat 12 þús. kr. námsstyrk, án þess að þeirri rausn fylgdi nokkur skynsamleg fyrirhyggja að öðru leyti.

Nú eru húsmæðraskólar í sveit á Staðarfelli, Blönduósi, Laugalandi, Laugum og Hallormsstað. Allir þessir skólar hafa verið reistir vegna þess, að í hlutaðeigandi héruðum hefur verið sýndur mikill áhugi og fórnfýsi við framkvæmdirnar. Ríkissjóður hefur síðan stutt að byggingum og rekstri skólanna. Aðsóknin að þessum skólum er meiri en að nokkrum öðrum menntastofnunum í landinu. Forstöðukonurnar á Laugum og Laugalandi verða á ári hverju að vísu frá 5—8 umsækjendum fyrir hvern einn, sem hægt er að taka.

Húsmæðraskólar sveitanna verða að vera heimavistarskólar. Það þarf ekki eingöngu að byggja kennslustofur og vinnustofur handa námsstúlkunum. Það þarf líka að byggja heimavist fyrir stúlkurnar og íbúðir fyrir kennarana. Auk þess verða námsmeyjarnar að kosta dvöl sína að heiman og greiða bæði kennslugjald og húsaleigu. Af þessum ástæðum verður stofnkostnaður og rekstrarkostnaður miklu meiri í sveitaskólum heldur en þarf að vera í bæjunum. Með öllum þeim hindrunum, sem eru á því að reisa skólana í sveitinni og fyrir efnalitlar stúlkur að sækja þá til dvalar 1—2 vetur, verður niðurstaðan sú, að í skólana komast ekki nándar nærri allar þær stúlkur, sem vildu leita þangað. Þessu hagar allt öðruvísi í bæjunum. Þar eru engir heimavistarskólar, hvorki fyrir börn eða unglinga. Einn af kostunum við þéttbýli bæjanna er, að foreldrar geta látið börn sín búa heima, og húsnæði skólanna er miðað við kennsluna sjálfa, en ekki heimili kennaranna eða heimavistir fyrir nemendur.

Í Reykjavík er talið, að 300 stúlkur séu fermdar árlega. Það má kalla eðlilegt, að allar þessar stúlkur gætu fengið verklega kennslu í hússtjórnarfræðslu svo sem einn vetur, og væri það lágmark. Þetta er framkvæmanlegt smátt og smátt, ef skynsamleg samvinna er með áhugakonum í bænum, bæjarstjórn og Alþingi. Sama á vitanlega við í öðrum kaupstöðum.

En það er algerlega óframkvæmanlegt að sjá nálega öllum stúlkum í bæjunum fyrir þessari nauðsynlegu fræðslu og æfingu, ef hallazt er að heimavistarstefnunni bæði að því er snertir nemendur og kennara. Það þyrfti risavaxnar bygg-

ingar, ef byggja ætti heimavistarskóla fyrir allar ungar stúlkur í bæjum og það starfslið, sem þyrfti við kennsluna. Á sama tíma væru auð herbergi á heimilum námsmeyjanna hjá foreldrum þeirra og vandamönnum.

Hér á landi hefur engin tilraun verið gerð með heimavistir í kaupstöðum fyrir nemendur, sem þar eiga heima. Langaloftið í Menntaskólanum var heimavist vegna fátækra aðkominna nemenda. Erlendis er það ekki óalgengt, að ríkt fólk sendi börn sín í heimavistarskóla, til að láta þau fá sérstaka tamningu. En það er luksusuppeldi fyrir nokkurn hluta ungmenna úr efnastéttunum, en hvergi reynt sem úrræði fyrir þær stéttir, sem ekki sitja yfir auði fjár. Þar, sem svo stendur á, eru hinir dýru heimavistarskólar hafðir úti í sveit, t. d. Herlufshælin í Danmörku, Eton og Rugby í Englandi. Einangrun nemenda úr bæjunum er þar eitt af aðalatriðum hins dýra uppeldis.

Ég vil ekki neita því, að slík einangrun í heimavistarskóla geti undir stjórn duglegra kennara haft ýmsa kosti. En í íslenzkum kaupstöðum er ekki sýnilegt, að námsmeyjar í húsmæðraskólum myndu græða mjög mikið annað á heimavistardvöl en að fá að þvo herbergi sín og búa upp sængur sínar. En þá æfingu geta þær fengið í skólunum án heimavistar.

Nú munu menn segja, að heimavist við kaupstaðaskólana sé góð og gagnleg vegna aðkomustúlkna. Því er til að svara, að sveitirnar hafa verið og eru að reisa skóla til að mæta þörfum fólksins í dreifbýlinu. Kaupstaðirnir þurfa fyrst og fremst skóla, sem eru miðaðir við þarfir þeirra, sem þar búa. Vitaskuld munu stúlkur úr sveit koma meira og minna í kaupstaðaskólana. En þeim er ekki vandara um að fá sér herbergi úti í bæ heldur en nemendum úr öðrum skólum. Og það er fjarstæða að miða húsmæðrafræðsluna í bæjum fyrst og fremst og sér í lagi við þarfir aðkomukvenna.

Að minni hyggju eiga húsmæðraskólar kaupstaðanna að vera stór og fjölbreytt verkstæði, miðað við að geta náð til nálega allra ungra stúlkna, sem vaxa upp í kaupstöðunum, svo að þær fái þar hagnýta kennslu og starfsæfingu ekki minna en einn vetur. Hér í Reykjavík hafa nokkrar áhugasamar konur efnt til samskota í húsmæðraskóla og keypt allstórt hús til þess reksturs. Bæjarstjórnin hefur á fjárlögum yfirstandandi árs veitt ríflega fjárhæð í slíka skólastofnun og þar með gert eðlilegt, að framkvæmdin verði styrkt af ríkisfé. En sá ljóður er á þessu máli, að forgöngukonurnar vilja hafa skólann með heimavist og hljóta þá að takmarka nemendatöluna meira en vera þyrfti, ef kröftunum væri einbeitt að því að koma á fót kennslustofum og verkstæðum til að kenna matargerð, sauma, prjón, vefnað, þvott, viðgerð fata og húsgagna o. s. frv. — Í öðrum kaupstöðum hefur ekki orðið vart við vakandi áhuga um húsmæðrafræðslu, ef frá er tekinn Ísafjörður, þar sem skóli hefur verið starfræktur um mörg ár. Það má telja vafasamt, hvort ástæða hefur verið til að skipa með lögum húsmæðrafræðslu í kaupstöðum, meðan ekki var til nema vísir að slíkri kennslu í einum kaupstað. Um skólastofnun í Reykjavík mætti gera sérstakar ráðstafanir til að mæta hinum vaknandi áhuga. En með nokkrum rétti má segja, að lagasetning sú, sem hér er um að ræða, svífi að mestu leyti í lausu lofti, ofan við reynslu hins daglega lífs.

Þar sem málið er svo lítt undirbúið í kaupstöðunum, má kalla það furðulegt, ef Alþingi sýnir þá rausn að heita fyrirfram 75% af byggingar- og áhaldakostnaði, og auk þess gera ráð fyrir, að ríkið greiði sama sem allan kostnað við kennsluna. Þegar svo er með málið farið, er ekki þess að vænta, að nægilegri forsjálni verði beitt í framkvæmdunum. Hið nauðsynlega aðhald heima fyrir er þá sama sem ekki neitt. En í þessum efnum er það án efa farsælast, að saman fari áhugi og nokkur fórnarvilji heima fyrir, svo sem jafnan hefur komið fram við stofnun húsmæðraskólanna í sveitum, og velviljaður skilningur ríkisvaldsins.

Fram að þessu hefur það þótt sjálfsagt stefnuatriði um hina stóru almennu fræðsluflokka, þar sem allir eiga aðgang að skólasetu eins og í kaupstöðunum, að þá leggi bæjarfélagið fram að sínu leyti til skólahaldsins. Á þann hátt ber kaupstöðum að reisa barnaskólahúsin og kosta kennsluna að mjög verulegu leyti. Lögin

um gagnfræðaskóla í kaupstöðum frá 1930 mæla svo fyrir, að bæjarfélögin leggi fram 3/5 af stofnkostnaði skólanna og rekstrarstyrk í sama hlutfalli. Ríkið leggur fram 2/5 bæði í stofnkostnað og til kennslunnar. Ef þau framlög nægja ekki, bætir bæjarfélagið við því, sem á vantar. Kennslugjald fyrir nemanda í gagnfræðaskóla hefur verið um 280 krónur, bæði frá bæ og ríki, miðað við sjö mánaða kennslu. Með mikilli ráðdeild hefur sumum skólastjórum gagnfræðaskólanna tekizt að spara nokkuð af þessum tekjum í húsbyggingarsjóð. Má af því sjá, hve langt má komast um rekstur slíkra stofnana, ef góður vilji er til að beita hagsýni í verki.

Í frv. eins og menntamálanefnd flutti það var gert ráð fyrir, að ríkið kostaði byggingu húsmæðraskólanna í bæjum að hálfu leyti móti kaupstöðunum, og stæði straum af rekstrinum eins og í hinum fimm húsmæðraskólum sveitanna. Við síðustu umræðu í Nd. flutti einn af fulltrúum kaupstaðanna skriflega breytingartillögu um, að ríkið tæki að sér 75% af stofnkostnaðinum. Þetta var samþykkt athugalítið, og í flýtinum gleymdist að samræma fyrirmælin um kostnað við slíka skóla, þegar þeir búa í leiguhúsi.

Ég mun nú leggja til, að gætt sé hófs í þessu efni, og að fylgt sé í aðalatriðum fordæminu um gagnfræðaskóla kaupstaðanna, en hlutur bæjanna þó gerður auðveldari í þessu efni, þannig að þeir greiði aðeins 2/5 af stofnkostnaði og 3/5 af venjulegum rekstrarkostnaði. Með þessu móti fá forráðamenn bæjanna, sem ráða mestu um rekstur skólanna, hæfilegt aðhald um gott og framsýnt eftirlit með rekstrinum. Auk þess er minni hætta á ósanngjörnum kröfum um fé til bygginga, ef bæjarfélögin finna á sér hvíla verulegan hluta af ábyrgðinni við framkvæmdina. Hitt er auðvelt, að heimta mikið af ríkissjóði, sem er þó ekki alltaf aflögufær.

Ákvæði frv. um, að kennslukvennaskóli skuli vera í Reykjavík í sambandi við húsmæðraskólann, eru lítt hugsuð og í ósamræmi við eldri lög. Áður var sett löggjöf um kennslukvennaskóla á Laugarvatni, vegna væntanlegra kennara við húsmæðraskóla. En vegna áhugaleysis, erfiðleika við byggingarframkvæmdir og ef til vill vegna fjárhags landsins hefur þessi skóli ekki verið byggður, og er hans þó hin mesta þörf. Það er gagnslítið að setja pappírslög um húsmæðrakennaraskóla í Reykjavík, ofan á hin óframkvæmdu pappírslög um sams konar skóla á Laugarvatni. Ekki er heldur í frv. gerð grein fyrir samstarfi þessara skóla. Ég mun þess vegna flytja tillögu um að fella þessa grein niður, en álít hins vegar, að vel gæti komið til mála að setja á stofn framhaldsdeild af kennslukvennaskólanum á Laugarvatni við háskólann í Reykjavík, og mætti á þann hátt koma við eðlilegri verkaskiptingu við það nám. Í Ameríku eru hús skólanna yfirleitt byggð á sama grundvelli og Jón Sigurðsson lagði í tillögum sínum um þjóðskóla 1842. Vestanhafs er framhaldsnám í húsmæðrafræðum talin sjálfsögð námsgrein við flesta háskóla.

Ég hef viljað gera með þessum athugasemdum tilraun til, að húsmæðraskólamál kaupstaðanna verði tekið á skynsamlegum grundvelli, en ekki afgreitt í sama anda og 12 þús. kr. námsstyrkur var veittur óreyndum manni 1919. Vel má vera, að Alþingi vilji í þetta sinn ljúka málinu með nokkrum flaustursháttum. En allar líkur benda til, að þó að sumir menn hyggi nú, að ríkissjóður sé orðinn uppspretta ótæmandi auðæfa, þá muni sú skoðun ekki standast dóm reynslunnar. Eftir hið fyrra stríð hurfu fljótt hin umtöluðu auðæfi þeirra tíma, og ríki, bæir og einstaklingar þurftu aftur að byrja að gæta hagsýni. Nú eru liðin 11 ár síðan lög voru sett um gagnfræðaskóla. Höfuðbæir landsins, Reykjavík og Akureyri, hafa ekki enn í félagi við ríkið getað látið þessar stofnanir fá þak yfir höfuðið. Þó er þeirra svo mikil þörf, að í báðum þessum skólum munu vera á 5. hundrað nemendur. Mér finnst ástæða til að ætla, einkum í erfiðleikum og hættum yfirstandandi tíma, að fullkomin þörf verði að gæta hófs í þessum framkvæmdum.

Þó að breytingartillögur mínar verði felldar, mun ég samt fylgja frv. milli umræðna og út úr deildinni. Mér finnst húsmæðraskólamálið í Reykjavík verðskulda stuðning eins og nú er komið, þó að forgöngukonurnar megi búast við, að þær verði á ýmsan hátt að breyta fyrirætlunum sínum, þegar komið er út í fram-

kvæmdir. Ég hygg, að óskir þeirra um heimavist í bæjaskólum muni fá lítið fylgi, þegar á reynir. Á hinn bóginn þykir mér sennilegt, að það verði sótt á, að geta látið allar ungar stúlkur, sem vaxa upp í Reykjavík, fá heppilega húsmæðrafræðslu í fjölbreyttum heimangönguskólum og vinnustofum í bænum.

Breytingartillögur mínar fylgja á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 19. maí 1941.

Jónas Jónsson.

Ed. 561. Lög

um ráðstafanir til loftvarna og annarra varna gegn hættum af hernaðaraðgerðum.

(Afgreidd frá Ed. 19. maí.)

Samhljóða þskj. 339.

Ed. 562. Lög

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að kaupa jörðina Vatnsleysu í Viðvíkursveit og gera að prestssetri.

(Afgreidd frá Ed. 19. maí.)

Samhljóða þskj. 286.

Ed. 563. Lög

um breyting á lögum nr. 32 8. sept. 1931, um búfjárrækt.

(Afgreidd frá Ed. 19. maí.)

Samhljóða þskj. 509.

Nd. 564. Lög

um afla- og útgerðarskýrslur.

(Afgreidd frá Nd. 19. maí.)

Samhljóða þskj. 329.

Nd. 565. Lög

um breyting á lögum nr. 45 31. maí 1927, um heimild fyrir dómsmálaráðherra til þess að veita leyfi til veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar.

(Afgreidd frá Nd. 19. maí.)

Samhljóða þskj. 404.

Nd. 566. Breytingartillaga

við frv. til l. um viðauka við og breyt. á l. nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar.

Frá Skúla Guðmundssyni.

Við 1. gr. d-liður falli niður.

Nd. 567. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 525 [Bifreiðaskattur o. fl.].

Frá fjármálaráðherra.

Við 2. Aftan við liðinn bætist: Þó ekki yfir 100 þús. kr. hvort árið, en því, sem umfram kann að verða, skal skipt í réttum hlutföllum milli þeirra vega, sem fé er veitt til í fjárlögum af tekjum þessum.

Ed. 568. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 37 12. febrúar 1940, um stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Aftan við 3. mgr. 1. gr. laganna bætist: Þó má lækka skaðabætur eða fella þær niður með öllu, eftir því hve miklar líkur eru fyrir því, að skipið hafi farizt af öðrum orsökum en styrjaldaraðgerðum.

Ástæður.

Frv. þetta er flutt í samráði við félagsmálaráðherra, og felur í sér nauðsynlega breytingu á l. um stríðstryggingafélag ísl. skipshafna.

Nd. 569. Frumvarp til laga

um veiting ríkisborgararéttar.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Andersen, Victor Strange, verkstjóri í Reykjavík, fæddur í Danmörku.
2. Bremnes, Johan Jörgensen, bóndi að Búlandsnesi í S.-Múlasýslu, fæddur í Noregi.
3. Eiríkur Guðmundsson, námsmaður í Reykjavík, fæddur í Englandi.
4. Hansen, Einar Kristofferson, sjómaður í Hólmavík, fæddur í Noregi.
5. Hansen, Hans Thorvald Henry, veitingaþjónn í Reykjavík, fæddur í Danmörku.
6. Hobbs, Helga Phyllis, skrifstofustúlka í Reykjavík, fædd í Englandi.
7. Malmberg, Ejnar Oluf, kaupmaður í Reykjavík, fæddur í Danmörku.

8. Nielsen, Olaf Peder, rafvirkjameistari í Reykjavík, fæddur í Danmörku.
9. Petersen, Martin, námsmaður í Reykjavík, fæddur á Íslandi.
10. Rasmussen, Ivan Hugo, rennismiður í Reykjavík, fæddur í Kaupmannahöfn.
11. Rokstad, Emil Johan Hansen, kaupmaður í Reykjavík, fæddur í Noregi.
12. Schwinn, Liselotte Elisabeth, skrifstofustúlka í Reykjavík, fædd í Þýzkalandi.
13. Tromberg, Grímur, námsmaður í Reykjavík, fæddur í Kanada.
14. Tromberg, Kristjón, verkamaður í Reykjavík, fæddur í Kanada.
15. Tönsberg, Ejner, garðyrkjumaður, Reykjum, Mosfellssveit, fæddur í Danmörku.
16. Zebitz, Frederik Wilhelm Henry, rafvirki í Reykjavík, fæddur í Danmörku.
17. Þórarinn Jónsson, hárskeri á Seyðisfirði, fæddur á Íslandi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Að því er Martin Petersen snertir þó eigi fyrr en 9. júlí 1941.

Nd. 570. Lög

um viðauka við og breytingar á lögum nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar.

(Afgreidd frá Nd. 19. maí.)

Samhljóða þskj. 531.

Nd. 571. Lög

um landnám ríkisins.

(Afgreidd frá Nd. 19. maí.)

Samhljóða þskj. 530.

Nd. 572. Lög

um breyting á lögum nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði.

(Afgreidd frá Nd. 19. maí.)

Samhljóða þskj. 510.

Nd. 573. Breytingartillögur

við frv. til laga um veiting ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

I. Við 1. gr. Við bætast 2 nýir liðir:
Molander, Thorvald Antonius, listmálari í Reykjavík, fæddur í Noregi.
Möller, Sverre, verkamaður í Reykjavík, fæddur í Noregi.
Nafnaröð breytist samkvæmt stafrófsröð.

II. Við 2. gr. Aftan við greinina bætist: og að því er Sverre Möller snertir eigi fyrr en 1. okt. 1941.

Ed. 574. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 537 [Ófriðartryggingar].

Frá Páli Zóphóníassyni.

Við 11. Upphaf tillögunnar orðist svo:
Tjón skal að jafnaði tilkynna o. s. frv.

Ed. 575. Frumvarp til laga

um ófriðartryggingar.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

I. KAFLI
Stofnun tryggingarinnar.

1. gr.

Setja skal á fót stofnun til að standa straum af tjóni af völdum hernaðar í landinu á fasteignum og lausafé landsmanna, sem ekki er vátryggt á annan hátt eða fæst bætt á öðrum vettvangi. Stofnunin nefnist: Ófriðartryggingin.

Stofnunina skal þó ekki setja á fót fyrr en eitthvert hernaðartjón hefur að höndum borið, og koma lög þessi að engu leyti til framkvæmda fyrr en slíkt tjón hefur átt sér stað.

Trygging sú, er lög þessi fjalla um, nær ekki til þeirra fjármuna í landinu, sem eru í eigu erlendra manna eða stofnana, nema slíkir aðilar séu hér heimilisfastir og greiði hér öll almenn gjöld.

2. gr.

Stofnunin starfar í þrem deildum, fasteignadeild, véla- og tækjadeild og vörutryggingardeild. Hafa þær sameiginlega stjórn og bera sameiginlega stjórnarkostnað og annan kostnað af rekstri stofnunarinnar, en að öðru leyti hafa þær aðskilinn fjárhag. Atvinnumálaráðuneytið skiptir rekstrarkostnaði stofnunarinnar á deildir hennar.

II. KAFLI
Fasteignatryggingin.

3. gr.

Skylt er að tryggja hjá Ófriðartryggingunni allar húseignir í landinu og önnur mannvirki.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið ákveður, hvað telja skuli tryggingarskyld mannvirki.

Eigendur eða umráðamenn tryggingarskyldra mannvirkja, sem ekki eru í skyldutryggingu fyrir eldsvoða, eru skyldir til að senda Ófriðartryggingunni tilkynningar um þau, þegar er hún hefur tekið til starfa.

4. gr.

Landið allt er eitt tryggingarsvæði, en ráðuneytið ákveður með reglugerð eða auglýsingu skiptingu fasteignanna í áhættuflokka með mismunandi iðgjöldum.

5. gr.

Iðgjöld reiknast af brunabótaverði. Húseignir og mannvirki, sem ekki eru virt til brunabóta, skal stjórn stofnunarinnar láta virða sérstaklega, og á sama hátt og til brunabóta væri, með aðstoð brunatryggingarfélaga húseigna, sem starfa á hverjum stað, og skal gera viðaukaskrá yfir þau við brunatryggingarskrárnar.

6. gr.

Áfallnar bætur eða eftirstöðvar þeirra ávaxtast með 5% á ári frá því er tjónið varð og þangað til þær eru greiddar að fullu. Vextir þessir ganga fyrst og fremst til greiðslu umsaminna vaxta af kröfum þeim, á gjalddaga, sem tryggðar eru með þinglesnum veðrétti í fasteign þeirri, sem skemmzt hefur eða eyðilagzt. Jafnframt vöxtum greiðast umsamdar afborganir af hinum þinglesnu veðskuldum, og skal draga þær frá bótunum, er þær verða endanlega greiddar. Þó greiðist ekki stærri afborgun af neinni slíkri skuld en sem svarar 1/20 hluta hinnar upphaflegu veðkröfu, og geta veðhafar eigi krafizt frekari greiðslu, meðan fasteignin er ónothæf eða bætur eigi greiddar að fullu. Færist greiðsla skuldarinnar aftur um tilsvarandi tíma, sem þarf til að ljúka því af henni með umsömdum afborgunum, sem með þessu móti kann að hafa vangreiðzt, meðan fasteignin var ónothæf eða bætur ekki greiddar að fullu.

Verði eitthvað afgangs af téðum 5% vöxtum, þegar lokið hefur verið umsömdum ársvöxtum og afborgunum samkvæmt framansögðu, greiðist það til eiganda fasteignarinnar í lok hvers árs.

7. gr.

Bætur, þar með talið vextir og afborganir samkvæmt 6. gr., greiðast með iðgjöldum, sem krafin eru af öllum tryggðum húseignum og mannvirkjum, einnig þeim, sem orðið hafa fyrir ófriðartjóni.

Hámark iðgjaldanna samtals er 10% af þeim upphæðum, sem iðgjöld reiknast af.

Ef þessi takmörkun hefur í för með sér, að ekki er hægt að bæta ófriðartjónið að fullu, skulu bætur greiddar úr ríkissjóði eftir því, sem fé verður veitt til þess í fjárlögum.

8. gr.

Iðgjöld skulu innheimt, þegar ófriðartjón gefur tilefni til, og geta þau numið allt að 1% á ári af matsverðinu. Innheimtumenn brunabótagjalda innheimta þau eftir sömu reglum og þessi gjöld.

Iðgjöldin hafa lögtaksrétt og veð í fasteignum næst á eftir opinberum gjöldum.

Ef innheimt eru meiri iðgjöld en nægja til að bæta ófriðartjón og allan kostnað að fullu, skal endurgreiða það, sem umfram er, hlutfallslega eftir greiddum iðgjöldum.

9. gr.

Bætur greiðast að jafnaði ekki fyrr en ófriðnum er lokið, sbr. þó 30. gr. og 6. gr. 2. og 3. mgr.

Ráðuneytið ákveður, að fengnum tillögum tryggingarstjórnarinnar, hverjar bætur skuli greiddar, þegar byggingar eða mannvirki eru ekki endurreist eða er breytt verulega.

10. gr.

Bætur greiðast eigandanum, ef engar þinglýstar kröfur hvíla á eigninni eða hafa verið tilkynntar Ófriðartryggingunni og viðurkenndar af eiganda.

Sama máli gegnir, þó að þinglýstar kröfur hvíli á eigninni eða hafi verið tilkynntar og viðurkenndar, ef byggingar eða mannvirki eru endurreist, enda sé réttur veðhafa að fullu tryggður, að dómi tryggingarstjórnarinnar. Ella skal greiða kröfuhöfum bætur á undan eiganda og í þeirri röð, sem veð þeirra segja til.

11. gr.

Ef hús er endurreist, eiga þeir leigutakar, sem voru í eldra húsinu, forgangsrétt að leigu í hinu nýja húsi með sömu kjörum og áður, þó með þeim breytingum, sem nauðsynlegar verða að teljast vegna breyttra aðstæðna. Þessa réttar er þó því aðeins hægt að neyta, að völ sé á svipuðu húsnæði og áður í húsinu.

III. KAFLI

Véla- og tækjatryggingin.

12. gr.

Skylt er eigendum eða umráðamönnum að tryggja allar vélar og tæki, sem ekki eru tryggð í fasteignatryggingunni, sbr. 3. gr., og eru að minnsta kosti 2000 króna virði, á einum og sama stað.

Setja má nánari reglur um það, hvað telja beri tryggingarskyldar vélar og tæki samkvæmt lögum þessum.

Eigendur eða umráðamenn tryggingarskyldra véla og tækja eru skyldir til að senda Ófriðartryggingunni tilkynningar um slíkar vélar og tæki jafnskjótt sem hún hefur tekið til starfa.

13. gr.

Tryggingarupphæð véla og tækja er brunabótaverðið, nema annað sé tiltekið af tryggingartaka og samþykkt af tryggingarstjórninni.

14. gr.

Brunatryggingarfélögum er skylt að hafa á hendi innheimtu iðgjaldanna. Hámark iðgjalda er 10% af tryggingarupphæðunum og geta numið allt að 2% á ári.

15. gr.

Ráðuneytið ákveður þóknun til brunatryggingarfélaga fyrir aðstoð þá, er þau veita samkvæmt lögum þessum.

16. gr.

Að öðru leyti gilda ákvæðin um fasteignatrygginguna, að svo miklu leyti sem þau geta átt við.

IV. KAFLI

Lausafjártryggingin.

17. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, ef til þess kemur, sbr. 1. gr., að tjón verði af völdum ófriðarins á vörubirgðum eða öðru lausafé í landinu, sem ekki er tryggt samkvæmt III. kafla þessara laga, að leggja aukagjald á allar innfluttar vörur og sérstakt útflutningsgjald á allar útfluttar vörur. Gjaldi þessu, sem ekki má nema meira en 2 af hundraði af verði varanna, sbr. 18. gr., skal verja til þess að bæta tjón á vörubirgðum og öðru lausafé landsmanna innan lands, sem hlýzt af hernaði í landinu, sbr. 28. gr., að því leyti, sem þessir fjármunir eru ekki tryggðir á annan hátt fyrir slíku tjóni.

18. gr.

Nú verður tjón af völdum styrjaldarinnar á munum þeim, sem um ræðir í þessum kafla, og ákveður þá ríkisstjórnin, sbr. 1. gr., að innheimta skuli gjöld þau, sem um ræðir í 17. gr., frá og með næsta degi eftir að henni berst tilkynning eða hún verður á annan hátt áskynja um tjónið. Ákveður hún þá jafnframt, hvert hundraðsgjald skuli greiða og hversu lengi, eða hvort það skuli innheimt um óákveðinn tíma,

þangað til annað verði ákveðið. Gjöldin skulu þá lögð á verð aðfluttra og útfluttra vara eftir sömu reglum og verðtollur og útflutningsgjald, og skulu þau innheimt af innheimtumönnum ríkissjóðs, á sama hátt og verðtollur og útflutningsgjald, og greidd ásamt þeim tollum til ríkissjóðs, sem svo greiðir þau Ófriðartryggingunni. Fjármálaráðuneytið gefur innheimtumönnum ríkissjóðs fyrirmæli um innheimtu gjaldanna, eftir því sem þörf gerist.

19. gr.

Rétt til bóta á hver sá, sem hefur orðið fyrir ófriðartjóni á verðmætum þeim, sem um ræðir í þessum kafla.

Frá matsupphæð tjónsins dregst, þegar um lausafé, annað en vörubirgðir, er að ræða, ¼ hluti, þó svo, að frádrátturinn nemi eigi hærri upphæð en 5000 krónum hjá sama manni eða fyrirtæki, og greiðast bætur fyrir tjónið með þeim frádrætti.

Frá matsupphæð vörubirgða skal draga 1/20 hluta, og greiðast bætur fyrir tjónið með þeim frádrætti.

20. gr.

Tjón það, sem um ræðir í þessum kafla, skal að jafnaði ekki bætt nema að hálfu samkvæmt 19. gr. þegar er það hefur verið gert upp. Hinn helmingur tjónsins greiðist að styrjöldinni lokinni.

Nú færir eigandi glataðra eða skemmdra vörubirgða sönnur á, að hann muni bíða stórfellda fjárhagslegan hnekki, ef hann fær ekki útborgaðar frekari bætur en að framan greinir, og er þá stjórn Ófriðartryggingarinnar heimilt að greiða meiri bætur og jafnvel bæta tjónið að fullu, sérstaklega ef ætla má, að ekki sé unnt með öðru móti að afla nýrra birgða nógu fljótt.

Sá hluti bótanna, sem ekki greiðist fyrr en að styrjöldinni lokinni, ávaxtast með 5% á ári til greiðsludags, og fer um greiðslu vaxta og afborgana af lánum, sem tryggð kunna að vera með handveði eða þinglýstu sjálfsvörzluveði í hinum skemmdu eða glötuðu munum, á sama hátt og segir í 6. gr. um fasteignaveðslán, eftir því sem við getur átt.

21. gr.

Nú verður svo stórkostlegt tjón á fjármunum þeim, sem um ræðir í þessum kafla, að eigi þykir fært að bæta það að fullu samkvæmt fyrirmælum 19. gr., og skal það þá bætt að því, sem á vantar, úr ríkissjóði, eftir því sem fé verður veitt til þess í fjárlögum.

V. KAFLI

Stjórn Ófriðartryggingarinnar.

22. gr.

Nú verður ríkisstjórnin áskynja um verulegt, sbr. 31. gr., bótaskylt tjón samkvæmt lögum þessum, og gerir hún þá þegar ráðstafanir til þess, að ófriðartryggingin taki til starfa. Skipar atvinnumálaráðuneytið þriggja manna nefnd til að veita tryggingunni forstöðu, en Brunabótafélagi Íslands skal falið að annast daglegar framkvæmdir.

23. gr.

Tryggingarstjórnin ræður matsmenn og aðra starfsmenn eftir þörfum. Skrifstofumenn til viðbótar starfsliði sínu ræður þó stjórn Brunabótafélags Íslands að því leyti, sem fast starfsfólk félagsins kemst ekki yfir hin daglegu störf, sem því eru falin.

24. gr.

Atvinnumálaráðuneytið ákveður þóknun stjórnar Ófriðartryggingarinnar. Enn fremur ákveður ráðuneytið, hvað Brunabótafélagi Íslands skuli greitt fyrir störf þess í þágu Ófriðartryggingarinnar.

VI. KAFLI
Almenn ákvæði.

25. gr.

Brunatryggingarfélögum er skylt að aðstoða við skrásetningu þeirra fasteigna, véla og tækja, sem tryggja ber samkvæmt 3. og 12. gr. Einnig ber þeim að veita Ófriðartryggingunni vitneskju um, hvort lausafé, sem um ræðir í IV. kafla laga þessara og glatazt hefur eða skemmzt af völdum ófriðarins, hefur verið tryggt gegn eldsvoða hjá þeim, og þá fyrir hve háa upphæð. Enn fremur ber þeim að veita aðrar þær upplýsingar um hlutaðeigandi lausafé, sem óskað verður eftir og þau geta veitt.

26. gr.

Tjón skal tilkynna Ófriðartryggingunni áður en vika er liðin frá því er það varð. Fjárkröfur eru fyrndar, ef eigandi eða umráðamaður hinna skemmdu eða glötuðu eigna hefur ekki fært sönnur á réttmæti þeirra, áður en þrír mánuðir eru liðnir frá því, er hann tilkynnti tjónið og bar fram kröfu um bætur.

27. gr.

Þegar tryggingarstjórnin fær tilkynningu eða berst vitneskja um tjón, er ætla má, að falli undir trygginguna, skal hún strax gera ráðstafanir til þess að fá úr því skorið, hvort um ófriðartjón sé að ræða, og láta meta skaðann.

Um mat á tjóni fer eftir þeim reglum, er gilda um brunatjón, að svo miklu leyti sem þær geta átt við, og skal brunabótaverð lagt til grundvallar fyrir bótagreiðslu á sama hátt og við brunatjón, ef hið tryggða er tryggt gegn eldsvoða.

28. gr.

Ófriðartjón telst hvers konar eyðilegging eða skemmdir á hinu tryggða, sem orsakast beint eða óbeint af hernaði, þar með talin hlutleysisbrot og borgaraóeirðir meðan á ófriðnum stendur og í sambandi við hann. Þetta nær þó ekki til skemmda eða óhagræðis, sem menn kunna að verða fyrir vegna vistar hins brezka setuliðs í landinu. Ríkisstjórnin ákveður, hvenær því ástandi, sem að framan greinir, telst vera lokið.

29. gr.

Að svo miklu leyti sem tryggingin bætir ófriðartjón eignast hún kröfur um bætur, sem hinn tryggði kann að eiga á hendur öðrum skaðabótaskyldum aðilum.

30. gr.

Þegar sérstaklega stendur á, getur stjórn Ófriðartryggingarinnar, ef allir stjórnarmenn eru því samþykkir, ákveðið að bæta í einstökum tilfellum og að nokkru leyti tjón, sem um ræðir í II. og III. kafla og orðið hefur áður en endanleg uppgerð á tjóni hefur farið fram. Þó skal að jafnaði ekki þá þegar greiða meira en hálfar bætur.

Skilyrði fyrir slíkri undanþágu er, að endurbætur á hinu skemmda byrji þegar í stað og sé lokið innan tiltekins tíma.

Ef tjón samkvæmt II. og III. kafla þarf að bæta eða greiða vexti og afborganir samkvæmt 2. mgr. 6. gr. sbr. 16. gr., og innheimt iðgjöld hrökkva ekki fyrir þeim greiðslum, er heimilt að afla félaginu tekna til bráðabirgða með lánum, sem hafi veð í iðgjöldunum.

Nú þarf að bæta tjón samkvæmt IV. kafla þessara laga, og hrökkva gjöld þau, sem heimilað er að innheimta í þessu skyni, ekki til að bæta tjónið, og er þá ríkisstjórninni heimilt að taka lán eða veita nauðsynlegar tryggingar fyrir láni, er Ófriðartryggingin tekur til þess að hægt sé að bæta ófriðartjón á vörubirgðum eða öðru lausafé, eins fljótt og nauðsyn ber til.

Allur kostnaður við lán eða tryggingar samkvæmt þessari grein skal greiddur á sama hátt og tjónið sjálft.

31. gr.

Nú verður svo lítið tjón, sem bæta þarf samkvæmt lögum þessum, að ríkisstjórninni þykir ekki ástæða til að stofna Ófriðartrygginguna, og greiðir þá ríkissjóður, að styrjöldinni lokinni, bætur fyrir það og kostnað allan, sem leiðir af því. Komi hins vegar verulegt tjón fyrir, skal kostnaður við Ófriðartrygginguna greiddur á sama hátt og það.

Verði afgangur, þegar allt tjón er bætt samkvæmt IV. kafla þessara laga, af verðtolli þeim og útflutningsgjaldi, sem innheimt kann að hafa verið samkvæmt kaflanum, rennur sá afgangur í ríkissjóð.

32. gr.

Heimili og varnarþing Ófriðartryggingarinnar er í Reykjavík.

33. gr.

Öll skjöl varðandi ófriðartryggingar eru stimpilfrjáls. Enn fremur skal Ófriðartryggingin undanþegin sköttum og útsvörum til ríkis og bæjarfélags.

34. gr.

Ráðuneytið getur sett reglugerð um framkvæmd þessara laga eftir því sem þörf þykir.

35. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum allt að 1000 kr. nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Skal fara með mál út af slíkum brotum sem almenn lögreglumál.

36. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 576. Breytingartillaga

við frumv. til l. um ófriðartryggingar.

Frá Páli Zóphóníassyni.

Við 26. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
Tjón skal, eftir því sem frekast er mögulegt, tilkynna o. s. frv.

Ed. 577. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 39 28. jan. 1935, um breyt. á l. nr. 46 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.

Frá Brynjólfi Bjarnasyni.

Við 1. gr.

A. Síðasti málsl. 1. gr. frv. falli niður.

B. Aftan við greinina bætist ný grein, er verði 2. gr., svo hljóðandi:
Greiða skal frá ársbyrjun 1941 verðlagsuppbót á barnsmeðlög, úrskurðuð samkvæmt lögum þessum. Skal hún nema fullri hækkun vísitölu þeirrar, er verðlagsuppbót á laun embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins og ríkisstofnana miðast við.

Nd. 578. Breytingartillögur

við frv. til laga um veiting ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

I. Við 1. gr. Nýr liður:
Baarregaard, Alfred Jörgen, tannlæknir á Ísafirði, fæddur í Danmörku. Nafnaröð breytist samkvæmt stafrófsröð.

II. Við 2. gr. Aftan við greinina bætist: og að því er snertir Alfred Jörgen Baarregaard eigi fyrr en 31. ágúst 1941.

Nd. 579. Breytingartillögur

við frv. til l. um sölu kirkjujarðarinnar Hvanneyrar í Siglufirði.

Frá Pétri Ottesen.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
Ríkisstjórninni er heimilt að selja Vestmannaeyjakaupstað jarðir, lóðir og lendur þær í Vestmannaeyjum, sem eru ríkiseign, og enn fremur að selja Siglufjarðarkaupstað kirkjujörðina Hvanneyri, hvort tveggja frá 1. jan. 1942 að telja.
2. Fyrirsögn frv. orðist svo:
Frumvarp til laga um heimild til sölu Vestmannaeyjajarða í Vestmannaeyjum og kirkjujarðarinnar Hvanneyrar í Siglufirði.

Ed. 580. Breytingartillögur

við frv. til laga um ófriðartryggingar.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „vátryggð á annan hátt“ í fyrstu málsgr. komi: tryggð gegn tjóni af völdum ófriðar.
2. Við 2. gr. Í stað „vörutryggingardeild“ komi: lausafjártryggingardeild.

Ed. 581. Breytingartillögur

við frv. til l. um húsmæðrafræðslu í kaupstöðum.

Frá minni hluta menntamálanefndar.

1. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
Kennslan skal vera bæði bókleg og verkleg, og námsgreinar sem hér segir: Íslenzka, reikningur, einföld bókfærsla, matarefnafræði, heilsufræði, uppeldisfræði, meðferð ungbarna, íþróttir, hússtjórn, matreiðsla, vefnaður, saumar, prjón, þvottur, ræsting.
Heimilt er með reglugerð að ákveða fleiri námsgreinar.
2. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
Í Reykjavík hefur fimm manna nefnd yfirstjórn húsmæðraskólans. Skipar kennslumálaráðherra formann, en aðrir nefndarmenn skulu valdir af bæjar-

stjórn. Kosning gildir til 4 ára í senn. Í öðrum kaupstöðum annast skólanefndir gagnfræðaskólanna yfirstjórn húsmæðraskóla.

3. Við 8. gr. Greinin orðist svo:
Ríkissjóður leggur fram $^3/_5$ af stofnkostnaði húsmæðraskólanna, móti $^2/_5$ frá hlutaðeigandi bæjarfélagi eða einstökum mönnum og félögum. Árlegur rekstrarstyrkur greiðist að $^3/_5$ úr ríkissjóði og $^2/_5$ úr hlutaðeigandi bæjarsjóði. Miða skal árlegt framlag vegna hvers nemanda við 7 mánaða kennslu.
Kennslugjöld úr ríkissjóði vegna nemenda skulu vera:
a. Fyrir fyrstu 15 nemendur 6750 kr.
b. Fyrir næstu 15 nemendur 400 kr. á mann.
c. Fyrir aðra nemendur 300 kr. fyrir hvern.
Kostnaður við 3 mánaða námskeið eða lengri kennslu greiðist eftir sömu reglu og útgjöld við vetrarkennsluna.
4. Við 9. gr. Greinin orðist svo:
Nú er ráðin stofnun húsmæðraskóla, og skal þá skipuð fimm manna byggingarnefnd. Velur kennslumálaráðherra 3, en bæjarstjórn 2. Nefndin kýs sér sjálf formann. Hún gerir tillögu um skólastað og undirbýr uppdrætti að nauðsynlegum skólabyggingum. Skólastaður og skólateikning skal hvort tveggja lagt undir úrskurð kennslumálaráðherra og bæjarstjórnina. Skylt er bæjarstjórn að leggja fram vegna húsmæðraskóla ókeypis lóð vegna skólabygginga og nauðsynlegrar garðræktar.
5. Við 10. gr. Í stað orðanna „hálfa húsaleigu“ í fyrstu málsgrein komi: þrjá fimmtu hluta húsaleigunnar.
6. Við 11. gr. Greinin falli niður.

Ed. 582. Frumvarp til laga

um veiting ríkisborgararéttar.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Andersen, Victor Strange, verkstjóri í Reykjavík, fæddur í Danmörku.
2. Baarregaard, Alfred Jörgen, tannlæknir á Ísafirði, fæddur í Danmörku.
3. Bremnes, Johan Jörgensen, bóndi að Búlandsnesi í S.-Múlasýslu, fæddur í Noregi.
4. Eiríkur Guðmundsson, námsmaður í Reykjavík, fæddur í Englandi.
5. Hansen, Einar Kristofferson, sjómaður í Hólmavík, fæddur í Noregi.
6. Hansen, Hans Thorvald Henry, veitingaþjónn í Reykjavík, fæddur í Danmörku.
7. Hobbs, Helga Phyllis, skrifstofustúlka í Reykjavík, fædd í Englandi.
8. Malmberg, Ejnar Oluf, kaupmaður í Reykjavík, fæddur í Danmörku.
9. Molander, Thorvald Antonius, listmálari í Reykjavík, fæddur í Noregi.
10. Möller, Sverre, verkamaður í Reykjavík, fæddur í Noregi.
11. Nielsen, Olaf Peder, rafvirkjameistari í Reykjavík, fæddur í Danmörku.
12. Petersen, Martin, námsmaður í Reykjavík, fæddur á Íslandi.
13. Rasmussen, Ivan Hugo, rennismiður í Reykjavík, fæddur í Kaupmannahöfn.
14. Rokstad, Emil Johan Hansen, kaupmaður í Reykjavík, fæddur í Noregi.
15. Schwinn, Liselotte Elisabeth, skrifstofustúlka í Reykjavík, fædd í Þýzkalandi.
16. Tromberg, Grímur, námsmaður í Reykjavík, fæddur í Kanada.
17. Tromberg, Kristjón, verkamaður í Reykjavík, fæddur í Kanada.
18. Tönsberg, Ejner, garðyrkjumaður, Reykjum, Mosfellssveit, fæddur í Danmörku.

19. Zebitz, Frederik Wilhelm Henry, rafvirki í Reykjavík, fæddur í Danmörku.
20. Þórarinn Jónsson, hárskeri á Seyðisfirði, fæddur á Íslandi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Að því er Martin Petersen snertir þó eigi fyrr en 9. júlí 1941, að því er snertir Alfred Jörgen Baarregaard eigi fyrr en 31. ágúst 1941, og að því er Sverre Möller snertir eigi fyrr en 1. okt. 1941.

Nd. 583. Breytingartillaga

við frv. til l. um sölu kirkjujarðarinnar Hvanneyrar í Siglufirði.

Frá Finni Jónssyni.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist:
Lóðarréttindi síldarverksmiðja ríkisins skulu undanskilin sölunni.
Óheimilt er bæjarsjóði Siglufjarðar að selja til eignar jörðina Hvanneyri eða einstakar lóðir úr landi jarðarinnar.

Ed. 584. Frumvarp til laga

um jarðakaup ríkisins vegna kauptúna og sjávarþorpa.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að kaupa jarðir, lönd og lóðir í kauptúnum og sjávarþorpum, eða í grennd við þau, eftir því sem fyrir er mælt í lögum þessum.

2. gr.

Skilyrði fyrir því, að ríkið kaupi jarðir, lönd og lóðir samkv. lögum þessum eru:

a. Að landið sé ekki í eign hlutaðeigandi hrepps, þorps eða kauptúns.
b. Að samþykkt hafi verið á lögmætum hreppsnefndarfundi formleg beiðni um, að kaupin séu gerð, og fylgi henni rökstuðningur fyrir því, að hlutaðeigandi hreppur sé ekki fjárhagslega fær um að standa undir kaupunum.
c. Að beiðnin hafi verið samþykkt með meiri hluta atkvæða lögmæts fundar kosningabærra kaupstaðar- eða þorpsbúa, sem hlut eiga að máli, og að tekið hafi verið fram í fundarboðinu, að atkvæðagreiðsla fari fram í málinu.
d. Að fyrir liggi rökstutt álit Búnaðarfélags Íslands um, að þorpið eða kauptúnið hafi þörf fyrir að fá landið til afnota vegna ræktunar eða annarra framkvæmda og að lífvænleg atvinnuskilyrði séu fyrir hendi á staðnum og ekki sé hætta á, að byggð muni leggjast þar niður.

3. gr.

Jarðir þær, lönd og lóðir, er ríkissjóður kaupir samkvæmt lögum þessum, skal hann leigja hlutaðeigandi hreppi með ævarandi leiguréttindum, sbr. þó 5. gr., og sé árleg leiga 4% af kaupverði eignarinnar. Hreppnum er skylt að leigja landið út til hlutaðeigandi þorps- eða kauptúnsbúa, eftir því sem lög og reglur þar um mæla fyrir.

4. gr.

Skylt er ríkinu, ef hreppsnefnd óskar þess, að selja hreppnum með hagkvæmum greiðsluskilmálum jarðir þær, lönd og lóðir, er ríkið kaupir samkvæmt lögum þessum, með kostnaðarverði. Eignir þessar mega hrepparnir ekki selja aftur, nema með samþykki ríkisstjórnar.

5. gr.

Nú stendur hreppur eigi í skilum með umsamda leigu af jörð eða lóðum til ríkissjóðs, eða ræktun og mannvirki ganga úr sér, eða náttúrugæðum er spillt, svo að eignin rýrnar í verði, og hefur hann þá fyrirgert leiguréttindum sínum. Er þá ríkissjóði heimilt að taka í sínar hendur öll umráð hinnar leigðu eignar, svo og innheimtu lóðar- og erfðafestugjalda.

6. gr.

Nú vill ríkið kaupa lönd eða lóðir samkv. lögum þessum, en eigandi vill ekki selja eða samkomulag næst eigi um kaupverðið, og er þá heimilt að taka löndin eða lóðirnar eignarnámi samkvæmt lögum nr. 61 14. nóv. 1917, um framkvæmd eignarnáms, með eftirfarandi skilyrðum:

a. Að eigandi lands eða lóðar geti haldið eftir hæfilega stóru landi fyrir sjálfstæðan búrekstur eða annan atvinnurekstur, samkvæmt áliti Búnaðarfélags Íslands.
b. Að leitað sé ráða og umsagnar Búnaðarfélags Íslands, áður en eignarnám fer fram samkvæmt lögum þessum, og má aldrei heimila eignarnám án samþykkis Búnaðarfélags Íslands. Skal Búnaðarfélagið sérstaklega gæta þess, að ekki verði um of þrengt að hagsmunum annarra aðila í hreppnum, né þeirra, sem eiga það land, sem tekið er eignarnámi.

Land, sem liggur í öðru hreppsfélagi, má því aðeins taka eignarnámi, að landið liggi að hreppamörkum. Skal þá jafnframt, ef óskir koma fram um það, leitað samninga um, að hið tekna land verði lagt undir þann hrepp, er það notar, og ákveður ráðherra, að svo skuli gert, ef hreppsnefndir þær, er hlut eiga að máli, verða ásáttar um skilmála og sýslunefnd mælir með. Að öðrum kosti verður hreppamörkunum ekki breytt nema með lögum.

7. gr.

Kostnaður við framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði, enda sé árlega tekin upp í fjárlög hæfileg fjárhæð í þessu skyni. Framkvæmd laganna má fela stjórn jarðakaupasjóðs ríkisins.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 585. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 3 9. jan. 1935, um verkamannabústaði, og l. nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki.

Frá félagsmálaráðherra.

Eftir 1. gr. frv. komi ný gr., er verði 2. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkv. því):

Í stað „5%“ í 4. mgr. 4. gr. laganna komi: 4%.

Ed. 586. Breytingartillaga

við frv. til l. um ófriðartryggingar.

Frá allsherjarnefnd.

Aftan við 3. málsgr. 1. gr. bætist: eða ef um umboðssölu á erlendum vörubirgðum hér á landi er að ræða og sá aðili, sem selur þær, er heimilisfastur og greiðir öll almenn gjöld hér á landi.

Nd. 587. Frumvarp til laga

um ófriðartryggingar.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

Samhljóða þskj. 575 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:

Setja skal á fót stofnun til að standa straum af tjóni af völdum hernaðar í landinu á fasteignum og lausafé landsmanna, sem ekki er tryggð gegn tjóni af völdum ófriðar eða fæst bætt á öðrum vettvangi. Stofnunin nefnist: Ófriðartryggingin.

Stofnunina skal þó ekki setja á fót fyrr en eitthvert hernaðartjón hefur að höndum borið, og koma lög þessi að engu leyti til framkvæmda fyrr en slíkt tjón hefur átt sér stað.

Trygging sú, er lög þessi fjalla um, nær ekki til þeirra fjármuna í landinu, sem eru í eigu erlendra manna eða stofnana, nema slíkir aðilar séu hér heimilisfastir og greiði hér öll almenn gjöld, eða ef um umboðssölu á erlendum vörubirgðum hér á landi er að ræða, og sá aðili, sem selur þær, er heimilisfastur og greiðir öll almenn gjöld hér á landi.

2. gr. hljóðar svo:

Stofnunin starfar í þrem deildum, fasteignadeild, véla- og tækjadeild og lausafjártryggingardeild. Hafa þær sameiginlega stjórn og bera sameiginlega stjórnarkostnað og annan kostnað af rekstri stofnunarinnar, en að öðru leyti hafa þær aðskilinn fjárhag. Atvinnumálaráðuneytið skiptir rekstrarkostnaði stofnunarinnar á deildir hennar.

Ed. 588. Nefndarálit

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Reykjarhól í Seyluhreppi í Skagafirði ásamt nýbýlinu Varmahlíð.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin mælir með því, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 20. maí 1941.

Jónas Jónsson, form., frsm.	Árni Jónsson, fundaskr.	Sigurjón Á. Ólafsson.

Ed. 589. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 99 11. júní 1938, um fiskveiðasjóð Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Tilgangur fiskveiðasjóðs Íslands er að styðja fiskveiðar Íslendinga, einkum báta-útveginn, með hagkvæmum stofnlánum til skipa, fiskverkunarstöðva og verksmiðja til vinnslu úr sjávarafurðum.

2. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

A. Stofnfé sjóðsins er:

1. Eignir fiskveiðasjóðs Íslands og skuldaskilasjóðs vélbátaeigenda, eins og þær eru nú.
2. Tillag úr ríkissjóði, ein milljón króna, samkvæmt lögum nr. 99 11. júní 1938.

B. Tekjur sjóðsins eru:

1. Hundraðsgjald af útfluttum sjávarafurðum samkv. lögum nr. 47 19. maí 1930, um fiskveiðasjóðsgjald.
2. Einn fjórði hluti þess útflutningsgjalds, sem ríkissjóður tekur árlega af hvers konar sjávarafurðum.
3. Vextir.

3. gr.

Í stað orðanna „1½ milljón“ á tveim stöðum í 3. gr. laganna komi: 4 milljónum.

4. gr.

Í stað orðsins „fiskafurðir“ í lok 4. gr. laganna komi: sjávarafurðir.

5. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Út á ný skip með nýjum vélum má lána allt að helmingi virðingarverðs. Ef einnig er um aukatryggingar að ræða, sem sjóðsstjórnin metur gildar, má lána allt að ⅔ virðingarverðs, sé skipið smíðað hér á landi.

Um lán út á skip eldri en eins árs fer eftir ákvörðun sjóðsstjórnarinnar í hvert skipti.

Lengsti lánstími samkv. a-lið 4. gr. er 15 ár.

6. gr.

Í stað orðanna „35 þúsund“ í niðurlagi 6. gr. laganna komi: 75 þúsund.

7. gr.

Upphaf 7. gr. laganna orðist svo:

Vextir af lánum fiskveiðasjóðs skulu vera 4½% — fjórir og hálfur af hundraði.

8. gr.

Fyrir „Ákvæði 12., 13. og 14. gr.“ í 15. gr. laganna komi: Ákvæði 11., 12., 13. og 14. gr.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og eru jafnframt úr gildi felld lög nr. 17 12. febr. 1940, um breytingar á lögum nr. 99 11. júní 1938, um fiskveiðasjóð Íslands.

10. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 99 11. júní 1938 og gefa þau út svo breytt sem lög um fiskveiðasjóð Íslands.

Ed. **590. Frumvarp til laga**

um heimild fyrir kaupstaði og hreppsfélög til að koma á þegnskylduvinnu.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Heimilt er bæjarstjórnum og hreppsnefndum, með samþykki atvinnumálaráðherra, að stofna til þegnskylduvinnu eftir þeim reglum, sem felast í lögum þessum.

2. gr.

Nú vill hreppsnefnd eða bæjarstjórn öll eða meiri hluti þeirra stofna til þegnskylduvinnu samkvæmt lögum þessum, eða þeim berast bréflegar áskoranir um það frá minnst ⅕ hluta kjósenda innan umdæmisins, og er henni þá skylt að láta atkvæðagreiðslu fara fram um málið á venjulegan hátt, en áður skal halda almennan fund um það, verði því við komið. Fundur eða atkvæðagreiðsla um málið sé boðað með hálfs mánaðar fyrirvara, og sé þá að jafnaði auglýst, hvaða verkefni eigi að leysa með þegnskylduvinnunni, hve mörg ár samþykktin eigi að gilda, og hve lengi vinnan skuli vara fyrir hvern þegnskyldan mann. Ef minnst ⅗ hlutar kosningarbærra manna í sveitamálefnum, sem atkvæði greiddu, hafa goldið jákvæði tillögunni um þegnskylduvinnu, enda hafi að minnsta kosti helmingur kjósenda tekið þátt í atkvæðagreiðslunni, er samþykktin orðin bindandi, að fenginni staðfestingu atvinnumálaráðherra.

3. gr.

Þegnskylduvinna nær til allra heimilisfastra, vinnufærra karlmanna á aldrinum 16—25 ára, eftir því sem ákveðið er í reglugerð. Enginn er þó þegnskyldur lengur en þrjú ár samtals. Þegnskylduvinna má vara allt að hálfum mánuði fyrir hvern einstakling árlega, og eigi lengur samtals en 6 vikur.

Þeir, sem þegnskyldu inna af hendi, skulu fá þóknun, er nægi þeim til greiðslu fæðis og dvalarkostnaðar meðan vinnan stendur yfir. Teljast útgjöld þessi með kostnaði við framkvæmd þegnskylduvinnunnar.

4. gr.

Nú hefur hreppsfélag eða kaupstaður gert samþykkt um þegnskylduvinnu og ráðherra staðfest samþykktina, og skal þá skipuð þegnskylduvinnunefnd til 4 ára í senn.

Í hreppsfélögum kýs hreppsnefnd einn mann í þegnskylduvinnunefnd, skólanefnd annan, en ráðherra skipar formann.

Í kaupstöðum skipar ráðherra formann þegnskylduvinnunefndar, en bæjarstjórn kýs aðra nefndarmenn.

Heimilt er, með samþykki ráðherra, að fela skólanefndum störf þegnskylduvinnunefnda.

Þegnskylduvinnunefnd skal gera frumvarp til reglugerðar um tilhögun og framkvæmd þegnskylduvinnunnar, er ráðherra staðfestir þá þegar, eða að gerðum þeim breytingum, er hann telur nauðsynlegar. Nefndin úrskurðar og um það, hverjir skuli inna af hendi þegnskylduvinnu á hverju ári. Undanþágur eða frestir skulu veittir, ef um veikindi eða aðrar gildar ástæður er að ræða. Þegnskylduvinnunefnd ræður kennara og verkstjóra við þegnskylduvinnu.

5. gr.

Í þegnskylduvinnu má vinna að hverju því verkefni, sem til framfara horfir eða almenningsheilla, svo sem hvers konar jarðrækt, vegagerð, skógrækt, sundlauga- og leikvallagerð, skólahúsbyggingum o. fl.

Þegnskylduvinnunefnd ákveður verkefnin og hefur umsjón með framkvæmdum í samráði við þær stjórnardeildir, sem ráðherra felur yfirumsjónina.

6. gr.

Þegnskylduvinnunefnd skal árlega gera áætlun um kostnað af framkvæmd þegnskylduvinnu. Skal áætlunin lögð fyrir hreppsnefnd eða bæjarstjórn til staðfestingar og síðan send ráðherra.

Ríkissjóður greiðir hálfan kostnað af þegnskylduvinnu samkvæmt áætlun af því fé, sem árlega er veitt á fjárlögum í þeim tilgangi, en hreppssjóður eða bæjarsjóður hálfan kostnað og þann kostnað, er verða kann umfram áætlun.

Nú er útlit fyrir, að fjárveiting hrökkvi ekki fyrir eftirspurn eftir þegnskylduvinnustyrk, og skal þá ráðherra tilkynna svo fljótt sem auðið er um fjárhæð væntanlegs styrks.

7. gr.

Nú kemur þegnskyldur maður ekki til vinnu eftir fyrirlagi þegnskylduvinnunefndar, og sætir hann þá sektum, er nema tvöföldu dagkaupi við sams konar störf fyrir þau dagsverk, er tapast. Sektir renna í hreppssjóð.

Nd. 591. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 39 28. jan. 1935, um breyting á lögum nr. 46 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.

(Eftir eina umr. í Ed.).

1. gr.

Annar málsliður 1. mgr. 1. gr. laganna orðist svo:

En upphæð meðalmeðgjafa með óskilgetnum börnum ákveður félagsmálaráðuneytið, að fengnum tillögum sýslunefnda og bæjarstjórna, fyrir hvert sveitarfélag um eitt ár í senn, og skal miða meðalmeðgjöf við aldur barna hinn sama á öllu landinu. Meðlagsárið er frá 1. ágúst ár hvert til 31. júlí næsta ár á eftir. Við ákvörðun meðalmeðgjafa skal þess gætt í hvert sinn, að þær hækki eigi minna en nemi aukinni dýrtíð samkvæmt síðustu vísitölu kauplagsnefndar. Þó skal við ákvörðun meðalmeðgjafa meðlagsárið 1. ágúst 1941—31. júlí 1942 auk þess tekið tillit til þess, að eigi voru greiddar verðlagsuppbætur á meðlög næsta meðlagsár á undan.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 592. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 112 18. maí 1935, um hæstarétt.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur haft frumvarp þetta til athugunar um nokkurt skeið, en hefur ekki orðið á eitt sátt um afgreiðslu þess. Minni hl. nefndarinnar (GÞ) vill fella frumvarpið, en meiri hlutinn hefur hins vegar orðið sammála um að mæla með samþykkt þess með

neðanskráðri breytingartillögu. Þó telja tveir nefndarmanna (BJ og VJ) ekki ráðlegt að afnema með öllu prófskilyrðið, og hafa þeir óbundnar hendur um það atriði.

BREYTINGARTILLAGA.

Við 1. gr. Á eftir „lögfræðistörfum“ í 7. lið komi: sem aðalatvinnu.

Alþingi, 20. maí 1941.

Bergur Jónsson, form.	Vilmundur Jónsson, fundaskr.	Jóhann G. Möller, frsm.
	Gísli Guðmundsson.	

Ed. 593. Nefndarálit

um frv. til laga um varnir gegn útbreiðslu nokkurra næmra sauðfjársjúkdóma og stuðning til bænda, er bíða tjón af þeim.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og borið það saman við gildandi lög frá 1938 og breytingar þær, er á þeim hafa verið gerðar 1939 og 1940, og telur frv. eins og það liggur fyrir til bóta. Hún leggur því til, að frv. verði samþykkt með þeim breytingum, er hér fara á eftir.

Erlendur Þorsteinsson var fjarverandi vegna veikinda og tók ekki þátt í nefndarstörfum um þetta mál.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Landbúnaðarráðherra skipar 5 manna framkvæmdanefnd (sauðfjársjúkdómanefnd) eftir tillögum landbúnaðarnefnda Alþingis, til þess að hafa á hendi stjórn þessara mála. Hann skipar einn nefndarmanninn formann nefndarinnar. Nefndin skal skipuð til þriggja ára í senn. Forfallist nefndarmaður á þeim tíma, er Alþingi er ekki að störfum, skipar landbúnaðarráðherra mann í hans stað, þar til Alþingi kemur næst saman.
   Landbúnaðarráðherra skipar framkvæmdastjóra eftir tillögum nefndarinnar, og annast hann dagleg störf og framkvæmdir eftir því, sem nefndin felur honum og hann hefur umboð til.
2. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Landbúnaðarráðherra hefur heimild til:
   að kveðja mann eða menn til aðstoðar sauðfjársjúkdómanefnd við framkvæmd laganna,
   að fjölga nefndarmönnum, með því að kveðja til mann eða menn, sem sérstaklega eru kunnugir staðháttum í þeim landshlutum, sem nefndarmenn eru lítt kunnir í, þegar rædd eru mál, er snerta íbúa þeirra héraða, og þeim ráðið til lykta.
3. Við 34. gr. Í stað orðanna „ef því er slátrað að vetrarlagi“ komi: ef því er slátrað að vetrar- eða vorlagi.

Alþingi, 20. maí 1941.

Þorsteinn Þorsteinsson, form.	Páll Zóphóníasson, frsm.

Sþ. **594. Breytingartillögur**

við frumv. til fjárlaga fyrir árið 1942.

Frá fjárveitinganefnd.

1.	Við 2. gr.		
		a. Við 1 (Fasteignaskattur).	
		Fyrir „500000“ kemur	550000
		b. Við 2 (Tekjuskattur og eignarskattur).	
		Fyrir „3000000“ kemur	3150000
2.	— 3. —	A.	
		a. Við 2 (Rekstrarhagnaður áfengisverzlunar).	
		Fyrir „1472000“ kemur	1822000
		b. Við 3 (Rekstrarhagnaður tóbakseinkasölu).	
		Fyrir „900000“ kemur	1250000
3.	— 12. —	3 (Læknisvitjanastyrkur).	
		a. Á eftir „Í Öxarfjarðarhéraði: Fjallahreppur“ kemur:	
		Kelduneshreppur	200
		b. Á eftir „Í Síðuhéraði: ... Álftavershreppur“ kemur:	
		Leiðvallarhreppur	200
4.	— 12. —	11. a. (Læknisbústaðir og sjúkraskýli).	
		Fyrir „13500“ kemur	18000
5.	— 12. —	11. c. Liðurinn orðist svo:	
		Til greiðslu vaxta af skuldum vegna læknisbústaða, í Reykhólahéraði 1200 kr., í Ögurhéraði, Dalahéraði, Hesteyrarhéraði og Hróarstunguhéraði 900 kr. til hvers	4800
6.	— 13. —	A. II. a. (Nýir akvegir).	
		a. Við 8 (Hraunhreppsvegur).	
		Fyrir „5000“ kemur	6000
		b. Við 36. Nýr liður:	
		Miðfjarðarvegur	1500
		c. Við 73 (Borgarfjarðarvegur).	
		1. Fyrir „2000“ kemur	3000
		2. Nýr liður:	
		Norðfjarðarvegur	20000
		d. Við 74 (Fáskrúðsfjarðarvegur).	
		Fyrir „10000“ kemur	12000
		e. Við 75 (Breiðdalsvegur).	
		Fyrir „4500“ kemur	5500
		f. Við 76 (Berunesvegur).	
		Fyrir „3500“ kemur	4500
		g. Við 77 (Geitheilnahreppsvegur).	
		Fyrir „4000“ kemur	6000
7.	— 13. —	B. 3. Nýr liður:	
		Til byggingar á ferjubát á Dýrafjörð	2000
8.	— 13. —	C. VIII. 9. Vestmannaeyjahöfn).	
		Fyrir „30000“ kemur	50000
9.	— 13. —	C. VIII. 11. Nýr liður:	
		Á Suðureyri	10000
10.	— 13. —	C. IX. 6. Nýr liður:	
		Til lendingarbóta á Hvammstanga	7000
11.	— 13. —	X. 10. Nýir liðir:	
		a. Til lendingarbóta á Borgarfirði	1000
		b. Til lendingarbóta í Vogum	4000

c. Til lendingarbóta á Skálum 4000
d. Til lendingarbóta á Eyrarbakka 23000
e. Til lendingarbóta við Staðarfell 1500
f. Til bryggjugerðar í Keflavík 15000

12. Við 14. gr. B. I. u. Nýr liður:
Til Björns Guðfinnssonar, til kennslu í setningafræði og málfræði nútímaíslenzku 2000

13. — 14. — B. II. a. Nýir liðir:
a. Til Ólafs Jóhannessonar lögfræðings, til framhaldsnáms í Ameríku 2000
b. Til Bjarna Jónssonar, til framhaldsnáms í stærðfræði í Ameríku 2000

14. — 14. — B. XV. 5. (Snorragarður).
Fyrir „2000“ kemur 12000

15. — 14. — B. XXVII. (Íþróttasjóður).
a. Fyrir „60000“ kemur 75000
b. Nýr liður:
Til íþróttahúss á Akureyri fyrir skólana og íþróttafélög bæjarins, gegn jafnmiklu framlagi annars staðar að .. 100000

16. — 15. — 22. (Bókmenntafélagið).
Fyrir „5000“ kemur 8000

17. — 15. — 36. (Norræna félagið).
Fyrir „1500“ kemur 3000

18. — 15. — 40. Nýr liður:
Til Hallgríms Helgasonar, til útgáfu á þjóðlagasafni 2500

19. — 15. — 54. (Þjóðræknifélag Íslendinga).
Fyrir „3000“ kemur 5000

20. — 16. — 8. (Byggingar í sveitum).
a. Við a-lið. (Byggingar- og landnámssjóður).
Fyrir „125000“ kemur 300000
b. Við b-lið. (Byggingarstyrkir).
Fyrir „125000“ kemur 250000

21. — 16. — 9. (Jarðakaupasjóður). Liðurinn orðist svo:
Til jarðakaupasjóðs:
a. Til rekstrar 100000
b. Til jarðakaupa 30000

22. — 16. — 13. (Byggingarsjóðir kaupstaða og kauptúna).
Fyrir „120000“ kemur 250000

23. — 16. — 19. (Fyrirhleðsla á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts).
a. Fyrir „50000“ kemur 70000
b. Nýir liðir:
1. Til fyrirhleðslu í Virkisá í Öræfum 3500
Verkið sé unnið undir umsjón vegamálastjóra.
2. Til fyrirhleðslu í Steinavötn við Kálfafell 2000
Verkið sé unnið undir umsjón vegamálastjóra.

24. — 16. — 24. b. (Styrkur til dýralækninga).
Fyrir 3050 kemur 4900

25. — 16. — 25. Nýr liður:
Til Odds Magnússonar, til mjólkurfræðináms 800

26. — 16. — 27. e. Nýr liður:
Til kaupa á bókasafni dr. Bjarna Sæmundssonar handa fiskideild 8000

27. — 16. — 39. e. Nýr liður:
Í Seljalandsdal á Ísafirði (mótekjuvegur) 4000

28. Við 16. gr. 41. Nýr liður:
Til Jóhanns Kristjánssonar, til smíða á eldavél 2000
29. — 16. — 43. (Landssamband iðnaðarmanna).
Fyrir „6500“ kemur 10000
30. — 16. — 44. Nýr liður:
Til skrifstofunnar „Íslenzkrar ullar“ 10000
31. — 16. — 66. Nýr liður:
Til Bandalags íslenzkra farfugla 1500
32. — 17. — 31. (Rauðikrossinn).
Fyrir „2000“ kemur 4000
33. — 18. — I. C. 13. (Guðrún Sigurðardóttir).
Liðurinn fellur niður.
34. — 18. — I. C. 25. Nýr liður:
María Elísabet Jónsdóttir frá Grenjaðarstað 170
35. — 18. — I. E. 12. Fyrir „100“ í fyrri málsgr. kemur 180
36. — 18. — II. c. 18. Nýr liður:
Þorsteinn Ástráðsson 1000
37. — 18. — II. f. 19. Nýr liður:
Hafliði Sveinsson 300
38. — 18. — II. k. 32. (Guðmundur Þorfinnsson).
Liðurinn fellur niður.
39. — 18. — II. k. 38. Nýr liður:
Hlín Johnson 800
40. — 18. — II. k. 40. Nýr liður:
Ingibjörg Loftsdóttir ljósmóðir 200
41. — 18. — k. 66. (Ólafur Jóelsson).
Liðurinn fellur niður.
42. — 22. — VI. Nýr liður:
Að endurgreiða Þorgný Guðmundssyni, Gunnlaugi Jónssyni, Unni Hermannsdóttur, Sigtryggi Jónssyni og Svöfu Guðjónsdóttur fé það, er þau hafa lagt í lífeyrissjóð barnakennara, án vaxta.
43. — 22. — XIV. Nýr liður:
Að veita Jóni Engilberts listmálara 15000 kr. lán úr ríkissjóði til húsbyggingar.
44. — 22. — XIX. Nýr liður:
Að kaupa verkstæðishús Valgerðar Helgadóttur, ekkju Bjarna Runólfssonar í Hólmi í Landbroti, ásamt rafmagnsvélum og áhöldum og selja verkstæðið á leigu kunnáttumanni eða mönnum, í því skyni að greiða fyrir rafstöðvabyggingum í sveitum og þorpum og viðhaldi stöðvanna á hagkvæman og ódýran hátt.
45. — 22. — XX. Nýr liður:
Að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að hin forna skálabygging á Keldum verði vernduð frá skemmdum.
46. — 23. — Á eftir 5. málsgr. kemur ný málsgr.:
Stjórn sama banka verði heimilað að greiða Sigurði Bjarklind 3000 kr. og Sigríði Johnson, ekkju Karls Johnsonar bókara, 1250 kr. í eitt skipti fyrir öll.

Ed. 595. Nefndarálit

um frv. til l. um sölu á spildu úr Neslandi í Selvogi.

Frá minni hluta landbúnaðarnefndar.

Nefndin athugaði málið. Voru mættir tveir nefndarmenn, Þorsteinn Þorsteinsson og Páll Zóphóníasson, en Erlendur Þorsteinsson var fjarverandi vegna veikinda. Urðu nefndarmenn ekki á eitt sáttir. Vildi PZ leggja til, að frv. væri fellt, og skilar sennilega sérstöku nefndaráliti, en ÞÞ vill, að það verði samþykkt með breytingu þeirri, sem hér fer á eftir.

Mjög hefur verið deilt um það, hversu nauðsynlegt land þetta er Nesbóndanum eða hvort það muni valda miklum landspjöllum, ef það væri tekið aftur til beitar. Það er víst, að fyrir landspildu þessari er hin ágætasta beitifjara um þrjá kílómetra meðfram ströndinni, sem engum verður til nytja, ef fénaður nær ekki að komast þangað vegna girðingar um landið. Virðist svo, að Nesbóndinn verði mjög að ganga á fjárstofn sinn, nái hann ekki til fjöru þessarar, en nú er nauðsyn á að hefta ekki framleiðslu sauðfjárafurða í landi hér. Flutningsmaður frv., forseti neðri deildar, sem er gagnkunnugur óðalsbóndanum í Nesi og þekkir vel til landa í Selvogi, telur það útilokað, að hætta sé á uppblæstri, þótt land þetta sé ekki friðað. Má og geta þess hér, að ef gróðurland býla eyðist vegna ofbeitar, er heimilt að láta gera ítölu í landið samkvæmt sandgræðslulögunum nýju. Vitanlegt er og, að sandgræðslustjóri leggst mjög á móti sölu þessari og telur opnun landsins skaðlega. Standa hér trúverðugir menn einn gegn öðrum. Tel ég réttast að heimta hér beztu manna yfirsýn, þeirra er óvilhallir eru, og hafa það, sem þeim virðist farsælast, en fara ekki með offorsi að málinu út í bláinn, því að fæstir deildarmanna þekkja af eigin sjón, hvernig hagar til suður þar við ströndina.

BREYTINGARTILLAGA.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist: að lokinni skoðun á landinu og umsögn tveggja óvilhallra manna. *Tilnefnir hæstiréttur annan þessara manna, en landbúnaðarráðherra hinn.*

Alþingi, 20. maí 1941.

Þorst. Þorsteinsson.

Ed. 596. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. um Háskóla Íslands, nr. 21 1. febr. 1936.

Frá meiri hluta menntamálanefndar.

Nefndin hefur athugað þetta mál rækilega og rætt það á allmörgum fundum. Ekki hefur þó náðst fullt samkomulag um frumvarpið. Leggja tveir nefndarmenn (SÁÓ og ÁJ) til, að frumvarpið gangi fram óbreytt, og hinn þriðji nefndarmaður (JJ) kveðst ekki hafa tekið fullnaðarafstöðu til málsins.

Helztu breytingar frá núgildandi lögum, sem frv. gerir ráð fyrir, eru þessar:

1) Að viðskiptaháskólinn sameinist Háskóla Íslands.
2) Að háskólanum sé heimilað að takmarka aðsókn að einstökum deildum.
3) Að setja megi fyrirmæli um það, að stúdent, er ganga vill til prófs, skuli áður hafa lokið undirbúningsprófum eða notið kennslu í tilteknum greinum á nám-

skeiðum, í æfingaflokkum eða við verklegt nám, þar á meðal að hann hafi notið kennslu í iþróttum ekki skemur en 4 kennslumissiri.

Það, sem mestu máli skiptir í þessu frv. og helzt hefur valdið ágreiningi, er sameining viðskiptaháskólans við háskólann. Hefur nefndin rætt þetta atriði sérstaklega við nokkra af forráðamönnum Verzlunarskóla Íslands og viðskiptaháskólans, en frv. allt við háskólaráðið.

Það, sem meiri hluti nefndarinnar telur, að sérstaklega mæli með því, að þessi sameining fari fram, er í fám orðum:

Það er æskilegt, að sem fullkomnastri fræðslu verði komið á hér í hagfræðum og viðskiptafræðum. Í háskólanum fer þegar fram kennsla í nokkrum þeim námsgreinum, sem kenndar eru í viðskiptaháskólanum og óhjákvæmilegt er að kenna þar, sem fram á að fara æðri fræðsla í slíkum efnum, t. d. í lögfræði, hagfræði, bókfærslu og tungumálum að nokkru leyti. Það er því auðsær hagnaður að því að sameina þessa fræðslu. Með því notast betur en ella þeir kennslukraftar, sem háskólinn hefur nú þegar á að skipa, en kostnaðaraukinn yrði lítill, þar sem nemendur í lögum, hagfræði og viðskiptamálum geta í mörgum tilfellum sótt kennslu sameiginlega.

Um það hefur verið rætt, hverjir ættu að hafa aðgang að slíkri háskólafræðslu, hvort takmarka ætti hana við menntaskólastúdenta eina, eða veita einnig aðgang að henni nemendum verzlunarskóla. Þetta hefur verið látið óútkljáð í nefndinni, en meiri hlutanum þykir þó sanngirni mæla með því, að þetta hagfræði- og viðskiptanám mættu einnig sækja nemendur útskrifaðir úr Verzlunarskóla Íslands eða öðrum sambærilegum sérskóla fyrir verzlunarmenntun. Vísast í því efni til 2. gr. frumvarpsins, þar sem talað er um, að rétt til þess að vera háskólaborgarar hafi auk menntaskólastúdenta nemendur frá öðrum innlendum skóla jafngildum. Verzlunarskóli Íslands veitir nú 5 ára fræðslu, sem að miklu leyti er sérfræðsla í þeim námsgreinum, sem stunda á í hagfræði- og viðskiptadeild háskólans. Auk þess hefur skólinn síðan 1933, flest árin, starfrækt framhaldsdeild, áþekka því, sem viðskiptaháskólanum var seinna ætlað að vera.

Eins og fyrr segir, hefur frv. verið rætt við aðila frá háskóla, viðskiptaháskóla og Verzlunarskóla Íslands. Hins vegar hefur nefndin ekki haft tal af þeim aðila þessa máls, sem sameiningin snertir mest, en það eru nemendur þeir, sem nú stunda nám í viðskiptaháskólanum. En það vill svo vel til, að þessir menn hafa gert grein fyrir áliti sínu og rakið nokkuð sögu skólans í bréfi, sem þeir skrifuðu Alþingi 2. marz s. l. Þykir því rétt, að bréf þetta fylgi nefndarálitinu, og birtist það hér orðrétt.

Reykjavík, 2. marz 1941.

Vér undirritaðir, nemendur viðskiptaháskóla Íslands, viljum hér með beina þeirri áskorun til hæstvirts Alþingis, að það hlutist til um, að viðskiptaháskólinn verði sameinaður Háskóla Íslands, og að sú sameining fari fram þegar í vetur.

Í viðtali 26. febr. s. l. hefur kennslumálaráðherra tjáð oss, að hann muni biðja menntamálanefnd neðri deildar að flytja frumvarp þessa efnis, og mælumst vér eindregið til, að það frv. verði samþykkt.

Vegna margs konar misskilnings, sem vér höfum orðið varir við í sambandi við viðskiptaháskólann, viljum vér leyfa oss að rekja í fáum dráttum sögu skólans hér á eftir.

Viðskiptaháskóli Íslands var stofnaður haustið 1938 á þann hátt, að Steinþór Sigurðsson mag. scient. var ráðinn af ríkisstjórninni sem skólastjóri og honum falið að koma skólanum á fót. Formlega hefur hann stjórnað skólanum einn frá upphafi, en skólinn mun vera stofnaður að tilhlutun utanríkismálanefndar, og er oss eigi kunnugt, hvort hún hefur haft einhverja íhlutun um stjórnina.

Í september 1938 birti skólastjóri auglýsingar um stofnun skólans í útvarpi og blöðum. Um fyrirkomulag skólans segir þar: „Skólinn veitir nemendum sínum fræðslu í þeim greinum, sem helzt má ætla, að komið geti að notum við almennan atvinnurekstur og viðskipti. Sérstök áherzla verður lögð á hagnýta þekkingu, eink-

um í öllu því, sem varðar Ísland og helztu viðskiptalönd þess.“ (Sbr. „Tíminn“, 22. sept. 1938.)

Allmargir munu hafa sótt um inngöngu í skólann, og voru 10 teknir, allir stúdentar, og hafa ekki verið teknir aðrir en stúdentar í skólann síðan. Tók skólinn svo til starfa í októberlok í Íþöku við menntaskólann í Reykjavík.

Nokkrir af umsækjendum fengu að sjá hjá skólastjóra uppkast að bráðabirgðareglugerð, er samið hafði verið fyrir skólann. En uppkast þetta var aldrei staðfest, og hefur því heldur ekki verið framfylgt. Skólinn hefur því frá byrjun starfað án nokkurrar reglugerðar.

Fyrsta starfsár skólans var kennt þar: tungumál (enska, þýzka og franska), saga (stjórnmálasaga Evrópu 1848—1914), alm. lögfræði, og síðara missirið var auk þess byrjað á alm. þjóðhagsfræði og bókfærslu.

Um sumarið var þess farið á leit við nokkur fyrirtæki, að þau tækju nemendur skólans í vinnu yfir sumarmánuðina og greiddu 400 kr. á mánuði, sem síðan yrði úthlutað sem styrk frá skólanum. Fór svo, að allir nemendur fengu slíka vinnu í 2—4 mánuði um sumarið.

Haustið 1939 var skólinn svo heppinn, að til hans réðst sem kennari (stundakennari) Gylfi Þ. Gíslason hagfræðingur. Var hann nýkominn frá Þýzkalandi og hafði þar lagt stund á reksturshagfræði (Betriebswirtschaftslehre, Driftsökonomi). Þessa fræðigrein tók hann nú að kenna við skólann, og var nú samin ný og ýtarlegri kennsluáætlun, sem síðan hefur verið fylgt. Samkvæmt henni er fyrirkomulag skólans svipað og verzlunarháskóla og háskóladeilda erlendis, eins og sjá má á meðfylgjandi skrá yfir kennslugreinar skólans tvö síðari árin.

Veturinn 1939—1940 bættust við álíka margir nemendur og árið áður, og var skólinn þann vetur í kennslustofu í húsi atvinnudeildar háskólans. Nú í haust bættust enn við nokkrir nemendur, og eru nú alls 25 nemendur við skólann. Í vetur er skólinn í hinni nýju háskólabyggingu.

Tvo fyrstu veturna var enginn fastur kennari við skólann, nema skólastjórinn, en hann kenndi lítið sem ekkert, enda er menntun hans á öðru sviði en hér um ræðir, sem kunnugt er. Þetta, að eingöngu stundakennarar kenndu við skólann, gerði það að verkum, að tímasókn varð að dreifast yfir allan daginn, og torveldaði það mjög námið. Síðastliðið haust leit enn fremur svo út, sem Gylfi Þ. Gíslason mundi hverfa frá skólanum. Hefði hann ekki getað stundað kennslu áfram við skólann nema með því móti að sleppa aðalatvinnu sinni. Hins vegar vildi hann ekki sleppa tryggri stöðu og ráðast að viðskiptaháskólanum, sem hvorki hafði lög né reglugerð við að styðjast og allt var í óvissu um. Skrifuðum vér þá ríkisstjórninni bréf (23. sept.), þar sem vér tjáðum henni, að vér mundum ekki sjá oss fært að stunda nám áfram við skólann, ef Gylfi færi frá honum, og fórum þess á leit, að ríkisstjórnin hlutaðist til um, að hann yrði áfram við skólann, enda mun hann vera eini maðurinn, sem völ er á til að gegna þessu starfi, og hefur auk þess reynzt ágætur kennari. Brást ríkisstjórnin vel við þessum tilmælum, og nokkru síðar var Gylfi skipaður fastur kennari við viðskiptaháskólann og dócent við lagadeild Háskóla Íslands frá hausti 1942, ef þessir skólar hafa þá ekki verið sameinaðir.

Síðastliðinn vetur ræddum vér á skólafundi fyrirkomulag skólans. Vorum vér sammála um, að sjálfsagt væri að sameina hann háskólanum, enda mun það þegar í byrjun hafa verið skoðun ýmsra þingmanna, m. a. í utanríkismálanefnd, að stofna bæri viðskiptadeild við háskólann, en ekki sérstakan skóla eins og raunin varð. Ekki hófumst vér samt handa þá þegar, en væntum þess, að stjórn háskólans beitti sér fyrir málinu, þar eð hún hafði látið opinberlega í ljós óskir um, að þessi sameining færi fram, enda hefur oft komið til mála áður að stofna viðskipta- eða verzlunardeild við háskólann, sbr. t. d. þingsályktunartillögu Magnúsar Jónssonar prófessors á þingi 1928.

Í septembermánuði s. l. fréttum vér svo, að stjórn háskólans ætti í samningaumleitunum við ríkisstjórnina um sameiningu skólanna. Hafði verið samin kennslu-

áætlun fyrir hina væntanlegu nýju deild í háskólanum og hún borin undir hagfræðingafélagið og samþykkt af nefnd þar. Er hún eins eða mjög svipuð því, sem nú er við viðskiptaháskólann. Sendum vér nú bréf til ríkisstjórnarinnar (13. sept.) og létum í ljós óskir vorar í þessu máli. Þær ítrekuðum vér í áður nefndu bréfi (23. sept.) og færðum nokkur rök máli voru til stuðnings. Enn fremur áttum vér tal við nokkra ráðherranna og fórum þess á leit, að skólarnir væru sameinaðir þá þegar. Einnig sendi stúdentaráð háskólans ríkisstjórninni tilmæli, er hnigu í sömu átt. Ríkisstjórnin sá sér ekki fært að gera breytingar á háskólalögunum með bráðabirgðalögum, en hins vegar var meiri hluti ráðherranna málinu hlynntur. Má einnig sjá hug stjórnarinnar á því, að Gylfi Þ. Gíslason er skipaður docent við lagadeild háskólans frá hausti 1942, sem fyrr segir. Verði þá tekin upp kennsla í viðskiptafræðum við lagadeildina, benda allar líkur til þess, að þá muni viðskiptaháskólinn leggjast niður, ef hann hefur þá ekki verið sameinaður háskólanum. En meðal annars vegna þess, að í vor eiga fyrstu nemendurnir að útskrifast frá skólanum, væntum vér þess eindregið, að skólarnir verði sameinaðir þegar í vetur.

Einn af þeim kostum, sem þessi sameining hefði í för með sér, er mikill sparnaður. Án þess að lýst sé hér nákvæmlega, hvernig sá sparnaður kæmi fram, skal þess getið, að ein aðalorsök hans væri sú, að ýmislegt af því, sem kennt er í viðskiptaháskólanum, er einnig kennt við háskólann, og yrðu þannig sameiginlegir kennarar í nokkrum greinum (lögfræði, alm. þjóðhagfræði, tungumál, bókfærsla, vélritun).

Vonum vér svo, að Alþingi bregðist vel við þessari málaleitun vorri.

Virðingarfyllst,

Friðfinnur Ólafsson, Pétur Thorsteinsson, Bergur Sigurbjörnsson, Egill Sigurðsson, Sig. Sigurðsson, Bergur Vigfússon, Jón G. Halldórsson, Hilmar Kristjónsson, Björn Halldórsson, Stefán Svavars, Valgarð J. Ólafs, Kristján Bjarnason, Svavar Pálsson, Önundur Ásgeirsson, Gestur Jónsson, Jörundur Oddsson, Sveinn Þórðarson, Emil Björnsson, Hjálmar Finnsson, Hörður Þórhallsson, Sig. Hafstað, Guðjón Ásgrímssson, Finnur Kristjánsson, Gunnar Hjörvar, Þorst. Þorsteinsson.

Til Alþingis Íslendinga.

Skrá yfir kennslugreinar.

I. Þjóðhagfræði (Kennari: Ólafur Björnsson, hagfræðingur).
   1. Almenn þjóðhagfræði.
   2. Fjármálafræði (Finansvidenskab).
   3. Milliríkjaverzlun.

II. Rekstursh agfræði (Driftsökonomi, kennari: Gylfi Þ. Gíslason).
   1. Almenn rekstursh agfræði.
   2. Verzlunarrekstursfræði.
   3. Iðnaðarrekstursfræði.
   4. Bankarekstursfræði.
   5. Markaðsrannsóknir og auglýsingar.
   6. Peninga- og fjármagnsviðskipti.
   7. Fjármögnun fyrirtækja (Finansiering).
   8. Skattar fyrirtækja.
   9. Samning efnahagsreikninga.
   10. Kostnaðarreikningur (Kalkulation o. fl.).
   11. Bókfærsla og endurskoðun (Kennarar: G. Þ. G. og Björn Steffensen).
   12. Viðskiptareikningur (Kennari: Steinþór Sigurðsson, skólastjóri).

III. Lögfræði (Kennari: Jóhann Hafstein, lögfræðingur).
   1. Almenn lögfræði og fjármunaréttur.
   2. Þjóðaréttur og stjórnskipunarréttur.

IV. Tölfræði (Statistik, kennari: Guðmundur Guðmundsson, tryggingafr.).

V. Viðskiptasaga (Kennari: Skúli Þórðarson, magister).
VI. Ísl. atvinnulíf (G. Þ. G.).
VII. Enska (ensk verzlunarbréf, kennarar: Eiríkur Benedikz, skjalaþýðari, og J. McKenzie, B. A., Ph. D.).
VIII. Þýzka (þýzk verzlunarbréf, kennarar: Bruno Kress, dr. phil., og Ingvar Brynjólfsson).
IX. Franska (Kennari: Magnús Jónsson, lic. ès lettres, og Jean Haupt, lic. ès l.).
X. Vélritun (Kennari: Elís Ó. Guðmundsson).
XI. Seminör í þjóðhagfr. og rekstrshagfr.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 21. maí 1941.

Árni Jónsson, fundaskr., frsm. Sigurjón Á. Ólafsson.

Sþ. 597. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1942.

Frá fjárveitinganefnd.

1. Við 14. gr. A. b. 6. Nýr liður:
Til endurbóta á gömlum íbúðarhúsum á prestssetrum 24000
2. — 14. — B. II. a. Nýr liður:
Til Þorbjörns Sigurgeirssonar, til framhaldsnáms í eðlisfræði og stærðfræði 2000
3. — 15. — 8. (Bæjarbókasafn Reykjavíkur). Liðurinn orðist svo:
Til bæjarbókasafns Reykjavíkur, þó ekki yfir ⅙ kostnaðar 8000
4. — 15. — 28. Nýr liður:
Til stjórnar Þjóðvinafélagsins og menntamálaráðs, til útgáfu 1. bindis Íslendingasögu 6000
5. — 15. — 33. Liðurinn orðist svo:
Til leiklistarskóla Lárusar Pálssonar og Soffíu Guðlaugsdóttur 2400
6. — 16. — 48. Nýr liður:
Til Höskuldar Björnssonar málara, byggingarstyrkur 2000
7. — 16. — 63. (Mæðrastyrksnefnd).
Fyrir „2000“ kemur 3000
8. — 16. — 65. Liðurinn orðist svo:
Til Ungmennafélags Íslands:
a. Til skóggræðslu og bindindisstarfsemi 4000
b. Til ræktunarleiðbeininga 2000
Félagið gefi ríkisstjórninni skýrslu um, hvernig fénu er varið.
9. — 17. — 8. Liðurinn orðist svo:
Til mæðrastyrksnefndarinnar, til sumarheimilis mæðra .. 2000
10. — 18. — II. c. 16. (Sigtryggur Guðlaugsson).
Fyrir „2400“ kemur 3000
11. — 22. — XX. Nýir liðir:
a. Að greiða stjórn Þjóðvinafélagsins og menntamálaráðs halla, sem kynni að verða á sölu á nokkrum hluta af upplagi Heimskringlu

Snorra Sturlusonar, ef samningar takast milli þessara aðila og stjórnar fornritaútgáfunnar, enda verði bókin seld svo vægu verði, að almenningi sé gert kleift að kaupa hana.

b. Að greiða til fyrirhleðslu á Geirastaðakvísl allt að 6000 kr., ef undangengin rannsókn sýnir, að verkið muni koma að gagni.

Ed. 598. Lög

um greiðslu verðlagsuppbótar á styrk til héraðs-, gagnfræða- og húsmæðraskóla.

(Afgreidd frá Ed. 21. maí.)

Samhljóða þskj. 474.

Sþ. 599. Tillaga til þingsályktunar

um heimild fyrir fjármálaráðherra til þess að greiða menntamálaráði viðbót við styrktarfé til skálda, rithöfunda, vísindamanna og listamanna árið 1941.

Frá Sigurði Kristjánssyni.

Alþingi ályktar að heimila fjármálaráðherra að greiða menntamálaráði á árinu 1941 8000 kr. til viðbótar framlagi í fjárlögum þess árs til skálda, rithöfunda, vísindamanna og listamanna.

Greinargerð.

Menntamálaráð hafði á árinu 1941 svo lítið fé til umráða, að nokkrir þeirra, sem áður höfðu notið styrks samkv. 15. gr. fjárlaga, fengu engan styrk. Fjárveitinganefnd hefur reynt að bæta lítils háttar úr þessu að því er árið 1942 snertir, með því að hækka styrkinn til skálda, rithöfunda, vísindamanna og listamanna um 10 þús. kr. Þingsályktun þessari er ætlað að bæta úr þessu sama að því er yfirstandandi ár snertir.

Ed. 600. Þingsályktun

um undirbúning kirkjubygginga í Skálholti og á Þingvöllum.

(Afgreidd frá Nd. 21. maí.)

Samhljóða þskj. 519.

Nd. 601. Nefndarálit

um frv. til l. um húsmæðrafræðslu í sveitum.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað þetta mál og leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 21. maí 1941.

Bjarni Bjarnason, form., frsm. Gísli Sveinsson, fundaskr. Pálmi Hannesson.

Þorsteinn Briem. Ásgeir Ásgeirsson.

Ed. 602. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 76 11. júní 1938, um byggingar- og landnámssjóð, og l. nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki.

Frá Þorsteini Þorsteinssyni og Páli Zóphóníassyni.

Við 17. gr. Í staðinn fyrir „og þegar" komi: og taka ákvæði laganna um fjárframlög úr ríkissjóði til sjóðsins til ársins 1941. Þegar.

Ed. 603. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 558 (Byggingar- og landnámssjóður).

Frá Þorsteini Þorsteinssyni og Páli Zóphóníassyni.

Í stað „200000" komi: 125000.

Sþ. 604. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1942 og við brtt. á þskj. 594.

Frá fjárveitinganefnd.

1.	Við 13. gr. A. II. a. 87. Nýr liður:		
		Meðallandsvegur	5000
2.	— 13. — C. VIII. 2. Liðurinn orðist svo:		
		Á Skagaströnd	50000
3.	— 16. — 24. a. Nýr liður:		
		Til Ásgeirs Einarssonar dýralæknis, til rannsókna á smitandi júgurbólgu í kúm	1000
4.	— brtt. á þskj. 594, 26. Tillagan orðist svo:		
		Til kaupa á bókasafni og vísindaáhöldum dr. Bjarna Sæmundssonar	10000
5.	— 17. gr. 13. (Til slysavarna).		
		Fyrir „8000" kemur	15000
6.	— 18. — II. k. 89. (Þuríður Einarsdóttir).		
		Liðurinn fellur niður.	

Sþ. 605. Frumvarp til fjáraukalaga

fyrir árið 1939.

(Lagt fyrir Alþingi 1941.)

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í fjárlögum fyrir árið 1939, eru veittar kr. 1584060.92 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2. gr., og kr. 3100709.06 til þeirra gjalda, sem talin eru í 3.—14. gr. hér á eftir, samtals kr. 4684769.98.

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 3. gr. A. er veitt:

1. Póstsjóður:

II.	1.	Póststjórnarkostnaður	kr.	4938.44
	2.	Pósthúsið í Reykjavík	—	1985.63
	3.	Önnur pósthús	—	11958.33
	4.	Póstflutningur	—	11490.76
	5.	Önnur gjöld	—	44884.45
	6.	Fyrning	—	85.00
		samtals	kr.	75342.61

af kr. 229077.91 tekjum umfram fjárlagaáætlun.

Lagt í byggingarsjóð ..... kr. 112888.32

2. Landssíminn:

II.	a.	Til einkasíma í sveitum	kr.	4135.29
	b. 1.	Aðalskrifstofa landssímans	—	16520.64
	2.	Ritsímastöðin í Reykjavík	—	15739.98
	3.	Loftskeytastöðin í Reykjavík	—	2338.66
	4.	Stuttbylgjustöðin í Reykjavík	—	6915.38
	5.	Bæjarsíminn í Reykjavík og Hafnarfirði	—	75286.67
	6.	Áhaldahúsið	—	3728.91
	7.	Ritsímastöðin á Akureyri	—	14884.20
	8.	— á Seyðisfirði	—	5444.42
	10.	Símastöðin á Borðeyri	—	1969.92
	11.	— í Vestmannaeyjum	—	230.13
	12.	— á Siglufirði	—	10315.88
	13.	Aðrar símastöðvar og eftirlitsstöðvar	—	7426.59
	c.	Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng o. fl.	—	15990.25
	d.	Viðbót og viðhald stöðvanna	—	34104.21
	f.	Viðhald landssímanna	—	83465.58
	g.	Framhaldsgjald	—	4486.70
	h.	Nám símamanna	—	426.00
	i.	Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern	—	1991.32
	k.	Fyrning á húsum og áhöldum	—	4205.93
	l.	Burðargjald	—	694.39
		samtals	kr.	410301.05

en tekjur fóru kr. 169166.75 fram út fjárlagaáætlun.

Eignabreytingar:

I.	Afborganir af lánum	kr.	37651.01
II.	Til viðauka símakerfa	—	4504.22
III.	Til nýrra símalína	—	20099.15
IV.	Til talstöðva í báta og skip	—	5627.69
V.	Til loftskeytastöðva á skipum	—	22797.80
VI.	Til talstöðvar í Hornafirði	—	2528.20
VII.	Fyrningarsjóður lagður í banka	—	34205.93
	samtals	kr.	127414.00

3. Áfengisverzlun ríkisins:

II.	1.	Laun starfsmanna	kr.	1516.13
	2.	Útsvar og flutningsgjöld	—	17017.47
	3.	Húsaleiga o. fl.	—	1190.92
	6.	Til sjómannaheimilis á Siglufirði	—	30000.00
		Flyt	kr.	49724.52

	Flutt	kr.	49724.52
7. Tillag til menningarsjóðs		—	35996.15
8. Lagt til hliðar fyrir útsvari næsta árs		—	25000.00
9. Gengistap		—	73275.37
	samtals	kr.	183996.04

af kr. 225497.85 tekjum umfram fjárlagaáætlun.

4. Tóbakseinkasala ríkisins:

II. Gjöld 1—8 ..... kr. 258521.61
en tekjur fóru kr. 30061.15 fram úr fjárlagaáætlun.

5. Ríkisútvarpið:

II. a. 1. Laun starfsmanna		kr.	22227.83
2. Útvarpsefni		—	4985.06
3. Skrifstofukostnaður		—	21452.36
6. Til að greiða fyrir útvarpsnotum		—	53.24
7. Ýmis gjöld		—	1175.74
b. Vextir		—	8224.36
	samtals	kr.	58118.59

af kr. 63087.88 tekjum umfram fjárlagaáætlun.

6. Viðtækjaverzlun ríkisins:

II. Gjöld 1—10 ..... kr. 28411.76
af kr. 166778.21 brúttóhagnaði af sölu viðtækja.

7. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg:

II. Gjöld 1—11 ..... kr. 14381.93
af kr. 512540.86 brúttóhagnaði prentsmiðjunnar.

8. Landssmiðjan:

II. Gjöld 1—6 ..... kr. 34707.54
af kr. 123009.72 brúttóhagnaði smiðjunnar.

9. Vífilsstaðabúið:

II. Gjöld 1—6 ..... kr. 44356.17
af kr. 50720.14 brúttótekjum búsins.

10. Kleppsbúið:

II. Gjöld 1—6 ..... kr. 40262.93
af kr. 51355.39 brúttótekjum búsins.

11. Raftækjaeinkasala ríkisins:

II. Gjöld 1—6 ..... kr. 137752.41
af kr. 350221.06 brúttóhagnaði einkasölunnar.

12. Bifreiðaeinkasala ríkisins:

II. Gjöld 1—10 ..... kr. 89537.71
af kr. 308033.27 brúttóhagnaði einkasölunnar.

13. Grænmetisverzlun ríkisins:

II. Gjöld 1—3 ..... kr. 80956.57
af kr. 145549.62 brúttóhagnaði.

3. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 7. gr. er veitt:

Vextir af lánum ríkissjóðs:				
1. Innlend lán	kr.	51604.08		
2. Dönsk lán	—	864.09		
3. Ensk lán	—	193873.96		
4. Vextir af lausaskuldum	—	673.01		
			kr.	247015.14

4. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 8. gr. er veitt:

Borðfé Hans hátignar konungsins			kr.	6931.50

5. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 10. gr. er veitt:

I. Stjórnarráðið, ríkisféhirðir, ríkisbókhald o. fl.:				
1. a. Laun ráðherra	kr.	14583.35		
3. a. 1. Atvinnumálaráðuneytið	—	4398.34		
2. Dómsmálaráðuneytið	—	16081.53		
4. Félagsmálaráðuneytið	—	21554.24		
5. Viðskiptamálaráðuneytið	—	13141.00		
6. Aðrir starfsmenn	—	2124.02		
b. Annar kostnaður	—	40431.89		
4. a. Laun í ríkisféhirzlu og ríkisbókhaldi	—	4161.37		
5. Pappír, prentun og hefting ríkisreiknings	—	2368.35		
6. b. Til pappírs og prentunar stj.tíðindanna	—	152.55		
7. Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðinu og ráðherrabústaðnum	—	25086.20		
II. Hagstofan:				
2. Önnur laun og aðstoð	—	210.00		
3. Pappír, prentun og hefting hagskýrslna	—	465.00		
5. Húsaleiga	—	281.53		
6. Annar kostnaður	—	366.48		
III. Utanríkismál o. fl.				
1. Til sendiráðs í Kaupmannahöfn:				
a. Laun sendiherra	—	1538.83		
b. Húsaleiga	—	1077.19		
c. Kostnaður við embættið	—	3847.09		
d. Til skrifstofuhalds	—	8191.72		
2. Til meðferðar utanríkismála	—	17369.90		
3. Ríkisráðskostnaður	—	616.20		
5. Kostnaður vegna samninga við erlend ríki	—	15939.89		
			—	193986.67

6. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 11. gr. er veitt:

A. Dómgæzla og lögreglustjórn:

1. Hæstiréttur:				
a. Laun	kr.	5999.97		
b. Annar kostnaður	—	3826.17		
3. Laun hreppstjóra	—	24922.90		
4. Skrifstofukostnaður lögmannsins í Reykjavík:				
a. Laun og aðstoð	—	3435.00		
b. Húsaleiga o. fl.	—	350.00		
Flyt	kr.	38534.04	kr.	447933.31

		Flutt	kr. 38534.04	kr.	447933.31
5.	Skrifstofukostnaður tollstjórans í Reykjavík:				
	a. Laun og aðstoð	—	17769.90		
	b. Húsaleiga o. fl.	—	3531.76		
	c. Ýmisleg gjöld	—	21646.68		
6.	Skrifstofukostnaður lögreglustjórans í R.vík:				
	a. Laun og aðstoð	—	4150.00		
	b. Ljós, hiti og ræsting	—	494.96		
	c. Ýmisleg gjöld	—	21646.68		
7.	Toll- og löggæzla:				
	a. Í Reykjavík:				
	1. Laun og aðstoð	—	31315.20		
	2. Annar kostnaður	—	16412.50		
	b. Utan Reykjavíkur:				
	1. Laun	—	20759.20		
	2. Annar kostnaður	—	14607.70		
	c. Eftirlit á vegum:				
	1. Laun	—	600.00		
	2. Annar kostnaður	—	900.00		
8.	Bifreiðaeftirlit:				
	a. Laun kr. 5300.00				
	b. Annar kostnaður — 18451.57				
	kr. 23751.57				
	÷ prófgjöld og skoðunargjöld umfram áætlun — 533.90	—	23217.67		
9.	Hluti ríkissjóðs af kostnaði við lögregluna í Reykjavík	—	47860.74		
10.	Skrifstofukostnaður sýslumanna, bæjarfógeta og lögreglustjóra	—	14683.00		
12.	Til landhelgisgæzlu	—	48190.63		
13.	Til hegningarhússins í Reykjavík o. fl.	—	8683.53		
14.	a. og b. Til vinnuhælisins á Litla-Hrauni	—	43778.00		
15.	Sakamála- og lögreglumálakostnaður	—	1121.86		
16.	Til sjódómsmanna	—	108.00		
17.	Til setu- og varadómara	—	347.00		
19.	Kostnaður við löggildingastofuna	—	3754.02		
20.	Greiðslur samkv. l. nr. 80 1938, um félagsdóm	—	10278.72		
21.	Greiðslur samkv. l. nr. 85 1936, um meðferð einkamála í héraði	—	9735.00		
	B. Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur:				
1.	b. Endurgreiðsla á símakostnaði embættismanna í embættisþágu	—	55435.08		
3.	Til embættiseftirlitsferða	—	262.92		
4.	a. Kostnaður við skattstofuna í Reykjavík	—	1483.07		
	b. Skattanefndakostnaður	—	18850.01		
	c. Kostnaður við fasteignamat	—	85724.35		
5.	Til ríkisskattanefndar	—	7000.00		
6.	Eyðublöð, bókband, auglýsingar o. fl.	—	30785.58	—	600790.00
				Flyt kr.	1048723.31

Flutt kr. 1048723.31

7. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 12. gr. er veitt:

Til læknaskipunar og heilbrigðismála:

1.	Laun héraðslækna	kr.	4338.29	
2.	Til skrifstofukostnaðar landlæknis	—	750.00	
9.	Landsspítalinn	—	31662.26	
	en tekjur spítalans fóru kr. 36077.14 fram úr fjárlagaáætlun.			
11.	Geðveikrahælið á Kleppi:			
	I. Gamli spítalinn	—	7401.63	
	en tekjur spítalans fóru kr. 5195.00 fram úr fjárlagaáætlun.			
	II. Nýi spítalinn	—	23345.00	
	en tekjur spítalans fóru kr. 6060.00 fram úr fjárlagaáætlun.			
12.	Heilsuhælið á Vífilsstöðum	—	42570.63	
	en tekjur hælisins fóru kr. 51103.00 fram úr fjárlagaáætlun.			
14.	Heilsuhælið í Kristnesi	—	12133.92	
	en tekjur hælisins fóru kr. 768.84 fram úr fjárlagaáætlun.			
15.	g. Kostnaður við heilbrigðiseftirlit lækna með alþýðuskólum	—	145.05	
	p. Greiðslur samkv. l. nr. 32 1933, um eftirlit með matvælum	—	36210.07	
18.	Greiðslur skv. l. nr. 21 1937, um störf héraðslækna	—	600.00	
19.	Greiðslur skv. l. nr. 86 1938, um lífeyrissjóð ljósmæðra	—	15000.00	
				— 174156.85

8. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 13. gr. er veitt:

A. Vegamál:

I.	Stjórn og undirbúningur vegagerða:			
	3. Ferðakostnaður og fæðispeningar	kr.	182.93	
	4. Til aðstoðarmanna og mælinga	—	7878.02	
	5. Skrifstofukostnaður	—	3965.99	
II.	Þjóðvegir:			
	a. Til nýrra akvega	—	22708.32	
	b. Viðhald og endurbætur	—	86334.29	
	c. Til þjóðvega af benzínskatti	—	51061.51	
III.	Til brúagerða	—	14871.20	
IV.	Til fjallvega	—	7870.84	
V.	2. Til bókasafns	—	102.05	
VI.	2. Til akfærra sýsluvega af bifreiðaskatti	—	712.10	
	3. Til sýsluvegasjóða eftir l. nr. 10 1923	—	25681.32	
X.	Styrkur til að halda uppi vetrarferðum	—	5304.46	
XI.	Styrkur til að halda uppi byggð og gistingu fyrir ferðamenn	—	11659.20	
XIII.	Iðngjöld til slysatryggingarinnar	—	441.80	
		Flyt	kr. 238774.03	kr. 1222880.16

	Flutt	kr.	238774.03	kr. 1222880.16
C. Vitamál og hafnargerðir:				
I. 3. Húsaleiga o. fl.		kr.	621.14	
III. Rekstrarkostnaður vitanna		—	56.20	
VI. Til áhaldakaupa		—	4674.60	
VII. Ýmislegt		—	5906.81	
IX. Til bryggjugerða og lendingabóta gegn ⅔ kostnaðar annars staðar að		—	2400.00	
XIV. Fyrning		—	5230.00	
D. Flugmál:				
1. og 2. Til flugmála		—	8666.76	— 266329.54

9. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 14. gr. er veitt:

A. Kirkjumál:				
a. 2. Skrifstofukostnaður biskups		kr.	3900.00	
b. 3. Framlag til prestlaunasjóðs		—	9034.68	
5. Embættiskostnaður presta		—	541.66	
6. Til utanfarar presta		—	400.00	
10. Greiðslur samkv. l. nr. 17 1931, um bókasöfn prestakalla		—	2673.53	
11. Greiðslur samkv. l. nr. 64 1932, um eftirlit með kirkjugörðum		—	1700.00	
12. Greiðslur samkv. l. nr. 98 1933, um læknishéraða- og prestakallasjóði		—	2000.00	
B. Kennslumál:				
I. Háskólinn		kr.	21039.57	
II. Námsstyrkur erlendis		—	3120.93	
III. 1. og 3. Laun og skrifstofukostnaður fræðslumálastjóra		—	6981.29	
IV. Menntaskólinn í Reykjavík		—	39611.96	
V. Menntaskólinn á Akureyri		—	18652.46	
VI. Kennaraskólinn		—	10782.23	
VIII. Greiðslur samkv. l. nr. 71 1936, um kennslu í vélfræði		—	4832.50	
IX. Bændakennsla:				
1. Til bændaskólans á Hólum		—	8847.37	
2. Til bændaskólans á Hvanneyri		—	44946.51	
3. Vegna laga um bændaskóla		—	3000.00	
4. Garðyrkjuskólinn á Reykjum		—	6214.39	
5. Greiðslur samkvæmt l. nr. 51 1930, um bændaskóla		—	47813.95	
6. Greiðslur samkvæmt l. nr. 91 1936, um garðyrkjuskóla ríkisins		—	4299.60	
X. Greiðslur samkv. l. nr. 100 1938, um iðnaðarnám		—	3380.00	
XII. Kvennaskólar:				
2. Til kvennaskólans á Blönduósi		—	3550.00	
XIII. Almenn barnafræðsla:				
1. Laun kennara við fasta skóla		—	19424.88	
2. Laun farkennara		—	4986.00	
	Flyt	kr.	271733.51	kr. 1489209.70

		Flutt	kr. 271733.51	kr. 1489209.70
	3. Til farkennslu og eftirlits með heimakennslu	—	5023.84	
XIV.	Unglinga- og alþýðuskólar:			
	1. Til alþýðuskólans á Eiðum	—	5639.40	
	2. a. Til héraðsskóla, rekstrarstyrkur	—	19441.25	
	3. Til gagnfræðaskóla samkv. l. nr. 48 1930	—	33028.40	
	7. Til unglingafræðslu utan kaupstaða samkv. 20. gr. l. nr. 48 1930	—	5000.00	
XV.	Húsmæðrafræðsla:			
	1. Til húsmæðradeildar við alþýðuskóla Þingeyinga	—	2450.00	
	2. Til húsmæðrafræðslu á Hallormsstað	—	3050.00	
	3. a. Rekstrarstyrkur til húsmæðraskólans á Laugalandi	—	2550.00	
XVI.	3. Fyrning af málleysingjaskólanum	—	550.00	
XVIII.	4. Til þess að gera nýjar steinsteyptar sundlaugar	—	2000.00	
XXXI.	Til greiðslu afborgana og vaxta af láni til stúdentagarðsins	—	5299.15	
XXXII.	Greiðslur samkv. l. nr. 57 1937, um lestrarfélög og kennslukvikmyndir	—	23546.63	
XXXIII.	Til sundhallar í Reykjavík skv. þingsályktun	—	82874.44	
				— 462186.62

10. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 15. gr. er veitt:

1.	Landsbókasafnið	kr.	1075.00	
2.	Þjóðskjalasafnið	—	786.67	
3.	Þjóðminjasafnið og verndun fornminja	—	4004.00	
5.	Landsbókasafnshúsið	—	4824.73	
85.	Til listasafnshúss Einars Jónssonar	—	1406.89	
88.	Kostnaður við friðun Þingvalla	—	2405.56	
				— 14502.85

11. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 16. gr. er veitt:

1.	Til atvinnubóta í kaupstöðum og kauptúnum	kr.	5500.00	
2.	Til Búnaðarfélags Íslands	—	8625.95	
3.	Til jarðakaupasjóðs	—	14540.43	
13.	Vegna ráðstafana um tilbúinn áburð	—	172929.46	
15.	Til skógræktar	—	40.00	
16.	Tillag til mannvirkja á Flóaáveitusvæðinu	—	3063.28	
22.	n. Til Guðbrands Hlíðar til dýralækninganáms	—	231.21	
	o. Til Ásgeirs Þ. Ólafssonar til utanfarar	—	500.00	
25.	Til rannsóknarstofu atvinnuveganna	—	7740.93	
26.	Til veðurstofu Íslands	—	3700.23	
27.	Rafmagnseftirlit ríkisins kr. 12803.10 ÷ tekjur umfram fjárlagaáætlun — 1590.93	—	11212.17	
29.	Til landmælinga	—	18669.48	
31.	Kostnaður vegna laga um lax- og silungsveiði	—	858.20	
33.	Til loðdýraræktar	—	2200.00	
36.	Laun yfirmatsmanna o. fl.	—	697.87	
		Flyt	kr. 250509.21	kr. 1965899.17

		Flutt	kr. 250509.21	kr. 1965899.17
37.	Eftirlit með skipum og bátum	—	1441.96	
38.	Til fiskifulltrúa í Miðjarðarhafslöndunum	—	282.02	
40.	Kostnaður vegna laga um fiskimatsstjóra	—	1831.80	
61.	Til vinnumiðlunar	—	4247.11	
70.	Húsameistari ríkisins	—	20640.00	
72.	Til skuldaskilasjóðs útvegsmanna	—	15298.63	
77.	Eftirlit með opinberum sjóðum	—	2800.00	
78.	Kostnaður vegna mæðiveikinnar:			
	A. Til varnar gegn útbreiðslu veikinnar kr. 32152.03			
	÷ tekjur umfram fjárlagaáætlun — 10168.36	—	21983.67	
80.	Til heimssýningarinnar í New-York	—	161793.04	
81.	Greiðslur samkv. l. nr. 25 1923, um berklaveiki í nautpeningi	—	146.50	
82.	Greiðslur samkv. l. nr. 11 1928, um varnir gegn gin- og klaufaveiki	—	311.15	
83.	Greiðslur samkv. l. nr. 57 1928, um atvinnuleysisskýrslur	—	824.74	
84.	Greiðslur samkv. l. nr. 27 1931, um innflutning sauðfjár	—	2190.88	
85.	Greiðslur samkv. l. nr. 50 1932, um útflutning hrossa	—	106.25	
86.	Greiðslur samkv. l. nr. 1 1935, um meðferð og sölu mjólkur	—	5198.78	
87.	Greiðslur samkv. l. nr. 11 1935, um gjaldeyris- og innflutningsnefnd	—	33205.44	
88.	Greiðslur samkv. l. nr. 93 1935, um eftirlit með skipum og bátum	—	1800.00	
89.	Greiðslur samkv. l. nr. 66 1936, um eyðing svartbaks	—	670.60	
90.	Greiðslur samkv. l. nr. 70 1937, um verðlag á vörum	—	36450.00	
91.	Greiðslur samkv. l. nr. 53 1938, um mat á matjessíld	—	18740.57	
92.	Greiðslur samkv. l. nr. 67 1938, um rannsókn á hag togaraútgerðarinnar	—	7537.95	
93.	Greiðslur samkv. l. nr. 14 1939, um varnir gegn útbreiðslu garnaveiki í sauðfé	—	99000.00	
94.	Greiðslur til athugunar á undirbúningi rafveita, samkv. þingsályktun	—	4246.15	
95.	Tillag til alþjóðahafrannsókna, skv. þingsályktun	—	10000.00	
96.	Kostnaður vegna auðlindarannsókna	—	42833.87	
				— 744090.32

12. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 17. gr. er veitt:

Til almennrar styrktarstarfsemi:

1.	b. Kostnaður við berklavarnir	kr.	20253.65	
2.	Styrkur til sjúklinga sbr. lög nr. 78 1936	—	559.17	
3.	Gjöld vegna afstöðu foreldra til óskilgetinna barna	—	6905.89	
		Flyt	kr. 27718.71	kr. 2709989.49

	Flutt	kr. 27718.71	kr. 2709989.49
4.	Til alþýðutrygginga	— 19772.54	
11.	Til hjálpar nauðstöddum Íslendingum erlendis	— 982.16	
13.	Til áfengismálaráðunautar	— 64.40	
31.	Greiðslur samkv. l. nr. 135 1935, um framfærsluskyldu	— 15094.05	— 63631.86

13. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 18. gr. er veitt:

Eftirlaun og styrktarfé	—	4156.47

14. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 19. gr. er veitt:

Óviss útgjöld	—	320806.24

15. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 22. gr. er veitt:

V.	Húsaleiga ráðherra þess, sem fer með utanríkismál	—	2125.00
	Samtals	kr.	3100709.06

Á s t æ ð u r

fyrir frumvarpi þessu eru í ríkisreikningi 1939 og athugasemdum yfirskoðunarmanna.

Nd. 606. Frumvarp til laga

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1939.

(Lagt fyrir Alþingi 1941.)

		Áætlun	Reikningur
	I. Innborganir:		
1.	Tekjur samkv. 2. gr. fjárlaga	kr. 14303000.00	kr. 15430793.36
2.	— — 3. gr. A.	— 3010960.00	— 3742154.50
3.	— — 3. gr. B.	— 33000.00	— 37122.52
4.	— — 4. gr.	— 508000.00	— 586983.84
5.	— — 5. gr.	— 50000.00	— 133824.39
6.	Eignabreytingar samkv. 20. gr. fjárlaga	— 453833.00	— 3229618.21
7.	Greiðslujöfnuður	— 50248.00	—
		Kr. 18409041.00	Kr. 23160496.82
	II. Útborganir:		
1.	Gjöld samkv. 7. gr. fjárlaga	kr. 1680000.00	kr. 1927015.14
2.	— — 8. gr. —	— 60000.00	— 66931.50
3.	— — 9. gr. —	— 245920.00	— 330577.16
4.	— — 10. gr. —	— 507346.00	— 710438.42
5.	— — 11. gr. A. —	— 1522750.00	— 1920517.26
6.	— — 11. gr. B. —	— 329000.00	— 486212.32
7.	— — 12. gr. —	— 660731.00	— 721046.48
8.	— — 13. gr. A. —	— 1620077.00	— 1858841.03
9.	— — 13. gr. B. —	— 654200.00	— 443467.94
10.	— — 13. gr. C. —	— 707250.00	— 700700.00
11.	— — 13. gr. D. —	— 11500.00	— 20166.76
	Flyt	kr. 7998774.00	kr. 9185914.01

				Flutt	kr.	7998774.00	kr.	9185914.01
12.	—	—	14. gr. A. —	.....	—	408020.00	—	428180.52
13.	—	—	14. gr. B. —	.....	—	1939229.00	—	2331661.38
14.	—	—	15. gr. —	.....	—	251660.00	—	276347.70
15.	—	—	16. gr. —	.....	—	4003200.00	—	4678052.39
16.	—	—	17. gr. —	.....	—	1618800.00	—	1667091.28
17.	—	—	18. gr. —	.....	—	386108.00	—	390264.47
18.	—	—	19. gr. —	.....	—	100000.00	—	420806.24
19.	Eignabreytingar samkv. 20. gr. fjárlaga ...				—	1703250.00	—	3136509.06
20.	Greiðslujöfnuður						—	645669.77
					Kr.	18409041.00	Kr.	23160496.82

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Ríkisreikningurinn fyrir árið 1939 verður lagður fyrir þetta Alþingi. Vísast til hans um alla nánari sundurliðun tekna og gjalda.

Sþ. 607. Tillaga til þingsályktunar

um ráðstafanir til að tryggja framleiðslu á landbúnaðarafurðum handa landsmönnum.

Flm.: Brynjólfur Bjarnason, Ísleifur Högnason, Jóhannes Jónasson.

Til þess að tryggja það, svo sem kostur er, að hagnýttir verði til hins ýtrasta þeir möguleikar, sem fyrir hendi eru til framleiðslu á íslenzkum landbúnaðarafurðum, og að landsmenn sjálfir geti notið þeirra, skorar Alþingi á ríkisstjórnina að gera eftirfarandi ráðstafanir og leggja þar að lútandi tillögur fyrir Alþingi:

1. Að leggja fram fé úr ríkissjóði til þess að hægt sé að greiða kaup um heyskapartímann í sveitum landsins, sem er fyllilega samkeppnisfært við það kaup, sem brezka setuliðið greiðir.
2. Að styrk þeim, sem á þennan hátt er veittur landbúnaðinum, verði varið til að lækka útsöluverð á landbúnaðarafurðum á innlendum markaði og bæta upp verðið til bænda.
3. Að koma á skömmtun á þeim landbúnaðarafurðum, sem hætta er á, að ekki verði nægilegt á boðstólum af á innlendum markaði, enda sé dreifing þeirra skipulögð með það fyrir augum að tryggja til fullnustu, að landsmenn geti notið þeirra.

Greinargerð.

Ekki þarf neinum blöðum um það að fletta, að miklir örðugleikar verða á því að halda landbúnaðarframleiðslunni í horfinu í sumar, vegna samkeppni brezka setuliðsins um vinnuaflið. Er þetta hinn mesti háski fyrir þjóð vora. Aðflutningur frá öðrum löndum en Ameríku má heita stöðvaður og ástandið svo alvarlegt, að gera verður ráð fyrir, að þessi samgönguleið geti einnig teppzt áður en varir. Það er því beinlínis lífsspursmál fyrir þjóðina, að land hennar verði nytjað svo sem frekast er unnt, og að landsmenn sjálfir tryggi sér afnotin af gæðum þess.

Enda þótt tekizt hafi að fullnægja eftirspurn bænda eftir fólki nokkru greiðar en búizt var við, með því að draga mjög úr opinberum framkvæmdum, dugir ekki að láta þar við sitja. Það þarf að gera gagngerðar ráðstafanir til að auka landbúnaðarframleiðsluna, án þess að það verði á kostnað annarra nytsamra verka í landinu.

Ráðstafanir þær, sem ríkisstjórnin og blöð hennar hafa verið að fitja upp á, koma ekki að notum, auk þess sem þau úrræði eru af þeim toga, að þau myndu með réttu verða fordæmd af alþjóð. Ríkisstjórnin hefur tilkynnt, að hún hafi samið við stjórn brezka setuliðsins um fækkun í Bretavinnunni, til þess að losa vinnuafl til íslenzkrar framleiðslu. Ef ríkisstjórnin hefði haft hag fólksins í landinu fyrir augum, myndi hún hafa auglýst eftir ákveðnum fjölda verkamanna til tiltekinna starfa, þar sem þeir hefðu átt kost á að njóta sömu kjara og í þeirri vinnu, sem þeir hverfa frá. Hefðu verkamennirnir þá ekki þurft annað en skipta um vinnustað, án þess að missa nokkurs í. En ríkisstjórnin fer aðra leið. Með samningum sínum við stjórn brezka setuliðsins er hún beinlínis að skapa tilbúið atvinnuleysi til þess að fá aðstöðu til að bjóða niður kaupið. Úr því atvinnuleysið kemur ekki af sjálfu sér, telur ríkisstjórnin það hlutverk sitt að búa það til.

Það er nú þegar fengin nokkur reynsla fyrir því, hvernig þessi fækkun í vinnunni hjá setuliðinu er framkvæmd. Menn, sem eru róttækir í skoðunum, eru valdir úr og þeim sagt upp; tækifærið notað til pólitískra ofsókna. Hér hljóta íslenzkir njósnarar að vera til aðstoðar. Allt eru þetta bæjarmenn, nær undantekningarlaust, sem sagt er upp, en aðkomumenn úr sveitum eru kyrrir í vinnunni. Varla getur það orðið til að glæða framleiðsluna í landbúnaðinum, að vanir menn séu fjarvistum við miður nytsöm verk, en óvanir menn úr bæjum og kaupstöðum fari upp í sveitirnar í stað þeirra.

Svipað er að segja um þá tillögu, sem sett hefur verið fram í stjórnarblöðunum, að leggja á almennan launaskatt. Tillaga þessi er ærið hjákátleg, þegar nýbúið er að ganga frá almennum skattalögum. En tilgangur hennar er auðsær. Hún er hugsuð sem aðferð til að koma á almennri kauplækkun. Löggjöf, sem fæli í sér slíkan launaskatt, væri ekki annað en ný kaupþvingunarlög á borð við gengisskráningarlögin frá 1939. Ekki væri hægt að halda því fram, að slík ráðstöfun væri nauðsynleg til að afla fjár, á sama tíma sem stríðsgróði í tugmilljónatali hefur streymt inn í landið, mörgum milljónum er varið á mánuði hverjum til framkvæmda, sem enginn Íslendingur hefur minnstu not af, og 12 milljónir króna eru lagðar til hliðar í gjaldeyrisvarasjóð, engum til gagns. Þarna getur aðeins eitt þjóðhagslegt sjónarmið komið til greina, og það er sjónarmið fámennrar auðmannastéttar, sem vill styrkja þær stoðir, sem auðvaldsskipulagið hvílir á, en þær eru: atvinnuleysi, lágt kaup og þröngur kostur allrar alþýðu.

Talsverðir örðugleikar hljóta óhjákvæmilega að verða á því að framkvæma þær ráðstafanir, sem taldar eru í þingsályktunartillögu þessari, svo að tilgangi þeirra verði náð. Vaknar þá fyrst sú spurning, hver skipun skuli höfð til þess, að þessi aðstoð við landbúnaðinn geti orðið til þess að lækka útsöluverðið á landbúnaðarafurðum, sem nú hækkar svo ört, að til vandræða horfir. Jafnframt verður að tryggja það, að aðstoð þessi komi réttlátlega niður meðal bænda, en það myndi hafa í för með sér hið mesta ranglæti og kemur því ekki til mála, að stórbændur, sem hafa mikið aðkeypt vinnuafl, fengju styrk til fólkshalds, án þess að full endurgreiðsla kæmi á móti. Við viljum benda á eftirfarandi leið:

Styrkur sá, sem veittur er til kaupjöfnunar, endurgreiðist í afurðum til mjólkurbúa og sláturhúsa, samkvæmt reglum, sem þar um yrðu settar, enda yrði jafnframt tryggt, að öllum markaðshæfum afurðum bænda, sem þeir vilja láta af hendi, yrði veitt viðtaka. Endurgreiðslu þessari verði svo varið til þess að lækka útsöluverðið á landbúnaðarafurðum og til þess að bæta upp verðið til bænda almennt. Eðlilegast og æskilegast væri, að efnaminnstu bændurnir slyppu að öllu eða nokkru leyti við þessa endurgreiðslu, ef það væri framkvæmanlegt, án þess að misnotað yrði í stórum stíl, eins og stjórnarfarið er nú í landinu. Gæti þá komið til greina, að ákveðin aðstoð til kaupjöfnunar væri því aðeins endurkræf, að bóndi hefði eitthvert ákveðið lágmark af búsafurðum til sölu fram yfir heimilisþarfir.

Kostnaður við þessa ráðstöfun myndi sennilega varla verða mikið yfir 1 millj. króna. Er hér um að ræða mjög lítinn hluta þeirrar upphæðar, sem fæst með því að

skattleggja stríðsgróðann, og yrði honum varla betur varið en til að vinna gegn dýrtíðinni.

Þessi ráðstöfun, sem gerð yrði til þess að tryggja matvælaframleiðslu landsins á hinum háskalegustu tímum, myndi í senn verða til mikilla hagsmuna fyrir bændur og neytendur. Jafnframt því, sem útsöluverðið á þessum vörum gæti orðið stórum lægra en ella vegna þessara aðgerða, myndi verða hægt að greiða bændum mun betra verð fyrir vörur sínar, ekki sízt vegna vaxandi kaupgetu og eftirspurnar í bæjunum, þar sem kaupgetan, að því er matvæli snertir, myndi að langmestu leyti beinast að þeim afurðum, sem framleiddar eru í sveitum landsins.

Þriðji liður tillögunnar fjallar um skömmtun á landbúnaðarafurðum þeim, sem þörf er á að skammta. Nú er svo komið, að heita má, að egg, smjör og kálmeti sjáist ekki lengur á borðum Íslendinga. Með fullkominni skömmtun má tryggja það, að íslenzkur almenningur geti orðið þeirra matvæla aðnjótandi, sem framleidd eru í landinu.

Til þess að þetta komi að fullum notum verður að koma á slíku eftirliti með framleiðslu og dreifingu landbúnaðarvara, að tryggt verði, svo sem frekast er unnt, að landsmenn sitji fyrir um kaup á þessum vörum og að þær gangi aðeins í gegnum hendur þeirra aðila, sem ábyrgir eru fyrir dreifingu þeirra, eftir settum reglum.

Nd. 608. Lög

um breyting á lögum nr. 39 28. jan. 1935, um breyting á lögum nr. 46 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.

(Afgreidd frá Nd. 23. maí.)

Samhljóða þskj. 591.

Nd. 609. Lög

um breyting á lögum nr. 99 11. júní 1938, um fiskveiðasjóð Íslands.

(Afgreidd frá Nd. 23. maí.)

Samhljóða þskj. 589.

Nd. 610. Lög

um heimild fyrir kaupstaði og hreppsfélög til að koma á þegnskylduvinnu.

(Afgreidd frá Nd. 23. maí.)

Samhljóða þskj. 590.

Ed. 611. Lög

um jarðakaup ríkisins vegna kauptúna og sjávarþorpa.

(Afgreidd frá Ed. 23. maí.)

Samhljóða þskj. 584.

Ed. 612. Frumvarp til laga

um varnir gegn útbreiðslu nokkurra næmra sauðfjársjúkdóma og stuðning til bænda, er bíða tjón af þeim.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

I. KAFLI
Um framkvæmdastjórn.

1. gr.

Landbúnaðarráðherra hefur yfirstjórn þeirra mála, er lög þessi fjalla um.

2. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar 5 manna framkvæmdanefnd (sauðfjársjúkdómanefnd) eftir tillögum landbúnaðarnefnda Alþingis, til þess að hafa á hendi stjórn þessara mála. Hann skipar einn nefndarmanninn formann nefndarinnar. Nefndin skal skipuð til þriggja ára í senn. Forfallist nefndarmaður á þeim tíma, er Alþingi er ekki að störfum, skipar landbúnaðarráðherra mann í hans stað, þar til Alþingi kemur næst saman.

Landbúnaðarráðherra skipar framkvæmdastjóra eftir tillögum nefndarinnar, og annast hann dagleg störf og framkvæmdir eftir því, sem nefndin felur honum og hann hefur umboð til.

3. gr.

Verkefni framkvæmdanefndar er:

1. Að hafa stjórn þeirra sóttvarnaráðstafana, er um ræðir í lögum þessum.
2. Að úthluta bótum eða styrktarfé, sem árlega er veitt í fjárlögum, til þeirra bænda, er beðið hafa tjón af þessum sjúkdómum.
3. Að vinna að því, að bændur, sem hafa þá sauðfjársjúkdóma í fé sínu, er lög þessi ná til, komi sér upp hraustari fjárstofni með úrvali eða fjárskiptum.
4. Að hafa yfirumsjón með fjárskiptum, er landbúnaðarráðherra hefur samþykkt.
5. Að vera ráðunautur ríkisstjórnarinnar um þau mál, er sérstaklega standa í sambandi við þessa sauðfjársjúkdóma.

4. gr.

Landbúnaðarráðherra hefur heimild til:

að kveðja mann eða menn til aðstoðar sauðfjársjúkdómanefnd við framkvæmd laganna,

að fjölga nefndarmönnum, með því að kveðja til mann eða menn, sem sérstaklega eru kunnugir staðháttum í þeim landshlutum, sem nefndarmenn eru lítt kunnir í, þegar rædd eru mál, er snerta íbúa þeirra héraða, og þeim ráðið til lykta.

II. KAFLI
Sjúkdómar, er lög þessi ná til.

5. gr.

Ákvæði laga þessara ná til eftirtalinna sjúkdóma:

1. Mæðiveiki.
2. Garnaveiki.
3. Þingeyskrar mæðiveiki.

Ef aðrir næmir, áður óþekktir sauðfjársjúkdómar koma upp hér á landi, getur landbúnaðarráðherra ákveðið, að ákvæði laga þessara nái einnig til þeirra, eftir því sem við á.

III. KAFLI
Um varnir.

6. gr.

Framkvæmdastjóra er heimilt, í samráði við framkvæmdanefnd, að láta fara fram rannsókn á heilbrigði sauðfjár, eftir því sem hann telur þörf, til þess að afla upplýsinga um þá sjúkdóma, er lög þessi ná til.

7. gr.

Fjáreigendur, sem búsettir eru í byggðarlögum, sem talin eru ósýkt, eru skyldir til að gera viðkomandi hreppstjóra tafarlaust aðvart, ef þeir verða varir við grunsamleg veikindi í fé sínu eða annarra í því byggðarlagi. Hreppstjóra er skylt að bregða þegar við, er hann hefur fengið slíka tilkynningu, og rannsaka, hvernig veikinni er háttað. Nú telur hreppstjóri, að um einhvern af áður greindum sjúkdómum geti verið að ræða, og skal hann þá tafarlaust tilkynna það framkvæmdastjóra, sem ákveður, hvað gera skuli til þess að fá úr því skorið, hvort svo sé, og hvaða ráðstafanir skuli gera að öðru leyti.

Þyki hreppstjóra grunsamlegt, að um mæðiveiki eða þingeysku mæðiveikina geti verið að ræða, skal hann láta einangra það fé, sem hinar grunuðu kindur voru með, unz úrskurður um veikina er fenginn og framkvæmdastjóri hefur gert þær ráðstafanir, er hann telur nauðsynlegar. Kostnaður við þessa einangrun greiðist úr ríkissjóði.

8. gr.

Framkvæmdanefnd er heimilt, með samþykki landbúnaðarráðherra, að setja aðalvarðlínur til þess að hindra útbreiðslu framan talinna sauðfjársjúkdóma.

Þessar varðlínur skal treysta með girðingum og varðmönnum eftir því, sem þörf krefur og öruggast er talið á hverjum stað.

Aðalvarðlínur eru þær línur taldar, er liggja þannig, að réttmætt sé talið að hindra fjársamgöngur yfir þær, þótt þeirra verði ekki þörf til varnar gegn sjúkdómum þeim, er hér um ræðir. Skulu þær lagðar á kostnað ríkissjóðs.

9. gr.

Nú vilja bændur á takmörkuðum svæðum verjast fjársamgöngum með því að setja upp varnargirðingar. Telji framkvæmdanefnd það nauðsynlegt, er henni heimilt að setja upp slíka girðingu, gegn því að hlutaðeigandi bændur leggi fram eigi minna en flutning á öllu efni frá hafnarstað og ⅓ kostnaðar við uppsetningu girðingarinnar, en ríkissjóður kosti girðinguna að öðru leyti, enda sé hún eign ríkisins. Girðingar þær, er hér um ræðir, teljast aukavarðlínur.

Nú vilja bændur setja upp varnargirðingu fyrir eitt byggðarlag eða nokkra bæi og framkvæmdanefnd telur líklegt, að hún geti orðið til þess að stöðva útbreiðslu veikinnar í þessu byggðarlagi, og getur þá nefndin veitt styrk til slíkra girðinga, þó ekki yfir ⅓ af verði gaddavírsins, enda verði girðingin eign þeirra, er kosta hana að öðru leyti.

10. gr.

Nauðsynleg varzla, að dómi nefndarinnar, með varðlínum þeim, er um ræðir í 8. gr. og 9. gr. 1. málsgr., greiðist úr ríkissjóði, sömuleiðis viðhald girðinga, meðan þeirra er þörf til varnar útbreiðslu sjúkdóma, er lög þessi ná til.

Telji framkvæmdanefndin ekki þörf að viðhalda girðingu á aukavarðlínu, má hún því aðeins taka hana upp, að bændur í hlutaðeigandi byggðarlagi vilji ekki kaupa hana fyrir hæfilegt verð, að dómi nefndarinnar, eða eftir mati.

11. gr.

Framkvæmdanefnd er heimilt að setja upp einangrunargirðingar til þess að geyma í sjúkt og grunað fé í þeim héruðum, sem veikin er ekki mikið útbreidd, og

sé það gert í samráði við hlutaðeigandi sýslunefnd. Sýslufélagið leggur til land undir girðingu og kostnað við uppsetningu, en girðingarefni og flutningur á næsta hafnarstað skal lagður fram sem annar kostnaður við varnirnar. Þessar girðingar eru eign ríkisins.

12. gr.

Heimilt er að leggja girðingar þær, er um ræðir í 8. og 9. gr., um lönd einstakra manna og afrétti eftir því, sem framkvæmdastjóri telur haganlegast.

Náist ekki samkomulag við landeiganda um land undir einangrunargirðingu samkvæmt 11. gr., er sýslunefnd heimilt, í samráði við framkvæmdastjóra, að taka land undir slíka girðingu leigunámi, og fer þá um leigunámið samkvæmt ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917, um framkvæmd eignarnáms.

Bætur fyrir landspjöll, átroðning, afnotamissi lands eða önnur óþægindi vegna girðinga, sem um getur í 8., 9. og 11. gr., koma ekki til greina nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi. Skulu þá dómkvaddir menn meta tjónið, er greiðist af hlutaðeigandi sveitarsjóði, enda séu varnirnar framkvæmdar að meira eða minna leyti í þágu þess sveitarfélags. Annars greiðir það hreppsfélag, er næst liggur og nýtur varnanna. Úrskurði matsmanna má áfrýja til yfirmats.

13. gr.

Skylt er vegfarendum, sem fara um hlið á varnargirðingum, að loka þeim tryggilega. Vanræksla í þessu efni, svo og skemmdir á hliðum og girðingum varða sektum eða fangelsi, allt að þrem mánuðum. Skemmdir skal auk þess bæta að fullu.

14. gr.

Varðmenn þeir, sem tekizt hafa á hendur vörzlu við varðlínur þær, sem um ræðir í 8. og 9. gr., eru sýslunarmenn ríkisins, meðan þeir gegna því starfi. Varðmaður, sem yfirgefur varðstöð sína á þeim tíma, sem honum ber að vera á verði, eða vanrækir starf sitt á annan hátt, skal sæta sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

15. gr.

Framkvæmdanefnd er heimilt að fyrirskipa litarmerkingar á sauðfé, þar sem henni þykir nauðsyn bera til. Enn fremur getur hún bannað hvers konar litarmerkingar á sauðfé á ákveðnum svæðum.

16. gr.

Flutningur sauðfjár yfir varðlínur, er um ræðir í 8., 9. og 11. gr., er bannaður, nema samþykki framkvæmdastjóra komi til. Kindum, sem leita mjög á að komast yfir varðlínu, má varðmaður slátra, en gera skal hann það verð úr, sem unnt er, ef eigandi getur ekki hirt það sjálfur. Heimilt er framkvæmdanefnd að banna flutning á fé bæja á milli og til dvalar, þar sem hún telur þess þörf.

17. gr.

Framkvæmdanefnd er heimilt að ráðstafa sauðfé á afrétti og í heimahögum, ef nauðsyn ber til vegna varnanna. Nefndinni er enn fremur heimilt að fyrirskipa slátrun á fé, sem kemur fyrir í útréttum, ef henni virðist það hafa þýðingu vegna varnanna. Óskilafé og ómerkinga, sem koma fyrir í næstu byggðarlögum við aðalvarðlínur, má ekki selja til lífs, heldur skal hreppstjóri sjá um, að því fé sé lógað.

18. gr.

Nú kemur fé fyrir á svæði, sem er sýkt eða grunað af garnaveiki, og eigendur þess eða viðkomandi upprekstrarfélag hefur ekki gert ráðstafanir til að hirða það sérstaklega, og skal þá hreppstjóri láta slátra því, verði ekki öðrum fulltryggum ráðstöfunum við komið, en gera skal hann það verð úr, að fjáreiganda verði sem minnst tjón af.

19. gr.

Heimilt er framkvæmdanefnd og sveitarstjórn eða stjórnum upprekstrarfélaga, með samþykki framkvæmdanefndar, að fyrirskipa breytingu á fjallgöngum, smölun heimalanda og réttum, ef það telst nauðsynlegt til þess að hindra útbreiðslu þeirra sauðfjársjúkdóma, er hér um ræðir. Breytingar þessar skulu bornar undir hlutaðeigandi stjórnir upprekstrarfélaga, áður en þær eru fyrirskipaðar. Breyting þessi telst ekki brot á fjallskilareglugerð.

20. gr.

Hreppstjórar, gangnaforingjar (fjallkóngar) og réttarstjórar í þeim héruðum, sem talin eru lítið sýkt eða ósýkt, skulu hafa strangt eftirlit með því í öllum réttum og fjallgöngum, að allar veikar eða grunsamlegar kindur, sem þar koma fyrir, séu tafarlaust teknar úr fjársafni og einangraðar eða lógað. Sama skylda hvílir á bændum í þeim héruðum við smölun heimalanda. Sömuleiðis ber öllum þessum aðilum skylda til að taka allar kindur, sem sloppið hafa yfir varðlínur, strax og þeirra verður vart, en gera skulu þeir það verð úr, sem unnt er.

21. gr.

Fáist vissa fyrir, að einhver þeirra sjúkdóma, er lög þessi ná til, hafi borizt yfir varðlínu, skal framkvæmdastjóri, í samráði við framkvæmdanefnd, gera þær ráðstafanir til varnar útbreiðslu veikinnar, sem nefndin telur tryggilegastar, og er nefndinni heimilt að láta slátra hinu sjúka eða grunaða fé.

22. gr.

Leyni fjáreigandi veiki í fé sínu, skal hann sæta sektum, en verði það til þess, að veikin berist í ósýkt fé annarra, varðar það fangelsisvist.

23. gr.

Sauðfé á sýktu eða grunuðu svæði af garnaveiki má ekki reka í þröng girðingarhólf eða fjárhús á heimilum, þar sem veikin er ekki, eða önnur hús, þar sem heimafé er hýst.

Ekki má heldur reka fé, sem ætla má, að sé sýkt af veikinni, í slík girðingarhólf eða hús á heimilum, sem teljast grunuð eða sýkt. Bannað er að geyma sýkt eða grunað fé í girðingarhólfum með fé frá ósýktum heimilum.

24. gr.

Framkvæmdanefnd er heimilt, hvenær sem hún telur þess þörf, að láta fara fram rannsókn á öllu fé bænda, þar sem líkur eru til, að garnaveiki geti verið.

Við þessar rannsóknir skal ríkið leggja til lyf, tæki og einn rannsóknarmann í hverjum rannsóknarflokki. Sveitarfélagið leggur hverjum rannsóknarmanni til einn aðstoðarmann og greiðir honum kaup, og sé hann valinn í samráði við rannsóknarmanninn. Skylt er fjáreigendum að leggja til aðra aðstoð við rannsóknirnar, eftir því sem við þarf. Heimilt er framkvæmdanefnd að veita sveitarstjórn undanþágu frá því að kosta aðstoðarmann við garnaveikirannsóknir í þeim hreppum, sem mæðiveiki er einnig í fé bænda.

25. gr.

Heimilt er framkvæmdanefnd að láta slátra öllu því fé, sem talið er sjúkt eða grunað að lokinni garnaveikirannsókn.

26. gr.

Allur kostnaður við girðingar og vörzlur, sem um ræðir í 8.—11. grein, sem ekki greiðist af viðkomandi héruðum, greiðist að $\frac{3}{5}$ hlutum úr ríkissjóði, en $\frac{2}{5}$ sé jafnað niður á alla sauðfjáreigendur á ósýktum svæðum. Landbúnaðarráðuneytið jafnar gjaldi þessu árlega niður eftir síðasta fjárframtali á þau sýslufélög eða hluta úr þeim,

er þátt taka í greiðslunni, en þó ekki hærri fjárhæð á ári hverju en sem svarar 10 aur. á kind. Sýslumenn jafna gjaldinu milli hreppa eftir sömu reglu og innheimta það með sýslusjóðsgjöldum.

Nú lætur framkvæmdanefnd rannsaka sauðfé í öryggisskyni á svæði, er reynist ósýkt, og skulu bændur þar undanþegnir 10 aura gjaldi það ár, er rannsóknin fer fram, enda hafi sveitarstjórnin kostað mann við rannsóknirnar.

IV. KAFLI
Um stuðning til bænda og bætur.

27. gr.

Fé því, sem veitt er árlega í fjárlögum til stuðnings fjáreigendum, sem tjón hafa beðið af völdum þeirra sjúkdóma, er lög þessi ná til, skal varið sem hér segir:

1. Til greiðslu upp í vexti af lánum bænda og upp í jarðarafgjald leiguliða. Þau ein lán koma til greina, að þau séu stofnuð vegna búrekstrar viðkomandi manns. Tilgreina skal skuldaeigendur og vaxtakjör. Vaxta- og jarðaafgjaldsstyrk skal úthluta til bænda í hlutfalli við þann tekjumissi, er þeir hafa orðið fyrir af völdum sjúkdómanna, en jafnframt sé höfð hliðsjón af afkomumöguleikum þeirra að öðru leyti.
2. Til vega í viðkomandi héruðum án framlags úr sýslu- eða sveitarsjóði.
3. Til greiðslu á styrk til framræslu vegna tún- eða engjaræktar, endurræktunar í túni, túnasléttunar og til garðræktar, er nemi þrefaldri þeirri fjárhæð, sem nú er greidd á verkeiningu samkv. jarðræktarlögunum, ef ekki er um vélavinnu að ræða, annars tvöfaldur styrkur. Til túnauka má greiða allt að jafnháum styrk og jarðræktarstyrknum nemur. Auk þess greiðist lögmæltur jarðræktarstyrkur.

   Heimilt er að verja því styrktarfé, er fellur undir þennan lið, til vinnu við aðrar umbætur á jörðinni samkv. nánari ákvæðum í reglugerð, og að fengnu samþykki framkvæmdanefndar í hverju einstöku tilfelli.
4. Til styrktar nýjum fyrirtækjum, sem gera framleiðslu bænda verðmæta eða fjölbreytta, svo sem rjómabúum og gróðurhúsum.
5. Til þess að styrkja fjáreigendur að ala upp sauðfé í skarðið fyrir það fé, er þeir hafa misst af völdum þessara sjúkdóma, og vegna ráðstafana, er leiðir af framkvæmd laga þessara.

28. gr.

Framkvæmdanefnd skal láta safna skýrslum um tjón það, er hlotizt hefur, svo og um ásetning líflamba.

29. gr.

Hver hreppsnefnd velur einn mann til að safna skýrslum um fjártjón bænda í hreppnum af völdum sauðfjársjúkdóma þeirra, er um ræðir í lögum þessum, og öðrum upplýsingum, er framkvæmdanefndin telur nauðsynlegar vegna úthlutunarinnar. Hver sýslunefnd tilnefnir tvo menn til þess að taka á móti skýrslum úr einstökum hreppum í þeirri sýslu og færa þær til samræmis.

Skýrslur þessar skulu komnar til framkvæmdanefndar í síðasta lagi fyrir 15. marz það ár, er úthlutunin fer fram.

30. gr.

Nú hefur framkvæmdanefnd fengið skýrslu um tjón fjáreigenda af völdum sauðfjársjúkdómanna, og skal hún þá árlega skipta því fé, er fjárlög heimila til stuðnings bændum og um ræðir í 27. gr.

Framkvæmdanefnd tilkynnir aðilum, þegar hún hefur lokið úthlutun hvert sinn, hve mikils styrks þeir megi vænta það ár. Sýslunefnd ákveður síðan, að fengnum tillögum viðkomandi hreppsnefnda, í hvaða vegum skuli unnið.

31. gr.

Framkvæmdanefnd sér um greiðslur á vaxtatillagi og jarðarafgjöldum. Þeir, sem eiga ógreidda vexti, afborganir eða jarðarafgjöld, fá því aðeins tillag upp í vexti, að þeir greiði jafnframt það, sem vangoldið er, eða hafi náð samningum um það.

Nefndin ávísar vegafénu til vegamálastjóra og jarðræktarstyrknum til Búnaðarfélags Íslands, og skulu þessir aðilar hafa eftirlit með þessum framkvæmdum og annast útborgun samkv. því, sem unnið hefur verið og heimild er til.

32. gr.

Hreppssjóður greiðir allan kostnað við söfnun skýrslna og úthlutun styrktarfjárins innan hrepps. Sýslusjóður greiðir á sama hátt kostnað við störf sýslufulltrúa og skiptinguna milli hreppa.

33. gr.

Bændur þeir, sem lög þessi ná til, fá án þess að greiða dráttarvexti frest á greiðslu árgjalda í lánsstofnunum, þar til séð er, hvort og hve mikinn styrk þeir fái á því ári samkv. lögum þessum, og er óheimilt að segja upp lánum vegna þess dráttar. Dráttur á greiðslu jarðarafgjalda til sama tíma varðar ekki missi ábúðar.

34. gr.

Framkvæmdanefnd ákveður bætur fyrir fé, er hún lætur slátra vegna vörzlu og enn fremur til þess að hindra sýkingu af völdum fjárflutninga, svo og fyrir það fé, sem nefndin lætur slátra vegna þess, að það reynist sjúkt eða grunað við rannsóknir. Bæturnar skulu miðaðar við niðurlagsverð á haustdegi, en tekið tillit til fóðurkostnaðar, sem fallið hefur á féð frá síðustu haustnóttum, ef því er slátrað að vetrar- eða vorlagi. Bætur þessar greiðast úr ríkissjóði.

V. KAFLI

Almenn ákvæði.

35. gr.

Framkvæmdanefnd er heimilt að láta árlega safna skýrslum eftir því, sem hún telur þörf á, um hvers konar vanhöld á sauðfé, sem alið er upp.

Nefndin getur ákveðið, hvort eða að hve miklu leyti kostnaðurinn við þessa skýrslusöfnun greiðist af ríkissjóði.

36. gr.

Nú virðist reynslan benda til, að vissir fjárstofnar séu lítt næmir eða minna næmir gagnvart einhverjum framangreindra sjúkdóma, og getur þá framkvæmdanefnd ákveðið í samráði við landbúnaðarráðherra, að lömbum af þeim fjárstofnum sé ekki slátrað. Fjáreigendum, sem hafa óhraustari fjárstofn, skal þá gefa kost á að fá þessi lömb til ásetnings.

Verðlag á þessum lömbum skal ákveðið af kjötverðlagsnefnd fyrir 1. sept. ár hvert, miðað við þunga þeirra á fæti, fyrst áætlað verð og síðar endanlegt verð, eftir að sölu sláturafurða þess árs er lokið. Skal ávallt verðleggja lömbin þannig, að seljendur fái að lokum fullt niðurlagsverð fyrir þau.

Heimilt er nefndinni, telji hún þess þörf og samkomulag næst ekki um kaup á lömbunum á framangreindum grundvelli, að taka það af þeim eignarnámi, ef með þarf, sem eigandi þeirra þarf ekki sjálfur til ásetnings.

37. gr.

Nú hefur framkvæmdanefnd ákveðið að nota heimild þá, er um getur í 36. gr. Skal hún, eftir að hafa aflað sér upplýsinga um, hve mörgum lömbum fjáreigendur, sem hún óskar eftir að fá lömb frá, muni geta fargað til lífs, tilkynna þeim með hæfi-

legum fyrirvara fyrir hverja sláturtíð, hve mörg lömb nefndin óski eftir að fá og hvenær þau verði tekin. Á sama hátt skal nefndin tilkynna þeim fjáreigendum, sem lömb vilja fá, hversu mörg lömb þeir geti fengið og hvenær.

38. gr.

Ráðherra er heimilt, eftir tillögum framkvæmdanefndar, að gera hverja þá ráðstöfun, er hann álítur nauðsynlega til að hindra útbreiðslu veikinnar og útrýma henni.

39. gr.

Ráðherra setur reglugerð, er ákveður nánar um framkvæmd laga þessara. Framkvæmdanefnd hefur einnig heimild til að setja nánari fyrirmæli en ákvæði reglugerðar segja til um einstök framkvæmdaatriði, er kalla að í hvert sinn, ef hún telur þess þörf og landbúnaðarráðherra samþykkir.

40. gr.

Brot gegn lögum þessum, svo og reglugerð og fyrirmælum, er sett verða samkvæmt þeim, varða sektum, allt að 10000 kr., eða fangelsi, og skal með mál út af slíkum brotum farið sem almenn lögreglumál.

41. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 45 27. maí 1938, lög nr. 14 15. maí 1939, lög nr. 39 12. júní 1939 og lög nr. 89 14. maí 1940.

42. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 613. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 3 9. jan. 1935, um verkamannabústaði, og lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki.

(Eftir eina umr. í Ed.).

1. gr.

2. liður 3. gr. laga nr. 3 9. jan. 1935 orðist svo:

Ríkissjóður leggur árlega í sjóðinn kr. 150000.00, en jafnframt fellur niður tillag til sjóðsins samkv. 14. gr. l. nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki.

Við 3. gr. fyrrnefndra laga nr. 3 1935 bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Meðan vísitala kauplagsnefndar er 110 eða hærri, skulu framlög ríkissjóðs og bæjar- og sveitarsjóða til byggingarsjóðs samkv. 1. og 3. tölulið hækka til samræmis við vísitölu kauplagsnefndar 1. október það ár, sem framlagið ber að greiða.

2. gr.

Í stað „5%“ í 4. mgr. 4. gr. laga nr. 3 9. jan. 1935 komi: 4%.

3. gr.

Aftan við 3. tölulið 6. gr. laga nr. 3 9. jan. 1935 bætist:

Meðan vísitala kauplagsnefndar er 110 eða hærri, skal þó miða við upphæðir þessar hækkaðar í samræmi við meðalvísitölu næsta árs á undan.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar og taka til framlaga til sjóðsins á árinu 1941.

Nd. 614. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 76 11. júní 1938, um byggingar- og landnámssjóð, og lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki.

(Eftir eina umr. í Ed.).

1. gr.

Í stað „200 þúsund kr.“ í 2. tölulið 3. gr. laga nr. 76 11. júní 1938 komi: 300 þúsund krónur, en jafnframt fellur niður tillag til sjóðsins samkvæmt 14. gr. laga nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki.

Meðan vísitala kauplagsnefndar er 110 eða hærri, skal framlag ríkissjóðs hækka til samræmis við vísitölu Hagstofu Íslands um byggingu íveruhúsa, miðað við sömu vísitölu 1939. Hækkunin reiknast þó ekki af hærri höfuðstóli en 125000 kr.

2. gr.

11. gr. laga nr. 76 11. júní 1938 orðist þannig:

Ríkissjóður leggur árlega fram 250 þúsund krónur til þess að styrkja endurbyggingu íbúðarhúsa í sveitum. Verði um eitt eða fleiri ár ekki reist það mörg íbúðarhús, að allt framlagið þurfi til byggingarstyrkja, skal sá hluti þess, sem afgangs verður á hverju ári, leggjast í sjóð og ávaxtast, þar til styrkþörfin verður meiri en svo, að hið árlega framlag geti fullnægt henni. Styrkurinn sé óafturkræft framlag.

3. gr.

a. Á eftir orðunum „500—1500 krónur“ í næstsíðustu mgr. 12. gr. sömu laga bætist: að viðbættum þeim hundraðshluta, er byggingarkostnaður íveruhúsa hefur, þegar húsið er reist, hækkað frá árinu 1939, samkvæmt vísitölu hagstofunnar.
b. Í stað „6000 krónur“ í sömu lagagr. komi: 9000 krónur.

4. gr.

22. gr. sömu laga fellur niður, og breytist greinatalan samkvæmt því.

5. gr.

23. gr. sömu laga, sem verður 22. gr., orðist þannig:

Nýbýlastjórn skal skipuð þremur mönnum, formanni, er landbúnaðarráðherra skipar til fjögurra ára í senn, og tveimur meðstjórnendum, er landbúnaðarnefndir Alþingis kjósa hlutfallskosningu til jafnlangs tíma. Skulu tveir varamenn kosnir á sama hátt. Formaður er framkvæmdarstjóri nýbýlastjórnar og annast dagleg störf hennar.

Nýbýlastjórnin ákveður styrk til nýbýla og hefur aðrar framkvæmdir í nýbýlamálum.

Landbúnaðarráðherra ákveður laun nýbýlastjórnar, og takast þau ásamt kostnaði við skrifstofuhald af fé því, sem árlega er veitt til nýbýla.

6. gr.

Í stað „nýbýlastjóra í störfum hans“ í 24. gr. sömu laga komi: nýbýlastjórn í störfum hennar.

7. gr.

a. Í stað orðanna „nýbýlanefnd og undir eftirliti nýbýlastjóra“ í a-lið 26. gr. sömu laga komi: nýbýlastjórn og undir eftirliti hennar.
b. Í stað „nýbýlastjóri“ á tveim stöðum í b-lið sömu lagagr. komi: formaður nýbýlastjórnar.
c. Í stað „nýbýlastjóri“ í c-lið 2. í sömu lagagr. komi: formaður nýbýlastjórnar.

d. Í stað „Nýbýlastjóri og nýbýlanefnd ákveða“ í c-lið 4. sömu lagagr. komi: Nýbýlastjórn ákveður.
e. Í stað „Nýbýlanefnd og nýbýlastjóri ákveða“ í c-lið 5. sömu lagagr. komi: Nýbýlastjórn ákveður.

8. gr.

Í stað „nýbýlanefndar“ í niðurlagi fyrri málsgr. 28. gr. sömu laga komi: nýbýlastjórnar.

9. gr.

a. Í stað „nýbýlanefndar“ í 2. tölul. 30. gr. sömu laga komi: nýbýlastjórnar.
b. Í stað „nýbýlanefndar“ í 3. tölul. sömu lagagr. komi: nýbýlastjórnar.

10. gr.

Í stað „nýbýlastjóra“ í 1. tölul. 31. gr. sömu laga komi: nýbýlastjórn — og í stað „nýbýlanefnd“ komi: hún.

11. gr.

Í stað „nýbýlanefndar“ í 33. gr. sömu laga komi: nýbýlastjórnar.

12. gr.

a. Í stað „3500“ í 34. gr. sömu laga komi: 4500.
b. Í stað „nýbýlanefndar“ í sömu lagagr. komi: nýbýlastjórnar.

13. gr.

Í stað „3500“ á tveim stöðum í 36. gr. sömu laga komi: 4500.

14. gr.

37. gr. sömu laga orðist svo:

Í fjárlögum fyrir hvert ár skal ákveðið, hve miklu fé skal verja til nýbýla. Nýbýlastjórn ákveður, hverjir umsækjenda skuli fá styrk og hversu háan hver. Á sama hátt gerir hún tillögur til stjórnar Búnaðarbankans um, hverjir skuli fá lán úr nýbýlasjóði og hversu háa upphæð hver. Verði ágreiningur millum stjórna þessara um lánveitingar úr nýbýlasjóði, skal honum skotið til landbúnaðarráðherra, og ræður þá hans atkvæði í málinu.

15. gr.

Í stað „nýbýlastjóra“ í síðustu málsgr. 38. gr. sömu laga komi: nýbýlastjórnar.

16. gr.

Í stað „nýbýlastjóri“ á 3 stöðum í 39. gr. sömu laga komi: nýbýlastjórn.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og taka ákvæði laganna um fjárframlög úr ríkissjóði til sjóðsins til ársins 1941. Þegar þau hafa verið staðfest, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 76 frá 1938, og gefa þau út svo breytt.

Nd. 615. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 112 18. maí 1935, um hæstarétt.

Flm.: Bergur Jónsson, Vilmundur Jónsson.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist:

8. Sýnt það með flutningi 4 mála, og sé eitt þeirra að minnsta kosti opinbert mál, að hann sé að dómi hæstaréttar hæfur til að verða hæstaréttarmálflutningsmaður. Enginn má oftar en þrisvar þreyta þá raun, og skal hann, áður en hann gerir það, leggja fyrir dóminn yfirlýsingu dómsmálaráðherra um það, að hann fullnægi öðrum lögmæltum skilyrðum til að verða málflutningsmaður fyrir hæstarétti.

Nd. 616. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 101 frá 23. júní 1936.

Frá Jóni Pálmasyni og Pétri Ottesen.

Á undan 8. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
17. grein laganna falli burt.
Greinatala breytist samkvæmt því.

Ed. 617. Nefndarálit

um frv. til l. um sparisjóði.

Frá fjárhagsnefnd.

Frv. þetta er samið af milliþn. í bankamálum. Var það lagt fyrir hv. Nd. og samþ. þar með litlum breytingum. Nefndin hefur athugað frv., og telur hún það til allmikilla bóta frá gildandi lögum um sparisjóði. Þykir nægja að vísa í því efni og um almennar skýringar á frv. til greinargerðar milliþinganefndarinnar.

Nefndinni þykir ekki varlegt að heimila sparisjóðum að verja nokkru af fé sínu til kaupa á hlutabréfum. Þá vill nefndin og banna þeim með öllu að ganga í ábyrgðir. Ber hún fram brtt. út af þessu.

Samkv. þessu leggur nefndin til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 20. gr. Greinin orðist svo:

Sparisjóður má ekki eiga aðrar fasteignir en þær, sem nauðsynlegar eru vegna rekstrar hans, og ekki hlutabréf. Þó má hann yfirtaka fasteign eða hlutabréf, sem honum hefur verið veðsett, til þess að innheimta kröfu sína, en selja skal hann eignina strax og hann á þann hátt getur fengið kröfu sína greidda. Sparisjóður má ekki ganga í ábyrgð fyrir aðra.

Alþingi, 23. maí 1941.

Magnús Jónsson, form.	Erl. Þorsteinsson, fundaskr.	Bernh. Stefánsson, frsm.

Sþ. 618. Þingsályktun

um nýja útgáfu af lagasafni.

(Afgreidd frá Sþ. 23. maí.)

Samhljóða þskj. 141.

Sþ. 619. Breytingartillögur

við frumv. til fjárlaga fyrir árið 1942 og við brtt. á þskj. 594.

I. Frá *Gísla Guðmundssyni* og *Gísla Sveinssyni*.
Við brtt. 594, 3. a. og b. (Nýir liðir við 12. gr. 3. Læknisvitjanastyrkur).
Fyrir „200“ kemur í báðum liðum 300

II. Frá *Bergi Jónssyni*.
1. Við 13. gr. A. II. a. 22. (Barðastrandarvegur).
Fyrir „10000“ kemur 12000
2. Við 13. gr. A. II. a. 23. (Patreksfjarðarvegur til Bíldudals).
Fyrir „10000“ kemur 12000
3. Við 13. gr. A. II. a. 24. (Tálknafjarðarvegur).
Fyrir „2500“ kemur 4000

III. Frá *Steingrími Steinþórssyni* og *Pálma Hannessyni*.
1. Við 13. gr. A. II. a. 43. (Gönguskarðsvegur).
Fyrir „4000“ kemur 6000
2. Við 13. gr. A. II. a. 47. (Hólavegur).
Fyrir „4000“ kemur 6000

IV. Frá *Páli Zóphóníassyni*.
Við 13. gr. A. III. (Brúargerðir). Við liðinn kemur aths.:
Þar af 40000 kr. til að brúa Jökulsá á Dal undan Brú.

V. Frá *Bergi Jónssyni*.
Við 13. gr. A. IV. (Fjallvegir).
Liðinn skal orða svo:
Fjallvegir 40000
Þar af verði 5000 kr. varið til vegabóta á hálsum og heiðum í Austur-Barðastrandarsýslu.

VI. Frá *Steingrími Steinþórssyni* og *Pálma Hannessyni*.
Við 13. gr. C. IX. 1. (Hofsósbryggja).
Fyrir „7. greiðsla af 8“ kemur: 8. greiðsla af 9.

VII. Frá *Páli Zóphóníassyni*.
Við 13. gr. C. XII. (Hafnargerð við sunnanverðan Faxaflóa).
Við liðinn kemur aths.:
Fjárveitingin er bundin því skilyrði, að ríkisstjórnin tryggi aðkomubátum aðstöðu til útgerðar frá staðnum og afnot af höfninni, með vægu verði, og að leiga lóða og húsnæðis á staðnum hækki ekki vegna hafnargerðarinnar.

VIII. Frá *Skúla Guðmundssyni*, *Jóni Ívarssyni* og *Sveinbirni Högnasyni*.
1. Við 13. gr. C. XII. (Hafnargerð við sunnanverðan Faxaflóa).
Við liðinn bætist eftirfarandi athugasemd:
Fé þetta skal geymt, þar til Alþingi hefur sett lög um hafnargerðina.

2. Við 13. gr. C. XIII. (Hafnargerð við Lónsfjörð).
Aths. orðist svo:
Fé þetta skal geymt, þar til Alþingi hefur sett lög um hafnargerðina.

IX. Frá *Bjarna Ásgeirssyni* og *Garðari Þorsteinssyni.*
Við 14. gr. B. II. a. Nýr liður:
Til Þorvalds Þórarinssonar lögfræðings, til framhaldsnáms í Ameríku 2000

X. Frá *Páli Zóphóníassyni.*
Við 14. gr. B. X. 1. c. 5. (Ýmisleg gjöld Hólaskóla). Nýr tölul.:
Til aðgerðar gamla bænum og til að byrja á að koma þar fyrir landbúnaðarverkfærasafni 3000

XI. Frá *fjármálaráðherra.*
Við 14. gr. B. XII. a. (Verzlunarskólar). Liðurinn orðist svo:
Til verzlunarskólans í Reykjavík og verzlunarskóla sambands samvinnufélaganna 15000
Þó ekki yfir ¾ kostnaðar hvors skóla, og skiptist framlagið milli skólanna í réttu hlutfalli við nemendafjölda þeirra skólaárið 1940—41.

XII. Frá *Bernharð Stefánssyni, Einari Árnasyni* og *Erlendi Þorsteinssyni.*
Við 15. gr. 9. g. (Bókasafn Siglufjarðar).
Fyrir „1000“ kemur 2500

XIII. Frá *Gísla Guðmundssyni.*
Við 15. gr. 13. Nýr liður:
Til lesstofu sjómannaheimilis á Raufarhöfn 400

XIV. Frá *Gísla Sveinssyni, Pálma Hannessyni, Ásgeiri Ásgeirssyni* og *Þorsteini Briem.*
Við 15. gr. 31. Nýr liður:
Til samningar íslenzkrar samheitaorðabókar 5000

XV. Frá *Jóhannesi Jónassyni* úr Kötlum.
Við 15. gr. 46. Liðurinn orðist svo:
Styrkur til skálda, rithöfunda, vísindamanna og listamanna, samkv. ákvörðun Bandalags íslenzkra listamanna, og háskólaráðs að því er vísindamenn snertir 120000

XVI. Frá *Steingrími Steinþórssyni* og *Bjarna Ásgeirssyni.*
Við 16. gr. 4. (Nýbýli og samvinnubyggðir).
Fyrir „155000“ kemur 250000

XVII. Frá *Pálma Hannessyni* og *Steingrími Steinþórssyni.*
Við 16. gr. 36. Nýr liður:
Til Þórs Guðjónssonar, til þess að nema vatnafræði og fiskifræði 2400

XVIII. Frá *Skúla Guðmundssyni* og *Einari Árnasyni.*
Við 16. gr. 44. Nýr liður:
Til Bergljótar Benediktsdóttur, Garði, til þess að greiða fyrir og útbreiða notkun íslenzkra jurtalitunarefna 600

XIX. Frá *Páli Zóphóníassyni.*
Við brtt. 594, 30. (Nýr liður við 16. gr. 44. Íslenzk ull). Við liðinn kemur aths.:
Fjárveitingin er bundin því skilyrði, að ríkisstjórnin láti endurskoða reikninga stofnunarinnar, og árlega sé gefin skýrsla um starfsemina, samþykkt af endurskoðanda eða endurskoðendum.

XX. Frá *Þorsteini Briem* og *Haraldi Guðmundssyni.*
Við 16. gr. 48. (Guðmundur Kristinsson).
Fyrir „300“ kemur 500

XXI. Frá *Steingrími Steinþórssyni* og *Bjarna Ásgeirssyni.*
Við 16. gr. 68. (Loðdýraræktarfélagið).
Fyrir „2000“ kemur 4000

XXII. Frá *Bernharð Stefánssyni, Gísla Sveinssyni, Steingrími Steinþórssyni* og *Haraldi Guðmundssyni.*
Við 18. gr. II. a. 4. Nýr liður:
Eggert Stefánsson, fyrrv. símafulltrúi, Akureyri 1200

XXIII. Frá *Bergi Jónssyni.*
Við 18. gr. II. e. 11. (Ingivaldur Nikulásson).
Fyrir „300“ kemur 400

XXIV. Frá *Bergi Jónssyni* og *Ásgeiri Ásgeirssyni.*
Við 18. gr. II. e. 20. Nýr liður:
Vilborg Stefánsdóttir, ekkja Eyjólfs Sveinssonar kennara 300

XXV. Frá *Bernharð Stefánssyni.*
Við 18. gr. II. k. 36. Nýr liður:
Haraldur Indriðason, fyrrv. síldarmatsmaður, Hjalteyri 300

XXVI. Frá *Bernharð Stefánssyni.*
Við 18. gr. II. k. 44. (Jóhannes Jörundsson).
Fyrir „500“ kemur 1200

XXVII. Frá *Bergi Jónssyni.*
Við 18. gr. II. k. 47. (Jón Sigurðsson).
Fyrir „200“ kemur 300

XXVIII. Frá *Bergi Jónssyni.*
Við 18. gr. II. k. 60. Nýr liður:
María G. Jónsdóttir, ekkja Ásbjörns Nikulássonar fiskimatsmanns 300

XXIX. Frá *Jörundi Brynjólfssyni, Ásgeiri Ásgeirssyni, Þorsteini Briem* og *Steingrími Steinþórssyni.*
Við 22. XVII. Nýr liður:
Að kaupa jörðina Kröggólfsstaði í Ölfusi fyrir það verð og með þeim greiðsluskilmálum, er um semur.

XXX. Frá *Hermanni Jónassyni* og *Jakob Möller.*
Við 22. gr. XIX. Nýr liður:
Að kaupa Gullfoss í Hvítá fyrir allt að 15000 kr. (Endurheimild).

XXXI. Frá *Gísla Guðmundssyni.*
Við 22. gr. XIX. Nýr liður:
Að endurbyggja, ferðamönnum til öryggis, bæinn í Hrauntanga á Öxarfjarðarheiði, ef samningar takast um framlag úr héraði til endurbyggingarinnar.

XXXII. Frá *Bergi Jónssyni, Garðari Þorsteinssyni, Gísla Guðmundssyni* og *Vilmundi Jónssyni.*
Við 22. gr. XX. Nýr liður:
Að verja allt að 15 þúsund krónum til þess að koma upp talstöðvum á afskekktum sveitabæjum og leggja ódýra jarðsíma í tilraunaskyni.

XXXIII. Frá *Sigurjóni Á. Ólafssyni.*
Við 23. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgr.:
Stjórninni er heimilt að greiða Ólafíu Gísladóttur, ekkju Vilhjálms Þorsteinssonar stýrimanns, eftirlaun eftir svipuðum reglum sem Eimskipafélag Íslands greiðir ekkjum stýrimanna sinna, og færist fjárhæðin á rekstrarreikning Skipaútgerðar ríkisins.

Nd. 620. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 525 [Bifreiðaskattur o. fl.].

Frá Eiríki Einarssyni.

Við 2. Meginmál till. orðist svo:

Þeim tekjum, sem fást samkvæmt ákvæðum laga þessara, skal varið til að greiða kostnað við lagningu akvega og malbikun þjóðvega, eftir því sem ákveðið er í fjárlögum, svo og til brúargerða á Hvítá hjá Iðu í Árnessýslu og á Jökulsá á Fjöllum.

Nú þykir ekki fært að flytja inn efni til brúargerða á árunum 1942 og 1943, og skal þá geyma það fé, er til brúnna skal varið samkvæmt ákvæði þessu, þar til kleift verður að flytja inn byggingarefni.

Sþ. 621. Nefndarálit

um till. til þál. um skipun milliþinganefndar um skólamál.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur orðið ásátt um að afgreiða till. til frekari meðferðar í þinginu. En nokkrir nefndarmanna telja, að orðalag tillögunnar greini ekki nægilega skýrt frá verkefni nefndarinnar, og áskilja sér rétt til að hafa óbundnar hendur um endanlega afgreiðslu málsins. Skrifa þeir því undir nefndarálitið með fyrirvara.

Alþingi, 24. maí 1941.

Einar Árnason, form.	Gísli Sveinsson, fundaskr., með fyrirvara.	Jörundur Brynjólfsson, frsm.
Finnur Jónsson, með fyrirvara.	Árni Jónsson, með fyrirvara.	Þorsteinn Briem, með fyrirvara.

Páll Zóphóníasson.

Sþ. 622. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1942.

I. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni.*
Við 13. gr. A. II. a. 25. (Rafnseyrarheiðarvegur).
Fyrir „5000“ kemur 10000
Til vara 8000

II. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 14. gr. B. XII. a. Liðurinn orðist svo:
1. Til verzlunarskóla Íslands 5000
2. Til Samvinnuskólans 5000

III. Frá *Haraldi Guðmundssyni, Pálma Hannessyni* og *Árna Jónssyni.*
Við 14. gr. B. XXVII. (Íþróttasjóður).
Fyrir „60000“ kemur 85000

IV. Frá *Steingrími Steinþórssyni, Gísla Sveinssyni* og *Vilmundi Jónssyni.*
Við 15. gr. 46. Nýr liður:
Til Sigurjóns Friðjónssonar skálds, tveggja ára skáldastyrkur (1941—1942) 2400

V. Frá *Páli Zóphóníassyni* og *Steingrími Steinþórssyni.*
Við 16. gr. 7. Nýr liður:
Til tilrauna í jarðrækt og búfjárrækt samkvæmt lögum nr. 64 7. maí 1940 40000

VI. Frá *Pálma Hannessyni, Gísla Sveinssyni, Vilmundi Jónssyni, Bjarna Ásgeirssyni, Haraldi Guðmundssyni, Ásgeiri Ásgeirssyni, Magnúsi Jónssyni, Steingrími Steinþórssyni, Eiríki Einarssyni* og *Þorsteini Briem.*
1. Við 16. gr. 16. b. (Skóggræðsla).
Fyrir „65000“ kemur 80000
2. Við 16. gr. 16. c. (Skógræktarfélög).
Fyrir „15000“ kemur 20000

VII. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni.*
Við 18. gr. II. k. 39. Nýr liður:
Hólmgeir Jensson fyrrv. dýralæknir 600
Til vara 300

VIII. Frá *Þorsteini Þorsteinssyni, Steingrími Steinþórssyni* og *Finni Jónssyni.*
Við 22. gr. XIV. Nýr liður:
Að ábyrgjast fyrir Ólafsvíkurhrepp og Neshrepp utan Ennis allt að 640 þús. kr. lán til rafvirkjunar fyrir kauptúnin Ólafsvík og Hellissand, þó aldrei yfir ⅘ kostnaðarins.

IX. Frá *Magnúsi Jónssyni.*
Við 22. gr. XV. Nýr liður:
Að greiða 10000 kr. til rekstrar húsmæðrakennaradeildar í sambandi við húsmæðraskóla í Reykjavík.

Sþ. **623. Nefndarálit**

um till. til þál. um heimild fyrir fjármálaráðherra til þess að greiða menntamálaráði viðbót við styrktarfé til skálda, rithöfunda, vísindamanna og listamanna árið 1941.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og mælir með því, að hún verði samþykkt.

Alþingi, 23. maí 1941.

Pétur Ottesen, form.	Emil Jónsson, fundaskr.	Sigurður Kristjánsson, frsm.
Sig. E. Hlíðar.	Þorst. Þorsteinsson.	Bjarni Bjarnason.
Páll Hermannsson.	Jónas Jónsson.	Helgi Jónasson.

Sþ. 624. Nefndarálit

um till. til þál. um skipun milliþinganefndar til undirbúnings löggjafar um lögverndað orlof verkamanna og sjómanna og ráðstöfunar til framkvæmda þeim málum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað till. (ásamt brtt. á þskj. 250) og orðið ásátt um að leggja til, að Alþingi samþykki hana breytta eins og hér á eftir greinir. Einn nefndarmanna (FJ) tekur fram, að hann hefði helzt kosið, að till. næði fram að ganga óbreytt, en getur þó eftir atvikum sætt sig við þessa afgreiðslu.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Tillgr. orðist svo:
   Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leita tillagna verkalýðs- og vinnuveitendasamtakanna, svo og Búnaðarfélags Íslands og Fiskifélags Íslands, um undirbúning löggjafar um orlof vinnandi fólks í landinu til sjávar og sveita frá störfum á vissum tímum árs. Leggi ríkisstjórnin málið síðan fyrir næsta Alþingi í því formi, sem henni þykir henta.
2. Fyrirsögnin verði: Till. til þál. um undirbúning löggjafar um orlof.

Alþingi, 24. maí 1941.

Einar Árnason, form. Gísli Sveinsson, fundaskr., frsm. Páll Zóphóníasson.
Jörundur Brynjólfsson. Þorsteinn Briem. Árni Jónsson.
Finnur Jónsson.

Ed. 625. Frumvarp til laga

um sparisjóði.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

Samhljóða þskj. 482 með þessari breytingu:
20. gr. hljóðar svo:
Sparisjóður má ekki eiga aðrar fasteignir en þær, sem nauðsynlegar eru vegna rekstrar hans, og ekki hlutabréf. Þó má hann yfirtaka fasteign eða hlutabréf, sem honum hefur verið veðsett, til þess að innheimta kröfu sína, en selja skal hann eignina strax og hann á þann hátt getur fengið kröfu sína greidda. Sparisjóður má ekki ganga í ábyrgð fyrir aðra.

Nd. 626. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 620 [Bifreiðaskattur o. fl.].

Frá Bjarna Ásgeirssyni.

Á eftir orðunum „Hvítá hjá Iðu í Árnessýslu“ komi: Hvítá í Borgarfirði hjá Bjarnastöðum í Hvítársíðu.

Nd. 627. Breytingartillaga

við breytingartillögu á þskj. 620 [Bifreiðaskattur o. fl.].

Frá Pálma Hannessyni og Steingrími Steinþórssyni.

Aftan við fyrri málsgr. till. bætist nýr málsliður, svo hljóðandi: og Héraðsvötn í Skagafirði undan Flatatungu.

Nd. 628. Frumvarp til laga

um iðnskóla.

Frá iðnaðarnefnd.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

A. Skólarnir og tilgangur þeirra.

1. gr.

Iðnskólar kallast einu nafni allir þeir skólar, sem veita fræðslu í iðju og iðnaði og námsgreinum, sem nauðsynlegar eru til undirbúnings iðnaðarvinnu og iðnfræðilegum störfum.

2. gr.

Tilgangur skólanna er að veita verklega æfingu og fræðilega þekkingu í sambandi við verklegt nám í verkstæðum og á vinnustöðum iðju og iðnaðar.

Kenna skal bæði í reglulegu skólanámi og á námskeiðum.

Skólunum skal svo fyrir komið, að nemendurnir geti stundað nám í þeim samhliða verklegri æfingu og undirbúið sig þannig stig af stigi undir æðra tekniskt nám.

3. gr.

Verkleg kennsla er veitt í skólaverkstæðum. Í skólaverkstæðum skal, eftir því sem unnt er, vinna sem líkast því, sem gert er í hliðstæðum verkstæðum atvinnurekenda. Skólaverkstæði í hverri iðn skal jafnan útbúa í samráði við samiðnaðarmenn á staðnum.

4. gr.

Iðnskólarnir skulu reknir sem sjálfseignarstofnun með styrk frá ríki og hlutaðeigandi sveitarfélagi. Heimilt er, að fleiri en eitt sveitarfélag slái sér saman um stofnun og rekstur iðnskóla. Heimilt er einnig iðnaðarfyrirtækjum, stofnunum, iðnfélögum og iðnsamböndum að stofna og reka iðnskóla, en ekki eiga þau kröfu til hlutfallslegs framlags frá ríki og sveitarfélagi á við almenna iðnskóla.

Enginn skóli getur fengið ríkisstyrk fyrr en hann hefur fengið viðurkenningu umsjónarmanns skólanna (sjá 28. gr.) sem iðnskóli.

Umsókn um ríkisstyrk sendist til iðnaðarmálaráðherra. Umsókninni skulu fylgja ýtarlegar skýrslur um fyrirkomulag skólans og kennslu, fjárhagsáætlun, styrki annars staðar frá og umsögn hlutaðeigandi iðn- eða iðnaðarmannafélags.

5. gr.

Stofnkostnaður viðurkenndra iðnskóla (húsnæði, húsbúnaður og áhöld) greiðist að ⅖ af ríkinu, ⅖ af hlutaðeigandi sveitarfélagi (eða félögum) og að ⅕ annars staðar frá. Af rekstrarkostnaði viðurkenndra iðnskóla greiða ríki og hlutaðeigandi sveitarfélög viðhald, endurbætur og aukningu húsnæðis, húsbúnaðar og áhalda, og kaup skólastjóra og kennara að hálfu hvort.

B. Kennslan.

6. gr.

Iðnaðarmálaráðherra gefur út reglugerð um kennsluna og prófin í iðnskólunum (sbr. einnig lög um iðnaðarnám). Stundaskrá skólanna og sérstakar reglur skal leggja fyrir umsjónarmann skólanna til samþykktar.

7. gr.

Kennslan skal vera í nánu sambandi við þær iðn- og iðjugreinir, er eiga nemendur í skólanum eða skólinn er stofnaður fyrir. Skólunum ber að veita nemendunum verklega æfingu og fræðilega þekkingu í þeim greinum, sem telja verður nauðsynlegar fyrir iðn þeirra og framtíðarstarf og þeir fá ekki kennslu í á vinnustaðnum eða við hið verklega nám, þar með talin nauðsynleg þekking á móðurmálinu og reikningi.

8. gr.

Þar til yfirstjórn skólanna hefur löggilt ákveðnar kennslubækur fyrir skólann í hverri námsgrein, ræður skólastjóri hvers skóla, í samráði við hlutaðeigandi kennara, vali kennslubóka og kennsluáhalda. Þegar kennslubækur og kennsluáhöld handa skólunum hafa verið löggilt í einhverri námsgrein, skal nota einhverja af þeim bókum og eitthvað af þeim áhöldum við kennsluna.

Rétt er yfirstjórn skólanna að hlutast til um það, að kennslubækur verði samdar fyrir þær námsgreinar skólanna, er engar hafa á íslenzku áður, og eins ef þær, sem til eru, eru orðnar úreltar.

9. gr.

Að loknu reglulegu skólanámi skulu nemendur skólanna ganga undir próf, er heitir burtfararpróf. Skal gefa þeim einkunnir fyrir úrlausn prófanna eða úrlausn verkefna á námstímanum í skólanum, eftir nánari ákvæðum í reglugerð. Þeim nemendum, sem standast burtfararprófið, skal láta í té burtfararvottorð frá skólunum.

Á burtfararvottorði má ekki tilgreina einkunnir gefnar í öðrum skólum en hliðstæðum iðnskólum.

C. Skólastjóri og kennarar.

10. gr.

Kennarar iðnskólanna eru fastir kennarar og stundakennarar. Iðnaðarmálaráðherra skipar fasta kennara, að fengnum tillögum skólanefndar og umsjónarmanns skólanna. Fastan kennara skal skipa við iðnskóla, þegar sýnt þykir, að kennslustundir í kennslugreinum hans muni ekki verða færri en 27 á viku, enda starfi skólinn ekki skemur en 6 mánuði á ári. Fastir kennarar við iðnskóla hafa sömu launakjör og fastir kennarar við gagnfræðaskóla.

11. gr.

Ekki má skipa aðra sem fasta kennara en þá, sem hafa fullnaðarpróf í þeim fræðigreinum, sem þeir eiga aðallega að kenna. Þó má skipa kennara, sem kennt hefur í 10 ár eða lengur sem stundakennari, fastan kennara, þótt ekki hafi hann fullnaðarpróf, ef skólastjórn og umsjónarmaður mæla einhuga með því.

Sem fastakennara í skólaverkstæðum má ekki ráða aðra en iðnaðarmenn með meistararéttindum.

Iðnaðarmálaráðherra getur, eftir því sem þörf krefur, sett á fót námskeið fyrir kennara við iðnskóla, og má gera þátttöku í slíku námskeiði að skilyrði fyrir skipun í fasta kennarastöðu.

12. gr.

Stundakennarar eru ýmist fastráðnir til þess að kenna sérstakar kennslugreinir eða sérstaklega ráðnir til þess að kenna við námskeið. Skólanefnd ræður stundakennara, að fengnum tillögum skólastjóra og skólaumsjónarmanns. Skólanefnd

getur sagt stundakennurum upp starfi þeirra með fjögurra mánaða fyrirvara, enda geta þeir sjálfir sagt upp með sama fyrirvara.

13. gr.

Iðnaðarmálaráðherra skipar skólastjóra iðnskólanna, að fengnum tillögum skólanefndar og umsjónarmanns skólanna. Skólastjórar þeirra iðnskóla, sem eingöngu hafa nemendur samkvæmt III. kafla þessara laga, hafa sömu launakjör og skólastjórar gagnfræðaskólanna, ef nemendatalan er að jafnaði 100 eða meira. Sé nemendatalan lægri en 100, en meiri en 49, hafa þeir ¾ af fullum launum, og sé nemendatalan lægri en 50, hafa þeir ½ af fullum launum.

14. gr.

Skólastjóri er fyrirmaður kennaranna og sér um daglegan rekstur skólans. Hann lætur færa skrá yfir nemendur skólans og fylgist með ástundun þeirra. Hann heldur uppi aga og reglu í skólanum og sér um, að skólinn starfi samkvæmt settum reglum. Hann hefur umsjón með innanstokksmunum skólans og áhöldum. Hann hefur á hendi reikningshald skólans og fjárreiður. Hann semur árlega skýrslu um starf og rekstur skólans og fjárhagsáætlun fyrir hann og einnig aðrar þær skrár og skýrslur viðvíkjandi starfi skólans, er ráðuneytið eða umsjónarmaður skólanna kann að óska.

15. gr.

Kennurum skólans ber að fara eftir reglugerðum hans og fyrirmælum skólastjóra og skólanefndar. Þeim ber að halda uppi góðri reglu og aga í kennslustundum sínum. Fastir kennarar skulu auk þess vera skólastjóra til aðstoðar með umsjón og daglega stjórn í skólanum.

16. gr.

Kennarar við verklega skóla, sem starfa allt árið, skulu fá 12 virkra daga sumarfrí, og auk þess 3 mánuði frí fimmta hvert ár, til þess að kynna sér nýjungar í iðn sinni utan lands eða innan. Skólastjórar og kennarar iðnskólanna skulu eiga kost á styrk til utanfarar til náms og athugunar fimmta hvert ár, 2—3 mánuði í senn, allt að helmingi kostnaðar, eftir ákvörðun ráðherra.

D. Yfirstjórn og skólanefndir.

17. gr.

Yfirstjórn iðnskólanna er í höndum iðnaðarmálaráðherra og ráðuneytis hans.

18. gr.

Til eftirilts með skólunum og til aðstoðar og ráðuneytis um yfirstjórn þeirra skipar ráðherra umsjónarmann. Skal umsjónarmaðurinn meðal annars samræma námsskrá og prófkröfur skólanna eftir því, sem við á, heimsækja hvern skóla ekki sjaldnar en einu sinni fimmta hvert ár og vera skólastjórum og skólanefndum til leiðbeiningar og aðstoðar um útvegun áhalda, námsbóka o. fl.

19. gr.

Umsjónarmaður fær þóknun fyrir starf sitt eftir samkomulagi við iðnaðarmálaráðherra. Sem umsjónarmenn skal aðeins skipa menn, sem eru kunnugir iðnaðarnámi og iðnfræðslu og þeim kröfum og skilyrðum, sem fullnægja þarf á því sviði.

20. gr.

Heimilt er atvinnumálaráðherra að fela umsjónarmanni iðnskólanna eftirlit og samræmingu sveinsprófa.

21. gr.

Hverjum iðnskóla stjórnar 5 manna skólanefnd. Skulu 3 nefndarmanna kosnir af iðnaðarmannafélaginu á staðnum til þriggja ára í senn, og gengur 1 úr á ári,

fyrstu tvö árin eftir hlutkesti. Af hinum tveimur kýs sveitarstjórn (bæjarstjórn) annan, í fyrsta sinn til eins árs og síðan til tveggja ára í senn, en iðnaðarmálaráðherra skipar hinn til tveggja ára í senn. Nefndin starfar kauplaust, en kostnaður við starf hennar telst til rekstrarkostnaðar skólans.

Nefndin kýs sér sjálf formann og ritara.

Ekki má kjósa kennara skólans í skólanefndina.

22. gr.

Skólastjóri skal jafnan mæta á fundum nefndarinnar, hvort sem hann er einn nefndarmanna eða ekki, nema hann sjálfur sé umræðuefni nefndarinnar.

23. gr.

Þar, sem það þykir hagkvæmt, má hafa eina skólanefnd fyrir fleiri en einn skóla á sama stað.

24. gr.

Skólanefndin á að fylgjast með starfsemi skólans og líta eftir því, að hann uppfylli þær kröfur, sem gera á til hans, eftir því sem föng eru á. Hún getur sett skólastjóra og kennurum starfsreglur, ef hún vill. Hún á rétt á að gera tillögur um námsskrá og stundaskrá skólans, en ekki má hún fækka námsgreinum né kennslustundum niður úr því, sem reglugerð um lágmarkskennslu í skólunum segir fyrir um.

Skólanefnd ber einnig að líta eftir fjárreiðum skólans og sjá um, að skólastjóri gefi þær skýrslur, sem hann er skyldur til. Enn fremur gerir hún tillögur um styrki til nemenda og kennara og verðlaun til nemenda.

II. KAFLI

Undirbúningskennsla.

25. gr.

Þar, sem því verður við komið, skal halda námskeið til undirbúnings iðnnámi og iðnskólanámi. Námskeiðin standa 1—9 mánuði eftir ástæðum, og má halda þau í iðnskólunum sjálfum eða í sérstökum skólum, sem til þess eru ætlaðir.

26. gr.

Námskeið til undirbúnings iðnnámi heita forskólar, og er tilgangur þeirra sá, að gefa unglingum, sem orðnir eru 14 ára eða eldri, tækifæri til þess að kynnast verkfærum, efni og vinnuháttum í vissum iðn- og iðjugreinum, svo að nokkur reynsla fáist um það, hversu hæfir þeir eru til þess að stunda þær iðngreinir sem ævistarf. Kennslan er aðallega verkleg í verkstæðisskóla, en einnig kennt bóklega, einkum íslenzka og reikningur.

Hvert námskeið forskólans er 3—9 mánuðir, eftir iðnum og ástæðum.

Vinnutími forskólans skal vera 48 stundir á viku, að meðtöldum bóklegum kennslustundum.

27. gr.

Námskeið til undirbúnings iðnskólanámi er eingöngu bóklegt og einkum í íslenzku og reikningi. Hvert námskeið er 1—2 mánuðir eftir þörfum.

28. gr.

Nemendur, sem lokið hafa námskeiði á forskóla með góðum vitnisburði, geta fengið námstímann styttan sem námskeiðinu nemur, ef þeir fá til þess meðmæli skólans.

III. KAFLI
Skólanám á námstímanum.
(Kvöldskólar.)

29. gr.

Í kvöldskólum er iðnnemum kennd teikning, íslenzka, reikningur, undirstöðuatriði efnafræði, eðlisfræði, efnisfræði og bókfærsla, svo og rafmagnsfræði og önnur sérfræði nemendum í hlutaðeigandi iðngreinum, allt eftir nánari ákvæðum í reglugerð. Einnig er heimilt að kenna þar eitt útlent tungumál, ef skólanefnd ákveður.

30. gr.

Kvöldskólinn er að jafnaði 4 ára skóli, og fer kennslan fram á kvöldin, 10—15 stundir á viku, 4—7 mánuði ársins. Kennslustundir mega þó ekki vera undir 720 og ekki yfir 1200 allan námstímann. Heimilt er, að duglegir nemendur og nemendur, sem hafa góðan undirbúning, ljúki náminu á styttri tíma, ef þeir fullnægja þeim kunnáttukröfum, sem gerðar eru til burtfararprófs frá skólanum. Einnig er heimilt, að kennslan fari fram á daginn 1—2 mánuði á ári eða 1—2 daga í viku, þar sem atvinnuskilyrði og aðrar aðstæður eru þannig, að það telst hagkvæmara.

31. gr.

Kvöldskóla má setja á fót þar, sem svo margir iðnnemar eru, að hægt sé að mynda fyrsta bekk annað hvert ár með 10 nemendum eða fleiri. Rétt er, að ekki séu fleiri en 25 nemendur í bekk. Þó er skólanum skylt að taka við öllum iðnnemum á staðnum, ef þeir sækja um skólavist. Einnig er heimilt að taka aðra nemendur í skólann, ef húsrúm og ástæður leyfa, en að sjálfsögðu ganga reglulegir iðnnemar fyrir.

32. gr.

Meisturum í iðnaði er skylt að tilkynna skólastjóra, þegar þeir gera samning við nýja lærlinga, og senda þá til innritunar og skólanáms næst þegar byrjunarnám í skólanum er auglýst. Einnig ber þeim að tilkynna, ef nemandi hættir iðnnámi eða getur ekki haldið áfram skólanámi af öðrum ástæðum. Ber skólanum að halda skrá yfir skólaskylda iðnnema samkvæmt þessum tilkynningum.

IV. KAFLI
Skólanám eftir námstímann.
(Meistaraskólinn.)

33. gr.

Fyrir iðnaðarmenn, sem lokið hafa iðnnámi og iðnskólaprófi, skal koma á framhaldsfræðslu, jafnskjótt og tök eru á, sem reglulegum framhaldsskóla og námskeiðum. Kennsluna má miða við einstaka iðngrein eða flokk af skyldum iðnum, og má kenna að kvöldi til eða á daginn, eftir ástæðum.

34. gr.

Kennslan er bæði bókleg og verkleg. Í bóklegum fræðum skal kenna íslenzku, reikning, teikningu, efna- og efnisfræði, kostnaðarreikning og bókfærslu. Einnig má kenna helztu atriði hagfræði og iðnlöggjafarlandmælingar, hjálp í viðlögum og 1 eða 2 útlend mál.

35. gr.

Kenna skal verklega í tilraunastofum og námskeiðum. Skal einkum kenna sérstakar vinnuaðferðir og meðferð véla, verkfæra, áhalda og efnis. Fræðilegar skýringar ber að gefa samhliða kennslunni.

36. gr.

Stutt námskeið, bæði verkleg og bókleg í einstökum námsgreinum, eru ætluð þeim, er vilja afla sér aukinnar fræðslu í ákveðnum greinum. Próf eru ekki haldin að loknum þessum námskeiðum, en vottorð gefin um þátttöku í þeim.

37. gr.

Hinn reglulegi framhaldsskóli er ætlaður þeim, er vilja búa sig undir meistarapróf eða formannsstörf. Hann er eins árs dagskóli með 44 stunda vikukennslu í 7—8 mánuði, eða 3 ára kvöldskóli með 15 stunda kennslu á viku í 7—8 mánuði á ári. Þó má, er sérstakar ástæður þykja til, lengja skólann um allt að helmingi fyrir vissar iðngreinir. Að námi loknu skal haldið burtfararpróf og þeim, er standast prófið, afhent burtfararskírteini frá skólanum. Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um inntökuskilyrði í skólann og námsskrá og prófkröfur við hann.

38. gr.

Framhaldsskóla og námskeið má halda í lærlingaskólunum, þar sem því verður við komið, eða í sérstökum skólum. Sé framhaldsskóli í lærlingaskóla, skal skólastjóri hans hafa einn fjórða af launum sínum til viðbótar sem þóknun fyrir stjórn framhaldsskólans. Sama gildir, ef forskóli er í lærlingaskóla, að þá fær skólastjóri tilsvarandi launauppbót.

39. gr.

Lög þessi öðlast gildi þann 1. júlí 1941 og koma til framkvæmda 1. október næst á eftir.

Greinargerð.

Frv. þetta barst nefndinni svo seint, að litlar líkur voru taldar til að það mundi ná fram að ganga á þessu þingi. Nefndin telur þó rétt, að það komi fram, en nefndarmenn áskilja sér að öllu leyti óbundnar hendur um einstök atriði frv., — Frumvarpið er sent nefndinni frá Landssambandi iðnaðarmanna, og fylgdu því svo hljóðandi skýringar:

Landssamband iðnaðarmanna hefur á undanförnum árum, bæði á iðnþingunum og utan þeirra, haft til meðferðar, hvernig bezt yrði komið fyrir skipun iðnfræðslunnar hér á landi. Er þar við ýmsa örðugleika að etja, eins og við er að búast, í jafnstóru og strjálbýlu landi og vegna hinnar hröðu, en að sumu leyti óvissu þróunar, sem iðnaðarstarfsemin hér er nú í. Engin lög eða reglur hafa hingað til verið sett um skólahald hér á þessu sviði, og má þó ekki seinna vera, eins stór þáttur og iðnaðurinn er nú orðinn í atvinnulífi þjóðarinnar, og því mikilsvert, að iðnaðarmenn fái sæmilegan undirbúning undir lífsstarf sitt. Að vísu samþykkti iðnþingið fyrir 8 árum síðan námsskrá fyrir iðnskólana, og hefur verið farið eftir henni í aðalatriðum síðan við alla skólana, sem nú eru 7 starfandi, en önnur almenn ákvæði um störf þeirra eru ekki til.

Við samningu þessa frumvarps hefur verið stuðzt við þá reynslu, sem fengin er bæði hér á landi og á Norðurlöndum yfirleitt um rekstur iðnskóla, en allt miðað við hérlenda staðháttu og þarfir.

Um einstakar greinar frumvarpsins skal þetta tekið fram:

Um 1. gr.: Heitið iðnskóli er hér notað sem sameiginlegt heiti um alla þá skóla, er búa iðju- og iðnaðarmenn undir ákveðin próf eða veita kennslu í fræðilegri tækni sem framhald af venjulegu iðnnámi. Er ekki sjáanlegt, að annað heiti sé hentugra eða heppilegra, frá hvaða sjónarmiði sem málið er skoðað. Ef fleiri en ein gerð skóla er starfrækt í sama húsi, og til aðgreiningar að öðru leyti, eru undirbúningsskólarnir kallaðir forskólar, skólar þeir, sem kenna bókleg fræði og teikningu samhliða iðnnáminu, iðnnámsskólar, og framhaldsskólarnir meistaraskólar. Stutt námskeið verða að sjálfsögðu kennd við þær iðnir, sem þau eru haldin fyrir, eða sitt sérstaka verkefni, og þurfa ekki önnur heiti.

Um 2. gr.: Ætlazt er til þess, að verkleg kennsla verði í forskólunum að

nokkru leyti, í sérskólum einstakra iðna og í tilraunastofum meistaraskólans, auk stuttra verklegra námskeiða, sem sett eru á fót fyrir einstakar iðnir eða starfsgreinir. En allt nám í skólunum þarf að vera í sem nánustu sambandi við hið daglega starf á vinnustöðum atvinnufyrirtækjanna.

Skólarnir eiga að taka við hver af öðrum. Forskólarnir eru reynsluskólar. Iðnnám og iðnnámsskólar taka við af þeim. Próf þaðan eiga að veita aðgang að meistaraskólanum, vélstjóraskólanum, rafmagnsfræðiskólanum og öðrum hliðstæðum skólum.

Um 4. gr.: Í umræðum um fyrirkomulag skólanna hafa sterkar raddir komið fram um það, að réttast sé, að ríkið kosti þá að öllu leyti eins og aðra sérskóla, og beri því að afhenda ríkinu þá skóla, sem þegar eru til. Á þessa skoðun getum við ekki fallizt. Sveitarfélögin hér, kaupstaði og kauptún skiptir það miklu, að atvinnulíf þeirra þróist og blómgist, og þá iðnaður og iðja ekki síður en annað. Þeim ber því að taka sinn þátt í uppeldi og fræðslu hinnar uppvaxandi iðnaðarstéttar. Á hinn bóginn er umsjón og framkvæmd þessara mála bezt komin í höndum iðnaðarmanna sjálfra og trúnaðarmanna þeirra, og því rétt, að þeir eigi þátt í stofnun skólanna og rekstri. En með þessu móti getur enginn aðilanna út af fyrir sig átt skólana, og fer því bezt á því, að þeir séu sjálfseignarstofnun, er sé reist og rekin með ákveðnu framlagi frá þessum þremur aðilum. Á hinn bóginn virðist ekki ástæða til þess að meina einstökum iðnfélögum, fyrirtækjum eða stofnunum að stofna og reka sína eigin skóla, en ekki virðist rétt, að slíkir skólar fái opinbera viðurkenningu og styrk, nema þeir séu háðir opinberu eftirliti og starfi samkvæmt anda og ákvæðum þessara laga.

Rétt virðist að heimila fámennum kauptúnum að hafa félag við nærliggjandi sveitir og kauptún um stofnun og rekstur iðnskóla.

Um 5. gr.: Þessi skipting stofn- og rekstrarkostnaðar skólanna byggist á sömu athugun og getur um í 4. gr. Athugað hefur verið, hvort unnt væri að miða ríkisstyrkinn við fjölda nemendastunda hvers skóla eins og í Danmörku, en það myndi lækka styrkinn til hinna smærri skóla úti um land niður úr því, sem nú er, eða hækka hina um skör fram. Sú leið hefur því ekki þótt fær. Vorið 1939 var safnað skýrslum um nemendafjölda og kostnað við iðnskólana árin 1934—1939. Árin 1934—1936 voru iðnskólar starfandi í Reykjavík, Hafnarfirði, Vestmannaeyjum, Akureyri og Ísafirði, árið 1936 bættust við skólar á Akranesi, Siglufirði og Eyrarbakka, og í Keflavík starfaði skóli veturna 1935—'36 og 1936—'37. Í eftirfarandi yfirliti er Keflavíkurskólinn ekki talinn með, og á Eyrarbakka var kennt 2 mánuði í dagskóla í stað kvöldskóla allan veturinn. Hefur það reynzt hentugra, því um miðjan veturinn hefur verið lítið að gera fyrir meistarana og nemendur þeirra, en erfitt að smala nemendum saman úr tveim sýslum (Árnes- og Rangárvalla), nema þeir séu um kyrrt á skólastaðnum og héldu sig þá alveg að skólanáminu á meðan. Sá skóli er því ekki talinn með, þar sem getur um fjölda kennslustunda. Skólinn á Ísafirði sendi ekki rekstrarreikninga og er því ekki með í yfirliti um kostnað og styrki, og Reykjavík er tekin sér. Fjárhagsyfirlitið nær því aðeins yfir 3 skóla 2 fyrstu árin og 5 þrjú þau síðari.

I. Iðnskólar utan Reykjavíkur.

Ár	1934–5	1935–6	1936–7	1937–8	1938–9	Aths.
Tala iðnnema	96	85	127	128	115	Í 7 skólum seinni ár.
Tala annarra nemenda	133	92	115	141	143	Í 5 skólum seinni ár.
Kennsluvikur	22	22	22	22	22	Meðaltal 6 skóla.
Kennarar	27	24	38	35	39	Samtals í 4—6 skólum.
Rekstrarkostnaður ..	13500	13500	16500	18500	18500	Samtals í 3—5 skólum.
Ríkisstyrkur	4550	5150	5900	7100	7400	
Bæjarstyrkur	2950	2550	3250	3150	3450	
Skólagjöld á nem. ...	60	60	70	70	70	Meðaltal 5 skóla.

II. Iðnskólinn í Reykjavík.

Ár	1934—5	1935—6	1936 7	1937—8	1938—9	Aths.
Tala iðnnema	200	216	223	203	213	
Tala annarra nemenda	2	2	6	5	4	
Kennsluvikur	28	28	28	28	28	Próftímar meðtaldir.
Kennarar	16	18	20	20	21	
Rekstrarkostn. alls ..	31000	33000	28000	29000	33000	Húsaleiga meðtalin.
Ríkisstyrkur	6500	6500	6500	6500	6500	
Bæjarstyrkur	4000	4000	5000	6000	10000	
Skólagjald á nem. ...	76	75	70	70	79	Meðaltal.
Kennaralaun	18810	19010	18670	18030	19250	Skólastj. meðtalinn.
Viðhald og endurbót húss og áhalda ..	2405	5322	2143	4580	3390	
Annar rekstrarkostn. .	4140	6082	4052	5013	6660	Án húsaleigu.

Í öðrum kostnaði er meðtalið hiti og ljós, ræsting, prentun, pappír, sími, auglýsingar, opinber gjöld af húsinu, vátryggingar o. fl. Ef tekið er meðaltal þessara 5 ára, sést, að samkvæmt tillögum frumvarpsins hefðu ríki og bær átt að greiða að meðaltali rúmar 11000 kr. í styrk til skólans hvert ár, en annar kostnaður, sem yrði að fást með skólagjöldum nemenda, er að meðaltali um 5200 kr., eða tæpur helmingur á móti styrk hvors opinbers aðila. Ef leigja þyrfti húsnæði handa skólunum, yrði styrkur þess opinbera þeim mun hærri sem húsaleigunni næmi, að frádregnum opinberum gjöldum og viðhaldi hússins. Ef sömu hlutföll eru talin eiga við fyrir skóla utan Reykjavíkur, verður meðaltal af árlegum kostnaði hvors aðila, ríkis og bæjarfélaga, vegna rekstrar iðnskólanna um 20000 krónur, í stað 15000 nú, og er þá húsaleiga reiknuð með við alla skólana. (Heildarkostnaður öll 5 árin um 240000, eiginn kostnaður 40000.)

Um 7. gr.: Hið verklega starf í atvinnulífi þjóðarinnar þróast að sjálfsögðu eftir því, sem aukin þekking og viðskiptalífið heimtar, og er því nauðsynlegt og sjálfsagt, að fræðslu hinna ungu iðnaðarmanna verði hagað eftir því og í nánu samstarfi við þær atvinnugreinar, er fræðslunnar eiga að njóta.

Í kvöldskólanum er ekki gert ráð fyrir öðrum verklegum æfingum en teikningum, en í sérskólum, forskólum og meistaraskólanum verður að sjálfsögðu um verklega kennslu á ýmsum sviðum að ræða.

Ekki virðist unnt að gera þær kröfur um undirbúningsnám undir inntöku í kvöldskólana, að nemendurnir hafi þá kunnáttu í íslenzku og reikningi við inngöngu í skólann, að hún geti talizt nægileg eða viðunandi fyrir þá sem starfandi og útlærða iðnaðarmenn. Verður því óhjákvæmilegt að kenna þær námsgreinar í gegnum alla skólana. Allmikil reikningskunnátta er öllum iðnaðarmönnum nauðsynleg, og því meiri, sem þeir hafa ábyrgðarmeiri störf með höndum, og mjög léleg frammistaða í íslenzku er þeim ekki sæmandi.

Um 8. gr.: Vegna samræmis í starfi hinna ýmsu skóla verður að teljast æskilegt, að kennslubækur og áhöld séu eins eða svipað við alla skólana, og sé því heimilt að löggilda áhöld og kennslubækur í því skyni.

Um 9. gr.: Á burtfararskírteini skóla er ekki unnt, samræmis vegna, að tilgreina aðrar prófeinkunnir en þær, sem gefnar eru fyrir prófraun annaðhvort í skólanum sjálfum eða alveg hliðstæðum skólum með sömu prófkröfur.

Um 10. gr.: Það er mikill hemill á starfsemi skóla og starfsauki fyrir skólastjórann að hafa enga fasta kennara. Að vísu verður því ekki við komið við aðra iðnskóla en þá stærstu að hafa fasta kennara, vegna þess hve kennslustundir í hverri grein verða fáar, en sjálfsagt virðist að ráða fasta kennara við þá skóla, sem að jafnaði hafa um 30 vikustundir í þeim námsgreinum, sem einn kennari getur kennt, ef skólinn starfar ekki skemur en 6 mánuði ársins.

Um 11. gr.: Fullnaðarpróf þýðir hér kennarapróf í bóklegum fræðum og meistarapróf eða hærra tekniskt próf fyrir kennara í teikningu og verklegum greinum. Sanngjarnt virðist að gera þá undantekningu, sem í greininni er gerð um þá, er lengi hafa kennt einhverja námsgrein og getið sér gott orð sem kennarar.

Um 13. gr.: Ef nemendatalan í kvöldskóla er neðan við 100, er skólastjórastarfið ekki fullt starf. Skólastjórinn má aldrei kenna svo mikið, að hann hafi ekki 1—2 tíma lausa á hverjum degi á kennslutíma skólans, til viðtals við kennara og nemendur. Í kvöldskóla, þar sem kennt er tvo tíma á kvöldi, og skólinn starfar í 4 bekkjum, ætti skólastjórinn ekki að kenna meira en 1 tíma á dag. Hann getur því ekki gert skólastjórastarfið að fullu starfi með aukinni kennslu. Á hinn bóginn eru litlar líkur til þess, að skóli með 50—100 nemendum geti haft nokkurn fastan kennara, og verður þá skólastjórastarfið það mikið, að rétt er að launa það svo, að í það fáist sæmilegir menn.

Um 16. gr.: Nauðsynlegt er, að fastir kennarar við iðnskólana, bæði í verklegum og bóklegum kennslugreinum, geti farið utan öðru hverju til þess að kynnast þróun síðustu ára í kennslugreinum sínum, og fái bæði frí og styrk til slíkra utanfara. Stundakennarar skólanna verða aftur á móti að fylgjast með þessari þróun í starfi þeirra, þar sem þeir hafa sitt aðalstarf eða fasta stöðu.

Um 18. og 19. gr.: Eins og að framan getur, þá hefur hingað til að mestu verið farið eftir námsskrá þeirri, er samþykkt var á iðnþinginu 1933, en engu að síður hefur þó verið nokkurt misræmi í því, hvað skólarnir hafa kennt og hve miklar kröfur hafa verið gerðar í hverri námsgrein. Þetta þarf að samræma eftir því, sem unnt er, og þarf til þess einhverja miðstöð, sem hefur vald og kunnáttu til. Auk þess verður óhjákvæmilegt fyrir ríkisstjórn og Alþingi að hafa einhvern kunnugan mann til ráðuneytis um þessi mál, og hinir smærri skólar þurfa ráða og aðstoðar um margt í starfi þeirra, og þurfa þá að geta snúið sér til einhvers, er þekkir vel til iðnfræðslumálanna og hefur yfirlit yfir þau. Starf umsjónarmannsins er þó ekki það mikið, að það þurfi að vera aðalstarf mannsins, og er því rétt að heimila ráðherra að semja við hann um þóknun fyrir það.

Um 20. gr.: Í lögum um iðnaðarnám er heimilað að skipa eftirlitsmann með sveinsprófum. Þetta hefur ekki komið til framkvæmda enn þá, og virðist hagkvæmt, að umsjónarmaður skólanna hefði það með höndum eftir því, sem þurfa þykir.

Um 21. gr.: Þótt skólarnir verði að mestu kostaðir af opinberu fé, og þeir aðilar, ríki og sveitarfélög, sem það gera, verði að sjálfsögðu að hafa fulltrúa í stjórn skólanna, þá munu flestir geta fallizt á, að heppilegast sé, að meiri hluti skólastjórnar sé valinn af iðnaðarmönnum sjálfum án tillits til stjórnmálaskoðana. Er nauðsynlegt, að meiri hluti skólanefndar sé menn, sem hafa þekkingu á þeim kröfum, sem til skólanna ber að gera, og fylgjast með í þróun iðnaðar og iðnfræðslu.

Um 22. gr.: Í Noregi og Danmörku er gert ráð fyrir því, að skólastjóri sé sjálfkjörinn í skólastjórnina. Hér er gert ráð fyrir, að það sé óbundið.

Um 25—28. gr.: Frá barnaskólunum koma unglingar svo misjafnlega undirbúnir, að það hefur tafið skólastarfið stórlega að taka þá beint úr barnaskólunum inn í iðnskólana. Er því óhjákvæmilegt að þeir, sem síðri eru að undirbúningi, eigi þess einhvern kost að búa sig undir skólann. Oftast nær er óþarft að eyða heilum vetri í þann undirbúning, og nægir venjulega 1—2 mánuðir, sem þá er heppilegast að hafa í sambandi við sjálfa iðnskólana.

Hingað til hefur frændsemi og kunningsskapur ráðið vali iðnnema í iðngreinirnar, en ekki áhugi eða hegurð unglinganna. Árangurinn hefur ekki ávallt farið að óskum og því miður oft orðið sá, að full nauðsyn virðist til, að á því verði nokkur breyting. Það þarf að athuga áhuga og iðnhæfni unglinganna á sem flestum sviðum, og eru verklegir forskólar langheppilegasta leiðin til þess. Auk þess hafa þessir forskólar þann kost, að veita unglingum, sem ekkert hafa að gera, atvinnu og að halda þeim frá götulífi, sem getur verið þeim misjafnlega hollt.

Rétt er að þeir, sem reynast vel í forskólunum og læra þar undirstöðuatriði einhverrar iðnar, fái námstímann styttan sem því nemur.

Um 29.—32. gr.: Hér er gert ráð fyrir sömu námsgreinum og tilskildar eru í námsskrá iðnþingsins frá 1933. Stundafjöldinn á viku er nokkuð mismunandi eftir bekkjum, og skólatíminn getur verið mismunandi eftir staðháttum og iðnum. Í verstöðum t. d. verður skólahaldi að vera lokið áður en aðalveiðiannir hefjast.

Lágmark kennslustundanna svarar til 180 stunda á ári, eða 10 stunda kennslu á viku í 18 vikur, en hámarkið til 12 stunda á viku í 25 vikur, og eru þá próf ekki meðtalin.

Um 33.—39. gr.: Þeir framhaldsskólar, sem hér eru til nú fyrir iðnaðarmenn, eru vélstjóraskólinn og rafmagnsdeildin. Í öðrum iðngreinum er enginn skóli hér, og verða því allir, sem vilja afla sér meiri menntunar en kvöldskólinn veitir, að fara utan til framhaldsnáms. Hér er full þörf á aukinni fræðslu fyrir iðnaðarmenn, einkum byggingaiðnaðarmenn, enda farnar að koma fram ákveðnar raddir um það, að ekki fái hér eftir aðrir meistarabréf í byggingaiðnaði en þeir, er lokið hafa meistaraprófi, bæði verklega og bóklega.

Hér er ekki gert ráð fyrir iðnfræðaskóla, 3 ára dagskóla á við iðnfræðaskóla erlendis, heldur eins árs framhaldsskóla. Ættu þeir, er lokið hafa prófi þaðan, að standa betur að vígi sem sjálfstæðir atvinnurekendur en hinir, sem venjulega vantar þekkingu í ýmsu því, er nauðsynlegt er að vita til þess að geta stjórnað atvinnurekstri svo vel fari.

Framhaldsskóli og forskóli mundu auka mjög á starf skólastjóra kvöldskólans, og er því sanngjarnt, að hann fái aukaþóknun fyrir.

Ed. 629. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 64 23. júní 1932, um kirkjugarða.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta og samþykkir að mæla með því óbreyttu.

Alþingi, 24. maí 1941.

Jónas Jónsson, form.	Árni Jónsson, fundaskr.	Sigurjón Á. Ólafsson, frsm.

Ed. 630. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 16. maí 1907, um skipun sóknarnefnda og héraðsnefnda.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin mælir með frv. óbreyttu.

Alþingi, 24. maí 1941.

Jónas Jónsson, form., frsm.	Árni Jónsson, fundaskr.	Sigurjón Á. Ólafsson.

Ed. 631. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 30. júlí 1909, um sóknargjöld.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta og mælir með því óbreyttu.

Alþingi, 24. maí 1941.

Jónas Jónsson, form.	Árni Jónsson, fundaskr., frsm.	Sigurjón Á. Ólafsson.

Nd. 632. Breytingartillaga

við breytingartillögu á þskj. 620 [Bifreiðaskattur o. fl.].

Frá Sveinbirni Högnasyni og Helga Jónassyni.

Framan við orðin „Hvítá hjá Iðu í Árnessýslu“ komi: Hólsá hjá Unhól í Rangárvallasýslu.

Ed. 633. Breytingartillögur

við frumv. til l. um varnir gegn útbreiðslu nokkurra næmra sauðfjársjúkdóma og stuðning til bænda, er bíða tjón af þeim.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 10. gr. Aftan við 1. málsgr. greinarinnar bætist: sbr. 26. gr.
2. Við 26. gr. Byrjun greinarinnar orðist svo:
   Allur kostnaður við girðingar og vörzlur, sem um ræðir í 8.—11. gr. og viðkomandi héruðum er ekki gert að standa straum af, greiðist úr ríkissjóði. Ríkissjóður fær síðan $^{2}/_{5}$ hluta kostnaðarins endurgreiddan, og sé því gjaldi jafnað niður á alla sauðfjáreigendur á ósýktum svæðum. Landbúnaðarráðuneytið o. s. frv.

Nd. 634. Frumvarp til laga

um varnir gegn útbreiðslu nokkurra næmra sauðfjársjúkdóma og stuðning til bænda, er bíða tjón af þeim.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

Samhljóða þskj. 612 með þessum breytingum:

10. gr. hljóðar svo:

Nauðsynleg varzla, að dómi nefndarinnar, með varðlínum þeim, er um ræðir í 8. gr. og 9. gr. 1. málsgr., greiðist úr ríkissjóði, sömuleiðis viðhald girðinga, meðan þeirra er þörf til varnar útbreiðslu sjúkdóma, er lög þessi ná til, sbr. 26. gr.

Telji framkvæmdanefndin ekki þörf að viðhalda girðingu á aukavarðlínu, má hún því aðeins taka hana upp, að bændur í hlutaðeigandi byggðarlagi vilji ekki kaupa hana fyrir hæfilegt verð, að dómi nefndarinnar, eða eftir mati.

26. gr. hljóðar svo:

Allur kostnaður við girðingar og vörzlur, sem um ræðir í 8.—11. gr. og viðkomandi héruðum er ekki gert að standa straum af, greiðist úr ríkissjóði. Ríkissjóður fær síðan $^{2}/_{5}$ hluta kostnaðarins endurgreiddan, og sé því gjaldi jafnað niður á alla sauðfjáreigendur á ósýktum svæðum. Landbúnaðarráðuneytið jafnar gjaldi þessu árlega niður eftir síðasta fjárframtali á þau sýslufélög eða hluta úr þeim, er þátt taka í greiðslunni, en þó ekki hærri fjárhæð á ári hverju en sem svarar 10 aur. á kind. Sýslumenn jafna gjaldinu milli hreppa eftir sömu reglu og innheimta það með sýslusjóðsgjöldum.

Nú lætur framkvæmdanefnd rannsaka sauðfé í öryggisskyni á svæði, er reynist ósýkt, og skulu bændur þar undanþegnir 10 aura gjaldi það ár, er rannsóknin fer fram, enda hafi sveitarstjórnin kostað mann við rannsóknirnar.

Ed. 635. Lög

um húsmæðrafræðslu í kaupstöðum.

(Afgreidd frá Ed. 24. maí).

Samhljóða þskj. 374.

Ed. 636. Lög

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Reykjarhól í Seyluhreppi í Skagafjarðarsýslu, ásamt nýbýlinu Varmahlíð.

(Afgreidd frá Ed. 24. maí).

Samhljóða þskj. 210.

Nd. 637. Lög

um breyting á lögum nr. 60 11. júní 1938, um húsmæðrafræðslu í sveitum.

(Afgreidd frá Nd. 24. maí).

Samhljóða þskj. 51.

Sþ. 638. Breytingartillögur

við frumv. til fjárlaga fyrir árið 1942 og við brtt. á þskj. 594 og 619.

I. Frá *atvinnumálaráðherra.*

Við 3. gr. A. Sundurliðun. 2. Landssíminn. II. 1. Aths. á eftir:

Verði verulegur tekjuafgangur af rekstri landssímans á árunum 1941 og 1942 umfram það, sem fjárlög gera ráð fyrir, heimilast ríkisstjórninni að leggja til hliðar hæfilega upphæð til bætts viðhalds og annarra símaframkvæmda síðar.

II. Frá *Bergi Jónssyni, Vilmundi Jónssyni* og *Jóhanni Jósefssyni.*

Við 13. gr. A. II. a. 20. (Kollabúðaheiðarvegur).

Fyrir „5000“ kemur 15000

III. Frá *Einari Árnasyni, Bernharð Stefánssyni, Pálma Hannessyni, Steingrimi Steinþórssyni, Garðari Þorsteinssyni* og *Erlendi Þorsteinssyni.*
Við 13. gr. A. II. a. 49. Liðurinn orðist þannig:
Siglufjarðarskarð, 1. greiðsla af 5 100000

IV. Frá *Jóni Ívarssyni.*
Við 13. gr. A. II. a. 85. (Öræfavegur).
Fyrir „3000“ kemur 4000

V. Frá *Jóhanni Jósefssyni.*
Við 13. gr. A. II. c. 9. (Vestmannaeyjavegir).
Fyrir „3000“ kemur 6000

VI. Frá *Bergi Jónssyni, Vilmundi Jónssyni* og *Jóhanni Jósefssyni.*
Við 13. gr. A. II. c. 15. (Kollabúðaheiðarvegur).
Fyrir „10000“ kemur 20000

VII. Frá *Jóni Ívarssyni.*
1. Við brtt. 619, IV. (Við 13. gr. A. III. Brúargerðir).
Við aths. bætist: og 20000 kr. til brúar á Heinabergsvötn í Austur-Skaftafellssýslu.
2. Við 13. gr. C. VIII. 11. (Hafnargerð í Hornafirði).
Fyrir „10000“ kemur 20000
Til vara 15000

VIII. Frá *Jóhanni Jósefssyni.*
Við 15. gr. 7. h. (Vestmannaeyjabókasafn).
Fyrir „1000“ kemur 2500

IX. Frá *Bjarna Ásgeirssyni, Árna Jónssyni* og *Vilmundi Jónssyni.*
Við 15. gr. 38. Nýr liður:
Til handíðaskólans 10000
Til vara 7500

X. Frá *Steingrimi Steinþórssyni* og *Bjarna Ásgeirssyni.*
Við brtt. 619, XVI. (Við 16. gr. 4. Nýbýli og samvinnubyggðir).
Fyrir „250000“ kemur 500000

XI. Frá *atvinnumálaráðherra.*
Við 16. gr. 12. Nýr liður:
Til byggingar sjómannaskóla, 1. greiðsla 500000

XII. Frá *Gísla Guðmundssyni.*
Við 16. gr. 16. c. Nýr stafliður.
Til vegabóta í Ásbyrgi 800

XIII. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 16. gr. 19.—22. Liðirnir verða einn töluliður svo hljóðandi:
Til fyrirhleðslna:
a. Á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts 70000
b. Í Virkisá í Öræfum 3500
c. Í Steinavötnum við Kálfafell 2000
d. Í Hjaltadalsá 5000
e. Í Norðfjarðará 4000
f. Í Kaldaklifsá 3500 88000
Fjárveitingarnar eru bundnar því skilyrði, að ráðherra samþykki undirbúning og framkvæmd verksins.

XIV. Frá *Bjarna Ásgeirssyni.*
Við 18. gr. II. a. 9. Nýr liður:
Ingólfur Gíslason, fyrrv. héraðslæknir 1000

XV. Frá *Jóhanni Jósefssyni.*
Við 18. gr. II. k. 23. (Guðlaugur Hansson).
Fyrir „200“ kemur 300

XVI. Frá *Árna Jónssyni* og *Bernharð Stefánssyni.*
Við 18. gr. II. k. 61. (Marta Þórarinsdóttir).
Fyrir „500“ kemur 800

XVII. Frá *Bjarna Ásgeirssyni.*
Við 22. gr. VI. Nýr liður:
Að greiða frú Fríðu Einarsson, kjördóttur Guðmundar Magnússonar prófessors, 2000 kr. styrk.

XVIII. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 22. gr. VIII. Nýr liður:
Að greiða stofnkostnað fyrir héraðsskólana í samræmi við ákvæði héraðsskólalaganna og niðurstöður nefndar þeirrar, sem metið hefur stofnkostnað skólanna.

XIX. Frá *Finni Jónssyni* og *Sigurði E. Hlíðar.*
Viðaukatillaga við brtt. XVIII næst hér á undan:
Aftan við till. bætist: Enn fremur að greiða stofnkostnað og styrk til húsmæðraskóla samkvæmt lögum um húsmæðrafræðslu í kaupstöðum.

XX. Frá *Bjarna Bjarnasyni* og *Jörundi Brynjólfssyni.*
Við 22. gr. XIV. Nýr liður:
Að ábyrgjast fyrir Eyrarbakka-, Stokkseyrar- og Sandvíkurhrepp samtals allt að 720 þús. kr. lán til rafveitu frá Sogsvirkjuninni til ofangreindra hreppa, þó ekki yfir ⅘ kostnaðarins.

XXI. Frá *Einari Árnasyni.*
Við brtt. 594, 43. (Nýr liður við 22. gr. XIV. Jón Engilberts).
Brtt. orðist þannig:
Að veita Jóni Engilberts listmálara 15000 kr. lán úr ríkissjóði til húsbyggingar og Eggert Guðmundssyni listmálara 10000 kr. lán í sama skyni.

XXII. Frá *Jóhanni Jósefssyni.*
Við 22. gr. XV. Nýr liður:
Að verja nokkru af tekjum umboðsins til varnar landbroti af völdum sjávar á Vestmannaeyjajörðum. Verkið sé unnið í samráði við Búnaðarfélag Íslands.

XXIII. Frá *atvinnumálaráðherra.*
Við 22. gr. XX. Nýr liður:
Að verja úr ríkissjóði allt að 50 þús. kr. til þess að styrkja þá útgerðarmenn, er misst hafa báta sína frá ófriðarbyrjun, til þess að byggja nýja báta, þó ekki yfir 20% af byggingarkostnaði.

XXIV. Frá *Jakob Möller.*
Við 22. gr. XX. Nýr liður:
Að greiða Gústaf A. Sveinssyni allt að 2000 kr. fyrir samningu efnisyfirlits yfirréttardóma, enda takist samningur um útgáfu verksins.

Ed. 639. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 37 12. febr. 1940, um stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
1. gr. laga nr. 37 12. febr. 1940, um stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna, orðist þannig:
Stofna skal vátryggingarfélag, sem heitir stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna, og er hlutverk þess að tryggja gegn dauða og örorku af völdum stríðs-

slysa skipshafnir á þeim íslenzkum skipum eða skipum í íslenzkri þjónustu, sem slíka tryggingu þurfa að kaupa.

Með stríðsslysum er átt við öll slys, sem verða beinlínis af völdum styrjaldar eða borgaraóeirða, þar sem vopnum er beitt. Ef styrjaldaraðgerðir eru aðeins meðvaldandi að slysinu, má lækka skaðabætur um þriðjung eða tvo þriðju hluta, eða fella þær alveg niður, eftir því hve mikinn þátt aðrar orsakir teljast eiga í slysinu.

Trygging samkvæmt lögum þessum tekur einnig til þess, er skipshöfn ferst með skipi, sem týnist án þess að til spyrjist, hversu týnzt hefur. Þó má lækka skaðabætur eða fella þær niður með öllu á sama hátt og fyrr greinir, eftir því hve miklar líkur eru fyrir því, að skipið hafi farizt af öðrum orsökum en styrjaldaraðgerðum, nema sérstaklega hafi verið um samið milli útgerðarmanns og stríðstryggingafélagsins, að félagið taki fulla áhættu gegn ákveðnu viðbótariðgjaldi.

Takmörkun þessi tekur ekki til skipshafna skipa, sem eru í millilandasiglingum.

2. Á eftir 1. gr. kemur ný grein, svo hljóðandi:
   Aftan við 6. gr. laganna bætist: og hvíla sem lögveð á skipinu.

Nd. 640. Breytingartillögur

við frv. til l. um innheimtu tekjuskatts og eignarskatts af vaxtafé verðbréfa og skuldabréfa.

Frá Skúla Guðmundssyni.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Til vaxtafjár samkvæmt lögum þessum teljast opinber verðbréf, þ. e. bankavaxtabréf, ríkisskuldabréf, skuldabréf bæjar- og sveitarsjóða og stofnana þeirra og önnur slík verðbréf, útgefin af opinberum stofnunum eða fyrirtækjum.
   Um ákvörðun vaxtatekna af ofangreindum eignum fer eftir ákvæðum laga um tekjuskatt og eignarskatt.
2. Við 3. gr. Upphaf 2. málsgr. orðist svo:
   Opinberar stofnanir og fyrirtæki, sem hafa gefið út verðbréf, er um ræðir í 2. gr., skulu o. s. frv.
3. Við 4. gr. Við greinina bætist:
   Skatturinn fellur í gjalddaga, þegar vaxtagreiðsla fer fram.
4. 5. gr. falli niður.
5. Við 6. gr.
   a. 1. málsgr. orðist svo:
      Vaxtagreiðandi skal halda eftir vaxtaskatti. Gildir þetta um allar lánsstofnanir og stofnanir, sem hafa gefið út opinber verðbréf. Skal vaxtagreiðandi standa skil á skattinum til viðkomandi skattheimtumanns samkvæmt 7. gr. innan eins mánaðar frá gjalddaga skattsins, og skal hann láta fylgja greinargerð um, hvernig skatturinn er reiknaður. Vaxtagreiðandi afhendir móttakanda vaxtakvittun fyrir skattgreiðslunni.
   b. Síðasta málsgr. falli niður.
6. Við fyrirsögn frv. Orðin „og skuldabréfa“ í fyrirsögn frv. falli niður.

Ed. 641. Nefndarálit

um frv. til l. um sölu á spildu úr Neslandi í Selvogi.

Frá öðrum minni hluta landbúnaðarnefndar.

Við Þorsteinn Þorsteinsson höfum ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Hann leggur til, að frumvarpinu sé breytt þannig, að salan verði því aðeins heimil, að tveir óvilhallir menn mæli með henni. Stafar þetta af því, að hann vill ekki gera upp á milli þeirra, er telja, að sandgræðslumálum Selvogsmanna stafi af því engin hætta, þó að þetta land gangi undan sandgræðslunni og verði þrautbeitt, og hinna, sem telja, að sé þetta land selt, þá sé ekki einungis sandgræðslumálum í Selvogi stórspillt, heldur sé með sölunni, ef framkvæmd yrði, sandgræðslumálum landsins teflt í hættu, og tvísýnt, hvort hún getur haldið áfram í því formi, sem hún er í nú.

Ég legg til, að frumvarpið sé fellt. Byggist sú tillaga á því, að ég legg meira upp úr áliti ábyrgs, opinbers starfsmanns ríkisins, sem hefur sérþekkingu á sandgræðslumálum og margra ára reynslu að baki, en manna, sem ýmist eru lítt kunnir staðháttum eða telja sig í bili hafa augnablikshagnað af sölunni og engir hafa sérþekkingu á sandgræðslumálum til að bera. Þá tek ég og til greina álit hreppsnefndar, þótt ég leggi minna upp úr því. Bæði álit sandgræðslustjóra og hreppsnefndar er að finna á þskj. 233.

Sandgræðslugirðingin í Selvogi er stærsta sandgræðslugirðing landsins. Innan hennar er allt Þorlákshafnarland, en það er 2713 ha., en auk þess land frá þessum jörðum: Hrauni 753 ha., Vindheimum 691 ha., Litlalandi 391 ha., Hlíðarenda 1127 ha., Nesi 2122 ha.

Þegar girðingin var sett 1935, var meiri hluti þessa lands örfoka, en síðan hefur það gróið nokkuð. Allir landeigendur létu land sitt og tóku að sínum hluta þátt í að friða það, nema Nesbóndinn. Hans land varð að taka eftir mati, og keypti ríkissjóður það eftir samkomulagi við hann fyrir 150 kr. ha. í sandinum og 3000 kr. fyrir beitimissi í fjörunni, en rekarétti heldur jörðin óskertum. Hann fékk því um 6200 kr. fyrir landið. Nú vill hann aftur fá keypta um 500 ha. af þeim 2122, er teknir voru í sandgræðsluna, og þar sem þetta er þríhyrna af landinu, fylgir um helmingur fjörunnar þeim hluta. Þessa ósk sína byggir Nesbóndinn á því, að hann þurfi þetta land til fjárbeitar. Undan því landi, er Nes á nú og notar, er ágæt fjara, og sú, er bezt er talin í Selvogi, og þó hún sé ekki löng, þá er ekki sýnilegt að kunnugra manna sögn, að neitt sjái á henni þau 6 ár, er allt Nesféð hefur gengið í henni. Er því ekki hægt með réttu að halda því fram, að Nes þurfi lengri fjöru fyrir fé sitt. Land Ness er mjög stórt, þar sem það á land allt upp í Geitafell, en þangað er frá sjó nær 7 kílómetrar, og er því landrými nægjanlegt. Hinu verður ekki neitað, að fé þykir gott að krafsa í grænkunni á sandinum á vorin, og sækir þangað kjarnmikinn gróður, sem oft getur komið sér vel fyrir fjármargan bónda að hafa aðgang að í bili, en hve hollt það er fyrir framtíðina og það sjónarmið, sem sandgræðslan er byggð á, er annað mál.

Alþingi það, er nú situr og ákveða á, hvort það vill láta ráðherra selja land þetta, hefur afgreitt breytingar á sandgræðslulögunum. Allar miðuðu þær í þá átt að herða ákvæði laganna og styðja að því, að hið opinbera ætti hægara með að friða og græða land, sem undirorpið væri uppblæstri. Það væri því næsta hjákátlegt, ef sama Alþingi og samþykkti þessi lög færi að samþykkja þetta frumvarp, sem beint yrði til þess að verka öfugt og rífa niður það, sem ætlazt var til, að hægt yrði að byggja upp eftir hinu frumvarpinu.

Það er þá líka vitað, að af því að samþykkja þetta frumvarp nú mundi leiða það, að fleiri kæmu á eftir og að margfalt erfiðlegar gengi að fá menn til að friða lönd sín og græða en áður. Getur þó sandgræðslustjóri sagt frá margri glímu sinni við sérhyggjumenn, og hve mjög erfiðlega hefur oft gengið að fá þennan og hinn til að

skilja nauðsyn þess að friða landið, meðan í því hafa verið einhverjar tægjur af grasrótum, sem sauðkindin hefur getað krafsað upp úr sandinum. Illa væri það farið, ef Alþingi gæfi nú þeim mönnum aðstoð sína, er mest hafa þversum staðið í allri viðleitni þess opinbera til að friða foksvæðin og gera landið byggilegra.

Í raun og veru má segja, að alþingismenn sýni með atkvæði sínu um þetta frumvarp aðstöðu sína til þess, hvort meira beri að meta augnablikshag — í þessu tilfelli vorbeit í sandinn — eða hag framtíðarinnar. Allir vita, að til eru menn, sem ekki hugsa um hag komandi tíma, heldur hitt, að hafa sem mest not augnabliksins. Þeir menn vilja vitanlega láta nota sandinn meðan nokkur grastægja er þar til. Hinir, sem skilja, að eftir því sem þjóðinni fjölgar, þarf landið að verða fjórra, og vilja styðja að því, að svo geti orðið, vilja láta vernda leifarnar af gróðrinum, sem eru í sandinum, til þess að hann að nokkrum árum eða kannske áratugum geti skapað undirstöðu fyrir meiri búskap og blómlegri en nú er, vilja láta friða sandinn, græða landið, og þeir geta ekki verið með frumvarpinu.

Málið er því prófmál alþingismanna, og þeir sýna með atkvæði sínu, hvort þeir meta meira, hag framtíðarinnar og þeirra, er landið eiga að byggja, eða augnabliks-hag þeirra, er nú lifa í landinu.

Alþingi, 25. maí 1941.

Páll Zóphóníasson.

Ed. 642. Nefndarálit

um frv. til l. um söngmálastjóra þjóðkirkjunnar.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 26. maí 1941.

Jónas Jónsson, form.	Árni Jónsson, fundaskr., frsm.	Sigurjón Á. Ólafsson.

Ed. 643. Nefndarálit

um frv. til l. um girðingar til varnar gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og heimild til samþykkta um fjárskipti.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta, sem komið er frá neðri deild, og er það að mestu samhljóða frv., er síðasta búnaðarþing samþykkti. Leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr. Síðasta málsgr. orðist svo:
   Girðingar þær, sem hér um ræðir og ekki eru þegar fullgerðar, skulu kostaðar af ríkinu og lagðar þegar sauðfjársjúkdómanefnd telur það nauðsynlegt og fé er veitt til þess í fjárlögum. Sauðfjársjúkdómanefnd skal leita um það samþykkis landbúnaðarráðherra í hvert skipti.

2. Við 4. gr.
   a. Fyrsta málsgr. orðist svo:
      Þegar girðingar þær, sem um ræðir í 2. gr., eru byggðar, ákveður sauðfjársjúkdómanefnd, hvenær þær skuli koma undir lög þessi og falla undan ákvæðum „laga um varnir gegn útbreiðslu nokkurra næmra sauðfjársjúkdóma og stuðning til bænda, er bíða tjón af þeim“, og skal úr því kosta viðhald þeirra og endurbyggingu að ⅔ úr ríkissjóði, en ⅓ úr hlutaðeigandi sýslusjóði. Heimilt er sýslunefndum að leggja sérstakt gjald á búfjáreigendur, miðað við fénaðartölu þeirra, til þess að standast þennan kostnað.
   b. Tvær síðustu málsgreinar falli niður.
3. Við 5. gr. Í stað „mæðiveikinefndar“ á tveim stöðum komi: sauðfjársjúkdómanefndar.
4. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Framkvæmdastjóri sauðfjársjúkdómavarnanna skal hafa á hendi allar framkvæmdir og eftirlit með, að ákvæðum laga þessara sé fylgt, undir stjórn sauðfjársjúkdómanefndar og landbúnaðarráðherra.
5. Við II.—V. kafla. Í stað orðsins „mæðiveikinefnd“ kemur hvarvetna í viðeigandi föllum: sauðfjársjúkdómanefnd.

Alþingi, 26. maí 1941.

Þorst. Þorsteinsson, form., frsm.	Erl. Þorsteinsson, fundaskr.	Páll Zóphóníasson.

Ed. 644. Nefndarálit

um till. til þál. um rannsókn á kostnaði við að gera reiðvegi meðfram helztu akbrautum landsins.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin sendi vegamálastjóra tillöguna til athugunar, og fylgir umsögn hans hér með sem fylgiskjal.

Nefndinni er það ljóst, að þar sem bílaumferð er orðin mjög mikil, er miklum vandkvæðum bundið að ferðast með hesta eftir vegunum, og gildir það jafnt um lausríðandi menn og menn með flutningshesta. Getur því verið full þörf á því, þar sem svo er komið, að unnið sé að undirbúningi þess að koma upp sérstökum hestvegum, og það er það, sem tillagan fer fram á að gert sé.

Hins vegar er á það að líta, að enn er akvegakerfi landsins ekki komið lengra áleiðis en það, að bændur í mörgum héruðum verða að draga allar nauðsynjar sínar að sér og flytja allt frá sér á klyfjahestum. Og meðan svo er, verður nefndin að telja varhugavert að gera nokkuð, sem verulegan kostnað hefur í för með sér, til að leggja hestvegi, enda þó telja megi, að þeirra geti verið þörf. Nefndin telur, að aðgerðir vegamálastjóra hingað til hafi verið hóflegar, og að sýnt sé, að hann hefur fullan skilning á málinu. Þá er nefndinni það einnig ljóst, að mjög víða liggja akbrautirnar um lönd, þar sem illkleift er nema með mjög miklum kostnaði að leggja hestvegi, og ekki réttlætanlegt að leggja þá, meðan akbrautir vantar í stór svæði á landinu.

Þrátt fyrir þetta getur nefndin fallizt á að mæla með því við háttvirta deild að samþykkja tillöguna með breytingu. Er það þá gert í fullu trausti þess, að vegamálaskrifstofan geti án sérstaks kostnaðar framkvæmt slíka rannsókn og að henni

verði stillt í hóf og einungis gerð á þeim stöðum eða meðfram þeim akbrautum, sem bílaumferðin er allra mest á.

Nefndin leggur því til, að á till. verði gerðar þessar

BREYTINGAR:

1. Við tillgr.
   a. Fyrir „reiðvegi“ kemur: hestvegi.
   b. Orðið „öllum“ fellur burt.
2. Við fyrirsögn. Fyrir „reiðvegi“ kemur: hestvegi.

Alþingi, 26. maí 1941.

Páll Zóphóníasson, form., frsm.	Árni Jónsson, fundaskr.	Bernh. Stefánsson, með fyrirvara.

Fylgiskjal.

Um tillögu til þingsályktunar á þskj. 218, um rannsókn á kostnaði við að gera reiðvegi meðfram helztu akbrautum landsins, er samgöngumálanefnd Ed. hefur sent mér til umsagnar, vil ég taka þetta fram:

Það er fyllilega rétt, að akvegirnir eru víða orðnir harðir og óþjálir hestum, enda naumast farandi á hestum um þá, einkum næst stærstu kaupstöðum og kauptúnum, vegna mjög aukinnar umferðar bifreiða hin síðari ár. Alveg sérstaklega á þetta við um akvegina í grennd við Reykjavík, þar sem dagleg bifreiðaumferð er nú nær 2000 inn að Elliðaám, 500—1200 þaðan að Brúarlandi og svipað til Hafnarfjarðar, 500—800 að Rauðhólum, um 200 austur yfir Hellisheiði og yfir Ölfusárbrú, og 100—200 um Kjalarnesveg, en aðeins rúmlega 30 yfir Þjórsárbrú. Næst kemur Akureyri með um 200—500 út Kræklingahlíð og 100—200 um Þelamörk.

Í grennd annarra bæja er bifreiðaumferð miklu minni.

Ber vitanlega í þessu sambandi að gæta þess, að umferð brezkra bifreiða gætir víðast mjög mikið, allt upp í 85—90% á Mosfellssveitarvegi.

Undanfarin ár hefur jafnan verið varið smáupphæð af vegafé til viðhalds reiðvegi næst Reykjavík, og til mála hefur komið að styrkja á sama hátt hestamannafélag í Árnessýslu til þess að gera reiðveg meðfram Flóabraut, sem væri mjög þarft að gera, og frekar en annars staðar, að undanskildu nágrenni Reykjavíkur og Akureyrar, því um Flóann er jafnan nokkur umferð ríðandi manna, en bifreiðaumferð allmikil.

Reiðvegir meðfram akbrautum kosta nokkurt fé, bæði vegna þess, að sums staðar þarf að ræsa vatni frá og mölbera þar, sem votlent er, og sums staðar að flytja girðingar. Tel ég því einnig af þeirri ástæðu ekki rétt að gera ráð fyrir þeim nema þar, sem mest er umferð.

Mér virðist farið of langt í þingsályktunartillögunni, með því að ekki muni ástæða til að leggja vinnu í að gera kostnaðaráætlanir um reiðvegi nema meðfram nokkrum helztu akbrautunum. En vitanlega má, ef tillagan verður samþykkt, gera fyrst athugun um reiðvegi þar, sem helzt væri þörf.

Geir G. Zoëga.

Samgöngumálanefnd efri deildar alþingis, Reykjavík.

Ed. 645. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. um Háskóla Íslands, nr. 21 1. febrúar 1936.

Frá Páli Zóphóníassyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   1. gr. laganna orðist þannig:
   Í Háskóla Íslands eru þessar 6 deildir: guðfræðideild, læknadeild, lagadeild, viðskiptafræðideild, heimspekideild og atvinnudeild.
2. Á eftir 1. gr. komi ný grein, 2. gr., svo hljóðandi:
   Í stað „5“ í 4. gr. laganna komi: 6.
   Greinatala breytist samkvæmt því.
3. Við 2. gr. 2. og 3. efnismgr. falli burt.
4. Við 3. gr. Greinin falli burt.
5. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Próf í heimspekilegum forspjallsvísindum er öllum stúdentum heimilt að ganga undir eftir tveggja missira nám við háskólann, en skylt að hafa lokið því áður en þeir ganga undir fullnaðarpróf.
   Í reglugerð háskólans skulu sett ákvæði um próf, bæði undirbúningspróf og fullnaðarpróf, um námsgreinar þær, er prófa skal í, um einkunnagjafir og hversu háa einkunn þurfi til þess að standast próf, bæði í einstökum prófgreinum og í aðaleinkunn. Skipta má fullnaðarprófi í fleiri hluta.

Ed. 646. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. um Háskóla Íslands, nr. 21 1. febr. 1936.

Frá minni hluta menntamálanefndar.

Nefndin hefur haft tal af allmörgum mönnum, sem ástæða var til að halda, að gætu gefið gagnlegar bendingar um þetta mál. Voru það fyrst hinir tveir föstu starfsmenn viðskiptaháskólans, Steinþór Sigurðsson magister og Gylfi Þ. Gíslason hagfræðingur. Þar næst koma forstöðumaður verzlunarskólans, Vilhjálmur Þ. Gíslason, formaður skólanefndar verzlunarskólans, Sveinn M. Sveinsson, og dr. Oddur Guðjónsson framkvæmdarstjóri verzlunarráðsins, og að síðustu úr háskólaráðinu Alexander Jóhannesson rektor og prófessorarnir Árni Pálsson, Guðmundur Thoroddsen og Ólafur Lárusson. Ræddu þeir allýtarlega um málið, og gáfu athugasemdir þeirra glöggar bendingar um, að málið hefði gott af meiri athugun heldur en orðið var. Þetta hafði þó ekki þau áhrif á meðnefndarmenn mína, þá Árna Jónsson og Sigurjón Ólafsson. Þeir virtust hafa lítinn áhuga fyrir málinu. Töldu þeir sig vera eindregið fylgjandi frv. athugasemdalaust. Þegar svo er tekið á stórum málum, þá er öll nefndarvinna þýðingarlaust form. Með þeim hætti afhendir þingstjórnin valdið yfir málum þjóðarinnar frá sér til óþekktra og ábyrgðarlausra aðila.

Frv. það, sem hér ræðir um, snertir fjögur sundurlaus og algerlega óskyld atriði: Íþróttaskyldu í háskólanum, takmarkanir nemenda í einstökum deildum háskólans, stofnun nýrrar háskóladeildar í hagfræði, og innlimun viðskiptaháskólans í Háskóla Íslands undir breyttu nafni og með gerbreytta aðstöðu. Um allar þessar breytingar er hið sama að segja, að þær benda ekki á, að fyrir forgöngumönnum málsins vaki það, að gera skipulegar endurbætur á háskólanum, heldur er hér stefnt að því að framkvæma óundirbúnar breytingar, án þess að hafa um nokkurt atriðið byggt á fastri undirstöðu.

Um mörg undanfarin ár hefur verið rætt um að takmarka aðgang að vissum deildum háskólans. Reyndum við Magnús heitinn Guðmundsson að hrinda því máli áleiðis 1935, en það strandaði þá á mótstöðu manna, sem stóðu nærri háskólanum og vildu ekki minnka atvinnu- og framfærsluskilyrði stúdenta með því að þrengja inngöngu í deildir háskólans. Hefur málið verið á dagskrá öðru hverju síðan, en aldrei undirbúið eða rannsakað til hlítar, svo sem síðar verða leidd rök að. Íþróttamál háskólans er gersamlega óundirbúið, og er að líkindum látið fylgja hér með í von um að auka frv. fylgi frá íþróttavinum. Stofnun sérnáms í hagfræði er tilraun frá núverandi rektor háskólans til að fjölga deildum í stofnuninni og geta dregið þangað sem flesta námsmenn í hið nýbyggða hús. Sama gildir tilraunina að innlima viðskiptaháskólann, þó að þar með sé gerbreytt upprunalegum tilgangi hans.

Samkvæmt frv. er gert ráð fyrir, að háskólaráð geti ákveðið takmörkun á tölu nýrra nemenda. Eftir skýringum háskólaráðs á fundi menntamálanefndar myndi tæplega beitt takmörkun nema í læknadeild. Sagði rektor, að nú væru um 200 fullnærðir læknar í landinu, og væri ekki þörf fyrir nema 150. Auk þess væru 100 læknastúdentar innritaðir í háskólann. Þar að auki má gera ráð fyrir, að allt að 50 íslenzkir læknakandidatar stundi framhaldsnám utan lands. Nú skyldu menn ætla, að nóg væri af læknum hvar sem er á landinu. En svo er ekki. Svo að segja hvar sem er í dreifbýli hér á landi er vöntun á læknum. Oft standa læknishéruð auð tímunum saman, af því að enginn vill sækja um þau. Ef héraðslæknir ætlar að bregða sér frá, svo sem til þingmennsku, nauðsynlegrar hvíldar eða framhaldsnáms, þá er oft nálega ókleift að fá aðstoðarlækni í hans stað. Meginþorri læknanna sezt að í stærstu kaupstöðunum og rekur þar lækningastarfsemi fyrir eiginn reikning, og sumir reyna að fá störf í öðrum löndum. En sveitir og kauptún eiga að búa við hið mesta harðæri í læknamálefnum. Það leiðir af sjálfu sér, að úr því þjóðin elur sér upp svo marga lækna með ærnum kostnaði, þá verður hún að hafa þeirra not. Sjálfsagðasta og um leið gagnlegasta breyting á löggjöf læknadeildar hefði verið sú, að skylda hvern ungan lækni til að starfa að minnsta kosti eitt ár hjá héraðslækni utan kaupstaðanna, eða sem settur héraðslæknir í læknislausu héraði áður en hann gæti fengið full læknisréttindi. Fátt sýnir betur hið algerða undirbúningsleysi frv. en að þetta atriði skuli ekki vera tekið með, úr því ráðgert er að gera umbót á læknadeild. Helzt er svo að sjá, að þeir læknar, sem nú eru í atvinnu, hafi knúið á um takmörkun lækna, til að fá ekki nýja keppinauta. En um leið og fitjað er upp á kröfu um takmörkun á tölu lækna, þá er gersamlega lagzt undir höfuð að gera á skipun læknamenntunarinnar þá eðlilegu breytingu, að allir ungir læknar verði að starfa nokkra stund að mennt sinni í dreifbýlinu, þar sem þjóðin þarfnast mest aukinnar vinnu frá hálfu þessarar stéttar.

Ef segja má, að mjög skorti á víðsýna athugun um undirbúning á frv. að því er snertir læknamenntun, á hið sama öllu meira við um íþróttamálið. Háskólinn hefur starfað í þrjátíu ár og embættismannaháskólarnir um áratugi þar áður. En um íþróttaaðgerðir virðist ekki hafa verið að ræða frá hálfu þessarar stofnunar fyrr en að litlu leyti í vetur sem leið. Háskólinn á ekkert íþróttahús og hefur enga stund lagt á að koma því upp. Þegar Garður var byggður, var sett í kjallara þess húss lítilfjörlegasta byrjun á leikfimishúsi, sem til er á landinu. Í hinni dýru háskólabyggingu er ekki svo mikið sem eitt steypibað. Þegar það hús var reist, virðist Alexander Jóhannesson ekki hafa munað eftir, að nemendur hefðu líkama. Helzt er svo að sjá sem saman hafi farið í þessu efni fyrirhyggja rektors og íþróttaáhugi nemenda. Ríkisstjórnin lét rektor í té fé til íþróttakennslu í vetur, en aðsóknin var sáralítil. Ríkið hafði í vetur ekki ráð á neinu leikfimishúsi í Reykjavík, en bærinn á tveim smáhýsum við barnaskóla sína. En þau eru bænum svo ófullnægjandi, að barnaskólarnir verða að koma heilum bekkjum fyrir í 10 stundir á dag í eina myndarlega íþróttahúsinu, sem til er í bænum og er eign einstaks manns. Það er þess vegna að kalla má ókleift að koma við stórlega aukinni leikfimi í Reykjavík nú sem stendur, sökum vantandi húsakosts. Rektor háskólans virðist alls ekki hafa sinnt líkamsuppeldi

nemenda í háskólanum fyrr en í vetur sem leið, jafnhliða því að hann var önnum kafinn að koma upp kvikmyndahúsi á vegum háskólans, ekki vegna kennslu- eða uppeldismála, heldur sem fjárbrallsfyrirtæki.

Þar sem svo var lítið um forgöngu í íþróttamáli stúdenta, mætti búast við litlum áhuga hjá þeim sjálfum. Rektor háskólans gaf menntamálanefnd líka í skyn, að aðsókn nemenda að leikfimi og sundi hefði verið í minnsta lagi, eins og sjá má af því, að hann vill með lagaboði geta neytt pilta til æfinga, sem þeir óska ekki eftir sjálfir. Mjög er dregið í efa af mönnum, sem sérstaklega hafa fengizt við þessi mál, hve mikið gagn sé að draga unglinga nauðuga til íþróttaiðkana. Allt er mál þetta furðulegt. Við háskólann starfa margir læknar, og sumir þeirra mjög vel færir. Auk þess eru við háskólann nokkrir aðrir vel færir ráðamenn, sem vafalaust skilja gildi íþrótta. Frá hálfu þessara manna verður að gera hinn nauðsynlega undirbúning. Þeir hafa ágæta aðstöðu til að vekja hjá nemendum réttmætan áhuga fyrir íþróttum, og án þess áhuga verður íþróttamál háskólans aldrei nema kák. Þeir, sem vita, hve mjög stúdentar í beztu háskólum Englands og Ameríku leggja stund á íþróttir, algerlega af frjálsum vilja, hljóta að undrast þá vanrækslu, sem hér virðist um að ræða frá hálfu rektors og þeirra manna annarra við háskólann, sem ber skylda til að leggja með andlegum meðulum grundvöll að heilbrigðu íþróttalífi í stofnun þessari.

En ef rektor hefði viljað freista að auka fylgi nemenda við aukna líkamsmenntun með einhvers konar kúgun, þá þurfti hann ekki að leita til Alþingis um aðstoð. Háskólaráðið gat tekið tillit til íþróttastarfsemi einstakra stúdenta við styrkveitingar.

Þessi þáttur frv. er af framan greindum ástæðum mjög svífandi í lausu lofti. Forráðamenn háskólans hafa á undanförnum áratugum ekki látið þessi mál til sín taka. Við húsabyggingar þeirra hefur gætt fullkomins áhugaleysis um líkamsmenntun. Tilraunin í vetur virðist hafa gefizt miður vel, af því undirstöðuna vantaði. Að lokum kom svo húsleysið, sem leiddi til þess, að rektor var á hrakningi með þessa litlu og óundirbúnu byrjunarstarfsemi.

Nú er komið að þeim tveim atriðum, sem rektor leggur mesta áherzlu á, að innlima viðskiptaháskólann og stofna nýja háskóladeild í hagfræði, og aðalhvöt hans í þessu efni er að nota hið stóraukna húsrúm háskólans fyrir nemendur úr menntaskólunum, og enga aðra, og að auka sem mest skilyrði til þess, að menn með stúdentsprófi haldi áfram námi í íslenzka háskólanum. Stofnun hagfræðideildar er útþenslumál rektors, án nokkurs undirbúnings frá hálfu þeirra stjórnarvalda, sem eiga að hafa forgöngu um slík mál. Viðskiptaháskólinn var stofnaður af utanríkisnefnd og ríkisstjórn í ákveðnum, almennum tilgangi, án nokkurrar forgöngu frá hálfu Alexanders Jóhannessonar eða annarra starfsmanna við háskólann.

Sú er saga þess máls, að á Alþingi 1937 urðu lýðræðisflokkarnir samtaka um að hefja margháttaðan undirbúning í sjálfstæðismálinu í sambandi við væntanlegan skilnað 1941—43. Var ríkisstjórninni falin forganga í þessu efni, en utanríkisnefnd skyldi vera ríkisstjórninni til aðstoðar og ráðuneytis um framkvæmdirnar. Mesta átakið, sem varð að gera í sambandi við skilnaðinn, var framkvæmd utanríkismálanna undir íslenzkri stjórn. Varð það samkomulag ríkisstjórnar og utanríkisnefndar að hefja í þessu skyni sérstaka kennslu fyrir takmarkaða tölu ungra manna. Var tilgangurinn sá, að úr þessari stofnun gætu fljótlega valizt aðstoðarmenn hjá hinum fyrstu ræðismönnum og sendifulltrúum, og þeir menn yrðu síðar hæfir til að vera sjálfstæðir starfsmenn fyrir landið erlendis. Allar þjóðir, sem fá skyndilega framkvæmd utanríkismála í sínar hendur, taka í fyrstu til starfa erlendis annaðhvort lærdómsmenn eða athafnamenn úr viðskiptalífinu í sendimanna- og ræðismannastöður. En næsta stigið er að búa menn sérstaklega undir starfið.

Utanríkisnefnd beitti sér aðallega fyrir stofnun viðskiptaháskólans sem ákveðnum þætti í sjálfstæðismálinu. Hún áleit óheppilegt að hafa mjög áberandi nafn á

þessari kennsludeild. Það þótti ekki hyggilegt að gefa hinum ungu mönnum undir fótinn um, að ríkið hefði tilbúnar handa þeim háar stöður, án þess að þeir hefðu sýnt mátt sinn í verki. Auk þess var talað um að freista að fylgja fordæmi Norðmanna um að styrkja nokkra slíka menn til að setjast að í fjarlægum löndum, þar sem von væri um söluskilyrði fyrir íslenzkar afurðir, í því skyni að þeir yrðu þar sjálfstæðir atvinnurekendur, en ynnu þó óbeinlínis fyrir land sitt og þjóð. Jafnframt þessu var gert ráð fyrir, að sumir af nemendum skólans yrðu með tíð og tíma athafnamenn í framleiðslu- og verzlunarmálum hér á landi.

Tilgangur viðskiptaháskólans var þannig að opna dyr sínar fyrir dugnaðar- og athafnamönnum úr öllum stéttum þjóðfélagsins, láta þá fá erfiða en fremur stutta skólagöngu og freista með þessum hætti að fá vel starfhæfa og áhugasama menn til nokkurra vandasamra starfa. Mjög var gætt hófsemi um alla eyðslu til þessarar kennslu. Til forstöðu var valinn Steinþór Sigurðsson magister, sem kunnur var fyrir pólitískt hlutleysi og mikinn vinnudugnað bæði fyrir sjálfan sig og aðra. Fyrir forstöðu sína fékk hann lága þóknun og gegndi auk þess öðru starfi hjá rannsóknanefnd ríkisins. Kennslan varð að vera mjög margbreytt, þar sem bæði var um að ræða þrjár tungur stórþjóðanna, margþætt viðskiptamál, sögu og verzlunarfræði. Tímakennslulaun voru lítið eitt hærri en við menntaskólann. En þegar Alexander Jóhannesson fékk í haust sem leið fé hjá ríkisstjórninni til byrjunarkennslu í verkfræði, fékk hann 10 kennara handa 5—6 mönnum og greiddi 10 krónur um tímann, eða helmingi hærra en í viðskiptaháskólanum. Um útgjöld til húsnæðis handa viðskiptaháskólanum var hið sama að segja, að þar var gætt mikillar hófsemi. Fyrsta veturinn var skólinn í húsum menntaskólans. Þar næst hjá atvinnudeild, og að lokum nú í vetur í háskólabyggingunni.

Fyrstu þrjú árin áttu að vera tilraunatími. Nemendur skólans voru í fyrstu eingöngu stúdentar, en það var undirskilið frá fyrstu, að skólinn hefði sérstakt inntökupróf, og gætu þangað komið jöfnum höndum stúdentar og aðrir vel undirbúnir námsmenn. Til slíks prófs þurfti vel að vanda til að geta fengið nemendur úr athafnastéttum og þó samstæðan grundvöll vegna kennslunnar. Skólastjóri gerði, í samráði við samkennara sína og samstarfsmenn úr utanríkisnefnd, fasta starfsskrá fyrir öll vinnubrögð í skólanum fyrstu þrjú árin. Var allmikil vinnuharka í skólanum. Kennslan oft 30 stundir á viku, mjög margháttuð og þó lögð stund á nokkurt sjálfstætt nám. Síðasta veturinn hafði skólastjóri tilbúna reglugerð með nýju skipulagi, sem gat byrjað haustið 1941, en beðið var með staðfestingu vegna innlimunartilrauna Alexanders Jóhannessonar. Var þar gert ráð fyrir sérstöku inntökuprófi. Myndu stúdentar hafa orðið að bæta við nokkru námi til að standast það próf, og aðrir menn að hafa kunnáttu að sama skapi. Með þessari nýju skipun var hinum upprunalega tilgangi náð, að geta fengið úrvalsmenn í skólann, bæði frá menntaskólunum og úr verzlunar- og atvinnufyrirtækjum. Með því að veita slíkum mönnum kost á mjög erfiðu námi í þrjú ár mætti vænta, að unnt yrði að fá úr skólanum dugandi menn til mikilla átaka bæði utan lands og innan. Utanríkisnefnd lét í þessu efni ekki sitja við orðin tóm. Hún gerði tilraun fyrsta sumarið, sem skólinn stóð, að koma þessum nemendum í sumarlanga vinnu í bönkum landsins og í nokkrum stærstu verzlunar- og útgerðarfyrirtækjum landsins. Fengu nemendur á þann hátt gott kaup og margháttaða æfingu. Einstakir þeirra hættu námi og settust að þar, sem þeir höfðu fengið námsdvöl, og var það ekki tilgangurinn.

Utanríkisnefnd gat vitanlega ekki séð öllum nemendum skilyrðislaust fyrir slíkri vinnu, og allra sízt ef trúnaður nefndarinnar var misnotaður. Framundan virtust vera skilyrði til að veita takmarkaðri tölu nemenda mjög góða verklega æfingu meðan stóð á námi, og myndi það hafa orðið verðlaun fyrir sérstaka hæfileika og dugnað við námið. Utanríkisnefnd er skipuð mönnum úr öllum lýðræðisflokkum. Fyrir bænastað hennar myndu mörg atvinnufyrirtæki í landinu opna dyr sínar fyrir úrvals nemendum úr viðskiptaháskólanum til gagnlegrar námsdvalar. Slík framkvæmd liggur bæði utan við löngun og getu Alexanders Jóhannessonar.

Um leið og viðskiptaháskólinn er orðinn atvinnubótadeild í Háskóla Íslands hverfur hinn upprunalegi tilgangur skólans, enda er þá grundvöllurinn orðinn allur annar.

Sumarið 1940 var hin nýja bygging háskólans fullgerð að mestu. Hafði Alþingi stórlega stutt það mál. Fyrst sett löggjöf um háskólabygginguna 1932, og þar með útvegað háskólanum hið nýja og rúmgóða byggingarstæði. Árið eftir voru samþykkt lög um, að háskólinn fengi happdrættisgróða um nokkurra ára skeið í bygginguna. Árið 1940 framlengdi Alþingi þessa leyfisveitingu enn um nokkur ár, svo að unnt yrði að fullgera aðalbygginguna. Alþingi hafði auk þess í 30 ár lánað háskólanum nefndar- og fundaherbergi þingflokkanna endurgjaldslaust. Mætti kalla mikinn velgerning af Alþingi að veita háskólanum þetta mikla fé til bygginga, í stað þess að muna eftir því, að stjórnarráðið vantar viðunandi hús, auk annarra nauðsynja þjóðarinnar. En þessi óeigingjarna framkoma Alþingis hefur ekki haft samsvarandi áhrif á suma af forráðamönnum háskólans, eins og síðar kom í ljós.

Þegar lokið var byggingu háskólans, þótti rektor mikil nauðsyn að fjölga sem mest deildum og nemendum til að fylla húsið. Þótti honum vænlegast að „innlima" viðskiptaháskólann. Ekki hreyfði hann því máli við þá menn, sem sérstaklega höfðu unnið að stofnun skólans, og kynnti sér ekki heldur aðdraganda málsins eða þá stefnu, sem þar lá til grundvallar. Í stað þess bað hann ríkisstjórnina um bráðabirgðalög til að framkvæma þessa innlimun í haust sem leið. Þessu þverneitaði stjórnin. Hins vegar fór hún fram á, að viðskiptaháskólinn fengi starfsherbergi í hinu auða húsrúmi háskólans. Rektor tók því illa og taldi óviðeigandi, að nokkrir nemendur fengju að starfa í háskólahúsinu nema þeir væru bæði stúdentar og auk þess alveg undir stjórn hans. Stjórnin lét hann finna, að þar sem hver eyrir til rekstrar háskólanum, þar með taldar smáupphæðir eins og kennslufé til hinnar nýbyrjuðu íþróttastarfsemi, væru framlög úr ríkissjóði af almannafé, væri tilgangslaust fyrir rektor að beita offorsi við ríkisvaldið. Sá Alexander Jóhannesson, að ef hann héldi áfram þrákelkni sinni, gæti hann átt á hættu, að yfirráð háskólahússins yrðu fengin í hendur öðrum en honum. Viðskiptaháskólinn fékk nú húsnæði í háskólabyggingunni, án þess að breyta skipulagi, alveg eins og háskólinn hafði um 30 ára skeið fengið húsnæði í þinghúsinu án þess að missa nokkurs í um sjálfstæði sitt. Hins vegar greiddi ríkisstjórnin götu rektors um önnur áhugamál hans. Fékk hann þannig nokkurt fé í hina misheppnuðu íþróttastarfsemi og 12 þúsund krónur í byrjunarkennslu í verkfræði.

Í samtali menntamálanefndar við háskólaráðið virtist koma í ljós, að rektor stæði aðallega fyrir útþenslustarfsemi þeirri, sem nú hefur verið lýst. Árni Pálsson lýsti einlægum áhuga um að fá Björn Guðfinnsson til kennslu í málfræði við háskólann. Guðm. Thoroddsen og Ólafur Lárusson virtust bera fyrir brjósti velferð lækna- og lögfræðideildar, en létu alls ekki í ljós óskir um stækkun háskólans. En að því er Alexander Jóhannesson snertir var viðhorfið annað. Honum þótti það enginn þegnskapur af Alþingi að hýsa háskólann sér til stórra óþæginda í þrjátíu ár. Hann taldi það hafa verið skyldu Alþingis að sjá háskólanum fyrir húsnæði, og þyrfti það mál ekki frekari skýringa. Aftur á móti leit hann svo á, að háskólaráðið hefði og ætti að hafa algert fullveldi um afnot og yfirráð háskólabyggingarinnar, og ætti það engin tillit að taka til þarfa ríkisstjórnar eða Alþingis. Rektor hélt því enn fremur fram, að hann vildi fremur en hitt takmarka stúdentatöluna í landinu, en nota háskólabygginguna fyrir þá og enga aðra. Þegar honum var bent á, að orð léki á, að Verzlunarskóli Íslands myndi hafa hug á að stofna stúdentadeild í því skyni, að lærisveinar þaðan gætu átt greiða götu að háskólanum, lét rektor í ljós nokkurn efa um, hvort sú kennsla yrði á nægilega breiðum heimspekilegum og bókfræðilegum grundvelli til þess, að þeir nemendur ættu fulla samleið með nemendum úr hinum tveim eldri menntaskólum.

Stefna rektors virtist vera byggð á þröngri og úreltri lífsskoðun, um að hægt sé að flokka menn í tvo flokka í sambandi við stúdentspróf. Öðrum megin menntaða en hinum megin ómenntaða menn, og geti þeir ekki verið undir sama þaki.

Þessi skoðun átti nokkuð djúpar rætur hér á landi fyrr á tímum. Merkur fræðimaður á sjötugs aldri hefur sagt svo frá, að eftir að hann varð stúdent hafi ekki þótt viðeigandi, að hann tæki upp koffort, hvað þá að hann mætti leggja hönd á aðra erfiða vinnu. Á hinn bóginn hefur þróunin í landinu síðan 1874 valdið straumhvörfum í þessum efnum. Hér hafa myndazt margar nýjar efnamannastéttir, sem sökum fjárhags og staðgóðrar menntunar hafi tekið í sínar hendur forustuna um mörg hin þýðingarmestu mál í landinu. Á 70 árum hafa íslenzkir samvinnumenn og kaupmenn gert alla erlenda verzlun innlenda, án þess að hafa í þeim hóp svo að segja nokkurn leiðtoga, sem Alexander Jóhannesson hefði talið hæfan til að ganga inn undir krystalshimin hinnar nýju háskólabyggingar. Sama er að segja um þróun iðnaðarins, útvegsins og nálega alla nýskipun í nútíma landbúnaði. Hin gamla og nokkuð úrelta „lína" háskólarektors hefur strandað á hinni margþættu nýmyndun í frjálsu þjóðfélagi. Fyrir fáum árum höfðu kyndarar á strandferðaskipunum hér við land hærri laun heldur en sumir fyrrverandi nemendur úr Háskóla Íslands við sérnámsstörf sín. Ég vil ekki halda fram, að slík launakjör hafi verið réttlát umbun fyrir undirbúning við bæði störfin. En þetta er dómur veruleikans. Í athafnalífi þjóðarinnar, bæði við andleg og fjárhagsleg störf, standa nú hlið við hlið menn með háskólamenntun eða annars konar undirbúning, og engum dettur í hug, að þeim málum verði öðruvísi fyrir komið. Jón Sigurðsson skildi þetta mætavel, og í grein sinni um þjóðskólamálið, sem nú er nálega aldar gömul, hugsar hann sér háskóla Íslands samsettan úr mörgum skóladeildum, sumar fyrir stúdenta og aðrar fyrir menn með annan undirbúning. Í Ameríku starfa nálega allir háskólar á grundvelli þjóðskólahugsjónanna. Ekki af því að Ameríkumenn hafi vitað um tillögu Jóns forseta, heldur hitt, að mesti fremdarmaður Íslendinga og mestu athafnamenn í voldugasta ríki veraldarinnar hafa komizt að sömu niðurstöðu, vegna þess að báðir byggðu á þroskaðri og heilbrigðri hugsun. Jón Sigurðsson var allt of mikill maður til að geta látið fanga sig í net úreltra sérkredduhugmynda. Hann leit á þjóðina alla sem eina heild, þar sem leitazt væri við að láta æskumenn úr öllum stéttum ná þroska eftir því, sem tilefni leyfðu. Það má telja undarlegt, að Alexander Jóhannesson skuli hyggja sig þess umkominn að molda með öllu hina djörfu og heilbrigðu hugsjón Jóns Sigurðssonar um málefni, sem snertir þá stofnun, sem forsetinn hefur raunverulega grundvallað.

Sama dag og Alexander Jóhannesson lýsti hinni þröngu og úreltu lífsskoðun sinni um kennsluskipulag háskólans komu á fund menntamálanefndar, svo sem fyrr er getið, þrír af forráðamönnum verzlunarskólans. Þeir töldu sig hafa töluverðan áhuga fyrir því, að nemendur úr þeim skóla gætu gengið í viðskiptaháskólann, og ef til vill fleiri deildir í háskólanum. Þeir töldu sig fremur hlynnta því, að frv. yrði samþykkt. Hins vegar var þeim að vonum ókunnugt að mestu eða öllu, hve mikið skildi hugmyndir þeirra um málið og hugsjónir rektors.

Forráðamenn verzlunarskólans töldu sennilegt, að þeir gætu komið á fót hjá sér menntaskólakennslu, þar sem verzlunarfræðin væru aðalatriði. Sá skóli myndi veita fullkominn aðgang að háskólanum, og mætti þess vegna í léttu rúmi liggja, þó að enginn gæti stundað framhaldsnám í viðskiptafræði hér á landi nema hann væri stúdent. Hins vegar var forráðamönnum verzlunarskólans sýnilega ekki kunnugt, að rektor háskólans sóttist ekki eftir fleiri stúdentum, heldur vildi gera háskólann svo úr garði, að hann gæti tekið á móti sem flestum, sem útskrifuðust úr gömlu skólunum í Reykjavík og á Akureyri. Auk þess var rektor sýnilega í vafa um menntagildi stúdentsprófs, sem að mjög verulegu leyti byggðist á þekkingu um verzlun og viðskiptamál. Forráðamenn verzlunarskólans og rektor háskólans skilja ekki enn, að milli þeirra er djúp hagsmunastreita í þessu efni. Rektor vill halda viðskiptadeild sem atvinnuúrræði fyrir stúdenta úr núverandi menntaskólum. Leiðtogar verzlunarskólans telja sig allfúsa að gera eins konar stúdentadeild í sínum skóla. Vafalaust myndu þeir miða lokanámið við inngöngu í verzlunardeild háskólans, ef hún væri komin á. Þegar kæmi til inngöngu í slíka deild, myndu náms-

mennirnir úr verzlunarskólanum standa mun betur að vígi og sennilega útrýma að verulegu leyti nemendum úr menntaskólunum úr Reykjavík og frá Akureyri. Þeir stúdentar yrðu að bæta við sig töluverðu undirbúningsnámi til að geta staðið jafnfætis skólabræðrum sínum með verzlunaruppeldið. Með þessum hætti hefði núverandi rektor tapað spilinu. Þeir nemendur, sem hann vildi tryggja greiða götu að viðskiptaháskólanum og eftir farandi hlunnindi, hefðu verri aðstöðu heldur en þeir aðkomumenn, sem tilætlunin var að rýma burtu vegna stúdenta. Á hinn bóginn er vafasamt, hvort úr því verður, að verzlunarskólinn geri sig að stúdentafabrikku, og enn vafasamara, hvort slíkt aukasjónarmið yrði til góðs fyrir skólann. Það er óhætt að fullyrða, að hvorki rektor háskólans né forráðamenn verzlunarskólans eru búnir að skilja, að milli sjónarmiða þessara tveggja aðila er gjá, sem ekki er auðvelt að brúa með þeirra úrræðum. En ef til þess kemur, að viðskiptaháskólinn verði innlimaður í háskólann og stúdentspróf inngönguskilyrði og verzlunarskólinn stofnun með 6 ára námi og rétti til að brautskrá stúdenta, þá myndu nemendur úr þeirri deild að líkindum taka sér til handa fáanlegt rúm í viðskipta- og hagfræðideild, auk þess sem þeir stúdentar ættu fullan rétt á inngöngu í aðrar deildir háskólans. Samt væri málið ekki leyst. Enn væri eftir að opna leið í viðskiptaháskólann sérstaklega duglegum mönnum úr verzlunarstéttinni, þó að þeir hefðu aðallega rutt sér braut með hagnýtri vinnu og sjálfsnámi. Í Englandi er það meginreglan um uppeldi ungra verzlunarmanna, að þeir byrja sem lærlingar í búðum og á skrifstofum, en nema jafnframt vinnunni margs konar fræði með sjálfsnámi og hækka að launum og trúnaði eftir því, sem þeir eldast og sýna betur mátt sinn í verki. Á fullorðinsárum taka slíkir menn sér oft stutta skólagöngu og ljúka þannig undirbúningi fyrir lífsbaráttuna. Á þennan hátt hafa menntazt og mótazt margir þeir menn, sem mestan þátt hafa átt í að skapa Bretaveldi. Hér á landi eru það þvílíkir sjálfmenntaðir menn, sem á 70 árum hafa tekið alla verzlun Íslands úr höndum útlendinga og gert hana innlenda. Það ætti nú að vera þakklætið og viðurkenningin frá hálfu þjóðfélagsins, að svo væri fyrir mælt með lögum, að engir sjálfmenntaðir menn ættu að eiga aðgang að framhaldsnámi í viðskiptamálum, sem kostað væri af íslenzka ríkinu.

Ég vil enn nefna til skýringar þessu máli tvo forustumenn í íslenzkum viðskiptamálum, sem báðir hafa verið kvaddir til vandasamra milliríkjastarfa fyrir þjóðfélagið. Annar er úr hópi kaupfélagsmanna, hinn úr flokki kaupmanna. Annar er Vilhjálmur Þór, kaupfélagsstjóri frá Akureyri, forstöðumaður Íslandssýningarinnar í New-York, fyrsti aðalræðismaður Íslendinga í Vesturheimi og núverandi bankastjóri í Landsbankanum. Hinn er Jóhann Þ. Jósefsson, kaupmaður og útgerðarmaður í Vestmannaeyjum og þingmaður þess kjördæmis og margreyndur samningamaður fyrir Íslands hönd frá undanförnum árum. Báðir þessir menn hafa byrjað á verzlunarstörfum mjög ungir og án skólagöngu. Báðir hafa menntazt og framazt vel, numið tungur margra erlendra þjóða, komizt í fremstu röð hvor í sinni starfsgrein og leyst fyrir þjóðina mörg vandasöm málefni erlendis. Það er vitanlegt, að slíkir menn fóru ekki í 6 ára undirbúningsskóla og álíka langt framhaldsnám. Þeir fóru styttri leið, vegna hæfileika sinna, og eru komnir í hinar vandasömustu stöður, þegar jafnaldrar þeirra, sem minna pund hafa til ávöxtunar, eru að klífa hina seinfæru leið meðalmennskunnar.

Mér þykir engan veginn ólíklegt, að ef til hefði verið þriggja ára viðskiptaháskóli, með þungu og margbreyttu námi, þegar Jóhann Jósefsson og Vilhjálmur Þór voru ungir verzlunarmenn, þá hefðu þeir búið sig undir slíkt nám með hjáverkavinnu og tekið framhaldsskólann, af því að ekki þurfti að eyða þar mörgum árum, en léttir að þeirri þekkingu og æfingu, sem þar fékkst, ef hún var ekki vafin í of þunglamalegar umbúðir.

Drög þau að reglugerð, sem starfsmenn viðskiptaháskólans hafa samið og leggja nú tilbúna til staðfestingar, gera ráð fyrir að leysa þetta mál á eðlilegum grundvelli. Inntökuprófið er þungt. Stúdentar þurfa að bæta við sig nokkurra mánaða námi

verzlunarlegs eðlis, og ef til vill í vissum greinum þjóðlegra fræða. Piltar, sem ekki eru stúdentar, verða að sínu leyti að búa sig undir enn fleira. En sú leið er þó opin duglegum mönnum. Samkvæmt þessum tillögum opnar viðskiptaháskólinn dyr sínar fyrir duglegum, vel undirbúnum stúdentum, en engu síður fyrir duglegum og vel undirbúnum ungum mönnum úr verzlunarstétt landsins og frá athafnastörfunum. Síðan kemur erfið skólaganga í þrjú ár, skólaganga, sem ekki er fær öðrum mönnum en þeim, sem geta lagt á sig mikla vinnu. Hér er ekki spurt um stétt eða vörumerki á nemendum, ekkert annað en hæfileika, undirbúning, dugnað og starfhæfni. Hvort slíkur viðskiptaháskóli er til húsa í einni eða annarri byggingu, skiptir engu máli. Hann á ekki að vera atvinnuleysingjastofnun, heldur vinnustöð fyrir þróttmikla menn. Leið rektors í þessu máli leiðir í blindgötu, af því að fyrir honum vaka eingöngu stéttarhagsmunir nokkurra námsmanna, og af því að hann vill útiloka þá menn, sem hafa leyst af hendi öll afrekin í íslenzkri verzlun síðan um 1870. Úrræði forráðamanna verzlunarskólans er vafasamt, af því ekki er séð, að það henti skóla þeirra að setja hann í beint samband við annarlega stofnun og breyta henni verulega til óhagnaðar fyrir þá menn, sem ekki stunda framhaldsnám. Auk þess er vafasamt, hvort 6 ára skólaganga í undirbúningsdeild er að öllu leyti heppileg fyrir tilvonandi athafnamenn. En mesti ágallinn á leið verzlunarskólaforkólfanna er þó það, að þeir taka ekki tillit til hins mikla fjölda ungra verzlunarmanna, sem komnir eru út í lífsbaráttuna og geta ekki búið sig undir viðskiptaháskólann nema með hjáverkavinnu, samhliða daglegum störfum.

Það eru engar líkur til, að athafnamenn og verzlunarstétt landsins láti nokkurn tíma loka fyrir sér götunni að námi í íslenzkum viðskiptamálum. Forráðamenn háskólans verða þess vegna að velja um, hvort þeir vilji missa af að hafa viðskiptaháskólann í háskólabyggingunni eða taka við nemendum, sem ekki hafa stúdentspróf. Þeir verða að velja um skipulag Jóns Sigurðssonar, þar sem háskólinn miðar starf sitt við þarfir þjóðarinnar allrar, eða ímyndaða sérkreddudrauma þekkingarsnauðra viðvaninga um uppeldis- og þjóðfélagsmál.

Viðleitni Alexanders Jóhannessonar til að útiloka verzlunarstéttina frá viðskiptanámi kemur glögglega fram í nafni því, er hann velur deildinni. Í stað þess að láta viðskiptanámið vera sérstaka deild og halda nafni sínu, reynir hann að láta nafnið gleymast. Hann vill fyrst búa til nýja deild í hagfræði og spyrða hana saman við lagadeild, og á titill námsins að vera tengdur við þessar virðulegu deildir. Viðskiptanámið á að vera nafnlaus fylgifiskur hagfræði- og lagadeildar. Með þessu vill rektor háskólans sýna viðskiptanáminu sem mesta lítilsvirðingu og undirstrika í augum almennings, að það sé annars og lægra eðlis heldur en aðrar námsgreinar í stofnuninni. Það myndi áreiðanlega ekki verða metnaðarmál manna, sem hefðu nokkurn þroska og sjálfsvirðingu, að stunda nám þar, sem þeim væri fyrir fram búin skipuleg lítilsvirðing.

Um hagfræðideild í háskólanum er það eitt að segja, að um hana hefur ekki verið beðið af borgurum landsins eða Alþingi. Fram að þessu hafa Íslendingar talið það eina af þeim greinum, sem eðlilegt væri að íslenzkir námsmenn sæktu til útlanda. Þjóð, sem er ekki nema 120 þúsundir, getur ekki borið uppi háskólakennslu í mjög mörgum námsgreinum. Kemur þar jafnt til greina vöntun hæfra manna í mörg slík embætti og tilkostnaður þjóðfélagsins. Hættan er sú, að ef ofurkappsfullir en grunnfærir menn fjölguðu mjög kennsludeildum við háskólann, svo sem í hagfræði, stærðfræði og heimspeki, til að nefna nokkur dæmi, myndi það bæði vera of þungur baggi fyrir þjóðfélagið, og hins vegar um að ræða útþynnta kennslu, svo að námsmarkið lækkaði frá því, sem verið gæti, ef slíkt nám væri stundað í háskólum stærri landa.

Ein af ástæðunum til þess, að vafasamt má telja að fjölga mjög ört deildum háskólans, er það, að stofnunin er tæplega búin undir að koma á þær fullkomnu skipulagi. Nægir í því efni að benda á viðleitni Alexanders Jóhannessonar að koma upp verkfræðikennslu í háskólanum í vetur sem leið. Fékk hann hjá ríkisstjórninni allmikla fjárhæð í því skyni að búa unga verkfræðinga undir að ljúka fyrrihlutanámi

her heima. Erlendis verða nemendur í verkfræðinámi að vera 10—12 tíma við hörkustörf í þeim fræðum alla virka daga. Hér var allt laust í böndunum. Tíu kennarar með 10 króna tímakaup. Nemendur oft 1—3 í tíma. Ekkert aðhald, engin forstaða. Engir samningar við nokkra erlenda stofnun um að taka við þessum nemendum. Auk þess má kalla vonlaust, að nemendur, sem aldir hafa verið upp á þess konar vanrækslu útigangi, verði taldir færir til að setjast á bekk með öðrum nemendum, sem fengið hafa skipulega fræðslu. Rektor háskólans mun hafa búizt við, að erfitt yrði að koma nemendum með þess konar undirbúningi áleiðis í erlenda háskóla. Hefur hann þess vegna látið rannsaka tilkostnað við sérstaka verkfræðideild hér á landi. Samkvæmt þeim útreikningum var talið, að ef útskrifa ætti 5 nemendur á ári, myndi námskostnaður nema 100 þús. krónum árlega. Þó var þar ekki talinn með byggingarkostnaður eða rekstur ýmiss konar vinnustöðva með margháttuðum og dýrum vélum.

Alþingi hefur gert vel til háskólans með því að taka hann í hús sitt um þrjátíu ára skeið, þó að það spillti stórlega vinnuaðstöðu þingmanna, og þá ekki síður með hinni rausnarlegu gróðaöflun til byggingarinnar. En jafnframt velgerðum við þessa stofnun verður að koma skynsamlegt aðhald. Breytingar þær, sem rektor háskólans fer fram á í frv. á þingskjali 112, eru sannarlega svo að segja gripnar úr lausu lofti, hver um sig, og þurfa miklu meiri undirbúning. Þann undirbúning á stjórnin að geta framkvæmt með aðstoð milliþinganefndar, sem starfa mun í menntamálum þjóðarinnar. Ég legg þess vegna til, að málinu sé vísað til ríkisstjórnarinnar með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að samþykkt verði tillaga sú um skipun milliþinganefndar um skólamál, er nú liggur fyrir Alþingi, og að væntanleg milliþinganefnd geri tillögur um framtíðarstarfsemi háskólans eins og annarra skóla, telur deildin eigi rétt að gera breytingar á háskólalögunum að þessu sinni og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 26. maí 1941.

Jónas Jónsson.

Ed. 647. Nefndarálit

um frv. til laga um eyðingu svartbaks.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur haft frumvarp þetta til athugunar nokkra daga, en vegna annríkis við afgreiðslu umfangsmikilla lagafrv., svo sem frv. til laga um ófriðartryggingar o. fl., hefur hún ekki getað sinnt þessu máli fyrr.

Meginatriði þessa frv., fram yfir þau ákvæði, er lög nr. 66 23. júní 1936, um eyðingu svartbaks, innihalda, virðist nefndinni vera þessi:

1. að skylda alla umráðendur varplanda til þess að eitra fyrir svartbak í varplöndum sínum á voru hverju, eftir fyrirmælum, sem dómsmálaráðuneytið setur með reglugerð.
2. að hækka að miklum mun frá því, sem ákveðið er í nefndum lögum, verðlaun fyrir dráp svartbaks eða svartbaksunga með skotum eða á annan hátt, eiturdráp þó undanskilið.
3. að skattleggja með einnar krónu gjaldi hvert kg. æðardúns, er til fellst í landinu næstu fimm ár frá gildistöku laganna, til endurgreiðslu verðlauna þeirra, sem greidd verða af ríkis-, sýslu- og sveitarsjóðum fyrir dráp svartbaks og svartbaksunga, svo sem nánar er tilgreint í frv.
4. að hækkaðar eru sektir fyrir brot á ákvæðum laganna.

Um 1. atriði (eitrunina) vill nefndin taka fram, að hún telur þá aðferð til eyðingar ránfugla eða rándýra svo ómannúðlega og hættulega öðrum dýrum en þeim, sem eyða á, og jafnvel mönnum, að hún vill engan þátt eiga í löggjöf, er skyldar til að beita slíkum aðferðum. Til stuðnings þessari afstöðu sinni vill nefndin benda á, meðal margs annars, sem fram hefur komið í ræðum og ritum, ummæli stjórnar Náttúrufræðifélags Íslands frá 1935, um eitrun fyrir svartbak eða aðra fugla, sem fyrir liggja í skjölum Alþingis. Þar segir meðal annars svo: „Hins vegar teljum vér eitrun, í hverri mynd sem er, öldungis ósæmilega, nema ef um útrýmingu mannskæðra dýra, eins og rottu, sem ber hættulega sjúkdóma milli manna, er að ræða, og ekki er auðið að ná beint til, því að útrýming (t. d. með stryknini) er svo kvalafull, að þá aðferð er illt að verja, auk þess sem ekki er úitlokað, að meinlausar skepnur, svo sem hundar, éti hina eitruðu „rétti“ eða hræin af dauðum fuglum.“

Um hættuna, sem mönnum og dýrum getur stafað af eitruninni, má enn fremur benda á ummæli dr. Finns Guðmundssonar í bæklingi hans „Æðarvarp og dúntekja á Íslandi“, sem sendur hefur verið þingmönnum sem fylgirit með þessu frv. Hann segir svo á bls. 15, eftir að hann hefur tekið fram, að sjálfsagt sé að nota stryknin til þess að eitra fyrir svartbak: „Það er hvítt duft og afar beizkt á bragðið. Það er banvænt eitur, jafnt fyrir menn sem skepnur. Skal því geyma það vel og gæta þess vandlega, að það verði engum að meini. Bezt væri að geta komizt hjá að handfjatla það, að öðrum kosti verða menn að þvo sér vel um hendur á eftir.“ Þessi ummæli aðalhöfundar frv. taka af öll tvímæli um það, að ákvæði frv. um eitrun eru stórhættuleg, ef til framkvæmda kæmu.

Um 2. og 3. atriði vill nefndin aðeins segja það, að aðalefni þeirra má koma að í samþykktum þeim, sem heimilað er að setja samkvæmt 2., 3. og 4. gr. gildandi laga um eyðing svartbaks, þó að í nokkuð breyttu formi þyrftu að vera.

Um 4. atriði, hækkun sektarfjár, er það að segja, að mjög orkar það tvímælis, hvort það verkar á þann hátt, að það haldi mönnum betur til hlýðni við lagaboð, sem þeir hafa tilhneigingu til að óhlýðnast.

Í samræmi við það, er að framan segir, og að athuguðum öllum málavöxtum, leggur nefndin til, að málið verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem deildin getur ekki fallizt á ákvæði frv. um eitrun, og þar sem aðalefni annarra breytinga, sem frv. gerir ráð fyrir, virðist mega koma í framkvæmd samkvæmt gildandi lögum, telur deildin ástæður fyrir framgangi málsins niður fallnar og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 24. maí 1941.

Sigurjón Á. Ólafsson, form.	Ingvar Pálmason, fundaskr., frsm.	Magnús Gíslason.

Ed. 648. Nefndarálit

um frv. til laga um friðun æðarfugls.

Frá allsherjarnefnd.

Frumvarp þetta er í aðalatriðum samhljóða lögunum frá 1913 um friðun æðarfugla. Breytingin einkum fólgin í hækkun sektarákvæða. Nefndin getur eftir atvik-

um fallizt á þá breytingu, þó vafasamt sé, hvaða áhrif há sektarákvæði hafa á löghlýðni borgaranna í málum sem þessum. Nefndin er þó sammála um að mæla með frv. óbreyttu.

Alþingi, 26. maí 1941.

Sigurjón Á. Ólafsson, form., frsm.	Ingvar Pálmason, fundaskr.	Magnús Gíslason.

Nd. 649. Breytingartillaga

við frv. til l. um varnir gegn útbreiðslu nokkurra næmra sauðfjársjúkdóma og stuðning til bænda, er bíða tjón af þeim.

Frá Gísla Guðmundssyni.

Við 27. gr. Aftan við 3. lið gr. bætist nýr liður, svo hljóðandi:

4. Til að greiða kostnað við bifreiðaflutning sláturfjár, sem flytja þarf af sýktu eða grunuðu svæði yfir ósýkt svæði til sláturstaðar.

Liðatalan breytist samkv. því.

Ed. 650. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 37 12. febrúar 1940, um stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

1. gr. laga nr. 37 12. febr. 1940, um stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna, orðist þannig:

Stofna skal vátryggingarfélag, sem heitir stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna, og er hluterk þess að tryggja gegn dauða og örorku af völdum stríðsslysa skipshafnir á þeim íslenzkum skipum eða skipum í íslenkri þjónustu, sem slíka tryggingu þurfa að kaupa.

Með stríðsslysum er átt við öll slys, sem verða beinlínis af völdum styrjaldar eða borgaraóeirða, þar sem vopnum er beitt. Ef styrjaldaraðgerðir eru aðeins meðvaldandi að slysinu, má lækka skaðabætur um þriðjung eða tvo þriðju hluta, eða fella þær alveg niður, eftir því hve mikinn þátt aðrar orsakir teljast eiga í slysinu.

Trygging samkvæmt lögum þessum tekur einnig til þess, er skipshöfn ferst með skipi, sem týnist án þess að til spyrjist, hversu týnzt hefur. Þó má lækka skaðabætur eða fella þær niður með öllu á sama hátt og fyrr greinir, eftir því hve miklar líkur eru fyrir því, að skipið hafi farizt af öðrum orsökum en styrjaldaraðgerðum, nema sérstaklega hafi verið um samið milli útgerðarmanns og stríðstryggingafélagsins, að félagið taki fulla áhættu gegn ákveðnu viðbótariðgjaldi.

Takmörkun þessi tekur ekki til skipshafna skipa, sem eru í millilandasiglingum.

2. gr.

Aftan við 6. gr. laganna bætist: og hvíla sem lögveð á skipinu.

Ed. 651. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 37 12. febr. 1940, um stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Við 2. gr. Á eftir 2. gr. frv. komi ný grein, svo hljóðandi:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 652. Lög

um breyting á lögum nr. 76 11. júní 1938, um byggingar- og landnámssjóð, og lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki.

(Afgreidd frá Nd. 26. maí).

Samhljóða þskj. 614.

Nd. 653. Lög

um breyting á lögum nr. 3 9. jan. 1935, um verkamannabústaði, og lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki.

(Afgreidd frá Nd. 26. maí).

Samhljóða þskj. 613.

Sþ. 654. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1942 og við brtt. á þskj. 594, 597 og 638.

I. Frá *Gísla Sveinssyni.*
1. Við 13. gr. A. II. a. 87. (Síðuvegur).
Fyrir „8000“ kemur 10000
2. Við 13. gr. A. II. a. 88. (Mýrdalsvegur).
Fyrir „12000“ kemur 14000

II. Frá *Gísla Guðmundssyni.*
Við 13. gr. A. II. c. 17. Nýr liður:
Til Öxarfjarðarheiðarvegar 8000

III. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 14. gr. B. XV. 11. Nýr liður:
Til handíðaskólans 8000

IV. Frá *Gísla Sveinssyni* og *Finni Jónssyni.*
Við brtt. 597,5 (Við 15. gr. 33). Liðurinn orðist svo:
Til leiklistarskóla Lárusar Pálssonar og Soffíu Guðlaugsdóttur, 1200 kr. til hvors 2400

V. Frá *Sveinbirni Högnasyni* og *Helga Jónassyni.*
Við brtt. 638,XIII. a. (Við 16. gr. 19. Vatnasvæði Þverár og Markarfljóts).
Fyrir „70000“ kemur 150000

VI. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 16. gr. 59. Nýr liður:
Til bandalags kvenna í Reykjavík 400
VII. Frá *Gísla Guðmundssyni.*
Við brtt. 594,43 (Við 22. gr. XIV). Liðinn skal orða svo:
Að veita listmálurunum Jóni Engilberts og Sveini Þórarinssyni 15000 kr. lán hvorum úr ríkissjóði til húsbyggingar.
VIII. Frá *forsætisráðherra.*
Við 22. gr. XIX. Tillöguna skal orða svo:
Að kaupa húseignina nr. 11 við Fríkirkjuveg í Reykjavík, til bústaðar handa æðsta embættismanni ríkisins, eða annan hæfilegan bústað í næsta nágrenni Reykjavíkur, enda takist viðunandi samningar um verð og greiðsluskilmála.

Nd. 655. Tillaga til þingsályktunar

um styrk til garðyrkjufélaga með samvinnusniði.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Bergur Jónsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að styrkja af fé því, sem veitt er til framleiðslubóta og atvinnuaukningar, félög manna, sem kynnu að vilja stofna til garðræktar í stórum stíl og hafa tryggt sér vinnuafl til þess, enda séu slík félög með samvinnusniði. Enn fremur að veita aðstoð við útvegun lands, ef með þarf.

Greinargerð.

Eins og nú er ástatt, er það þjóðinni lífsnauðsyn, að sem mest verði framleitt af garðávöxtum í landinu. Ef einhverjir vildu bindast samtökum um að koma á slíkri framleiðslu í stórum stíl, er eðlilegt, að hið opinbera styðji slík samtök og hjálpi þeim yfir byrjunarörðugleika. Virðist eðlilegt, að einhverju af því fé, sem á fjárlögum er ætlað til framleiðslubóta og atvinnuaukningar, sé varið í þessu skyni. Eins er eðlilegt, að hið opinbera sé hjálplegt við útvegun lands, ef með þarf.

Fyrir Alþingi liggur a. m. k. eitt erindi frá mönnum, sem telja sig reiðubúna til að stofna slíkan félagsskap til garðyrkju, sem hér er um að ræða, og er ástæða til að hvetja menn fremur en letja til svo nauðsynlegs framtaks.

Ed. 656. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 19. maí 1930, um vigt á síld.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leitað umsagnar sérfróðra manna um það. Nefndinni er kunnugt um, að mikil óánægja ríkir meðal fiskimanna og seljenda síldar yfir því, að vigtun skuli ekki almennt tekin upp, og þar sem nefndin lítur svo á, að það ætti að vera kleift fyrir síldarverksmiðjurnar með hæfilegum fyrirvara að koma henni á, þá mælir hún með frv. eins og það liggur fyrir. Einn nefndarmanna, JJós, dregur í efa, að kleift sé að afla vigtanna vegna ófriðarins, en telur þó rétt, að stefna beri að því, að öll síld sé vigtuð. Skrifar hann því undir með fyrirvara.

Alþingi, 26. maí 1941.

Ingvar Pálmason, form.	Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr., frsm.	Jóhann Jósefsson, með fyrirvara.

Ed. 657. Nefndarálit

um frv. til l. um sölu á spildu úr Neslandi í Selvogi.

Frá 3. minni hluta landbúnaðarnefndar.

Mál þetta var til afgreiðslu á fundi landbúnaðarnefndar, er ég var fjarverandi vegna veikinda. Meðnefndarmenn mínir urðu eigi ásáttir um málið. Vill form. (ÞÞ) samþykkja frv. með þeirri breytingu, að 2 þar til kvaddir óvilhallir menn kveði á um, hvort hætta verði á eyðingu lands vegna uppblásturs, ef umrædd landspilda yrði seld bóndanum í Nesi. Hinn nefndarmaðurinn (PZ) vill fella frv.

Ég hef nú kynnt mér mál þetta og gögn þau, sem fyrir hendi eru, svo og skoðanir meðnefndarmanna minna. Get ég hvorugum verið fyllilega sammála. Það kemur skýrlega fram í nefndaráliti fyrsta minni hluta (ÞÞ) á þskj. 595, að hann vill láta samþ. frv. til þess að Nesbóndinn fái aðgang að ágætri beitifjöru, sem nú er innan sandgræðslugirðingar og því engum til nytja. Telur hann þetta bersýnilega höfuðtilgang frv. og hyggur Nesbóndann munu þurfa að ganga á bústofn sinn, ef hann fái eigi aðgang að umræddri fjörubeit. Ég tel óþarft að ákveða söluheimild allrar þeirrar landspildu, sem um ræðir í 1. gr. frv., til þess að þessum höfuðtilgangi verði náð.

Ástæðulaust er að ætla Nesbóndanum það, að hann ágirnist land þetta vegna augnabliksávinnings, heldur mun hitt bjargföst trú hans, að hvorki því né öðru grónu landi stafi nokkur hætta af uppblæstri og sandfoki, þó umrædd landspilda sé eigi afgirt og friðuð. Hins vegar verður eigi fram hjá því gengið, að það er samhljóða álit sandgræðslustjóra og hreppsnefndar Selvogshrepps, að alvarleg hætta stafi af uppblæstri og sandfoki, ef umrædd landspilda væri af hendi látin og eigi friðuð fyrir ágangi og beit búfjár. Engin ástæða er til þess að ætla, að álit hinna tveggja tilkvöddu manna samkvæmt tillögu ÞÞ yrði annað. Væri þá þar með komið í veg fyrir, að höfuðtilgangi frv. að áliti fyrsta minni hluta (ÞÞ), þ. e. not Nesbóndans af fjörubeit innan girðingar, væri náð.

Annar minni hluti (PZ) tilfærir sem rök fyrir því að fella frv. áður greint álit sandgræðslustjóra og hreppsnefndar Selvogshrepps. Telur hann, að eigi komi til mála vegna augnablikshagnaðar eins búanda að tefla í hættu eða tvísýnu gróandi landi. Er ég honum þar sammála. Aftur á móti tel ég hægt hér án nokkurrar hættu á uppblæstri eða sandfoki að nytja umrædda fjörubeit. Það er tilgangur sandgræðslu sem og annarrar friðunar að auka gróður og verðmæti lands. Þetta ber ekki að gera á þann hátt að rýra notagildi annarra verðmæta landsins. Þar sem hér er um að ræða þriggja kílómetra langa ágæta beitifjöru, má það vera öllum ljóst, að geysiverðmæti fer forgörðum, ef hún er eigi nytjuð. Er þar hægt að ala fjölda sauðfjár með lítilli heygjöf eða fóðurbæti ásamt fjörubeitinni.

Ég vil því leggja til, að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu, að ríkisstjórninni verði heimilað að selja eiganda Ness í Selvogi fjörubeit þess hluta jarðarinnar, sem er eign ríkissjóðs, ásamt hæfilegu landi frá sjó, til þess að örugglega megi koma fyrir sandgræðslugirðingu frá núverandi vesturmörkum sandgræðslugirðingar til sjávar í Viðarhelli.

Með tilliti til þess, er segir í greinargerð flm. frv., að girðingin hafi verið sett vestar en samningar stóðu upphaflega til, þykir mér rétt, að kostnaður við breytingu á núverandi sandgræðslugirðingu greiðist að ⅔ af ríkissjóði (Sandgræðslu Íslands), en ⅓ af kaupanda. Viðhaldskostnaður greiðist í sömu hlutföllum.

Sandgræðslustjóri telur að vísu í bréfi sínu 27. marz s. l. (sbr. þskj. 233) m. a. sem ástæðu þess, að umrædd landspilda var afgirt, að eigi hafi verið hægt að finna stað við Viðarhelli, sem gott væri að girða á, svo tryggt væri, að fé gengi eigi milli girðingar og sjávar, svo og að sjór gengi ekki á land í „stórbrimum“ og gæti skemmt girðinguna. Mér er tjáð, að háir klettar gangi þarna í sjó fram, svo að auðvelt muni að gera umrædda girðingu. Hygg ég einnig, að hin ástæðan, sem sandgræðslustjóri

tilfærir í fyrrgreindu bréfi sínu, þ. e. „að fá stór sandsvæði með hættulegu sandfoki fyrir tún og byggð í Selvogi“ inn fyrir girðinguna, muni hafa reynzt öllu veigameiri og þyngri á metunum. Þar sem hreppsnefnd Selvogshrepps og fjöldi íbúa hreppsins hefur sýnt lofsverðan áhuga fyrir sandgræðslu þar eystra, svo sem fram kemur í gögnum þessa máls, ætti að vera hægðarleikur að fá trúverðugan mann til þess að líta eftir girðingunni og lagfæra skemmdir, sem verða kynnu vegna „stórbrima“, sem tæplega verður gert ráð fyrir, að verði mjög oftlega.

BREYTINGARTILLAGA.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að selja eiganda Ness í Selvogi, fyrir það verð og með þeim greiðsluskilmálum, er um semur, beitifjöru þess hluta jarðarinnar, er ríkissjóður á, svo og hæfilegt land frá sjó til þess að örugglega megi koma fyrir sandgræðslugirðingu frá vesturmörkum núverandi sandgræðslugirðingar til sjávar í Viðarhelli. Kostnaður við breytingu girðingarinnar greiðist að ⅔ af Sandgræðslu Íslands og að ⅓ af kaupanda. Viðhaldskostnaður þessa hluta girðingarinnar greiðist í sömu hlutföllum.

Alþingi, 27. maí 1941.

Erl. Þorsteinsson.

Nd. 658. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 37 12. febrúar 1940, um stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

1. gr. laga nr. 37 12. febr. 1940, um stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna, orðist þannig:

Stofna skal vátryggingarfélag, sem heitir stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna, og er hlutverk þess að tryggja gegn dauða og örorku af völdum stríðsslysa skipshafnir á þeim íslenzkum skipum eða skipum í íslenzkri þjónustu, sem slíka tryggingu þurfa að kaupa.

Með stríðsslysum er átt við öll slys, sem verða beinlínis af völdum styrjaldar eða borgaraóeirða, þar sem vopnum er beitt. Ef styrjaldaraðgerðir eru aðeins meðvaldandi að slysinu, má lækka skaðabætur um þriðjung eða tvo þriðju hluta, eða fella þær alveg niður, eftir því hve mikinn þátt aðrar orsakir teljast eiga í slysinu.

Trygging samkvæmt lögum þessum tekur einnig til þess, er skipshöfn ferst með skipi, sem týnist án þess að til spyrjist, hversu týnzt hefur. Þó má lækka skaðabætur eða fella þær niður með öllu á sama hátt og fyrr greinir, eftir því hve miklar líkur eru fyrir því, að skipið hafi farizt af öðrum orsökum en styrjaldaraðgerðum, nema sérstaklega hafi verið um samið milli útgerðarmanns og stríðstryggingafélagsins, að félagið taki fulla áhættu gegn ákveðnu viðbótariðgjaldi.

Takmörkun þessi tekur ekki til skipshafna skipa, sem eru í millilandasiglingum.

2. gr.

Aftan við 6. gr. laganna bætist: og hvíla sem lögveð á skipinu.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 659. Frumvarp til laga

um viðauka við lög nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Auk þess innflutningsgjalds af benzíni, sem innheimta skal samkvæmt fyrirmælum a-liðs 1. gr. laga nr. 84 6. júlí 1932, 4 aura af hverjum lítra, skal innheimta 5 aura innflutningsgjald af hverjum lítra frá og með 1. janúar 1942 til ársloka 1943.

Þetta viðbótarinnflutningsgjald er undanþegið ákvæðum 8. gr. fyrrnefndra laga. Að öðru leyti gilda ákvæði nefndra laga nr. 84 6. júlí 1932 um innheimtu og endurgreiðslu innflutningsgjalds af benzíni samkv. 1. málsgr. þessarar greinar.

2. gr.

Þeim tekjum, sem fást samkvæmt ákvæðum laga þessara, skal varið að ⅘ hlutum til að greiða kostnað við lagningu akvega og malbikun þjóðvega, eftir því sem ákveðið er í fjárlögum, en ⅕ til brúargerða, og skal fyrst byggja brú á Jökulsá á Fjöllum.

Nú þykir ekki fært að flytja inn efni til brúargerða á árunum 1942 og 1943, og skal þá geyma það fé, er til brúargerða skal varið eftir ákvæði þessu, þar til kleift verður að flytja inn byggingarefni.

Það, sem ⅘ hlutar teknanna samkv. lögum þessum kunna að fara fram úr þeirri fjárhæð, sem sérstaklega er ráðstafað í fjárlögum, leggist í sérstakan sjóð, er verði ráðstafað til lagningar Suðurlandsbrautar á árunum 1943 og 1944, þó ekki yfir 100 þús. kr. hvort árið, en því, sem umfram kann að verða, skal skipt í réttum hlutföllum milli þeirra vega, sem fé er veitt til í fjárlögum af tekjum þessum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 660. Lög

um sparisjóði.

(Afgreidd frá Nd. 27. maí.)

Samhljóða þskj. 625 (sbr. 482).

Ed. 661. Lög

um breyting á lögum nr. 64 23. júní 1932, um kirkjugarða.

(Afgreidd frá Ed. 27. maí.)

Samhljóða þskj. 363.

Ed. 662. Lög

um breyting á lögum nr. 36 16. nóv. 1907, um skipun sóknarnefnda og héraðsnefnda.

(Afgreidd frá Ed. 27. maí.)

Samhljóða þskj. 364.

Ed. 663. Lög

um breyting á lögum nr. 40 30. júlí 1909, um sóknargjöld.

(Afgreidd frá Ed. 27. maí.)

Samhljóða þskj. 365.

Ed. 664. Breytingartillaga

við frv. til l. um friðun æðarfugls.

Frá Ingvari Pálmasyni.

Við 2. gr. Annar málsl. fyrri málsgr. falli niður.

Ed. 665. Nefndarálit

um frv. til l. um afnám l. nr. 44 frá 26. maí 1938, um bráðabirgðatekjuöflun fyrir Hafnarfjarðarkaupstað, og l. nr. 106 14. maí 1940, um breyt. á þeim l.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarp þetta verði afgreitt með svolátandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að lög þau, sem frv. fer fram á að nema úr gildi, eiga samkv. 5. gr. að falla úr gildi í árslok 1942, og í því trausti, að bæjarstjórn Hafnarfjarðar noti ekki heimild laganna til innheimtu á gjaldi því, sem þar um ræðir, meðan venjulegir tekjustofnar bæjarsjóðs eru nægilegir, þykir deildinni ekki ástæða til að afgreiða þetta mál og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 27. maí 1941.

Magnús Jónsson, form., frsm.	Erl. Þorsteinsson, fundaskr.	Bernh. Stefánsson, með fyrirvara.

Nd. 666. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 43 13. nóv. 1903, um vörumerki.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Meðan núverandi styrjöld er háð, skal vernd skrásettra, erlendra vörumerkja, sem endurnýja þarf samkvæmt 10. gr. vörumerkjalaganna, haldast, enda þótt tilkynning sú, sem um ræðir í 2. mgr. téðrar greinar, hafi ekki borizt skráritara í tæka tíð.

Meðan ákvæði þetta er í gildi, skal heimilt að endurnýja vernd skrásettra erlendra vörumerkja, enda þótt tilkynningar um endurnýjanir séu afhentar síðar en 10. gr. vörumerkjalaganna áskveður.

Endurnýjun vörumerkjaverndar samkvæmt þessari grein telst frá þeim degi, er verndartími samkvæmt vörumerkjalögunum rann út.

2. gr.

Nú verður sú breyting á ófriðarástandinu, að telja má samgöngur orðnar svo greiðar, að ekki sé ástæða til að halda ákvæðum 1. gr. lengur í gildi, og koma þá ákvæði 3. gr. til framkvæmda.

3. gr.

Að ófriðnum loknum eða þegar svo er ástatt, sem um ræðir í 2. gr., skal atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu setja tiltekinn frest til endurnýjunar, en að þeim tíma liðnum skal verndin falla niður, hafi ekki vörumerkjaskráritara borizt tilkynning um endurnýjun skrásetningar, áður en fresturinn er útrunninn.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt af allsherjarnefnd samkvæmt ósk ríkisstjórnarinnar, og fylgdu því eftirfarandi athugasemdir:

Samkvæmt lögum nr. 43 13. nóv. 1903, um vörumerki, eru vörumerki skráð til 10 ára, en vernd fyrir skrásett vörumerki fellur burt, þegar tilkynning um endurnýjun á því er eigi gerð fyrsta sinn innan 10 ára frá skrásetningardegi og síðan innan 10 ára frá næstu endurnýjun á undan.

Vegna ófriðarins hafa póstsamgöngur við meginlandsríkin í Evrópu, eins og kunnugt er, lagzt niður og aðrar póstsamgöngur til útlanda orðið mjög ótryggar, og má því búast við, að ýmsir, sem kunna að vilja endurnýja skrásetningar vörumerkja, geti það ekki í tæka tíð.

Virðist rétt og sanngjarnt, að vörumerki erlendra eigenda njóti verndar framvegis án endurnýjunar, þar til eigendur þeirra fá tækifæri til þess að gæta hagsmuna sinna, og þá einnig að heimila endurnýjun skrásetningar, þó að tilkynning um hana sé afhent síðar en lög mæla fyrir.

Loks er nauðsynlegt að setja á sínum tíma tiltekinn frest til endurnýjunar, til að fá úr því skorið, hvaða merki njóti verndar áfram.

Ed. 667. Breytingartillaga

við frumv. til l. um breyt. á l. nr. 45 13. júní 1937, um dragnótaveiði í landhelgi.

Flm.: Jónas Jónsson.

Við 1. gr. Á eftir fyrsta málslið fyrstu efnismálsgreinar komi: Og innan línu, sem dregin er frá Brík við Flateyjarbugt á Skjálfandaflóa austur yfir flóann í klettinn Stórastakk utan og neðan við Hallbjarnarstaði á Tjörnesi, skulu dragnótaveiðar bannaðar nema á tímabilinu frá 1. til 30. júní ár hvert.

Sþ. 668. Breytingartillögur

við frumv. til fjárlaga fyrir árið 1942.

Frá fjárveitinganefnd.

1. Við 3. gr. A. Sundurliðun 2. II. b. 13. (Landssíminn. Aðrar símastöðvar og eftirlitsstöðvar).
   Fyrir „195000“ kemur 265000
2. Við 4. gr. Aftan við greinina bætist:
   Frá dregst:
   Vaxtatap vegna gjaldeyrisvarasjóðs 150000
3. Við 16. gr. 4. (Nýbýli og samvinnubyggðir).
   a. Fyrir „155000“ kemur 260000
   b. Nýr liður:
   Til lánadeildar smábýla, 1. greiðsla af 3 100000
4. Við 16. gr. 65. (Iðnlánasjóður).
   Fyrir „25000“ kemur 65000
5. Við 18. gr. II. c. 4. Nýr liður:
   Halldór Bjarnason 430
6. Við 22. gr. XVI. Nýir liðir:
   a. Að greiða 12000 kr. til rekstrar húsmæðrakennaradeildar í sambandi við húsmæðraskóla í Reykjavík.
   b. Að greiða 50000 kr. byggingarstyrk til Gagnfræðaskóla Reykjavíkur.

Sþ. 669. Breytingartillaga

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1942.

Flm.: Sigurjón Á. Ólafsson.

Við 14. gr. B. XV. 7. Nýr liður:
Til gagnfræðaskólans í Rykjavík, byggingarstyrkur 100000
Til vara 75000

Sþ. 670. Nefndarálit

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1939.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur farið yfir frumvarp þetta og borið saman við ríkisreikning og fjárlög fyrir árið 1939. Fann nefndin nokkrar reikningsskekkjur í frv. og leggur til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 6. gr. A. 6. c. Fyrir „21646,68“ komi: 18768.77.
2. Við 6. gr. A. 21. Fyrir „9735.00“ komi: 9735.11.

3. Við 9. gr. B. IV. Fyrir „39611.96 komi: 8470.17.
Niðurstöðutölur frv. breytast samkvæmt þessu.

Alþingi, 28. maí 1941.

Pétur Ottesen, form. Emil Jónsson, fundaskr. Helgi Jónasson, frsm.
Sig. E. Hlíðar. Páll Hermannsson. Þorst. Þorsteinsson. Jónas Jónsson.
Bjarni Bjarnason. Sigurður Kristjánsson.

Nd. 671. Nefndarálit

um frv. til l. um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 18. gr. Aftan við gr. bætist: enda auglýsi veðdeildin, á 5 ára fresti, skráð nafn, flokk, töluröð og upphæð þeirra bankavaxtabréfa, sem ekki er vitjað vaxta af.
2. Við 23. gr. Aftan við gr. bætist: en þó eigi hærra verði en á skráðu gangverði, og aldrei hærra en ákvæðisverð þeirra er.

Alþingi, 28. maí 1941.

Sveinbjörn Högnason, form. Jón Pálmason, fundaskr. Þorsteinn Briem, frsm.
Skúli Guðmundsson. Haraldur Guðmundsson.

Nd. 672. Frumvarp til laga

um friðun æðarfugls.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Enginn má drepa æðarfugl af ásettu ráði. Sé það gert, varðar það 100 kr. sekt fyrir hvern fugl, sem drepinn er. Sektin tvöfaldast við hverja ítrekun brotsins, allt að 1000 kr. Sé fuglinn drepinn með byssuskoti, er byssan upptæk, og rennur andvirði hennar í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið.

2. gr.

Enginn má kaupa eða selja æðaregg, eða á nokkurn hátt af hendi láta, nema eggskurn til vísindalegra þarfa. Eigi má hirða eða á nokkurn hátt nýta dauða æðarfugla eða hluta af þeim.

Brot gegn þessum ákvæðum varða sektum frá 50—1000 kr.

3. gr.

Frá 15. apríl til 15. júlí eru öll skot bönnuð nær friðlýstu æðarvarpi en 2 km, nema brýna nauðsyn beri til.

4. gr.

Frá 15. apríl til 15. júní má enginn, án leyfis varpeiganda, leggja hrognkelsanet eða önnur net nær friðlýstu varplandi hans en ¼ km. frá stórstraumsfjörumáli.

5. gr.

Hvergi á Íslandi má leggja æðarfuglanet.

Brot gegn ákvæðum 3., 4. og 5. gr. varða sektum frá 50—1000 kr., auk sekta samkv. 1. gr. fyrir fugla þá, sem drepnir eru með netunum eða skotunum. Netin skulu upptæk, og rennur andvirði þeirra í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið.

6. gr.

Sýslumenn skulu ár hvert á manntalsþingum, ótilkvaddir og ókeypis, friðlýsa öllum æðarvörpum í lögsagnarumdæminu og brýna fyrir mönnum að hlýða lögum þessum.

Nú vill einhver koma á fót nýju æðarvarpi í landareign ábúðarjarðar sinnar, og skal hann þá senda sýslumanni skriflega yfirlýsingu um það. Skal þar skýrt frá legu varplandsins, afstöðu þess, ummerkjum og umbúnaði. Skýrslu þessari fylgi vottorð tveggja áreiðanlegra manna um, að hún sé rétt og að þeir telji landið vænlegt til æðarvarps. Síðan friðlýsir sýslumaður varplandinu ókeypis á næsta manntalsþingi.

7. gr.

Lögreglustjórar, hreppstjórar og hafnsögumenn skulu sérstaklega leiða athygli erlendra skipstjóra að lögum þessum, og skulu þau vera til útbýtingar hjá lögreglustjórum landsins á íslenzku, ensku, þýzku, frakknesku og dönsku.

8. gr.

Sektir þær, sem ákveðnar eru í lögum þessum, renna að ⅓ í sveitarsjóð, en að ⅔ til uppljóstrarmanns.

Mál, sem rísa út af brotum á lögum þessum, skal farið með sem opinber lögreglumál.

9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 58 10. nóv. 1913, um friðun æðarfugla.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 673. Nefndarálit

um frv. til l. um kirkjuþing íslenzku þjóðkirkjunnar.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 28. maí 1941.

Bjarni Bjarnason, form.	Gísli Sveinsson, fundaskr.	Þorsteinn Briem, frsm.
Ásgeir Ásgeirsson.	Pálmi Hannesson.	

Ed. 674. Lög

um söngmálastjóra þjóðkirkjunnar.

(Afgreidd frá Ed. 28. maí.)

Samhljóða þskj. 433.

Sþ. 675. Tillaga til þingsályktunar

um byggingu íbúðarhúsa.

Flm.: Ísleifur Högnason, Brynjólfur Bjarnason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að byggð verði íbúðarhús í þeim kaupstöðum landsins, þar sem húsnæðisþörfin er mest, í svo stórum stíl, sem unnt er, til að fullnægja þörfinni, útvega fjármagn til bygginganna og veita aðstoð sína um útvegun byggingarefnis.

Greinargerð.

Það er á allra vitorði, að í Reykjavík og ýmsum öðrum kaupstöðum landsins er fjöldi fólks húsnæðislaus yfir sumartímann, og má þá gera sér í hugarlund, hvernig ástandið verður í haust, ef ekkert verður byggt í sumar.

Það er ekki álitlegt fyrir einstaka menn að ráðast í húsabyggingar til að leigja út á þessum tímum, enda býst enginn við, að svo verði. Sama er að segja um byggingarfélög verkamanna. Félagsmálaráðherra hefur að vísu lýst því yfir, að Byggingarfélag verkamanna í Reykjavík telji ekki útilokað, að félagið hafi aðstöðu til að byggja í sumar, en þá myndi leigan verða miklu hærri en almenn leiga í bænum. Nú er það tilgangurinn með lögum um verkamannabústaði að útvega verkamönnum sæmilegt og ódýrt húsnæði. Ef nú leigan í hinum svo kölluðu verkamannabústöðum færi að verða miklu hærri en almennt tíðkast, þá væri það furðulegt öfugstreymi. Þá væri vitaskuld ekki lengur um neina verkamannabústaði að ræða, heldur miklu fremur húsnæði fyrir efnaðri borgara.

Eina færa leiðin er, að hið opinbera láti byggja íbúðarhús og leigi út íbúðir með viðráðanlegri leigu, eins og tíðkast um sambærilegar íbúðir í eldri húsum. Ef hægt er að fá byggingarefni frá Bretlandi, þá væri það tvímælalaus gróði fyrir þjóðfélagið, enda þó leigan yrði ákveðin í samræmi við gjaldþol þess fólks, sem nú er húsnæðislaust, og er yfirleitt fátækasta fólkið. Á slíkum tímum dugir ekki að einblína á það, að kostnaður og tekjur slíkra nauðsynjaframkvæmda standist á. Aðalatriðið er, að hér er um viðfangsefni að ræða, sem verður að leysast, til þess að firra stórvandræðum.

Flestum mun nú ljóst orðið, hvílíkt fyrirhyggjuleysi það var, vægast sagt, að tillögum sósíalista um að hefjast handa um framleiðslu innlends byggingarefnis var engu sinnt fyrir styrjöldina. Nú er allt í tvísýnu, en hins verður að krefjast, að einskis sé látið ófreistað til að leita úrræða einnig í því efni.

Nd. 676. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 7. maí 1940, um stríðsslysatryggingu sjómanna.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað þetta frv. og mælir með því, að það verði samþykkt með breytingum þeim, er hér fara á eftir. Þó er einn nefndarmanna (GÞ) andvígur því að láta ófriðartryggingu þessa ná til svo smárra skipa sem brtt. við 1. gr. laganna gerir ráð fyrir, og vill hann ekki breyta núgildandi ákvæðum þar að lútandi. Ritar hann því undir nál. með fyrirvara.

BREYTINGARTILLÖGUR.

Við 1. gr.

a. Framan við frv. bætist ný grein, er verði 1. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatala frv. samkv. því):

Fyrri málsl. 1. gr. laganna orðist þannig:

Skylt skal að tryggja fyrir slysum af völdum ófriðar skipshafnir á öllum íslenzkum skipum fjögurra rúmlesta (brúttó) og stærri.

b. Í stað 2. efnismálsgr. 1. gr. frv. komi 2 málsgr., svo hljóðandi:

Tryggingu þá, er um ræðir í 1. málsgr., skal skylt að kaupa hjá Stríðstryggingarfélagi íslenzkra skipshafna. Lætur félagið hana í té á eigin ábyrgð, að svo miklu leyti sem því er það fært að dómi félagsstjórnar, en ella með endurtryggingu, sé hún fáanleg. Nú er endurtrygging eigi fáanleg hjá vátryggingarfélagi, og ábyrgist þá ríkissjóður það, sem á kann að vanta fulla tryggingu, gegn iðgjaldi, er ríkisstjórnin ákveður.

Fiskiskip, sem eingöngu stunda fiskveiðar við strendur landsins og sigla ekki milli landa, greiða í iðgjald frá 1. jan. 1941 að telja 4 krónur fyrir hvern tryggðan skipverja á viku, en ríkissjóður greiðir afgang iðgjaldsins. Uppbót (bonus), sem þessum skipum kann að tilfalla, gengur fyrst og fremst til endurgreiðslu á framlagi ríkissjóðs.

Alþingi, 27. maí 1941.

Bergur Jónsson, form. Vilm. Jónsson, fundaskr., frsm. Gísli Guðmundsson.

Garðar Þorsteinsson, með fyrirvara. Jóhann G. Möller.

Ed. 677. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 33 9. jan. 1935.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Frumvarp þetta er bráðabirgðalög, gefin út 29. okt. síðastl., og miða að því að heimila ríkisstjórninni að veita leyti til tilbúnings öls, sem síðan eigi að selja hinu brezka setuliði, sem nú dvelur í landinu. Var heimild þessi veitt, og hófst sala á öli þessu upp úr síðustu áramótum. Samkvæmt gildandi lögum má styrkleiki öls, sem framleitt er og leyft til drykkjar, nema 2¼% vínandastyrkleika, og er talið, að ölvun geti ekki orðið af neyzlu slíks öls. Styrkleiki á öli því, sem nú er búið til

og selt hinu brezka setuliði, mun nema minnst 4% af vínandastyrkleika og þar af leiðandi orðinn drykkur, sem veldur ölvun.

Frá sjónarmiði bindindismanna og bindindisvina er þessi ráðstöfun talin lítt verjandi, því hún muni leiða til þess, að tilbúningi hins sterkara öls verði ekki hætt að stríðinu loknu, og verði þá leyfð sala á því til neyzlu innanlands.

Öldrykkja er samkvæmt reynslu flestra þjóða bezta aðferðin til þess að leiða menn til neyzlu annarra víntegunda, og þá einkum þá menn innan þjóðfélagsins, sem minnst hafa fjárráðin. Áfengisneyzla, sem of oft veldur ofdrykkju, er þjóðfélagsböl gagnstætt sannri siðmenningu, og hagfræðileg reynsla hefur kennt hinum víðsýnustu mönnum þjóðanna þá lífskoðun, að útrýma beri allri áfengisnautn.

Íslendingar hafa fram á þennan dag verið andvígir því að leyfa með lögum tilbúning sterkra drykkja innan lands. Er hér með þessu frv. því farið inn á nýja braut, sem við undirritaðir getum ekki mælt með, af áður greindum ástæðum. Enn fremur má benda á, að tekjur ríkissjóðs af tilbúningi þessa öls virðast nauðalitlar, en tekjurnar munu hafa ráðið miklu, þegar þessi ákvörðun var tekin af ríkisstjórninni. Öltollurinn mun vera sá sami og af óáfengu öli og neyzla þess mjög takmörkuð, af ástæðum, sem nefndinni er ekki kunnugt um. Tekjur ríkisins af sterkara ölinu eru því hverfandi litlar, og ætti þar af leiðandi fylgi þingmanna við málið af þeim sökum að hverfa úr sögunni. Meiri hluti nefndarinnar er andvígur þeirri tekjuöflunarleið, hvað sem tekjunum líður.

Nefndin gat ekki orðið sammála um afgreiðslu frv. Minni hlutinn (MG) mun skila sérstöku nefndaráliti. En meiri hlutinn leggur til, að frv. verði felld.

Alþingi, 29. maí 1941.

Sigurjón Á. Ólafsson, form., frsm.	Ingvar Pálmason, fundaskr.

Ed. 678. Breytingartillaga

við rökstudda dagskrá á þskj. 665 [Bráðabirgðatekjuöflun fyrir Hafnarfjarðarkaupstað].

Frá Bjarna Snæbjörnssyni.

Fyrir orðin „ekki heimild ... þykir deildinni“ kemur: fé það, sem inn kemur, til malbikunar á þjóðveginum í gegnum Hafnarfjörð, meðan venjulegir tekjustofnar bæjarsjóðs eru nægilegir til eigin þarfa hans, þykir deildinni.

Nd. 679. Frumvarp til laga

um prestssetur Staðarprestakalls á Reykjanesi.

(Lagt fyrir Alþingi 1941.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að flytja prestssetur Staðarprestakalls á Reykjanesi frá Stað á Reykjanesi að Reykhólum í Reykhólahreppi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Á almennum fundi, sem U. M. F. Afturelding í Reykhólasveit hélt 11. marz s.l. í Berufirði, um skóla og kirkjuskipunarmál Reykhólahrepps, og hafði verið boðið á fundinn hreppsnefnd, skólanefnd og sóknarnefndum Staðarprestakalls, var samþykkt tillaga um að flytja hið allra fyrsta prestssetur Staðarprestakalls frá Stað að Reykhólum. Biskup landsins er og meðmæltur flutningnum. Með því að vitað er, að þetta er almennur vilji safnaðarmanna, og ekki verður um það deilt, að Reykhólar, sem eru eign ríkisins, eru betur í sveit sett sem prestssetur en Staður, þá þykir rétt, að stjórnin fái heimild til að flytja prestssetrið, þegar ástæður leyfa.

Ed. 680. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 33 9. jan. 1935.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Ég hef ekki getað orðið sammála meiri hl. nefndarinnar um afgreiðslu málsins. Vill meiri hl. fella frv., en ég samþykkja það óbreytt. Deila hefur staðið um það hér á landi, hvort leyfa ætti bruggun áfengs öls til neyzlu fyrir landsmenn, og virðist sú stefna hafa verið ríkjandi hingað til, að leyfa ekki ölbruggun í þeim tilgangi. Þetta frv. heimilar ekki slíka bruggun öls, heldur eingöngu framleiðslu á áfengu öli fyrir brezka setuliðið, sem hér dvelur. Þær ástæður, sem ríkisstjórnin hafði til að setja bráðabirgðalög um þetta, eru skiljanlegar og réttmætar. Ölbruggun þessi getur veitt ríkissjóði álitlegar tekjur og skapar atvinnu í landinu, og hefði þessi leið ekki verið farin, mundi áfengt öl hafa verið flutt inn í landið handa setuliðinu, en hvorki ríkissjóður né landsmenn notið góðs af þeim innflutningi. Hér er því eingöngu um fjárhagsatriði að ræða, sem ekki snertir deiluna um framleiðslu áfengs öls fyrir landsmenn.

Hins vegar virðist svo sem meiri hl. hafi hnotið um þetta atriði. Hann er andvígur bruggun áfengs öls fyrir landsmenn og sýnist haldinn af ótta við, að þetta tiltæki ríkisstjórnarinnar muni draga þann dilk á eftir sér, að bráðlega verði leyfð framleiðsla og sala á áfengu öli innan lands. En á þetta verður engan veginn fallizt. Það, sem gerzt hefur, er ekki annað en það, sem allir vissu áður, að hægt er að framleiða hér mjög gott áfengt öl, en spurningunni um það, hvort selja skuli þetta góða öl landsmönnum, samhliða hinum sterku vínum, sem áfengissalan flytur inn, og þeirri áfengisblöndu, er hún framleiðir, er ósvarað jafnt fyrir því, þó að þetta frv. verði að lögum.

Af framan greindum ástæðum legg ég til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 3. júní 1941.

Magnús Gíslason.

Nd. 681. Lög

um friðun æðarfugls.

(Afgreidd frá Nd. 4. júní.)

Samhljóða þskj. 672.

Nd. 682. Frumvarp til laga

um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Veðdeild Landsbankans skal vera heimilt að gefa út bankavaxtabréf, allt að 18 milljónum króna. Vaxtabréfunum má skipta í flokka, og nefnist sá þeirra, er fyrst kemur til framkvæmda, 13. flokkur veðdeildarinnar, og hinir í áframhaldandi töluröð þar á eftir. Ráðherra ákveður, hvenær hverjum flokki skuli lokið, er stjórn Landsbankans hefur gert tillögur um það. Heimilt er, með samþykki ráðherra, að hafa 3 flokka með mismunandi vöxtum starfandi í senn. En eigi má hver flokkur vera stærri en 6 milljónir króna.

2. gr.

Veðdeildin gefur út skuldabréf, er hljóða á handhafa (bankavaxtabréf), en nafnskrá má þau í bókum bankans. Stjórn Landsbankans kveður á um lögun, útlit og fjárhæð bankavaxtabréfanna. Ráðherra og bankastjórar Landsbankans undirskrifa bankavaxtabréfin.

Aldrei má gefa meira út af bankavaxtabréfum en nemur fjárhæð þeirri, er veðdeildin á í veðskuldabréfum.

3. gr.

Auk veðskuldabréfa þeirra, sem veðdeildin fær frá lántakendum, skal trygging fyrir vaxtabréfum þessara flokka vera:

1. Varasjóður hvers flokks.
2. Sameiginleg ábyrgð lántakenda, er nemi allt að 10%, sbr. 8. gr.
3. Ábyrgð ríkissjóðs.

Ef taka þarf til tryggginganna 1—3, skal gera það í þeirri röð, sem að ofan er greint.

4. gr.

Í reglugerð fyrir hvern flokk, er bankastjórnin semur og ráðherra staðfestir, skal ákveðið, hversu háum vöxtum skuli svarað af bankavaxtabréfunum og hvar þeir skuli greiðast, svo og hvernig haga skuli auglýsingum um greiðslu þeirra.

Vaxtamiðar, sem komnir eru í gjalddaga, skulu gjaldgengir til lúkningar sköttum og öðrum gjöldum ríkissjóðs, og skulu gjaldheimtumenn ríkissjóðs innleysa þá, ef þeir hafa fé fyrir hendi, er greiðast á í ríkissjóð.

5. gr.

Veðdeildin er undanþegin öllum tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum. Svo á hún rétt til að fá ókeypis eigna- og veðbókarvottorð, til afnota fyrir sjálfa sig.

6. gr.

Fé veðdeildarflokkanna má lána gegn veði í jarðeignum, erfðafestulöndum og húseignum með lóð, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð, en gegn veði í húseignum því aðeins, að þær séu vátryggðar í vátryggingarstofnun, er bankastjórnin telur góða og gilda.

Lánsupphæð má ekki fara fram úr ⅔ af virðingarverði fasteignarinnar.

7. gr.

Eignir þær, sem veðdeildarflokkarnir taka að veði, skal á kostnað lánþega virða á þann hátt, er nánar verður tiltekið í reglugerð fyrir flokkana. Í reglugerðinni má meðal annars ákveða, að stjórn Landsbankans megi nefna til þá menn, er virða skuli

veðin, og að hreppsnefnd eða bæjarstjórn sú, er í hlut á, samþykki virðinguna. Svo skal lántakandi, að minnsta kosti á hverjum fimm ára fresti, meðan lánið stendur, sýna skírteini, sem bankastjórnin tekur gild, fyrir því, að veðið hafi eigi rýrnað í verði, svo að veðdeildarflokknum geti verið nein hætta búin. Láti lántakandi farast fyrir að senda bankastjórn Landsbankans þetta skírteini, má stjórn bankans láta skoðunargerð af innanhéraðsmönnum fram fara á kostnað lántakanda.

8. gr.

Lántakendur veðdeildarflokkanna skulu, auk þess að bera ábyrgð á sínum eigin skuldum, ábyrgjast sameiginlega (in solidum) skuldbindingar hvers flokksins, þó eigi meira en 10% af því, sem lán þeirra námu á síðasta gjalddaga, áður en taka þurfti til ábyrgðarinnar. Skal í reglugerð deildarinnar ákveða, hvenær grípa skuli til þessarar sameiginlegu ábyrgðar og hvernig henni að öðru leyti skuli vera fyrir komið.

9. gr.

Eigi má lána nema gegn 1. veðrétti. Minnsta lán skal vera 300 kr., og skulu lán jafnan standa á hundraði króna.

Lánstíminn má vera allt að 40 árum, sé veðið jarðeign eða vandað steinsteypuhús eða steinhús, og allt að 30 árum, sé veðið vandað timburhús.

10. gr.

Lán þau, sem veðdeildin veitir, má hún greiða í bankavaxtabréfum sínum eftir ákvæðisverði þeirra, en lánþegi hefur rétt til að heimta, að bankastjórnin annist um að koma bankavaxtabréfunum í gjaldgenga peninga, ef þess er kostur, en borga verður hann kostnað þann, sem af því leiðir, og verðfall.

Veðdeildin hefur þó jafnan rétt til að greiða lánin í peningum með þeirri upphæð, sem hún getur fengið fyrir þau, að frádregnum öllum kostnaði. Semja má um sölu bankavaxtabréfa þessara flokka fyrir fram í einu eða fleiru lagi, enda samþykki ráðherra söluverðið.

11. gr.

Hver lántakandi skal greiða 1% af lánsupphæðinni í varasjóð flokksins um leið og hann tekur lánið.

Þó er heimilt að ákveða í reglugerð, að lántökugjaldið greiðist í tvennu eða fernu lagi.

Heimilt er veðdeildinni við hver eigendaskipti að heimta lánið borgað aftur að öllu eða nokkru leyti.

Verði eigendaskipti að fasteign, sem veðsett er veðdeildinni, skal kaupandi þegar um leið og kaupin gerast tilkynna veðdeildinni eigendaskiptin.

12. gr.

Vilji nýr kaupandi taka að sér greiðslu á láni úr þessum flokkum, skal hann leita samþykkis landsbankastjórnarinnar um það. Samþykki hún, að hinn nýi kaupandi taki lánið að sér, skal hann innan sex mánaða frá kaupdegi sanna eignarrétt sinn fyrir bankastjórninni og taka lánið að sér. Slík yfirtaka er ekki stimpilskyld.

13. gr.

Lánum þeim, sem veðdeildin veitir, má hún ekki segja upp, meðan lánþegi gegnir að öllu leyti skyldum þeim, sem hann hefur undirgengizt. En ef ákvæðisgjöld hans verða ekki greidd á réttum gjalddaga, eða veðið gengur svo úr sér, að það er eigi lengur svo tryggjandi sem vera skal, eða haldi skuldunautur ekki vátryggðum húseignum, er að veði eru og talin eru með í matinu, eða falli á veðið eftirstöðvar af sköttum eður afgjöldum, er ganga fyrir kröfum veðdeildarinnar, eða nýr kaupandi vanrækir að taka lán að sér, er bankastjórninni heimilt að telja eftirstöðvar lánsins komnar í gjalddaga undir eins án uppsagnar.

14. gr.

Skuldunautar veðdeildarinnar skulu greiða vexti, afborganir og tillög til að borga kostnað við þessa flokka og til varasjóðs í einu lagi með jafnri upphæð samtals hvern gjalddaga. Árlegt tillag til að borga kostnað við flokkana og til varasjóðs er ½% á ári af upphæð lánsins eins og það var fyrir hvern gjalddaga. Á ákveðnum gjalddögum má hver lántakandi, án undangenginnar uppsagnar, greiða aukaafborganir af skuld sinni, þó svo, að ávallt standi á 100 krónum, eða endurborga hana að öllu leyti. Gjald þetta má hann greiða með bankavaxtabréfum hlutaðeigandi flokks, eftir ákvæðisverði þeirra. Á öðrum tíma árs má og borga lán að fullu, ef bankastjórnin samþykkir, þó því aðeins, að það sé veðdeildarflokknum að skaðlausu.

15. gr.

Heimilt er í reglugerð að ákveða dráttarvexti á afborgunum og vöxtum, sem ekki greiðast á gjalddaga.

16. gr.

Afborgunum þeim og endurborgunum, er greiddar eru í peningum á hverjum gjalddaga, skal varið til að innleysa skuldabréf þau, er hlutaðeigandi veðdeildarflokkur hefur gefið út, eftir hlutkesti, sem notarius publicus hefur umsjón með og fram fer í viðurvist tveggja manna; annan kveður ráðherra til þess, hinn bankastjórnin. Þá er hlutkesti hefur fram farið, skal auglýsa með níu mánaða fyrirvara tölurnar á bankavaxtabréfum þeim, er upp hafa komið til innlausnar, og á hverjum gjalddaga þau verði útborguð. Nánari ákvæði um auglýsingar þessar skal setja í reglugerð veðdeildarflokkanna. Bankinn má og á þann hátt og með þeim fyrirvara, er áður segir, innleysa bankavaxtabréf í stærri stíl.

17. gr.

Eigendur bankavaxtabréfa þeirra, er innleysa skal, geta, gegn því að afhenda þau með vaxtamiðum, er þeim fylgja, fengið útborgaðan höfuðstól þeirra á ákveðnum gjalddaga, og er eigi skylt að greiða vexti af höfuðstólnum upp frá því. Sama rétt hafa handhafar bréfanna, þótt eigi séu eigendur.

18. gr.

Höfuðstóll og vaxtafé, sem komið er í gjalddaga til útborgunar, rennur í varasjóð hlutaðeigandi veðdeildarflokks, sé þess eigi vitjað innan 20 ára frá gjalddaga, enda auglýsi veðdeildin, á 5 ára fresti, skráð nafn, flokk, töluröð og upphæð þeirra bankavaxtabréfa, sem ekki er vitjað vaxta af.

19. gr.

Nú glatast bankavaxtabréf, sem nafnskráð er í bókum veðdeildarinnar, og getur þá bankastjórnin innkallað handhafa bréfsins með 12 mánaða fyrirvara, með auglýsingu, er birt sé þrisvar sinnum samfleytt í blaði því á Íslandi, er flytur opinberar auglýsingar, og í samsvarandi auglýsingablöðum erlendis, þar sem ætla má, að bréfin séu í umferð. Ef enginn gefur sig fram með bréfið í tæka tíð, getur bankastjórnin útgefið handa hinum skráða eiganda þess nýtt bankavaxtabréf með sömu upphæð sem það, er glataðist, án þess nokkur annar, er bankavaxtabréfið kann að hafa verið afsalað, geti þar fyrir búið kröfu á hendur veðdeildinni. — Um ógilding annarra bankavaxtabréfa fer eftir almennum lögum.

20. gr.

Bankavaxtabréf þau, er innleyst hafa verið með hlutkesti, eða hafa verið notuð til að borga eða afborga lán, má eigi framar setja í veltu, heldur skal ónýta þau undir eins ásamt vaxtamiðum og stofnum þeirra, á þann hátt, að þau með því verði ógild, og leggja þau til geymslu í fjárhirzlu deildarinnar, og svo skal við lok næsta reikningsárs eyðileggja þau í viðurvist endurskoðenda ásamt vaxtamiðum þeim, er innleystir hafa verið það reikningsár.

21. gr.

Vaxtamiða og vaxtabréf, sem komin eru í gjalddaga, skal borga út í veðdeildinni í Reykjavík.

Í reglugerð veðdeildarflokkanna skal ákveða, á hvern hátt borga skuli út erlendis vaxtamiða og bankavaxtabréf, sem komin eru í gjalddaga.

22. gr.

Þegar lán er komið í gjalddaga (sbr. 13. gr.), hefur veðdeildin heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarandi dóms, sáttar eða fjárnáms, samkvæmt ákvæðum í tilskipun um fjárforráð ómyndugra, 18. febr. 1847, 10. gr., eða láta leggja það veðdeildinni út til eignar, ef þörf er á. — Veðdeildin þarf ekki að láta neinn vera fyrir sína hönd við uppboðið, og skal þar ekki taka mótmæli skuldunauts til greina, nema þau séu auðsjáanlega á rökum byggð, og eigi er heldur hægt að stöðva eða ónýta uppboðið með neins konar dómskoti.

Veðdeildin hefur aftur á móti ábyrgð á því, að skuldin sé rétt og komin í gjalddaga, og skuldunaut er frjálst að höfða mál til endurgjalds á öllu því, er hann hefur skaðazt á uppboðinu, og öllum málskostnaði að skaðlausu. Veðdeildin getur löglega samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum fasteignum megi fram fara í skrifstofu uppboðshaldara.

23. gr.

Fé ómyndugra manna og opinberra stofnana og sjóða má verja til að kaupa bankavaxtabréf þessara veðdeildarflokka, en þó eigi hærra verði en á skráðu gangverði, og aldrei hærra en ákvæðisverð þeirra er.

24. gr.

Þá er lokið er skuldbindingum hvers þeirra veðdeildarflokka, er stofnaðir verða samkvæmt lögum þessum, rennur varasjóður hans til næsta flokks, og svo áfram. Þegar lokið er skuldbindingum síðasta flokksins, rennur varasjóðurinn til þess eða þeirra veðdeildarflokka eða veðlánsstofnana, sem stofnsettar verða til að halda áfram veðlánastarfseminni eftir að lokið er síðasta flokki samkvæmt þessum lögum. Verði slíkum nýjum flokkum eða veðlánastofnunum fengin aðgreind starfssvið, skiptist varasjóðurinn milli þeirra, svo að hvert starfssvið njóti réttrar ítölu þeirrar, er varasjóðnum hefur þaðan aflazt.

25. gr.

Veðdeildinni skal stjórnað af stjórn Landsbankans, og reikningar hennar endurskoðaðir af endurskoðendum þess banka.

26. gr.

Lög þessi ganga í gildi nú þegar.

Nd. 683. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 66 7. maí 1940, um stríðsslysatryggingu sjómanna.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Fyrri málsl. 1. gr. laganna orðist þannig:

Skylt skal að tryggja fyrir slysum af völdum ófriðar skipshafnir á öllum íslenzkum skipum fjögurra rúmlesta (brúttó) og stærri.

2. gr.

2. gr. laganna orðist þannig:

Atvinnurekendum og öðrum þeim, er bera ábyrgð á því, að þeir séu tryggðir, sem tryggingarskyldir eru samkvæmt lögum nr. 74 31. des. 1937, skal skylt, auk hinnar lögboðnu tryggingar samkvæmt áður nefndum lögum, að kaupa sérstaka stríðstryggingu fyrir skipshafnir þær, sem sigla á svæðum þeim, sem ákveðin hafa verið samkvæmt 1. gr.

Tryggingu þá, er um ræðir í 1. málsgr., skal skylt að kaupa hjá Stríðstryggingarfélagi íslenzkra skipshafna. Lætur félagið hana í té á eigin ábyrgð, að svo miklu leyti sem því er það fært að dómi félagsstjórnar, en ella með endurtryggingu, sé hún fáanleg. Nú er endurtrygging eigi fáanleg hjá vátryggingarfélagi, og ábyrgist þá ríkissjóður það, sem á kann að vanta fulla tryggingu, gegn iðgjaldi, er ríkisstjórnin ákveður.

Fiskiskip, sem eingöngu stunda fiskveiðar við strendur landsins og sigla ekki milli landa, greiða í iðgjald frá 1. jan. 1941 að telja 4 krónur fyrir hvern tryggðan skipverja á viku, en ríkissjóður greiðir afgang iðgjaldsins. Uppbót (bonus), sem þessum skipum kann að tilfalla, gengur fyrst og fremst til endurgreiðslu á framlagi ríkissjóðs.

3. gr.

Aftan við 3. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Auk þeirra trygginga, sem um ræðir í b- og c-lið 3. gr. laganna, er útgerðarmönnum farskipa skylt að tryggja alla skipverja fyrir jafnháum upphæðum og í téðri lagagrein segir, og skal þeim varið til kaupa á árlegum lífeyri hjá viðurkenndum tryggingarfélögum til tryggða sjálfs eða þeirra aðstandenda hans, sem bæturnar eiga að hljóta. Þessi lífeyrir skal ekki skerða önnur eftirlaun, er hlutaðeigandi kann að eiga rétt á.

Sama skylda hvílir og á útgerðarmönnum annarra skipa en farskipa, ef þau sigla til útlanda, enda fer um trygginguna að öðru leyti á sama hátt sem um farskip væri að ræða.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 684. Frumvarp til laga

um ríkisstjóra Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi 1941.)

1. gr.

Alþingi kýs ríkisstjóra til eins árs í senn, og fer hann með vald það, sem konungi er falið í stjórnarskránni.

2. gr.

Kosning ríkisstjóra fer fram í sameinuðu Alþingi.

Réttkjörinn ríkisstjóri er sá, er hefur meiri hluta greiddra atkvæða við óbundna kosningu, enda séu að minnsta kosti ¾ hlutar þingmanna á fundi og eigi þátt í atkvæðagreiðslu. Hljóti enginn þann atkvæðafjölda við fyrstu kosningu, skal kosið óbundinni kosningu að nýju. Nú verður kosning þá eigi lögmæt, og skal þá kjósa um þá tvo menn, er flest fengu atkvæði við þá kosningu; en hafi við þá kosningu fleiri fengið jafnmörg atkvæði, ræður hlutkesti, um hverja tvo skuli kjósa. Ef þeir fá báðir jafnmörg atkvæði við bundnu kosninguna, ræður hlutkesti, hvor þeirra verður ríkisstjóri.

Kosning skal vera skrifleg, og telst auður seðill greitt atkvæði.

3. gr.

Kjörgengur til ríkisstjóra er hver 35 ára gamall maður, sem fullnægir skilyrðum kosningarréttar til Alþingis, að fráskildu búsetuskilyrðinu.

4. gr.

Nú deyr ríkisstjóri eða lætur af störfum áður en kjörtíma hans er lokið, og skal Alþingi þá kjósa nýjan ríkisstjóra, svo fljótt sem kostur er. Ákveða má þá, að sú kosning gildi einungis til næsta reglulegs Alþingis.

5. gr.

Nú verður sæti ríkisstjóra laust eða hann getur ekki gegnt störfum um sinn vegna dvalar erlendis, sjúkleika eða af öðrum ástæðum, og skal þá ráðuneyti Íslands fara með vald ríkisstjóra.

6. gr.

Ríkisstjóri má ekki vera alþingismaður né hafa með höndum launuð störf í þágu opinberra stofnana eða einkaatvinnufyrirtækja.

7. gr.

Ríkisstjóra skulu greiddar af ríkisfé þrjátíu þúsundir króna í laun á ári, auk útlagðs kostnaðar. Hann hefur gjaldfrjálsan bústað, ljós og hita, og er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum.

8. gr.

Ríkisstjóri vinnur eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni, er hann tekur við störfum. Af eiðstaf þessum eða heiti skal gera tvö samhljóða frumrit. Geymir Alþingi annað, en þjóðskjalasafnið hitt.

9. gr.

Ríkisstjóri er ábyrgðarlaus af stjórnarathöfnum. Hann verður eigi sóttur til refsingar nema með samþykki Alþingis.

10. gr.

Ríkisstjóri hefur aðsetur í Reykjavík eða næsta nágrenni.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frumvarp þetta er lagt fyrir Alþingi í samræmi við yfirlýsingu þess um kosningu ríkisstjóra.

Ed. 685. Lög

um viðauka við lög nr. 73 31. des. 1937, um gjaldeyrisverzlun o. fl.

(Afgreidd frá Ed. 5. júní).

Samhljóða þskj. 117.

Nd. 686. Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um síldarmjölsbirgðir til fóðurtryggingar á næsta vetri.

Frá landbúnaðarnefnd.

Landbúnaðarnefnd telur rétt, að deildin afgreiði tillögu um þetta efni, en vill breyta þingsályktunartillögunni nokkuð og gera hana fyllri. Leggur nefndin því til, að till. verði samþ. með þessari

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, eftir því sem við verður komið, að fyrir næsta vetur verði til í landinu nægar birgðir af síldarmjöli til skepnufóðurs, við hóflegu verði, svo og að ákvæðum laga nr. 41 12. júní 1939 verði fylgt, að því er snertir eftirlit með efnisinnihaldi og gæðum síldarmjöls.

Alþingi, 5. júní 1941.

Bjarni Ásgeirsson, form. Jón Pálmason, fundaskr. Steingr. Steinþórsson, frsm.

Ásgeir Ásgeirsson. Pétur Ottesen.

Nd. 687. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 112 18. maí 1935, um hæstarétt.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

13. gr. laganna skal orða svo:

Dómsmálaráðherra getur veitt leyfi til málflutnings við hæstarétt hverjum þeim, sem:

1. er svo andlega og líkamlega hraustur, að hann geti gegnt starfanum,
2. er 25 ára gamall,
3. er lögráður og hefur forræði fjár síns,
4. hefur óflekkað mannorð,
5. hefur íslenzkan ríkisborgararétt,
6. hefur lokið embættisprófi í lögfræði við Háskóla Íslands eða jafngildu prófi við aðra háskóla samkvæmt íslenzkum lögum, og
7. hefur gegnt lögfræðistörfum sem aðalatvinnu í 5 ár samtals að afloknu lagaprófi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 688. Breytingartillögur

við frv. til l. um girðingar til varnar gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og heimild til samþykkta um fjárskipti.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 19. gr. Í stað „hvaða líflömb“ í e-lið komi: hvaðan líflömb.
2. Við 21. gr. Í stað „hegningarlaganna“ í 3. málsgr. komi: 175. gr. hegningarlaganna.
3. Við 22. gr. Aftan við greinina bætist: sbr. þó 18. gr.
4. Við 29. gr. Greinin orðist þannig:
   Nú hefur verið ákveðið að útrýma næmum sauðfjársjúkdómi, og skulu þá gilda, þar sem ákvæði þessara laga ná ekki til og eftir því sem við á, ákvæði laga frá 1941 um varnir gegn útbreiðslu nokkurra næmra sauðfjársjúkdóma og stuðning til bænda, er bíða tjón af þeim.
5. Við 33. gr. Fyrri málsgr. greinarinnar falli niður.

Nd. 689. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 649 [Sauðfjársjúkdómar].

Frá Gísla Guðmundssyni.

Fyrir „kostnað“ kemur: aukakostnað.

Nd. 690. Nefndarálit

um frv. til laga um prestssetur Staðarprestakalls á Reykjanesi.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur einróma til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 5. júní 1941.

Bergur Jónsson, form., frsm. Vilmundur Jónsson, fundaskr. Gísli Guðmundsson.
Jóh. G. Möller. Garðar Þorsteinsson.

Nd. 691. Lög

um varnir gegn útbreiðslu nokkurra næmra sauðfjársjúkdóma og stuðning til bænda, er bíða tjón af þeim.

(Afgreidd frá Nd. 5. júní).

Samhljóða þskj. 634 (sbr. 612).

Ed. 692. Nefndarálit

um frv. til.l. um viðauka við l. nr. 91 14. maí 1940, um húsaleigu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað mál þetta og rætt við kauplagsnefnd og forstöðumann hagstofunnar um efni þess og orðalag. Nefndin hefur komizt að þeirri niðurstöðu um leið og hún lýsir sig málinu fylgjandi, að nauðsyn beri til að breyta orðalagi 1. málsgr. 1. gr. og gera skýrari ákvæði hennar. Telur nefndin nauðsynlegt, að ráðherra sá, er málið heyrir undir, ákveði hlutfallið milli húsaleigu og viðhaldskostnaðar, að fengnum tillögum húsaleigunefndar, sem aðstöðu sinnar vegna ber að gæta hagsmuna beggja, húseigenda og leigjenda. Þá er lagt til, að nokkur fyrirvari sé fyrir kauplagsnefnd og hagstofuna til að ákveða vísitöluna áður en hún kemur til framkvæmda. Að öðru leyti er efni greinarinnar að mestu óbreytt. — Einn nefndarmanna (MG) skrifar undir með fyrirvara.

Nefndin mælir því með frv. með svo hljóðandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. Fyrsta málsgr. orðist svo:

Óheimilt er að hækka húsaleigu eftir húsnæði frá því, sem goldið og umsamið var hinn 14. maí 1940, nema sem svarar auknum viðhaldskostnaði, samkvæmt eftirfarandi ákvæðum:

Félagsmálaráðherra ákveður, að fengnum tillögum húsaleigunefndar, hlutfallið á milli húsaleigu og viðhaldskostnaðar. Kauplagsnefnd skal, með aðstoð hagstofunnar, reikna út hækkun viðhaldskostnaðar tvisvar á ári, 1. maí og 1. sept., miðað við mánuðina jan.—marz 1939. Síðan reiknar nefndin út húsaleiguvísitölu samkvæmt framansögðu. Er heimilt að hækka húsaleigu í samræmi við vísitölu þessa 14. maí og 1. okt., enda sé leigumálinn staðfestur af húsaleigunefnd.

Alþingi, 29. maí 1941.

Sigurjón Á. Ólafsson, form., frsm.	Ingvar Pálmason, fundaskr.	Magnús Gíslason, með fyrirv.

Ed. 693. Breytingartillögur

við brtt. á þskj. 645 [Háskóli Íslands].

Frá Páli Zóphóníassyni.

1. Við 3. tölulið. Liðinn skal orða svo:
   2. gr. orðist svo:
   Hver sá, kona eða karl, sem lokið hefur stúdentsprófi við hinn almenna menntaskóla í Reykjavík, menntaskólann á Akureyri eða annan innlendan skóla jafngildan þeim, eða tekið inntökupróf í viðskiptafræðideild, á rétt á að verða skrásettur háskólaborgari, gegn því að greiða skrásetningargjald til háskólans, enda sé mannorð hans óflekkað. Háskólaráðið getur veitt mönnum, sem tekið hafa próf við erlenda skóla, sem jafngildir íslenzku stúdentsprófi, rétt til að láta skrásetja sig við háskólann.
2. Við 5. Á eftir orðunum „próf, bæði“ í síðari málsgr. bætist: inntökupróf.

Sþ. 694. Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um heimild handa ríkisstjórninni til kaupa á hlutabréfum í Útvegsbanka Íslands h/f.

Frá minni hluta fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur ekki getað orðið sammála um afgreiðslu till. þessarar. Meiri hluti hennar, PO, JJ, EmJ, SEH og SK, vildu samþykkja hana með nokkurri breytingu. Vér undirritaðir teljum málið ekki það undirbúið, að fært sé að ganga frá því að fullu nú. Virðist oss ekki heldur nauðsyn á að hraða því svo, að gefa þurfi stjórninni heimild til þess að ganga upp á sitt eindæmi frá máli þessu milli þinga. Lítur nú út fyrir, að nauðsynlegt verði að veita ríkisstjórninni drjúga heimild til fjárráðstöfunar, og því ekki á bætandi, er vel þolir bið til næsta Alþingis. Þá er ekki heldur nú heppilegur tími, eins og ástatt er um fjármál öll í landi hér, að ákveða raunverulegt verð hlutabréfanna. Enn er það, að afgreiðslu fjárlaga á þessu þingi virðist ekki munu verða það glæsileg, að rétt sé að gera ríkissjóði gjöld, sem sennilega skipta mörgum hundruðum þúsunda króna, ofan á þann áætlaða tekjuhalla, sem fyrir er. Að lokum má benda á það, að vafasamt er, hvort þessi hlutabréfakaup ríkisins verða nema nokkrum þeirra til hagsmuna, er upphaflega keyptu þau fyrir sparifé sitt.

Samkvæmt framansögðu leggjum vér til, að málið verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin láti fara fram athugun á framboðum og verðgildi hlutabréfa Útvegsbanka Íslands h/f og leggi fyrir næsta Alþingi tillögur sínar um, hvort ríkissjóður skuli kaupa hlutabréf þau, er um ræðir í þingsályktunartillögunni, og með hvaða skilyrðum, ef til kemur, svo sem kaupverð, árlegt framlag ríkissjóðs til kaupanna og að keypt verði af þeim einum, er voru upphaflega eigendur bréfanna, tekur þingið fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 6. júní 1941.

Þorst. Þorsteinsson, frsm. Bjarni Bjarnason. Helgi Jónasson. Páll Hermannsson.

Sþ. 695. Breytingartillaga

við frumv. til fjárlaga fyrir árið 1942.

Frá fjárveitinganefnd.

Við 18. gr. II. k. 81. Nýr liður:
Sigurveig Ólafsdóttir ljósmóðir 200

Sþ. 696. Breytingartillaga

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1942.

Frá atvinnumálaráðherra.

Við 22. gr. VIII. Nýr liður:
Að greiða 500 þús. kr. til byggingar sjómannaskóla.

Ed. 697. Breytingartillögur

við frv. til l. um eyðingu svartbaks.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 1. gr. Í stað „tvær krónur“ í upphafi greinarinnar komi: eina krónu.
2. Við 2. gr. Á eftir orðunum „í varplöndum“ komi: þar sem meiri hluti viðkomandi hreppsnefndar eða bæjarstjórnar samþykkir.
3. Við 3. gr. Orðin „eða vitanlegt er, að hafa drepizt af eitri“ falli niður.
4. Við 4. gr.
   a. Fyrri málsliður greinarinnar orðist svo:
      Ríkissjóður greiðir laun þau, er 1. gr. ákveður, en sýsla, sem svartbakur er drepinn í, skal endurgjalda ríkissjóði 25% af laununum.
   b. Í stað orðanna „sýslu og hrepps“ komi: og sýslu.

Ed. 698. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 692 [Húsaleiga].

Frá Magnúsi Gíslasyni.

Fyrsti málsl. 2. efnismálsgr. brtt. orðist svo:
Félagsmálaráðherra ákveður, að fengnum tillögum kauplagsnefndar, hlutfallið á milli húsaleigu og viðhaldskostnaðar, miðað við 4. apríl 1939.

Sþ. 699. Frumvarp til fjáraukalaga

fyrir árið 1939.

(Eftir 2. umr.)

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í fjárlögum fyrir árið 1939, eru veittar kr. 1584060.92 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2. gr., og kr. 3069567.27 til þeirra gjalda, sem talin eru í 3.—14. gr. hér á eftir, samtals kr. 4653628.19.

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 3. gr. A. er veitt:

	1. Póstsjóður:			
II.	1. Póststjórnarkostnaður	kr.		4938.44
	2. Pósthúsið í Reykjavík	—		1985.63
	3. Önnur pósthús	—		11958.33
	4. Póstflutningur	—		11490.76
	5. Önnur gjöld	—		44884.45
	6. Fyrning	—		85.00
		samtals	kr.	75342.61
	af kr. 229077.91 tekjum umfram fjárlagaáætlun.			
	Lagt í byggingarsjóð	kr.		112888.32

2. Landssíminn:

II.	a.	Til einkasíma í sveitum	kr. 4135.29
	b.	1. Aðalskrifstofa landssímans	— 16520.64
		2. Ritsímastöðin í Reykjavík	— 15739.98
		3. Loftskeytastöðin í Reykjavík	— 2338.66
		4. Stuttbylgjustöðin í Reykjavík	— 6915.38
		5. Bæjarsíminn í Reykjavík og Hafnarfirði	— 75286.67
		6. Áhaldahúsið	— 3728.91
		7. Ritsímastöðin á Akureyri	— 14884.20
		8. — á Seyðisfirði	— 5444.42
		10. Símastöðin á Borðeyri	— 1969.92
		11. — í Vestmannaeyjum	— 230.13
		12. — á Siglufirði	— 10315.88
		13. Aðrar símastöðvar og eftirlitsstöðvar	— 7426.59
	c.	Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng o. fl.	— 15990.25
	d.	Viðbót og viðhald stöðvanna	— 34104.21
	f.	Viðhald landssímanna	— 83465.58
	g.	Framhaldsgjald	— 4486.70
	h.	Nám símamanna	— 426.00
	i.	Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern	— 1991.32
	k.	Fyrning á húsum og áhöldum	— 4205.93
	l.	Burðargjald	— 694.39
		samtals	kr. 410301.05

en tekjur fóru kr. 169166.75 fram út fjárlagaáætlun.

Eignabreytingar:

I.	Afborganir af lánum	kr. 37651.01
II.	Til viðauka símakerfa	— 4504.22
III.	Til nýrra símalína	— 20099.15
IV.	Til talstöðva í báta og skip	— 5627.69
V.	Til loftskeytastöðva á skipum	— 22797.80
VI.	Til talstöðvar í Hornafirði	— 2528.20
VII.	Fyrningarsjóður lagður í banka	— 34205.93
	samtals	kr. 127414.00

3. Áfengisverzlun ríkisins:

II.	1.	Laun starfsmanna	kr. 1516.13
	2.	Útsvar og flutningsgjöld	— 17017.47
	3.	Húsaleiga o. fl.	— 1190.92
	6.	Til sjómannaheimilis á Siglufirði	— 30000.00
	7.	Tillag til menningarsjóðs	— 35996.15
	8.	Lagt til hliðar fyrir útsvari næsta árs	— 25000.00
	9.	Gengistap	— 73275.37
		samtals	kr. 183996.04

af kr. 225497.85 tekjum umfram fjárlagaáætlun.

4. Tóbakseinkasala ríkisins:

II.	Gjöld 1—8	kr. 258521.61

en tekjur fóru kr. 30061.15 fram úr fjárlagaáætlun.

5. Ríkisútvarpið:

II.	a.	1. Laun starfsmanna	kr. 22227.83
		2. Útvarpsefni	— 4985.06
		Flyt	kr. 27212.89

	Flutt	kr.	27212.89
3. Skrifstofukostnaður		—	21452.36
6. Til að greiða fyrir útvarpsnotum		—	53.24
7. Ýmis gjöld		—	1175.74
b. Vextir		—	8224.36
	samtals	kr.	58118.59

af kr. 63087.88 tekjum umfram fjárlagaáætlun.

6. Viðtækjaverzlun ríkisins:

II. Gjöld 1—10 ..... kr. 28411.76
af kr. 166778.21 brúttóhagnaði af sölu viðtækja.

7. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg:

II. Gjöld 1—11 ..... kr. 14381.93
af kr. 512540.86 brúttóhagnaði prentsmiðjunnar.

8. Landssmiðjan:

II. Gjöld 1—6 ..... kr. 34707.54
af kr. 123009.72 brúttóhagnaði smiðjunnar.

9. Vífilsstaðabúið:

II. Gjöld 1—6 ..... kr. 44356.17
af kr. 50720.14 brúttótekjum búsins.

10. Kleppsbúið:

II. Gjöld 1—6 ..... kr. 40262.93
af kr. 51355.39 brúttótekjum búsins.

11. Raftækjaeinkasala ríkisins:

II. Gjöld 1—6 ..... kr. 137752.41
af kr. 350221.06 brúttóhagnaði einkasölunnar.

12. Bifreiðaeinkasala ríkisins:

II. Gjöld 1—10 ..... kr. 89537.71
af kr. 308033.27 brúttóhagnaði einkasölunnar.

13. Grænmetisverzlun ríkisins:

II. Gjöld 1—3 ..... kr. 80956.57
af kr. 145549.62 brúttóhagnaði.

3. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 7. gr. er veitt:
Vextir af lánum ríkissjóðs:

1. Innlend lán	kr.	51604.08		
2. Dönsk lán	—	864.09		
3. Ensk lán	—	193873.96		
4. Vextir af lausaskuldum	—	673.01		
			kr.	247015.14

4. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 8. gr. er veitt:

Borðfé Hans hátignar konungsins	kr.	6931.50
Flyt	kr.	253946.64

5. gr.

			Flutt kr.	253946.64
Til viðbótar við gjöldin í 10. gr. er veitt:				
I. Stjórnarráðið, ríkisféhirðir, ríkisbókhald o. fl.:				
1. a. Laun ráðherra	kr.	14583.35		
3. a. 1. Atvinnumálaráðuneytið	—	4398.34		
2. Dómsmálaráðuneytið	—	16081.53		
4. Félagsmálaráðuneytið	—	21554.24		
5. Viðskiptamálaráðuneytið	—	13141.00		
6. Aðrir starfsmenn	—	2124.02		
b. Annar kostnaður	—	40431.89		
4. a. Laun í ríkisféhirzlu og ríkisbókhaldi	—	4161.37		
5. Pappír, prentun og hefting ríkisreiknings	—	2368.35		
6. b. Til pappírs og prentunar stj.tíðindanna	—	152.55		
7. Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðinu og ráðherrabústaðnum	—	25086.20		
II. Hagstofan:				
2. Önnur laun og aðstoð	—	210.00		
3. Pappír, prentun og hefting hagskýrslna	—	465.00		
5. Húsaleiga	—	281.53		
6. Annar kostnaður	—	366.48		
III. Utanríkismál o. fl.				
1. Til sendiráðs í Kaupmannahöfn:				
a. Laun sendiherra	—	1538.83		
b. Húsaleiga	—	1077.19		
c. Kostnaður við embættið	—	3847.09		
d. Til skrifstofuhalds	—	8191.72		
2. Til meðferðar utanríkismála	—	17369.90		
3. Ríkisráðskostnaður	—	616.20		
5. Kostnaður vegna samninga við erlend ríki	—	15939.89	—	193986.67

6. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 11. gr. er veitt:

A. Dómgæzla og lögreglustjórn:

1. Hæstiréttur:				
a. Laun	kr.	5999.97		
b. Annar kostnaður	—	3826.17		
3. Laun hreppstjóra	—	24922.90		
4. Skrifstofukostnaður lögmannsins í Reykjavík:				
a. Laun og aðstoð	—	3435.00		
b. Húsaleiga o. fl.	—	350.00		
5. Skrifstofukostnaður tollstjórans í Reykjavík:				
a. Laun og aðstoð	—	17769.90		
b. Húsaleiga o. fl.	—	3531.76		
c. Ýmisleg gjöld	—	21646.68		
6. Skrifstofukostnaður lögreglustjórans í R.vík:				
a. Laun og aðstoð	—	4150.00		
b. Ljós, hiti og ræsting	—	494.96		
c. Ýmisleg gjöld	—	18768.77		
7. Toll- og löggæzla:				
a. Í Reykjavík:				
1. Laun og aðstoð	—	31315.20		
2. Annar kostnaður	—	16412.50		
	Flyt	kr. 152623.81	kr.	447933.31

		Flutt	kr. 152623.81	kr. 447933.31
	b. Utan Reykjavíkur:			
	1. Laun	—	20759.20	
	2. Annar kostnaður	—	14607.70	
	c. Eftirlit á vegum:			
	1. Laun	—	600.00	
	2. Annar kostnaður	—	900.00	
8.	Bifreiðaeftirlit:			
	a. Laun kr. 5300.00			
	b. Annar kostnaður — 18451.57			
	kr. 23751.57			
	+ prófgjöld og skoðunargjöld umfram áætlun — 533.90	—	23217.67	
9.	Hluti ríkissjóðs af kostnaði við lögregluna í Reykjavík	—	47860.74	
10.	Skrifstofukostnaður sýslumanna, bæjarfógeta og lögreglustjóra	—	14683.00	
12.	Til landhelgisgæzlu	—	48190.63	
13.	Til hegningarhússins í Reykjavík o. fl.	—	8683.53	
14.	a. og b. Til vinnuhælisins á Litla-Hrauni	—	43778.00	
15.	Sakamála- og lögreglumálakostnaður	—	1121.86	
16.	Til sjódómsmanna	—	108.00	
17.	Til setu- og varadómara	—	347.00	
19.	Kostnaður við löggildingastofuna	—	3754.02	
20.	Greiðslur samkv. l. nr. 80 1938, um félagsdóm	—	10278.72	
21.	Greiðslur samkv. l. nr. 85 1936, um meðferð einkamála í héraði	—	9735.11	
	B. Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur:			
1.	b. Endurgreiðsla á símakostnaði embættismanna í embættisþágu	—	55435.08	
3.	Til embættiseftirlitsferða	—	262.92	
4.	a. Kostnaður við skattstofuna í Reykjavík	—	1483.07	
	b. Skattanefndakostnaður	—	18850.01	
	c. Kostnaður við fasteignamat	—	85724.35	
5.	Til ríkisskattanefndar	—	7000.00	
6.	Eyðublöð, bókband, auglýsingar o. fl.	—	30785.58	
				— 600790.00

7. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 12. gr. er veitt:

	Til læknaskipunar og heilbrigðismála:			
1.	Laun héraðslækna	kr.	4338.29	
2.	Til skrifstofukostnaðar landlæknis	—	750.00	
9.	Landsspítalinn	—	31662.26	
	en tekjur spítalans fóru kr. 36077.14 fram úr fjárlagaáætlun.			
11.	Geðveikrahælið á Kleppi:			
	I. Gamli spítalinn	—	7401.63	
	en tekjur spítalans fóru kr. 5195.00 fram úr fjárlagaáætlun.			
		Flyt	kr. 44152.18	kr. 1048723.31

	Flutt	kr.	44152.18	kr. 1048723.31
II.	Nýi spítalinn	—	23345.00	
	en tekjur spítalans fóru kr. 6060.00 fram úr fjárlagaáætlun.			
12.	Heilsuhælið á Vífilsstöðum	—	42570.63	
	en tekjur hælisins fóru kr. 51103.00 fram úr fjárlagaáætlun.			
14.	Heilsuhælið í Kristnesi	—	12133.92	
	en tekjur hælisins fóru kr. 768.84 fram úr fjárlagaáætlun.			
15.	g. Kostnaður við heilbrigðiseftirlit lækna með alþýðuskólum	—	145.05	
	p. Greiðslur samkv. l. nr. 32 1933, um eftirlit með matvælum	—	36210.07	
18.	Greiðslur skv. l. nr. 21 1937, um störf héraðslækna	—	600.00	
19.	Greiðslur skv. l. nr. 86 1938, um lífeyrissjóð ljósmæðra	—	15000.00	
				— 174156.85

8. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 13. gr. er veitt:

A. Vegamál:

I.	Stjórn og undirbúningur vegagerða:			
	3. Ferðakostnaður og fæðispeningar	kr.	182.93	
	4. Til aðstoðarmanna og mælinga	—	7878.02	
	5. Skrifstofukostnaður	—	3965.99	
II.	Þjóðvegir:			
	a. Til nýrra akvega	—	22708.32	
	b. Viðhald og endurbætur	—	86334.29	
	c. Til þjóðvega af benzínskatti	—	51061.51	
III.	Til brúagerða	—	14871.20	
IV.	Til fjallvega	—	7870.84	
V.	2. Til bókasafns	—	102.05	
VI.	2. Til akfærra sýsluvega af bifreiðaskatti	—	712.10	
	3. Til sýsluvegasjóða eftir l. nr. 10 1923	—	25681.32	
X.	Styrkur til að halda uppi vetrarferðum	—	5304.46	
XI.	Styrkur til að halda uppi byggð og gistingu fyrir ferðamenn	—	11659.20	
XIII.	Iðngjöld til slysatryggingarinnar	—	441.80	

C. Vitamál og hafnargerðir:

I.	3. Húsaleiga o. fl.	kr.	621.14	
III.	Rekstrarkostnaður vitanna	—	56.20	
VI.	Til áhaldakaupa	—	4674.60	
VII.	Ýmislegt	—	5906.81	
IX.	Til bryggjugerða og lendingabóta gegn ⅔ kostnaðar annars staðar að	—	2400.00	
XIV.	Fyrning	—	5230.00	

D. Flugmál:

1. og 2.	Til flugmála	—	8666.76	
				— 266329.54
			Flyt	kr. 1489209.70

Flutt kr. 1489209.70

9. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 14. gr. er veitt:

A. Kirkjumál:

a.	2.	Skrifstofukostnaður biskups	kr.	3900.00
b.	3.	Framlag til prestlaunasjóðs	—	9034.68
	5.	Embættiskostnaður presta	—	541.66
	6.	Til utanfarar presta	—	400.00
	10.	Greiðslur samkv. l. nr. 17 1931, um bókasöfn prestakalla	—	2673.53
	11.	Greiðslur samkv. l. nr. 64 1932, um eftirlit með kirkjugörðum	—	1700.00
	12.	Greiðslur samkv. l. nr. 98 1933, um læknishéraða- og prestakallasjóði	—	2000.00

B. Kennslumál:

	I.	Háskólinn	kr.	21039.57
	II.	Námsstyrkur erlendis	—	3120.93
	III.	1. og 3. Laun og skrifstofukostnaður fræðslumálastjóra	—	6981.29
	IV.	Menntaskólinn í Reykjavík	—	8470.17
	V.	Menntaskólinn á Akureyri	—	18652.46
	VI.	Kennaraskólinn	—	10782.23
	VIII.	Greiðslur samkv. l. nr. 71 1936, um kennslu í vélfræði	—	4832.50
	IX.	Bændakennsla:		
		1. Til bændaskólans á Hólum	—	8847.37
		2. Til bændaskólans á Hvanneyri	—	44946.51
	3.	Vegna laga um bændaskóla	—	3000.00
		4. Garðyrkjuskólinn á Reykjum	—	6214.39
		5. Greiðslur samkvæmt l. nr. 51 1930, um bændaskóla	—	47813.95
		6. Greiðslur samkvæmt l. nr. 91 1936, um garðyrkjuskóla ríkisins	—	4299.60
	X.	Greiðslur samkv. l. nr. 100 1938, um iðnaðarnám	—	3380.00
	XII.	Kvennaskólar:		
		2. Til kvennaskólans á Blönduósi	—	3550.00
	XIII.	Almenn barnafræðsla:		
		1. Laun kennara við fasta skóla	—	19424.88
		2. Laun farkennara	—	4986.00
		3. Til farkennslu og eftirlits með heimakennslu	—	5023.84
	XIV.	Unglinga- og alþýðuskólar:		
		1. Til alþýðuskólans á Eiðum	—	5639.40
		2. a. Til héraðsskóla, rekstrarstyrkur	—	19441.25
		3. Til gagnfræðaskóla samkv. l. nr. 48 1930	—	33028.40
		7. Til unglingafræðslu utan kaupstaða samkv. 20. gr. l. nr. 48 1930	—	5000.00
	XV.	Húsmæðrafræðsla:		
		1. Til húsmæðradeildar við alþýðuskóla Þingeyinga	—	2450.00
		Flyt	kr.	311174.61 kr. 1489209.70

	Flutt	kr. 311174.61	kr. 1489209.70
	2. Til húsmæðrafræðslu á Hallormsstað ..	— 3050.00	
	3. a. Rekstrarstyrkur til húsmæðraskólans á Laugalandi	— 2550.00	
XVI.	3. Fyrning af málleysingjaskólanum	— 550.00	
XVIII.	4. Til þess að gera nýjar steinsteyptar sundlaugar	— 2000.00	
XXXI.	Til greiðslu afborgana og vaxta af láni til stúdentagarðsins	— 5299.15	
XXXII.	Greiðslur samkv. l. nr. 57 1937, um lestrarfélög og kennslukvikmyndir	— 23546.63	
XXXIII.	Til sundhallar í Reykjavík skv. þingsályktun	— 82874.44	kr. 431044.83

10. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 15. gr. er veitt:

1.	Landsbókasafnið	kr. 1075.00	
2.	Þjóðskjalasafnið	— 786.67	
3.	Þjóðminjasafnið og verndun fornminja	— 4004.00	
5.	Landsbókasafnshúsið	— 4824.73	
85.	Til listasafnshúss Einars Jónssonar	— 1406.89	
88.	Kostnaður við friðun Þingvalla	— 2405.56	— 14502.85

11. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 16. gr. er veitt:

1.	Til atvinnubóta í kaupstöðum og kauptúnum ..	kr. 5500.00	
2.	Til Búnaðarfélags Íslands	— 8625.95	
3.	Til jarðakaupasjóðs	— 14540.43	
13.	Vegna ráðstafana um tilbúinn áburð	— 172929.46	
15.	Til skógræktar	— 40.00	
16.	Tillag til mannvirkja á Flóaáveitusvæðinu	— 3063.28	
22.	n. Til Guðbrands Hlíðar til dýralækninganáms	— 231.21	
	o. Til Ásgeirs Þ. Ólafssonar til utanfarar	— 500.00	
25.	Til rannsóknarstofu atvinnuveganna	— 7740.93	
26.	Til veðurstofu Íslands	— 3700.23	
27.	Rafmagnseftirlit ríkisins ..... kr. 12803.10 ÷ tekjur umfram fjárlagaáætlun .. — 1590.93	— 11212.17	
29.	Til landmælinga	— 18669.48	
31.	Kostnaður vegna laga um lax- og silungsveiði ..	— 858.20	
33.	Til loðdýraræktar	— 2200.00	
36.	Laun yfirmatsmanna o. fl.	— 697.87	
37.	Eftirlit með skipum og bátum	— 1441.96	
38.	Til fiskifulltrúa í Miðjarðarhafslöndunum	— 282.02	
40.	Kostnaður vegna laga um fiskimatsstjóra	— 1831.80	
61.	Til vinnumiðlunar	— 4247.11	
70.	Húsameistari ríkisins	— 20640.00	
72.	Til skuldaskilasjóðs útvegsmanna	— 15298.63	
77.	Eftirlit með opinberum sjóðum	— 2800.00	
78.	Kostnaður vegna mæðiveikinnar: A. Til varnar gegn útbreiðslu veikinnar ..... kr. 32152.03 ÷ tekjur umfram fjárlagaáætlun . — 10168.36	— 21983.67	
	Flyt	kr. 319034.40	kr. 1934757.38

		Flutt	kr. 319034.40	kr. 1934757.38
80.	Til heimssýningarinnar í New-York	—	161793.04	
81.	Greiðslur samkv. l. nr. 25 1923, um berklaveiki í nautpeningi	—	146.50	
82.	Greiðslur samkv. l. nr. 11 1928, um varnir gegn gin- og klaufaveiki	—	311.15	
83.	Greiðslur samkv. l. nr. 57 1928, um atvinnuleysisskýrslur	—	824.74	
84.	Greiðslur samkv. l. nr. 27 1931, um innflutning sauðfjár	—	2190.88	
85.	Greiðslur samkv. l. nr. 50 1932, um útflutning hrossa	—	106.25	
86.	Greiðslur samkv. l. nr. 1 1935, um meðferð og sölu mjólkur	—	5198.78	
87.	Greiðslur samkv. l. nr. 11 1935, um gjaldeyris- og innflutningsnefnd	—	33205.44	
88.	Greiðslur samkv. l. nr. 93 1935, um eftirlit með skipum og bátum	—	1800.00	
89.	Greiðslur samkv. l. nr. 66 1936, um eyðing svartbaks	—	670.60	
90.	Greiðslur samkv. l. nr. 70 1937, um verðlag á vörum	—	36450.00	
91.	Greiðslur samkv. l. nr. 53 1938, um mat á matjessíld	—	18740.57	
92.	Greiðslur samkv. l. nr. 67 1938, um rannsókn á hagtogaraútgerðarinnar	—	7537.95	
93.	Greiðslur samkv. l. nr. 14 1939, um varnir gegn útbreiðslu garnaveiki í sauðfé	—	99000.00	
94.	Greiðslur til athugunar á undirbúningi rafveita, samkv. þingsályktun	—	4246.15	
95.	Tillag til alþjóðahafrannsókna, skv. þingsályktun	—	10000.00	
96.	Kostnaður vegna auðlindarannsókna	—	42833.87	
				— 744090.32

12. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 17. gr. er veitt:

Til almennrar styrktarstarfsemi:

1.	b. Kostnaður við berklavarnir	kr.	20253.65	
2.	Styrkur til sjúklinga sbr. lög nr. 78 1936	—	559.17	
3.	Gjöld vegna afstöðu foreldra til óskilgetinna barna	—	6905.89	
4.	Til alþýðutrygginga	—	19772.54	
11.	Til hjálpar nauðstöddum Íslendingum erlendis	—	982.16	
13.	Til áfengismálaráðunautar	—	64.40	
31.	Greiðslur samkv. l. nr. 135 1935, um framfærsluskyldu	—	15094.05	
				— 63631.86

13. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 18. gr. er veitt:

Eftirlaun og styrktarfé	—	4156.47

14. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 19. gr. er veitt:

Óviss útgjöld	—	320806.24
	Flyt	kr. 3067442.27

	Flutt	kr. 3067442.27

15. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 22. gr. er veitt:

V.	Húsaleiga ráðherra þess, sem fer með utanríkismál	—	2125.00
	Samtals	kr.	3069567.27

Sþ. 700. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 638 [Fjárlög].

Frá Finni Jónssyni.

Við XXIII. Á eftir orðunum „50 þús. kr.“ komi: að fengnum tillögum Fiskimálanefndar.

Sþ. 701. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 668 [Fjárlög].

Frá Páli Zóphóníassyni.

Við 6. a. bætist: og Laugarvatni.

Sþ. 702. Nefndarálit

um till. til þingsályktunar um heimild handa ríkisstjórninni til kaupa á hlutabréfum í Útvegsbanka Íslands h/f.

Frá meiri hluta fjárveitinganefndar.

Till. var vísað til fjárveitinganefndar 24. f. m. Nefndin ræddi málið á fundi næsta dag og samþykkti að leita álits stjórnar Útvegsbanka Íslands h/f í málinu. Nefndinni barst bráðlega svofellt álit, er bankaráð og framkvæmdastjórn Útvegsbankans höfðu einróma samþykkt á sameiginlegum fundi 26 f. m.:

„Stjórn Útvegsbanka Íslands h/f telur rétt, að athugað verði, á hvern hátt ríkið gæti leyst inn til sín öll hlutabréf bankans, sem ekki eru ríkiseign, og mælir því með, að samþykkt verði á Alþingi ályktun, er heimili þessar framkvæmdir.“

Á fundum fjárveitinganefndar 5. og 6. þ. m. var mál þetta enn rætt. 4 nefndarmanna, þeir BjB, HelgJ, PHerm og ÞÞ, vilja afgreiða málið með rökstuddri dagskrá, en meiri hluti nefndarinnar, þeir EmJ, JJ, PO, SEH og SK, lítur hins vegar svo á, að sanngirni mæli með því, að viðleitni sé sýnd í þá átt að rétta hlut þeirra manna, sem mestan þegnskap sýndu með framlögum sínum, þegar Íslandsbanki hætti störfum, að svo miklu leyti sem fært þykir, og það því fremur, þegar tillit er tekið til þess, að hinir, sem ekki lögðu fram neitt af innstæðum sínum í bankann í þessu skyni, hafa í engu misst, hvorki hvað vexti eða höfuðstól snertir.

Að sjálfsögðu er til þess ætlazt, að ríkisstjórnin gæti allrar varfærni í allri meðferð þessa máls og í mati á verðgildi hlutabréfanna.

Að þessu athuguðu leggur meiri hluti fjárveitinganefndar til, að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að kaupa fyrir hönd ríkissjóðs af hinum upprunalegu eigendum eða erfingjum þeirra, ef þess er óskað, hlutabréf þau í Útvegsbanka Íslands, er keypt voru með hluta af sparisjóðs- og innlánsskírteinainnstæðum í Íslandsbanka, þegar hann hætti störfum, við því verði, er stjórnin telur hæfilegt, að athuguðum öllum málavöxtum um verðmæti bréfanna.

Alþingi, 6. júní 1941.

Pétur Ottesen, form.	Emil Jónsson, fundaskr.	Sigurður E. Hlíðar, frsm.
Sigurður Kristjánsson.		Jónas Jónsson.

Nd. 703. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

1. gr.

Til viðbúnaðar gegn þeim erfiðleikum atvinnuveganna, er stafa af styrjaldarástandinu, til þess að minnka verðbólguna innanlands og draga þannig úr hækkun framfærslukostnaðar og kaupgjalds, og til annarra ráðstafana, sem óhjákvæmilega nauðsynlegar kynnu að þykja af styrjaldarástæðum, eru ríkisstjórninni veittar heimildir þær, er í lögum þessum greinir.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða farmgjöld af vörum, sem fluttar eru til landsins með íslenzkum skipum.

3. gr.

Í því skyni, er í 1. gr. getur, er ríkisstjórninni heimilt að verja allt að 5 milljónum króna af tekjum ríkissjóðs á árinu 1941.

4. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt með reglugerð að leggja sérstakt útflutningsgjald á íslenzkar afurðir, sem fluttar eru út úr landinu. Skal gjaldið vera ákveðinn hundraðshluti af fob-verði afurðanna, þó ekki hærri en 10 af hundraði. Er ríkisstjórninni heimilt að ákveða á mismunandi hátt gjald af hinum ýmsu útflutningsvörum, miðað við framleiðslukostnað og söluverð.

Heimilt er ríkisstjórninni að ákveða, að gjald þetta skuli aðeins ná til þeirra afurða, sem framleiddar eru eftir að reglugerðin um útflutningsgjaldið öðlast gildi.

5. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að leggja með reglugerð sérstakan skatt á hreinar tekjur ársins 1940, að frádreginni upphæð eftir ákvörðun ríkisstjórnarinnar fyrir hvern skylduómaga, samkvæmt því, sem skattanefndir hafa talið þá. Má skattur þessi nema allt að 5% (fimm af hundraði) af tekjunum þannig ákvörðuðum. En hreinar tekjur

ákveðast samkv. reglum 7.—10. gr. laga um tekju- og eignarskatt, nr. 6 9. janúar 1935, þó svo, að eigi gildi ákvæði 8. gr. þeirra laga um frádrátt á tekjum félaga vegna varasjóðstillags og 5% af hlutafé eða stofnfé.

Skatturinn reiknast þannig:

Fyrstu 1 þúsund kr. af tekjunum eru skattfrjálsar.
Af 2. þúsundinu reiknast 10% af skattinum.
— 3. — — 20— — —
— 4. — — 40— — —
— 5. — — 60— — —
— 6. — — 80— — —
— 7. — og því, sem þar er fram yfir, greiðist skatturinn með fullu hundraðsgjaldi.

6. gr.

Ákvæði um innheimtu gjalda þeirra, er lög þessi fjalla um, skulu sett í reglugerð, svo og um eftirlit með framkvæmd hennar og refsingu fyrir brot á lögunum eða reglugerðinni.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir ósk viðskiptamálaráðherra. Nefndarmenn eru óbundnir í afstöðu sinni um einstök atriði frumvarpsins og áskilja sér allan rétt til að flytja breytingartillögur og fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Haraldur Guðmundsson getur ekki fallizt á að taka þátt í flutningi frumvarpsins eins og það liggur fyrir.

Frumvarpinu fylgdi eftir farandi bréf og athugasemdir:

ALÞINGI

Reykjavík, 6. júní 1941.

Undanfarið hafa farið fram viðræður milli stjórnarflokkanna á Alþingi um lausn dýrtíðarmálanna, og þá sérstaklega um tekjuöflun í því skyni að halda niðri verðlagi innanlands og til þess að mæta þeim erfiðleikum atvinnuveganna, er stafa kunna af styrjöldinni.

Skoðanir hafa verið nokkuð skiptar um einstök atriði málsins, og hefur ekki enn fengizt úr því skorið til hlítar, hvaða lausn á málinu er helzt að skapi meginþorra þingmanna.

Þar sem Alþingi hefur nú staðið alllengi, en verður þó áður en það lýkur störfum að taka afstöðu til þessa máls, óska ég þess hér með, að háttv. fjárhagsnefnd neðri deildar Alþingis flytji frumvarp það til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna, sem hér með fylgir.

Í frumvarpi þessu er tekið tillit til mismunandi sjónarmiða, sem fram hafa komið við meðferð málsins, og er það von mín, að nægilegt þingfylgi fáist fyrir því að leysa málið í aðalatriðum eftir þeim leiðum, sem frumvarpið ákveður, enda þótt gera megi ráð fyrir, að einhverjar breytingar verði að gera á því í meðferð þingsins.

Eysteinn Jónsson.

Fjárhagsnefnd neðri deildar Alþingis.

Þegar gengi krónunnar var lækkað í apríl 1939, var það fyrst og fremst gert til þess að rétta við hag útgerðarinnar. Það mátti hins vegar ljóst vera, að um lítil

eða jafnvel engin áhrif á afkomu sjávarútvegsins gat verið að ræða, ef kaupgjald og tilkostnaður allur hefði hækkað samhliða gengislækkuninni, og voru því sett um það ákvæði í gengislögin, svo sem kunnugt er, að kaupgjald skyldi hækka að nokkru leyti til samræmis við verðhækkun, sem verða kynni, en frekari hækkun bönnuð.

Ákvæði þessi reyndust þýðingarmeiri en upprunalega mun hafa verið gert ráð fyrir, þar eð ófriðurinn, sem brauzt út haustið 1939, hafði í för með sér miklar breytingar á verðlaginu og þar með á kaupgjaldinu. Á Alþingi 1940 voru ákvæði gengislaganna um kaupgjald framlengd með nokkrum breytingum til ársloka 1940. Um áramótin gengu þessi ákvæði úr gildi, og fóru þá fram samningar um kaupgjaldsmál milli atvinnurekenda og verkamanna. Varð niðurstaðan sú, að frá þeim tíma hefur verkamannakaup hækkað í fullu samræmi við hækkun framfærsluvísitölunnar, og sums staðar gengu atvinnurekendur inn á nokkra hækkun á grunnkaupi. Síðar var verzlunarmönnum og opinberum starfsmönnum veitt full dýrtíðaruppbót á laun, er eigi væru hærri en 650 kr. á mánuði, og nú er svo komið, að því sem næst allir launþegar fá greidda fulla dýrtíðaruppbót á laun sín, að minnsta kosti upp að vissu marki.

Verðvísitala kauplagsnefndar og hagstofunnar er nú 153, og þá miðað við 100 í janúar—marz 1939. Framfærslukostnaður og laun eru því 53% hærri nú en fyrir tveim árum. Hækkun framfærslukostnaðarins hefur haft og hefur í för með sér hliðstæða hækkun á launum, — hækkuð laun valda auðvitað hækkuðum framleiðslukostnaði á öllum þeim vörum, sem framleiddar eru í landinu, — það veldur nýrri hækkun á framfærslukostnaðinum, en hún hefur hins vegar aftur í för með sér nýja hækkun á kaupgjaldinu, og þannig koll af kolli. En verði óhikað haldið áfram á sömu braut, getur það haft mjög alvarlegar afleiðingar, þótt síðar verði.

Það tímabil, sem af er styrjöldinni, hefur verið hagstætt landinu að því leyti, að verð útfluttrar vöru hefur stigið meira en innfluttrar, og skilyrði hafa skapazt til aukins útflutnings á vissum sviðum, þótt þýðingarmiklir markaðir hafi að vísu tapazt. Ýmsir kunna því að vera þeirrar skoðunar, að þjóðin hafi bætt hag sinn og aðstöðu svo verulega, að kaupgjaldshækkanir þær, sem átt hafa sér stað, hafi verið eðlilegar og réttmætar. En þegar sagt er, að það tímabil, sem af er styrjöldinni, hafi verið landinu hagstætt, er ekki nema hálfsögð sagan. Engum getur blandazt hugur um það, að geysilegt verðfall verður á útflutningsvörum landsmanna þegar að styrjöldinni lokinni, og má telja víst, að verð útfluttrar vöru falli þá mun meira en innfluttrar, svo að enn er óvíst um það, hvort styrjaldarárin sem heild muni bæta hag og aðstöðu þjóðarinnar, þegar öll kurl koma til grafar. Að sjálfsögðu eru allir sammála um það, að æskilegast sé, að lífskjör þjóðarinnar séu sem bezt, en það er hinn mesti og háskalegasti misskilningur, að bætt lífskjör fáist einungis með hækkuðu kaupgjaldi og hækkuðu innanlandsverði á innlendum framleiðsluvörum, eða að hækkað kaupgjald hafi jafnan í för með sér bætt lífskjör.

Eins og nú er komið málum, getur hækkað kaupgjald ekki varanlega bætt lífskjör launþeganna. Þau geta því aðeins batnað, að þeir fái meiri vörur fyrir laun sín, en þegar kaupgjaldshækkunin veldur aftur hækkuðu vöruverði, er auðséð, að launþeginn hefur til lengdar engan hag af kaupgjaldshækkuninni, — hún verður að engu í höndum hans, sökum síhækkandi verðlags.

En það er ekki einungis, að það sé launþegunum í rauninni til engra hagsbóta, að kaupgjaldið elti þannig verðlagið, ef verðlagið eltir kaupgjaldið aftur á móti, heldur getur það haft í för með sér mjög alvarlegar afleiðingar fyrir atvinnuvegi landsmanna og þjóðarheildina, þótt síðar verði. Svo sem getið hafði verið, má telja vafalaust, að verðfall mikið verði á útflutningsvörum landsmanna þegar að styrjöldinni lokinni, og falli þá verð þeirra miklu meira en framfærslukostnaðurinn innanlands. En verði kaupgjaldið þá bundið framfærslukostnaðinum eins og nú er, má telja tvímælalaust, að atvinnuvegirnir fengju ekki risið undir því, og geysilegir erfiðleikar sköpuðust auk þeirra, sem verðhrunið sjálft skapaði. Þegar svo

væri komið, hlyti það að verða erfiðleikum bundið að halda uppi gengi krónunnar og óneitanlega nokkur hætta á lækkun hennar.

Afleiðingar þess ástands, er nú er ríkjandi í verðlags- og kaupgjaldsmálum, geta ekki einungis orðið mjög alvarlegar fyrir atvinnuvegina og þjóðarheildina, þegar stríðinu lýkur og aftur fer að halla undan fæti, heldur verka þær einnig nú þegar að ýmsu leyti mjög óheppilega. Hinar miklu verðhækkanir raska mjög hlutfallinu milli eigna og skulda, peningaverðmæti rýrna, tekjuskipting verður mjög ójöfn, og í kjölfar þessa siglir svo ýmiss konar spákaupmennska og brask, sem hefnir sín síðar, þegar aftur koma eðlilegir tímar. Mjög dregur úr sparnaðarviðleitni allri, þar eð verðgildi peningaverðmæta fer minnkandi sökum hækkandi verðlags, og er hætt við, að menn noti þær tekjur sínar til neyzlu, sem annars hefðu verið lagðar til hliðar, og jafnvel kjósi heldur að eyða sparifé sínu en láta verðgildi þess rýrna sí og æ. Festing fjár í nýjum atvinnufyrirtækjum er og minni en ella myndi verða, sökum hins mikla og síhækkandi framleiðslukostnaðar og beinlínis vegna þess, að nánast er ókleift að koma upp nýjum framleiðslutækjum sökum skorts á efni til þeirra hluta.

Allar þessar afleiðingar ríkjandi ástands í kaupgjalds- og verðlagsmálum eru svo alvarlegar, að brýna nauðsyn ber til ráðstafana til þess að vinna gegn þeim. Það þarf að vinna gegn því, að útflutningsatvinnuvegirnir verði ósamkeppnisfærir að styrjöldinni lokinni og erfiðleikarnir verði meiri en þeir, sem verðhrunið sjálft óhjákvæmilega hlýtur að hafa í för með sér. Það þarf að vinna gegn frekari röskun á verðmætum og tekjuskiptingu og enn fremur gegn frekari verðhækkunum til þess að halda uppi verðgildi peninganna. Það verður því að gera allt, sem unnt er, til þess að halda útsöluverði innlendrar og erlendrar nauðsynjavöru til neytenda sem stöðugustu og koma í veg fyrir, að þær hækki til neytenda, jafnvel þótt innflutningsverð erlendrar vöru hækki og innlendir framleiðendur þurfi að fá hærra verð fyrir afurðir sínar. Fyrir hendi þarf að vera fé til þess að bæta upp verð á útflutningsafurðum, ef þær verða sérstaklega hart úti hvað verðlag snertir. Er átt við það sérstaklega, þar sem í 1. gr. frv. er talað um stuðning við atvinnuvegina. Það getur ekki með nokkru móti talizt sanngjarnt, að þeir framleiðendur, sem vegna styrjaldarinnar kunna að bíða stórtjón, séu látnir bera það einir og óstuddir á sama tíma sem aðrir framleiðendur og aðrir landsmenn hagnast stórlega vegna styrjaldarinnar.

Kemur þá til athugunar, hvernig afla beri fjár þess, sem nauðsynlegt er í þessu skyni. Þar eð fé þetta er nauðsynlegt vegna ástands, sem er bein afleiðing styrjaldarinnar, virðist sjálfsagt að afla þess þar, sem um beinan og ótvíræðan hagnað vegna styrjaldarinnar er að ræða, og kemur þá til greina útflutningsgjald (sbr. 4. gr. frv.) á þær afurðir, sem veruleg verðhækkun hefur orðið á vegna styrjaldarinnar. En þar sem vitanlegt er, að ágóði af útflutningi íslenzkra afurða hefur verið mjög misjafn, er heimilað, að gjaldið megi vera misjafnlega hátt á hinum ýmsu vörutegundum. Er heimilað, að útflutningsgjaldið nemi allt að 10% af fob-verði útflutningsafurðanna.

En það er ekki einungis um „stríðsgróða“ að ræða hjá þeim, sem selt hafa vörur sínar á erlendum markaði við háu verði, heldur hafa tekjur mjög margra stóraukizt beinlínis vegna ríkjandi styrjaldarástands, og ber í því sambandi t. d. að minnast framkvæmda brezka setuliðsins. Virðist því réttmætt, að greitt sé nokkurt gjald af hreinum tekjum (sbr. 5. gr. frv.), er gangi til þess að vinna gegn frekari hækkun framfærslukostnaðar.

Nú fyrir skemmstu hefur Alþingi samþykkt breytingar á lögunum um tekju- og eignarskatt, þar sem gengið er svo langt hvað snertir stighækkun tekjuskattsins á hærri tekjum, sem samkomulag fékkst um á Alþingi. Skatturinn hefur verið lækkaður til muna á öllum almenningi, en jafnframt því hefur atvinna á öllum sviðum viðskiptalífsins aldrei verið meiri né tekjur almennings yfirleitt hærri, þótt

dýrtíðaruppbótin sé frá skilin. Hins vegar er sanngjarnt, að hinum lægstu tekjum sé hlíft við skatti þessum og ómagafrádráttur ákveðinn.

Í 3. gr. frv. er ríkisstjórninni enn fremur heimilað að verja allt að 5 millj. kr. af tekjum ríkissjóðs á árinu 1941 í þessu sama skyni.

Þá er í frv. heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ákveða hámarksfarmgjöld af vörum, sem fluttar eru til landsins með íslenzkum skipum.

Aðalefni frv. þessa er það, að ríkisstjórninni er gefin heimild til þess að gera ráðstafanir til að draga úr verðbólgunni innanlands og koma, eftir því sem unnt er, í veg fyrir frekari hækkun framfærslukostnaðar og kaupgjalds og til þess að styðja þær atvinnugreinar, er verða fyrir áföllum af styrjaldarástæðum, en að framan hefur verið sýnt fram á, að verði slíkar ráðstafanir ekki gerðar, getur það haft mjög alvarlegar afleiðingar fyrir atvinnuvegi landsmanna og þjóðina alla. Til þess að standast kostnaðinn við þessar ráðstafanir er ríkisstjórninni gefin heimild til að leggja á útflutningsgjald, taka nokkurt gjald af hreinum tekjum landsmanna og auk þess verja til þess allt að tiltekinni upphæð af tekjum ríkissjóðs 1941.

Sumum kann að virðast, að með þessu frumvarpi sé krafizt verulegra fórna af landsmönnum, en þess er að gæta í því sambandi, að fjárframlög þessi munu, að því leyti, er þau verða notuð til þess að lækka dýrtíðina frá því, er hún ella hefði orðið, koma landsmönnum til góða þegar í stað, og þó alveg sérstaklega síðar, þar sem þær hljóta að verka til þess, það sem þær ná, að draga úr taprekstrarhættu atvinnuveganna og hjálpa til þess að halda uppi verðgildi krónunnar.

Nd. 704. Nefndarálit

um frv. til laga um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1939.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur yfirfarið frumvarpið og borið niðurstöðutölur saman við ríkisreikninginn, enn fremur rannsakað athugasemdir endurskoðenda og rætt þær á nokkrum fundum. Aðeins einni athugasemd er vísað til aðgerða Alþingis, 24. athugasemdinni, um reikningshald útgáfu skólabóka. Sér nefndin eigi sérstaka ástæðu til aðgerða um þau atriði, er þar greinir, en nokkrir nefndarmanna telja þó ástæðu til að athuga nánar fyrirkomulag þessarar útgáfustarfsemi og sníða af henni ýmsa vankanta, sem þeir telja vera á henni. Eru það mest framkvæmdaratriði, sem hægt er að lagfæra án löggjafar. Þá telja sumir nefndarmanna rétt að breyta lögunum einnig, en þar sem svo er liðið á þingtímann, verður það eigi fært að þessu sinni.

Nefndin leggur því til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 6. júní 1941.

Sveinbjörn Högnason, form., frsm. Jón Pálmason, fundaskr. Skúli Guðmundsson.

Stefán Stefánsson. Haraldur Guðmundsson.

Nd. 705. Lög

um breyting á lögum nr. 66 7. maí 1940, um stríðsslysatryggingu sjómanna.

(Afgreidd frá Ed. 7. júní).

Samhljóða þskj. 683.

Ed. 706. Frumvarp til laga

um girðingar til varnar gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og heimild til samþykkta um fjárskipti.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

I. KAFLI
Um varnarlínur.

1. gr.

Skipta skal öllu landinu í sóttvarnarsvæði með fjárheldum girðingum, þar sem þess gerist þörf, til varnar gegn fjársamgöngum og útbreiðslu næmra búfjársjúkdóma milli héraða eða landshluta.

Girðingar þessar skulu enn fremur lagðar með hliðsjón af heppilegum ráðstöfunum til útrýmingar búfjársjúkdómum, ef til kemur. Varnarlínurnar afmarka sóttvarnarsvæðin.

2. gr.

Varnarlínur skulu vera þessar:

1. Við Þjórsá.
2. Við Ölfusá, Hvítá og Jökulfallið.
3. Yfir Reykjanesið hjá Straumi til Herdísarvíkur.
4. Frá Hvalfirði í Langjökul.
5. Við Hvítá í Borgarfirði upp í Stafholtstungur og þaðan milli Hvítár og Norðurár norður í varnarlínu nr. 11.
6. Yfir Snæfellsnes milli Skógarness og Álftafjarðar.
7. Úr Hvammsfirði í Hrútafjörð.
8. Úr Gilsfirði í Bitrufjörð.
9. Úr Kollafirði í Ísafjörð.
10. Úr Þorskafirði í Steingrímsfjörð.
11. Úr Hrútafjarðar—Hvammsfjarðargirðingu í Langjökul.
12. Með Blöndu í Kjalargirðingu eða Hofsjökul.
13. Með Héraðsvötnum og Jökulsá eystri í Hofsjökul.
14. Með Skjálfandafljóti.
15. Með Jökulsá á Fjöllum.
16. Frá sjó við Kópasker í Loka við Þistilfjörð.
17. Úr Jökulsá í Miðfjörð.
18. Með Jökulsá á Brú.
19. Frá Eskifirði um Eskifjarðarheiði með Eyvindará í Lagarfljót við brúna, og úr botni Lagarfljóts með Gilsá um Fossárdal í Berufjörð.
20. Úr Hornafjarðarfljóti í Vatnajökul.
21. Með Jökulsá á Breiðamerkursandi.
22. Milli Langjökuls og Hofsjökuls nálægt Hvannavallakvísl norðan Hveravalla og Kjalhrauns milli Rjúpnafells og Dúfunefsfells.

23. Úr girðingu undir tölulið 19, sem næst sýslumörkum milli Austur-Skaftafellssýslu og Suður- og Norður-Múlasýslu til jökla.

Girðingar þær, sem hér um ræðir og ekki eru þegar fullgerðar, skulu kostaðar af ríkinu og lagðar þegar sauðfjársjúkdómanefnd telur það nauðsynlegt og fé er veitt til þess í fjárlögum. Sauðfjársjúkdómanefnd skal leita um það samþykkis landbúnaðarráðherra í hvert skipti.

3. gr.

Girðingarstæði skulu valin þar, sem bezt skilyrði eru til varnar af náttúrunnar hendi, eftir því sem við verður komið án þess að svipta upprekstrarfélög eða einstakar jarðir aðgangi að afréttarlöndum þeirra eða heimahögum, nema brýn nauðsyn krefji.

Skulu þau nánar ákveðin í samráði við fulltrúa, er hlutaðeigandi sýslunefndir velja til þess.

Nú kemur í ljós, að viðunandi girðingarstæði fæst ekki án þess að skerða lönd jarða eða upprekstrarfélaga, og skal þá leitazt við að bæta það á þann hátt að eftirláta þeim tilsvarandi lönd í skiptum, ef unnt er.

Komi aðilar sér eigi saman um landskipti, skulu þeir tilnefna sinn manninn hvor, en sýslumaður oddamann, ef aðilar eru innan sýslu. En ef ágreiningur um landskiptin er milli sýslna, skal landbúnaðarráðherra tilnefna oddamann, og skal gerð þeirra vera fullnaðarúrskurður um málið.

Bætur þær, sem þeir ákveða, greiðast af þeim, sem landið fá, eftir notagildi þess. Nægi það ekki, greiðir ríkissjóður og hlutaðeigandi sýslusjóður það, sem á vantar, að hálfu hvor.

4. gr.

Þegar girðingar þær, sem um ræðir í 2. gr., eru lagðar, ákveður sauðfjársjúkdómanefnd, hvenær þær skuli koma undir lög þessi og falla undan ákvæðum laga um varnir gegn útbreiðslu nokkurra næmra sauðfjársjúkdóma og stuðning til bænda, er bíða tjón af þeim, og skal úr því kosta viðhald þeirra og endurlagningu að ⅔ úr ríkissjóði, en ⅓ úr hlutaðeigandi sýslusjóði. Heimilt er sýslunefndum að leggja sérstakt gjald á búfjáreigendur, miðað við fénaðartölu þeirra, til þess að standast þennan kostnað.

Landbúnaðarráðherra ákveður með reglugerð, að fengnum tillögum sauðfjársjúkdómanefndar, hverjir skuli bera kostnaðinn af hverri einstakri varnarlínu og í hvaða hlutföllum, ef um fleiri en eitt sýslufélag er að ræða.

Sýslunefndir skulu kjósa einn eða fleiri menn hver til þess að vera í ráðum með framkvæmdastjóra um framkvæmd verksins.

5. gr.

Bannað er að flytja sauðfé yfir varnarlínur nema eftir tillögum sauðfjárræktarráðunautar og með leyfi sauðfjársjúkdómanefndar, eða þeirra, er síðar kunna að taka við störfum hennar.

Kindur, sem sleppa yfir varnarlínur, má ekki reka aftur yfir þær, en skulu teknar til slátrunar, þar sem þær koma fyrir, en eigendum skal gera það verð úr, sem unnt er.

Landbúnaðarráðherra getur ákveðið, að bann það, sem hér um ræðir, nái einnig til annars búpenings, ef alvarlegur smitandi sjúkdómur kemur upp í honum.

Nú kemur upp alvarlegur smitandi búfjársjúkdómur, sem ekki er í næstu héruðum, og skal þá setja varðmenn til frekara öryggis meðfram þeim varnarlínum, sem nauðsynlegt er að tryggja til þess að hindra útbreiðslu veikinnar.

Landbúnaðarráðherra getur enn fremur, að fengnum tillögum sauðfjársjúkdómanefndar, eða þeirra stofnana, er síðar færu með þessi mál, fyrirskipað niðurskurð búfjár á takmörkuðum svæðum til útrýmingar og varnar gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma.

Kostnaður við vörzluna greiðist úr ríkissjóði, en útrýmingarkostnaður greiðist samkvæmt almennri bótaskyldu eða eftir sérstökum lögum, sem sett kunna að verða um það efni.

6. gr.

Framkvæmdastjóri sauðfjársjúkdómavarnanna skal hafa á hendi allar framkvæmdir og eftirlit með, að ákvæðum laga þessara sé fylgt, undir stjórn sauðfjársjúkdómanefndar og landbúnaðarráðherra.

II. KAFLI

Um samþykktir til útrýmingar smitandi búfjársjúkdómum.

7. gr.

Heimilt er fjáreigendum, sem búsettir eru á sama sóttvarnarsvæði, eða einstökum héruðum, ef þau eru einangruð frá öðrum sveitum, eða auðvelt að einangra þau frá öllum fjársamgöngum við þær, að gera samþykkt um útrýmingu á smitandi búfjársjúkdómum, með fjárskiptum eða á annan hátt.

8. gr.

Nú þykir fjáreigendum innan ákveðins sóttvarnarsvæðis, eða á einhverjum hluta þess, er uppfyllir skilyrði 7. gr. um einangrun, ástæða til, að gerð sé samþykkt um útrýmingu búfjársjúkdóms, og skulu þeir þá, eftir að hafa leitað álits sauðfjársjúkdómanefndar, snúa sér til allra hreppsnefnda á viðkomandi svæði með áskorun um, að þær, hver í sínum hreppi, boði á venjulegan hátt til fundar meðal fjáreigenda, til að ræða málið og kjósa með hlutbundnum kosningum þrjá fulltrúa til að mæta á sameiginlegum fundi fyrir sóttvarnarsvæðið. Á sama hátt og eftir sömu reglum getur sauðfjársjúkdómanefnd haft frumkvæði um málið.

Fulltrúafundur er lögmætur, ef mættir eru fulltrúar frá $^2/_3$ af þeim hreppum eða hreppshlutum, sem eru á því svæði, er útrýmingunni er ætlað að ná til. Sauðfjársjúkdómanefnd ber að láta fulltrúa fyrir sína hönd mæta á fundinum. Nú fallast $^3/_4$ mættra fulltrúa á, að komið sé á samþykkt um áður greint efni, og skulu þeir þá gera frumvarp til slíkrar samþykktar.

9. gr.

Í frumvarpi til samþykktar skal þetta tekið fram:

1. Hreppar eða hreppshlutar, er samþykktinni er ætlað að ná til.
2. Hvenær útrýmingin skuli fram fara í fyrsta lagi.
3. Um skipun fulltrúaráðs og um kosningu framkvæmdanefndar, er skipuð sé minnst 3 mönnum.
4. Ákvæði um helztu verkefni framkvæmdanefndar.
5. Önnur ákvæði, er málið varða.

Sauðfjársjúkdómanefnd skal gefa út fyrirmynd að samþykktum þeim, er hér um ræðir.

10. gr.

Nú samþykkir fundurinn frumvarp með $^3/_4$ atkvæða mættra fulltrúa, og skal hann þá kjósa kjörstjórn, er hafi á hendi undirbúning atkvæðagreiðslunnar og talningu atkvæða. Kjörstjórnin velur sér sjálf formann, hún ákveður, hvenær atkvæðagreiðslu skuli lokið í hreppnum og fyrir hvaða tíma atkvæðaseðlar og fundargerð skuli komið til kjörstjórnar og hvenær talning atkvæða skuli fara fram.

11. gr.

Nú hefur frumvarp til samþykktar verið samþykkt á fulltrúafundi með $^3/_4$ atkvæða allra mættra fulltrúa, og skal það því næst sent öllum hreppsnefndum í þeim hreppum, sem samþykktinni er ætlað að ná til.

Hreppsnefndum skal þá skylt að boða til fundar í hreppnum með hæfilegum fyrirvara, og skal taka fram í fundarboði, að frumvarp til samþykktar um útrýming liggi fyrir til atkvæðagreiðslu.

Atkvæðisrétt um samþykktina hafa allir framteljendur búsettir í hreppnum, ef þeir hafa átt 25 kindur eða fleiri við síðasta skattframtal.

Skrá yfir atkvæðisbæra menn skal láta fylgja fundarboðinu.

Atkvæðagreiðslan skal vera leynileg og framkvæmd á sama hátt og tíðkast við kosningar í sveitamálefnum.

12. gr.

Hreppsnefndaroddviti hvers hrepps, eða varamaður hans, stjórnar atkvæðagreiðslu á hreppsfundi þeim, er um ræðir í 11. gr.

Hann tilnefnir 2 ritara, er tvírita fundargerðina. Hann skal og kynna fundarmönnum rækilega frumvarp það til samþykktar, er fyrir liggur, og ákvæði laga, er að því lúta.

Að því loknu skal fara fram atkvæðagreiðsla um samþykktina, og greiða þar atkvæði allir atkvæðisbærir menn, sem mættir eru á fundinum.

Atkvæðagreiðsla má ekki standa skemur en 2 klst., nema allir atkvæðisbærir menn hafi neytt atkvæðisréttar síns. Ekki er skylt, að hún standi lengur en 5 klst. Atkvæðagreiðslu má ekki slíta fyrr en hálfri klukkustund eftir að síðasta atkvæði var greitt.

Að lokinni atkvæðagreiðslu innsiglar fundarstjóri umbúðir atkvæðaseðlanna ásamt samriti af fundargerð, kjörskrá og ónotuðum og ógildum atkvæðaseðlum. Sendir hann það síðan til kjörstjórnarinnar.

13. gr.

Kjörstjórnin skal koma saman þann dag, er ákveðið hefur verið, samanber 10. gr., til þess að rannsaka fundargerðirnar og telja atkvæðin.

Formaður kjörstjórnar stjórnar talningunni og lætur rita kjörfundargerð, er beri með sér, úr hvaða hreppum eða hreppshlutum kjörstjórninni hafa borizt fundargerðir, og tölu atkvæðaseðla. Síðan telur hún atkvæðin og skrásetur niðurstöðu þeirra. Tvö samrit skal gera af fundargerðinni, er skulu undirrituð af allri kjörstjórninni.

Nú hefur atkvæðagreiðslan fallið þannig, að samþykktin hefur hlotið ¾ greiddra atkvæða, og sé það jafnframt að minnsta kosti ⅔ fjáreigenda samkvæmt kjörskrám, og telst hún þá samþykkt. Samþykktin skal þá send sauðfjársjúkdómanefnd ásamt öðru samriti fundargerðarinnar. Afhendir nefndin hana ásamt umsögn sinni til landbúnaðarráðuneytisins, og fái hún staðfestingu, gengur samþykktin þegar í gildi.

III. KAFLI

Um ráðstafanir vegna útrýmingar búfjársjúkdóma og fjárskipti.

14. gr.

Nú hefur landbúnaðarráðherra ákveðið, að útrýming og fjárskipti skuli fram fara í einstöku héraði samkvæmt ósk lögmæts meiri hluta fjáreigenda á því svæði, og sauðfjársjúkdómanefnd telur öruggt, að hægt verði að útvega hæfilega margt af ósýktu fé til fjárskiptanna, og skal hún þá tilkynna framkvæmdastjórn fjárskiptanna, hvenær fjárskipti skuli fram fara. Sauðfjársjúkdómanefnd undirbýr útrýminguna og fjárskipti í samráði við framkvæmdastjórn fjárskiptanefndar í hlutaðeigandi héraði.

Nú hafa fleiri héruð samþykkt fjárskipti, og skal þá sauðfjársjúkdómanefnd ákveða, í hvaða röð þau skuli fram fara.

15. gr.

Fjáreigendur utan varnarlínu, er hafa heilbrigt sauðfé, eru skyldir til að selja öll þau gimbrarlömb, er þeir hafa til förgunar, til þeirra fjáreigenda, sem verða að lóga öllu fé sínu, ef krafa kemur fram um það frá sauðfjársjúkdómanefnd,

Nefndin getur enn fremur ákveðið, með samþykki landbúnaðarráðherra, að áðurgreindir fjáreigendur séu skyldir til að selja öll sín gimbrarlömb. Slíka ráðstöfun má þó ekki gera gagnvart byggðarlagi oftar en þriðja hvert ár.

16. gr.

Kjötverðlagsnefnd skal reikna út og ákveða verð lamba eftir lifandi þunga, miðað við kjöt- og gæruverðlag þess árs. Skulu fjáreigendur þeir, er um ræðir í 15. gr., skyldir að selja bændum þar, sem fjárskipti hafa verið ákveðin, líflömb fyrir það verð.

Nú reynist verð sláturlamba hærra en kjötverðlagsnefnd hefur ákveðið, og skal þá greiða seljendum uppbót á líflömbin samkvæmt tillögum kjötverðlagsnefndar. Uppbætur þessar greiðast af ríkisstyrk bænda samkvæmt 24. gr. laga þessara.

17. gr.

Nú fara fjárskipti fram í einhverju héraði, og skal kjötverðlagsnefnd þá hlutast til um:

a. Að verðlag á kjöti, að minnsta kosti af yngra fé, verði sem hagkvæmast fyrir þá bændur, er fjárskipti hafa.
b. Að frystihús á þeim stöðum, þar sem fjárskipti fara fram, gangi fyrir um sölu, og að kjötið verði flutt burt til geymslu eins ört og með þarf, svo að fjárförgun tefjist ekki vegna rúmleysis í frystihúsum.

18. gr.

Sauðfjársjúkdómanefnd er heimilt, í samráði við framkvæmdastjórn fjárskiptanefndar, að selja ungar ær, sem annars yrði lógað, í önnur héruð, þar sem sauðfjársjúkdómanefnd og framkvæmdanefnd fjárskipta á viðkomandi svæði eru sammála um, að tryggt sé að ekki stafi hætta af.

Verð á þessum ám skal vera sem næst ¾ verðs pr. kg. í lifandi þunga móts við áætlunarverð kjötverðlagsnefndar á lömbum, og háð sömu verðlagsbreytingum og að framan greinir um lambaverð.

Sauðfjársjúkdómanefnd ákveður á hverjum tíma, að hve miklu leyti hið opinbera tekur þátt í flutningskostnaði þessa fjár til viðtakenda.

19. gr.

Sauðfjársjúkdómanefnd hefur yfirumsjón með útrýmingu og fjárskiptum, sem ákveðin eru samkvæmt lögum þessum, og framkvæmdum, sem standa í sambandi við þau, svo sem:

a. Að fullvissa sig um, áður en fjárskipti fara fram, að héraðið sé tryggt gegn samgöngum sauðfjár frá sýktum héruðum.
b. Að láta rannsaka heilsufar fjár í þeim héruðum, þar sem ráðgert er að fá líflömb.
c. Að ákveða í samráði við framkvæmdanefnd, hvenær slátrun skuli hefjast og hvenær henni skuli lokið.
d. Að hlutast til um, að öll lönd á fjárskiptasvæðinu séu smöluð sauðlaus, og getur nefndin ákveðið, að fjallgöngur og réttir fari fyrr fram en fjallskilareglugerð mælir fyrir, og að fram fari almennar fjárleitir á afréttum og heimalöndum, eftir að slátrun er lokið, og ekki verr mannaðar en í fyrstu göngum, og auk þess eftirleitir eftir þörfum. Fjallskilum þessum skal jafna niður eins og öðrum fjallskilum.
e. Að ákveða, hvaðan líflömb skuli tekin, og tilkynna það viðkomandi sýslumönnum með nægum fyrirvara, áður en slátrun hefst, en þeir skulu aftur tilkynna það fjáreigendum, og skal þá fresta slátrun gimbrarlamba, þar til kaup hafa farið fram.

f. Nefndin hefur umsjón með kaupum, flutningi og merkingu líffjár, í samvinnu og samráði við framkvæmdastjórn viðkomandi fjárskiptasvæðis.

20. gr.

Líffé, sem keypt hefur verið, skal hver fjáreigandi hafa í strangri gæzlu fyrsta missirið eftir að það hefur verið flutt. Nú hefur sýkt eða grunuð kind komizt saman við líflömb, og skal þá eigandi lambanna, eða sá, er verður kindarinnar fyrst var, þegar í stað gera næsta hreppstjóra aðvart. Ber honum að bregða samstundis við og einangra féð og tilkynna það framkvæmdastjóra sauðfjársjúkdómanefndar, sem ákveður, hvort lóga skuli fénu eða ráðstafa því á annan hátt. Eiganda skulu greiddar fullar bætur fyrir fjármissi og óþægindi af þessum sökum.

21. gr.

Veturinn eftir að fjárskipti hafa farið fram skal sauðfjársjúkdómanefnd velja þar til hæfa menn til að rannsaka fé bænda og framkvæma leit á heimilum, ef ástæða þykir til, í þeim sveitum, svo ugglaust megi telja, að hvergi sé sýktu eða grunuðu fé leynt.

Nú kemur í ljós, að fé hefur verið haldið á laun, og skal það þá tekið ásamt öllu fé, sem það hefur komið saman við, og lógað eða ráðstafað á annan hátt á kostnað þess, er leyndi.

Sá, sem leynir fé, skal sæta ábyrgð samkvæmt ákvæðum 175. gr. hegningarlaganna.

Verði brot þess, er leyndi, orsök þess, að lóga verði fé annarra manna, skal hann skyldur að bæta þeim tjón þeirra og óþægindi, er af því hljótast.

IV. KAFLI

Um bætur frá ríkissjóði vegna fjárskipta.

22. gr.

Nú hafa fjárskipti verið ákveðin, og skal þá ríkissjóður kosta flutning líffjárins með bifreiðum eða á skipum, svo og umsjón og eftirlit með fjárkaupunum og flutningi fjárins, sbr. þó 18. gr.

23. gr.

Fjáreiganda skal bæta allt sauðfé, sem slátrað er, samkvæmt fjártölu hans við skattaframtal um síðustu áramót áður en fjárskipti fóru fram, að frádregnum 10% fjártölunnar. Leggja skal sauðfé í ærgildi, þannig að veturgömul gimbur sé talin sem ær, 3 sauðir veturgamlir og eldri sem ein ær, og veturgamall hrútur og eldri sem tvær ær. Geitfé skal bætt eftir sömu reglum og sauðfé.

24. gr.

Ríkissjóður skal greiða fjáreigendum bætur vegna fjárskipta sem hér segir:

1. Haustið eftir að fjárskipti fara fram skal ríkissjóður greiða fjáreiganda sem svarar hálfu lambsverði samkvæmt mati kjötverðlagsnefndar (sbr. 16. gr.) fyrir hvert bótaskylt ærgildi.
2. Á öðru hausti frá fjárskiptum skal greiða fjáreiganda sem svarar hálfu lambsverði á hvert bótaskylt ærgildi, er fjáreigandi hefur ekki fengið lamb fyrir, þegar fjárskipti fóru fram, þó aldrei yfir einn þriðja af bótaskyldri fjártölu, enda hafi hann átt kost á að fá keypt lömb sem svaraði tveim þriðju af bótaskyldri fjártölu haustið, sem fjárskipti voru framkvæmd.
3. Þeir fjáreigendur, sem hafa orðið fyrir fjárfækkun af völdum þeirra sjúkdóma, er útrýma skal, þegar niðurskurður fer fram, fá í næstu fjögur ár á eftir uppeldisstyrk og vaxtastyrk vegna þeirrar fjárfækkunar, eftir þeim reglum, er sauð-

fjársjúkdómanefnd setur. Reglur þessar skulu birtar fjáreigendum áður en til atkvæðagreiðslu kemur um fjárskipti.

25. gr.

Reynist óumflýjanleg nauðsyn að hafa einhver svæði sauðlaus árlangt eftir að niðurskurður hefur farið fram, skal ríkissjóður greiða fjáreigendum hálft lambsverð fyrir hvert bótaskylt ærgildi það ár, sem svæðið er sauðlaust. Að öðru leyti skal bótum hagað eins og sagt er fyrir í 24. gr.

26. gr.

Fjáreigendur, sem fjárskipti hafa samkvæmt lögum þessum, eru næstu 3 ár á eftir undanþegnir að greiða afborganir af lánum, og lengist þá lánstíminn sem því svarar. Sauðfjársjúkdómanefnd sendir lánsstofnunum skrá yfir þá menn, sem falla undir þessi ákvæði.

27. gr.

Réttur til bóta úr ríkissjóði getur aðeins færzt yfir til erfingja, ef þeir halda áfram sauðfjáreign á svæðinu, þar sem skorið var niður. Nú er bú selt eða eigandi flytur burt af svæðinu, og fellur þá niður réttur til bóta.

28. gr.

Teljist nauðsynlegt að framkvæma útrýmingu fjár á sýktu svæði, án þess að samþykki fjáreigenda fáist til þess, fyrir þær bætur, sem ákveðnar eru í lögum þessum, skal greiða bæturnar samkvæmt mati, eftir gildandi lögum um eignarnám.

V. KAFLI

Almenn ákvæði.

29. gr.

Nú hefur verið ákveðið að útrýma næmum sauðfjársjúkdómi, og skulu þá gilda, þar sem ákvæði þessara laga ná ekki til og eftir því sem við á, ákvæði laga frá 1941 um varnir gegn útbreiðslu nokkurra næmra sauðfjársjúkdóma og stuðning til bænda, er bíða tjón af þeim.

30. gr.

Ráðherra er heimilt, eftir tillögum sauðfjársjúkdómanefndar, að gera hverjar þær ráðstafanir, er hann álítur nauðsynlegar til þess að hindra útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýma þeim.

31. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

32. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, allt að 10000 kr., eða fangelsi, og skal með mál út af slíkum brotum farið sem almenn lögreglumál.

33. gr.

Ákvæði II.—V. kafla um fjárskipti vegna mæðiveiki koma fyrst til framkvæmda á svæðum þeim, sem eru á jöðrum hinna sýktu héraða á hverjum tíma.

Ed. 707. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 91 frá 14. maí 1940, um húsaleigu.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

1. gr. laganna orðist þannig:

Óheimilt er að hækka húsaleigu eftir húsnæði frá því, sem goldið og umsamið var hinn 14. maí 1940, nema sem svarar auknum viðhaldskostnaði, samkvæmt eftirfarandi ákvæðum:

Félagsmálaráðherra ákveður, að fengnum tillögum kauplagsnefndar, hlutfallið á milli húsaleigu og viðhaldskostnaðar, miðað við 4. apríl 1939. Kauplagsnefnd skal, með aðstoð hagstofunnar, reikna út hækkun viðhaldskostnaðar tvisvar á ári, 1. maí og 1. sept., miðað við mánuðina jan.—marz 1939. Síðan reiknar nefndin út húsaleigu-vísitölu samkvæmt framansögðu. Er heimilt að hækka húsaleigu í samræmi við vísitölu þessa 14. maí og 1. okt., enda sé leigumálinn staðfestur af húsaleigunefnd.

Enn fremur er heimilt að hækka eftir mati leigu eftir húsnæði sökum verðhækkunar á eldsneyti, sem innifalið er í leigunni, vaxta- og skattahækkunar af fasteignum og annars þess háttar, svo og húsnæði, sem af sérstökum ástæðum hefur verið leigt lægra en sambærilegt húsnæði á þeim stað (kaupstað, kauptúni eða sveit). Verði hækkun metin á leigu, kemur hún til framkvæmda 14. maí eða 1. október.

Lög þessi taka ekki til leigu á einstökum herbergjum, sem leigutaki eða húseigandi leigir einhleypum út frá íbúð sinni.

2. gr.

Aftan við 2. gr. laganna komi tvær nýjar greinar, er verði 3. og 4. gr. (og breytist greinatala laganna samkvæmt því):

a. (3. gr.) Íbúðarherbergi má ekki taka til annarrar notkunar en íbúðar og íbúðarhús má ekki rífa, nema heilbrigðisnefnd banni að nota þau til íbúðar. Húsaleigunefnd (fasteignamatsnefnd) getur þó veitt sérstakt leyfi til þessa og sett það skilyrði, að húseigandi sjái um jafnmikla aukningu á húsnæði til íbúðar annars staðar í hlutaðeigandi kaupstað, kauptúni eða sveit.

b. (4. gr.) Húsaleigunefnd (fasteignamatsnefnd) skal heimilt að taka til umráða auðar íbúðir og ráðstafa þeim til afnota handa húsnæðislausu fólki, enda komi fullt endurgjald fyrir. Áður en nefndin tekur íbúð til umráða, skal hún setja húseiganda hæfilegan frest til að ráðstafa íbúðinni til afnota handa húsnæðislausum innanhéraðsmanni. Geri hann þetta ekki, skal nefndin rannsaka málið og síðan úrskurða, hvort íbúðin skuli tekin og ákveða leiguupphæð, leigutíma og annað, sem þörf þykir að taka ákvörðun um og málsaðilum kemur ekki saman um. Úrskurður húsaleigunefndar er fullnaðarúrskurður.

Á sama hátt og segir í 1. mgr. er húsaleigunefnd heimilt að taka til sinna umráða annað ónotað húsnæði og útbúa það til íbúðar.

3. gr.

Við 3. gr. laganna, sem verður 5. gr., bætist ný málsgr.:

Skylt skal nefndinni, að viðlögðum dagsektum, að hafa lokið við afgreiðslu eða kveðið upp úrskurð um ágreiningsatriði, sem til nefndarinnar er skotið, innan 14 daga frá því málið var afhent nefndinni til afgreiðslu, ða það lagt undir úrskurð hennar.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

5. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

Vísitala samkv. 1. gr. skal í fyrsta sinn reiknuð út þegar eftir gildistöku þessara laga og gildir frá 14. maí til 1. okt. 1941.

6. gr

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 91 frá 14. maí 1940, um húsaleigu, og gefa þau út svo breytt.

Ed. 708. Nefndarálit

um frv. til l. um viðauka við l. nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta og mælir með, að það verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 7. júní 1941.

Magnús Jónsson, form.	Erl. Þorsteinsson, fundaskr.	Bernh. Stefánsson, frsm.

Ed. 709. Breytingartillaga

við frv. til l. um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa.

Frá fjárhagsnefnd.

Við 23. gr. Í stað orðanna „og aldrei hærra en ákvæðisverð þeirra er“ í niðurlagi greinarinnar kemur: þeirra.

Ed. 710. Nefndarálit

um frv. til l. um raforkusjóð.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur rætt þetta mál á tveim fundum með alllöngu millibili, en meðnefndarmenn mínir eru ekki viðbúnir að taka afstöðu til þess enn þá. Ég lít svo á, að þetta sé hið mesta nauðsynjamál, og þar sem nú mun mjög stutt eftir þingtímans, þykir mér ekki mega dragast lengur að afgreiða það til deildarinnar. Til samkomulags gæti ég fallizt á nokkra breytingu á frv., að því er snertir tekjuöflun til raforkusjóðsins, en sé þó ekki ástæðu til að bera fram brtt. um það við 2. umr. Mæli ég með, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 7. júní 1941.

Bernh. Stefánsson.

Nd. 711. Nefndarálit

um frv. til l. um ríkisstjóra Íslands.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkisstjóri má eigi vera alþingismaður né gegna öðrum opinberum störfum en ríkisstjórastarfinu. Eigi má hann heldur gegna störfum fyrir félög, stofnanir eða fyrirtæki einstakra manna eða félaga.
2. Við 7. gr. Í stað orðsins „gjaldfrjálsan“ komi: ókeypis.
3. Við 9. gr. Fyrri málsl. greinarinnar orðist svo:
   Ríkisstjóri ber eigi ábyrgð á stjórnarathöfnum.

Alþingi, 7. júní 1941.

Bergur Jónsson, form., frsm. Vilm. Jónsson, fundaskr. Gísli Guðmundsson.
Jóh. G. Möller. Garðar Þorsteinsson.

Sþ. 712. Fjáraukalög

fyrir árið 1939.

(Afgreidd 9. júní.)

Samhljóða þskj. 699.

Sþ.

713. Fjárlög

fyrir árið 1942.

(Afgreidd 9. júní.)

I. KAFLI

Tekjur:

1. gr.

Árið 1942 er ætlazt til, að tekjur ríkisins verði svo sem talið er í 2.—5. gr., og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr

Áætlað er, að þessir skattar og tollar nemi:

	kr.	kr.
1. Fasteignaskattur	550000	
2. Tekjuskattur og eignarskattur	3150000	
3. Lestagjald af skipum	65000	
		3765000
4. Aukatekjur	500000	
5. Erfðafjárskattur	60000	
6. Vitagjald	250000	
7. Leyfisbréfagjöld	30000	
8. Stimpilgjald	600000	
9. Bifreiðaskattur	400000	
10. Benzínskattur	300000	
		2140000
11. Útflutningsgjald	850000	
12. Vörumagnstollur	6000000	
13. Verðtollur	5500000	
		12350000
14. Gjald af innlendum tollvörum		600000
15. Skemmtanaskattur		150000
16. Veitingaskattur		100000
Samtals ...	. . .	19105000

3. gr

Tekjur af rekstri ríkisstofnana eru áætlaðar:

		kr.	kr.
	A.		
1.	Rekstrarhagnaður landssímans	462000	
2.	— áfengisverzlunar	1822000	
3.	— tóbakseinkasölu	1250000	
4.	— ríkisútvarps	92000	
5.	— ríkisprentsmiðju	70000	
6.	— landssmiðju	20000	
7.	— bifreiðaeinkasölu	57750	
		3773750	
	÷ Tap á rekstri póstsjóðs	55000	
			3718750
	Samtals ...	. . .	3718750
	Sundurliðun.		
	1. Póstsjóður.		
I.	Tekjur		985000
II.	Gjöld:		
	1. Póststjórnarkostnaður	89000	
	2. Pósthúsið í Reykjavík	331000	
	3. Önnur pósthús	235000	
	4. Póstflutningar	294000	
	5. Önnur gjöld	86000	
	6. Fyrning	5000	
			1040000
	Mismunur (halli) ...	. . .	55000
	2. Landssíminn.		
I.	Tekjur		3500000
II.	Gjöld:		
	a. Til notendasíma í sveitum	70000	
	b. Til starfrækslu landssímanna m. m.:		
	1. Kostnaður af aðalskrifstofu landssímans	140000	
	2. Ritsímastöðin í Reykjavík	335000	
	3. Loftskeytastöðin í Reykjavík	60000	
	4. Stuttbylgjustöð í Reykjavík	95000	
	5. Bæjarsíminn í Reykjavík og Hafnarfirði	800000	
	6. Áhaldahúsið	45000	
	7. Ritsímastöðin á Akureyri	100000	
	8. Ritsímastöðin á Seyðisfirði	90000	
	9. Ritsímastöðin á Ísafirði	57000	
	Flyt ...	1722000	70000	3500000

		kr.	kr.
Flutt ...	1722000	70000	3500000
10. Símastöðin á Borðeyri	30000		
11. Símastöðin í Vestmannaeyjum	48000		
12. Símastöðin á Siglufirði	60000		
13. Til annarra símastöðva og eftirlitsstöðva	265000		
		2125000	
Uppbót á laun greiðist eftir sömu reglum og 1940, enda færist þær greiðslur á framangreinda liði viðkomandi stöðva.			
c. Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m.		100000	
d. Viðbót og viðhald stöðva		140000	
e. Kostnaður af ferðalögum etc.		12000	
f. Viðhald landssímanna		450000	
g. Framhaldsgjald		55000	
h. Til kennslu handa símamönnum		4000	
i. Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Berne		6000	
j. Ýmis gjöld		15000	
Þar af 1000 krónur til fyrrv. símaverkstjóra, eftir tillögum símamálastjóra.			
k. Fyrning á húsum og áhöldum		52000	
l. Burðargjald		9000	
			3038000
Fært á 3. gr. A. 1		. . .	462000
Eignabreytingar.			
Út.			
I. Afborgun af lánum L. M. Ericsson, Marconi o. fl. ...			150000
II. Til viðauka símakerfa, smærri efnis- og áhaldakaupa			60000
III. Til talstöðva í báta og skip			130000
IV. Til loftskeytastöðva í skip			30000
Fært á 20. gr. Út I. 2. og II. 1		. . .	370000
3. Áfengisverzlun ríkisins.			
I. Tekjur (brúttó hagnaður)			2250000
II. Gjöld			
a. Laun starfsmanna og vinnulaun		218000	
b. Útsvar		80000	
c. Framlag til Menningarsjóðs		40000	
d. Annar kostnaður		80000	
e. Fyrning á fasteign og áhöldum		10000	
			428000
Fært á 3. gr. A. 2		. . .	1822000

		kr.	kr.
4. Tóbakseinkasalan.			
I. Tekjur (brúttó hagnaður)			1550000
II. Gjöld:			
a. Laun		115000	
b. Annar kostnaður		120000	
c. Útsvar, áætlað tap á skuldum o. fl.		65000	
			300000
Fært á 3. gr. A. 3		. . .	1250000
5. Ríkisútvarpið.			
I. Tekjur:			
a. Afnotagjöld		530000	
b. Aðrar tekjur		80000	
			610000
II. Gjöld:			
a. Starfræksla:			
1. Starfsmannalaun	145000		
2. Útvarpsefni (þar með talin laun hljóðfæraleikara)	90000		
3. Til málfegrunar eftir fyrirmælum kennslumálastjórnarinnar	1000		
4. Skrifstofukostnaður	65000		
5. Húsaleiga, ljós og hiti	35000		
6. Til útvarpsstöðva	150000		
7. Til hleðslu- og viðgerðarstofu og til að greiða fyrir útvarpsnotum	20000		
8. Óviss gjöld	15000		
		521000	
b. Vextir		27000	
c. Fyrning á húsi og vélum		50000	
			598000
Hagnaður		. . .	12000
III. Rekstur viðtækjaverzlunar:			
a. Tekjur		172500	
b. Gjöld:			
1. Laun starfsmanna	56000		
2. Annar kostnaður	36500		
		92500	
			80000
Fært á 3. gr. A. 4		. . .	92000
Eignabreytingar:			
Afborgun af láni til stækkunar (sjá 20. gr. Út I. 2. b.) ..		. . .	89500

		kr.	kr.
6. Ríkisprentsmiðjan.			
I. Tekjur (prentvinna)			760000
II. Gjöld:			
1. a. Laun starfsmanna	40000		
b. Vinnulaun og aðkeypt vinna	400000		
		440000	
2. Efnivörur		160000	
3. Vélarekstur og viðhald		21000	
4. Vextir		6500	
5. Annar kostnaður		42500	
6. Fyrning		20000	
			690000
Fært á 3. gr. A. 5		. . .	70000
7. Landssmiðjan.			
I. Tekjur:			
1. Ágóði á vörum		20000	
2. — á járnsmíðadeild		102500	
3. — á trésmíðadeild		10000	
4. — á málmsteypu		4000	
			136500
II. Gjöld:			
1. Laun starfsmanna		45000	
2. Vextir		10000	
3. Afsláttur og skuldatöp		7000	
4. Annar kostnaður		42500	
5. Fyrning		12000	
			116500
Fært á 3. gr. A. 6		. . .	20000
8. Bifreiðaeinkasala.			
I. Tekjur		145000	
II. Gjöld:			
1. Laun starfsmanna	15500		
2. Húsaleiga, hiti o. fl.	7000		
3. Vextir	20000		
4. Annar kostnaður	20000		
		62500	
			82500
Frá dregst hluti bæjar- og sýslufélaga 30%			24750
Fært á 3. gr. A. 7		. . .	57750

		kr.	kr.
B.			
Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru taldar:			
1. Tekjur af jarðeignum á Stokkseyri og Eyrarbakka o. fl.			8000
2. Arnarhvoll:			
a. Tekjur		65000	
b. Gjöld:			
1. Vextir	20137		
2. Ýmiss konar rekstrarkostnaður	40289		
3. Fyrning hússins (sjá 20. gr.)	3649		
		64075	
			925
Samtals ...		. . .	8925

4. gr.

Tekjur af bönkum og vaxtatekjur eru áætlaðar:

	kr.	kr.
1. Vextir af bankavaxtabréfum, jarðræktarbréfum og kreppulánasjóðsbréfum	20000	
2. Vextir af stofnfé Landsbankans, 6% af 3000000	180000	
3. Vextir af veðd.bréfum Búnaðarbankans, 6% af 1200000	72000	
4. Aðrir vextir	239736	
Frá dregst:		511736
Vaxtatap vegna gjaldeyrisvarasjóðs		150000
Samtals ...	. . .	361736

5. gr

Óvissar tekjur eru taldar 50000 kr.

II. KAFLI

Gjöld:

6. gr.

Árið 1942 eru veittar til gjalda fjárhæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.—19. gr.

7. gr.

Vextir af lánum ríkissjóðs eru taldir:

	kr.	kr.
1. Innlend lán		829900
2. Lán í dönskum krónum		64779
3. Lán í sterlingspundum		549778
4. Lán í dollurum		68986
5. Lausaskuldir		100000
Samtals ...	. . .	1613443

8. gr.

	kr.	kr.
Kostnaður við æðstu stjórn landsins		75000

9. gr.

Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkisreikninga er veitt:

	kr.	kr.
1. Til alþingiskostnaðar		350000
2. Til yfirskoðunar ríkisreikninga		5250
3. Fyrning á alþingishúsi (sjá 20. gr.)		2170
Samtals ...	. . .	357420

10. gr.

Til ríkisstjórnarinnar er veitt:

		kr.	kr.
I. Stjórnarráðið, ríkisféhirðir, ríkisbókhald o. fl.			
1. Til ráðherra:			
a. Laun	50000		
b. Til risnu	6000		
		56000	
2. Stjórnarráðið:			
a. Laun:			
1. Atvinnumálaráðuneytið	31200		
2. Dómsmálaráðuneytið	41254		
3. Fjármálaráðuneytið	64960		
4. Félagsmálaráðuneytið	4950		
5. Viðskiptamálaráðuneytið	17650		
6. Utanríkismálaráðuneytið	46700		
7. Aðrir starfsmenn	23820		
	230534		
Nú verður sæti ríkisstjóra laust eða hann getur ekki gegnt störfum um sinn vegna dvalar erlendis, sjúkleika eða af öðrum ástæðum, og skal þá ráðuneyti Íslands fara með vald ríkisstjóra.

6. gr.

Ríkisstjóri má eigi vera alþingismaður né gegna öðrum opinberum störfum en ríkisstjórastarfinu. Eigi má hann heldur gegna störfum fyrir félög, stofnanir eða fyrirtæki einstakra manna eða félaga.

7. gr.

Ríkisstjóra skulu greiddar af ríkisfé þrjátíu þúsundir króna í laun á ári, auk útlagðs kostnaðar. Hann hefur ókeypis bústað, ljós og hita, og er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum.

8. gr.

Ríkisstjóri vinnur eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni, er hann tekur við störfum. Af eiðstaf þessum eða heiti skal gera tvö samhljóða frumrit. Geymir Alþingi annað, en þjóðskjalasafnið hitt.

9. gr.

Ríkisstjóri ber eigi ábyrgð á stjórnarathöfnum. Hann verður eigi sóttur til refsingar nema með samþykki Alþingis.

10. gr.

Ríkisstjóri hefur aðsetur í Reykjavík eða næsta nágrenni.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 721. Frumvarp til laga

um veiting ríkisborgararéttar.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Andersen, Victor Strange, verkstjóri í Reykjavík, fæddur í Danmörku.
2. Baarregaard, Alfred Jörgen, tannlæknir á Ísafirði, fæddur í Danmörku.
3. Bremnes, Johan Jörgensen, bóndi að Búlandsnesi í S.-Múlasýslu, fæddur í Noregi.
4. Eiríkur Guðmundsson, námsmaður í Reykjavík, fæddur í Englandi.
5. Hansen, Einar Kristofferson, sjómaður í Hólmavík, fæddur í Noregi.
6. Hansen, Hans Thorvald Henry, veitingaþjónn í Reykjavík, fæddur í Danmörku.
7. Hobbs, Helga Phyllis, skrifstofustúlka í Reykjavík, fædd í Englandi.
8. Hoffritz, Carl August Adam, starfsmaður hjá Mjólkurbúi Flóamanna, fæddur í Danmörku.
9. Malmberg, Ejnar Oluf, kaupmaður í Reykjavík, fæddur í Danmörku.
10. Molander, Thorvald Antonius, listmálari í Reykjavík, fæddur í Noregi.
11. Möller, Sverre, verkamaður í Reykjavík, fæddur í Noregi.
12. Nielsen, Olaf Peder, rafvirkjameistari í Reykjavík, fæddur í Danmörku.
13. Petersen, Martin, námsmaður í Reykjavík, fæddur á Íslandi.
14. Rasmussen, Ivan Hugo, rennismiður í Reykjavík, fæddur í Kaupmannahöfn.
15. Rokstad, Emil Johan Hansen, kaupmaður í Reykjavík, fæddur í Noregi.
16. Schwinn, Liselotte Elisabeth, skrifstofustúlka í Reykjavík, fædd í Þýzkalandi.
17. Sætersmoen, Sigríður Eva, skrifstofustúlka í Reykjavík, fædd í Noregi.
18. Tromberg, Grímur, námsmaður í Reykjavík, fæddur í Kanada.
19. Tromberg, Kristjón, verkamaður í Reykjavík, fæddur í Kanada.
20. Tönsberg, Ejner, garðyrkjumaður, Reykjum, Mosfellssveit, fæddur í Danmörku.
21. Zebitz, Frederik Wilhelm Henry, rafvirki í Reykjavík, fæddur í Danmörku.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Að því er Martin Petersen snertir þó eigi fyrr en 9. júlí 1941, að því er snertir Alfred Jörgen Baarregaard eigi fyrr en 31. ágúst 1941, og að því er Sverre Möller snertir eigi fyrr en 1. okt. 1941.

Ed. 722. Lög

um viðauka við lög nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl.

(Afgreidd frá Ed. 11. júní.)

Samhljóða þskj. 659.

Ed. 723. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 43 13. nóv. 1903, um vörumerki.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og borið það saman við gildandi lög og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 11. júní 1941.

Sigurjón Á. Ólafsson, form.	Ingvar Pálmason, fundaskr.	Magnús Gíslason, frsm.

Nd. 724. Frumvarp til laga

um eyðingu svartbaks.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Næstu tvö ár (24 almanaksmánuði) eftir gildistöku laga þessara skal greiða eina krónu fyrir dráp hvers svartbaks (veiðibjöllu) eða fleygs svartbaksunga, annarra en þeirra, sem drepnir eru með eitri.

Sá, er drepið hefur svartbak eða fleygan svartbaksunga, skal sanna það fyrir lögreglustjóra eða hreppstjóra með því að afhenda hægri væng fuglsins, vilji hann hljóta verðlaun fyrir samkvæmt ákvæðum greinar þessarar.

2. gr.

Umráðendur æðarvarps skulu á vorin eitra fyrir svartbak í varplöndunum, eftir nánari fyrirmælum, sem dómsmálaráðuneytið setur með reglugerð.

3. gr.

Bannað er að hagnýta á nokkurn hátt svartbaka, sem finnast dauðir, og skulu þeir grafnir tafarlaust þar sem þeir finnast.

Brot gegn ákvæðum 2. og 3. gr. varða 100—1000 kr. sektum.

4. gr.

Ríkissjóður greiðir laun þau, er 1. gr. ákveður, en sýsla, sem svartbakur er drepinn í, skal endurgjalda ríkissjóði 25% af launanum. Auk þess skulu þeir, er æðardúnstekju hafa, greiða ríkissjóði eina krónu fyrir hvert hreinsað kg æðardúns, er þeim fellur næstu fimm ár eftir gildistöku laga þessara, og skiptist sú upphæð milli ríkissjóðs og sýslu í réttu hlutfalli við þátttöku þessara aðila í kostnaðinum.

5. gr.

Sá, er með skotum vill eyða svartbaki eða fleygum svartbaksungum, má gera það hvar sem er. Þó eigi í friðlýstum varplöndum eða innan tveggja km frá þeim. Eigi heldur nálægt friðlýstum selalátrum eða á friðlýstum höfnum, nema leyft sé af þeim, er þar á að ráða.

Ef menn ætla að drepa svartbak eða fleyga svartbaksunga í ábýlislandi annars manns, skal ábúanda tilkynnt það, og honum gefinn kostur á að fylgjast með veiðinni.

6. gr.

Skylt er hverjum búanda að eyða öllum eggjum svartbaks eða ófleygum svartbaksungum í ábýlislandi sínu, og öðrum þeim löndum, er hann ræður yfir, ef þess er kostur. Vanræki ábúandi þessa skyldu sína, varðar það sektum frá 50—1000 kr. Sektir renna í sjóð sveitar þeirrar, er hlut á að máli.

7. gr.

Meðan lög þessi gilda, frestast framkvæmd laga nr. 66 23. júní 1936.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 725. Breytingartillaga

við frv. til laga um ríkisstjóra Íslands.

Frá Sigurði Kristjánssyni og Sigurði E. Hlíðar.

Við 10. gr. Orðin „eða næsta nágrenni“ í niðurlagi greinarinnar falli burt.

Nd. 726. Breytingartillaga

við frv. til l. um ríkisstjóra Íslands.

Frá Bjarna Ásgeirssyni.

Við 11. gr. Við greinina bætist: og skal kjörtími ríkisstjóra í fyrsta sinn vera frá 17. júní 1941 til jafnlengdar 1942.

Nd. 727. Lög

um girðingar til varnar gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og heimild til samþykkta um fjárskipti.

(Afgreidd frá Nd. 11. júní.)

Samhljóða þskj. 706.

Nd. 728. Lög

um breyting á lögum nr. 91 frá 14. maí 1940, um húsaleigu.

(Afgreidd frá Nd. 11. júní.)

Samhljóða þskj. 719.

Ed. 729. Nefndarálit

um frv. til laga um prestssetur Staðarprestakalls á Reykjanesi.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og kynnt sér eftir föngum tilefni þess. Mælir hún með því eins og það liggur fyrir.

Alþingi, 12. júní 1941.

Sigurjón Á. Ólafsson, form., frsm.	Ingvar Pálmason, fundaskr.	Magnús Gíslason.

Nd. 730. Nefndarálit

um frv. til laga um ófriðartryggingar.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd hefur athugað frv. þetta og mælir með, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 3. gr.
   a. Í stað „önnur mannvirki“ í 1. mgr. komi: önnur tryggingarskyld mannvirki.
   b. Í stað „atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið“ í 2. mgr. komi: atvinnumálaráðuneytið.
2. Við 6. gr.
   a. 2. málsl. fyrri málsgr. orðist þannig: Vextir þessir ganga fyrst og fremst til greiðslu vaxta af kröfum þeim, sem tryggðar eru með þinglesnum veðrétti í fasteign þeirri, sem skemmzt hefur eða farizt, og greiðast þeir á umsömdum gjalddögum veðskuldarinnar.
   b. Orðið „umsamdar“ í 3. málsl. sömu mgr. falli burt.
   c. 4. málsl. sömu mgr. orðist þannig: Þó greiðist ekki hærri árleg afborgun af neinni slíkri skuld en sem svarar 1/20 hluta hennar, eins og hún var þegar fasteignin skemmdist eða fórst, og eigi hærri árlegir vextir en 5%, og geta veðhafar eigi krafizt frekari greiðslu meðan fasteignin er ónothæf eða bætur eigi greiddar að fullu.
   d. 2. málsgr. orðist þannig:
      Verði eitthvað afgangs af téðum 5% vöxtum, þegar greiddir hafa verið vextir af veðkröfum samkv. framansögðu, greiðist það til eiganda fasteignarinnar í lok hvers árs.

3. Við 9. gr. Í stað „6. gr. 2. og 3. mgr.“ í fyrri mgr. komi: 6. gr.
4. Við 17. gr. Í stað „2 af hundraði“ komi: 2%.
5. Við 18. gr. Í stað „völdum styrjaldarinnar“ komi: völdum hernaðar.
6. Við 27. gr. Síðari málsgr. orðist svo:
   Um mat á tjóni og ákvörðun bótagreiðslu fer eftir þeim reglum, er gilda um brunatjón, að svo miklu leyti sem þær geta átt við.
7. Við 30. gr.
   a. Orðin „og orðið hefur“ í 1. mgr. falli burt.
   b. 3. og 4. mgr. orðist þannig:
      Ef bæta þarf tjón samkv. II. og III. kafla eða greiða vexti og afborganir samkv. 6. gr., sbr. 16. gr., og innheimt iðgjöld hrökkva ekki fyrir þeim greiðslum, er Ófriðartryggingunni heimilt að taka — til bráðabirgða — lán gegn veði í iðgjöldunum.
      Nú þarf að bæta tjón samkv. IV. kafla þessara laga, og innheimt gjöld samkv. 18. gr., sbr. 17. gr., hrökkva ekki fyrir þeim greiðslum, og er þá ríkisstjórninni heimilt að taka lán eða veita nauðsynlegar tryggingar fyrir láni, er Ófriðartryggingin tekur, til þess að hægt sé að bæta ófriðartjón á vörubirgðum eða öðru lausafé eins fljótt og nauðsyn ber til.

GG áskilur sér rétt til að bera fram brtt. við 7. og 21. gr.

JGM telur það galla á frv., að ekki er gert ráð fyrir að koma á fót persónutryggingu vegna ófriðarins og áskilur sér rétt til að bera fram tillögur um það efni, ef tækifæri gefst.

Alþingi, 11. júní 1941.

Bergur Jónsson, form.	Vilm. Jónsson, fundaskr.	Garðar Þorsteinsson, frsm.
Gísli Guðmundsson.	Jóh. G. Möller.	

Nd. 731. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 26 23. júní 1932 og lögum nr. 22 1. febrúar 1936, um Brunabótafélag Íslands.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Brunabótafélag Íslands er gagnkvæmt ábyrgðarfélag vátryggjenda, eftir því sem lög þessi ákveða.

2. gr.

a. Aftan við aðra málsgr. 4. gr. laganna bætist: sem og að taka þátt í vátryggingu húseigna í Reykjavík með öðrum vátryggingarfélögum.
b. Þriðja málsgr. 4. gr. orðist svo:
   Enn fremur er félaginu heimilt að taka í eldsvoðaábyrgð hvers konar lausafé, þar með taldar hvers konar afurðir í vörzlu framleiðenda, nema verzlunarbirgðir.

3. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Vátryggingum skal haldið aðgreindum í 5 flokka, þannig að unnt sé að gera upp iðgjöld og tjón hvers flokks fyrir sig:

1. Tryggingarflokkur fasteigna í kaupstöðum og kauptúnum.
2. Tryggingarflokkur fasteigna í sveitum.

3. Tryggingarflokkur lausafjár.
4. Tryggingarflokkur fasteigna í Reykjavík.
5. Tryggingarflokkur stríðstryggingar íslenzkra skipshafna.

Árlegur tekjuafgangur flokkanna, sem og aðrar tekjur félagsins, fellur til sameiginlegs varasjóðs, sem er að fullu ábyrgur fyrir tjónum í 1.—4. flokki, en hefur takmarkaða ábyrgð fyrir 5. flokki.

4. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Félagið leitar endurtryggingar eða samtryggingar (coassurance) hjá öðrum vátryggingarfélögum, fyrst og fremst innlendum, að því leyti sem það telur ekki fært að hafa áhættuna á eigin ábyrgð.

5. gr.

Fyrri málsgr. 8. gr. laganna orðist svo:

Allir þeir, sem skyldir eru til vátryggingar hjá félaginu samkvæmt 3. gr., eru félagsmenn þess. Félagsmenn ábyrgjast, að iðgjaldasjóður félagsins standi í skilum. Þó nær ábyrgðin aðeins til þeirra eigna, sem vátryggðar eru í félaginu, sbr. 3. gr.

6. gr.

9. gr. laganna falli niður, og greinatala breytist samkvæmt því.

7. gr.

Aftan við 13. gr. laganna bætist: eða ástæður, sem tjónþola er ekki sjálfrátt um.

8. gr.

15. gr. laganna orðist svo:

Iðgjöld af fasteignum í skyldutryggingu, svo og skirteinisgjöld, hvíla sem lögveð á eignunum sjálfum og ganga í tvö ár fyrir öllum öðrum skuldbindingum, sem á þeim hvíla, nema sköttum til ríkissjóðs. Séu gjöldin eigi greidd innan 6 mánaða frá gjalddaga, er heimilt að láta selja hina vátryggðu eign á uppboði, án undanfarins dóms, sátta eða lögtaks, en tilkynna skal vátryggjanda í ábyrgðarbréfi eða á annan öruggan hátt, að sölu hafi verið beiðzt. Á sama hátt skal uppboðshaldari aðvara eiganda, með tveggja vikna fyrirvara, áður en hann sendir söluauglýsingu til birtingar. Uppboðið skal auglýst einu sinni í Lögbirtingablaðinu. Má sala ekki fara fram fyrr en 6 vikum eftir birtingu auglýsingarinnar. Virðingargjöld má heimta með lögtaki.

9. gr.

Aftan við 16. gr. laganna bætist ný málsgrein:

Séu gjöldin eigi greidd áður en 3 mánuðir eru liðnir frá gjalddaga, skal greiða af þeim dráttarvexti frá gjalddaga til greiðsludags, er nemi ½% fyrir hvern mánuð eða hluta af mánuði, sem það hefur dregizt.

10. gr.

Á eftir 16. gr. laganna komi 3 nýjar greinar, og breytist greinatala samkvæmt því:

a. Félagið skiptist í deildir. Bæjarfélag hvert eða sveitarfélag telst sérstök deild í félaginu.
b. Þegar varasjóður félagsins er orðinn svo hár, að öruggt þykir að dómi framkvæmdarstjórnar um fjárhagsafkomu þess, má af árlegum tekjuafgangi greiða félagsdeildunum ágóðahluta af skyldubundnum fasteignatryggingum, enda hafi brunatjón ekki farið fram úr 80% af iðgjöldunum á því ári, sem ágóða er úthlutað fyrir. — Upphæð ágóðahluta í hvert sinn ákveðst af félagsstjórn og miðast við það, að félaginu safnist fé í minnsta lagi hlutfallslega við aukningu vátryggingaverðmætisins.

Nánari reglur um ágóðaúthlutun skulu settar með reglugerð. Má þar ákveða, að úthlutunin sé í tveim flokkum, annars vegar af fasteignavátryggingum í kaupstöðum og kauptúnum, hins vegar af fasteignavátryggingum í sveitum, og geti verið misjöfn til hinna einstöku deilda innan hvors flokks, eftir því hve tjónin hafa orðið mikil á móts við iðgjöld þeirra.

c. Heimilt er félaginu að efna til eftirlaunasjóðs fyrir fasta starfsmenn félagsins, ekkjur þeirra og börn.

Til stofnunar sjóðsins leggur félagið fram í upphafi fjárhæð, er ákveðst af framkvæmdastjórn félagsins í samráði við ríkisstjórnina. Eftir það leggur félagið fram árlegt tillag til sjóðsins, allt að ⅔ á móti framlögum starfsmannanna.

Heimilt er og ráðherra að ákveða forstjóra og skrifstofustjóra félagsins, er frá fara fyrir aldurs sakir, eftirlaun eða viðbótareftirlaun úr eftirlaunasjóði félagsins, eða af árlegum tekjuafgangi, enda eigi þeir ekki rétt til fullra eftirlauna á annan hátt.

Ríkisstjórnin setur reglugerð um eftirlaunasjóð félagsins.

11. gr.

22. gr. laganna falli niður. Greinatala breytist eftir því.

12. gr.

25. gr. laganna orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi .....

13. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazt staðfestingu, skal fella meginmál þeirra og þann hluta laga nr. 22 1. febr. 1936, sem ekki er úr gildi fallinn, inn í meginmál laga nr. 26 23. júní 1936, um Brunabótafélag Íslands, og gefa þau síðan út þannig breytt.

Greinargerð.

Allsherjarnefnd hefur verið sent þetta frumvarp af atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu með þeim tilmælum, að nefndin athugaði frumvarpið og flytti það í því formi, sem henni þætti bezt henta. En þar svo var áliðið þingsins, er frv. kom til nefndarinnar, sá hún sér ekki fært að taka frv. til gagngerðrar athugunar, en vildi hins vegar, að frv. kæmi fram á þinginu, svo að þingmönnum gæfist kostur á að kynnast því. Nefndarmenn hafa eðlilega allir óbundnar hendur um frv. í heild og einstök atriði þess.

Svo hljóðandi greinargerð fylgdi frumvarpinu, en hún er, eins og frv. sjálft, samin af forstjóra Brunabótafélags Íslands:

Síðan 1932 og 1936, er lögum Brunabótafélags Íslands var breytt, hefur orðið nokkur útfærsla á starfssviði félagsins og breytingar á ástæðum þess og almennum ástæðum, er gera þörf ýmist nýrra breytinga eða viðauka. — Nánar um það efni verður rætt í athugasemdum við hinar einstöku frumvarpsgreinar.

Um 1. gr.: Þegar Brunabótafélag Íslands var stofnað, átti það eðlilega engan sjóð til að mæta áhættunni, sem það tókst á hendur. Áhættunni var því mætt með takmarkaðri ábyrgð ríkissjóðs og vátryggjenda.

Þrátt fyrir það, þótt félagið setti vátryggingariðgjöldin 25—40% lægri en þau voru áður hjá hinum erlendu vátryggingarfélögum, sem þá höfðu frjálsar tryggingar hér á landi, hefur því samt frá upphafi safnazt árlega fé, og aldrei þurft til að taka, hvorki ábyrgðar ríkissjóðs né félagsmanna. Fjársöfnunin var hæg framan af, en vaxandi smátt og smátt, eftir að hún fór meir og meir að styðjast við vexti af því fé, sem safnaðist. Eftir að starfssvið félagsins var fært út til smákauptúna (1932) og sveitanna (1934), og einkum er félagið fékk hagstæðari endurtrygging-

arkjör (1932) en verið höfðu áður, fór sjóðurinn örar vaxandi. Í lok síðasta vátryggingarárs (15. okt. 1940) var hann rúmar 4 milljónir króna. Nemur hann nú um 30‰ af vátryggingarverðmæti fasteigna og rúmlega 11-földum ársiðgjöldum.

Þar sem baktrygging félagsins er þannig orðin að miklum mun meiri en hún var í upphafi, og með tilliti til allrar reynslu félagsins þykir eðlilegt, að ábyrgð ríkissjóðs falli niður. En þar sem félagið er gagnkvæmt ábyrgðarfélag fasteigna-vátryggjenda, er sjálfgefið, að þeirra ábyrgð haldist eins og hún var ákveðin í upphafi, enda þótt væntanlega þurfi aldrei til hennar að taka.

Óþarft virðist að halda í lögunum tilvitnuninni um stofnár félagsins, enda er hún ekki alls kostar rétt. Félagið var stofnað með lögum 1907, en lögunum var aðeins breytt 1915 og starfræksla hófst ekki fyrr en í ársbyrjun 1917.

Um 2. gr.: a. Félagið hefur nú með samningi við Sjóvátryggingarfélag Íslands, ásamt endurtryggingarfélagi sínu tekið að sér hálfa áhættu af vátryggingu húseigna í Reykjavík. Viðbótin er til samræmis við það.

b. Í þessari málsgrein felst engin breyting frá lögunum, aðeins nánari orðun á þeirri heimild félagsins til lausafjártrygginga, sem ákveðin hefur verið. Undantekning á almennri heimild félagsins til lausafjártrygginga tekur aðeins til verzlunarbirgða.

Þá má og geta þess hér, að félagið hefur, með heimild í lögum nr. 37 frá 12. febr. 1940, tekið að ¹⁄₁₀ hluta þátt í stríðstryggingu íslenzkra skipshafna. Tjónin hafa orðið vonum minni til þessa, svo að allmikill afgangur hefur orðið af iðgjöldum. Áhætta félagsins af þátttöku sinni er takmörkuð við 60 þús. krónur.

Um 3. gr.: Flokkaskipting 6. gr. laganna fellur ekki við starfssvið félagsins, eins og það er orðið eftir útfærslu hinna síðari ára. Flokkaskipting sú, sem frumvarpsgreinin ákveður, er nauðsynleg fyrst og fremst til þess að fylgjast með því, hvernig hver tegund trygginganna ber sig, og ákveða iðgjöldin fyrir hvern flokk með tilliti til þess. Þrátt fyrir þessa skiptingu bera flokkarnir að fullu sameiginlega áhættuna hver með öðrum, þó að undantekinni stríðstryggingunni. Áhætta varasjóðs af þátttöku í henni er takmörkuð (sbr. aths. um 2. gr.).

Um 4. gr.: Vegna hinna óviðráðanlegu og óvissu ástæðna, sem nú eru í hvívetna, getur verið nauðsynlegt, að hámark það, sem 7. gr. laganna setur fyrir áhættu félagsins af einstökum vátryggingum, sé ekki einskorðað. Hvort tveggja getur komið fyrir, að endurtrygging fáist ekki eða falli niður af óviðráðanlegum orsökum, sem og hitt, að hagfellt eða nauðsynlegt verði að leita endurtryggingar á öðrum grundvelli en þeim, sem samrýmist hámarksákvæðum laganna.

Um 5. gr.: Málsgreinin er samræmd við orðun frumvarpsins. Tilvísunin um það, hverjir séu hinir ábyrgu félagsmenn, er skýrari til 3. gr. en til 6. gr. eins og hún yrði eftir frumvarpinu.

Um 6. gr.: Niðurfall 9. gr. laganna er afleiðing af breytingunni við fyrstu grein, niðurfall ábyrgðar ríkissjóðs.

Um 7. gr.: Lögin (13. gr.) ákveða, að draga skuli 10—20% frá tjónbótum, sé ekki endurbyggt, nema almannahagur heimti, að frá því sé vikið. Aðrar ástæður geta einnig verið fyrir hendi, sem gera tjónþola ómögulegt að endurbyggja, svo sem er nú af völdum ófriðarins. Virðist þá ekki sanngjarnt að láta það bitna á vátryggjanda.

Um 8. gr.: Fyrsta málsgr. er ekki efnisbreyting, aðeins skýrar tekið fram það, sem í henni hefur falizt.

Í annarri málsgreininni er farið fram á það, að félaginu sé veitt samskonar heimild um innheimtu iðgjaldanna sem gefin er Landsbanka Íslands í 17. gr. laga nr. 1 frá 1900 til sölu veðsettra eigna án undangengins dóms, sáttar eða fjárnáms (hér lögtaks), sbr. 10. gr. tilskip. frá 18. febr. 1847. Lögtak sem undanfari sölu er með öllu óþarft, þar sem það er aldrei tekið í öðru en sjálfri hinni vátryggðu og lögveðbundnu eign, og því ekki til annars en fyrirhafnar og kostnaðar fyrir vátryggjanda. Í reyndinni mun aldrei hafa komið til nauðungarsölu vegna bruna-

bótagjalda einna saman. Hér er því aðeins um innheimtuaðferð að ræða eða greiðsluþvingun.

Þá er farið fram á, að söluformið sé gert kostnaðarminna með því að söluuppboðið þurfi ekki að auglýsa nema einu sinni. Iðgjöldin nema oft aðeins fáum krónum, eða tugum króna. Gjaldendum er því tilfinnanlegt að þurfa að greiða í lögtaks- og auglýsingarkostnað oft margfalda upphæð við iðgjaldið. Tilhögunin, sem hér er ráðgerð, væri báðum aðilum til hagsbóta, án þess að skert sé réttaröryggi þeirra, enda vátryggjendum tryggður ekki minni frestur en með lögtaksgerðinni til þess að komast hjá auglýsingar- og sölukostnaði.

Um 9. gr.: Það er orðin venja um mörg viðskipti og lögfest um fastákveðin gjöld flest, að greiddir séu dráttarvextir, ef gjöldin eru ekki greidd innan tilskilins frests frá gjalddaga. Séu dráttarvextir ekki greiddir, fá þeir, sem draga að greiða gjöld sín, umbun fyrir greiðsludráttinn miðað við hina, sem greiða í gjalddaga. Torvelda þessar ástæður mjög greið skil á iðgjöldum. Fresturinn, sem hér er ætlaður, er þrefalt lengri en greiðslufrestur iðgjalda af fasteignum í Reykjavík.

Um 10. gr.: a. Deildaskipting sú, sem hér er gerð, er nauðsynleg til að fá grundvöll fyrir ágóðaúthlutun þeirri, sem ræðir um í staflið b.

b. Þar sem Brunabótafélag Íslands er gagnkvæmt ábyrgðarfélag þeirra fasteignavátryggjenda, sem hafa skyldubundnar vátryggingar í félaginu (sbr. 1. gr. félagslaganna), ber vátryggjendum að réttu lagi að hafa áhættu og ágóða af starfsemi félagsins. Vegna hins verulega stuðnings af vöxtum af því fé, sem safnazt hefur, er áætla má nú árlega nálægt 200 þús. kr., má telja, að árleg fjársöfnun verði hér eftir meiri en full þörf er á. Undanfarin 4 síðustu árin hefur fjársöfnunin verið fullar 400 þús. krónur árlega að meðaltali. Þó að vátryggingarverðmætið vaxi að vísu talsvert með ári hverju, þá fara jafnframt minnkandi hlutfallsleg tjón sem og sambrunahætta, bæði vegna aukinna brunavarna og eldtryggari nýbygginga almennt en hinar eldri voru.

Vegna þess að möguleikinn til ágóðaúthlutunar byggist að mestu eða öllu á vöxtunum af því fé, sem safnazt hefur, og safnast væntanlega áfram, þá þykir rétt, að hann falli til deilda félagsins, sveitar- og bæjarfélaga, en ekki beint til vátryggjenda, enda eiga að miklu leyti aðrir einstaklingar hluta í fjársöfnuninni en núverandi eigendur. Þá er og þess að gæta, að félagsdeildirnar hafa nokkur almenn útgjöld til brunavarna. Ágóðaúthlutunin til þeirra gæfi þeim nokkrar tekjur á móti. Yrðu þau þá færari um að uppfylla þær skyldur um brunamál og brunavarnir, sem á þau eru lögð í hinum almennu brunamálalögum og með brunamálasamþykktum. En í þeim efnum er víða nokkurs áfátt, m. a. vegna fjárskorts. Vátryggjendunum kæmi úthlutunin til ágóða á þann hátt, að vegna hennar þyrftu bæjar- og sveitarfélögin að gera til þeirra nokkurn veginn tilsvarandi lægri kröfur til útgjalda.

Ástæðan til að ákveða ágóðaúthlutunina í tveim flokkum er sú, að í þéttbýlinu er sambrunahætta, en ekki í dreifbýlinu. Og ávinningurinn við það að ákveða mismunandi ágóðahluta til hinna einstöku deilda innan hvers aðalflokks væri bæði réttlætisástæður og hvöt fyrir deildirnar, hverja fyrir sig, til að gæta sín sem bezt fyrir brunatjónum með öllum tiltækilegum ráðum.

c. Það er nú orðin venja hjá hinum stærri stofnunum að efna til eftirlaunasjóða fyrir fasta starfsmenn, er þeir láta af störfum. Sú er einnig stefnan í almennri löggjöf, að tryggja öllum mönnum nokkurn framfærslueyri, þegar kraftar bresta eða heilsa dvín. En vegna þess hve hinar opinberu almennu ráðstafanir í þessu efni eru nýlega tilkomnar og ófullnægjandi í ýmsu tilliti, þá koma þær lítt að notum fulltíða mönnum eða eldri.

Brunabótafélag Íslands er stofnun, sem ekki er fyrirsjáanlegt, að hætti störfum eða leggist niður. Má því teljast eðlilegt og nauðsynlegt, að félagið komi upp, í samræmi við kröfur tímans, eftirlaunasjóði á líkan hátt og flestar aðrar meiri háttar stofnanir hafa gert.

Núverandi forstjóri og skrifstofustjóri félagsins eru orðnir það rosknir menn, að

þeir myndu ekki hafa safnað sér verulegum eftirlaunum í eftirlaunasjóði starfsmanna félagsins á þeim tíma, sem ætla má, að þeir eigi eftir að starfa við félagið. Líkt gæti og orðið um síðari starfsmenn í þessum stöðum. Fyrir því er leitað lagaheimildar til að veita megi starfsmönnum í þessum stöðum eftirlaun, eða viðbót við þau eftirlaun, sem þeir kynnu að hafa safnað sér, er þeir láta af störfum hjá félaginu, eða kynnu að eiga tilkall til á annan hátt.

Um 11. gr.: Ákvæðum 22. gr. laganna er nú fullnægt og greinarinnar því ekki þörf lengur.

Um 12. gr.: Krefur ekki skýringar.

Nd. 732. Breytingartillaga

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Á eftir 2. gr. frv. kemur ný grein, svo hljóðandi:
   Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að eftirfarandi vörur tollskrárinnar skuli vera tollfrjálsar til ársloka 1942:
   Nr. 11 í 7. kafla: Baunir, ertur og linsur.
   Nr. 1—7 í 10. kafla: Hveiti, rúgur, ris með hýði eða án hýðis, bygg, hafrar, maís og annað ómalað korn.
   Nr. 1—12 í 11. kafla: Mjöl: úr hveiti, úr rúgi, úr ris, úr byggi, úr höfrum, úr maís, annað ót. a. Grjón: úr hveiti, úr byggi, úr höfrum, úr ris, önnur, ót. a.
2. Til sama tíma skulu eftirfarandi vörur tollast með helmingi þeirra tolla, er í tollskránni greinir (N, 1 kg., 10 a. vörumagnstollur og 5% verðtollur):
   Nr. 1—6 í 17. kafla: Sykur, strásykur, höggvinn sykur (molasykur), sallasykur (flórsykur), púðursykur, steinsykur (kandís) og toppasykur.
   Greinatalan breytist samkv. því.

Nd. 733. Nefndarálit

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýms gjöld 1942 með viðauka.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 12. júní 1941.

Sveinbjörn Högnason, form. Jón Pálmason, fundaskr., H. Guðmundsson, frsm.
Skúli Guðmundsson. Stefán Stefánsson.

Nd. 734. Breytingartillaga

við frv. til laga um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa.

Frá fjárhagsnefnd.

Við 23. gr.

Aftan við greinina bætist: hjá Landsbanka Íslands. Eigi má þó verja fé ómyndugra til þess að kaupa bankavaxtabréf á hærra verði en ákvæðisverð þeirra er.

Nd. **735. Lög**

um eyðingu svartbaks.

(Afgreidd frá Nd. 12. júní).

Samhljóða þskj. 724.

Nd. **736. Nefndarálit**

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 37 12. febrúar 1940, um stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 12. júní 1941.

Finnur Jónsson, form. Sig. E. Hlíðar, fundaskr., frsm. Gísli Guðmundsson.
Jón Ívarsson. Sigurður Kristjánsson.

Sþ. **737. Frumvarp til laga**

um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa.

(Eftir eina umr. í Nd.).

1. gr.

Veðdeild Landsbankans skal vera heimilt að gefa út bankavaxtabréf, allt að 18 milljónum króna. Vaxtabréfunum má skipta í flokka, og nefnist sá þeirra, er fyrst kemur til framkvæmda, 13. flokkur veðdeildarinnar, og hinir í áframhaldandi töluröð þar á eftir. Ráðherra ákveður, hvenær hverjum flokki skuli lokið, er stjórn Landsbankans hefur gert tillögur um það. Heimilt er, með samþykki ráðherra, að hafa 3 flokka með mismunandi vöxtum starfandi í senn. En eigi má hver flokkur vera stærri en 6 milljónir króna.

2. gr.

Veðdeildin gefur út skuldabréf, er hljóða á handhafa (bankavaxtabréf), en nafnskrá má þau í bókum bankans. Stjórn Landsbankans kveður á um lögun, útlit og fjárhæð bankavaxtabréfanna. Ráðherra og bankastjórar Landsbankans undirskrifa bankavaxtabréfin.

Aldrei má gefa meira út af bankavaxtabréfum en nemur fjárhæð þeirri, er veðdeildin á í veðskuldabréfum.

3. gr.

Auk veðskuldabréfa þeirra, sem veðdeildin fær frá lántakendum, skal trygging fyrir vaxtabréfum þessara flokka vera:

1. Varasjóður hvers flokks.
2. Sameiginleg ábyrgð lántakenda, er nemi allt að 10%, sbr. 8. gr.
3. Ábyrgð ríkissjóðs.

Ef taka þarf til tryggingarinnar 1—3, skal gera það í þeirri röð, sem að ofan er greint.

4. gr.

Í reglugerð fyrir hvern flokk, er bankastjórnin semur og ráðherra staðfestir, skal ákveðið, hversu háum vöxtum skuli svarað af bankavaxtabréfunum og hvar þeir skuli greiðast, svo og hvernig haga skuli auglýsingum um greiðslu þeirra.

Vaxtamiðar, sem komnir eru í gjalddaga, skulu gjaldgengir til lúkningar sköttum og öðrum gjöldum ríkissjóðs, og skulu gjaldheimtumenn ríkissjóðs innleysa þá, ef þeir hafa fé fyrir hendi, er greiðast á í ríkissjóð.

5. gr.

Veðdeildin er undanþegin öllum tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum. Svo á hún rétt til að fá ókeypis eigna- og veðbókarvottorð, til afnota fyrir sjálfa sig.

6. gr.

Fé veðdeildarflokkanna má lána gegn veði í jarðeignum, erfðafestulöndum og húseignum með lóð, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð, en gegn veði í húseignum því aðeins, að þær séu vátryggðar í vátryggingarstofnun, er bankastjórnin telur góða og gilda.

Lánsupphæð má ekki fara fram úr ⅔ af virðingarverði fasteignarinnar.

7. gr.

Eignir þær, sem veðdeildarflokkarnir taka að veði, skal á kostnað lánþega virða á þann hátt, er nánar verður tiltekið í reglugerð fyrir flokkana. Í reglugerðinni má meðal annars ákveða, að stjórn Landsbankans megi nefna til þá menn, er virða skuli veðin, og að hreppsnefnd eða bæjarstjórn sú, er í hlut á, samþykki virðinguna. Svo skal lántakandi, að minnsta kosti á hverjum fimm ára fresti, meðan lánið stendur, sýna skírteini, sem bankastjórnin tekur gild, fyrir því, að veðið hafi eigi rýrnað í verði, svo að veðdeildarflokknum geti verið nein hætta búin. Láti lántakandi farast fyrir að senda bankastjórn Landsbankans þetta skírteini, má stjórn bankans láta skoðunargerð af innanhéraðsmönnum fram fara á kostnað lántakanda.

8. gr.

Lántakendur veðdeildarflokkanna skulu, auk þess að bera ábyrgð á sínum eigin skuldum, ábyrgjast sameiginlega (in solidum) skuldbindingar hvers flokksins, þó eigi meira en 10% af því, sem lán þeirra námu á síðasta gjalddaga, áður en taka þurfti til ábyrgðarinnar. Skal í reglugerð deildarinnar ákveða, hvenær grípa skuli til þessarar sameiginlegu ábyrgðar og hvernig henni að öðru leyti skuli vera fyrir komið.

9. gr.

Eigi má lána nema gegn 1. veðrétti. Minnsta lán skal vera 300 kr., og skulu lán jafnan standa á hundraði króna.

Lánstíminn má vera allt að 40 árum, sé veðið jarðeign eða vandað steinsteypuhús eða steinhús, og allt að 30 árum, sé veðið vandað timburhús.

10. gr.

Lán þau, sem veðdeildin veitir, má hún greiða í bankavaxtabréfum sínum eftir ákvæðisverði þeirra, en lánþegi hefur rétt til að heimta, að bankastjórnin annist um að koma bankavaxtabréfunum í gjaldgenga peninga, ef þess er kostur, en borga verður hann kostnað þann, sem af því leiðir, og verðfall.

Veðdeildin hefur þó jafnan rétt til að greiða lánin í peningum með þeirri upphæð, sem hún getur fengið fyrir þau, að frádregnum öllum kostnaði. Semja má um sölu bankavaxtabréfa þessara flokka fyrir fram í einu eða fleiru lagi, enda samþykki ráðherra söluverðið.

11. gr.

Hver lántakandi skal greiða 1% af lánsupphæðinni í varasjóð flokksins um leið og hann tekur lánið.

Þó er heimilt að ákveða í reglugerð, að lántökugjaldið greiðist í tvennu eða fernu lagi.

Heimilt er veðdeildinni við hver eigendaskipti að heimta lánið borgað aftur að öllu eða nokkru leyti.

Verði eigendaskipti að fasteign, sem veðsett er veðdeildinni, skal kaupandi þegar um leið og kaupin gerast tilkynna veðdeildinni eigendaskiptin.

12. gr.

Vilji nýr kaupandi taka að sér greiðslu á láni úr þessum flokkum, skal hann leita samþykkis landsbankastjórnarinnar um það. Samþykki hún, að hinn nýi kaupandi taki lánið að sér, skal hann innan sex mánaða frá kaupdegi sanna eignarrétt sinn fyrir bankastjórninni og taka lánið að sér. Slík yfirtaka er ekki stimpilskyld.

13. gr.

Lánum þeim, sem veðdeildin veitir, má hún ekki segja upp, meðan lánþegi gegnir að öllu leyti skyldum þeim, sem hann hefur undirgengizt. En ef ákvæðisgjöld hans verða ekki greidd á réttum gjalddaga, eða veðið gengur svo úr sér, að það er eigi lengur svo tryggjandi sem vera skal, eða haldi skuldunautur ekki vátryggðum húseignum, er að veði eru og talin eru með í matinu, eða falli á veðið eftirstöðvar af sköttum eður afgjöldum, er ganga fyrir kröfum veðdeildarinnar, eða nýr kaupandi vanrækir að taka lán að sér, er bankastjórninni heimilt að telja eftirstöðvar lánsins komnar í gjalddaga undir eins án uppsagnar.

14. gr.

Skuldunautar veðdeildarinnar skulu greiða vexti, afborganir og tillög til að borga kostnað við þessa flokka og til varasjóðs í einu lagi með jafnri upphæð samtals hvern gjalddaga. Árlegt tillag til að borga kostnað við flokkana og til varasjóðs er ½% á ári af upphæð lánsins eins og það var fyrir hvern gjalddaga. Á ákveðnum gjalddögum má hver lántakandi, án undangenginnar uppsagnar, greiða aukaafborganir af skuld sinni, þó svo, að ávallt standi á 100 krónum, eða endurborga hana að öllu leyti. Gjald þetta má hann greiða með bankavaxtabréfum hlutaðeigandi flokks, eftir ákvæðisverði þeirra. Á öðrum tíma árs má og borga lán að fullu, ef bankastjórnin samþykkir, þó því aðeins, að það sé veðdeildarflokknum að skaðlausu.

15. gr.

Heimilt er í reglugerð að ákveða dráttarvexti á afborgunum og vöxtum, sem ekki greiðast á gjalddaga.

16. gr.

Afborgunum þeim og endurborgunum, er greiddar eru í peningum á hverjum gjalddaga, skal varið til að innleysa skuldabréf þau, er hlutaðeigandi veðdeildarflokkur hefur gefið út, eftir hlutkesti, sem notarius publicus hefur umsjón með og fram fer í viðurvist tveggja manna; annan kveður ráðherra til þess, hinn bankastjórnin. Þá er hlutkesti hefur fram farið, skal auglýsa með níu mánaða fyrirvara tölurnar á bankavaxtabréfum þeim, er upp hafa komið til innlausnar, og á hverjum gjalddaga þau verði útborguð. Nánari ákvæði um auglýsingar þessar skal setja í reglugerð veðdeildarflokkanna. Bankinn má og á þann hátt og með þeim fyrirvara, er áður segir, innleysa bankavaxtabréf í stærri stíl.

17. gr.

Eigendur bankavaxtabréfa þeirra, er innleysa skal, geta, gegn því að afhenda þau með vaxtamiðum, er þeim fylgja, fengið útborgaðan höfuðstól þeirra á ákveðn-

um gjalddaga, og er eigi skylt að greiða vexti af höfuðstólnum upp frá því. Sama rétt hafa handhafar bréfanna, þótt eigi séu eigendur.

18. gr.

Höfuðstóll og vaxtafé, sem komið er í gjalddaga til útborgunar, rennur í varasjóð hlutaðeigandi veðdeildarflokks, sé þess eigi vitjað innan 20 ára frá gjalddaga.

19. gr.

Nú glatast bankavaxtabréf, sem nafnskráð er í bókum veðdeildarinnar, og getur þá bankastjórnin innkallað handhafa bréfsins með 12 mánaða fyrirvara, með auglýsingu, er birt sé þrisvar sinnum samfleytt í blaði því á Íslandi, er flytur opinberar auglýsingar, og í samsvarandi auglýsingablöðum erlendis, þar sem ætla má, að bréfin séu í umferð. Ef enginn gefur sig fram með bréfið í tæka tíð, getur bankastjórnin útgefið handa hinum skráða eiganda þess nýtt bankavaxtabréf með sömu upphæð sem það, er glataðist, án þess nokkur annar, er bankavaxtabréfið kann að hafa verið afsalað, geti þar fyrir búið kröfu á hendur veðdeildinni. — Um ógilding annarra bankavaxtabréfa fer eftir almennum lögum.

20. gr.

Bankavaxtabréf þau, er innleyst hafa verið með hlutkesti, eða hafa verið notuð til að borga eða afborga lán, má eigi framar setja í veltu, heldur skal ónýta þau undir eins ásamt vaxtamiðum og stofnum þeirra, á þann hátt, að þau með því verði ógild, og leggja þau til geymslu í fjárhirzlu deildarinnar, og svo skal við lok næsta reikningsárs eyðileggja þau í viðurvist endurskoðenda ásamt vaxtamiðum þeim, er innleystir hafa verið það reikningsár.

21. gr.

Vaxtamiða og vaxtabréf, sem komin eru í gjalddaga, skal borga út í veðdeildinni í Reykjavík.

Í reglugerð veðdeildarflokkanna skal ákveða, á hvern hátt borga skuli út erlendis vaxtamiða og bankavaxtabréf, sem komin eru í gjalddaga.

22. gr.

Þegar lán er komið í gjalddaga (sbr. 13. gr.), hefur veðdeildin heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarandi dóms, sáttar eða fjárnáms, samkvæmt ákvæðum í tilskipun um fjárforráð ómyndugra, 18. febr. 1847, 10. gr., eða láta leggja það veðdeildinni út til eignar, ef þörf er á. — Veðdeildin þarf ekki að láta neinn vera fyrir sína hönd við uppboðið, og skal þar ekki taka mótmæli skuldunauts til greina, nema þau séu auðsjáanlega á rökum byggð, og eigi er heldur hægt að stöðva eða ónýta uppboðið með neins konar dómskoti.

Veðdeildin hefur aftur á móti ábyrgð á því, að skuldin sé rétt og komin í gjalddaga, og skuldunaut er frjálst að höfða mál til endurgjalds á öllu því, er hann hefur skaðazt á uppboðinu, og öllum málskostnaði að skaðlausu. Veðdeildin getur löglega samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum fasteignum megi fram fara í skrifstofu uppboðshaldara.

23. gr.

Fé ómyndugra manna og opinberra stofnana og sjóða má verja til að kaupa bankavaxtabréf þessara veðdeildarflokka, en þó eigi hærra verði en á skráðu gangverði þeirra hjá Landsbanka Íslands.

24. gr.

Þá er lokið er skuldbindingum hvers þeirra veðdeildarflokka, er stofnaðir verða samkvæmt lögum þessum, rennur varasjóður hans til næsta flokks, og svo áfram. Þegar lokið er skuldbindingum síðasta flokksins, rennur varasjóðurinn til

þess eða þeirra veðdeildarflokka eða veðlánsstofnana, sem stofnsettar verða til að halda áfram veðlánastarfseminni eftir að lokið er síðasta flokki samkvæmt þessum lögum. Verði slíkum nýjum flokkum eða veðlánastofnunum fengin aðgreind starfssvið, skiptist varasjóðurinn milli þeirra, svo að hvert starfssvið njóti réttrar ítölu þeirrar, er varasjóðnum hefur þaðan aflazt.

25. gr.

Veðdeildinni skal stjórnað af stjórn Landsbankans, og reikningar hennar endurskoðaðir af endurskoðendum þess banka.

26. gr.

Lög þessi ganga í gildi nú þegar.

Ed. 738. Nefndarálit

um frv. til laga um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1939.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarp þetta verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 12. júní 1941.

Magnús Jónsson, form., frsm.	Erlendur Þorsteinsson, fundaskr.	Bernharð Stefánsson.

Ed. 739. Lög

um breyting á lögum nr. 43 13. nóv. 1903, um vörumerki.

(Afgreidd frá Ed. 12. júní.)

Samhljóða þskj. 666.

Nd. 740. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 4. gr. Greinin orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Alþingi, 13. júní 1941.

Sveinbjörn Högnason, form.	Jón Pálmason, fundaskr.	Skúli Guðmundsson, frsm.
Haraldur Guðmundsson.	Stefán Stefánsson,	

Nd. 741. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Við 1. gr.
   a. Í stað orðanna „og kaupgjalds“ komi: kaupgjalds og framleiðslukostnaðar.
   b. Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi.
      Ríkisstjórnin skal verja fé því, sem aflað er samkvæmt lögum þessum, til þess að koma í veg fyrir, svo sem unnt er, að verðlag á innlendum og erlendum nauðsynjavörum hækki til neytenda frá því, sem nú er, og til að styðja þá framleiðendur, sem af styrjaldarástæðum eru neyddir til að selja vöru sína óeðlilega lágu verði, allt að undangenginni athugun á þeim ástæðum, sem fyrir hendi eru.
2. Við 2. gr.
   a. Aftan við greinina bætist: og þeim skipum, sem Íslendingar hafa á leigu til ákveðins tíma.
   b. Á eftir greininni bætist ný grein, svo hljóðandi (og breytist greinatala samkv. því):
      Ríkisstjórninni er heimilt:
      1. Að fella niður til ársloka 1942 tolla af: baunum, ertum, linsum, hveiti, rúg, ris með hýði eða án hýðis, byggi, höfrum, maís og annarri ómalaðri kornvöru; mjöli: úr hveiti, úr rúgi úr ris, úr byggi, úr höfrum, úr maís og öðru ótöldu; grjónum: úr hveiti, byggi, úr höfrum, úr ris og öðru ótöldu.
      2. Að lækka um helming til sama tíma tolla af: sykri, strásykri, höggnum sykri (molasykri), sallasykri (flórsykri), púðursykri, steinsykri (kandís) og toppasykri.
      3. Að hækka um allt að 50% til sama tíma tolla af: áfengi og tóbaki, svo og gjald af innlendum tollvörutegundum, sbr. lög nr. 60 30. des. 1939, og aðflutningsgjöld af sams konar vörum.
3. Við 3. gr., sem verður 4. gr. Upphaf greinarinnar orðist þannig:
   Í því skyni, er í lögum þessum greinir, er ríkisstjórninni o. s. frv.
4. Við 4. gr., sem verður 5. gr. Aftan við fyrri málsgrein greinarinnar bætist: svo og að undanþiggja þær útflutningsvörur, sem seljast lægra verði en hún telur, að framleiðslukostnaði nemi.

Nd. 742. Breytingartillaga

við frumvarp til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Við 5. gr. Greinin orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1941 viðauka á tekjuskatt og eignarskatt álagðan á árinu, og má viðauki þessi nema allt að 10%.

Nd. 743. Breytingartillaga

við frumvarp til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna.

Frá Jóni Pálmasyni og Stefáni Stefánssyni.

Á eftir 1. gr. komi ný grein, er verði 2. gr., þannig:

Heimilt er ríkisstjórninni að verja fé samkvæmt lögum þessum til að tryggja framleiðendum það verð á kjöti og mjólk og öðrum landbúnaðarvörum, sem nauðsynlegt telst, að dómi Búnaðarfélags Íslands, til þess að framleiðsla þeirra afurða dragist ekki saman. Náist þetta verð með verðlagsákvörðun verðlagsnefndanna, er stjórninni heimilt að ákveða lægra útsöluverð, enda greiðist þá mismunurinn af fé því, sem um ræðir í lögum þessum.

Ed. 744. Nefndarálit

um frumv. til laga um ríkisstjóra Íslands.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta og sér ekki ástæðu til að gera við það breytingartillögur. Leggur hún því til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 13. júní 1941.

Sigurjón Á. Ólafsson, form.	Ingvar Pálmason, fundaskr., frsm.	Magnús Gíslason.

Sþ. 745. Tillaga til þingsályktunar

um rannsókn á frávikningu starfsmanns í þjónustu ríkisins.

Flm.: Brynjólfur Bjarnason, Ísleifur Högnason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta rannsaka ástæðurnar fyrir því, að Einari M. Einarssyni skipherra á Ægi var vikið frá starfi, og ásakanir þær, sem bornar hafa verið fram í þessu sambandi á hendur þeim ráðherra, sem hlut átti að máli.

Greinargerð.

Einar M. Einarsson hefur sent Alþingi ýtarlega greinargerð um þetta mál, þar sem bornar eru fram svo þungar ásakanir, að ósæmilegt er, að ekki sé rannsakað til hlítar, á hve miklum rökum þær eru reistar. Í áliti þessu segir Einar M. Einarsson m. a.:

Á bls. 2: „Eftir því, sem Pálmi Loftsson forstjóri talaði oftar við mig um að víkja af „Ægi", varð sókn hans ákveðnari og harðvítugri, og loks þegar ég aftók með öllu að fara af skipinu í kyrrþey, t. d. með því, eins og forstjórinn ráðlagði mér, að látast vera veikur, eða biðja um tveggja til þriggja mánaða frí, hafði hann í hótunum við mig, meðal annars með því að stöðva launagreiðslu til mín o. fl."

Á bls. 20: „Hinn 20. desember 1939 átti ég símasamtal við herra alþingismann Jónas Jónsson. Snerist samtalið um frávikningu mína úr skipherrastöðu á varðskipinu „Ægi“. Vék hann meðal annars að tilefninu til þeirrar ráðstöfunar og sagði, að mér hlyti að vera það ljóst, að „framkoma þeirra“ — eins og hann sagði orðrétt — gagnvart mér stafaði af því einu, að ég hefði ekki viljað láta nóg í flokkssjóð þeirra af mínum háu launum. Með orðinu „þeirra“ á síðari staðnum, getur þar sem alkunnugt er, í hvaða stjórnmálaflokki Jónas Jónsson er, ekki verið átt við aðra en framsóknarflokksmenn.“

Nd. 746. Tillaga til þingsályktunar

um persónutrygging landsmanna vegna ófriðarins.

Flm.: Jóhann G. Möller.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að rannsaka möguleikana fyrir því, að sett verði á stofn sameiginleg persónutrygging landsmanna vegna ófriðarins, og telur deildin rétt, að ríkisstjórnin komi slíkri tryggingu á fót, ef fært þykir.

Ástæður.

Fyrir Alþingi liggur nú frumvarp um ófriðartryggingar, og er það borið fram að tilhlutun hæstvirts atvinnumálaráðherra. Með frumvarpi þessu er tryggt sameiginlega fasteignir, lausafé og vörubirgðir gegn tjóni af völdum ófriðarins. Er þessi ráðstöfun talin mjög eðlileg og mælist vel fyrir. Mætti því ætla, að ekki yrði það talið óeðlilegra eða myndi mælast síður vel fyrir, að landsmenn yrðu tryggðir sameiginlega fyrir líftjóni af völdum hernaðarins.

Hafði flutningsm. þessarar þáltill. hugsað sér að bera fram sérstakar breytingartillögur um þetta efni í sambandi við frumvarpið um ófriðartryggingar, en komst brátt að raun um, að ekki væri hægt, að svo áliðnu þingi, að afla þeirra upplýsinga og þeirrar sérfræðiþekkingar, sem nauðsynleg er til undirbúnings tillögum í þessu skyni, enda eðlilegast og hentugast, að ríkisstjórnin framkvæmdi nauðsynlega rannsókn málsins. Er þess vegna farin sú leið, sem greinir í framan greindri þáltill., og er það skoðun flutningsmanns, að athugun ríkisstjórnarinnar muni leiða það í ljós, að tryggingar þær, sem hér um ræðir, verði settar á stofn vonum fyrr.

Nd. 747. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 37 12. febr. 1940, um stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna.

Frá Ísleifi Högnasyni.

Við 1. gr. (næstsíðustu málsgrein). Í stað orðsins „útgerðarmanns“ komi: útgerðarmanna eða skipverja.

Nd. 748. Lög

um veiting ríkisborgararéttar.

(Afgreidd frá Nd. 13. júní.)

Samhljóða þskj. 721.

Ed. 749. Lög

um prestssetur Staðarprestakalls á Reykjanesi.

(Afgreidd frá Ed. 13. júní.)

Samhljóða þskj. 679.

Ed. 750. Þingsályktun

um rannsókn á kostnaði við að gera hestvegi meðfram helztu akbrautum landsins.

(Afgreidd frá Ed. 13. júní.)

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta gera rannsókn og áætlun um það, hve mikið myndi kosta að gera hestvegi meðfram helztu akbrautum landsins.

Sþ. 751. Tillaga til þingsályktunar

um verðuppbót á mjólk og mjólkurafurðir.

Flm.: Pétur Ottesen.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um það, að seld mjólk og mjólkurafurðir á síðastliðnu ári geti notið uppbótar af fé úr verðuppbótarsjóði þeim, sem til féll við afurðasölusamning ríkisstjórnarinnar við Breta á árinu 1940.

Nd. 752. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Til viðbúnaðar gegn þeim erfiðleikum atvinnuveganna, er stafa af styrjaldarástandinu, til þess að minnka verðbólguna innanlands og draga þannig úr hækkun framfærslukostnaðar, kaupgjalds og framleiðslukostnaðar, og til annarra ráðstafana, sem óhjákvæmilega nauðsynlegar kynnu að þykja af styrjaldarástæðum, eru ríkisstjórninni veittar heimildir þær, er í lögum þessum greinir.

Ríkisstjórnin skal verja fé því, sem aflað er samkvæmt lögum þessum, til þess að koma í veg fyrir, svo sem unnt er, að verðlag á innlendum og erlendum nauðsynjavörum hækki til neytenda frá því, sem nú er, og til að styðja þá framleiðendur, sem af styrjaldarástæðum eru neyddir til að selja vöru sína óeðlilega lágu verði, allt að undangenginni athugun á þeim ástæðum, sem fyrir hendi eru.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða farmgjöld af vörum, sem fluttar eru til landsins með íslenzkum skipum og þeim skipum, sem Íslendingar hafa á leigu til ákveðins tíma.

3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt:

1. Að fella niður til ársloka 1942 tolla af: baunum, ertum, linsum, hveiti, rúg, rís með hýði eða án hýðis, byggi, höfrum, maís og annarri ómalaðri kornvöru; mjöli: úr hveiti, úr rúgi, úr rís, úr byggi, úr höfrum, úr maís og öðru ótöldu; grjónum: úr hveiti, úr byggi, úr höfrum, úr rís og öðru ótöldu.
2. Að lækka um helming til sama tíma tolla af: sykri, strásykri, höggnum sykri (molasykri), sallasykri (flórsykri), púðursykri, steinsykri (kandís) og toppasykri.
3. Að hækka um allt að 50% til sama tíma tolla af: áfengi og tóbaki, svo og gjald af innlendum tollvörutegundum, sbr. lög nr. 60 30. des. 1939, og aðflutningsgjöld af sams konar vörum.

4. gr.

Í því skyni, er í lögum þessum greinir, er ríkisstjórninni heimilt að verja allt að 5 milljónum króna af tekjum ríkissjóðs á árinu 1941.

5. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt með reglugerð að leggja sérstakt útflutningsgjald á íslenzkar afurðir, sem fluttar eru út úr landinu. Skal gjaldið vera ákveðinn hundraðshluti af fob-verði afurðanna, þó ekki hærri en 10 af hundraði. Er ríkisstjórninni heimilt að ákveða á mismunandi hátt gjald af hinum ýmsu útflutningsvörum, miðað við framleiðslukostnað og söluverð.

Heimilt er ríkisstjórninni að ákveða, að gjald þetta skuli aðeins ná til þeirra afurða, sem framleiddar eru eftir að reglugerðin um útflutningsgjaldið öðlast gildi, svo og að undanþiggja þær útflutningsvörur, sem seljast lægra verði en hún telur, að framleiðslukostnaði nemi.

6. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1941 viðauka á tekjuskatt og eignarskatt álagðan á árinu, og má viðauki þessi nema allt að 10%.

7. gr.

Ákvæði um innheimtu gjalda þeirra, er lög þessi fjalla um, skulu sett í reglugerð, svo og um eftirlit með framkvæmd hennar og refsingu fyrir brot á lögunum eða reglugerðinni.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 753. Frumvarp til laga

um ófriðartryggingar.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

I. KAFLI

Stofnun tryggingarinnar.

1. gr.

Setja skal á fót stofnun til að standa straum af tjóni af völdum hernaðar í landinu á fasteignum og lausafé landsmanna, sem ekki er tryggt gegn tjóni af völdum ófriðar eða fæst bætt á öðrum vettvangi. Stofnunin nefnist: Ófriðartryggingin.

Stofnunina skal þó ekki setja á fót fyrr en eitthvert hernaðartjón hefur að höndum borið, og koma lög þessi að engu leyti til framkvæmda fyrr en slíkt tjón hefur átt sér stað.

Trygging sú, er lög þessi fjalla um, nær ekki til þeirra fjármuna í landinu, sem eru í eigu erlendra manna eða stofnana, nema slíkir aðilar séu hér heimilisfastir og greiði hér öll almenn gjöld, eða ef um umboðssölu á erlendum vörubirgðum hér á landi er að ræða, og sá aðili, sem selur þær, er heimilisfastur og greiðir öll almenn gjöld hér á landi.

2. gr.

Stofnunin starfar í þrem deildum, fasteignadeild, véla- og tækjadeild og lausafjártryggingardeild. Hafa þær sameiginlega stjórn og bera sameiginlega stjórnarkostnað og annan kostnað af rekstri stofnunarinnar, en að öðru leyti hafa þær aðskilinn fjárhag. Atvinnumálaráðuneytið skiptir rekstrarkostnaði stofnunarinnar á deildir hennar.

II. KAFLI
Fasteignatryggingin.

3. gr.

Skylt er að tryggja hjá Ófriðartryggingunni allar húseignir í landinu og önnur tryggingarskyld mannvirki.

Atvinnumálaráðuneytið ákveður, hvað telja skuli tryggingarskyld mannvirki.

Eigendur eða umráðamenn tryggingarskyldra mannvirkja, sem ekki eru í skyldutryggingu fyrir eldsvoða, eru skyldir til að senda Ófriðartryggingunni tilkynningar um þau, þegar er hún hefur tekið til starfa.

4. gr.

Landið allt er eitt tryggingarsvæði, en ráðuneytið ákveður með reglugerð eða auglýsingu skiptingu fasteignanna í áhættuflokka með mismunandi iðgjöldum.

5. gr.

Iðgjöld reiknast af brunabótaverði. Húseignir og mannvirki, sem ekki eru virt til brunabóta, skal stjórn stofnunarinnar láta virða sérstaklega, og á sama hátt og til brunabóta væri, með aðstoð brunatryggingarfélaga húseigna, sem starfa á hverjum stað, og skal gera viðaukaskrá yfir þau við brunatryggingarskrárnar.

6. gr.

Áfallnar bætur eða eftirstöðvar þeirra ávaxtast með 5% á ári frá því er tjónið varð og þangað til þær eru greiddar að fullu. Vextir þessir ganga fyrst og fremst til greiðslu vaxta af kröfum þeim, sem tryggðar eru með þinglesnum veðrétti í fasteign þeirri, sem skemmzt hefur eða farizt, og greiðast þeir á umsömdum gjalddögum veðskuldarinnar. Jafnframt vöxtum greiðast afborganir af hinum þinglesnu veðskuldum, og skal draga þær frá bótunum, er þær verða endanlega greiddar. Þó greiðist ekki hærri árleg afborgun af neinni slíkri skuld en sem svarar ½₀ hluta hennar, eins og hún var þegar fasteignin skemmdist eða fórst, og eigi hærri árlegir vextir en 5%, og geta veðhafar eigi krafizt frekari greiðslu meðan fasteignin er ónothæf eða bætur eigi greiddar að fullu. Færist greiðsla skuldarinnar aftur um tilsvarandi tíma, sem þarf til að ljúka því af henni með umsömdum afborgunum, sem með þessu móti kann að hafa vangreiðzt, meðan fasteignin var ónothæf eða bætur ekki greiddar að fullu.

Verði eitthvað afgangs af téðum 5% vöxtum, þegar greiddir hafa verið vextir af veðkröfum samkv. framansögðu, greiðist það til eiganda fasteignarinnar í lok hvers árs.

7. gr.

Bætur, þar með talið vextir og afborganir samkvæmt 6. gr., greiðast með iðgjöldum, sem krafin eru af öllum tryggðum húseignum og mannvirkjum, einnig þeim, sem orðið hafa fyrir ófriðartjóni.

Hámark iðgjaldanna samtals er 10% af þeim upphæðum, sem iðgjöld reiknast af.

Ef þessi takmörkun hefur í för með sér, að ekki er hægt að bæta ófriðartjónið að fullu, skulu bætur greiddar úr ríkissjóði eftir því, sem fé verður veitt til þess í fjárlögum.

8. gr.

Iðgjöld skulu innheimt, þegar ófriðartjón gefur tilefni til, og geta þau numið allt að 1% á ári af matsverðinu. Innheimtumenn brunabótagjalda innheimta þau eftir sömu reglum og þessi gjöld.

Iðgjöldin hafa lögtaksrétt og veð í fasteignum næst á eftir opinberum gjöldum.

Ef innheimt eru meiri iðgjöld en nægja til að bæta ófriðartjón og allan kostnað að fullu, skal endurgreiða það, sem umfram er, hlutfallslega eftir greiddum iðgjöldum.

9. gr.

Bætur greiðast að jafnaði ekki fyrr en ófriðnum er lokið, sbr. þó 30. gr. og 6. gr.

Ráðuneytið ákveður, að fengnum tillögum tryggingarstjórnarinnar, hverjar bætur skuli greiddar, þegar byggingar eða mannvirki eru ekki endurreist eða er breytt verulega.

10. gr.

Bætur greiðast eigandanum, ef engar þinglýstar kröfur hvíla á eigninni eða hafa verið tilkynntar Ófriðartryggingunni og viðurkenndar af eiganda.

Sama máli gegnir, þó að þinglýstar kröfur hvíli á eigninni eða hafi verið tilkynntar og viðurkenndar, ef byggingar eða mannvirki eru endurreist, enda sé réttur veðhafa að fullu tryggður, að dómi tryggingarstjórnarinnar. Ella skal greiða kröfuhöfum bætur á undan eiganda og í þeirri röð, sem veð þeirra segja til.

11. gr.

Ef hús er endurreist, eiga þeir leigutakar, sem voru í eldra húsinu, forgangsrétt að leigu í hinu nýja húsi með sömu kjörum og áður, þó með þeim breytingum, sem nauðsynlegar verða að teljast vegna breyttra aðstæðna. Þessa réttar er þó því aðeins hægt að neyta, að völ sé á svipuðu húsnæði og áður í húsinu.

III. KAFLI

Véla- og tækjatryggingin.

12. gr.

Skylt er eigendum eða umráðamönnum að tryggja allar vélar og tæki, sem ekki eru tryggð í fasteignatryggingunni, sbr. 3. gr., og eru að minnsta kosti 2000 króna virði, á einum og sama stað.

Setja má nánari reglur um það, hvað telja beri tryggingarskyldar vélar og tæki samkvæmt lögum þessum.

Eigendur eða umráðamenn tryggingarskyldra véla og tækja eru skyldir til að senda Ófriðartryggingunni tilkynningar um slíkar vélar og tæki jafnskjótt sem hún hefur tekið til starfa.

13. gr.

Tryggingarupphæð véla og tækja er brunabótaverðið, nema annað sé tiltekið af tryggingartaka og samþykkt af tryggingarstjórninni.

14. gr.

Brunatryggingarfélögum er skylt að hafa á hendi innheimtu iðgjaldanna. Hámark iðgjalda er 10% af tryggingarupphæðunum og geta numið allt að 2% á ári.

15. gr.

Ráðuneytið ákveður þóknun til brunatryggingarfélaga fyrir aðstoð þá, er þau veita samkvæmt lögum þessum.

16. gr.

Að öðru leyti gilda ákvæðin um fasteignatrygginguna, að svo miklu leyti sem þau geta átt við.

IV. KAFLI

Lausafjártryggingin.

17. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, ef til þess kemur, sbr. 1. gr., að tjón verði af völdum ófriðarins á vörubirgðum eða öðru lausafé í landinu, sem ekki er tryggt samkvæmt III. kafla þessara laga, að leggja aukagjald á allar innfluttar vörur og sérstakt útflutningsgjald á allar útfluttar vörur. Gjaldi þessu, sem ekki má nema meira en 2% af verði varanna, sbr. 18. gr., skal verja til þess að bæta tjón á vörubirgðum og öðru lausafé landsmanna innan lands, sem hlýzt af hernaði í landinu, sbr. 28. gr., að því leyti, sem þessir fjármunir eru ekki tryggðir á annan hátt fyrir slíku tjóni.

18. gr.

Nú verður tjón af völdum hernaðar á munum þeim, sem um ræðir í þessum kafla, og ákveður þá ríkisstjórnin, sbr. 1. gr., að innheimta skuli gjöld þau, sem um ræðir í 17. gr., frá og með næsta degi eftir að henni berst tilkynning eða hún verður á annan hátt áskynja um tjónið. Ákveður hún þá jafnframt, hvert hundraðsgjald skuli greiða og hversu lengi, eða hvort það skuli innheimt um óákveðinn tíma, þangað til annað verði ákveðið. Gjöldin skulu þá lögð á verð aðfluttra og útfluttra vara eftir sömu reglum og verðtollur og útflutningsgjald, og skulu þau innheimt af innheimtumönnum ríkissjóðs, á sama hátt og verðtollur og útflutningsgjald, og greidd ásamt þeim tollum til ríkissjóðs, sem svo greiðir þau Ófriðartryggingunni. Fjármálaráðuneytið gefur innheimtumönnum ríkissjóðs fyrirmæli um innheimtu gjaldanna, eftir því sem þörf gerist.

19. gr.

Rétt til bóta á hver sá, sem hefur orðið fyrir ófriðartjóni á verðmætum þeim, sem um ræðir í þessum kafla.

Frá matsupphæð tjónsins dregst, þegar um lausafé, annað en vörubirgðir, er að ræða, ¼ hluti, þó svo, að frádrátturinn nemi eigi hærri upphæð en 5000 krónum hjá sama manni eða fyrirtæki, og greiðast bætur fyrir tjónið með þeim frádrætti.

Frá matsupphæð vörubirgða skal draga 1/20 hluta, og greiðast bætur fyrir tjónið með þeim frádrætti.

20. gr.

Tjón það, sem um ræðir í þessum kafla, skal að jafnaði ekki bætt nema að hálfu samkvæmt 19. gr. þegar er það hefur verið gert upp. Hinn helmingur tjónsins greiðist að styrjöldinni lokinni.

Nú færir eigandi glataðra eða skemmdra vörubirgða sönnur á, að hann muni bíða stórfelldan fjárhagslegan hnekki, ef hann fær ekki útborgaðar frekari bætur en að framan greinir, og er þá stjórn Ófriðartryggingarinnar heimilt að greiða meiri

bætur og jafnvel bæta tjónið að fullu, sérstaklega ef ætla má, að ekki sé unnt með öðru móti að afla nýrra birgða nógu fljótt.

Sá hluti bótanna, sem ekki greiðist fyrr en að styrjöldinni lokinni, ávaxtast með 5% á ári til greiðsludags, og fer um greiðslu vaxta og afborgana af lánum, sem tryggð kunna að vera með handveði eða þinglýstu sjálfsvörzluveði í hinum skemmdu eða glötuðu munum, á sama hátt og segir í 6. gr. um fasteignaveðslán, eftir því sem við getur átt.

21. gr.

Nú verður svo stórkostlegt tjón á fjármunum þeim, sem um ræðir í þessum kafla, að eigi þykir fært að bæta það að fullu samkvæmt fyrirmælum 19. gr., og skal það þá bætt að því, sem á vantar, úr ríkissjóði, eftir því sem fé verður veitt til þess í fjárlögum.

V. KAFLI
Stjórn Ófriðartryggingarinnar.

22. gr.

Nú verður ríkisstjórnin áskynja um verulegt, sbr. 31. gr., bótaskylt tjón samkvæmt lögum þessum, og gerir hún þá þegar ráðstafanir til þess, að Ófriðartryggingin taki til starfa. Skipar atvinnumálaráðuneytið þriggja manna nefnd til að veita tryggingunni forstöðu, en Brunabótafélagi Íslands skal falið að annast daglegar framkvæmdir.

23. gr.

Tryggingarstjórnin ræður matsmenn og aðra starfsmenn eftir þörfum. Skrifstofumenn til viðbótar starfsliði sínu ræður þó stjórn Brunabótafélags Íslands að því leyti, sem fast starfsfólk félagsins kemst ekki yfir hin daglegu störf, sem því eru falin.

24. gr.

Atvinnumálaráðuneytið ákveður þóknun stjórnar Ófriðartryggingarinnar. Enn fremur ákveður ráðuneytið, hvað Brunabótafélagi Íslands skuli greitt fyrir störf þess í þágu Ófriðartryggingarinnar.

VI. KAFLI
Almenn ákvæði.

25. gr.

Brunatryggingarfélögum er skylt að aðstoða við skrásetningu þeirra fasteigna, véla og tækja, sem tryggja ber samkvæmt 3. og 12. gr. Einnig ber þeim að veita Ófriðartryggingunni vitneskju um, hvort lausafé, sem um ræðir í IV. kafla laga þessara og glatazt hefur eða skemmzt af völdum ófriðarins, hefur verið tryggt gegn eldsvoða hjá þeim, og þá fyrir hve háa upphæð. Enn fremur ber þeim að veita aðrar þær upplýsingar um hlutaðeigandi lausafé, sem óskað verður eftir og þau geta veitt.

26. gr.

Tjón skal tilkynna Ófriðartryggingunni áður en vika er liðin frá því er það varð. Fjárkröfur eru fyrndar, ef eigandi eða umráðamaður hinna skemmdu eða glötuðu eigna hefur ekki fært sönnur á réttmæti þeirra, áður en þrír mánuðir eru liðnir frá því, er hann tilkynnti tjónið og bar fram kröfu um bætur.

27. gr.

Þegar tryggingarstjórnin fær tilkynningu eða berst vitneskja um tjón, er ætla má, að falli undir tryggginguna, skal hún strax gera ráðstafanir til þess að fá úr því skorið, hvort um ófriðartjón sé að ræða, og láta meta skaðann.

Um mat á tjóni og ákvörðun bótagreiðslu fer eftir þeim reglum, er gilda um brunatjón, að svo miklu leyti sem þær geta átt við.

28. gr.

Ófriðartjón telst hvers konar eyðilegging eða skemmdir á hinu tryggða, sem orsakast beint eða óbeint af hernaði, þar með talin hlutleysisbrot og borgaraóeirðir meðan á ófriðnum stendur og í sambandi við hann. Þetta nær þó ekki til skemmda eða óhagræðis, sem menn kunna að verða fyrir vegna vistar hins brezka setuliðs í landinu. Ríkisstjórnin ákveður, hvenær því ástandi, sem að framan greinir, telst vera lokið.

29. gr.

Að svo miklu leyti sem tryggingin bætir ófriðartjón eignast hún kröfur um bætur, sem hinn tryggði kann að eiga á hendur öðrum skaðabótaskyldum aðilum.

30. gr.

Þegar sérstaklega stendur á, getur stjórn Ófriðartryggingarinnar, ef allir stjórnarmenn eru því samþykkir, ákveðið að bæta í einstökum tilfellum og að nokkru leyti tjón, sem um ræðir í II. og III. kafla, áður en endanleg uppgerð á tjóni hefur farið fram. Þó skal að jafnaði ekki þá þegar greiða meira en hálfar bætur.

Skilyrði fyrir slíkri undanþágu er, að endurbætur á hinu skemmda byrji þegar í stað og sé lokið innan tiltekins tíma.

Ef bæta þarf tjón samkv. II. og III. kafla eða greiða vexti og afborganir samkv. 6. gr., sbr. 16. gr., og innheimt iðgjöld hrökkva ekki fyrir þeim greiðslum, er Ófriðartryggingunni heimilt að taka — til bráðabirgða — lán gegn veði í iðgjöldunum.

Nú þarf að bæta tjón samkv. IV. kafla þessara laga, og innheimt gjöld samkv. 18. gr., sbr. 17. gr., hrökkva ekki fyrir þeim greiðslum, og er þá ríkisstjórninni heimilt að taka lán eða veita nauðsynlegar tryggingar fyrir láni, er Ófriðartryggingin tekur, til þess að hægt sé að bæta ófriðartjón á vörubirgðum eða öðru lausafé eins fljótt og nauðsyn ber til.

Allur kostnaður við lán eða tryggingar samkvæmt þessari grein skal greiddur á sama hátt og tjónið sjálft.

31. gr.

Nú verður svo lítið tjón, sem bæta þarf samkvæmt lögum þessum, að ríkisstjórninni þykir ekki ástæða til að stofna Ófriðartrygginguna, og greiðir þá ríkissjóður, að styrjöldinni lokinni, bætur fyrir það og kostnað allan, sem leiðir af því. Komi hins vegar verulegt tjón fyrir, skal kostnaður við Ófriðartrygginguna greiddur á sama hátt og það.

Verði afgangur, þegar allt tjón er bætt samkvæmt IV. kafla þessara laga, af verðtolli þeim og útflutningsgjaldi, sem innheimt kann að hafa verið samkvæmt kaflanum, rennur sá afgangur í ríkissjóð.

32. gr.

Heimili og varnarþing Ófriðartryggingarinnar er í Reykjavík.

33. gr.

Öll skjöl varðandi ófriðartryggingar eru stimpilfrjáls. Enn fremur skal Ófriðartryggingin undanþegin sköttum og útsvörum til ríkis og bæjarfélags.

34. gr.

Ráðuneytið getur sett reglugerð um framkvæmd þessara laga eftir því sem þörf þykir.

35. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum allt að 1000 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Skal fara með mál út af slíkum brotum sem almenn lögreglumál.

36. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 754. Breytingartillögur

við frv. til l. um ófriðartryggingar.

Frá Gísla Guðmundssyni og Pétri Ottesen.

1. Við 7. gr.
   Í stað orðanna „skulu bætur greiddar ... fjárlögum“ í 3. mgr. komi: skulu allar bætur lækkaðar hlutfallslega.
2. Við 21. gr.
   Í stað orðanna „og skal það þá bætt ... fjárlögum“ komi: og skulu þá allar bætur lækkaðar hlutfallslega.

Nd. 755. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr. Á tollskránni í 1. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:	Toll-eining	Vöru-magns-tollur Aurar	Verð-tollur %
1. Nr. 2 í 13. kafla orðist svo:			
2 — gúmmí arabíkum	—	7	8
2. Nr. 2 í 15. kafla orðist svo:			
2 — tólg	—	2	8
3. Í stað orðanna „ekki yfir 15 kg.“ í 20. lið 15. kafla komi: allt að 3 kg.			
4. Nr. 24 í 15. kafla orðist svo:			
24 — glyserin	—	7	8
5. Orðin „einnig tilbúið“ í 26. lið 15. kafla falli niður.			
6. Nr. 9—13 í 27. kafla orðist svo:			
Olíur og önnur efni eimd úr háhitatjöru og hydrerað fenól, kresól og naftalín:			
9 — benzól	—	7	8
10 — fenól	—	7	8
11 — kresól	—	7	8
12 — naftalín	—	7	8
13 — annað	—	7	8
7. Í stað orðanna „allt að 15 kg.“ í 21. lið 27. kafla komi: allt að 3 kg.			
8. Orðið „joð“ í byrjun 1. liðs 28. kafla falli niður, en á eftir orðunum „svo og með klór“ síðar í liðnum komi orðin: og joði.			
9. Við nr. 3—5 í 28. kafla komi svo hljóðandi athugasemd: Af hylkjum utan um gastegundir, sem taldar eru í nr. 3—5, skal ekki greiða verðtoll, ef hylkin eru lánuð eða leigð hingað til lands og endursend aftur að notkun lokinni, enda fylgist tollyfirvöldin með því, að hylkin séu endursend.			
10. Nr. 32 í 28. kafla orðist svo:			
32 — blönduð sölt í gosdrykki, sjúkrasölt og þvílíkar saltblöndur, ætlaðar til sjúkrafæðu, aðrar en Karlsbadsalt og Emsersalt, náttúrleg og tilbúin	—	7	30

		Toll-eining	Vörumagns-tollur Aurar	Verð-tollur %
11.	Nr. 37 í 28. kafla orðist svo:			
	37 — klórkalsíum og klórmagnesíum	—	2	
12.	Nr. 43 í 28. kafla orðist svo:			
	43 — brennisteinskolefni, tetraklórkolefni, tríklórethylen o. þ. h. fljótandi klórsambönd, önnur en klóróform	—	7	8
13.	Nr. 53 í 28. kafla orðist svo:			
	53 — ethyleter	—	7	
14.	Við nr. 5 í 29. kafla komi svo hljóðandi athugasemd:			
	Af kvikmyndafilmum skal ekki greiða verðtoll, ef þær eru lánaðar eða leigðar hingað til lands og endursendar aftur að notkun lokinni, enda fylgist tollyfirvöldin með því, að kvikmyndafilmurnar séu endursendar.			
15.	Í stað 6. liðs 34. kafla komi:			
	Flugeldar og flugeldaefni:			
	6 — eldflugur (rakettur)	—	7	30
	6 a — annað	—	120	90
16.	Á eftir nr. 19 í 39. kafla komi nýtt nr., svo hljóðandi:			
	19 a — botnrúllur („bobbingar")	—	2	2
17.	Nr. 4 í 40. kafla orðist svo:			
	4 — þilfarsplankar ófasaðir og fasaðir úr oregonpine og pitchpine 3 × 5" ..... tollfrjálsir.			
18.	Nr. 10 í 40. kafla orðist svo:			
	10 — birki og hlynur	—	10	8
19.	Nr. 11 í 44. kafla orðist svo:			
	11 Dagblaðapappír			2
	Athugasemd:			
	Dagblaðapappír telst sá pappír, sem vegur frá 45—65 gr. hver fermetri og í er að minnsta kosti 60% af tréslípmassa.			
20.	Nr. 14 í 44. kafla orðist svo:			
	14 Skrifpappír, prentpappír, ót. a., og kópíupappír			8
21.	Nr. 17 í 44. kafla orðist svo:			
	17 Smjörpappír og hvítur pergamentpappír, sem vegur 40—75 g/m²			8
22.	Nr. 21 í 44. kafla orðist svo:			
	21 Skrautpappír, svo sem glanspappír, gyltur pappír, silfraður pappír og annar pappír borinn bronsi	—	7	50
23.	Nr. 3 í 50. kafla orðist svo:			
	3 — cellulósavatt	—	7	8
24.	Nr. 32 í 50. kafla orðist svo:			
	32 — vaxdúkur og leðurlíkisdúkur	—	7	30
25.	Nr. 17 í 58. kafla orðist svo:			
	Vegg- og gólfflögur, svo og þakhellur og þakplötur ..	—	1	2
26.	Á eftir nr. 39 í 63. kafla komi nýtt nr.:			
	39 a — reimlásar	—	7	8
27.	Nr. 6 og 7 í 64. kafla orðist svo:			
	6 — vatnslásar	—	2	8
	7 — annað	—	2	8
28.	Nr. 4 í 66. kafla orðist svo:			
	4 Pípur og pípuhlutar	—	7	8
29.	Nr. 14 í 71. kafla orðist svo:			
	14 Myndamót (clichéer), þar með talin mót til myndmótagerðar (matrix)	—	7	8

Af myndamótum (clichéer) skal ekki greiða verðtoll, ef þau eru lánuð eða leigð hingað til lands og endursend aftur að notkun lokinni, enda fylgist tollyfirvöldin með því, að þau séu endursend.

2. gr.

Við 12. gr. laganna bætist ný málsgrein, er hljóðar svo:

Þetta gildir þó ekki um ósundurliðaðan flutningskostnað fyrir sundurleitar vörur, ef viðtakandi hefur afhent til tollmeðferðar vörureikning, sem að minnsta kosti tilgreinir verð hverrar einstakrar hinna sundurleitu vara á innkaupsstað, en þá skal skipta hinum ósundurliðaða flutningskostnaði niður á hverja einstaka vöru í sendingunni eftir hlutfalli því, sem er á milli innkaupsverðs varanna innbyrðis.

3. gr.

a. Við nr. 2 í skránni í 18. gr. laganna komi svo hljóðandi athugasemd:
Undir númerið kemur einnig stapeltrefjavefnaður.

b. Við nr. 3 í skránni í sömu lagagr. komi svo hljóðandi athugasemd:
Undir númerið koma einnig karlmannafataefni blönduð öðrum spunaefnum, ef fyrir liggja fullar sannanir um, að í þeim sé a. m. k. 93% hrein ull.

c. Aftan við sömu lagagr. bætist ný málsgrein, er hljóðar svo:
Þá skulu, meðan fyrrnefndur samningur er í gildi, prjónavoð úr baðmull og garn það, sem fellur undir nr. 5 í 46. kafla B, tollast með 20 aura vörumagnstolli og 15% verðtolli, og svitaskinn í húfur og húfuskyggni úr kátsjúk tollast með 7 aura vörumagnstolli og 15% verðtolli.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 756. Lög

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1939.

(Afgreidd frá Ed. 14. júní).

Samhljóða þskj. 606.

Nd. 757. Lög

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1942 með viðauka.

(Afgreidd frá Nd. 14. júní).

Samhljóða þskj. 439.

Ed. 758. Breytingartillaga

við frv. til laga um ríkisstjóra Íslands.

Frá Magnúsi Jónssyni.

Við 10. gr. Í stað orðanna „Reykjavík eða næsta nágrenni“ kemur: lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.

Nd. 759. Breytingartillögur

við frv. til laga um ófriðartryggingar.

Frá allsherjarnefnd.

Við 6. gr.

a. Í stað „eða farizt“ í 2. málsl. fyrri málsgr. komi: eða eyðist.

b. Í stað „eða fórst“ í 4. málsl. sömu mgr. komi: eða eyðist.

Ed. 760. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 37 12. febrúar 1940, um stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

1. gr. laga nr. 37 12. febr. 1940, um stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna, orðist þannig:

Stofna skal vátryggingarfélag, sem heitir stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna, og er hlutverk þess að tryggja gegn dauða og örorku af völdum stríðsslysa skipshafnir á þeim íslenzkum skipum eða skipum í íslenzkri þjónustu, sem slíka tryggingu þurfa að kaupa.

Með stríðsslysum er átt við öll slys, sem verða beinlínis af völdum styrjaldar eða borgaraóeirða, þar sem vopnum er beitt. Ef styrjaldaraðgerðir eru aðeins meðvaldandi að slysinu, má lækka skaðabætur um þriðjung eða tvo þriðju hluta, eða fella þær alveg niður, eftir því hve mikinn þátt aðrar orsakir teljast eiga í slysinu.

Trygging samkvæmt lögum þessum tekur einnig til þess, er skipshöfn ferst með skipi, sem týnist án þess að til spyrjist, hversu týnzt hefur. Þó má lækka skaðabætur eða fella þær niður með öllu á sama hátt og fyrr greinir, eftir því hve miklar líkur eru fyrir því, að skipið hafi farizt af öðrum orsökum en styrjaldaraðgerðum, nema sérstaklega hafi verið um samið milli útgerðarmanna eða skipverja og stríðstryggingafélagsins, að félagið taki fulla áhættu gegn ákveðnu viðbótariðgjaldi.

Takmörkun þessi tekur ekki til skipshafna skipa, sem eru í millilandasiglingum.

2. gr.

Aftan við 6. gr. laganna bætist: og hvíla sem lögveð á skipinu.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 761. Lög

um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa.

(Afgreidd frá Sþ. 14. júní.)

Samhljóða þskj. 737.

Ed. **762. Lög**

um ríkisstjóra Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 14. júní).

Samhljóða þskj. 720.

Sþ. **763. Þingsályktun**

um undirbúning löggjafar um orlof.

(Afgreidd frá Sþ. 14. júní).

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leita tillagna verkalýðs- og vinnuveitendasamtakanna, svo og Búnaðarfélags Íslands og Fiskifélags Íslands, um undirbúning löggjafar um orlof vinnandi fólks í landinu til sjávar og sveita frá störfum á vissum tímum árs. Leggi ríkisstjórnin málið síðan fyrir næsta Alþingi í því formi, sem henni þykir henta.

Sþ. **764. Þingsályktun**

um heimild fyrir fjármálaráðherra til þess að greiða menntamálaráði viðbót við styrktarfé til skálda, rithöfunda, vísindamanna og listamanna árið 1941.

(Afgreidd frá Sþ. 14. júní).

Samhljóða þskj. 599.

Ed. **765. Nefndarálit**

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur rætt þetta mál allýtarlega á tveim fundum, og hefur, þrátt fyrir allmikinn skoðanamun, náðst samkomulag um að bera fram sameiginlegt nefndarálit. Mælir öll nefndin með, að frv. verði samþ. með breytingum, og munu nefndarmenn bera fram breytingartillögur hver fyrir sig.

MJ tekur sérstaklega fram, að hann bindur fylgi sitt við frv. því skilyrði, að 1. brtt. hans verði samþykkt.

Alþingi, 15. júní 1941.

Magnús Jónsson, form.	Erl. Þorsteinsson, fundaskr.	Bernh. Stefánsson, frsm.

Ed. 766. Breytingartillaga

við frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna.

Frá Bernharð Stefánssyni.

Við 6. gr. Greinin orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að leggja með reglugerð sérstakan skatt á hreinar tekjur ársins 1940, að frádreginni upphæð, eftir ákvörðun ríkisstjórnarinnar, fyrir hvern skylduómaga, samkvæmt því, sem skattanefndir hafa talið þá. Má skattur þessi nema allt að 5% (fimm af hundraði) af tekjunum þannig ákvörðuðum. En hreinar tekjur ákveðast samkv. reglum 7.—10. gr. laga um tekju- og eignarskatt, nr. 6 9. janúar 1935, þó svo, að eigi gildi ákvæði 8. gr. þeirra laga um frádrátt á tekjum félaga vegna varasjóðstillags og 5% af hlutafé eða stofnfé.

Skatturinn reiknast þannig:

Fyrstu 1 þúsund kr. af tekjunum eru skattfrjálsar.
Af 2. þúsundinu reiknast 10% af skattinum
— 3. — — 20— — —
— 4. — — 40— — —
— 5. — — 60— — —
— 6. — — 80— — —
— 7. — og því, sem þar er fram yfir, greiðist skatturinn með fullu hundraðsgjaldi.

Ed. 767. Breytingartillögur

við frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna.

Frá Magnúsi Jónssyni.

1. Við 1. gr.
   a. Greinin orðist þannig:
      Ríkisstjórninni er heimilt að verja af tekjum ársins 1941 allt að 5 — fimm — milljónum króna til ráðstafana gegn því, að dýrtíð og framfærslukostnaður í landinu aukist.
   b. Á eftir greininni kemur ný grein, er verður 2. gr. og orðist þannig:
      Nú telur ríkisstjórnin hæpið, að tekjur ríkissjóðs hrökkvi til þess að standast þessi gjöld, auk annarra gjalda, sem á honum hvíla samkvæmt fjárlögum og öðrum lögum og heimildum, og er henni þá heimilt í þessu skyni að leggja sérstakt útflutningsgjald á íslenzkar afurðir, sem fluttar eru út úr landinu og ekki hefur verið aflað, þegar lög þessi koma í gildi, þó ekki hærra en svo, að nemi 5% af fob-verði útflutningsvaranna.
2. Við 4. gr. Greinin fellur niður.
3. Við 5. gr. Greinin orðast þannig:
   Nú notar ríkisstjórnin heimild 2. greinar, og skal hún þá setja reglugerð um álagningu gjaldsins, innheimtu, eftirlit og annað það, er hún telur þörf á að ákveða um útflutningsgjald þetta, enda er og heimilt að ákveða þar sektir fyrir brot gegn reglugerðinni. Má þar ákveða, að útflutningsgjald þetta sé mismunandi hátt eftir því, sem talið er að vörurnar geti borið, og jafnvel fella það alveg niður á þeim vörum, er ekki seljast með hagnaði.

4. Við 6. gr. Greinin fellur niður.
5. Við 7. gr. Greinin fellur niður.
6. Við fyrirsögn frumvarpsins. Fyrirsögn frumvarpsins verður:
   Frumvarp til laga um ráðstafanir gegn dýrtíð í landinu og tekjuöflun í því skyni.

Ed. 768. Breytingartillögur

við frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna.

Frá Erlendi Þorsteinssyni.

1. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkisstjórninni er heimilt með reglugerð að leggja sérstakt útflutningsgjald á íslenzkar afurðir, sem fluttar eru út úr landinu. Skal gjaldið vera ákveðinn hundraðshluti af fob-verði afurðanna, með þeim undantekningum, er síðar greinir, þó eigi hærra en 5 af hundraði. Ef alveg sérstakar söluástæður eru fyrir hendi, að dómi ríkisstjórnarinnar, má ákveða gjaldið allt að 10 af hundraði.
   Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða á mismunandi hátt gjald af hinum ýmsu útflutningsvörum, á ýmsum tímum árs, miðað við framleiðslukostnað og söluverð.
   Útflutningsgjald þetta má aldrei nema hærri hundraðshluta en svo, að samanlagt útflutningsgjald og framleiðslukostnaður, að dómi ríkisstjórnarinnar, nemi hærri upphæð en söluverði afurðanna.
   Nú eru afurðir fluttar út hálfunnar eða fullunnar, og skal þá reikna útflutningsgjald af hráefnisverði.
   Gjald þetta má aðeins taka af þeim útfluttum afurðum, sem framleiddar eru eftir að það hefur verið ákveðið með reglugerð, en eigi af fyrirliggjandi áður öfluðum birgðum, nema sýnt sé, að þær seljist hærra verði en áður seldar vörur, er framleiddar voru á sama tíma, og þá einungis af verðmismuninum.
2. Við 7. gr.
   a. Orðin „og refsingu fyrir brot á lögunum eða reglugerðinni“ falli niður.
   b. Á eftir gr. komi ný gr., sem verður 8. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkv. því):
      Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, skulu varða sektum allt að 100 þúsund krónum, nema þyngri refsing liggi við samkv. öðrum lögum, og skal farið með mál út af slíkum brotum sem almenn lögreglumál.

Ed. 769. Breytingartillaga

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna.

Frá Þorsteini Þorsteinssyni.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Stjórn Búnaðarfélags Íslands láti fara fram rannsókn á því, hvert verð framleiðendur landbúnaðarafurða þurfa að fá fyrir framleiðslu sína til þess að þeir fái sjálfir og geti goldið verkafólki sínu kaup í samræmi við annað kaupgjald í landinu.

Sþ. **770. Þingsályktun**

um skipun milliþinganefndar um skólamál.

(Afgreidd frá Sþ. 16. júní).

Samhljóða þskj. 115.

Ed. **771. Frumvarp til laga**

um ófriðartryggingar.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Samhljóða þskj. 753 með þeim breytingum, er felast í brtt. á þskj. 759.

Nd. **772. Þingsályktun**

um persónutrygging landsmanna vegna ófriðarins.

(Afgreidd frá Nd. 16. júní).

Samhljóða þskj. 746.

Ed. **773. Lög**

um breyting á áfengislögum, nr. 33 9. jan. 1935.

(Afgreidd frá Ed. 16. júní).

Samhljóða þskj. 18.

Ed. **774. Lög**

um breyting á lögum um Háskóla Íslands, nr. 21 1. febr. 1936.

(Afgreidd frá Ed. 16. júní).

Samhljóða þskj. 112.

Ed. **775. Lög**

um breyting á lögum nr. 37 12. febr. 1940, um stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna.

(Afgreidd frá Ed. 16. júní).

Samhljóða þskj. 760.

Ed. 776. Breytingartillögur

við frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna.

Frá Jóhanni Jósefssyni og Erlendi Þorsteinssyni.

1. Við 5. gr.
   a. Í stað „10 af hundraði“ komi: 5 af hundraði.
   b. Í stað orðanna „Heimilt er ríkisstjórninni að ákveða, að gjald þetta skuli aðeins ná til þeirra afurða“ o. s. frv. komi: Gjald þetta skal aðeins ná til þeirra afurða o. s. frv.
2. Við 6. gr. Í stað „10 af hundraði“ komi: 15 af hundraði.

Ed. 777. Breytingartillaga

við frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna.

Frá Magnúsi Jónssyni.

Við 8. gr. Við greinina bætist: og gilda til ársloka 1941.

Ed. 778. Lög

um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

(Afgreidd frá Ed. 17. júní).

Samhljóða þskj. 755.

Ed. 779. Lög

um ófriðartryggingar.

(Afgreidd frá Ed. 17. júní).

Samhljóða þskj. 771 (sbr. 753 og 759).

Ed. 780. Lög

um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna.

(Afgreidd frá Ed. 17. júní).

Samhljóða þskj. 752.

Sþ. 781. Nefndaskipun 1941.

Fastanefndir.

A.
Í sameinuðu þingi.

1. Fjárveitinganefnd:

Jónas Jónsson,
Pétur Ottesen, formaður,
Bjarni Bjarnason,
Þorsteinn Þorsteinsson,
Emil Jónsson, fundaskrifari,
Sigurður E. Hlíðar,
Helgi Jónasson,
Páll Hermannsson,
Sigurður Kristjánsson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til fjárlaga fyrir árið 1942 (1*, n. 257).
   Frsm.: Bjarni Bjarnason.
2. Till. til þál. um brúargerð á Geirlandsá á Síðu (157).
   Nefndarálit kom ekki.
3. Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1939 (605, n. 670).
   Frsm.: Helgi Jónasson.
4. Till. til þál. um heimild fyrir fjármálaráðherra til þess að greiða menntamálaráði viðbót við styrktarfé til skálda, rithöfunda, vísindamanna og listamanna árið 1941 (599, n. 623).
   Frsm.: Sigurður Kristjánsson.
5. Till. til þál. um heimild handa ríkisstjórninni til kaupa á hlutabréfum í Útvegsbanka Íslands h/f (336, n. 694 (minni hl.) og 702 (meiri hl.)).
   Frsm. minni hl.: Þorsteinn Þorsteinsson.
   Frsm. meiri hl.: Sigurður E. Hlíðar.

2. Allsherjarnefnd:

Einar Árnason, formaður,
Gísli Sveinsson, fundaskrifari,
Jörundur Brynjólfsson,
Árni Jónsson,
Finnur Jónsson,
Þorsteinn Briem,
Páll Zóphóníasson.

Til hennar vísað:

1. Till. til þál. um ráðstafanir til öryggis handrita- og skjalasöfnum ríkisins (26, n. 296).
   Frsm.: Einar Árnason.
2. Till. til þál. um innflutning á efni í skipasmíðastöð og fiskiskip (82, n. 378).
   Frsm.: Finnur Jónsson.

*) Tölurnar innan sviga tákna númer á þingskjölum, og eru ekki talin önnur þingskjalanúmer en þau, sem málið bar, þá er því var til nefndar vísað, svo og þau, er nefndarálit (skammstafað: n.) hlutu. Sama er um mál, er nefndirnar flytja.

Fastanefndir Sþ.: Allsherjar-, utanríkismála-, kjörbréfa- og þingfararkaupsn. — *Ed.:* Fjárhagsn.

3. Till. til þál. um skipun milliþinganefndar til undirbúnings löggjafar um lögverndað orlof verkamanna og sjómanna og ráðstöfunar til framkvæmda þeim málum (98, n. 624).
   Frsm.: Gísli Sveinsson.
4. Till. til þál. um aukning Sogsvirkjunarinnar (76).
   Nefndarálit kom ekki.
5. Till. til þál. um skipun milliþinganefndar um skólamál (115, n. 621).
   Frsm.: Jörundur Brynjólfsson.

3. Utanríkismálanefnd:

Jónas Jónsson, formaður,
Garðar Þorsteinsson, fundaskrifari,
Bergur Jónsson,
Magnús Jónsson,
Bjarni Ásgeirsson,
Jóhann Jósefsson,
Ásgeir Ásgeirsson.

Varamenn:
Gísli Guðmundsson,
Ólafur Thors,
Páll Zóphóníasson,
Bjarni Snæbjörnsson,
Haraldur Guðmundsson,
Árni Jónsson,
Pálmi Hannesson.

4. Kjörbréfanefnd:

Gísli Sveinsson, formaður,
Vilmundur Jónsson, fundaskrifari,
Einar Árnason,
Þorsteinn Þorsteinsson,
Bergur Jónsson.

Nefndin rannsakaði kjörbréf 4. (vara)þm. Reykv., Jóhannesar Jónassonar, og lét uppi um það munnlegt álit.

5. Þingfararkaupsnefnd:

Páll Zóphóníasson, formaður,
Sigurður Kristjánsson, fundaskrifari,
Bergur Jónsson,
Sigurður E. Hlíðar,
Finnur Jónsson.

B.

Í efri deild.

1. Fjárhagsnefnd:

Bernharð Stefánsson,
Magnús Jónsson, formaður,
Erlendur Þorsteinsson, fundaskrifari.[1])

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 63 31. des. 1937, um tollheimtu og tolleftirlit (2, n. 32).
   Frsm.: Magnús Jónsson.
2. Frv. til l. um viðauka við l. nr. 63 31. des. 1937, um tollheimtu og tolleftirlit (3, n. 43).
   Frsm.: Bernharð Stefánsson.
3. Frv. til l. um afnám l. nr. 25 9. jan. 1935, um viðauka við l. nr. 75 27. júní 1921, um stimpilgjald, og afnám 2. gr. l. nr. 91 11. júní 1938, um breyt. á þeim l. (4, n. 57).
   Frsm.: Magnús Jónsson.

1) Í veikindaforföllum hans frá 17. apríl til 20. maí: Sigurjón Á. Ólafsson.

Fastanefndir Ed.: Fjárhagsnefnd.

4. Frv. til l. um framlenging á gildi l. nr. 66 11. júní 1938, um vörugjald fyrir Vestmannaeyjakaupstað (27, n. 53).
   Frsm.: Bernharð Stefánsson.
5. Frv. til l. um kaupþing í Reykjavík (60, n. 278 (minni hl.) og 279 (meiri hl.)).
   Frsm. minni hl.: Magnús Jónsson.
   Frsm. meiri hl.: Bernharð Stefánsson.
6. Frv. til l. um heimild fyrir ríkissjóð til að taka 10 milljón króna innanríkislán (8, n. 165).
   Frsm.: Magnús Jónsson.
7. Frv. til l. um verðlagsuppbót á laun embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins og ríkisstofnana (71, n. 75).
   Frsm.: Magnús Jónsson.
8. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki (5, n. 84).
   Frsm.: Erlendur Þorsteinsson.
9. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland (6, n. 455).
   Frsm.: Magnús Jónsson.
10. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 73 31. des. 1937, um gjaldeyrisverzlun o. fl., og l. nr. 115 31. maí 1940, um breyt. á þeim l. (59, n. 197).
   Frsm.: Bernharð Stefánsson.
11. Frv. til l. um breyt. á sveitarstjórnarlögum, nr. 12 31. maí 1927 (159, n. 277).
   Frsm.: Bernharð Stefánsson.
12. Frv. til l. um viðauka við l. nr. 73 31. des. 1937, um gjaldeyrisverzlun o. fl. (117, n. 410).
   Frsm.: Bernharð Stefánsson.
13. Frv. til l. um gjaldeyrisvarasjóð og eftirlit með erlendum lántökum (333, n. 458).
   Frsm.: Bernharð Stefánsson.
14. Frv. til l. um afnám l. nr. 44 frá 26. maí 1938, um bráðabirgðatekjuöflun fyrir Hafnarfjarðarkaupstað, og l. nr. 106 14. maí 1940, um breyt. á þeim l. (386, n. 665).
   Frsm.: Magnús Jónsson.
15. Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1942 með viðauka (439, n. 469).
   Frsm.: Magnús Jónsson.
16. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 60 30. des. 1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum (440).
   Nefndarálit kom ekki.
17. Frv. til l. um raforkusjóð (467, n. 710 (minni hl.)).
   Frsm. minni hl.: Bernharð Stefánsson.
   Nefndarálit kom ekki frá meiri hl.
18. Frv. til l. um greiðslu verðlagsuppbótar á styrk til héraðs-, gagnfræða- og húsmæðraskóla (474, n. 535).
   Frsm.: Sigurjón Á. Ólafsson.
19. Frv. til l. um sparisjóði (482, n. 617).
   Frsm.: Bernharð Stefánsson.
20. Frv. til l. um viðauka við l. nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl. (659, n. 708).
   Frsm.: Bernharð Stefánsson.
21. Frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1939 (606, n. 738).
   Frsm.: Magnús Jónsson.
22. Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna (752, n. 765).
   Frsm.: Bernharð Stefánsson.

Fastanefndir Ed.: Fjárhags-, samgöngumála- og landbúnaðarnefndir.

Nefndin flutti:

1. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl. (151).
   Frsm.: Magnús Jónsson.
2. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt (178).
   Frsm.: Magnús Jónsson.
3. Frv. til l. um stríðsgróðaskatt (179).
   Frsm.: Magnús Jónsson.
4. Frv. til l. um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa (352).
   Frsm.: Sigurjón Á. Ólafsson.

2. *Samgöngumálanefnd:*
   Bernharð Stefánsson,
   Árni Jónsson, fundaskrifari,
   Páll Zóphóníasson, formaður.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um frestun á gildistöku bifreiðalaga, nr. 75 7. maí 1940, og umferðarlaga, nr. 110 30. maí 1940 (14, n. 35).
   Frsm.: Bernharð Stefánsson.
2. Frv. til l. um fjarskipti (137, n. 193).
   Frsm.: Árni Jónsson.
3. Till. til þál. um rannsókn á kostnaði við að gera reiðvegi meðfram helztu akbrautum landsins (218, n. 644).
   Frsm.: Páll Zóphóníasson.

Nefndin flutti:

1. Frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 110 30. maí 1940 (124).
   Frsm.: Bernharð Stefánsson.
2. Frv. til l. um breyt. á bifreiðalögum, nr. 75 7. maí 1940 (125).
   Frsm.: Bernharð Stefánsson.

Í samvinnu við samgöngumálanefnd Nd. tók nefndin til íhugunar styrk til flóabátaferða. Er álit samvinnunefndarinnar um það efni á þskj. 303 (frsm.: Gísli Sveinsson).

3. *Landbúnaðarnefnd:*
   Páll Zóphóníasson,
   Þorsteinn Þorsteinsson, formaður,
   Erlendur Þorsteinsson, fundaskrifari.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 31 14. júní 1929, um Búnaðarbanka Íslands, og l. nr. 20 13. jan. 1938, um breyt. á þeim l. (92, n. 111).
   Frsm.: Páll Zóphóníasson.
2. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 27 8. sept. 1931, er heimila ríkisstjórninni að flytja inn sauðfé til sláturfjárbóta (10, n. 134).
   Frsm.: Þorsteinn Þorsteinsson.
3. Frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 101 23. júní 1936 (153).
   Nefndarálit kom ekki.
4. Frv. til l. um verðlagsuppbót á greiðslur til landbúnaðar (154).
   Nefndarálit kom ekki.
5. Frv. til l. um sandgræðslu Íslands og heftingu sandfoks (128, n. 236).
   Frsm.: Páll Zóphóníasson.
6. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 12 1. febr. 1936, um búreikningaskrifstofu ríkisins (135, n. 344).
   Frsm.: Þorsteinn Þorsteinsson.

Fastanefndir Ed.: Landbúnaðar- og sjávarútvegsnefndir.

7. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði (269, n. 443).
   Frsm.: Þorsteinn Þorsteinsson.
8. Frv. til l. um landnám ríkisins (398, n. 457).
   Frsm.: Páll Zóphóníasson.
9. Frv. til landskiptalaga (392, n. 441).
   Frsm.: Páll Zóphóníasson.
10. Frv. til l. um heimild fyrir kaupstaði og hreppsfélög til að koma á þegnskylduvinnu (305, n. 544).
    Frsm.: Þorsteinn Þorsteinsson.
11. Frv. til l. um breyt. á ábúðarlögum, nr. 87 19. júní 1933 (212).
    Nefndarálit kom ekki.
12. Frv. til l. um sölu á spildu úr Neslandi í Selvogi (40, n. 595 (1. minni hl.), n. 641 (2. minni hl.) og 657 (3. minni hl.)).
    Frsm. 1. minni hl.: Þorsteinn Þorsteinsson.
    Frsm. 2. minni hl.: Páll Zóphóníasson.
    Frsm. 3. minni hl.: Erlendur Þorsteinsson.
13. Frv. til l. um girðingar til varnar gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og heimild til samþykkta um fjárskipti (521, n. 643).
    Frsm.: Þorsteinn Þorsteinsson.
14. Frv. til l. um varnir gegn útbreiðslu nokkurra næmra sauðfjársjúkdóma og stuðning til bænda, er bíða tjón af þeim (550, n. 593).
    Frsm.: Páll Zóphóníasson.

Nefndin flutti:

1. Frv. til l. um jarðakaup ríkisins vegna kauptúna og sjávarþorpa (110).
   Frsm.: Páll Zóphóníasson.
2. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 32 8. sept. 1931, um búfjárrækt (131).
   Frsm.: Páll Zóphóníasson.
3. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 76 11. júní 1938, um byggingar- og landnámssjóð (177).
   Frsm.: Þorsteinn Þorsteinsson.

4. Sjávarútvegsnefnd:

Ingvar Pálmason, formaður,
Jóhann Jósefsson,
Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskrifari.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 4 4. maí 1925, um viðauka við l. nr. 33 19. júní 1922, um fiskveiðar í landhelgi (13, n. 90).
   Frsm.: Sigurjón Á. Ólafsson.
2. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 27 13. jan. 1938, um vátryggingarfélög fyrir vélbáta (29, n. 132).
   Frsm.: Jóhann Jósefsson.
3. Frv. til l. um bygging sjómannaskóla (74, n. 130).
   Frsm.: Ingvar Pálmason.
4. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 1 5. jan. 1938, um síldarverksmiðjur ríkisins (103, n. 384).
   Frsm.: Jóhann Jósefsson.
5. Frv. til hafnarlaga fyrir Neskaupstað (164).
   Nefndarálit kom ekki.
6. Frv. til l. um veiði, sölu og útflutning á kola (149, n. 260).
   Frsm.: Jóhann Jósefsson.
7. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 27 13. jan. 1938, um vátryggingarfélög fyrir vélbáta (248, n. 368).
   Frsm.: Ingvar Pálmason.

Fastanefndir Ed.: Sjávarútvegs-, iðnaðar- og menntamálanefndir.

8. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 21 14. júní 1929, um hafnargerð á Skagaströnd (46, n. 415).
   Frsm.: Ingvar Pálmason.
9. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 64 8. sept. 1931, um hafnargerð á Akranesi (315, n. 414).
   Frsm.: Ingvar Pálmason.
10. Frv. til l. um breyt. á hafnarlögum fyrir Ísafjörð, nr. 34 19. júní 1922 (255, n. 416).
   Frsm.: Ingvar Pálmason.
11. Frv. til l. um breyt. á sjómannalögum, nr. 41 19. maí 1930 (174, n. 382).
   Frsm.: Sigurjón Á. Ólafsson.
12. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 23 27. júní 1921, um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip (209, n. 381).
   Frsm.: Ingvar Pálmason.
13. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 19. maí 1930, um vigt á síld (285, n. 656).
   Frsm.: Sigurjón Á. Ólafsson.
14. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 99 11. júní 1938, um fiskveiðasjóð Íslands (335, n. 543).
   Frsm.: Ingvar Pálmason.
15. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 45 13. júní 1937, um dragnótaveiði í landhelgi (116).
   Nefndarálit kom ekki.

Nefndin flutti:

Frv. til l. um afla- og útgerðarskýrslur (329).
   Frsm.: Ingvar Pálmason.

Meiri hl. nefndarinnar flutti:

Frv. til l. um breyt á l. nr. 37 12. febr. 1940, um stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna (568).
   Frsm.: Jóhann Jósefsson.

5. Iðnaðarnefnd:

Páll Hermannsson,
Bjarni Snæbjörnsson, formaður,
Erlendur Þorsteinsson, fundaskrifari.

Til hennar vísað:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 12 9. jan. 1935, um iðnlánasjóð (375, n. 412).
   Frsm.: Bjarni Snæbjörnsson.

6. Menntamálanefnd:

Jónas Jónsson, formaður,
Árni Jónsson, fundaskrifari,
Sigurjón Á. Ólafsson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 32 3. nóv. 1915, um veitingu prestakalla (49).
   Nefndarálit kom ekki.
2. Frv. til l. um kirkjuþing íslenzku þjóðkirkjunnar (47, n. 479 (minni hl.) og 480 (meiri hl.)).
   Frsm. minni hl.: Jónas Jónsson.
   Frsm. meiri hl.: Árni Jónsson.
3. Frv. til l. um biskupsdæmi þjóðkirkjunnar (48, n. 496).
   Frsm.: Jónas Jónsson.
4. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 60 11. júní 1938, um húsmæðrafræðslu í sveitum (51, n. 259).
   Frsm.: Jónas Jónsson.

Fastanefndir Ed.: Menntamála- og allsherjarnefndir.

5. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 23 4. des. 1886, um prentsmiðjur (170, n. 281).
   Frsm.: Árni Jónsson.
6. Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Reykjarhól í Seyluhreppi í Skagafjarðarsýslu ásamt nýbýlinu Varmahlíð (210, n. 588).
   Frsm.: Jónas Jónsson.
7. Frv. til l. um húsmæðrafræðslu í kaupstöðum (374, n. 552 (meiri hl.) og 560 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Sigurjón Á. Ólafsson.
   Frsm. minni hl.: Jónas Jónsson.
8. Frv. til l. um breyt. á l. um Háskóla Íslands, nr. 21 1. febr. 1936 (112, n. 596 (meiri hl.) og 646 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Árni Jónsson.
   Frsm. minni hl.: Jónas Jónsson.
9. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 64 23. júní 1932, um kirkjugarða (363, n. 629).
   Frsm.: Sigurjón Á. Ólafsson.
10. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 16. nóv. 1907, um skipun sóknarnefnda og héraðsnefnda (364, n. 630).
    Frsm.: Jónas Jónsson.
11. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 30. júlí 1909, um sóknargjöld (365, n. 631).
    Frsm.: Árni Jónsson.
12. Frv. til l. um söngmálastjóra þjóðkirkjunnar (433, n. 642).
    Frsm.: Árni Jónsson.

Nefndin flutti:

1. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 48 19. maí 1930, um gagnfræðaskóla (189).
   Frsm.: Árni Jónsson.
2. Frv. til l. um heimild til að innheimta skemmtanaskatt í þjóðleikhússjóð með viðauka (481).
   Frsm.: Jónas Jónsson.

7. *Allsherjarnefnd:*
   Ingvar Pálmason, fundaskrifari,
   Magnús Gíslason,
   Sigurjón Á. Ólafsson, formaður.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um breyt. á 88. og 95. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 frá 12. febr. 1940 (15, n. 77).
   Frsm.: Magnús Gíslason.
2. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 39 28. jan. 1935, um breyt. á l. nr. 46 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna (19, n. 37).
   Frsm.: Sigurjón Á. Ólafsson.
3. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 80 11. júní 1938, um stéttarfélög og vinnudeilur (30).
   Nefndarálit kom ekki.
4. Frv. til l. um bráðabirgðaráðstafanir til að tryggja mönnum húsnæði (42).
   Nefndarálit kom ekki.
5. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 65 19. júní 1933, um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands (23, n. 86).
   Frsm.: Sigurjón Á. Ólafsson.
6. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 19. júní 1933, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma (24, n. 87).
   Frsm.: Sigurjón Á. Ólafsson.
7. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 9. jan. 1935, um eftirlit með sjóðum, er fengið hafa konungsstaðfestingu á skipulagsskrá (100, n. 150).
   Frsm.: Sigurjón Á. Ólafsson.

Fastanefndir Ed.: Allsherjarnefnd.

8. Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka á leigu skólahús, fundahús og þinghús í sveitum (126, n. 146).
   Frsm.: Sigurjón Á. Ólafsson.
9. Frv. til l. um utanríkisráðuneyti Íslands og fulltrúa þess erlendis (140, n. 240).
   Frsm.: Magnús Gíslason.
10. Frv. til l. um sölu kirkjujarðarinnar Hvanneyrar í Siglufirði (155, n. 350).
   Frsm.: Ingvar Pálmason.
11. Frv. til l. um eignarnámsheimild fyrir Siglufjarðarkaupstað á heitum uppsprettum í Skútudal í Siglufirði (181).
   Nefndarálit kom ekki.
12. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 32 14. júní 1929, um loftferðir (261, n. 349).
   Frsm.: Magnús Gíslason.
13. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 45 31. maí 1927, um heimild fyrir dómsmálaráðherra til þess að veita leyfi til veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar (280, n. 359).
   Frsm.: Sigurjón Á. Ólafsson.
14. Frv. til l. um bæjarstjórn á Akranesi (325, n. 436).
   Frsm.: Magnús Gíslason.
15. Frv. til l. um lögreglustjóra á Dalvík (302).
   Nefndarálit kom ekki.
16. Frv. til l. um viðauka við l. nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar (357, n. 432).
   Frsm.: Sigurjón Á. Ólafsson.
17. Frv. til l. um tannlæknakennslu við læknadeild háskólans (158, n. 431).
   Frsm.: Ingvar Pálmason.
18. Frv. til l. um læknisvitjanasjóði (254, n. 437).
   Frsm.: Sigurjón Á. Ólafsson.
19. Frv. til l. um ráðstafanir til loftvarna og annarra varna gegn hættum af hernaðaraðgerðum (339, n. 506).
   Frsm.: Sigurjón Á. Ólafsson.
20. Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að kaupa jörðina Vatnsleysu í Viðvíkursveit og gera að prestssetri (286, n. 507).
   Frsm.: Ingvar Pálmason.
21. Frv. til l. um friðun æðarfugls (447, n. 648).
   Frsm.: Sigurjón Á. Ólafsson.
22. Frv. til l. um eyðingu svartbaks (466, n. 647).
   Frsm.: Ingvar Pálmason.
23. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 91 frá 14. maí 1940, um húsaleigu (526, n. 692).
   Frsm.: Sigurjón Á. Ólafsson.
24. Frv. til l. um veiting ríkisborgararéttar (582, n. 715).
   Frsm.: Magnús Gíslason.
25. Frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 33 9. jan. 1935 (18, n. 677 (meiri hl.) og 680 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Sigurjón Á. Ólafsson.
   Frsm. minni hl.: Magnús Gíslason.
26. Frv. til l. um prestssetur Staðarprestakalls á Reykjanesi (679, n. 729).
   Frsm.: Sigurjón Á. Ólafsson.
27. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 43 13. nóv. 1903, um vörumerki (666, n. 723).
   Frsm.: Magnús Gíslason.
28. Frv. til l. um ríkisstjóra Íslands (720, n. 744).
   Frsm.: Ingvar Pálmason.

   Nefndin flutti:

1. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 37 frá 19. maí 1930, um skráning skipa (227).
   Frsm.: Magnús Gíslason.

Fastanefndir Ed.: Allsherjarnefnd. — *Nd.:* Fjárhagsnefnd.

2. Frv. til l. um viðauka við l. nr. 3 9. jan. 1935, um verkamannabústaði (244).
   Frsm.: Sigurjón Á. Ólafsson.
3. Frv. til l. um ófriðartryggingar (327).
   Frsm.: Sigurjón Á. Ólafsson.
   Frá n. kom álit um málið, á þskj. 537.
   Frsm.: Magnús Gíslason.
4. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 7. maí 1940, um stríðsslysatryggingu sjómanna (337).
   Frsm.: Sigurjón Á. Ólafsson.

C.

Í neðri deild.

1. Fjárhagsnefnd:
Sveinbjörn Högnason, formaður,
Jón Pálmason, fundaskrifari,
Skúli Guðmundsson,
Stefán Stefánsson,[1])
Haraldur Guðmundsson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um viðauka við l. nr. 73 31. des. 1937, um gjaldeyrisverzlun o. fl. (9, n. 95).
   Frsm.: Skúli Guðmundsson.
2. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki (5, n. 50).
   Frsm.: Stefán Stefánsson.
3. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland (6, n. 63).
   Frsm.: Sveinbjörn Högnason.
4. Frv. til l. um viðauka við l. nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl. (7, n. 525).
   Frsm.: Skúli Guðmundsson.
5. Frv. til l. um heimild fyrir ríkissjóð til að taka 5 milljón króna innanríkislán (8, n. 61).
   Frsm.: Haraldur Guðmundsson.
6. Frv. til l. um rafveitulánasjóð (28).
   Nefndarálit kom ekki.
7. Frv. til l. um raforkuveitusjóð (31, n. 99 (meiri hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Skúli Guðmundsson.
   Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
8. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 63 31. des. 1937, um tollheimtu og tolleftirlit (2, n. 88).
   Frsm.: Stefán Stefánsson.
9. Frv. til l. um sparisjóði (58, n. 420).
   Frsm.: Stefán Stefánsson.
10. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 73 31. des. 1937, um gjaldeyrisverzlun o. fl., og l. nr. 115 31. maí 1940, um breyt. á þeim l. (59, n. 93).
    Frsm.: Haraldur Guðmundsson.
11. Frv. til l. um viðauka við l. nr. 63 31. des. 1937, um tollheimtu og tolleftirlit (3, n. 94).
    Frsm.: Stefán Stefánsson.
12. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl. (55).
    Nefndarálit kom ekki.

---

1) Í fjarveru hans 20. maí til 4. júní tók sæti í n.: Þorsteinn Briem.

Fastanefndir Nd.: Fjárhagsnefnd.

13. Frv. til l. um afnám l. nr. 25 9. jan. 1935, um viðauka við l. nr. 75 27. júní 1921, um stimpilgjald, og afnám 2. gr. l. nr. 91 11. júní 1938, um breyt. á þeim l. (4, n. 89).
    Frsm.: Jón Pálmason.
14. Frv. til l. um framlenging á gildi l. nr. 66 11. júní 1938, um vörugjald fyrir Vestmannaeyjakaupstað (27, n. 411 (minni hl.) og 418 (meiri hl.)).
    Frsm. minni hl.: Jón Pálmason.
    Frsm. meiri hl.: Skúli Guðmundsson.
15. Frv. til l. um verðlagsuppbót á laun embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins og ríkisstofnana (78, n. 104).
    Frsm.: Sveinbjörn Högnason.
16. Frv. til l. um gjaldeyrisvarasjóð og eftirlit með erlendum lántökum (85, n. 246 (meiri hl.) og 267 (minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Sveinbjörn Högnason.
    Frsm. minni hl.: Jón Pálmason.
17. Frv. til l. um eftirlit með bönkum og sparisjóðum (97).
    Nefndarálit kom ekki.
18. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt (226, n. 290).
    Frsm.: Skúli Guðmundsson.
19. Frv. til l. um stríðsgróðaskatt (179, n. 293).
    Frsm.: Skúli Guðmundsson.
20. Frv. til l. um greiðslu verðlagsuppbótar á styrk til héraðs- og gagnfræðaskóla (232, n. 356).
    Frsm.: Sveinbjörn Högnason.
21. Frv. til l. um innheimtu tekjuskatts og eignarskatts af vaxtafé verðbréfa og skuldabréfa (306, n. 419 (meiri hl.) og 492 (minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Skúli Guðmundsson.
    Frsm. minni hl.: Jón Pálmason.
22. Frv. til l. um afnám l. nr. 99 19. júní 1933, um veitingaskatt (438).
    Nefndarálit kom ekki.
23. Frv. til l. um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa (446, n. 671).
    Frsm.: Þorsteinn Briem.
24. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl. (498, n. 740).
    Frsm.: Skúli Guðmundsson.
25. Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1942 með viðauka (439, n. 733).
    Frsm.: Jón Pálmason.
26. Frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1939 (606, n. 704).
    Frsm.: Sveinbjörn Högnason.
27. Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna (703).
    Nefndarálit kom ekki.

Nefndin flutti:

Frv. til l. um breyt. á sveitarstjórnarlögum, nr. 12 31. maí 1927 (159).
    Frsm.: Skúli Guðmundsson.

Meiri hl. nefndarinnar flutti:

1. Frv. til l. um innheimtu tekjuskatts og eignarskatts af vaxtafé verðbréfa og skuldabréfa (306).
    Frsm.: Skúli Guðmundsson.

Fastanefndir Nd.: Fjárhags-, samgöngumála- og landbúnaðarnefndir.

2. Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna (703).
   Frsm.: Sveinbjörn Högnason.

2. *Samgöngumálanefnd:*
   Steingrímur Steinþórsson,
   Gísli Sveinsson, formaður,
   Sveinbjörn Högnason,
   Eiríkur Einarsson,
   Vilmundur Jónsson, fundaskrifari.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um fjarskipti (33, n. 81).
   Frsm.: Gísli Sveinsson.
2. Frv. til l. um breyt. á bifreiðalögum, nr. 75 7. maí 1940 (160, n. 206).
   Frsm.: Gísli Sveinsson.
3. Frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 110 30. maí 1940 (161, n. 207).
   Frsm.: Gísli Sveinsson.
4. Frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933 (173).
   Nefndarálit kom ekki.

Nefndin flutti:

Frv. til l. um ábyrgð ríkisins og hlutafjárframlag til Vestfjarðabáts (196).
Frsm.: Vilmundur Jónsson.

Um samvinnu við samgöngumálanefnd Ed. sjá bls. 963.

3. *Landbúnaðarnefnd:*
   Bjarni Ásgeirsson, formaður,
   Jón Pálmason, fundaskrifari,
   Steingrímur Steinþórsson,
   Pétur Ottesen,
   Ásgeir Ásgeirsson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 27 8. sept. 1931, er heimila ríkisstjórninni að flytja inn sauðfé til sláturfjárbóta (10, n. 91).
   Frsm.: Steingrímur Steinþórsson.
2. Frv. til l. um sölu á spildu úr Neslandi í Selvogi (40, n. 204 (minni hl.) og 233 (meiri hl.)).
   Frsm. minni hl.: Jón Pálmason.
   Frsm. meiri hl.: Steingrímur Steinþórsson.
3. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 26 frá 13. jan. 1938, um bændaskóla (52, n. 214 (minni hl.) og 268 (meiri hl.)).
   Frsm. minni hl.: Jón Pálmason.
   Frsm. meiri hl.: Steingrímur Steinþórsson.
4. Frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 101 23. júní 1936 (96).
   Nefndarálit kom ekki.
5. Frv. til landskiptalaga (145, n. 351).
   Frsm.: Steingrímur Steinþórsson.
6. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 31 14. júní 1929, um Búnaðarbanka Íslands, og l. nr. 20 13. jan. 1938, um breyt. á þeim l. (139, n. 211).
   Frsm.: Ásgeir Ásgeirsson.
7. Frv. til l. um jarðakaup ríkisins vegna kauptúna og sjávarþorpa (152, n. 454).
   Frsm.: Bjarni Ásgeirsson.

Fastanefndir Nd.: Landbúnaðar- og sjávarútvegsnefndir.

8. Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Lækjardal í Öxarfirði (156, n. 409).
   Frsm.: Steingrímur Steinþórsson.
9. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði (169, n. 241).
   Frsm.: Jón Pálmason.
10. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 32 8. sept. 1931, um búfjárrækt (172, n. 460).
   Frsm.: Steingrímur Steinþórsson.
11. Till. til þál. um síldarmjölsbirgðir til fóðurtryggingar á næsta vetri (230, n. 686).
   Frsm.: Steingrímur Steinþórsson.
12. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 76 11. júní 1938, um byggingar- og landnámssjóð (177, n. 383).
   Frsm.: Jón Pálmason.
13. Frv. til l. um framræslusjóð (243).
   Nefndarálit kom ekki.
14. Till. til þál. um styrk til garðyrkjufélaga með samvinnusniði (655).
   Nefndarálit kom ekki.

Nefndin flutti:

1. Frv. til l. um sandgræðslu Íslands og heftingu sandfoks (128).
   Frsm.: Steingrímur Steinþórsson.
2. Frv. til l. um landnám ríkisins (133).
   Frsm.: Bjarni Ásgeirsson.
3. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 12 1. febr. 1936, um búreikningaskrifstofu ríkisins (135).
   Frsm.: Jón Pálmason.
4. Frv. til l. um girðingar til varnar útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og heimild til samþykkta um fjárskipti (166).
   Frsm.: Bjarni Ásgeirsson.
5. Frv. til l. um breyt. á ábúðarlögum, nr. 87 19. júní 1933 (212).
   Frsm.: Steingrímur Steinþórsson.
6. Frv. til l. um varnir gegn útbreiðslu nokkurra næmra sauðfjársjúkdóma og stuðning til bænda, er bíða tjón af þeim (295).
   Frsm.: Pétur Ottesen.
7. Frv. til l. um heimild fyrir kaupstaði og hreppsfélög til að koma á þegnskylduvinnu (305).
   Frsm.: Ásgeir Ásgeirsson.
8. Frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 101 frá 23. júní 1936 (307).
   Frsm.: Steingrímur Steinþórsson.

4. Sjávarútvegsnefnd:

Gísli Guðmundsson,
Sigurður Kristjánsson,
Skúli Guðmundsson,[1])
Sigurður E. Hlíðar, fundaskrifari,
Finnur Jónsson, formaður.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um breyt. á 14. gr. l. nr. 1 5. jan. 1938, um síldarverksmiðjur ríkisins (25, n. 72).
   Frsm.: Gísli Guðmundsson.
2. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 19. maí 1930, um vigt á síld (36, n. 245).
   Frsm.: Finnur Jónsson.

---

1) 11. marz tók Jón Ívarsson sæti hans í nefndinni.

Fastanefndir Nd.: Sjávarútvegs- og iðnaðarnefndir.

3. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 27 13. jan. 1938, um vátryggingarfélög fyrir vélbáta (41, n. 208).
   Frsm.: Sigurður Kristjánsson.
4. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 21 14. júní 1929, um hafnargerð á Skagaströnd (46, n. 262).
   Frsm.: Gísli Guðmundsson.
5. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 47 19. maí 1930, um fiskveiðasjóðsgjald (64).
   Nefndarálit kom ekki.
6. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 99 11. júní 1938, um fiskveiðasjóð Íslands (65).
   Nefndarálit kom ekki.
7. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 64 8. sept. 1931, um hafnargerð á Akranesi (83, n. 264).
   Frsm.: Jón Ívarsson.
8. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 4 4. maí 1925, um viðauka við l. nr. 33 19. júní 1922, um fiskveiðar í landhelgi (13).
   Nefndarálit kom ekki.
9. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 45 13. júní 1937, um dragnótaveiði í landhelgi (116, n. 263 (1. minni hl.) og 413 (2. minni hl.)).
   Frsm. 1. minni hl.: Gísli Guðmundsson.
   Frsm. 2. minni hl.: Finnur Jónsson.
10. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 27 13. jan. 1938, um vátryggingarfélög fyrir vélbáta (29).
    Nefndarálit kom ekki.
11. Frv. til l. um bygging sjómannaskóla (397, n. 489).
    Frsm.: Finnur Jónsson.
12. Frv. til l. um afla- og útgerðarskýrslur (329, n. 518).
    Frsm.: Jón Ívarsson.
13. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 37 12. febr. 1940, um stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna (658, n. 736).
    Frsm.: Sigurður E. Hlíðar.

Nefndin flutti:

1. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 99 11. júní 1938, um fiskveiðasjóð Íslands (129).
   Frsm.: Sigurður Kristjánsson.
2. Frv. til l. um veiði, sölu og útflutning á kola (149).
   Frsm.: Finnur Jónsson.
3. Frv. til l. um breyt. á sjómannalögum, nr. 41 19. maí 1930 (174).
   Frsm.: Finnur Jónsson.
4. Frv. til l. um breyt. á hafnarlögum fyrir Ísafjörð, nr. 34 19. júní 1922 (255).
   Frsm.: Finnur Jónsson.

Meiri hl. nefndarinnar flutti:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 23 27. júní 1921, um vátryggingarfélag fyrir fiskiskip (209).
Frsm.: Sigurður Kristjánsson.

5. *Iðnaðarnefnd:*
   Bjarni Ásgeirsson,
   Eiríkur Einarsson,
   Pálmi Hannesson,
   Jóhann G. Möller, fundaskrifari,
   Emil Jónsson, formaður.

Til nefndarinnar var engu máli vísað.

Nefndin flutti:

1. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 12 9. jan. 1935, um iðnlánasjóð (186).
   Frsm.: Emil Jónsson.

Fastanefndir Nd.: Iðnaðar-, menntamála- og allsherjarnefndir.

2. Frv. til l. um iðnlánasjóðsgjald (187).
   Frsm.: Emil Jónsson.
3. Frv. til l. um iðnskóla (628).
   Frsm.: Emil Jónsson.

6. Menntamálanefnd:
Bjarni Bjarnason, formaður,
Gísli Sveinsson, fundaskrifari,
Pálmi Hannesson,
Þorsteinn Briem,
Ásgeir Ásgeirsson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 48 19. maí 1930, um gagnfræðaskóla (189).
   Nefndarálit kom ekki.
2. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 60 11. júní 1938, um húsmæðrafræðslu í sveitum (51, n. 601).
   Frsm.: Bjarni Bjarnason.
3. Frv. til l. um heimild til að innheimta skemmtanaskatt í þjóðleikhússjóð með viðauka (481).
   Nefndarálit kom ekki.
4. Frv. til l. um kirkjuþing íslenzku þjóðkirkjunnar (47, n. 673).
   Frsm.: Þorsteinn Briem.

Nefndin flutti:

1. Frv. til l. um breyt. á l. um Háskóla Íslands, nr. 21 1. febr. 1936 (112).
   Frsm.: Bjarni Bjarnason.
2. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 23 4. des. 1886, um prentsmiðjur (170).
   Frsm.: Þorsteinn Briem.
3. Till. til þál. um framkvæmd l. nr. 54 24. júní 1925, um mannanöfn o. fl. (171).
   Frsm.: Þorsteinn Briem.
4. Frv. til l. um húsmæðrafræðslu í kaupstöðum (190).
   Frsm.: Ásgeir Ásgeirsson.
5. Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Reykjarhól í Seyluhreppi í Skagafjarðarsýslu ásamt nýbýlinu Varmahlíð (210).
   Frsm.: Pálmi Hannesson.
6. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 64 23. júní 1932, um kirkjugarða (363).
   Frsm.: Þorsteinn Briem.
7. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 16. nóv. 1907, um skipun sóknarnefnda og héraðsnefnda (364).
   Frsm.: Þorsteinn Briem.
8. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 30. júlí 1909, um sóknargjöld (365).
   Frsm.: Þorsteinn Briem.
9. Frv. til l. um söngmálastjóra þjóðkirkjunnar (433).
   Frsm.: Þorsteinn Briem.

7. Allsherjarnefnd:
Bergur Jónsson, formaður,
Garðar Þorsteinsson,
Gísli Guðmundsson,
Jóhann G. Möller,
Vilmundur Jónsson, fundaskrifari.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um utanríkisþjónustu erlendis (11, n. 106).
   Frsm.: Bergur Jónsson.

Fastanefndir Nd.: Allsherjarnefnd.

2. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 32 14. júní 1929, um loftferðir (12, n. 184).
   Frsm.: Jóhann G. Möller.
3. Frv. til l. um loftvarnaráðstafanir (17, n. 273).
   Frsm.: Vilmundur Jónsson.
4. Frv. til l. um viðauka við l. nr. 73 7. maí 1940, um hækkun slysabóta og uppbót á ellilaun og örorkubætur (20, n. 221).
   Frsm.: Gísli Guðmundsson.
5. Frv. til l. um viðauka við l. nr. 91 14. maí 1940, um húsaleigu (21, n. 456).
   Frsm.: Garðar Þorsteinsson.
6. Frv. til l. um læknaráð (22).
   Nefndarálit kom ekki.
7. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 65 19. júní 1933, um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands (23, n. 44).
   Frsm.: Vilmundur Jónsson.
8. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 19. júní 1933, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma (24, n. 45).
   Frsm.: Vilmundur Jónsson.
9. Frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 33 9. jan. 1935 (18, n. 499 (meiri hl.) og 520 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Gísli Guðmundsson.
   Frsm. minni hl.: Vilmundur Jónsson.
10. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 39 28. jan. 1935, um breyt. á l. nr. 46 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna (19, n. 401).
    Frsm.: Bergur Jónsson.
11. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 115 frá 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis (56).
    Nefndarálit kom ekki.
12. Frv. til l. um breyt. á 88. og 95. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 frá 12. febr. 1940 (15, n. 400).
    Frsm.: Bergur Jónsson.
13. Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka á leigu húsnæði í sveitum og kauptúnum o. fl. (162, n. 198).
    Frsm.: Garðar Þorsteinsson.
14. Frv. til l. um tannlæknakennslu við læknadeild háskólans (158, n. 347).
    Frsm.: Vilmundur Jónsson.
15. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 9. jan. 1935, um eftirlit með sjóðum, er fengið hafa konungsstaðfestingu á skipulagsskrá (163, n. 288).
    Frsm.: Gísli Guðmundsson.
16. Frv. til l. um þjóðfána Íslendinga (62, n. 423).
    Frsm.: Gísli Guðmundsson.
17. Till. til þál. um mótmæli gegn hafnbannsyfirlýsingu Þjóðverja frá 25. marz 1941 (176).
    Nefndarálit kom ekki.
18. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 112 18. maí 1935, um hæstarétt (180, n. 592 (meiri hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Jóhann G. Möller.
    Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
19. Frv. til l. um bæjarstjórn á Akranesi (188, n. 289).
    Frsm.: Bergur Jónsson.
20. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 95 23. júní 1936, um heimilisfang (242).
    Nefndarálit kom ekki.
21. Frv. til l. um læknisvitjanasjóði (254, n. 348).
    Frsm.: Vilmundur Jónsson.

Fastanefndir Nd.: Allsherjarnefnd. — *Vinnunefndir* beggja deilda.

22. Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að kaupa jörðina Vatnsleysu í Viðvíkursveit og gera að prestssetri (286, n. 385).
    Frsm.: Jóhann G. Möller.
23. Frv. til l. um eyðingu svartbaks (319, n. 429).
    Frsm.: Bergur Jónsson.
24. Frv. til l. um friðun æðarfugla (320, n. 430).
    Frsm.: Bergur Jónsson.
25. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 37 frá 19. maí 1930, um skráning skipa (227, n. 428).
    Frsm.: Garðar Þorsteinsson.
26. Frv. til l. um viðauka við l. nr. 3 9. jan. 1935, um verkamannabústaði (244, n. 442).
    Frsm.: Vilmundur Jónsson.
27. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 45 31. maí 1927, um heimild fyrir dómsmálaráðherra til þess að veita leyfi til veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar (404, n. 503).
    Frsm.: Jóhann G. Möller.
28. Frv. til l. um sölu kirkjujarðarinnar Hvanneyrar í Siglufirði (389, n. 497).
    Frsm.: Garðar Þorsteinsson.
29. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 7. maí 1940, um striðsslysatryggingu sjómanna (405, n. 676).
    Frsm.: Vilmundur Jónsson.
30. Frv. til l. um veiting ríkisborgararéttar (478, n. 532).
    Frsm.: Bergur Jónsson.
31. Frv. til l. um ófriðartryggingar (587, n. 730).
    Frsm.: Garðar Þorsteinsson.
32. Till. til þál. um síldarmjölsbirgðir til fóðurtryggingar á næsta vetri (230, n. 686).
    Frsm.: Steingrímur Steinþórsson.
33. Frv. til l. um prestssetur Staðarprestakalls á Reykjanesi (679, n. 690).
    Frsm.: Bergur Jónsson.
34. Frv. til l. um ríkisstjóra Íslands (684, n. 711).
    Frsm.: Bergur Jónsson.

Nefndin flutti:

1. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 43 13. nóv. 1903, um vörumerki (666).
   Frsm.: Bergur Jónsson.
2. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 26 23. júní 1932 og l. nr. 22 1. febr. 1936, um Brunabótafélag Íslands (731).
   Frsm.: Jóhann G. Möller.

D.
Vinnunefndir.

Auk framantalinna nefnda skipuðu formenn fastanefnda, forseti og fyrri varaforseti eina nefnd í hvorri deild, vinnunefnd.

Vinnunefndir gerðu skrá um fundastaði og fundatíma fastanefnda, er prentuð var og útbýtt meðal þingmanna.

Sþ. **782. Erindaskrá.**

— *Raðað eftir stafrófsröð* —

Aðalsteinn Eiríksson skólastjóri, sjá Flóabátaferðir 1.
Aðflutningsbann á áfengi, sjá Áfengis- og bindindismál.
Afurðasala landbúnaðarins.
1. Fulltrúafundur Sláturfélags Suðurlands á Þingvöllum 28. maí síðastl. skorar á Alþingi að tryggja bændum það afurðaverð, að þeir geti greitt kaup, er sé í fullu samræmi við kaupgjald í landinu. Bréf 31. maí (Db. 527).
2. Fundur stjórna búnaðarsambanda Suðurlands, Kjalarnesþings og Borgarfjarðar og Mjólkursamlags Kjalarnesþings, haldinn í Reykjavík 4. júní síðastl., skorar á Alþingi að taka til fullrar afgreiðslu dýrtíðarmál landbúnaðarins og hlutast til um, að þeir, sem við landbúnaðarstörf vinna, fái sambærilegt kaup við aðrar stéttir þjóðfélagsins. Bréf ódags. (Db. 532).
3. Sýslunefnd Árnessýslu skorar á Alþingi að gera nauðsynlegar ráðstafanir til viðhalds framleiðslunni í sveitum landsins. Bréf 5. maí (Db. 458).
4. Þorsteinn Þorsteinsson, 5. landsk. þm., sendir Alþingi útdrátt úr fundargerð aðalfundar Búnaðarsambands Dala og Snæfellsness, ályktun fundarins í afurðasölumálum (Db. 534).

Akrasókn, sóknarnefndin, sjá Skipun prestakalla 2.
Akureyri, bæjarstjórnin, sjá: Húsmæðrafræðsla 5, Rafveitur 3.
Aldan, skipstjórafélag í Reykjavík, sjá Stríðsslysatrygging sjómanna 6.
Alþingi, sjá: Kveðjur til, Tillögur.
Alþingiskosningar, sjá Frestun almennra.
Alþýðusamband Íslands, sjá Ráðstafanir og tekjuöflun vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna 5.
Alþýðuskólinn á Eiðum, sjá Eiðaskóli.
Andakílshreppur, hreppsnefndin, sjá Vegamál 12.
Andersen, Victor Strange, sjá Ríkisborgararéttur.
Anna Ásmundsdóttir, sjá Íslenzk ull 1.
Arnarhváll, rekstrarkostnaður, sjá Tillögur.
Arnarstapi, sjá Vegamál 6.
Atvinna við siglingar. Stjórn Landssambands íslenzkra útvegsmanna beinir til sjútvn. Nd. tilmælum um, að nefndin hlutist til um, að heimild atvinnumálaráðherra, samkv. l. nr. 11 13. jan. 1938, um viðauka við l. nr. 104 23. júní 1936, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum, til þess að veita æfðum kyndurum leyfi til að gegna undirvélstjórastarfi og aðstoðarmannsstarfi á eimskipum, verði látin ná til skipa allt að 850 hestafla, svo og að nefndin taki til athugunar, hver framtíðarúrræði séu vænlegust í þessu máli. 5 fskj. Bréf 15. marz (Db. 160).
Atvinnudeild, sjá: Háskóli Íslands 1 og 4, Starfsmannaskrár, Tillögur.
Atvinnumál. Ungmennasamband Borgarfjarðar sendir Alþingi ályktanir héraðsþings sambandsins í Reykholti 19.—20. apríl 1941 um atvinnumál. Bréf 14. maí (Db. 490). — Sjá einnig: Iðnaður, Kaupgjaldsmál, Landbúnaður, Ráðstafanir og, Sjávarútvegur.
Auðkúluprestakall, sjá Skipun prestakalla 4—5.
Áburðarkaup, sjá Tilbúinn áburður.
Ábúðarlög. Búnaðarfélag Íslands sendir landbn. Nd. frumvarp búnaðarþings um

breyt. á ábúðarlögunum, nr. 87 19. júní 1933, og l. nr. 22 12. febr. 1940, um breyt. á þeim l., með tilmælum um, að nefndin taki frv. til flutnings í þinginu. Bréf 20. marz (Db. 183).
Ábyrgðir, sjá Ríkisábyrgðir.
Áfengis- og bindindismál.
1. Átjánda þing Ungmennasambands Borgarfjarðar, í Reykholti 27. apríl 1941, skorar á Alþingi að láta fram fara, jafnhliða næstu alþingiskosningum, þjóðaratkvæðagreiðslu um það, hvort leyfa skuli innflutning áfengra drykkja. Bréf ódags. (Db. 164). — Sbr. 6. tölulið.
2. Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf., sendir Alþ. fundarályktun stúkunnar Framtíðarinnar á Siglufirði um að skora á Alþingi að fella frv. til l. um breyt. á áfengislögunum. Símskeyti 16. júní (Db. 533).
3. Einar Árnason, 2. þm. Eyf., sendir Alþingi ályktanir 20. þings Ungmennasambands Eyjafjarðar, á Dalvík 29.—31. marz 1941, um að skora á Alþingi að láta fram fara þjóðaratkvæðagreiðslu um sölu og aðflutningsbann áfengra drykkja og bindindi opinberra starfsmanna um nautn þeirra. Bréf 9. apríl (Db. 350).
4. Umdæmisstúkan nr. 1 mótmælir frv. til l. um breyt. á áfengislögunum. Bréf 26. maí (Db. 518).
5. Ungmennasamband Austur-Húnvetninga sendir Alþingi ályktanir héraðsþings sambandsins á Blönduósi 3.—4. maí 1941 um bindindismál. Bréf 6. maí (Db. 489).
6. Ungmennasamband Borgarfjarðar sendir Alþingi ályktanir héraðsþings sambandsins í Reykholti 19.—20. apríl 1941 um bindindismál. Bréf 14. maí (Db. 490). — Sbr. 1. tölulið.
7. Vilmundur Jónsson, þm. N.-Ísf., sendir Alþingi mótmæli umdæmisstúkunnar nr. 6 á Ísafirði gegn frv. til l. um breyt. á áfengislögunum (Db. 485).

— Sjá einnig: Áfengisverzlun, Áfengt öl.
Áfengisverzlun ríkisins, sjá: Starfsmannaskrár, Tillögur.
Áfengt öl. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið sendir allshn. Nd. bréf forstjóra ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar h/f, dags. 11. marz, þar sem hann skýrir ráðuneytinu frá því, að stjórn Eimskipafélags Íslands h/f hafi farið þess á leit við hann, að hann sækti um undanþágu frá ákvæðum áfengislaganna til þess að mega selja áfengt öl til skipa félagsins hér í Reykjavík. 1 fskj. Bréf 2. apríl (Db. 317).
Ágúst B. Jónsson, bóndi að Hofi í Vatnsdal, sjá Sauðfjársjúkdómar 1.
Ágúst Sigurðsson, cand. mag., sjá: Íslenzk-dönsk, Námsflokkar.
Árnessýsla, sýslunefndin, sjá: Afurðasala landbúnaðarins 3, Brúargerðir 6.
Árni Gíslason, fyrrv. fiskimatsmaður, sjá Eftirlaun og styrktarfé 15.
Árni Jónsson, 9. landsk. þm., sjá Eftirlaun og styrktarfé 1.
Árný Filippusdóttir, sjá Húsmæðrafræðsla 4.
Ársæll Sigurðsson kennari, sjá Íslenzk tunga 1.
Ásgeir Ásgeirsson, fulltrúi vegamálastjóra, sjá: Launamál 10, Verðlaun og viðurkenning 1.
Ásgeir Ásgeirsson, þm. V.-Ísf., sjá Vegamál 21.
Ásgeir Einarsson dýralæknir, sjá Dýralækningar 2.
Ásgeir H. P. Hraundal, sjá Dýralækningar 4.
Ásgeir Þ. Ólafsson dýralæknir, sjá Dýralækningar 1.
Ásmundur Guðmundsson prófessor, sjá Bókaútgáfa 1.
Áveitur og framræslur.
1. Atv.- og samgmrn. sendir fjvn. erindi Búnaðarfélags Íslands, dags. 13. marz, svo og erindi frá formanni Landþurrkunarfélags Safamýrar, dags. 6. marz, þar sem félagið sækir um styrk til framkvæmda sinna. 3 fskj. Bréf 27. marz (Db. 238).

2. Búnaðarfélag Íslands sendir landbn. Nd. tillögur búnaðarþings um nauðsynlegar framkvæmdir á Flóaáveitusvæðinu. Bréf 20. marz (Db. 182).
3. Búnaðarfélag Íslands sendir landbn. Nd. ályktun búnaðarþings um að skora á Alþingi að styrkja að þriðjungi framkvæmdir Framræslu- og áveitufélags Þingbúa og Framræslu- og áveitufélags Staðarbyggðar og kaupa auk þess skurðgröfur og lána þessum félögum. Bréf 25. marz (Db. 227). — Sjá einnig næsta tölulið.
4. Einar Árnason, 2. þm. Eyf., sendir fjvn., ásamt meðmælum sínum, erindi stjórnar Framræslu- og áveitufélags Staðarbyggðar í Eyjafirði, dags. 10. apríl, þar sem hún sækir um styrk á þessu og næsta ári til áveitu og framræslu á Staðarbyggðarmýrum. 1 fskj. Bréf 17. apríl (Db. 369). — Sjá einnig 3. tölulið.
5. Framræslu- og áveitufélag Ölfusinga fer þess á leit, að veittar verði 10 þús. kr. á þessu ári og 15 þús. kr. á næsta ári til framræslu og áveitu á engjalöndum í Ölfusi. Bréf 11. febr. (Db. 15). — Sjá einnig næsta tölulið.
6. Umsögn atv.- og samgmrn. um erindi það, er greinir í næsta tölulið á undan. Bréf 31. marz (Db. 292).
7. Gísli Sveinsson, þm. V.-Sk., beinir þeim tilmælum til fjvn., að hún taki til greina samþykktir búnaðarþings um fullkomnun Meðallandsáveitunnar. Bréf 21. marz (Db. 204).

Baarregaard, Alfred, sjá Ríkisborgararéttur.
Baldur, flóabátur, sjá Flóabátaferðir 17.
Baldur Eyjólfsson, fyrrv. póstur, sjá Eftirlaun og styrktarfé 2.
Bandalag íslenzkra farfugla sækir um 3000 kr. styrk til starfsemi sinnar. 1 fskj. Bréf 29. marz (Db. 263).
Bandalag kvenna í Reykjavík fer þess á leit, að leiðrétt verði það misrétti, sem bandalagið varð fyrir 1936, er það var svipt styrki þeim, sem það til þess tíma hafði notið úr ríkissjóði. Bréf 8. marz (Db. 120).
Bandaríki Norður-Ameríku, sbr. Kepke.
Bankalöggjöf. Viðskmrn. beinir til fjhn. Ed. tilmælum um, að nefndin taki til flutnings í þinginu frv. til l. um banka, er milliþinganefnd í bankamálum hefur samið. Bréf 26. marz (Db. 237).
Bankavaxtabréf. Viðskmrn. sendir fjhn. Ed. frv. til l. um heimild fyrir Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa, með tilmælum um, að nefndin taki frv. til flutnings í þinginu. Bréf 2. maí (Db. 431).
Bann við útkomu íslenzks dagblaðs. Verkamannafélagið Þróttur á Siglufirði lýsir sig sammála mótmælum Alþingis gegn banni við útkomu íslenzks dagblaðs. Símskeyti 31. maí (Db. 528). — Sbr. Handtaka og.
Barnafræðsla, sjá Fræðslumál.
Barnakennarar, sjá: Launamál 3 og 7, Lífeyrissjóður.
Bálfarafélag Íslands, sjá Bálstofa.
Bálstofa. Fjmrn. sendir fjvn. bréf Bálfarafélags Íslands, dags. 3. febr., þar sem það fer fram á 20 þús. kr. styrkveiting til bálstofu í Reykjavík. 1 fskj. Bréf 21. febr. (Db. 44, o).
Bátaábyrgðarfélag Vestmannaeyja. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm., sendir Alþingi áskorun eigenda 78 vélbáta í Vestmannaeyjum þess efnis, að Bátaábyrgðarfélagi Vestmannaeyja verði heimilað að starfa áfram sem sjálfstæðu ábyrgðarfélagi. 3 fskj. Bréf 7. marz (Db. 107).
Benedikt Sveinsson, Firði í Mjóafirði, sjá Skaðabætur 1.
Bergur Jónsson, þm. Barð., sjá: Dragnótaveiðar 1, Eftirlaun og styrktarfé 3, Flateyjarkirkja 2, Flóabátaferðir 3, Frystihús, Stríðsslysatrygging sjómanna 1, Vegamál 21.
Berklahæli, sjá: Kristneshæli, Vífilsstaðahæli.
Berklasjúklingar, sjá Samband íslenzkra.

Berklavarnakostnaður.
1. Samband íslenzkra berklasjúklinga beinir til allshn. Nd. áskorun til Alþingis um að breyta l. nr. 78 23. júní 1936, um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla, á þá leið, að dvalarkostnaður sjúklinga á heilsuhælum og sjúkrahúsum landsins verði greiddur að fullu úr ríkissjóði, en að öðrum kosti tekin upp skipun berklavarnalaganna frá 1921 í þessu efni. 2 fskj. Bréf 7. apríl (Db. 357).
2. Sjálfsvörn, félag berklasjúklinga í Kristnesi, sendir Alþingi áskorun sama efnis. Bréf 28. febr. (Db. 136).
3. Sjálfsvörn, félag berklasjúklinga á Vífilsstöðum, sendir Alþingi sams konar áskorun. Bréf 17. marz (Db. 358).

— Sbr. Sjómannalög 1.

Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf., sjá: Áfengis- og bindindismál 2, Bókasöfn og lestrarfélög 1—2, Dragnótaveiðar 2, Sjúkrahús og, Tónlist 2.

Bertil Sigurðsson, Sjá Hreindýrabú.

Bifreiðaeinkasala ríkisins, sjá: Starfsmannaskrár, Tillögur.

Bifreiða- og umferðarlög. Vegamálastjóri skýrir samgmn. Ed. frá því áliti sínu, að frestun á gildistöku bifreiðalaga og umferðarlaga eigi aðeins að ná til ákvæðisins um aksturstefnuna. Bréf 26. marz (Db. 214).

Bindindismál, sjá Áfengis- og.

Biskup Íslands, sjá Tillögur.

Bjarni Ásgeirsson, þm. Mýr., sjá Skipun prestakalla 2.

Bjarni Bjarnason, 1. þm. Árn., sjá: Skaðabætur 3, Skipun prestakalla 6.

Bjarni Finnbogason, Búðum á Snæfellsnesi, sjá Verðlaun og.

Bjarni Grímsson, fyrrv. fiskimatsmaður, sjá Eftirlaun og styrktarfé 10.

Bjarni Jónsson stúdent, sjá Námsstyrkur 1.

Bjarni Runólfsson í Hólmi, sjá Vélaverkstæði.

Bjarni Sæmundsson, dr. phil., kaup á bóka- og áhaldasafni hans, sjá Háskóli Íslands 1.

Björgvin Guðmundsson tónskáld, sjá Tónlist 2.

Björn Björnsson sýslumaður, sjá Læknisvitjanastyrkur 1.

Björn Dúason kaupfélagsstjóri, sjá Flóabátaferðir 5.

Björn Einarsson, Nýjabæ í Djúpárhreppi, sjá Örorkustyrkur.

Björn Magnússon prestur, sjá Skipun prestakalla 3.

Björn Rögnvaldsson byggingameistari, sjá Prestssetur 1.

Björn Sigfússon meistari, sjá Samheitaorðabók.

Bolungavík, sjá: Hafnir og lendingarbætur 2 og 7, Vatnsveitur.

Borgarfjarðarlæknishérað, sjá Læknabústaðir 3.

Botnsnáma, sjá Brúnkolanám.

Bókasöfn og lestrarfélög.
1. Bernharð Stefánsson og Einar Árnason, þm. Eyf., senda Alþingi erindi bæjarstjórans á Siglufirði, dags. 12. apríl, þar sem hann sækir um aukinn styrk til bókasafnsins þar. Bréf 21. apríl (Db. 380).
2. Erlendur Þorsteinsson, 10. landsk þm., Bernharð Stefánsson og Einar Árnason, þm. Eyf., og Garðar Þorsteinsson, 7. landsk. þm., fara þess á leit, að hreppsnefnd Hríseyjarhrepps verði veittur 3000 kr. styrkur til þess að endurreisa bókasafn hreppsins. Bréf 4. apríl (Db. 329).
3. Sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu fer þess á leit, að styrkurinn til bókasafns Suður-Þingeyinga verði hækkaður í 1000 kr. Símskeyti 7. maí (Db. 446).

Bókaútgáfa.
1. Dóms- og kirkjumrn. sendir fjvn. bréf fræðslumálastjóra, dags. 6. febr., þar sem hann fer þess á leit, að Ásmundi prófessor Guðmundssyni verði veittur 1000 kr. styrkur til útgáfu skýringarrits yfir Markúsarguðspjall, sem ætlað er til notkunar við kennslu í kennaraskólanum. 1 fskj. Bréf 10. marz (Db. 127).

2. Fjmrn. sendir fjvn. bréf atv.- og samgmrn., dags. 30. jan., um 3000 kr. fjárveitingu til útgáfu dóma Félagsdóms. 1 fskj. Bréf 21. febr. (Db. 44, c).
3. Sama rn. sendir fjvn. bréf menntamálaráðs, dags. 23. jan., þar sem það fer þess á leit, að ríkisstj. verði heimilað að greiða útgáfufyrirtæki þjóðvinafélagsins og menntamálaráðs sem dýrtíðaruppbót árin 1940—1942 þá verðhækkun, sem verður á pappír og prentun bóka útgáfunnar, miðað við verðlag sumarið 1939. Bréf 24. febr. (Db. 59, d). — Sjá einnig næsta tölulið.
4. Dóms- og kirkjumrn. sendir fjvn. umsögn sína um ofangreint erindi. Bréf 31. marz (Db. 297).
5. Guðmundur Gamalíelsson bóksali fer þess á leit, að Alþingi veiti styrk til þess að ljúka útgáfu þjóðsagnasafns Sigfúsar Sigfússonar frá Eyvindará. Bréf 12. apríl (Db. 370).

— Sjá einnig: Hið íslenzka bókmenntafélag, Hið íslenzka fornritafélag, Rauðikross Íslands.

Bókmenntafélagið, sjá Hið íslenzka.

Breiðafjarðarbáturinn, sjá Norðri.

Breiðavíkurhreppur, hreppsnefndin, sjá Vegamál 6.

Breiðfirzkar konur, sjá Samband.

Bremnes, Johannes, sjá Ríkisborgararéttur.

Brunabótafélag Íslands. Atv.- og samgmrn. sendir allshn. Nd. frv. til l. um breyt. á l. nr. 26 23. júní 1932, um Brunabótafélag Íslands, og l. nr. 22 1. febr. 1936, um breyt. á þeim l., samið af forstjóra félagsins, með tilmælum um, að nefndin taki frv. til athugunar og flytji það í því formi, sem henni þykir við eiga. Bréf 22. apríl (Db. 402).

Brúargerðir,

1. Gísli Sveinsson, þm. V.-Sk., fer þess á leit, að varið verði sérstakri fjárhæð úr ríkissjóði á þessu ári til þess að brúa Geirlandsá á Síðu og Djúpá í Fljótshverfi. Bréf 22. febr. (Db. 53).
2. Gísli Guðmundsson, þm. N.-Þ., fer þess á leit, að veittar verði 5000 kr. af sandgræðslufé til þess að gera brú yfir Sandá í Öxarfirði, fyrsta greiðsla af fjórum. Bréf 24. febr. (Db. 751). — Sjá einnig næsta lið.
3. Sami alþm. óskar meðmæla landbn. Nd. með ofangreindri umsókn sinni. Bréf 4. apríl (Db. 335).
4. Sami alþm. fer þess á leit, að veittar verði 30 þús. kr. til að byggja brú á Svalbarðsá í Þistilfirði. Bréf 4. apríl (Db. 326).
5. Sjötíu og tveir alþingiskjósendur í Jökuldalshreppi skora á Alþingi að veita fé til brúar á Jökulsá á Brú hjá Hjarðarhaga. Bréf ódags. (Db. 174).
6. Sýslunefnd Árnessýslu skorar á Alþingi að veita fé til brúar á Hvítá hjá Iðu. Bréf 5. maí (Db. 457).
7. Þorsteinn Þorsteinsson, 5. landsk. þm., sendir Alþingi erindi frá hreppsnefndum Neshrepps utan Ennis og Ólafsvíkurhrepps, þar sem þær fara þess á leit, að rannsókn verði látin fara fram á brúarstæði á Laxá á Ingjaldshólsbreið. Bréf 25. apríl (Db. 404). — Sjá einnig næsta lið.
8. Sami alþm. sendir Alþingi ályktun almenns borgarafundar á Hellissandi 10. apríl 1941 um að skora á Alþingi að veita fé til brúar þeirrar, er greinir í næsta tölulið á undan. Bréf 25. apríl (Db. 405).

Brúnkolanám. Vilmundur Jónsson, þm. N.-Ísf., sendir fjvn. bréf frá stjórn h/f Brúnkola, dags. 14. febr., þar sem félagið fer þess á leit, að lagður verði vegur á ríkisins kostnað að Botnsnámu í Súgandafirði af þjóðveginum, og að félaginu verði séð fyrir leiðbeiningum námufróðs verkfræðings. Bréf 26. febr. (Db. 64). — Sbr. og Vegamál 16.

Bryggjugerðir, sjá Hafnir og.

Brynja, verkakvennafélag á Siglufirði, sjá Kaupgjaldsmál.

Búfjárrækt.
1. Búnaðarfélag Íslands sendir landbn. Ed. tillögur búnaðarþings um breytingar á l. nr. 32 8. sept. 1931, um búfjárrækt, ásamt grg., með tilmælum um, að nefndin taki þær til flutnings í þinginu. Bréf 29. marz (Db. 266).
2. Sama félag sendir fjvn. till. tilraunaráðs búfjárræktar, ásamt grg. Bréf 5. apríl (Db. 333).

— Sbr. og Vísindasjóður.

Búfjársjúkdómar, sjá: Sauðfjársjúkdómar, Tilraunastöð.

Búnaðarbanki Íslands, sjá: Byggingarsjóður 1—2, Kreppulánasjóður bæjar- og, Nýbýlastjórn, Ræktunarsjóður, Tillögur.

Búnaðarfélag Íslands, sjá: Ábúðarlög, Áveitur og framræslur 1—3, 7, Búfjárrækt, Búreikningaskrifstofa, Byggingarsjóður 3, Eftirlaun og styrktarfé 6, Endurbygging sveitabýla, Eyðing svartbaks, Happdrættið, Heyþurrkunarstöðvar, Jarðrækt, Jarðræktarlög 1, Lax- og, Leiðbeining í garðyrkju, Loðdýraræktarfélag Íslands 3, Lopi úr íslenzkri, Mjólkurmálaráðunautur, Nýbýli og, Sandgræðsla og sandvarnir 2—3, Sauðfjársjúkdómar 2—3, Skurðgröfur, Tilbúinn áburður 2—3, Tillögur, Túnmælingar, Ullarvinnsluvélar, Vélaverkstæði Bjarna, Vitnisburðarbækur, Vísindasjóður.

Búnaðarsamband Borgarfjarðar, sjá Afurðasala landbúnaðarins 2.

Búnaðarsamband Dala og Snæfellsness, sjá: Afurðasala landbúnaðarins 4, Dýralækningar 1.

Búnaðarsamband Kjalarnesþings, sjá Afurðasala landbúnaðarins 2.

Búnaðarsamband Suðurlands, sjá: Afurðasala landbúnaðarins 2, Nes í Selvogi 2.

Búnaðarsamband Vestfjarða, sjá Launamál 4.

Búnaðarskólar, sbr. Bændaskólar.

Búnaðarþing, sbr. Búnaðarfélag Íslands.

Búreikningaskrifstofa ríkisins. Búnaðarfélag Íslands sendir landbn. Nd. tillögu búnaðarþings um breyting á l. nr. 12 1. febr. 1936, um búreikningaskrifstofu ríkisins. Bréf 27. marz (Db. 268).

Byggingar- og landnámssjóður, sjá: Byggingarsjóður, Nýbýli og.

Byggingarsjóður.
1. Bankastjóri Búnaðarbanka Íslands fer þess á leit, að framlag ríkissjóðs til byggingarsjóðs verði aftur hækkað í 250 þús. kr. og sjóðnum auk þess bætt upp sú lækkun, sem gerð var á framlaginu 1937 og síðan; enn fremur að byggingarsjóði verði gefin eftir skuld hans við ríkissjóð. Bréf 10. marz (Db. 122). — Sjá einnig næsta tölulið.
2. Umsögn atv.- og samgmrn. um ofangreint erindi. Bréf 31. marz (Db. 292).
3. Búnaðarfélag Íslands sendir landbn. Nd. ályktun búnaðarþings um að skora á Alþingi að láta fram fara rækilega endurskoðun laga um byggingar- og landnámssjóð. Bréf 24. marz (Db. 224).

Byggingarstyrkur.
1. Eggert Guðmundsson listmálari sækir um ríkisábyrgð á allt að 10 þús. kr. láni til byggingar vinnustofu í Reykjavík. Bréf 23. apríl (Db. 398).
2. Jón Engilberts listmálari fer þess á leit, að sér verði veitt 15 þús. kr. lán úr ríkissjóði til húsbyggingar. 10 fskj. Bréf ódags. (Db. 388).
3. Jón Ívarsson, þm. A.-Sk., fer þess á leit, að Höskuldi Björnssyni listmálara frá Dilksnesi í Hornafirði verði veittur 2000 kr. styrkur til húsbyggingar. Bréf 16. maí (Db. 484).
4. Kristinn Pétursson listmálari fer þess á leit, að sér verði veitt 10 þús. kr. lán til byggingar vinnustofu og íbúðar í Hveragerði í Ölfusi. Bréf 9. maí (Db. 470).
5. Sveinn Þórarinsson listmálari sækir um 15 þús. kr. styrk til húsbyggingar. Bréf 27. maí (Db. 520).

6. Tryggvi Einarsson bóndi í Miðdal í Mosfellssveit sækir um 7000 kr. styrk til þess að endurbyggja bæ sinn og veita aðhlynning rekstrarmönnum. Bréf 17. marz (Db. 207).

Bæjarfógetar, sjá Launamál 6.
Bændaskólar, sjá: Hólaskóli, Hvanneyrarskóli.
Bætur, sjá Skaðabætur.

Daufdumbraskólinn, sjá Tillögur.
Davíð Gíslason Eyrbekk, starfsmaður á Vífilsstöðum, sjá Eftirlaun og styrktarfé 18.
Deildartunguveikin, sbr. Sauðfjársjúkdómar.
Djúpá í Fljótshverfi, sjá Brúargerðir 1.
Djúpsbátsnefnd Norður-Ísfirðinga, sjá Flóabátaferðir 1 og 4.
Dómkirkjusóknin, sóknarprestarnir, sjá Prestssetur 2—3.
Dómprófasturinn í Reykjavík, sjá Prestssetur 2 og 4.

Dragnótaveiðar.

1. Bergur Jónsson, þm. Barð., sendir Alþingi erindi 28 smábátaútvegsmanna á Patreksfirði, dags. 28. jan., þar sem þeir fara þess á leit, að dragnótaveiðar í Patreksfjarðarflóa verði ekki leyfðar fyrr en eftir 1. júlí ár hvert. Bréf 1. apríl (Db. 295).
2. Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf., og Stefán Stefánsson, 3. landsk. þm., senda Alþingi áskoranir 189 útvegsmanna og sjómanna í Arnarnes-, Árskógs-, Hríseyjar- og Ólafsfjarðarhreppum í Eyjafjarðarsýslu um að banna öllum skipum og bátum yfir 5 smálestir alla veiði með dragnót á Eyjafirði innan línu frá Landsenda norðan Ólafsfjarðar í Gjögurtá austan fjarðarins. 1 fskj. Bréf 24. febr. (Db. 57). — Sjá einnig 4. tölulið.
3. Bæjarstjórn Ísafjarðar mótmælir frv. til l. um breyt. á l. nr. 45 13. júní 1937, um dragnótaveiði í landhelgi. Símskeyti 15. maí (Db. 481).
4. Einar Árnason, 2. þm. Eyf., sendir Alþingi áskoranir 28 útvegsmanna í Svarfaðardal um að banna öllum skipum og bátum yfir 5 smálestir alla veiði með dragnót á Eyjafirði innan línu frá Landsenda norðan Ólafsfjarðar í Gjögurtá austan fjarðarins. Bréf 10. marz (Db. 118). — Sjá einnig 2. tölulið.
5. Hreppsnefndin í Ljósavatnshreppi skorar á Alþingi að banna alla dragnótaveiði á Skjálfanda innan línu frá Brík í Flateyjardal að Stórastakki við Hallbjarnarstaði á Tjörnesi. Bréf 22. febr. (Db. 165).
6. Páll Zóphóníasson og Páll Hermannsson, þm. N.-M., senda Alþingi áskorun frá 31 útgerðarmanni og sjómanni á Vopnafirði um að banna þar dragnótaveiðar á bátum, sem eru yfir 5 smálestir að stærð, innan línu úr Kollumúla í Selnibbu norðan fjarðarins. Bréf 30. apríl (Db. 424).
7. Pálmi Hannesson og Steingrímur Steinþórsson, þm. Skagf., senda Alþingi áskoranir frá 119 bændum og sjómönnum við Skagafjörð um að dragnótaveiði verði bönnuð þar eftir 1. ágúst ár hvert. Bréf 31. marz (Db. 280).
8. Sigurður E. Hlíðar, þm. Ak., sendir Alþingi ályktun fundar bátaeigenda og sjómanna á dragnótabátum á Akureyri 11. febr. síðastl. þess efnis að skora á þingið að gera þær breytingar á l. nr. 45 13. júní 1937, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi, að skipum, stærri en 35 smálestir, verði ekki veitt undanþága til dragnótaveiða innan landhelgi, enda verði dráttartaug dragnótabáta takmörkuð við 500 faðma. Bréf 5. marz (Db. 89).
9. Útvegsmannafélag Ísfirðinga mótmælir frv. til l. um breyt. á l. nr. 45 13. júní 1937, um dragnótaveiði í landhelgi. Símskeyti 20. maí (Db. 497).
10. Útvegsmannafélag Óslafsfjarðar mótmælir sama frv. Símskeyti 2. apríl (Db. 309).
11. Þrjátíu og einn útgerðarmaður í Keflavík mótmæla og sama frv. Bréf 19. maí (Db. 519).

Dýralæknar, sjá: Dýralækningar, Launamál 4.

Dýralækningar.

1. Atv.- og samgmrn. sendir fjvn. erindi Búnaðarsambands Dala og Snæfellsness, dags. 10. marz, þar sem það fer þess á leit, að Ásgeiri Þ. Ólafssyni dýralækni verði veittur nokkur styrkur til þess að ferðast um Snæfellsnes- og Dalasýslur til dýralækninga. Bréf 2. apríl (Db. 312).
2. Ásgeir Einarsson dýralæknir sækir um 1500 kr. styrk til þess að stunda dýralækningar í Reykjavík og nágrenni og til rannsókna á júgurbólgu í kúm. Bréf 20. marz (Db. 198).
3. Hreppsnefnd Húsavíkurhrepps skorar á Alþingi að veita Sigtryggi Jakobssyni 400 kr. styrk til þess að stunda dýralækningar í Húsavík og nágrenni. Bréf 13. febr. (Db. 48).
4. Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn., sendir Alþingi áskoranir 81 Stokkseyrings um að Ásgeiri H. P. Hraundal verði veittur styrkur til þess að stunda þar dýralækningar. Bréf 5. marz (Db. 92).
5. Sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu sendir fjvn., ásamt meðmælum sýslunefndarinnar þar, erindi Guðmundar Andréssonar dýralæknis á Sauðárkróki, dags. 20. febr., þar sem hann fer þess á leit, að styrkur sá, er hann nýtur til að stunda dýralækningar í Skagafjarðarsýslu og nágrannahéruðum, verði hækkaður í 1000 kr. Bréf 20. febr. (Db. 114).

— Sjá einnig Launamál 4.

Dýraverndunarfélag Íslands, sjá Eyðing svartbaks 2.

Dýrtíðarráðstafanir, sjá Ráðstafanir og.

Dýrtíðaruppbót, sjá Verðlagsuppbót.

Eðlisfræðistofa, sjá Háskóli Íslands 5.

Eftirlaun og styrktarfé.

1. Árni Jónsson, 9. landsk. þm., sendir fjvn., ásamt meðmælum sínum, erindi Mörtu Þórarinsdóttur, ekkju eftir Viggó Snorrason símamann, dags. 26. marz, þar sem hún sækir um 800 kr. eftirlaun. Bréf 9. apríl (Db. 351).
2. Baldur Eyjólfsson, fyrrum póstur í Skagafirði, fer þess á leit, að eftirlaun sín verði hækkuð upp í 800 kr. 1 fskj. Bréf 19. febr. (Db. 76).
3. Bergur Jónsson, þm. Barð., fer þess á leit, að eftirlaun Jóns Sigurðssonar, fyrrv. fiskimatsmanns í Flatey á Breiðafirði, verði hækkuð í 300 kr. Bréf 25. febr. (Db. 66).
